Alþingistíðindi 1889.

A.

Umræður í efri deild og sameinuðu þingi.

Skammstafanir.

Alþ.=alþingi.
alþm.=alþingismaður.
alþt.=alþingistíðindi.
aths.=athugasemd.
atkv.=atkvæði.
atkvæðagr.=atkvæðagreiðsla.
breyt.till.=breytingartillaga.
breyt.uppást.=breytingaruppástunga.
Ed.=efri deild
flutningsm.=flutningsmaður.
form.=formaður.
framsögum.=framsögumaður.
frumv. eða frv.=frumvarp.
gr.=grein.
h.=háttvirtur eða hinn háttvirti.
hæstv.=hæstvirti.
kgk.=konungkjörinn.
lagafrv.=lagafrumvarp.
ldsh.=landshöfðingi.
Nd.=neðri deild.
skrif.=skrifari.
st. f.=staðinn fyrir.
stfl.=stafliður.
samþ.=samþykkt.
till.=tillaga.
tl.=töluliður.
umr.=umræða.
uppást.=uppástunga.
uppástm.=uppástungumaður.
þingd.=þingdeild.
þingdm.=þingdeildarmaður.
þgsál.=þingsályktun.
þm.=þingmaður.
þm. Árn.=þingmaður Árnesinga.
þm. A-Sk.=þingmaður Austur-Skaptfellinga.
þm. Borgf.=þingmaður Borgfirðinga.
þm. Barðstr.=þingmaður Barðstrendinga.
þm. Dal.=þingmaður Dalamanna.
þm. Eyf.=þingmaður Eyfirðinga.
þm. GK.=þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu.
þm. Húnv.=þingmaður Húnvetninga.
þm. Ísf.=þingmaður Ísfirðinga.
þm. Mýr.=þingmaður Mýramanna.
þm. N-Múl.=þingmaður Norður-Múlasýslu.
þm. N-Þing.=þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu.
þm. Rangv.=þingmaður Rangvellinga.
þm. Rvk.=þingmaður Reykvíkinga.
þm. Skagf.=þingmaður Skagfirðinga.
þm. S-Múl.=þingmaður Suður-Múlasýslu.
þm. Snæf.=þingmaður Snæfellinga.
þm. Strand.=þingmaður Strandasýslu.
þm. S-Þing.=þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu.
þm. Vestm. = þingmaður Vestmannaeyjasýslu.
þm. V-Sk.=þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu.

Þessar skammstafanir tákna og orðin í fleirtölu og í öllum beygingarföllum, og eins með ákveðna greininum.

Reykjavík 1889.
Prentsmiðja Sigf. Eymundssonar.

Alþingi sett og fyrsti fundur í sameinuðu þingi. Ár 1889 hinn 1. dag júlímánaðar var hið 9. löggefandi alþingi Íslendinga sett í Reykjavík. Fyrst söfnuðust alþingismenn þeir, er til þings voru komnir, saman, ásamt landshöfðingjanum yfir Íslandi, Magnúsi Stephensen, í alþingishúsinu, og gengu þaðan til guðsþjónustugjörðar í dómkyrkjunni. Þórarinn prófastur Böðvarsson prjedikaði og lagði út af 2. Kor., 3, 17.

Að lokinni guðsþjónustugjörð gengu menn aptur í alþingishúsið og inn í þingsal neðri deildar. Landshöfðingi gekk því næst til forsetasætis og skýrði frá, að sjer hefði með konungsbrjefi 24. maí þ. á. allramildilegast verið falið, að setja hið reglulega alþingi, er samkvæmt stjórnarskránni hefði verið stefnt saman þennan dag. — Konungsbrjefið var á þessa leið:

Christian hinn níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora sjerlega hylli!

Vjer veitum allramildilegast þjer, sem landshöfðingja Vorum yfir Voru landi Íslandi, vald til að setja hið reglulega alþingi, sem kemur saman mánudaginn 1. júlímánaðar næstkomandi.

Þetta er vilji Vor.

Felandi þig guði!

Ritað á Amalíuborg 24. maí 1889.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

I Kongens Navn

Frederik,

Kronprinds.

J. Nellemann.

Til Vors elskulega herra Magnúsar Stephensens, riddara af dannebrogsorðunni og dannebrogsmanni, Vors landshöfðingja yfir Íslandi.

Mælti landshöfðingi þá, að samkvæmt því valdi, er honum þannig allra mildilegast væri veitt, lýsti hann því yfir í nafni hans hátignar konungsins, að

alþingi Íslendinga væri sett.

Stóð þá upp 2. þingm. Eyfirðinga, Benedikt Sveinsson, og mælti:

„Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn Níundi!“, og tóku allir þingmenn undir það í einu hljóði.

Þessir þingmenn voru mættir:

A. *Konungkjörnir.*

Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm.
E. Th. Jónassen, 2. kgk. þm.
L. E. Sveinbjörnsson, 3. kgk. þm.
Árni Thorsteinsson, 4. kgk. þm.
Arnljótur Ólafsson. 5. kgk. þm.
Jón A. Hjaltalín, 6. kgk. þm.

B. *Þjóðkjörnir.*

Árni Jónsson, þingm. Mýramanna.
Benedikt Kristjánsson, þm. S.-Þingeyinga.
Benedikt Sveinsson. 2. þm. Eyfirðinga.
Eiríkur Briem, 1. þm. Húnvetninga.
Friðrik Stefánsson, 2. þm. Skagfirðinga.
Grímur Thomsen, þm. Borgfirðinga.
Gunnar Halldórsson, 2. þm. Ísfirðinga.
Jakob Guðmundsson, þm. Dalamanna.
Jón Jónsson, 1. þm. Norður-Múlasýslu.
Jón Jónsson, þm. Norður-Þingeyinga.
Jón Ólafsson, 1. þm. Suður-Múlasýslu.
Jón Þórarinsson, 2. þm. Gullbr.- og Kjósars.
Jónas Jónassen, þm. Reykvíkinga.
Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga
Ólafur Pálsson, þm. Vestur-Skaptfellinga.

Páll Briem, þm. Snæfellinga.
Páll Ólafsson, þm. Strandamanna.
Sighvatur Árnason, 1. þm. Rangvellinga.
Sigurður Jensson, þm. Barðstrendinga.
Sigurður Stefánsson, 1. þm. Ísfirðinga.
Skúli Þorvarðarson, 2. þm. Árnesinga.
Þórarinn Böðvarss., 1. þm. Gbr.- og Kjósars.
Þorlákur Guðmundsson, 1. þm. Árnesinga.
Þorleifur Jónsson, 2. þm. Húnvetninga.
Þorvaldur Bjarnarson, 2. þm. Rangvellinga.

Ókomnir voru:
Jón Sigurðsson, 1. þm. Eyfirðinga.
Lárus Halldórsson, 2. þm. Suður-Múlasýslu.
Sveinn Eiríksson, þm. Austur-Skaptfellinga.
Þorsteinn Jónsson, þm. Vestmanneyinga.
Þorvarður Kjerúlf, 2. þm. N.-Múlasýslu.

Eptir áskorun landshöfðingja settist þá elzti þingmaðurinn, Jakob Guðmundsson, þm. Dalamanna, í forsetasæti, þangað til kosinn var forseti hins sameinaða alþingis, og kvaddi sjer til aðstoðar Eirík Briem, 1. þm. Húnvetninga, og Þorleif Jónsson, 2. þm. Húnvetninga. Fundarstjóri skoraði því næst á þingmenn, að kjósa 3 manna nefnd til þess að rannsaka kjörbrjef hins nýkosna 1. þingmanns Norður-Múlasýslu, Jóns Jónssonar, og hlutu þessir kosningu:

Benedikt Sveinsson með 9 atkv.
Arnljótur Ólafsson — 7 —
Benedikt Kristjánss. — 7 —
Grímur Thomsen — 7 —

og hafði þannig enginn þessara næg atkvæði, til þess að vera löglega kosinn. Landshöfðingi gat þess, að eptir því, sem sjer væri kunnugt, mundi enginn vafi vera á um gildi kosningar þingmannsins, og lagði það til, að borið væri undir atkvæði, hvort kosningin skyldi tekin gild. Var þá gengið til atkvæða og kosningin samþ. í einu hljóði.

Eptir að hinn nýkosni þingmaður því næst hafði undirskrifað hinn fyrirskipaða eið, skoraði aldursforseti á þingmenn, að kjósa forseta hins sameinaða alþingis, og var kosinn:

Benedikt Kristjánsson með 18 atkv.

Því næst var kosinn varaforseti hins sameinaða alþingis og fjekk

Sigurður Stefánsson 12 atkv.
Eiríkur Briem 11 —

Var þá gengið til kosninga að nýju, og var þá kosinn varaforseti

Eiríkur Briem með 16 atkv.

Næstur honum stóð Sigurður Stefánsson með 13 atkv.

Þá voru kosnir skrifarar hins sameinaða alþingis:

Þorleifur Jónsson með 22 atkv.
Sigurður Stefánsson — 20 —

Fyrsti fundur í efri deild, mánudag 1. júlí. — Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum eptir fyrirmælum þingskapanna, 1. og 2. og 3. gr., tók efri deild alþingis sjer sæti í þingsal efri deildar.

Þessir þingmenn áttu sæti í deildinni:

A. Konungkjörnir.

1. Júlíus Havsteen, 1. konungkj. þm.
2. E. Th. Jónassen, 2. kgk. þm.
3. L. E. Sveinbjörnsson, 3. kgk. þm.
4. Árni Thorsteinsson, 4. kgk. þm.
5. Arnljótur Ólafsson, 5. kgk. þm.
6. Jón A. Hjaltalín, 6. kgk. þm.

B. Þjóðkjörnir.

1. Benedikt Kristjánsson, þm. S.-Þingeyinga.
2. Friðrik Stefánsson, 2. þm. Skagfirðinga.
3. Jakob Guðmundsson, þm. Dalamanna.
4. Jón Ólafsson, 1. þm. Suður-Múlasýslu.
5. Sighvatur Árnason, 1. þm. Rangvellinga.
6. Skúli Þorvarðarson, 2. þm. Árnesinga.

Landshöfðingi kvaddi Jakob Guðmundsson, þm. Dalamanna, til þess að stýra forsetakosningum sem elzti þingmaður deildarinnar. Var þá gengið til forsetakosningar og hlaut:

Árni Thorsteinsson 6 atkv.

Benedikt Kristjánsson 6 atkv.

Var þá aptur gengið til óbundinna kosninga og fjellu atkvæði á sömu leið.

Því næst fór fram bundin kosning um þessa tvo, og varð sami árangur.

Var þá varpað hlutkesti og kom upp hlutur *Benedikts Kristjánssonar*. Því næst stýrði Benedikt Kristjánsson kosningu varaforseta og var kosinn: *Árni Thorsteinsson* með 8 atkv., L. E. Sveinbjörnsson hafði 3 atkv. — Því næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, og hlaut: *Jón Ólafsson* 10 atkv., *Jón A. Hjaltalín* 9 atkv.

Annar fundur, þriðjudag 2. júlí kl. 1 e. h.

Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að til skrifstofustjóra væri tekinn cand. phil. Gestur Pálsson, til skrifara á skrifstofunni cand. jur. Klemens Jónsson og cand. med. & chir. Björn G. Blöndal, og til skrifara í efri deild cand. jur. Hannes Havsteen og cand. theol. Halldór Jónsson.

Landshöfðingi lagði fram fyrir hönd stjórnarinnar þessi lagafrumvörp, er forseti ljet útbýta meðal þingdeildarmanna:

1. Frv. til laga um stjórn og aga á ísl. verzlunar- og fiskiskipum o. fl.
2. — — — — könnun skipshafna.
3. — — — — dagbókarhald á ísl. skipum.
4. — — — — að ráða menn á skip o. fl.
5. — — — — bann gegn eptirstæling peninga og peningaseðla o. fl.
6. — — — — lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.
7. — — — — um uppeldisstyrk óskilgetinna barna.
8. — — — — viðauka við lög 14. jan. 1876.
9. — — — — að fá útmældar lóðir á löggiltum kauptúnum.
10. Frv. til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitastjórn á Íslandi.

Næsta dag að morgni, 3. júlí, barst fregnin um andlát *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum til höfuðstaðarins. Gáfu þá forsetar þingsins út svohljóðandi boðskap:

„Fyrir sakir þess sorglega og sviplega atburðar, sem öllum hinum háttvirtu þingmönnum mun þegar kunnur orðinn, verður enginn þingfundur í dag og á morgun.

Alþingi, 3. júlí 1889.

B. Kristjánsson. B. Sveinsson“.

Annar fundur *í sameinuðu þingi* föstudag 5. júlí kl 11 f. h.

Forseti: Háttvirtu alþingismenn! Yður hef jeg kvatt til þessa fundar, til þess að geta af hendi leyst sorglegt hlutverk. Jeg skýri yður frá því, að Jón Sigurðsson dbr. frá Gautlöndum er dáinn. Á ferð til þessa þings fjell hann af hesti og meiddist svo, að ætla má, að hann hafi síðar beðið bana af því, hinn 26. næstl. júnímánaðar.

Um næstliðin 30 ár hafði hann verið þjóðkjörinn alþingismaður og setið á 16 þingum, en verið forseti neðri deildar á 5 þingum. Vjer eigum að sjá á bak þeim manni, sem var einarður og tállaus, hyggginn og varfærinn; hann var árvakur, þrautgóður og gæddur miklum vinnuþrótti. Hann þekkti vel vanhagi þjóðar vorrar og kröfur tímans, og til þess að bæta úr vanhögunum og fullnægja kröfunum varði hann sem góður föðurlandsvinur gáfum sínum og hæfilegleikum. — Vinnutími hans á þingi var svo langur, sem mest mátti verða, því að hann var kosinn þingmaður 31 árs gamall, og sem þingmaður ljezt hann, en

hann hefur ekki að eins verið langur, heldur hefur og starf hans á þingi fyrir ættjörðina verið mikið, lofsvert og heillaríkt.

Nafn Jóns Sigurðssonar alþm. frá Gautlöndum sem mikilhæfs Íslands sonar mun verða ritað í sögu Íslands og í sögu alþingis með óafmáanlegra letri en því, sem rist er á steina.

Minning hans er rituð í hjörtum vor allra og hana geymum vjer í söknuði, þakklæti og heiðri, og um það þykist jeg viss, að allir hjer taki undir *(við þessi orð risu allir þingmenn upp úr sætum sínum)* með þakklæti til hans fyrir starf hans, og lyktum vjer svo þessari samkomu vorri.

Þriðji fundur í efri deild, föstudag 5. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi, nema Jón Ólafsson, sem hafði tjáð forföll.

Frv. til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina (C. 91); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Þar eð jeg þykist sjá, að h. deildarmenn muni ekki ætla sjer að ræða málið á þessu stigi, þá vil jeg leyfa mjer, að stinga upp á, að sett sje í það þriggja manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. í e. hl., og kosnir:

Júlíus Havsteen með 7 atkv.
Árni Thorsteinsson 6 —
E. Th. Jónassen með 6 —
Fyrstu umræðu frestað.

Frv. til laga um uppeldi óskilgetinna barna (C. 97); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á, að sett sje þriggja manna nefnd í þetta mál.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. í e. hl. og kosnir:

Sighvatur Árnason með 8 atkv.
Jakob Guðmundsson — 6 —
Arnljótur Ólafsson — 4 —
Fyrstu umr. frestað.

Frumv. til laga um bann gegn eptirstæling peninga og peningaseðla o. fl. (C. 63); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Mjer finnst mál þetta svo einfalt og blátt áfram, að eigi sje ástæða til, að setja nefnd í það, heldur megi útkljá það án þess.

Jeg hef ekki fundið neitt athugavert við frumvarpið, nema ef vera skyldi eitthvað er að orðfæri lýtur. Legg jeg því til, að það gangi til annarar umræðu, þar eð það verður ekki rætt í einstökum atriðum á þessu stigi málsins.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hl.

Frv. til laga um að fá útmældar lóðir á löggiltum kauptúnum (C. 112); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Það er enginn efi á því, að þetta frv. hefur inni að halda verulega bót á núgildandi lögum. Eins og kunnugt er, hafa sumir menn ekki getað fengið útmældar lóðir á löggiltum verzlunarstöðum, þó þeir hafi beiðzt eptir því, en hafa orðið að leita dómstólanna, og tapað þar málum sínum. Það getur ekki verið meiningin með því að löggilda staði sem verzlunarstaði, að allir skuli vera útilokaðir frá því, að koma upp húsum eða reka þar verzlun, nema hlutaðeigandi jarðareigendur, eða þeir, sem leyfi geta fengið hjá þeim. En það hefur einnig komið fyrir, að eigendur lóða hafa lagt kvaðir á lóðarspildur til þess að útiloka verzlun, og áskilið, að eigi mætti verzla á þeim spildum, eða jafnvel alveg neitað um lóð. Með því að þetta frumv. á hinn bóginn er mjög aðgæzluvert, þar sem það felur í sjer atriði, er grípa inn í eignarrjett manna, vil jeg leggja það til, að nefnd sje sett til að íhuga það, og leyfi jeg mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Fimm manna nefnd samþ. í e. hl. og kosnir:

Júlíus Havsteen með 8 atkv.

Árni Thorsteinsson með 7 atkv.
Arnljótur Ólafsson — 6 —
L. E. Sveinbjörnsson — 6 —
E. Th. Jónassen — 5 —
Fyrstu umr. frestað.

Fjórði fundur laugardag 6. júlí, kl. 1 e. h.
Allir á fundi.

Frv. til laga um stjórn og aga á íslenzkum verzlunar- og fiskiskipum, um brot farmanna og glæpi og um ráðning manna á skip o. fl. (C. 78); 1. umr.

Landshöfðingi: Það munu allir kannast við, að eptir því sem eykst fjöldi þeirra skipa, hvort heldur eru verzlunarskip eða fiskiskip, sem skrásett eru hjer í landi, því meiri þörf verður, eigi síður hjer en annarstaðar, að sett sjeu sjerstök lög um stjórn og aga á þeim. Það hafa einnig komið fram í dagblöðum hjer kvartanir um, að þörf sje á slíkum lögum. Jeg vona því, að h. þingdeild taki vel undir þetta frv., en með því að málið er yfirgripsmikið, og með því einstöku atriði gætu ef til vill farið nokkru betur, ef þau væru íhuguð af mönnum, sem hafa þekking á sjómennsku og siglingum, og vita, að hverju leyti sjerstaklega kann að haga til hjer á landi í þeim efnum, gjöri jeg ráð fyrir, að h. þingdeild muni þykja heppilegt, að setja nefnd manna í málið.

Jón A. Hjaltalín: Jeg leyfi mjer að stinga upp á þriggja manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. í e. hl. og kosnir:
Jón Ólafsson með 6 atkv.
Á. Thorsteinsson — 5 —
Friðrik Stefánsson með 5 atkv.
Fyrstu umr. frestað.

Frv. til laga um könnun skipshafna (C. 93); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg leyfi mjer að geta þess, að það, sem sjerstaklega hefir vakað fyrir stjórninni við samning þessa frv., er það, að opt getur komið fyrir, að skip, sem koma hjer, fái íslenzka menn í viðbót við þá háseta, er þau hafa, eða fari með alla háseta íslenzka hjeðan. Þegar þessi skip eru lengi í förum, geta þessir menn týnt tölunni, og er það þá skylda hins opinbera, að hafa nokkurt tillit með þeim; það er skylda hins opinbera, að hafa tillit með því, hverjar ástæður liggja til þess, ef einhver kemur ekki fram, og er í ýmsum tilfellum gott að vita, ef einhver gengur af skipi erlendis, hvar hann hefir gjört það, og af hverjum ástæðum. Til þess að bæta úr þeim skorti, sem hingað til hefur verið í þessu tilliti, hefur stjórnin lagt þetta frv. fyrir þingið. Jeg býst við, að nefnd verði sett í þetta mál, og gæti þá sú nefnd ef til vill einnig fjallað um það frv. um að ráða menn á skip, er fer á eptir á dagskránni.

E. Th. Jónassen: Jeg leyfi mjer, að stinga upp á 3 manna nefnd.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg held, að það væri æskilegt, að vísa þessu máli til nefndar þeirrar, sem kosin var í málinu næst á undan, með því að málin eru svo skyld, að gott er að sömu mennirnir fjalli um þau bæði og enda tvö næstu málin á dagskránni. Ef þriggja manna nefnd þætti of lítil, þá gæti h. deild veitt nefndinni heimild til að bæta mönnum við sig.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með 6 atkv. að vísa málinu til hinnar nýkosnu nefndar.
Fyrstu umr. frestað.

Frv. til laga um dagbókarhald á íslenzkum skipum (C. 104); 1. umr.

L. E. Sveinbjörnsson: Uppástunga mín gildir einnig um þetta frv. En jafnframt sting jeg upp á, að nefndinni veitist heimild til, að taka tvo menn í viðbót.

Forseti: Nefndin hefir samkvæmt þingsköpunum rjett til að taka sjer viðbót.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. að vísa málinu til hinnar fyrri nefndar; 1. umræðu frestað.

Frv. til laga um að ráða menn á skip o. fl. (C. 120); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að þessu máli sje einnig vísað til nefndarinnar, sem þegar hefir verið kosin, því að þetta mál er einnig skylt hinum undangengnu málum, sem til hennar hefir verið vísað.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með 7 atkv., að vísa þessu máli til sömu nefndar.

Fyrstu umr. frestað.

Frv. til laga um viðauka við lög 14. jan. 1876 um tilsjón með þeim mönnum, sem flytja úr landi í aðrar heimsálfur (C. 101); 1. umr.

Jón A. Hjaltalín: Jeg leyfi mjer, að stinga upp á þriggja manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í e. hlj. og kosnir:

Skúli Þorvarðarson með 7 atkv.
Jón A. Hjaltalín — 6 —
Jón Ólafsson — 5 —

Fyrstu umr. frestað.

Frv. til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 122); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg held fyrir mitt leyti, að ekki þurfi að setja nefnd í þetta mál; frv. hefir eiginlega ekki annað inni að halda, en að sama skuli gilda fyrir sveitirnar, er gildir fyrir kaupstaðina. Jeg álít því nóg, að ræða frv. í deildinni, án þess að nefnd sje sett, þar eð þegar hafa verið kosnar margar nefndir og tíminn er naumur.

Skúli Þorvarðarson: Þótt frv. þetta sje stutt, virðist mjer það vera all-þýðingarmikið. En með því hlaðizt hefir á menn mikið af málum og margar nefndir hafa verið kosnar, skal jeg ekki setja mig á móti því, að nefnd sje ekki sett í þetta mál. Jeg skal að eins geta þess, að jeg hef ásett mjer, að koma með dálitla breytingar- eða viðaukatillögu við síðari umr. í málinu.

Júlíus Havsteen: Ef engin uppástunga kemur fram um, að nefnd skuli sett í málið, legg jeg til, að það gangi til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað í e. hlj. til 2. umr.

Fimmti fundur mánudag 8. júlí kl. 1. e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um gjaldheimtu til sýslusjóðs og sýsluvega (C. 125); 1. umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Breyting sú á núgildandi lögum, er frv. þetta fer fram á, er í rauninni að eins sú eina, að sýslumenn innheimti gjöld til sýslusjóða og sýsluvega í stað sveitastjórnanna, er hingað til hafa haft þessa innheimtu á hendi. Flestir hafa verið á því, og jeg vona, að flestir viðurkenni, að það er óeðlilegt, að hreppsnefndir skuli hafa innheimtu á höndum, sem eigi snertir framfærslumál og sveitarfjelögin sjálf. En innheimtuskylda þessi er eigi að eins óeðlileg, heldur er hún einnig mjög ósanngjörn, og vona jeg, að það verði mönnum ljóst, er þeir gæta þess, að allar sveitastjórnir á landinu innheimta árlega yfir $^1/_2$ miljón króna, sem er talsvert meira fje, en allir sýslumenn og umboðsmenn til samans innheimta. Þetta gjöra þær alveg endurgjaldslaust, en allir aðrir innheimtumenn: sýslumenn og umboðsmenn, hafa talsverð laun fyrir þann starfa sinn.

Ástæðan fyrir því, að hreppsnefndir innheimti þetta gjald, er eflaust sú tilhögun, að gjaldinu er innanhrepps jafnað niður á menn eptir efnum og ástæðum, þó það sje lagt á hreppana eptir allt öðrum

mælikvarða, það er að segja, á samanlagða hundraðatölu jarða og lausafjár. En jeg fæ engan veginn sjeð, að þetta, að jafna skuli sýslusjóðsgjaldinu niður á hreppsbúa eptir efnum og ástæðum, sje næg ástæða til að hrinda frumv. Það er engin ástæða til þess að segja, að sýslusjóðsgjaldið komi ójafnara niður á menn en önnur gjöld, er á þeim liggja, þótt því væri jafnað niður á hvern mann í hreppnum eptir sömu reglu sem því er jafnað niður á hreppana sjálfa, því að öll önnur gjöld á hverjum gjaldanda eru lögð á eptir einni og sömu reglu, svo sem er allur ábúðar- og lausafjárskattur, jafnaðarsjóðsgjald, búnaðarskólagjald o. s. frv. Jeg skal játa að vísu, að öll þessi gjöld komi sannarlega ójafnt niður á menn eptir efnum þeirra og ástæðum. En hitt vil jeg fullyrða, að þótt gjald þetta bættist við, mundu menn verða litlu eða engu ver haldnir eptir en áður, með því að þeim mönnum, sem jafna niður sveitarútsvörunum á hreppsbúa eptir efnum þeirra og ástæðum, er æfinlega innanhandar og enda skylt, að taka tillit til þess, og því að leggja minna útsvar á þann, sem eptir efnum sínum og ástæðum verður harðara úti en annar, sökum greiðslu þessara gjalda, er þeir nú eiga að greiða á manntalsþingum eins og önnur manntalsbókargjöld.

Landshöfðingi: Jeg get eigi verið meðmæltur þessu frumv., enda finnst mjer það að nokkru leyti sigla undir fölsku flaggi, þar sem það kallar sig frumv. til laga um gjaldheimtu o. s. frv., og virtist mjer jafnvel h. flutningsm. (A. Ó.) vilja halda því fram í ræðu sinni, að frumv. færi ekki fram á annað en breytingu á innheimtu gjaldsins til sýslusjóðs og sýsluvega. En í frumv. þessu er önnur mikil breyting fólgin, því það fer fram á algjörða breyting á gjaldskyldunni. Niðurjöfnunin á sýsluvegagjaldinu er, eins og h. flutningsm. (A. Ó.) vjek að, tvöföld; fyrst er jafnað niður á hreppana eptir tölu verkfærra manna í hverjum hreppi, og síðan innanhrepps eptir efnum og ástæðum. Líkt er um gjaldið til sýslusjóðs: fyrst er allri upphæð þeirri, er gjalda á í hverri sýslu, jafnað niður á hreppana eptir samanlagðri tölu ábúðar- og lausafjárhundraða í hverjum hreppi, og því, sem kemur á hvern hrepp, er síðan jafnað niður á gjaldendur innanhrepps eptir efnum og ástæðum.

Ef nú þetta frumv. yrði að lögum, þá yrði sú breyting, að því er sýslusjóðsgjaldið snertir, að t. d. ríkur húsmaður eða lausamaður, sem ekki hefði ábúð á jörð eða jarðarparti nje tíundaði neitt lausafje, slyppi alveg við gjaldið, í staðinn fyrir að hann nú ber tiltölulegan hluta af því, þegar jafnað er niður eptir efnum og ástæðum. Þetta sýnir breytingu þá, sem frumv. gjörir á gjaldskyldunni, og að því er snertir sýsluvegagjaldið, þá yrði það eins að sínu leyti. Tökum til dæmis 61 árs gamlan ríkan mann, sem ekki heldur hjú, heldur er einhleypur eða býr að eins með konu sinni og vinnukonum. Hann slyppi alveg eptir þessu frumv., en geldur sinn hlut eptir núverandi lagareglum. Jeg sje ekki neina ástæðu til að fara að breyta hinum gildandi ákvæðum um gjaldskylduna, er jeg hef eigi heyrt neinar umkvartanir um, og sem, það er snertir sýslusjóðsgjaldið, hafa staðið síðan 1872, og hitt enn lengur.

En það er enn annað móti þessu frumv.; það er kostur við hvern skatt og opinbert gjald, að innheimtan sje hæg, og hún getur ekki hugsazt hægri en hún er við þetta gjald, því að hreppsnefndirnar þurfa hvort sem er að innkrefja aukaútsvarið, og geta þá tekið þetta gjald um leið, og getur það ekki gjört mikinn ó-

maksauka. En ef nú ætti að taka nýja og sjerstaka innköllunarmenn að þessu gjaldi, t. d. sýslumennina, þá mundu koma fram nýir erfiðleikar, auk hundraðs-gjalds þess, sem frumv. fer fram á til launa fyrir innköllunina. Þótt innheimtugjaldið sje ekki mikið, yrði það þó nýtt gjald á gjaldendurna, sem þyrfti að bæta við sýslusjóðsgjaldið, og að því er kemur til sýsluvegagjaldsins, þá er það svo af skornum skamti, að það má ekki við að rýrna við innheimtuna. H. flutningsm. (A. Ó.) hjelt, að það mundi ekki verða erfitt fyrir sýslumenn að ná þessu gjaldi, en jeg held einmitt að erfiðleikarnir mundu verða talsverðir, því að eptir lagafrumv. yrðu margir nýir gjaldendur, sem annars ekki eiga að greiða neitt á manntalsþingum, þar eð jafna bæri niður sýsluvegagjaldinu bæði á lausamenn og húsmenn, þó þeir væru ekki í ábúðar- og lausafjárskatti. Það hefur ef til vill vakað fyrir h. flutningsm. (A. Ó.), að það væri erfitt fyrir hreppsnefndirnar að svara gjöldum þessum út í peningum. Jeg hef að vísu engar umkvartanir heyrt um, að neinir sjerstakir erfiðleikar sjeu á þessu. En sje það erfitt fyrir hreppsnefndirnar, þá er það að vísu eigi hægra fyrir sýslumennina að ná gjaldinu í peningum á manntalsþingum. Þeir geta ekki tekið við þessu gjaldi eins og öðrum gjöldum í innskriptum, gegn því að fá ávísanir frá kaupmönnum, er síðan sjeu borgaðar í Kaupmannahöfn, því að þetta gjald verður að borgast hjer í peningum, þar sem því er varið hjer í sveitunum. Það verður þannig erfitt fyrir sýslumenn að ná gjaldinu, og kannske erfiðara fyrir þá heldur en hreppsnefndirnar að ná því í peningum, því að í ýmsum sveitum munu vera þó nokkrir, sem borga sveitarútsvar sitt í peningum, og því fje geta sveitarnefndirnar varið til að borga sýslugjald og sýsluvegagjald. Jeg verð að álíta, að hin núgildandi ákvæði sjeu bæði hentugri og vinsælli en það ástand, sem frumv. h. flutnm. fer fram á.

Júlíus Havsteen: Eptir að hafa heyrt ræðu hæstv. landshöfðingja get jeg fallið frá að tala í þessu máli að sinni, með því að hann hefur tekið fram það er jeg vildi athuga, og er jeg honum að öllu samdóma. Jeg skal sjerstaklega benda á og leggja áherzlu á, að innheimtan er mjög hæg eins og nú er, og eptir frumv. mundi gjaldskyldan ekki koma rjett niður á menn. Jeg verð því fyrir mitt leyti að greiða atkv. móti þessu frumv.

Sighvatur Árnason: Mjer hefur dottið líkt í hug eins og h. þm., sem talað hafa um ókosti á frumv., en jeg get eigi verið þeim samdóma um, að það sjeu eigi talsverðir kostir við þá breytingu á innheimtunni, sem það fer fram á. Því að jeg verð að álíta, að sýslumenn eigi hægra með að innheimta gjaldið, en hreppsnefndirnar, með því að það er jafnan viðkvæðið hjá gjaldendum, að reyna að hafa eitthvað upp í þinggjaldið — og þetta yrði með öðru þinggjaldi, ef sýslumenn innheimta það, — en hreppsnefndirnar eru látnar sitja á hakanum með sína tollheimtu. Jeg álít því ákvæði frumv. um þetta atriði mikinn kost, og getur skeð, að ókostirnir verði ekki svo miklir, þegar málið verður betur athugað og úr garði gjört. Jeg greiði því atkvæði með málinu á þessu stigi, til þess að sjá, hvort það tekur ekki umbótum, því þá gæti jeg ef til vill fellt mig við það.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg skal eigi svara öllum mótmælum hins hæstv. landsh., með því að mjer virðast þau fara út í einstök málsatriði, sem betur á við að ræða við 2. umr. Ef málið fær fram að ganga til 2. umr., fæ jeg tækifæri til að svara þeim þá.

Jeg skal að eins leyfa mjer að drepa á það aðalatriði, er h. hæstv. landsh. talaði

um, að gjaldskyldan breyttist við þetta frumv. Það veit jeg vel, að hún breytist að hálfu leyti. *(Landsh.:* Hvers vegna stendur það þá ekki í fyrirsögninni?). Breytingin er sú, að gjöldin verða innanhrepps lögð á eptir öðrum mælikvarða en áður, en einmitt eptir sama mælikvarða sem gjöldin eru nú lögð á hreppsfjelögin. En nú vil jeg spyrja: Er það rjettur grundvöllur, sem nú er byggt á, að leggja á hreppana eptir samtölu lausafjár- og ábúðarhundraða? Jeg vona að allir segi, að það sje rjettlátur mælikvarði. En þá vil jeg spyrja þá sömu menn: Hvers vegna er sú aðferð, sem er rjettlát fyrir hreppana, órjettlát fyrir hvern einstakan mann í hreppunum? Það væri hin mesta mótsögn, að svara, að það sje órjettlátt fyrir hvern einstakan lið í heildinni, sem er rjettlátt fyrir heildina sjálfa.

Þar sem hæstv. landsh. talaði um, að innheimtan væri hægri fyrir sveitarnefndirnar en sýslumennina, þá veit jeg ekki hvern kunnugleika hann eða h. 1. kgk. þm. (J. Havst.) hefur fram yfir mig um það atriði, því að hvorugur þeirra hefur verið oddviti í sveitarstjórn. Jeg vil þvert á móti segja, að innheimtan sje miklu óhægri fyrir þá menn, sem endurgjaldslaust eiga að innkalla nær því helmingi hærri upphæð en allir sýslumenn og umboðsmenn, sem hafa full laun fyrir starfa sinn. Jeg segi að innheimtan sje hægri fyrir sýslumenn, eigi að eins vegna launanna, sem gjöra það að verkum, að þeir ættu að geta lagt sig meira í líma og varið meiri tíma til hennar, heldur og vegna þess, að vegabætur í sýslunum eru opt gjörðar af mörgum hinum sömu mönnum sem greiða til sýsluveganna og greiða því öll manntalsbókargjöld sín með vinnu sinni; en öðrum vegagjörðamönnum geta sýslumenn sjálfsagt optast borgað með ávísunum upp á kaupmenn. Jeg veit til þess, að í Eyjafjarðarsýslu eru sýsluvega- og sýslusjóðsgjöldin að mestu borguð með innskriptum hjá kaupmönnum, og aptur með ávísunum á kaupmenn til vegabótamannanna. Ef það skyldi þykja galli á frumv., að sýslumönnum er ætlað 2% fyrir innheimtuna, þá er jeg eigi mótfallinn því, að það ákvæði sje fellt úr við 2. umr. Það er ósk mín, að h. þingd. felli ekki frumv. að svo stöddu, en leyfi því að minnsta kosti að ganga til 2. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg er fyllilega samdóma þeim h. þingm., sem talað hafa móti þessu frumv., og jeg get ekki sannfærzt af ræðum h. flutningsm. (A. Ó.) um nauðsyn þess eða kosti. Jeg hef heldur ekki, hvorki sem sýslumaður nje heldur síðan, heyrt neinar sjerlegar kvartanir um erfiðleika á innheimtu gjalda þessara. Enda heyrðist mjer h. flutningsm. (A. Ó.) tala um að sumstaðar væri siður að borga gjöld þessi með innskriptum í kaupstaði, og gjörir það ekki innheimtuna erfiðari. *(A. Ó.:* Jeg sagði, að sumstaðar væri vegagjörðarmönnum borgað með innskript í kaupstöðum). Jeg hygg, að bezt sje að fara varlega í að breyta þeim lögum, sem engar almennar kvartarir eru yfir. Jeg verð því fyrir mitt leyti að greiða atkv. móti frumv., því mjer virðist það ekki hafa neina rjettarbót inni að halda.

Skúli Þorvarðarson: Jeg get eigi annað en borið það, af þeim kunnugleik, sem jeg hef, að innheimta sýslusjóðs- og sýsluvega-gjalda er mjög erfið fyrir hreppsnefndir, og það hefur mikla ábyrgð í för með sjer fyrir þær, að standa skil á þeim. Jeg skal að sönnu játa, að nokkrir annmarkar kunna að vera á gjaldskyldunni eptir ákvæðum frumv., en hvað innheimtu þeirra snertir er jeg alveg samdóma fyrirmælum frumv. Það væri mjög undarlegt, ef það væri hægra fyrir sveitanefndir að innheimta gjald þetta heldur en sýslumennina. Þótt sveitanefndirnar innheimti

aukaútsvörin, er nokkru öðru máli að gegna; því sitthvað er að innheimta gjald sem greiða á í peningum og hitt, sem greitt er í landaurum. Þar sem jeg er kunnugastur hefur gjald þetta numið um 300 kr. og hefur innheimta þess reynzt mjög erfið, þar sem gjaldendur hafa verið að eins um 40. Jeg verð að vera samdóma bæði h. flutningsm. (A. Ó.) og h. þm. Rangv. (S. Á.) um það, að sýslumaður eigi hægra með að ná inn þessum gjöldum. Mjer er líka kunnugt um það, að borgun hefur verið greidd mönnum í Árnessýslu, er unnið hafa að vegabótum nálægt Eyrarbakka, með innskript í kaupstað. Hið sama mun geta átt sjer víðar stað. Jeg get því ekki annað en álitið eins tiltækilegt að sýslumaður innheimti gjöld þessi launalaust, eins og vjer hinir aðrir, sem höfum margt og mikið arg í opinberar þarfir launalaust.

Sem sagt, jeg vil óska að menn hugleiði vel ákvæði frumv., og vona því að það fái að ganga til 2. umr.

Jakob Guðmundsson: Það hefur engan ljetti í för með sjer fyrir hreppsnefndirnar, að þessum sýslusjóðs og sýsluvegagjöldum er víða slengt saman við aukaútsvörin og innheimt með þeim, því þau þurfa að svarast í peningum, en á því er optast hinn mesti örðugleiki; afleiðingin er opt og tíðum sú, að oddvitinn annaðhvort lendir í skuld fyrir þau eða verður að greiða þau úr sínum eigin vasa. Jeg álít því mikilsverða breytingu fólgna í þessu frumv. hvað innheimtu gjaldanna snertir, en aptur á móti vildi jeg að betur væri athugað, hvort ekki væri hægt að finna betri grundvöll fyrir gjaldinu heldur en frumv. ákveður. Það getur verið, að sá grundvöllur, sem fyrir skattinum er, sje góður og ekki sje svo ljett að fá annan betri, en þó má vera, að einhverjum kynni að detta hann í hug. Jeg hafði ásett mjer að koma fram með frumv. um að leggja skatt á alla hunda og láta það gjald koma í staðinn fyrir þetta gjald, en nú býst jeg ekki við að það komist hjer að, af því ekkert frumv. liggur fyrir um það.

Sem sagt, jeg er meðmæltur þeirri breytingu á innheimtu gjaldsins, sem frv. þetta gjörir, og er sannfærður um að það ljettir mjög mikið innheimtuna.

Jón Ólafsson: Með því jeg hefi af reynslunni dálitla þekking á því, hvað það er að vera oddviti í hreppsnefnd, er mjer ekki alls ókunnugt um, að það er talsverðum örðugleikum bundið að innheimta gjöld þessi, sjerstaklega að fá þau í peningum. Í því að breyta gjaldheimtunni, og jafnvel að því leyti sem það breytir álögumátanum, hefur frumv. þetta í sjer talsverða rjettarbót. Jeg vil því gefa því atkvæði mitt, að það fái að ganga til 2. um, og sting upp á því, að kosin sje 3 manna nefnd til að íhuga það.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. og kosnir:

Arnljótur Ólafsson með 8 atkv.
Sighvatur Árnason — 6 —
Jón Ólafsson — 5 —

Frv. til viðaukalaga við lög nr. 5 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (C. 125); 1. umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Tilefni frumv. þessa er það, að þau ákvæði vanta í löggjöf vora, hverjum beri að kosta söng í kirkjum, eða þó einkum það, að síðan sú venja hefur allvíða komizt á, að hljóðfæri hafa fengin verið í kirkjur, hefur eigi með lögum verið neitt kveðið á um, hverjum beri að greiða þeim manni þóknun, sem á hljóðfærið leikur. Í Eyjafjarðarprófastsdæmi hefur hjeraðsfundur samþykkt, að hljóðfærið skuli kaupast á kostnað kirkjunnar, þegar söfnuður og fjárráðandi eða eigandi kirkju koma sjer saman um að það skuli keypt; enn fremur að gjaldi til hljóðfæris-

leikara skuli jafnað niður á alla þá, er gjalda til prests og kirkju. Þetta hefur og verið gjört á sumum stöðum, og hefur þorri manna eigi verið á móti því, en þó hafa nokkrir verið tregir til að gjalda sökum þess, að greiðsla þessi er eigi með lögum ákveðin.

Eins vantar, að því mjer er kunnugt, ákvæði í löggjöf vorri um það, að menn sjeu skyldir til að vinna þau skylduverk, er sett eru í 3. og 4. gr. frumv. þessa, svo sem að hlaða hestarjett á kirkjustöðum og brú frá alfaravegi og heim til bæjar.

Jeg býst að sönnu við, að mönnum kunni að þykja frumv. þetta ósamstætt, með því að það er svo andlega hátíðlegt í 1. og 2. gr., en svo líkamlegt og veraldlegt í 3. og 4. gr., og að mönnum mundi þykja betur eiga við að hafa þessi ákvæði í 2 frumv., ef menn annars vildu nota nokkuð úr frumv. þessu. Jeg vil því, áður en lengra er farið út í þetta mál, leyfa mjer að stinga upp á, að nefnd sje sett í það.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. og kosnir í hana:

Arnljótur Ólafsson með 8 atkv.
Friðrik Stefánsson — 7 —
Jakob Guðmundsson — 7 —

Frumv. til laga um bann gegn eptirstæling peninga og peningaseðla o. fl. (C. 63); 2. umr.

Júlíus Havsteen: Við 1. umr. mælti jeg með því, að frumv. þetta mætti ganga til 2. umr. án þess nefnd væri sett í það. Nú hefur það komizt til 2. umr. án þess nokkur breyt.till. hafi fram komið við það. Jeg hef heldur ekkert fundið athugavert við það, og vil leyfa mjer að leggja það til, að því verði leyft að ganga sinn veg til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. gr. samþ. hver um sig með 10 atkv. Fyrirsögnin samþ. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 154); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jón A. Hjaltalín*): Það er víst flestum h. deildarmönnum kunnugt um, hvernig til hagar hjer á landi með ferðir manna, hve örðugar þær eru og hve langan tíma þær hafa í för með sjer. Það er þetta sem vakað hefur fyrir mjer, að margir, sem kosningarrjett hafa, eru svo að segja útilokaðir frá að geta neytt þessa rjettar. Jeg hef að vísu eigi nákvæmar skýrslur um, hvernig kjörfundir hafa verið sóttir, nema fyrir árið 1881. Þá voru atkvæðisbærir menn á landinu 6557, en af þeim komu á kjörfundi og kusu að eins 1618, og er það mjög lítill partur. Að sönnu munu nokkru fleiri hafa sótt kjörfundi víðast, er kosið var, en hvað sem því líður, hagar víða svo til, að heil vika gengur til ferðalags til og frá kosningarstaðnum. Og fyrir þá, sem sjó stunda, er þetta ekki lítill óhagur, þegar fiskast. Jeg get því eigi annað skilið, en að allir hljóti að játa það, að til lítils er að gefa frjálsleg kosningarlög, ef menn þurfa að leggja of mikið í sölurnar til að njóta rjettar þess, sem lögin gefa, enda er í öðrum löndum sumstaðar, þar sem þó samgöngur og ferðalög eru langtum greiðari en hjer, svo tilskilið, að eigi sje meira en fjórðungur úr danskri mílu til kjörstaðar. Jeg skal svo ekki tala meira um frumv. þetta að sinni, heldur óska þess, að það fái að ganga til 2. umr.

Jakob Guðmundsson: Af því að jeg er samdóma aðalstefnu frumv. þessa, en hygg að þurfi að breyta því í ýmsum smáatriðum, vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að kosin sje þriggja manna nefnd til að athuga það.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. og kosnir í hana:

Jón A. Hjaltalín með 8 atkv.

Jakob Guðmundsson með 7 atkv.
Árni Thorsteinsson — 4 —

Sjötti fundur, þriðjudag 9. júlí kl. 1 e. h.
Allir á fundi.

Frumv. til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitastjórn á Íslandi (C. 122, 162); 2. umr.

Skúli Þorvarðarson: Jeg er annar þeirra manna, sem hef leyft mjer að koma fram með breyt.till. (C. 162) við frumv. þetta, og vil jeg því gjöra grein fyrir, hvað okkur hefur gengið til þess.

Viðvíkjandi fyrsta liðnum í breyt.till. er það að segja, að okkur þótti athugavert það við ákvæði frumv., að sá eða þeir, er arðsama atvinnu reka í skemmri tíma en 4 mánuði, eru lausir við alla útsvarsskyldu til fátækra. Af þessum ákvæðum frumv. fannst okkur sú afleiðing verða, að tveir hinir arðsömustu kaflar úr árinu liðu svo, að ýmsir menn yrðu eigi gjaldskyldir fyrir þá. Þessir 2 kaflar úr árinu eru heyskapartíminn og vertíðin. Eins og kunnugt er, er heyskapartíminn miklu styttri en svo, að nemi 4 mánuðum, og vertíð er viðurkennt að byrji hjer fyrir sunnan 2. febr. og endi 11. maí, sem því heldur ekki getur náð í 4 mánaða takmarkið. Af þessum ástæðum var það, að við höfum lagt til að tímatakmarkið, sem haft er í frumv. stjórnarinnar, sje stytt úr 4 mánuðum í 3 mánuði, til þess, að hægt sje að ná í þá menn, sem hafa arðsama atvinnu við sjó alla vetrarvertíðina.

Viðvíkjandi öðrum liðnum er það að segja, að við sáum ekki annað en meining stjórnarinnar væri sú samkvæmt frv., að koma sem mestum jöfnuði á milli kaupstaðanna og sveitanna að því er snertir útsvarsskyldu þeirra, er eiga fastar verzlanir, arðsamar stofnanir eða önnur fyrirtæki í sveitum eða hreppum. Okkur fannst því, að það væri í fullri samkvæmni við anda stjórnarfrumv. og að sanngjarnt væri, að sá, sem hjeldi jörð í öðrum hreppi og framfleytti af arði hennar nokkrum hluta af búi sínu, ætti einnig að greiða af arðí hennar sveitarútsvar í þeim hreppi, sem jörðin liggur í.

Að lokum er það um 3. lið í breytingartill. okkar að segja, að okkur fannst að það væri ef til vill ekki nógu glöggt tekið fram, að ákvæði frumv. næðu ekki til þess, sem er ákveðið í 2. gr. í lögum 19. júní 1888 um bátfiski á fjörðum. Þessi viðaukatill. okkar hefur því að eins þann tilgang, að koma í veg fyrir misskilning og forðast að frumv. geti verið tvírætt. Það er jafnan vandi að orða lög svo, að þau geti ekki orðið misskilin, og vildum við því girða fyrir misskilning með þessum viðauka.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að tala meira fyrir breyt.till. okkar að svo stöddu.

Landshöfðingi: Jeg hef ekki neitt sjerlegt að athuga við 2. og 3. breyt.till. á þingskj. 40. (C. 162), en með 1. breyt.till. skildist mjer ekki betur á ræðu h. uppástungum., er talaði, en meiningin væri sú, að því ætti að koma til leiðar, að maður sá, er ekki ætti heima í einhverjum hreppi, en ræki þar atvinnu í 3 mánuði, yrði gjaldskyldur í þeim hreppi. Ef þetta á að vera meining breyt.till., þá hefur hún tekizt mjög óheppilega og getur ekki náð þeim tilgangi sínum, því að það er engin breyting fram komin við þau ákvæði frumv. sem mæla fyrir um gjaldskyldu utansveitarmanna, þegar þeir reka atvinnu í hreppnum. Í frumv. stendur: „Sömuleiðis má leggja gjald á fastar verzlanir — — — er sjeu rekin *að minnsta kosti 4 mánuði* af gjaldárinu“ o. s. frv., en í breyt.till. segir, að orðin „skemmri tíma en 4 mánuði“ breytist í „*skemmri tíma en 3 mánuði*“; hún á þannig alls ekki við gjaldskyldu utanhreppsmanna, heldur einmitt innanhreppsmanna, og mjer getur

því ekki skilizt, að neitt af því, er h. uppástungum., er talaði (Sk. Þ.), færði sem meðmæli með breyt.till., ætti hjer við. Þar sem fyrri liður frumv. bindur gjaldskylduna við 4 mánaða heimilisfang í hreppnum, er t. d. sá maður, sem á heima í einhverjum hreppi frá fardögum þangað til í september, en flytur svo burtu, ekki gjaldskyldur þar, en sje hann þar þangað til eptir 6. október, þá er hann þar gjaldskyldur. En eptir breyt.till. á þessi maður að verða gjaldskyldur í hreppnum, ef hann er þar fram yfir 6. septbr. Þetta er sú eina breyting, sem breyt.till. gjörir; en það sem jeg álít mæla á móti henni er það, að eptir því verður ósamkvæmni milli þeirra ákvæða sem gilda fyrir kaupstaðina og hreppana, því að samkvæmt þeim lögum, sem gilda fyrir kaupstaðina, er gjaldskyldan þar bundin við 4 mánaða dvöl, hvort sem er Reykjavík, Ísafjörður eða Akureyri. Og ef gjaldskyldan á að bindast við 4 mánuði í kaupstöðunum — og jeg hef ekki heyrt, að við það tímatakmark hafi þótt nokkuð að athuga, — þar sem líklegast er, að þessi tilfelli komi optast fyrir, þá ætti hún því fremur að bindast við sama tíma í sveitunum. Það getur líka valdið talsverðum erfiðleikum í framkvæmdinni, að hafa aðrar reglur um þetta í sveitunum, en þær sem gilda fyrir kaupstaðina, þegar sami maðurinn á heima nokkurn tíma sama ársins í kaupstað og nokkurn tíma í sveit. Jeg verð því að leggja á móti þessari 1. breyt.till., fyrst af því, að hún getur ekki náð þeim tilgangi, sem h. uppástungumenn virðast ætla henni að ná, og svo af því, að jeg álít það eiga illa við, að mismunandi reglur gildi fyrir kaupstaði og hreppa í sama landi um gjaldskyldu til sveitar.

Arnljótur Ólafsson: Við uppástungumenn skildum ákvæði frumv. þessa þannig, að það gæfi reglur fyrir um 2 flokka af mönnum. Í fyrsta lagi þá menn, er eiga aðsetur í einum hreppi, en eigi allt árið; og í öðru lagi þá menn, *(Landsh.:* Það eru sömu mennirnir), er ekki hafa þar fast aðsetur, svo sem helzt eru útlendir menn. Hinn fyrri flokkur er einkum, að okkar ætlun, miðaður við innlenda menn, svo sem lausamenn, húsmenn o. fl., sem t. d. eiga bát og eru við sjó á vertíðum. Jeg skal taka dæmi: Einhver lausamaður í sveit á bát við sjó; hann fer því og rær á vetrarvertíðinni; en með því að hann er eigi 4 mánuði við sjóinn, verður hann samkvæmt frumv. eigi gjaldskyldur þar, sem útræði hans er, heldur að eins þar, er lögheimili hans er. Nú get jeg eigi sjeð, að þótt hjer sje farið fram á þá breytingu, að maðurinn verði gjaldskyldur fyrir 3 mánaða dvöl í stað 4 mánaða, er frumv. ákveður, geti það komið neitt í bága við þau lög, sem gilda fyrir kaupstaðina, einkum þar sem svo er háttað í kaupstöðum, að þar eru einkum iðnaðarmenn og kaupmenn, en sú atvinna gefur sem næst jafnan arð á hverjm tíma árs sem er, en til sveita er það heyskapurinn og vertíðin við sjó, sem er langarðsamasti tíminn.

Síðari liður frumv. hljóðar um menn, er eigi hafa fast aðsetur í hreppnum, svo sem t. d. kaupmenn erlendis, er hafa verzlunarstjóra, fulltrúa sína hjer á landi, eða þá aðrir, er eiga hjer einhver arðsöm fyrirtæki. Við vildum nú álíta, að fyrir jafnlangan tíma væru slík fyrirtæki sem næst jafnarðsöm í sveitum sem í kaupstöðum.

Sá mismunur, sem við uppást.menn höfum þótzt finna, og sem breyt.till. okkar eru byggðar á, er grundvallaður á ólíkum atvinnuvegum í sveitum og kaupstöðum.

Landshöfðingi: Hafi jeg eigi skilið fullkomlega ræðu h. þm. Árn. (Sk. Þ.), þá verð jeg nú að játa, að mig sundlar við röksemdaleiðslu h. 5. kgk. þm. (A. Ó.). Hann kemur með það dæmi, að húsmaður, sem á heima í sveit, fari til sjóar, og sje

við útróðra í öðrum hreppi 4 mánuði, og segir hann, að eptir fyrri lið frumv. eigi þessi maður að borga útsvar einnig þar, sem hann rær. En jafnvel þótt hann væri við sjó í sex mánuði, álít jeg að hann ætti eingöngu að borga útsvar þar sem hann á fast heimili. Jeg verð að skilja gildandi lög svo, að menn eigi að eins að borga sveitarútsvar þar sem þeir eiga fast heimili, og yrði jeg að álíta það óheppilegt, ef nú ætti að gjöra á því þá breytingu, að draga ætti af útsvari sveitabónda til þess hrepps, þar sem hann á heimili og ef til vill konu og börn, og leggja nokkurn hluta þess til þess hrepps, þar sem hann kann að dvelja um stundarsakir til þess að stunda sjó. Eins væri með þá, sem heima eiga í sjóarplássum, en fara á sumrum í kaupavinnu; eptir skilningi h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) ættu þeir að borga tiltölulegan hluta af sveitarútsvari sínu — samkvæmt breyt.till. t. d. $^1/_4$ hluta — til þess hrepps, sem þeir fá kaupavinnu í. Jeg yrði að álíta slíka breytingu á gildandi lögum mjög óheppilega, og ef þetta frumv. hefði þá breyting í för með sjer, og skilningur h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) væri rjettur, þá tæki jeg frumv. óðara aptur. En því fer fjarri, að þetta sje tilgangur frumv., heldur er meiningin að eins sú, að gjöra þær ákvarðanir gildandi í sveitunum, sem gilda í kaupstöðunum og þykja fara vel. En sjerstaklega er tilgangur frumv. sá, að leggja megi á verzlanir og arðsöm fyrirtæki, rekin af utansveitarmönnum, eins utan kaupstaðanna eins og í þeim; það er aðalatriðið.

Skúli Þorvarðarson: Jeg hef engu við það að bæta, sem jeg áður hef tekið fram viðvíkjandi breyt.- og viðaukatill., þó að þær hafi fengið allharðar undirtektir. Vil jeg að eins óska þess, að tillögurnar verði bornar upp í þrennu lagi.

Jón A. Hjaltalín: Jeg vildi að eins leyfa mjer að skjóta því til h. uppástungumanna, að breytingunum, hvort ekki mundi heppilegra að setja orðið *ábúð* í staðinn fyrir *afnot* í 2. lið, því jeg ætla að það hafi eigi verið meining þeirra, að menn skyldu útsvarsskyldir í öðrum sveitum en þar sem menn eiga heimili, þótt þeir eigi ítak í jörð, engja-afnot eða þess háttar, í öðrum sveitum.

Jakob Guðmundsson: Viðvíkjandi orðunum *afnot* og *ábúð* skal jeg geta þess, að það mun vera heppilegra að setja „ábúð“, með því að menn gætu annars villzt á því. Jeg skildi tillöguna svo, að meiningin væri, að ef einhver hjeldi jarðarpart til ábúðar, þá skyldi hann svara tiltölulega sveitarútsvari þar, sem jörðin er; þetta finnst mjer sanngjarnt, og í því tilliti virðist mjer uppástungan þarfleg og nauðsynleg.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg er á sama máli eins og h. 6. kgk. þm. (J. A. Hjaltalín), að það ætti að standa „ábúð“ í staðinn fyrir „afnot“, því að undir „afnot“ hljóta að falla ítök, og það getur þó eigi verið meiningin, að menn verði útsvarsskyldir við það, að eiga ítak í einhverja jörð. Jeg hlýt því að vera með því, að þessu sje breytt, en vona, að tillagan verði felld að öðrum kosti.

Arnljótur Ólafsson: Jeg fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því, að orðinu „afnot“ sje breytt í „ábúð“. Meiningin er, að leggja að eins á tekjustofna, sem verulegt gagn eða not er af, sbr. orðin í frv. „aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki“. En hitt verð jeg að játa, að jeg er alveg eins ókunnugur þessu frv. eptir ræðu h. hæstv. landshöfðingja, eins og áður. Ef jeg skil íslenzkt mál, þá er í frumvarpinu um tvo flokka manna að ræða; í fyrri liðnum er talað um menn, sem hafa fast aðsetur í einhverjum hreppi, og eiga að greiða þar fullt gjald, nema þeir hafi sama ár 4 mánaða fast aðsetur einnig í öðrum hreppi. Þetta eru aðrir menn en þeir, er um ræðir í síðari lið, því að þar er einkum gjört ráð fyrir verzlunarmönnum og

öðrum þeim mönnum, sem engan tíma árs hafa aðsetur í hreppnum. Í fyrra lið er talað um útsvarsskyldu af þeirri ástæðu, að menn hafi dvalið í einhverjum hreppi allt árið eða nokkuð af því, en í síðari lið er talað um útsvarsskyldu af öðrum ástæðum en þeim, að viðkomandi menn eigi lögheimili í hreppnum. Mjer getur því ekki fundizt nein ósamkvæmni í því, þótt önnur ákvæði gildi um þann flokk, sem um er talað í hinum seinna lið. en í hinum fyrra liðnum, fyrst það er sannað, að sjerstakt atvinnuástand hjer á landi gerir slíkan mun nauðsynlegan. *(Landsh.:* Það er ekki sannað). Sje þessi skilningur rjettur, sem jeg hefi nú tekið fram, þá fæ jeg ekki sjeð, hver veigur er í hinum háttvirtu mótmælum frá landshöfðingjastólnum.

Landshöfðingi: Jeg held að misskilningur h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) sje í því fólginn, að hann leggi annað í „*fast aðsetur*“ en almennt gjörist. Mjer fyrir mitt leyti dettur ekki í hug að segja um sveitamann, sem fer til sjóar að róa, að hann hafi *fast aðsetur* þar sem hann fær skiprúm, heldur hefur hann *fast aðsetur* þar, sem hann á heimili eða þar sem hann á bú eða konu. Eins er um sjóarmann, sem á heimili í sjóarplássi, en fer frá heimilinu í kaupavinnu lengri eða skemmri tíma; hann hefur *fast aðsetur* þar sem heimilið er, en ekki þar sem hann fær bráðabirgðavinnuna.

Það sem jeg held að hafi glapizt fyrir h. uppást.mönnum er það, að þeir muni hafa ætlað að stinga upp á, að setja 3 mánuði í staðinn fyrir 4 í *seinni* lið frv., en óvart gjört það við *fyrri* liðinn; því hafi það verið meining þeirra, að gjöra sveitamenn, sem fara til sjóróðra, útsvarsskylda í sjóarplássunum, og hafi þeir komið með tillögu sína með tilliti til þess, þá heyrir hún undir 2. lið frumv., en ekki undir hinn fyrri, því það yrði þá að leggja á þá, ekki sem menn, er hefðu fast aðsetur í þessum hreppum, heldur af því þeir ræki þar arðsama atvinnu.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. (C. 162) felld með 6 atkv. gegn 5.

Frumv. samþ. með 10 atkv.

Fyrri viðaukatillaga (2) samþ. með 6 atkv. gegn 4.

Síðari viðaukatill. samþ. með 8 atkv.

Frumv. með áorðnum viðaukum samþ. með 9 atkv.

Fyrirsögn frumv. og að frumv. gangi til 3. umr. samþ. í e. hlj.

Frv. til laga um breyting á nokkrum presiaköllum í Dala- og Barðastrandarprófastsdæmum (C. 160); 1. umr.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Jeg vona, að jeg þurfi ekki að halda langa ræðu til meðmælingar þessu frumv. Jeg hef tekið ástæðurnar svo ýtarlega fram í athugasemdum þeim, sem prentaðar eru með frumv., að jeg vona öllum h. þingdm. sje málið þegar fullljóst. Jeg skal að eins bæta því við, að h. þingdm. hafa ef til vill sjeð fundargjörðir frá auka-hjeraðsfundi í Dalasýslu, sem lagðar eru fram á lestrarsal þingsins. Fundur þessi fór fram á þá sömu brauða-breytingu, sem greinir í hinu fyrirliggjandi frumv., og var hann óvanalega fjölsóttur, einmitt af þeirri ástæðu, að þetta mál átti að koma fyrir á honum. Jeg vona, að h. þingd. láti málið ganga til 2. umr.

Sighvatur Árnason: Þetta mál er að líkindum ekki nógu vel kunnugt h. þingd., og álít jeg því að heppilegt væri að setja nefnd til að fá upplýsingar og yfirvega málið, svo að ekki sje hrapað að, að útgjöra neitt um það að ókönnuðum málavöxtum. Jeg leyfi mjer að stinga upp á 3 mann nefud.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. með 6 atkv. gegn 4, og kosnir:

Jakob Guðmundsson með 9 atkv.

Sighvatur Árnason — 6 —

Friðrik Stefánsson með 4 atkv.
Fyrstu umr. frestað.

Sjöundi fundur, miðvikudag 10. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um bann gegn eptirstæling peninga og peningaseðla (C. 63); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. var umræðulaust samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um friðun æðarfugla (C. 163); 1. umr.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Jeg þarf eigi að halda langa ræðu til að tala með þessu frumv., því jeg þykist sannfærður um, að allir muni vera á því, að full þörf sje á, að herða á friðun æðarfugls, og hafa gát á, að menn drepi hann ekki niður að ósekju eða því sem næst, eins og því miður hefur átt sjer stað hingað til. Jeg vona að h. þingd. muni leyfa þessu frumv. að ganga til 2. umr.

Friðrik Stefánsson: Jeg álít frumv. þetta gott að flestu leyti, en eitt dylst mjer þó ekki að vantar í frumv., og það eru ákvæði um, að æðarvarpseigendurnir megi ekki taka eins mikið af eggjum eins og sumir þeirra hafa gjört til þessa. Það virðist vera einkennileg aðferð, að friða fuglinn fyrir öllum öðrum, en láta þá varpeigendur, sem svo eru skammsýnir, taka eggin ótakmarkað, eins og nú á sjer stað um suma þeirra. Þannig hef jeg nýlega heyrt getið um einn ónefndan prest á Vesturlandi, sem sagt er að taki 5000- 7000 egg á ári. Aptur er mjer kunnugt, að varpeigendur í Skagafirði hafa þá reglu, að taka mjög lítið af eggjum, því þeir álíta það sinn og allra varpeigenda hag, að æðarfuglinum fjölgi sem sem mest. Jeg vildi því skjóta því til h. flutningsm. (J. G.), hvort hann vildi ekki við 2. umr. koma með einhverja ákvörðun um þetta atriði. Því það er ekki nóg, að slíkt sje komið undir geðþótta manna í einstökum hjeruðum; það þurfa að vera sömu lög og ákvarðanir um allt land, í þessu sem öðrum almennum málum.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Jeg verð að játa, að jeg er ókunnugur æðarvörpum yfir höfuð, en jeg hef heyrt kunnuga menn segja, að það sje stundum nauðsynlegt að taka egg úr hreiðri, sjerstaklega í rigningatíð, með því að öll eggin geta annars orðið fúlegg; að öðru leyti er mjer ekki vel kunnugt um þetta atriði, með því að jeg hef enga reynslu fyrir mjer sjálfur. Ef svo skyldi vera, að það sje ekki nauðsynlegt að taka egg, þá má vera, að h. þingd. finni ástæðu til að setja einhverjar ákvarðanir um þetta atriði, því að auðvitað er, að það ætti ekki að eyða eggjunum, nema bráð-nauðsynlegt sje.

Sighvatur Árnason: Mjer hefur að vísu dottið líkt í hug, eins og h. þm. Skagf. (F. St.), en spurning þykir mjer þá, hvort það er ekki of langt gengið, að banna eigendum að taka egg, og í öðru lagi fæ jeg ekki betur sjeð, en að eptirlit með slíku mundi verða mjög torvelt og lítt mögulegt. Það er hætt við, að þeir sem hafa tekið egg hingað til, mundu gjöra það eins eptir sem áður, þótt það væri bannað í lögum, sem ekki verður framfylgt. Af þessum ástæðum báðum held jeg það eigi ekki vel við, að setja þessa umræddu ákvörðun inn í frumv., en frumv. út af fyrir sig finnst mjer vera gott og heppilegt.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg álít þetta mál svo mikils vert, að það eigi skilið, að í það sje sett nefnd, með því að hætt er við, að menn geti ekki komið sjer annars saman um það hjer í deildinni. Jeg get ímyndað mjer, að sumir vilji koma fram með takmörkun á eggjatöku, en jeg held,

að í reyndinni geti ekki orðið nema um tvennt að gjöra, annaðhvort að banna alveg eggjatöku, eða banna hana ekki, því að eptirlit mundi verða alveg ómögulegt, ef leyft væri að taka nokkuð. Jeg vil því leyfa mejr að leggja til, að sett sje 3 manna nefnd til að íhuga málið.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. í e. hlj., og kosnir:

Jakob Guðmundsson með 9 atkv.
L. E. Sveinbjörnsson — 9 —
Friðrik Stefánsson — 5 —

Fyrstu umr. frestað.

Frumv. til laga um að Dalasýsla og Bæjarhreppur í Strandasýslu verði læknisumdæmi (C. 164); 1. umr,

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Þetta frumv. og þetta mál er svo margkunnugt og marg-rætt áður hjer á þingi, að jeg álít að engin þörf sje til að mæla fram með því; auk þess eru prentaðar við frumv., sem h. þingm. hafa fyrir sjer, hinar helztu ástæður fyrir því. Jeg vil því vona, að h. þingd. leyfi því að ganga til 2. umr.

Jón Ólafsson: Frumv. þetta er, ef svo má að orði kveða, gömul apturganga. Það er þegar alllangt síðan að Dalasýsla og Bæjarhreppur í Strandasýslu voru gjörð að aukalæknishjeraði, einmitt eptir beiðni sjálfra þeirra í fyrstu, en að enginn læknir hefur enn sem komið er komið þangað, er af engu öðru en þeim náttúrlegu ástæðum, að hingað til hefur ekkert læknisefni verið til, sem ekki hefur verið upptekinn annarsstaðar. Það er *þá fyrst*, þegar nógir examineraðir læknar *eru til*, en enginn *fæst* í aukalæknishjerað í Dalasýslu, það er þá fyrst, segi jeg, að ástæða er til að bæta á þennan hátt, sem frumv. fer fram á, úr læknisleysi í Dalasýslu. Þá fyrst, þegar læknar kjósa heldur, að standa iðjulausir á torginu, eins og maður segir, heldur en að taka aukalæknishjerað Dalasýslu, — það er þá fyrst, að ástæða er til að búa til þar fast læknishjerað. Það er *engin* ástæða til að ætla, að læknir skapist handa Dalasýslu fremur fyrir það, þótt 1500 kr. sjeu í boði, heldur en 1000 kr., þegar læknar eru ekki til á annað borð. Reynslan hefur enn sem komið er ekki sýnt það, að það sje munurinn á 1500 kr. og 1000 kr., sem veldur því, að Dalasýsla er læknislaus, heldur hitt, að enginn læknir hefur verið til. En nú lítur út fyrir, að innan skamms verði læknisefni til svo mörg, að hægt sje að ganga úr skugga með, hvort læknar kjósa heldur að gjöra ekki neitt, en að taka Dalasýslu, og reynist það, að þeir kjósi heldur hið fyrra, þá fyrst er ástæða til að gjöra Dalasýslu að föstu læknisumdæmi.

Jeg legg því það til, að frumv. þetta verði fellt nú þegar, til þess það eyði ekki tímanum frá öðrum málum.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Það er ekki rjett hermt af h. þm. Suður-Múl. (J. Ól.), að Dalasýsla hafi fyrst beðið um aukalækni. Hitt er sannleikurinn, að fyrst var því haldið fram á fleirum þingum, að fá fastan lækni, og meira að segja, sýslunni var gefið loforð fyrir því, að hún skyldi gjörð vera að föstu læknishjeraði, en þegar menn sáu, að engin ending ætlaði að verða á því loforði, tóku menn til að biðja um aukalækni, sem annað neyðarúrræði. H. þm. Suður-Múl. (J. Ól.) þarf ekkert að segja mjer af því, hvað gjörzt hefur í þessu máli á fyrri þingum; jeg er því máli sjálfur nógu kunnugur. Það sem stendur í ástæðunum fyrir frumv. um, að falaðir hafa verið 4 læknar, er alveg satt og rjett; þeir hafa heldur kosið öll önnur aukalæknishjeruð en Dalasýslu, sjálfsagt af því, að þeir hafa treyst því, að praxis í hinum öðrum aukalæknishjeruðum væri meiri en í Dalasýslu, af því hún er svo fámenn. Sem sagt,

þeir hafa heldur kosið Akranes, Vestfirði og Austurland, af því, að líkur voru til að meiri praxis fengist á þeim stöðum.

Það sýnist því svo sem full reynsla sje fengin fyrir því, að aukalæknir fáist ekki í Dalasýslu, og að það sje eina ráðið til að fá þangað lækni, að þar sje stofnað fast læknishjerað. Jeg vona því, að h. þingd. sjái, að fyllsta ástæða er til að þar sje stofnað fast læknishjerað, og að frumv. þessu sje lofað að ganga til 2. umr.

Jón Ólafsson: Jeg skal taka það fram, að þótt stofnuð væru 8 aukalæknishjeruð, meira að segja 8 föst læknishjeruð, svo lengi sem ekki eru fleiri en 6 læknar til, svo lengi hlýtur eitthvert læknishjerað að verða síðast til að fá lækni. Að aukalæknishjeraðið Dalasýsla stendur autt, er ekki komið til af því, að það er aukalæknishjerað en ekki fast læknishjerað, heldur er það sprottið af læknafæðinni; sprottið af því, að læknar eru ekki til. En sem sagt, vjer vitum allir, að læknaefnum fjölgar innan skamms, og ef h. flutningsm. (Jak. G.) hyggur, að samt sem áður kjósi læknar heldur að ganga iðjulausir en taka aukalæknishjerað í Dalasýslu, þá fyrst er ástæða fyrir hendi til að gjöra Dalasýslu að föstu læknishjeraði.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg er yfir höfuð hlynntur því, að landið sje vel skipað læknum, og jeg hygg að við verjum fáum peningum betur en til þess að fjölga læknahjeruðum þar sem þörf er á. En samt sem áður vil jeg ekki ekki vera meðmæltur þessu frumv. nú sem stendur, heldur hygg jeg að h. flutningsm. (Jak. G.) gjörði hyggilegra í að taka þetta frumv. aptur nú og geyma það þangað til fleiri mál um sama efni koma fram, því mjer er kunnugt um, að fyrir þinginu liggja beiðnir frá fleirum hjeruðum um fjölgun á læknum, t. a. m. frá Eyrarbakka. Jeg vil því skora á h. flutningsm. (Jak. G.), að geyma þetta frumv. þangað til fleiri frumv. um sama efni verða á ferðinni.

Júlíus Havsteen: Jeg er samdóma h. 3. kgk. þm. (L. E. Sv.) um það, sem hann sagði fyrst í ræðu sinni, að það er nauðsynlegt víða hjer á landi, að fjölga læknum; þeir eru ekki enn þá of margir. En jeg get aptur á móti ekki verið honum samdóma um það, að það sje rjett, að bíða með frumv. þetta, því að, sje nauðsyn fyrir hendi á því að gjöra Dalasýslu og Bæjarhrepp í Strandasýslu að sjerstöku læknishjeraði, þá á að fullnægja þeirri nauðsyn strax; þá á ekki að bíða eptir öðrum frumv. Hin önnur frumv. um fjölgun hjeraðslækna geta komið á eptir.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Jeg get ekki orðið við þeirri áskorun, að taka aptur þetta frumv. Meira má jeg ekki segja, með því jeg hef áður talað tvisvar í þessu máli.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 7 atkv. gegn 3.

Áttundi fundur, fimmtúdag 11. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um niðurfærslu á skatti af ábúð og afnotum jarða og af lausafje (C. 168); 1. umr.

Friðrik Stefánsson: Það sem sjerstaklega kom mjer og h. 5. kgk. (A. Ól.) til að koma fram með frv. þetta, er það, að skattur þessi, nfl. ábúðar- og lausafjárskatturinn, þykir, eins og von er til, of hár í samanburði við aðra skatta, þegar alls þess er gætt, sem hvílir á hinum sama grundvelli, svo sem er tíund til prests og kirkju, sýslu- og jafnaðarsjóðsgjald o. s. frv. Og þó eru það um 50 þús. manns af landsbúum, sem eingöngu lifa af landbúnaði. Þingið hefir og sjálft viðurkennt ósanngirni þessa skatts, með því að gefa hann eptir hálfan 4 síðastliðin ár, því ef þingið hefði ekki álitið þennan skatt þyngri

en aðra skatta, var engin ástæða til, að gefa hann fremur eptir en aðra skatta. Og þó hafði þingið eigi fyrir sjer neinar bænir frá landsbúum um eptirgjöf skattsins. Að sönnu liggja nú ekki fyrir þinginu beinar áskoranir um, að afnema skatt þennan, en landsmenn hafa víst borið það traust til þingsins, að það mundi nú af sjálfsdáðum afnema hann með öllu, og það því heldur, sem nú er í ráði, að leggja nýja tolla á landsmenn, sem hljóta að koma eins á þá, sem stunda landbúnað, sem aðra. En yrði hann ekki afnuminn með öllu á þessu þingi, þá hafa menn víst búizt við, að skattur þessi yrði afnuminn að hálfu leyti, annaðhvort með lögum, eða eptirgjöf fyrir næsta fjárhagstímabil.

Jeg skal svo eigi tala lengra að þessu sinni, en vona, að h. þingd. taki frv. vel og sýni þá mannúð, að fella það ekki frá 2. umr.

Landshöfðingi: Mjer finnst að frv. þetta sje að minnsta kosti of snemma upp borið, því öllum er kunnugt af skjölum þeim, sem liggja fyrir þinginu, sjerstaklega af landsreikningunum fyrir 1886 og 1887, að það er mikill tekjuhalli og fjárþurð í landssjóði nú sem stendur, svo að ekki virðist ástæða til að lækka tekjur landssjóðs meðan engin vissa er fengin fyrir því, að hægt sje að koma jöfnuði á milli tekna og útgjalda á fjárhagstímabilinu. Vjer vitum að sönnu, að fyrir þinginu liggja ýmisleg frv. um að auka tekjur landssjóðs með tollum, en vjer vitum ekki enn, hvernig þeim frv. reiðir af, og hve mikinn tekjuauka þau kunna að gefa. Í neðri deild hefir nefnd verið sett til að athuga þessi tollfrv., og enn sem komið er vitum vjer ekkert um, hvernig hún kann að taka í þau, nje heldur hvað neðri deild og loks efri deild kann við þau frv. að gjöra. Mjer finnst því, að þetta frv. hefði annaðhvort aldrei átt að koma fram eða þá ekki fyrri en hægt væri að sjá, hvern tekjuauka tollfrv. muni gefa eða hverja áheyrn þau fá hjá þinginu.

Friðrik Stefánsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að frv. þetta sje tekið út af dagskrá að þessu sinni. *(Landsh.:* Sú uppástunga kemur víst of seint fram).

Arnljótur Ólafsson: Þrátt fyrir ræðu hæstv. landshöfðingja finnst mjer eigi full ástæða til, að taka nú frv. þetta út af dagskrá, því að ef svo ætti að gjöra, mætti og hið sama segja og gjöra við öll tollmál, sem fyrir þinginu liggja, af þeim ástæðum, að vjer vitum eigi enn um gjörðir fjárlaganefndarinnar; hún hefi enn eigi tiltekið reikningshallann á fjárhagstímabilinu. Jeg álít, að það sje skylda vor allra, að sjá um, að bæta úr þeim tekjuhalla, sem nú er, svo að tekjur og útgjöld geti staðizt á, en til þess er oss og eins nauðsynlegt að vita, hvort þessi tekjugrein í fjárlögunum, sem sje ábúðar- og lausafjárskatturinn, helzt óbreyttur eða ekki. Vandinn er þá ekki annar en sá, að bæta því meir upp tekjuhallann, því minni sem þessi skattur verður. Jeg set svo, að þetta frv. væri tekið út af dagskrá; þá höfum vjer sömu ástæðu til að segja, þá er tollfrv. koma: Jeg veit ekki, hve háan toll jeg þarf á að leggja, því að jeg veit ekki, hver tekjuhallinn verður, af því, að jeg veit eigi, hve háan jeg má reikna ábúðar- og lausafjárskattinn. — Jeg hygg því þvert á móti, að nauðsyn beri til, að frv. þetta fái að ganga sinn gang, einnig vegna þess, að ekki munu svo fáar raddir fyrir því, að afnema þennan skatt með öllu, en sje hann hálfur afnuminn, er það öftrun fyrir því, að hann verði afnuminn allur.

Sighvatur Árnason: Jeg verð að vera samdóma h. 2. þm. Skagf. (Fr. St.) um það, að meiri skattur og gjöld liggi á lausafje tiltölulega, heldur en á öðrum gjaldstofnum; en þó get jeg ekki álitið það gjörandi, að lækka hina núverandi skatta, vegna tekjuhallans í landssjóði og

fjárhags-ástands þess sem er. Jeg er ekki neinn sjerlegur tollavinur, þó að jeg ef til vill neyðist til að vera með því, að leggja nokkra tolla á í þetta sinn vegna fjárhagsins, og vil jeg ekki skerða þá föstu skatta, sem eru eptir gildandi lögum, en aptur á móti þætti mjer tiltækilegt, að breyta þeim í þá átt, að afnema lausafjárskattinn, en hækka ábúðarskattinn að því skapi. Jeg skal ekki fara lengra út í þetta á þessu stigi málsins, en jeg hef í huga, að koma fram með breytingartillögu við 2. umr., er hnígur að þessu. Jeg get ekki álitið neina þörf á, að fresta málinu, og er jeg samdóma h. 5. kgk. þm. (A. Ó.), að það sje gott einnig vegna tollamálsins, að sjá hvernig þingið tekur í þetta mál, áður en tollfrv. koma fyrir hjer í deildinni.

Forseti: Jeg skal geta þess, að sú krafa, að málið sje tekið út af dagskrá, getur ekki komið til greina, með því að slík krafa þarf að koma fram sama dag og dagskráin er sett.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 6 atkv. gegn 5.

Frv. til laga am viðauka við lög 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig í aðrar heimsálfur (C. 101, 168); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Nefndarálitið liggur fyrir h. þingdm. og geta þeir á því áttað sig á breyt. þeim, sem nefndin hefir lagt til, að gjörðar verði á frv., sem eru litlar, og engar að aðalefninu. Af því þetta er 1. umr., er ekki hægt að fara út í hverja einstaka breytingartill. eða sjerstök atriði, og um aðalefni málsins er ekki þörf að tala, með því að það mun vera nokkurn veginn ljóst fyrir h. þingdm.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitastjórn á Islandi 4. maí 1872 (C. 122, 168, 169); 3. umr.

Skúli Þorvarðarson: Jeg ímynda mjer að ekki þurfi að tala mikið um frv. þetta, og heldur ekki um breytingartillögu þá, sem fram er komin. Það er að eins lagt til, að breyta einu orði, sem eigi þótti nógu skýrt orðað, til þess að enginn efi væri á um rjettan skilning þessa ákvæðis, og setja „ábúð“ í staðinn fyrir „afnot“, er oss tillögumönnum þótti eigi fullljóst, og álít jeg, að frv. sje betur orðað þannig. Finn jeg svo ekki ástæðu til að tala meira um þessa litlu breyting, en vona, að h. þingd. taki málinu eins vel eins og áður við 2. umr. þess.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. samþ. hver um sig með 10 atkv. Frumv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt í e. hlj.

Níundi fundur, föstudag 12. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um, að Dalasýsla og Bæjarhreppur í Strandasýslu verði læknisumdæmi (C. 164); 2. umr.

Flutningsmaður (Jakob Guðmnndsson): Jeg þykist viss um, að h. deild muni lofa frumv. þessu að halda áfram til 3. umr. Jeg veit, að flestir h. þingdm. hljóta að sjá, hve mikil nauðsyn ber til, að þetta hjerað sje ekki lengur látið læknislaust. Jeg skil ekki, hvaða ástæða á að geta verið til, að Dalasýsla sje eigi jafnrjetthá öðrum hjeruðum landsins. Jeg fæ ekki sjeð, hvers vegna landssjóður ekki á að leggja fram laun fyrir lækni eins fyrir það hjerað landsins eins og önnur hjeruð. En svo lengi, sem hjeraðið verður út undan, að því er snertir nauðsynlegt launaframlag, sem það á heimting á að sínum hluta, svo lengi hlýtur það einnig að verða út undan það er snertir lækna.

E. Th. Jónassen: Jafnvel þótt jeg sje samdóma h. flutningsm. (J. G.) um það, að öll þörf sje á því, að hjerað þetta fái lækni, þá get jeg ekki fallizt á, að það geti ekki orðið með öðru móti en því, að setja fastan lækni með 1500 króna launum. Jeg verð að vera h. þm. S.-Múl. (J. Ó.) samdóma um það, að það er ekki fullreynt enn, hvort aukalæknir fæst í hjeraðið eða ekki. Það er ekki von, að neinn hafi fengizt, meðan engin læknisefni hafa verið til. Eptir þeirri þekking, sem jeg hef, álít jeg það engu lakara og í mörgu tilliti betra, að vera aukalæknir í Dalasýslu með 1000 kr. launum, heldur en í ýmsum hinum öðrum aukalæknis-hjeruðum, sem stofnuð hafa verið. Launin eru að vísu eigi svo há, að hægt sje að lifa af þeim eingöngu; en það verður að gjöra ráð fyrir, að þeir hafi bú jafnframt. eins og prestar og sveitasýslumenn. Eptir því, sem hjer hagar til, er ekki hægt að veita öllum læknum, sem landið þarf með, föst laun, svo há, að þeir geti lifað á þeim eingöngu. Í Dalasýslu mætti og búast við, að aukalæknir hefði talsverðar tekjur fyrir „praxis“, því efnahagur er þar allgóður. Jeg vil því að svo stöddu halda fast við það, sem þingið hefir áður ákveðið, enda er fjárhagur landssjóðs þannig, að jeg sje ekki fært að veita annað fje en það, sem ekki verður hjá komizt. Jeg verð að ímynda mjer, að bráðlega muni fást einhver kandídat til að sækja um aukalæknisstöðu í Dalasýslu, en fáist enginn eptir að nógir eru orðnir til, er sótt geta, þá má síðar gjöra einhverja breytingu. En þangað til útsjeð er um, hvort ekki fæst læknir með því ástandi sem er, vil jeg fyrir mitt leyti eigi gjöra neina breytingu.

Flutningsm. (Jakob Guðmundsson): Með tilliti til þess, sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði, skal jeg fúslega játa, að það er satt, að læknarnir geta stuðzt við búskap; en þar sem launin eru lægri en annarstaðar, þar er hætt við, að þótt einhver kynni að taka þetta embætti til bráðabirgða, þá mundi hann þó skirrast við, að setjast að búi og festa þar ráð sitt, af því að hann mundi við fyrsta tækifæri vilja reyna að fá eitthvað betra. Jafnvel þó að einhver kynni þannig að fást í svipinn, eru lítil líkindi til, að sýslan gæti haldið honum til nokkurs langframa.

Skúli Þorvarðarson: Jeg verð að hallast að skoðun h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), að rjettara sje að falla frá þessu frv. nú sem stendur, af því að það er engan veginn sannað, að eigi fáist aukalæknir hjer eptir, þó að hann eigi hafi fengizt hingað til. Jafnvel þótt 2000 króna laun væru í boði, er ekki von, að neinn fáist, þegar enginn er til. Jeg vil eigi að óþörfu fjölga föstum embættismönnum með háum launum; slíkir menn yrðu, ef til kæmi, að falla til eptirlauna, en það gjöra aukalæknarnir eigi. Vil jeg vona, að h. flutningsm. (J. G.) láti sjer lynda, þótt svo kunni að fara, að frv. þetta nái ekki fram að ganga. Jeg fyrir mitt leyti vil fúslega bæta læknisástandið í landinu, en það er snertir Dalasýslu vona jeg að rakni bráðum úr skortinum, og aukalæknir fáist í hjeraðið.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 3. umr. með 7 atkv. gegn 2.

Frv. til laga um brúargjörð á Þjórsá (C. 172); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Aðalorsökin til þess, að þetta frumv. er komið fram fyrir þingið, er sú, að kjördæmi okkar flutningsmannanna hafa skorað fastlega á okkur, að fylgja málinu fram. Þetta er aðalástæðan; en í öðru lagi er nauðsynin eins brýn, eins og hún hefur verið hingað til, til þess að fá brú á stóra þessa. Það er líka annað, sem er æðimikil hvöt til að flýta þessu máli, og það er það, að eptir því sem ástatt er, er naumast útlit fyrir, að Ölvesárbrúin geti komizt á fyr en

1891; en það virðist auðsætt, að það muni vera talsverður hagur, að byggja báðar brýrnar í einu, bæði Ölvesárbrúna og brú á Þjórsá. Þegar þannig stendur á með Ölvesárbrúna, að nokkur tími hlýtur að líða frá því, er þetta frv. væri samþ., ef það gengi í gegn, og þangað til byrjað verður á að byggja hina fyrnefndu brú, er útlit fyrir, að tími geti fengizt til undirbúnings einnig undir þessa brúarbygging, svo að verkið geti orðið sameinað. H. þingdm. er kunnugt, að vegalögin frá 10. nóv. 1887 leggja þannig fyrir, að brúa megi ár og læki á landssjóðsins kostnað, og er þá auðsætt, að þetta verk, að brúa Þjórsá, liggur fyrir áður langt um líður, og virðist það því ei vera vel ráðið, að sleppa tækifærinu til að spara það fje, sem öll líkindi eru fyrir að sparast mundi, ef brúin væri byggð um leið og Ölvesárbrúin. Að endingu ber þess að gæta, að sá hagur, sem verður af brúnni, sezt því meir til baka, því lengur sem dregið er að vinna verkið. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um frumv. á þessu stigi málsins.

Jón Ólafsson: Mig furðar mjög á því, að þetta frumv. skuli vera komið fram, úr því h. þm. Rangvellinga (S. Á.) minntist á vegalögin frá 10. nóv. 1887, og sýndi með því, að hann þekkti þau. Einmitt af því, að jeg hef þau í huga, fæ jeg ekki skilið, hvað h. flutningsmenn hafa haldið að þeir mundu öðlast með þessu lagafrv., þó að það yrði að lögum. Það getur eigi verið það, að brú á Þjórsá verði byggð á *landssjóðs kostnað*, sem þeir hafa ætlað sjer að öðlast, því að *það* er þegar ákveðið með vegalögunum eða heimilað með 3. gr. þeirra. Það getur heldur ekki verið það, sem þeir vilja öðlast, að landsstjórnin annist brúarbygginguna, því að svo er hvort sem er um öll fyrirtæki, sem gjörð eru fyrir landssjóðs fje; og að landsstjórnin hafi umsjón með brúnni eptir að hún er komin á, er heldur ekki nýtt, sem þetta frv. þurfi til að ákveða, því að það er einnig afleiðing af því, að brúin verður gjörð fyrir opinbert fje. Allt þetta er þegar fengið með vegalögunum. H. flutningsmenn geta því ekki öðlast neitt verulegt með þessu frv. Það segir einungis, að byggja skuli brúna, en það er þegar ákveðið með hinum opt nefndu vegalögum, og jeg efast ekki um, að það verði gjört svo fljótt, sem fjárhagur landsins og kringumstæður leyfa. Jeg álít, að eini rjetti vegur til að koma brúnni á og hið eina sem með þarf til að koma henni á, sje að áætla á fjárlögunum fje til byggingar hennar. Ef þingið álítur að tími sje kominn til að byggja brúna nú, þá munu ákvæði verða sett um það þegar í ár, en sjái það ekki veg til að leggja fje fram að sinni, þá dregur það bygginguna að sjálfsögðu.

En ef hitt skyldi vera meiningin með þessu frv. — og það er hið eina nýja, sem það getur haft inni að halda — að heimila landsstjórninni að taka lán til hinnar fyrirhuguðu brúarbyggingar, þá verð jeg að segja, að jeg get ekki álitið, svo nauðsynlega sem jeg tel brúna, að það bráðliggi svo á henni endilega nú, að brýn ástæða sje til að setja ný lög til að stofna sjer í skuldir fyrir hana. Jeg hef ekki verið og vil ekki vera meinsmaður brúargjörða yfir höfuð, og jeg skýt því til flutningsmanna, hvort þeir hafa átt einlægari fylgismann með brúamálunum, en mig. En hitt segi jeg af fullri sannfæringu, og ekki sem neinn tóman talshátt, að jeg álít þetta mál of snemma fram komið, af því að það er að svo stöddu ofvaxið landssjóði, að leggja á sig þessi útgjöld. En þess vona jeg, að þetta þing muni gjöra ákvarðanir til, að bæta svo hag landssjóðs, að hægra verði að snúast vel við þessu máli síðar.

Auk ástands landssjóðs er og annað, sem veldur því, að skaðlaust gæti verið að bíða eitt fjárhagstímabil með að byggja brú á Þjórsá nú þegar. Það er einmitt það, að nú liggur fyrir að byggja Ölves-

árbrúna, og væri mjög heppilegt eða jafnvel nauðsynlegt, að hafa dálitla reynslu af þeirri brú, áður en Þjórsá væri brúuð. Ölvesárbrúin getur nú naumast komizt á fyrr en 1891, og þar sem jeg hef áður sagt, að jeg álíti þetta frv. of snemma fram komið, skal jeg nú ákveða þetta nákvæmar svo, að jeg álít, að draga eigi málið þangað til 1893, ef þá verður fje fyrir hendi. Þá gæti orðið nokkur tími til reynslu fyrst tvö ár frá 1891—93, og síðan mundi einnig sjálfsagt líða nokkur tími frá því frv. um brúargjörðina væri samþykkt þangað til farið yrði að smíða brúna. Jeg held því að h. flutnm. mundu gjöra máli þessu ekkert ógagn með því að taka frv. aptur að sinni. Hvernig sem forlög frv. verða nú, held jeg að það sje almennur vilji í báðum deildum þingsins, að vinna að því, eins og öllum þörfum fyrirtækjum, að brúin komist á, undir eins og heppilegri tími er til kominn og nægilegt fje er fyrir hendi til þess.

E. Th. Jónassen: Jeg get verið stuttorður, með því að jeg er samdóma h. þm. sem síðast talaði (J. Ó.), um það, að ekki er ráðlegt, að samþ. þetta frv., því að það hefir í för með sjer mjög mikil útgjöld fyrir landssjóðinn, en nú sem stendur er hagur hans ekki svo góður, að auka megi útgjöld hans, nema brýnustu nauðsynjar krefji, og með hinum brýnustu nauðsynjum get jeg ekki talið þau útgjöld, sem farið er fram á í frv. þessu.

Á hinn bóginn viðurkenni jeg fullkomlega, að æskilegt væri, að fá gjörða brú yfir Þjórsá, og væri nóg fje fyrir hendi, skyldi jeg hiklaust verða með þessu frv., en nú sem stendur get jeg ekki greitt atkvæði mitt með því, eptir því sem ástatt er með hag landssjóðs.

Sighvatur Árnason: Jeg skal eigi taka mjög hart á mótbárum þeim, sem fram hafa komið gegn frv. þessu. En þar sem h. þm. S-Múl. (J. Ó.) sagði, að frumv. væri óþarft í sjálfu sjer, skal jeg geta þess, að það sem sjerstaklega lá til grundvallar fyrir því í hug okkar flutningsm., að koma með mál þetta í sjerstöku frv., var það, að slíkt stórmál, sem þetta, hlýtur, bæði í sínum undirbúning og í framkvæmd að heimta lengri tíma en eitt fjárhagstímabil nær yfir, en það hefir ekki verið siður að veita fje á fjárlögum til lengri tíma en fyrir það tímabil, þau 2 ár, sem fjárlögin ná yfir. Okkur þótti líka eiga við, að taka fram í frv. um umsjón brúarinnar, þegar hún væri komin á, og svo hið annað, sem þar til heyrir; að minnsta kosti má um það segja, að það getur aldrei gjört neinn skaða, að hafa þau ákvæði í frumv. sjálfu.

Það getur líka verið mikið gott að vísu, að fá fyrst reynslu um brýr yfir höfuð af þeirri brú, sem fyrirhugað er að byggja yfir Ölvesá, en til greina getur komið, hvort sú reynsla verður ekki ef til vill of dýr, þegar þess er gætt, hve miklu meira kostar, að byggja báðar þessar brýr með margra ára millibili, og þurfa þess vegna að fá í 2 skipti þessa dýru menn frá útlöndum, hin miklu áhöld og fleira, er slík stórfyrirtæki hafa í för með sjer. Það getur því orðið talsvert skoðunarmál, hvern veginn kjósa skal, því að þessi 2—3 ára reynsla hefir alls eigi lítinn kostnað í för með sjer, sem sparast gæti, ef brýrnar yrðu sem mest samferða; og þegar svo þess er gætt, hve mikið þau hjeruð, sem búa undir því ánauðaroki, sem brúarleysið leiðir af sjer, líða undir því, og hvílíkar framfarir þau fara á mis við. En að því er snertir hinn mikla kostnað, sem brúargjörðin bakar landssjóðnum, hygg jeg að menn megi ekki láta slíkt ægja sjer, þótt fjárhagurinn sje ekki góður nú sem stendur; vjer vitum allir, að það er mikill áhugi nú á þingi að bæta hið ýtrasta úr tekjuhalla undanfarandi tíma, og það má telja sem víst, að þinginu takist

það á einhvern hátt. Og svo er hitt, að slíkt fyrirtæki sem þetta liggur fyrir að gjöra, og það viðurkenna víst allir, svo að það getur verið efamál, hvort ráðlegt sje að fresta því nú af þeirri aðalástæðu, að nú sem stendur er lítið fje fyrir hendi.

Skúli Þorvarðarson: Jeg þarf ekki að tala langt erindi, því að h. þm. Rangv. (S. Á.) hefur gjört grein fyrir ástæðum okkar flutningsm. fyrir frumv. þessu. En út úr því sem h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að nauðsynlegt væri að sjá, hvernig gengi með brúna á Ölvesá, þegar hún kæmi, og yfir höfuð reyna afleiðingar hennar, þá hygg jeg, ef jeg hef skilið hann rjett, að hann helzt hafi meint, hvernig þeirri brú mundi farnast, hversu hún yrði varanleg og hvernig hún gæti staðizt ófyrirsjáanleg óhöpp, — þá hygg eg, sem sagt, að lengri tíma þurfi en 2—3 ár til þess, að nokkuð sje hægt að byggja á þeirri reynslu. Jeg hygg miklu fremur, að til þess að hægt sje að byggja nokkuð sennilegt á þess háttar reynslu, þurfi mjög mörg ár. En hafi hitt verið meining h. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að menn ættu fyrst að sjá, hvað brúin yfir Ölvesá kostar, og hvernig gengur að koma henni á, þá hygg jeg að ekki sje nauðsynlegt að bíða eptir því; jeg get ekki efast um, að það muni allt ganga vel. En með þess konar kostnað er ekki jafnt á komið alstaðar, og mest komið undir brúarstæðinu sjálfu. Lakast er það, ef ekki er búið fyrir fullt og fast að koma sjer niður á brúarstæði, og frumv. kynni að vera að því leyti of snemma upp borið. Nokkuð er það, að menn mun hafa greint á um, hvar hentugast brúarstæði væri.

En viðvíkjandi fjárhagnum verð jeg að taka undir með h. þ. Rangv. (S. Á.), að þótt hann sje ekki góður nú sem stendur, þá eru allar vonir til, að hann batni við aðgjörðir þessa þings.

Þrátt fyrir þær áskoranir, sem fram hafa komið um, að taka þetta frumv. aptur, get jeg ekki fundið fulla ástæðu til þess. Jeg kann betur við, að h. þingdm. sanni með atkvæðagr. sinni, hver þeirra meining er í þessu máli.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg er mjög hlynntur því, að sem flestar brýr sjeu byggðar yfir stórár landsins, og er yfir höfuð hlynntur því, að bæta allar samgöngur. En jeg er þó samdóma h. þm. S.-Múl. (J. Ól.). að þegar ræða er um svona dýrt fyrirtæki, sem kostar 60—80 þús. krónur, og engin reynsla er fyrir, hvernig slíkar stórbrýr gefast hjer, þá er það öldungis rjett hjá honum, að heppilegra er að bíða eptir og sjá, hvernig brúin á Ölvesá blessast. Jeg skildi h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) svo, að menn ættu að sjá, hvort brúarstæði væri vel valið, hvort brúin væri nægilega há til að þola vatnavexti, hvort hún yrði nógu traust til að þola þunga o. s. frv., og jeg er honum samdóma um það, að til þess að geta fengið vissu um þetta, er 2—3 ára reynsla nægileg. Hitt getur auðvitað komið fyrir, að einhver ófyrirsjáanleg óhöpp grandi brúnni, svo sem að elding ljósti hana, en reynslu í þess konar efnum er ekki um að tala.

Það er líka með hliðsjón til þess, hvernig hagur landssjóðs er nú, að jeg álít, að frumv. þetta sje of snemma upp borið, og verð jeg því að af þessum ástæðum greiða atkv. móti því.

Sighvatur Árnason: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd sje kosin til að yfirvega frumv.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning felld með 8 atkv. gegn 3. Málið fellt frá 2. umr. með 8 atkv. gegn 3.

Tíundi fundur, laugardag 13. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um viðauka við lög 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á

þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (C. 101, 168); 2. umr.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Það eru eigi allmiklar breytingar, sem nefndin hefur gjört við þetta frumv., og sumar þær, sem gjörðar hafa verið, geta kallast orðabreytingar til skýringar.

Fyrsta breyt. nefndarinnar er við 3. gr. frumv., og er hún að eins í því fólgin, að gjöra þeim, er af landi flytur, hægra fyrir að fá áteiknaðan útfararsamning, ef lögreglustjóri er ekki sjálfur viðstaddur.

Það sem vakti fyrir nefndinni með 2. breyt., sem er í því fólgin, að bæta inn á eptir 400 kr. orðunum: „fyrir hvern þann, er skipstjóri tekur á skip sitt gegn þessu banni, og greiðist sektarfjeð“ o. s. frv.; það sem, sem sagt, vakti fyrir nefndinni, var það, að hugsanlegt væri, að margir kynnu að taka sig saman um að gjöra skipstjóra skaðlausan, þegar sektirnar væru ákveðnar svo lágar, þótt honum væru af landshöfðingja úrskurðaðar hæstu sektir. Þetta mundi síður vera hætt við að gjört yrði, eptir breyt.till. nefndarinnar.

Þriðja breyt. er fólgin í því, að skjóta inn nýrri málsgrein svo hljóðandi: „Nú afhendir maður öðrum vegabrjef sitt til notkunar, og varðar það jafnháum sektum, sem áður er talið“. Það hefur sem sje komið fyrir erlendis, að annar hefur notað vegabrjefið en sá, sem hefur fengið það, og er það því vel hugsanlegt, að slíkt kynni að koma fyrir hjer, einkum þar sem varla er við að búast, að lögreglustjóri geti þekkt alla útfara persónulega. Nefndinni fannst því nauðsynlegt að taka fram, að þessi aðferð væri ólögmæt og varðaði sektum.

Loks leggur nefndin til, að falli burtu síðasta málsgrein 3. gr., sem inniheldur ákvæði um, að eiginleg póstskip og seglskip, er eigi flytur fleiri útfara en 10, skuli undanþegin ákvæðum þessara laga. Nefndinni gat ekki fundizt nægileg ástæða til að gjöra þessi skip, einkum póstskipin, undanþegin þessum lögum, einkum þar sem nefndinni var kunnugt um, að strokumenn og glæpamenn hafa leikið það, að koma sjer undan með þeim skipum; enda er við því að búast, að þeir menn sæti lagi að komast burtu eitthvað með þeim skipum, ef lögin ekki næðu til þeirra. Meira hef jeg svo eigi að sinni að tala um breyt. nefndarinnar.

Landshöfðingi: Jeg er h. nefnd þakklátur fyrir það, hve vel hún hefur tekið í þetta frumv.; breyt. hennar eru sumar til bóta og það flestar, og sumar meinlausar. Að eins er það ein breyt., sem jeg er nokkuð efablandinn um, hvort getur verið aðgengileg, og er það síðasta breyt. hennar. sem fer fram á það, að eiginleg póstskip skuli ekki vera undanþegin ákvæðum laganna. Þetta, að heimta það, að póstskipin megi eigi taka neinn farþega um borð, nema hann hafi vegabrjef frá lögreglustjóra, er í sjálfu sjer hið sama sem að innleiða passa- eða vegabrjefaskyldu. Það er að sönnu satt, að það hefur komið fyrir, að menn hafa strokið af landi burt með póstskipunum, og úr því sektin fyrir brot gegn fyrirmælum frumv. kemur niður á útflutningsstjóra, eða verður tekin af veði því, sem hann hefur sett, þá vona jeg að þessi breyting verði ekki því til fyrirstöðu, að frumv. nái staðfestingu konungs. En jeg vil skjóta því til h. nefndarmanna, hvort það er ekki prentvilla í 1. breyt.till., þar sem stendur: „umsjónarmanni hans“, á það ekki að vera „umboðsmanni hans“? *(Jón A. Hjaltalín:* Jú, það er prentvilla eða ritvilla).

Hin 2. og 3. breyt. nefndarinnar eru til bóta.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Jeg er mjög þakklátur h. landsh. fyrir

undirtektir hans við breyt. nefndarinnar, og einkum er jeg honum þakklátur fyrir leiðrjetting þá, sem hann gaf á 1. breyt. og sem jeg hafði ekki tekið eptir. Það er öldungis rjett, að það er annaðhvort ritvilla hjá nefndinni eða prentvilla; orðið átti að vera „umboðsmanni“, en ekki „umsjónarmanni“, eins og gefur að skilja. En viðvíkjandi 4. breyt. nefndarinnar, þá er það alveg rjett, sem hæstv. landsh. sagði, að það er hið sama sem að innleiða passa-skyldu. En jeg sje ekki, hvernig hjá því verður komizt, ef menn vilja á annað borð fyrirbyggja það, að glæpamenn geti strokið burtu, því að verði sum skip undanþegin vegabrjefaskyldunni fyrir þá menn, sem með þeim fara, er auðsætt, að þeir ganga þá á það lagið og fara helzt með þeim. Það verður því að vera á valdi h. þingd., hvort hún vill eiga slíkt á hættu.

Jón Ólafsson: Eins og það var tilgangur nefndarinnar, að innleiða passaskyldu með 4. breyt.till. sinni, eins var það og tilgangur hennar með 1. breyt.till., að gjöra þessa passa-skyldu sem ljettbærasta fyrir þá, sem ferðast þurfa með skipunum, svo að þeir gætu fengið vegabrjef hjá umboðsmanni lögreglustjóra á hverjum þeim stað, sem skip fara frá, enda þótt lögreglustjóri væri sjálfur ekki þar viðstaddur.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. gr. frumv. (C. 101) samþ. hver um sig í einu hljóði; 1. breyt.till. nefnd. samþ. með 10 atkv.; 2.—4. breyt.till. nefnd. samþ. hver um sig í einu hlj., og sömuleiðis 3. gr. með áorðnum breytingum, 4. gr. og fyrirsögn frumv. Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 20 14. desbr. 1877 um skatt af ábúð og afnotum jarða og af lausafje (C. 178); 1. umr.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg verð að játa það, að jeg er farinn að sannfærast um af reynslu þeirri, sem vjer höfum fengið, um skatta og tolla á landi voru, að ráðlegast muni vera að fella eigi burt hina föstu skatta, því, eins og vjer vitum allir, eru þeir þó að eins einfalt gjald, þar sem um tollana má segja, að þeir eru tvöfalt gjald, að menn með þeim greiða 2 peninga fyrir einn, því kaupmenn tvöfalda þá. En þar á móti hefur mjer fundizt ástæða til að sameina þessa föstu skatta, eins og frumv. þetta bendir til, meðfram af þeirri ástæðu, að jeg álít lausafjárskattinn valtari tekjugrein en ábúðarskattinn, og því að jeg álít nauðsynlegt, að byggja sem minnst á lausafjárframtalinu. Báðir þessir skattar eru í raun og veru einn skattur, lausafjárskattur, eins og sjá má af umræðunum um þessa skatta á þingi, þegar þeir voru fyrst lagðir á, þótt þeim sje skipt niður í tvennt, sem sje á jörðina, sem er botninn undir búið, og á áhöfn jarðarinnar. Þetta, að lausafjárskatturinn er völt tekjugrein, álít jeg ókost á þeim skatti; það er nóg í landi voru af þeim sköttum og tollum, sem eru valtar tekjugreinir, eins og sannazt hefur að undanförnu, þó þetta væri lagað, að því er þessa skatta áhrærir. En jeg vil sjerstaklega að ábúðarskatturinn haldist óhaggaður, og segja um hann, eins og Gissur biskup sagði forðum um statútu sína, að hún skyldi gilda meðan Ísland byggðist.

Þegar jeg lít á hina fjárhagslegu hlið málsins, að afnema lausafjárskattinn, en hækka ábúðarskattinn um $^3/_5$ áln., sjest það, af skýrslum undanfarinna ára, að landssjóður heldur græðir við þessa tilhögun. Þegar ábúðarskatturinn er talinn samkvæmt því sem áætlað er í fjárlagafrumv. stjórnarinnar, sem nú liggur fyrir þinginu, þá gefur þessi hækkun af sjer 24,750 kr. fram yfir það, sem hann er talinn í fjárlagafrv. Í því frumv. er lausafjárskatturinn áætlaður 21,500 kr., og eru því 3,250 kr. afgangs eptir þessu frumv.,

fram yfir það sem báðir skattarnir eru ætlaðir í fjárlagafrv. fyrir næstkomandi fjárhagstímabil. Þetta er að eins lítið sýnishorn þess, að frumv. þetta getur ekki talizt hæpið frá fjárhagslegri hlið skoðað.

Jeg skal svo eigi á þessu stigi málsins tala meira um frumv. þetta. En jeg skal að eins vekja athygli á einu, og beini þar með orðum mínum til h. forseta, að það hefur verið tízka á undanfarandi þingum, að flutningsmaður að frumv. hefur haft sama rjett eins og framsögumaður til að taka optar en tvisvar til máls við sömu umr., en nú á þessu þingi hefur það ekki þótt eiga við og önnur regla er upptekin.

Forseti: Þingsköpin gjöra eigi ráð fyrir því, að flutningsmenn frumvarpa hafi meiri rjett en aðrir þingmenn til að taka optar til máls við umræðu hverja en tvisvar, og jeg álít að forseti geti ekki eptir eigin geðþótta vikið frá ákvæðum þingskapanna.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. felld frá 2. umr. með 6 atkv. gegn 5.

Tillaga til þingsályktunar um að mældur verði upp Húnaflói og innsigling á Hvammsfjörð (C. 176); hvernig ræða skuli.

Eptir uppástungu forseta var samþ., að ljúka þessari þingsál. í einni umr.

Frumv. til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina (C. 91, 176); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Með því mál þetta eigi er komið lengra, get jeg verið stuttorður í þetta sinn. Eins og nefndarál. (C. 176) ber með sjer, hefur nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að ráða til, að samþ. frumv. þetta því nær óbreytt. Jeg vil því í nafni nefndarinnar leggja til, að frumv. verði leyft að ganga til 2. umr., og mun jeg þá gjöra grein fyrir þeim litlu breyt., sem nefndin hefur hugsað sjer.

Jón Ólafsson: Jeg skal að eins geta þess, viðvíkjandi þessu máli, sem nú er hjer til 1. umr., að mjer hefur komið til hugar að koma með breyt.till. til 2. umr. í þá átt, að fyrirbyggja, að umboðsvaldið geti breytt lögreglusamþykktum og staðfest þær síðan án samþykkis hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Nefndin skildi ákvæði stjórnarfrv. á þá leið, að meining þess væri sú, að umboðsvaldið gæti ekki nema annað af tvennu, staðfest lögreglusamþykktirnar óbreyttar, eða hafnað þeim með öllu, og var það tilgangur nefndarinnar með breyt.till. sinni við 3. gr., að gjöra þetta ljósara, en orð frumv. komu fyrir, og eru, að því er jeg frekast man, orð breyt.till. lík þeim orðum, er standa í lögum um fiskiveiðasamþykktir, um staðfestingarvald amtmanns; hefur amtmaður þar ekki vald til að breyta frumv. þeim til fiskiveiðasamþykkta, sem undir hann eru borin, og staðfesta þau síðan með breytingum sínum, en annað mál er það, að hann gjörir athugasemdir við slík frumv. og færir t. d. ástæður fyrir neitun sinni að staðfesta eitthvert frumv., ef til þess kemur.

Landshöfðingi: Jeg verð að vera þakklátur h. nefnd fyrir afskipti hennar af máli þessu, og eru breyt.till. hennar að mesta leyti sumpart viðaukar, sem betur fara, og sumpart lagfæringar á orðfæri. En einmitt þetta atriði, sem h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) tók fram, held jeg h. nefnd hafi misskilið. Það er sjálfsagt meiningin, bæði að amtmenn hafi leyfi til að stinga upp á breytingum, sem þeim þykir við eiga, og landshöfðinginn, sem gefur út samþykktirnar, að taka þær breytingar til greina og einnig gjöra fleiri breytingar, ef þær hafa eigi í för með sjer fjárgjöld fyrir bæinn, sem eigi eru samþykkt af

bæjarstjórninni. Bæjarstjórnir eiga ekki að hafa lögreglustjórnina á hendi, heldur á lögregluvaldið að vera hjá bæjarfógetum, amtmönnum og landshöfðingja, eins og verið hefur. Þegar því er að ræða um þau atriði, sem einungis snerta lögreglustjóra, þá verður umboðsvaldið, amtmaður og landshöfðingi, að vera síðasti „instans", enda hafa þau atriði eigi í sjer fólgnar ráðstafanir um fjárútgjöld af hendi bæjarsjóða. Það er í samræmi við þau lög, sem sett hafa verið um bæjarstjórnir í kaupstöðum, að þeim sje eigi ætlað að vera lögreglustjórn, nje hafa neitt löggjafarvald í lögreglumálefnum, og fæ jeg ekki sjeð, að það geti verið hættulegt eða bæjarstjórnum í óhag, að landshöfðingi hafi þetta vald, þegar það er tekið fram, að fjegjöld verði eigi lögð á án samþykkis bæjarstjórnarinnar til framkvæmda lögreglusamþykktunum. Jeg verð því að vera því alveg mótfallinn, að valdið til að skipa fyrir um lögreglustjórn verði alveg tekið frá yfirvöldunum og lagt til bæjarstjórnanna. Ef sú breyting ætti að verða á frumv., held jeg að betra væri að það yrði ekki að lögum, og mun jeg þá fyrir mitt leyti líklega leggja á móti staðfestingu þess, ef þessi breyting verður sett inn í það.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Ef þetta, sem hæstv. landsh. segir, er meining frumv., þá finnst mjer orðin, sem hjer að lúta, ekki vera vel ljós, þar sem svo segir, að landshöfðingi *gefi út* samþykktirnar; en þetta má skilja á tvo vegu. En við nánari íhugun og eptir að hafa hlýtt á ræðu hæstv. landshöfðingja, þá sje jeg, að það leiðir óbeinlínis af orðunum í 3. gr.: „Í samþykktina má eigi setja nein ákvæði um það, er rædir um í 2. gr. og hafa í för með sjer útgjöld fyrir bæjarsjóðinn, ef bæjarstjórnin mótmælir", að landshöfðingi hefur vald til að breyta samþykktarfrumvarpi, með þeirri takmörkun, sem liggur í þessum orðum, enda verð jeg fyllilega að játa, að það er rjett og eðlilegt, að lögregluvaldið hafi hjer orð að leggja í með.

Nefndin mun því taka hið hjer um rædda atriði til íhugunar, og jeg fyrir mitt leyti er á því, að taka aptur breyt.-till. við 3. gr. frumv.

Jón Ólafsson: Jeg hef skilið frumv. eins og hæstv. landsh., og einmitt þess vegna kom mjer til hugar að koma fram með þessa breyt.till., sem jeg hef drepið á. Jeg er að vísu samdóma um, að það er ekki heppilegt að leggja allt löggjafarvald í lögreglumálum í hendur bæjarstjórna, en það er heldur ekki það, sem jeg á við í hinni fyrirhuguðu breyt.till. minni. Það sem jeg fer fram á, er í sjálfu sjer mjög „conservativt". Bæjarstjórnirnar fengju ekki með því neinn sjálfstæðan rjett til að setja neitt nýtt, en gæti að eins í hverju tilfelli heldur fengið að halda því sem er, en taka við nýjum breytingum, er þær ekki gæti fallizt á, en sem landshöfðingi eða amtmaðurinn setti inn í samþykktir að bæjarstjórn fornspurðri. Í framkvæmdinni mundi þetta líklega ekki hafa mikla verulega þýðingu. Jeg bjóst satt að segja ekki við, að þessi tillaga mundi mæta svona eindreginni mótspyrnu af hálfu hæstv. landshöfðingja; jeg hef ef til vill ekki hugsað málið til hlítar, og skal jeg skoða nákvæmlega huga minn um, hvort jeg get fallið frá að koma með þessa breyt.till. Það sem einkum vakti fyrir mjer, var það, að eptir þessu frumv. gæti komið fyrir, að bæjarstjórnin samþykkti ákvarðanir, og veitti fje til framkvæmdar þeim, en yfirvöldin felldu burt ákvarðanirnar eða settu annað í staðinn, en ljetu útgjöldin standa, og þannig yrði það talsvert annað eða minna verk, sem unnið yrði, þótt upphæðirnar stæðu óbreyttar. Undir þeim kringumstæðum gæti þetta atriði haft talsverða þýðingu.

Landshöfðingi: Það er principsins

vegna, að bæjarstjórnum er eigi veitt lögregluvald. Það er rangt, að bæjarstjórnum sje í þessu frumv. gefið það vald, að gjöra samþykktir um lögreglu, er eigi verði breytt, þannig að landshöfðingi hafi eigi nema um tvennt að velja, annaðhvort að samþykkja þær óbreyttar, eða neita þeim alveg staðfestingar. Ef svo væri, þá gæti jeg hugsað mjer, að það leiddi til þess, að engin samþykkt gæti komizt á, ef bæjarstjórn sæti við sinn keip með eitthvað, sem landshöfðingi gæti með engu móti samþykkt.

Hitt álít jeg óhugsanlegt, að það geti komið fyrir, að samþykktir verði gefnar út þannig, að ráðstöfunum, sem bæjarstjórn stingur upp á, sje sleppt, en gjöldum þeim haldið, er að þeim lúta; því að það virðist innan handar, að setja fjárveitinguna svo í samband við ákvörðunina, að hvorttveggja verði að hafa sömu afdrif. Annars þykir mjer vænt um, að h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) vill hugsa sig betur um málið, og vona jeg að hann komist að þeirri niðurstöðu, að rjettast sje, að hvor hafi sitt, bæjarstjórnin fjárveitingavaldið, en yfirvöldin eða umboðsvaldið sjái um reglu og velsæmi á strætum og torgum, og setji nauðsynlegar reglur viðvíkjandi hreinlæti og öðru á opinberum stöðum, yfir höfuð hafi ákvæðisvald í því, er að lögreglustjórninni lýtur.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (C. 100, 178); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um breyting á lögum nr. 16 4. nóv. 1881 um aðflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl. (C. 178); 1. umr.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg hef þótzt finna ástæðu til að koma fram með þetta frumv., því um leið og menn finna ástæðu til að leggja á nýja tolla til að bæta hag landssjóðs, virðist vera ástæða til að athuga vandlega þá reynslu, sem orðin er hingað til hjer á landi, það er snertir tollana. Jeg hygg það fleirum kunnugt en mjer, að um það útflutningsgjald á fiski o. fl., sem er, má segja, að enginn gjaldenda viti af því. Þó að gjaldið sje að nafninu lagt á fisk, lýsi o. fl., þá mun þó óhætt mega fullyrða, að það liggi eigi meira á sjávarmanninum en sveitamanninum; kaupmenn leggja tollinn ekki á þessar vörutegundir, heldur jafna honum niður á alla verzlunina. Þess vegna hefur mjer komið til hugar, að hækka þennan toll að helmingi, og mundi að því verða talsverður tekjuauki. Ef menn aðgæta þar að lútandi skýrslur, sjá menn, að útflutningstollurinn hefur hingað til gefið af sjer hjer um bil 70,000 kr. á fjárhagstímabilinu, og eptir því má því segja, að landssjóði mundi græðast fullar 30,000 króna árlega, ef þetta frumv. næði fram að ganga, og er það talsverður tekjuauki. Þegar um tollálögur er að ræða, er nauðsynlegt að gæta að því, hvort tollarnir tvöfaldast eigi eða margfaldast í meðferðinni, eins og átt hefur sjer stað um aðflutningstollana til þessa, þegar kaupmenn fara að leggja þá á vörurnar, og það er varhugavert að leggja á þær vörur, þar sem tollurinn er ekki einasta einfaldur, heldur tvöfaldur, kemur beint til viðbótar við verðið, að minnsta kosti þegar um þær vörur er að ræða, sem menn geta ekki án verið. Jeg vona að h. þingd. taki þessu frumv. að minnsta kosti svo vel, að hún leyfi því að ganga til 2. umr. Það liggja mörg tollafrumv. fyrir þinginu, og varhugavert að fella nokkurt af þeim fyr en þau koma öll saman, svo að menn geti þá valið úr þeim, það er bezt þykir henta. Jeg vil ekki stinga upp á nefnd nú þegar, til þess að svipta ekki h. þingd. tækifæri til að láta í ljósi álit sitt um málið, en að öðru leyti þætti mjer vel við eiga,

að nefnd sje sett á sínum tíma til að hafa málið til meðferðar og íhugunar.

Landshöfðingi: Jeg hjelt fyrst, að þetta frumv. stæði í nánu sambandi við annað frumv., sem nýlega hefur verið til umræðu hjer í deildinni, viðvíkjandi afnámi lausafjárskattsins, og hjelt jeg, að þetta frumv. ætti að bæta upp þann tekjumissi, er hitt hafði í för með sjer, þannig, að sjóarbændurnir væri látnir borga það, sem sveitamenn græddu á hinu frv.; en jeg sje nú, að það er eigi meiningin. Það sem h. flutningsm. (S. Á.) telur frv. til ágætis, er það, að þó að það yrði að lögum, mundi eigi frekara gjald leggjast á þá, sem afla fiskjarins og lýsisins, heldur en aðra, heldur leggist gjaldið á verzlanirnar yfir höfuð. En þetta verður að minnsta kosti ekki sagt um allar tegundir, sem nefndar eru í þessu frumv., svo sem síld. Á hana leggst gjaldið beinlínis, og það er einkum síldin, sem hefur fleygt fram útflutningsgjaldinu undangengin ár. H. flutningsm. (S. Á.) gjörði ráð frir, að hið núverandi útflutningsgjald næmi 35,000 krónum á ári, en það er mikils til of hátt reiknað. Upphæðin hefur ekki verið svo há, nema einungis þegar góður síldarafli hefur verið. Í fyrra, sem var í betra lagi afla-ár, það er fisk snertir, nam útflutningsgjaldið eigi nema 25,000 kr., og í meðalári ætla jeg eigi að ráð megi gjöra fyrir meiru en 20 þúsundum.

Jeg álít það viðsjárvert, að leggja þetta gjald á afurðir útvegsmannanna, ef ekki um leið er lagt tilsvarandi gjald á það, sem sveitamenn selja, og er það miður vel fallið, að þetta frumv. skuli koma nú fram hjer í deildinni, þar sem einmitt um sama leyti liggur fyrir neðri deild frumv. um útflutningsgjald af landvöru; þessi frumv. hefðu átt að vera sett í samband, svo að þau bæði hefði getað orðið meðhöndluð af sömu nefnd. Það hefur verið útbýtt hjer í heildinni nefndaráliti, sem fer fram á, að leggja háan toll á kaffi og sykur, sem kemur mest niður á sjóarmanninum, svo að, ef sveitamenn þykjast verða hart úti það er snertir skatta og álögur í samanburði við sjóarmenn, þá virðist það ætti að geta jafnað sig á þann hátt, án þess að lagt sje sjerstakt gjald á afurðir útvegsmanna. Mjer virðist eigi rjett, að sama þingið gjöri hvorttveggja, leggi toll á kaffi og sykur, sem kemur harðast niður á sjómönnum, og um leið nýtt gjald á afurðir þeirra. Jeg hlýt því að vera mótfallinn þessu máli, eða að minnsta kosti leggja til, að því sje frestað, þangað til frumv. það um útflutningstoll á hrossum, sauðfje og ýmissi landvöru, sem nú er til umræðu í neðri deild, kemur hjer upp í deildina.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Mál þetta er þannig lagað, að þegar um það er að ræða, hvernig gjaldið leggist á, þá er jafnörðugt fyrir báða málsparta að færa gild rök fyrir því í þetta sinn, hvort gjaldið leggist á fiskinn eða á aðrar vörur. En jeg hef heyrt kaupmenn sjálfa tala um, að þeir legði ekki útflutningsgjaldið á fiskinn, heldur á allt annað, og þá einnig óþarfavörur, sem gjarnan og helzt af öllu ætti gjald á að leggja.

Þar sem hæstv. landsh. talaði um tollfrv., sem liggur fyrir neðri deild, þá er jeg viss um, að sjávarbóndinn mundi þakka fyrir, að útflutningsgjaldið á fiski o. s. frv. væri aukið, í stað þess að leggja á háan kaffitoll.

Skal jeg að svo mæltu eigi tala fleira á þessu stigi málsins, en leyfa mjer að stinga upp á því, að sett sje þriggja manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 6 atkv. gegn 2, og kosnir:

Jón Ólafsson með 7 atkv.
Sighvatur Árnason — 7 —
Skúli Þorvarðarson — 6 —

Umræðunni frestað.

Ellefti fundur, mánudag 15. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um viðaukalög við lög 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig í aðrar heimsálfur (C. 196, 197); 3. umr.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Viðaukatillaga sú, sem hjer liggur fyrir (C. 197) við frv., er frá nefndinni, og miðar hún að eins til, að koma á samræmi við þær breytingar, sem nefndin hafði gjört við frumv. og sem samþykktar voru við 2. umr. Eptir því sem atkvæðagreiðsla fór við 2. umr. þessa máls, hef jeg svo ekki ástæðu til að tala meira um frumv. þetta.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefnd, (C. 197) samþ. í e. hlj.

3. gr. frumv. (C. 196) þannig breytt samþ. í e. hlj.

Frumv. í heild sinni þannig breytt samþ. í e. hlj., og afgreitt síðan til Nd.

Frumv. til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina (C. 91, 176, 198); 2. umr.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Í framhaldi af því, er jeg mælti við síðustu umræðu frumv. þessa, skal jeg leyfa mjer að gjöra grein fyrir breyt.till. nefndarinnar (C. 176). Eins og jeg hef áður getið um, eru breyt. nefndarinnar mest orðabreyt.; hin eina verulega breyt. á efninu er viðaukinn við 2. gr., sem nefndin ætlast til að verði nýr stafliður. Þessi viðbót þótti nauðsynleg, því að mjer var kunnugt um, að bæjarstjórnin á Akureyri samdi frumv. um eptirlit á því, sem lýtur að því, að fyrirbyggja brunahættu og eldsvoða, en frumv. þetta var svo lagað, að landshöfðingi sá sjer ekki fært að samþykkja það, af því að lagalegur grundvöllur var áður ekki til fyrir þess háttar samþykktum. Jeg vona því, að þessi viðaukatillaga fái að ganga fram.

Við 1. gr. frumv. hefur nefndin að eins gjört lítilfjörlega orðabreyting og sem frumv. hefði máske getað án verið.

Við 2. gr. hefur hún gjört þá aðalbreyting, að gjöra staflið „a“ nokkru víðtækari, og áleit nauðsynlegt, að hafa orðaskipunina nokkuð öðruvísi. Í staflið „b“ stingur hún upp á, að bæta inn orðinu „lifrarbræðsla“; það er engin breyting, heldur að eins tekið upp í greinina meðal annars, sem bannað er, eins og dæmi.

Breytingar nefndarinnar við 5. gr. eru að eins orðabreytingar.

Jeg vil lýsa yfir því, að nefndin tekur aptur breyt.till. sínar við 3. gr. Nefndin hafði misskilið ákvæði frumv. á þessum stað, og gekk út frá því, að eigi væri hægt að breyta lögreglusamþykkt frá því, sem bæjarstjórn hefði samþykkt. Þennan skilning sinn vildi nefndin svo skýra með þeim breyt., sem hún stakk upp á að gjöra við 3. gr. En við síðustu umræðu frumv. kom það fram, að meining frumv. er sú, að landshöfðingi skyldi hafa leyfi til að breyta samþykktarfrv. bæjarstjórnar, með nokkurri takmörkun, og nefndin er því samdóma, að umboðsvaldið skuli hafa hönd í bagga með við samning lögreglusamþykkta. Nefndin hefur því álitið rjett, að taka aptur breyt. sínar við 3. gr., og láta ákvæði frumv. halda sjer. Við nákvæmari íhugun er og hægt að skilja frumv., eins og það liggur fyrir, á þann hátt, sem hæstv. landshöfðingi benti á við síðustu umr.

Forseti: Jeg vil leyfa mjer að óska skýringar um, hvort nefndin hefur tekið aptur báða breytingarliði sína við 3. gr.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Já.

Jón Ólafsson: Jeg ráðgerði við 1. umr. að koma fram með breyt.till. þá, sem hjer liggur nú fyrir (C. 198). Jeg hefi íhugað það mál nokkuð betur síðan, en ekki getað fundið fulla ástæðu til að falla

frá henni, því að það *getur* verið hugsanlegt, að breytingar verði gjörðar af amtmanni eða landshöfðingja á frumv. því til lögreglusamþykktar, sem bæjarstjórn hefur samið, sem geta haft svo miklar breytingar í för með sjer á þeim störfum, sem bæjarstjórnin hefur lagt fje til (án þess fjárupphæðum sje breytt), að henni hefði ekki þótt tilvinnandi að leggja fjeð fram, ef hún hefði vitað þær fyrirfram. Jeg skal fúslega játa, að ekki er líklegt að þetta komi opt fyrir í reyndinni, en þetta *getur* komið fyrir, og það er nauðsynlegt að lögin veiti tryggingu eigi að eins í hinum almennu tilfellum, heldur einnig í undantekningar-tilfellunum, þegar á þarf að halda. Mjer finnst það líka mjög lítið ísjárvert, að veita bæjarstjórnum þann rjett, að geta haft samþykktarvald svo, að ekki verði octroierað upp á þær lögreglusamþykkum, sem þær ekki vilja hafa, úr því þeim á annað borð er veittur rjettur til að búa til frumv. til samþykktanna, og úr því þeim er í sjálfs vald sett, hvort þær vilja búa til nokkurt frumv. til lögreglusamþykktar, eða láta það ástand haldast, sem nú er. Því svo mikið er ljóst, að svo lengi sem þær ekki búa til neitt frumv., svo lengi verður engum samþykktum octroierað upp á þær. En eptir því sem í frumv. stendur, getur amtmaður og landshöfðingi umturnað alveg frumv. bæjarstjórnarinnar og gjört það að allt öðru en bæjarstjórnin hefur ætlazt til, án þess þeir *beinlínis* leggi ný gjöld á kaupstaðinn.

Hæstv. landshöfð. sagði, að það væri princip-spursmál, sem brotið væri með því, að láta bæjarstjórnir geta ráðið því, hvað sett er í lögreglusamþykktir, láta þær yfir höfuð hafa löggjafarvald. En jeg get ekki sjeð, að þetta princip sje svo mikilsvert í þessu tilfelli, og þar sem þó frumv. leggur frumkvæðið *(initiativið)* í hendur bæjarstjórna, og þar með gefur þeim rjett til að láta vera að semja *nokkra* lögreglusamþykkt, þá hefur stjórnin sjálf brotið skarð í *princípið*. Og á hverju stendur þá, hvort hún víkur skemra eða lengra út frá þessu princípi, sem hún þó hefur yfirgefið? Jeg sje ekki, hvað stjórnin getur sjeð sjer í því, að heimila landshöfðingja að octroiera upp á bæjarstjórn þeim ákvæðum í lögreglusamþykkt, sem bæjarstjórnin ekki vill hafa; því það er nærri því óhugsanlegt, að nokkur bæjarstjórn gjöri *lítilfjörlegar* breytingar á samþykktunum að svo miklu kappsmáli, að hún vinni það til fyrir þær, að verða samþykktarlaus og fara á mis við þá hagsmuni, sem slíkar samþykktir geta haft í för með sjer. En þær breytingar, sem umboðsvaldið kann að gjöra á samþykktunum, geta verið svo þýðingarmiklar, að bæjarstjórn virðist ísjárvert, hvort hún vill þannig lagaða samþykkt eða alls enga. Breytingartillaga mín er svo orðuð, að bæjarstjórn hefur að eins vald til að segja, hvort hún vill aðhyllast frumv. eins og það kemur breytt frá amtmanni og landshöfðingja, eða hafna því með öllu og una við núverandi ástand, og líkurnar eru miklu meiri til að hún muni aðhyllast það, ef ekki er því meira í húfi; en 2. gr. frumv. er svo yfirgripsmikil, og þau mál svo mörg, sem lögreglusamþykktir eiga að taka yfir, að hægt er umboðsvaldinu að gjöra á frumv. bæjarstjórna mjög þýðingarmiklar breytingar, og það einmitt á þeim málum, sem nú heyra undir bæjarstjórnir. Jeg álít þess vegna gott, að þær fái að segja álit sitt um þær, eptir að þær koma frá amtmanni og landshöfðingja, segja til, hvort þær vilja heldur þá, sem umboðsvaldið hefur breytt, eða enga.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Jeg sje að h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefur farið svo liðlega í þetta breyt.atkv., sem mögulegt er, eptir þeirri skoðun, sem hann hefur á málinu, og hef jeg eigi annað segja móti röksemdum hans, en það,

að jeg þykist fullviss um, að bæjarstjórnir þær, sem til eru hjer á landi, í Reykjavík, á Ísafirði og Akureyri, muni, eptir því sem jeg þekki til, ekki draga lengi, að koma fram með frumv. til lögreglusamþykkta, sem er svo mikil þörf fyrir, jafnvel þótt lagafrv. fái að halda sjer eins og það er, og hef jeg það traust til hæstv. landshöfðingja, að hann beiti engu ofurvaldi gegn bæjarstjórnunum með tilliti til samþykktanna. Jeg verð því eindregið að leggja það til, að frumv. verði samþ. óbreytt að þessu leyti.

Landshöfðingi: Eptir að h. nefnd hefur tekið aptur breyt.till. við 3. gr., hef jeg eigi neitt sjerlegt að athuga við breyt.till. nefndarinnar, með því að hinar aðrar breyt. eru sumpart að eins orðabreytingar, eða litlir viðaukar, sem eru heldur til bóta. Jeg get því fallizt á allar hinar framkomnu breyt.till., nema tillöguna á þingskjali 97 frá h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), sem ekki er löglega upp borin eða löglega tekin til umræðu. Jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, að lögreglumálefni heyra alls ekki undir bæjarstjórnirnar; það er að eins tilhliðrun af stjórnarinnar hálfu, að nú stendur í 1. gr. frumv.: „gjöra *má* lögreglusamþykktir", í stað þess, er í frv. 1885 stóð: „gjöra *skal*", og er síðan bæjarstjórnum *leyft*, að gjöra frumvörp til samþykktanna. Í sjálfu sjer væri eðlilegast, að bæjarfógetar eða amtmenn byggju samþykktirnar til, en að þær síðan væri lagðar fyrir bæjarstjórnirnar til álita, því að það er rjett, að þær hafi neitunarvald viðvíkjandi útgjöldum, er ráðstafanir samþykktanna hafa í för með sjer, ef bæjarstjórnin getur ekki fallizt á þessar ákvarðanir. Lengra er eigi rjett að fara. Það er eigi rjett, að fá sveitanefnd í hendur fullnaðarvald til að gjöra samþykktir um lögreglu, og þar með allt vald um allsherjar-reglu í sveitarfjelaginu. Hitt er eigi annað en tortryggni hjá h. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að ímynda sjer, að landshöfðinginn mundi geta notað fjárveitingar bæjarstjórnarinnar til annars, en hún hefur ætlað fjeð til. Að minnsta kosti ætti að vera innan handar að orða fjárveitingarnar svo, að það sje ekki hægt.

Forseti: Jeg tók svo eptir, að hæstv. landshöfðingi segði, að breyt.till. á þingskj. 97 væri ólöglega tekin til umræðu. Jeg skal því leyfa mjer að skírskota til 23. gr. í þingsköpunum, þar sem stendur: „Nefndin getur einnig borið upp breyt.atkv. með jafnstuttum fresti, *en aðrir einungis þegar þingdeildin* samþykkir". Þessi breyt.till. kom ekki fram fyr en í fundarbyrjun, og var því leitað atkv. þingdeildarinnar um, hvort hún mætti takast til greina, og með því að það var samþykkt, fæ jeg ekki sjeð, að hverju leyti tillagan er ólöglega tekin til umræðu.

Jón Ólafsson: Þrátt fyrir andmæli hæstv. landshöfðingja get jeg eigi tekið breyt.till. mína aptur, en held því fast fram, að það sje nauðsynlegt, að tryggja rjett bæjarstjórna gagnvart umboðsvaldinu. Jeg sagði eigi, eins og hæstv. landshöfðingi hermdi orð mín, að amtmaður gæti notað fjárveitingu bæjarstjórnar til annars, heldur að breytingar hans við samþykktirnar gæti svo verulega breytt umfangi og framkvæmd þeirra starfa, sem fjeð er til veitt, að það gæti leitt til að gjöra ný útgjöld nauðsynleg, ef störfin ættu að koma að tilætluðum notum. Jeg ber að vísu eigi kvíðboga fyrir því, að þetta komi að skaða *nú*, en það gæti orðið hált í framtíðinni.

E. Th. Jónassen: Eins og sjest af ástæðum fyrir frumv. þessu, er tilefni til, að það hefur verið lagt fyrir þetta alþingi, að Reykjavíkurbær hafði óskað eptir, að slíkt frumv. væri lagt fyrir þingið; það er langt síðan að bæði bæjarfógetar í Reykjavík og bæjarstjórnin þar hafa fundið til þess, að mikil nauðsyn væri að fá lög um

þetta efni. og það því væri mikil rjettarbót, ef þau lög fengjust; þess vegna væri leiðinlegt, ef þetta frumv. yrði eigi að lögum. Breyt.till. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sje jeg eigi ástæðu til að taka til greina; enda hefur sjálfur uppást.m. tekið það fram, að breyt.till. hefði enga þýðingu fyrst um sinn, heldur eptirleiðis, enda þarf eigi að óttast, að amtmaður eða landshöfðingi gjöri breytingar við lögreglusamþykktir þær, sem bæjarstjórnir kaupstaðanna semja, nema þar sem það er alveg nauðsynlegt, eða þeir í þessu efni muni misbeita embættisvaldi sínu.

Sem sagt er þetta frumv. mikil rjettarbót fyrir kaupstaðina, og vil jeg fyrir mitt leyti þess vegna vona, að það verði að lögum, og að h. þingd. láti eigi fá á sig mótmæli þau, er fram hafa komið gegn frumv.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg leyfi mjer að taka það fram, að þótt jeg treysti vel bæjarstjórnunum, sem eru, eins og h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) treystir vel landshöfðingja og amtmanni, sem nú eru, þá getur að borið, að þær verði settar þeim mönnum, að þeim ekki farist þetta svo vel úr hendi, að jeg fyrir mitt leyti ekki álíti betra, að umboðsstjórninni væri með lögunum falið að hafa hönd í bagga með. Jeg er því breytingunni mótfallinn.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal játa, að jeg veit eigi, hvort jeg skil breyt.till. 97 fullkomlega; mjer finnst eptir mínum skilningi á henni, að mikið mæli með henni í sjálfu sjer. Breyt.till. hygg jeg að fari því fram, að engin samþykkt geti orðið að lögum, nema bæjarstjórnin fallist á hana. En í frumv. segir einungis, að engin sú samþykkt geti orðið að lögum, sem hefur í för með sjer aukin útgjöld, nema samþykki bæjarstjórnarinnar komi til, sbr. 3. gr. frv. Breyt.till. er því viðtækari. Eptir frumv. hefur bæjarstjórnin *veto* í fjárhagsmálum, en eptir breyt.till. í öllum málum; þetta finnst mjer vera aðalmunurinn. Frumv. gefur bæjarstjórninni fullan rjett til að stinga upp á samþykktum um hvert efni sem er; bæjarstjórnin hefur og rjett til að hafna breytingum á samþykktarfrumv. sínum, ef breytingarnar auka gjöld bæjarins. Nú finnst mjer eðlilegt, að þau æðri völd, amtmenn og landshöfðingi, hafi eigi rjett til, að setja upp á bæjarstjórnina nokkrar þær lagareglur, sem þær eigi vilja framkvæma sjálfar. Ef samþykkt kemur, sem er gagnstæð hugsunarhætti bæjarstjórnar, framkvæmir hún hana eigi nema með hangandi hendi. Vjer eigum og vjer verðum að hafa tillit einnig til hlýðenda laganna. Reynslan sýnir, að þess er full þörf. Hversu mörg af lögum vorum liggja óframkvæmd víða um land? Jeg skal einungis vísa til hundalaganna. Það tjáir eigi, að lögin sjeu fengin hreppstjórum og prestum, ef þau eru mótstæð hugsunarhætti hlýðendanna.

Mjer finnst því vera tilefni til, að hallast að þessari uppástungu, að minnsta kosti að hafna henni eigi að svo stöddu.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefnd. (C. 176) við 1. gr., 1. gr. þannig breytt, allar breyt.till. nefndarinnar við 2. gr., og 2. gr. þannig breytt samþ. allt hvort um sig í e. hlj. Breyt.till. nefnd. við 3. gr. teknar aptur; breyt.till. J. Ól. við sömu gr. (C. 198) felld með 6 : 5 atkv. 3. og 4. gr. samþ. óbreyttar hvor um sig í einu hlj. Breyt.till. nefnd. við 5. gr. samþ. með 9 atkv.; 5. gr. þannig breytt og 6. gr. óbreytt samþ. hvor fyrir sig í einu hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (C. 176); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Hvor gr. frv. fyrir sig samþ. í einu hlj., og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þingsályktunartillaga um að mældur

verði Húnaflói og uppsigling á Hvammsfjörð (C. 176); ein umr.

Flutningsmaður (E. Th. Jónassen): Jeg þarf eigi að fara mörgum orðum um þetta mál. Jeg gjöri ráð fyrir, að það sje h. þingd. kunnugt, hvílík nauðsyn er á uppmæling þessara fjarða, og það hefur fyr komið fram hjer á þingi og fengið góðar undirtektir.

Jeg skal taka það fram, að lög frá 1883 um löggildingu nýrra verzlunarstaða við Hvammsfjörð geta eigi komið að tilætluðum notum fyr en innsigling á Hvammsfjörð er mæld.

Þessi mæling á Hvammsfirði er eigi að eins nauðsynleg til þess, að fá þar nýjan verzlunarstað, heldur er það mjög þýðingarmikið, að í hafísárum geti skip, sem eiga að fara til Borðeyrar eða kauptúna við Húnaflóa, hleypt inn á Hvammsfjörð, því þar kemur, sem kunnugt er, aldrei hafís, og getur þá Húnavatnssýsla sunnanverð og Strandasýsla nálgast vörubyrgðir þaðan.

Hvað snertir Húnaflóa, þá eru þar 4 kauptún og innsigling á Borðeyri afartorveld. Reyndar hafa gufuskip allopt farið þar inn, en, eins og h. þm. þekkja, hefur þeim stundum hlekkzt á, og meðan inn sigling þar er eigi mæld, vilja ábyrgðarfjelög eigi taka skip í ábyrgð þangað.

Meðan svo er ástatt, er eigi að búast við almennri siglingu að Borðeyri, og það er því óneitanlega áríðandi, að þetta dragist eigi lengur.

Jeg skal geta þess, að það er eigi stjórninni að kenna, að nefndar mælingar hafa enn eigi fram farið, því stjórnin hefur hvað eptir annað beiðzt fjár til þeirra af ríkisþingi Dana, en henni hefur verið neitað um það, og eru það einkum vinstrimenn á ríkisþinginu, sem hafa komið því til leiðar, að neitað hefur verið um fjárframlög til uppmælinganna; en það er engin ástæða til að hætta við þetta mál fyrir það, og það því síður, sem vjer getum nú sannað ríkisþinginu, að ósk vor er eigi ófyrirsynju, því mælingar þær, sem hið danska herskip í vor gjörði á Húnaflóa stuttan tíma, leiddu það í ljós, að það eru mörg blindsker einmitt þar sem gufuskip og önnur skip verða að fara um Húnaflóa. Jeg vona því, að h. deild verði tillögu þessari meðmælt.

Jakob Guðmundsson: H. 2. kgk. þm. tók fram flest það, er þarf til meðmælingar þessu máli, en jeg vil taka það fram, að til þess að Búðardalur komi að notum, verður eigi að eins að mæla innsiglinguna á Hvammsfjörð, heldur einnig sjálft hafnarstæðið, og þar næst vil jeg vekja athygli h. þingdm. á því, að brýnni nauðsyn ber til, að Hvammsfjörður sje mældur en Húnaflói, þar eð sigling á Hvammsfjörð kemur að notum eigi að eins Dalasýslu, heldur einnig í ísári bæði Strandasýslu og Húnavatnssýslu, auk þess sem mæling á Hvammsfirði er minna verkefni. Jeg vona því, að hæstv. landshöfðingi taki það til greina í tillögum sínum, að uppmæling á Hvammsfirði verði fyrri framkvæmd en á Húnaflóa.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. í einu hljóði og afgreidd síðan til landshöfðingja sem *þingsályktun frá efri deild alþingis.*

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri (C. 192); 1. umr.

Jón Ólafsson: Það er svo með löggilding þessa, að jeg get ímyndað mjer, að h. þingdm., bæði þeim, er vilja að löggildingin nái fram að ganga, og hinum, þætti æskilegt, að mál þetta yrði tekið til rækilegrar íhugunar.

Það er nú farið fram á eigi fáar löggildingar; en vjer verðum annars vegar að gæta að því, að það er nú stefna þingsins, að leggja á nýja tolla, og jeg tel efalaust, að innan fárra ára verðum vjer — hvort sem vjer viljum eða eigi — að koma á tollgæzlu. En eins og gefur að

skilja, þá hefur tala hinna löggiltu kauptúna mikil áhrif á kostnaðinn. Þessi væntanlega tollgæzla ætti því að vera hvöt fyrir hvern og einn að íhuga vandlega hverja löggilding, sem farið væri fram á, og svo æskilegt sem er að geta látið að óskum hlutaðeigenda, getur þó þetta knúið þingið til að fara mjög varlega í að leyfa löggilding kauptúna um skör fram, eða frekar en brýna nauðsyn ber til.

Jeg hef ætíð verið löggildingum meðmæltur í sjálfu sjer, og er svo enn þá; en tillit verður að taka til fleira en eins í því máli, og vil jeg leggja til, að verði kosin 3 manna nefnd í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 8 atkv. og kosnir í hana:

Jón Ólafsson með 9 atkv.
Július Havsteen — 4 —
L. E. Sveinbjörnsson — 4 —

Fyrstu umræðu frestað.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík (C. 192); 1. umr.

Jón Ólafsson: Jeg vil leggja það til, að þessu frumv. sje vísað til hinnar nýkosnu nefndar í frumv. um löggilding Arngerðareyrar

ATKVÆÐAGR.: Uppástungan var samþ. í einu hljóði og 1. umr. frestað.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Svalbarðseyri (C. 192); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Eptir uppástungu Jóns Ólafssonar var málinu vísað til sömu nefndar með 10 atkv. og 1. umr. frestað.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Múlahöfn (C. 192); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Eptir uppástungu Jóns Ólafsonar var málinu vísað til sömu nefndar og 1. umr. frestað.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík (C. 192); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Eptir uppástungu Jóns Ólafssonar var málinu vísað til sömu nefndarinnar og 1. umr. frestað.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal (C. 129); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Eptir uppástungu Jóns Ólafssonar var málinu vísað til hinnar sömu nefndar og 1. umr. frestað.

Tólfti fundur, þriðjudag 16. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um breytingar á þingsköpum alþingis (C. 191); 1. umr.

Friðrik Stefánsson: Jeg hef ásamt h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) leyft mjer að koma fram með þetta frumv., og vona jeg, að h. þingd. taki því vel.

Eins og h. þingm. er kunnugt, eru þingsköpin eigi svo ákveðin, sem skyldi, um það, hvort aldursforseti á þingi geti haft atkvæðisrjett eða eigi. Þetta leiddi svo til þess, að aldursforseti greiddi atkvæði um forsetakosning hjer í þessari h. deild á síðasta þingi 1887 og einnig nú á þessu þingi, svo að hlutkesti varð að ráða forsetakosningu deildarinnar. Þetta fyrirkomulag þykir mjer mjög óviðfeldið og alls ekki eiga við á lögjafarþingi, og vildum við því koma því til leiðar, að þessari reglu yrði ekki beitt framvegis. Hin síðari grein frumv. fer fram á það, að við hafa megi hlutfallskosning þegar nefndir eru kosnar. Jeg er að sönnu ekki svo fastur á því nýmæli, en finnst þó að sú aðferð sje ekki óbrúkanleg og geti allvel farið.

Jeg hygg, að jeg þurfi svo eigi að fjölyrða meira um frumv.; það er svo stutt og einfalt, að líklegt er, að þingm. átti

sig fljótt á því, hvað þeir vilja gjöra í því tilliti. Að öðru leyti er jeg viss um, að h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) muni tala sjerstaklega fyrir síðari hluta frumv. um hlutfallskosningarnar, ef þurfa þykir.

Jón Ólafsson: Af því h. þm. Skagf. (Fr. St.) beindi sjerstaklega til mín að mæla fram með síðari hluta frumv. þessa, skal jeg tala nokkur orð, enda þótt jeg álíti enga verulega nauðsyn bera til að mæla mikið fram með honum, því það er svo margt, sem mælir með því, að æskilegt sje, að viðhafa hlutfallskosningar, þegar kosið er í nefndir. Af mörgu, sem mælir með þeirri aðferð, er það t. d., að þegar þingm. skiptast í fasta flokka, er það lagt í vald meiri hlutans eptir núgildandi kosningaraðferð, að útiloka með öllu minni hlutann, hversu sterkur sem hann er, ef hann að eins er minni hluti; og þetta er til tjóns fyrir báða málsparta, því það batar málin, að þau sjeu skoðuð frá báðum hliðum, frá fleirum en einu sjónarmiði, og meiri hlutinn hefur ætíð gagn og gott af því, að kynna sjer nógu snemma mótbárur minni hlutans; því betur gengur honum að verja málstað sinn og íhuga mótbárurnar.

Í öðru lagi dregur það úr beiskjunni á milli flokkanna og eflir samvinnu þeirra, ef minni hlutinn sjer það, að hann á ætíð kost á að leggja fram sinn skerf til íhugunar málanna, jafnvel þótt, þegar til atkvæða kemur og úrslita, meiri hlutinn hljóti að sigra við atkvæðagreiðslu.

Þetta ákvæði er heldur ekki óþarft hjer á þingi, því jeg veit til þess, t. d. áður í neðri deildinni, að þingm. skiptust í flokka og meiri hlutinn útilokaði minni hlutann frá að taka þátt í meðhöndlun málanna, hvorki mönnunum nje málunum til bóta. Það er og viðurkennd annarstaðar víða nauðsyn þessarar kosningaraðferðar, t. d. á ríkisþingi Dana; þar er innleidd sú regla, sem frumv. þetta fer fram á. Hjer er að eins farið fram á það, að hlutfallskosning skuli við hafa, ef þriðjungur þingmanna fer því fram; og það liggur í hlutarins eðli, að þegar svo stór hluti í annarihvorri heildinni eða í sameinuðu þingi æskir þess, er full ástæða til, að slíkt sje gjört.

Að því er snertir fyrri hluta frumv., hefur h. þm. Skagf. (Fr. St.) minnzt á hinar helztu ástæður fyrir því, sem þar er farið fram á. Jeg vil að eins bæta því við, að minna á þær ræður, sem margir h. þm. hafa haldið hjer í deildinni um það, hve *óeðlilegt* það sje, að elzti þingmaður, er fundi stýrir, hafi atkvæðisrjett. Þannig töluðu á þingi 1887 h. 3., 5., 6. og 1. kgk. (L. E. Sv., A. Ól., J. A. Hj., Júl. H.) allir mjög fagurlega með því sama, sem frumv. þetta fer nú fram á, og á 1. fundi þessa þings hjelt 5. kgk. þm. (A. Ó.) einkar-sannfærandi ræðu um sama efni, og sem jeg hygg að hafi hlotið að sannfæra fleiri en mig.

Jón A. Hjaltalín: Fyrst er jeg heyrði getið um þetta frumv., hugði jeg gott um það. En einmitt sú ástæða, að bæði jeg og ýmsir aðrir h. þm., sem nefndir höfum verið, höfum mælt með efni þess, kemur nokkuru hiki á mig. Þegar jeg talaði fyrir því, að aldursforseti ætti ekki af hafa atkvæðisrjett, byggði jeg það á því, að jeg áleit ákvæði 5. gr. í þingsköpunum gilda líka um aldursforseta. Þessu máli mínu til stuðnings hef jeg haft alla praxis bæði hinna ráðgefandi þinga og löggefandi. Og þetta álít jeg enn rjetta skoðun. Ef jeg nú fer að greiða atkvæði með þessu frumv., þá er eins og jeg viðurkenni það þar með, að hitt hafi verið löglegt, sem fram hefur farið nú á tveim síðustu þingum, að aldursforseti hafi greitt atvæði. En þetta vil jeg ekki enn viðurkenna; jeg álít þá aðferð ólögmæta. Mjer finnst, að það megi ráða af þingsköpunum sjálfum, og einkum af því, hvernig þetta atriði hefur verið skilið í verkinu.

Landshöfðingi: Jeg vil benda h. flutningsm. á, hvort það muni vera nægilegt, að segja, eins og í frumv. þessu stendur: „skal við hafa hlutfallskosningaraðferð“. Jeg veit sem sje eigi betur, en að til sjeu fleiri en ein hlutfallskosningaraðferð. Það er að vísu svo, að við höfð er ein hlutfallskosningar-aðferð á ríkisþingi Dana, en á Englandi eru aptur, að jeg ætla, við hafðar aðferðir, sem að ýmsu eru öðruvísi. Jeg hygg því, að það sje ekki nóg, að orða frumv. þetta eins og gjört er, heldur þurfi að tiltaka nákvæmar, hverja hlutfallskosningar-aðferð hafa skuli. Í frumv. því til þingskapa, sem stjórnin lagði fyrir þingið 1875, var stungið upp á, að viðhafa hlutfallskosning, þegar kjósa skyldi í nefndir, og var í því frumv. útlistuð aðferð sú, sem fara átti eptir. En þá var það fellt með miklum atkvæðafjölda, að viðhafa hlutfallskosningar, bæði af því, að sú aðferð þótti of margbrotin, og líka af því, að hún þótti ekki eiga við hjer á þingi, þar sem hjer væri engin flokkaskipun í líkingu við það, sem ætti sjer stað í Danmörku og á Englandi.

Jeg skal sjerstaklega taka það fram, að þar sem h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að undanfarin ár hefði það komið fyrir, að þingmenn hefðu skipzt í 2 flokka, sem hefðu bægt hvor öðrum frá í málum, þá hefur það hvorki átt sjer stað í öllum málum hjer í deildinni *(J. Ól.:* Jeg sagði: í neðri deild), nje heldur hitt, að meiri hlutinn hafi, í þeim málum sem flokkaskipun hefur verið í, útilokað minni hlutann. En í neðri deildinni þekki jeg enga flokkaskipun, svo um hana get jeg ekki talað.

Jón Ólafsson: Út af ummælum h. 6. kgk. (J. A. Hj.) skal jeg taka fram, að jeg skil það vel, að frá hans sjónarmiði sje það ekki rjett aðferð, sem viðhöfð hefur verið við forsetakosning hjer í deildinni í síðustu 2 skipti. En úr því nú þessi aðferð *er* og *hefur verið* viðhöfð, sýnir það og sannar, að þessa aðferð *má* viðhafa. Það er því gott einnig frá hans sjónarmiði, að aftaka öll tvímæli í þessu efni, því að það sem *hefur skeð* einu sinni, *getur skeð* aptur.

En út af ummælum hæstv. landshöfð. skal jeg taka fram, að jeg talaði um 2 flokka í *neðri* deild. Öllum er kunnugt, sem sátu á þingi 1883 og 1885, að þá átti sjer þar í deildinni stað flokkaskipun og að meiri hlutinn misbeitti valdi sínu gegnum allt þingið. Jeg ímynda mjer, að h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) muni eptir því 1883, því að hann átti þá sæti eins og jeg í Nd., og jeg veit, að ýmsir aðrir viðurkenna, að þetta er rjett, því að jeg hef síðan átt tal við menn úr báðum flokkum, sem hafa viðurkennt þetta.

Þótt ákvæði um hlutfallskosningar hafi verið felld áður á þingi, sannar það ekki, að sú aðferð geti ekki verið góð og nauðsynleg nú; og þótt menn hafi þá ímyndað sjer, að flokkaskipun gæti ekki komið fyrir hjer á þingi, þá hefur reynslan þó sýnt hið gagnstæða. Jeg get vel ímyndað mjer, að það hafi hjer áður ráðið mest úrslitum, að hlutfallskosningar voru ókunnar þingmönnum, og fjöldamargir hafa ekki haft neina ljósa hugmynd um, í hverju þær eru fólgnar. En hitt er satt, sem hæstv. landshöfðingi tók fram, að til eru margar aðferðir við hlutfallskosningar, sjálfsagt einar 6 aðferðir, sem einna helztar þykja og helzt eiga sjer formælendur. En okkur flutningsm. þótti samt ekki þurfa að orða frumv. nákvæmara, og ef mig minnir rjett, er það heldur ekki tiltekið í þingsköpum Dana, hverja aðferð hafa skuli; þinginu er ætlað sjálfu að velja um þær. Þar sem þingdeildirnar eru ekki fjölskipaðri en hjá oss er, getur kosning aldrei orðið annað en mjög auðveld, hver aðferð sem valin er. Öðru máli er að gegna, þegar kjósendur skipta hundruðum eða þúsundum; þá geta ýmsar

hlutfallskosningar-aðferðir orðið flóknar fyrir óvana.

Hlutfallskosningar hafa allstaðar reynzt vel á þingum, þar sem þær hafa verið viðhafðar, og verð jeg því að vona, að frumv. þetta mæti góðum undirtektum. Ef svo skyldi sýnast, að þörf sje á nánari ákvæðum um það, hverja hlutfallskosningar-aðferð viðhafa skuli, má auka inn í frumv. við 2. umr., ef málið annars þykir þess vert, að fá framgang.

Jón A. Hjaltalín: H. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að það gæti komið fyrir aptur, sem einu sinni hefði skeð. Ef það verður á sama stað og hingað til og af hans fylgismönnum, eins og áður, þá hygg jeg honum sje innan handar að koma því fram, að þeir ekki viðhafi þessa aðferð optar. En að því er snertir þann flokkinn, sem jeg tala fyrir, get jeg ekki skilið, að hann vilji viðhafa þá aðferð, sem hann hefur sjálfur lastað og talið ólögmæta hjá öðrum.

Jeg ætla samt að greiða atkv. með því, að frumv. gangi til 2. umr., ef eitthvað kynni við nákvæmari athugun að finnast nýtilegt í 2. gr. þess.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 8 samhljóða atkv.

Frv. til laga um uppeldisstyrk óskilgetinna barna o. fl. (C. 97, 192, 200); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Arnl. Ólafsson): Jeg skal fyrst geta þess, er h. þingd. þegar er kunnugt, að nefndin sá þegar, eptir að nefndarálitið var komið í prentsmiðjuna, að henni hafði sjezt yfir í því, að sleppa kafla úr 3. gr. frv., og hefur hún því lagt til á þingskj. 101 (C. 200), að taka hann upp aptur. Nefndinni hefur og þótt rjett, að leggja til að breytt verði niðurlagi 4. gr., til þess, að frumv. yrði eðlilegra í sjálfu sjer og nálgaðist meira stjórnarfrv.

Um efnisbreytingar nefndarinnar á frv. stjórnarinnar skal jeg vera fáorður á þessu stigi málsins; að eins skal jeg taka það fram, að nauðsyn bar til, að breyta nokkuð orðfæri frumv., en þó einkum hitt, að færa frv. nær þeim ákvæðum, sem íslenzk framfærslulög hafa að geyma.

Í þriðja lagi þótti nefndinni nauðsyn bera til, að orða ýmsar setningar betur og skýrara, en gjört var í frumv. stjórnarinnar á stöku stað, en af þessu leiddi, að rita varð upp mikinn hluta frv. til þess, að komast hjá langri og flókinni atkvæðaskrá.

Efnisbreytingar eru einkum í 1. gr. og 4. gr. Í nefndarálitinu hefur misritazt: 3. gr. í stað 4. gr., og vil jeg biðja h. þm. að gæta þess. 3. gr. er alveg nýmæli og snertir því ei eldri framfærslulög vor.

Nefndin býst við því, að sumar breyt. hennar muni þykja nokkuð stórkostlegar, en jeg verð þó að segja, að svo er eigi í raun og veru. Nefndinni fannst það góð regla, að halda sjer sem mest við landslög, einkum ef þau hafa reynzt vel. Sjerstaklega er 1. gr. hjá nefndinni eigi annað en núgildandi lög, og að því leyti má segja, að hún sje óþörf. En óþörf er hún þó ekki með öllu, því ágreiningur hefur verið um tímatakmark það, er tekið er fram í henni; en þó sýnir úrskurður 24. febr. 1870, að stjórnin hefur álitið, að framfærsluskyldan næði til 16 vetra aldurs ómagans; en nefndinni þótti þó vissara að ákveða þetta, til þess að taka af allan efa.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að taka fram, að mjer virðist h. nefnd hafa misskilið frv., eptir því, sem tilgangur stjórnarinnar var, er hún kom fram með það. Það var eigi tilgangur stjórnarinnar, að ákveða neitt nýtt um framfærsluskyldu foreldra gagnvart börnunum, hvorki skilgetnum nje óskilgetnum, en að eins sá, að kveða á um rjett óskilgetinna barna og móður óskilgetins barns gagnvart föðurnum. Það var ekki meining

stjórnarinnar, að ákveða, hverjar skyldur faðir hefði við barn sitt eptir að það væri komið af ómagaaldri, eða gjöra neina breytingu á núgildandi lagaákvæðum um þetta atriði; þetta kemur ljóst fram í frv. sjálfu, því að ef hitt hefði verið meiningin, að ákveða skyldur föðursins við óskilgetið barn, eptir að það er komið af ómagaaldri, þá hefði vantað í frv. ákvæði um skyldur móðurinnar í sömu kringumstæðum, og þá hefði líka verið nauðsynlegt, að kveða á um skyldur foreldranna við skilgetin börn sín. Það er því rjett, sem h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) drap á, að 1. gr. frv. má gjarna falla burt, því að hún ákveður ekkert nýtt, og jeg álít, að það sje ekki meining hennar að snerta við gildandi ákvæðum um skyldur við börnin, eptir að þau eru komin af ómagaaldri.

Ef h. nefnd vill kannast við, að það sje nægilegt, að frv. snerti að eins rjett óskilgetins barns og móður þess gagnvart föður þess, þá vona jeg, að jeg geti komið mjer saman við nefndina viðvíkjandi öðrum breytingum, sem hún hefur stungið upp á viðvíkjandi 1. gr., og með fleiri smábreyt. En jeg skal sjerstaklega taka fram, að jeg get ekki fellt mig við breytingar hennar á 4. gr., með því mjer virðast þær ekki vera í samræmi við stefnu stjórnarfrv. Af því að þetta er fyrsta umr. málsins, álít jeg ekki rjett, að fara nákvæmar út í að tala um það atriði nú, en jeg áskil mjer rjett til þess, að bera mig saman við nefndina, áður en málið kemur til 2. umr., til þess að vita, hvort jeg get ekki komið mjer saman við nefndina viðvíkjandi þeim atriðum, sem jeg get ekki að svo stöddu fallizt á í frv. hennar.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg get eigi sjeð fyrir mitt leyti, að nefndin hafi misskilið 1. gr. frv.; nefndin vissi gjörla, að 1. gr., eins og allt frv., hljóðar eingöngu um framfærslu óskilgetinna barna. Í 1. gr. stendur: „Skylda sú, er *að lögum* hvílir á föður óskilgetins barns, til þess að veita styrk til uppeldis því, skal *hjeðan* af vara við, þangað til það er fullra 16 ára". Þessi ummæli hlaut nefndin að skilja svo, sem stjórnin hafi ætlað að framfærsluskylda föður að óskilgetnu barni hafi *hingað til að lögum* eigi náð fram að 16 ára aldri barnsins. Einmitt fyrir þessa sök orðaði nefndin 1. gr. nefndarfrv. eins og hún hefur gjört, og er ákvæði þetta samkvæmt rjettarbót Eiríks konungs í 1. kap. framfærslubálks. En kunnugt er, að í lögbókinni er enginn munur gerður á framfærsluskyldunni við skilgetin og óskilgetin börn. Í fám orðum sagt, 1. gr. nefndarfrv. er orðað þannig eingöngu til að fyrirbyggja misskilning þann, er af 1. gr. stjórnarfrv. kynni að leiða.

Júlíus Havsteen: Út af því, sem talað hefur verið um skilning nefndarinnar á 1. gr. frv. stjórnarinnar, vil jeg leyfa mjer, að geta þess, að jeg hef litið svo á þessi fyrirmæli, að það sje meiningin, að sá tími skyldi lengdur, sem til tekinn er í tilsk. 14. oktbr. 1763 en þess ber að gæta, að opið brjef 6. desbr. 1839, er eigi lögleitt hjer á landi. Meining stjórnarinnar hefir aldrei verið sú, að setja hjer almennar reglur um framfærsluskyldu manna gegn óskilgetnum börnum sínum og afkvæmi yfirhöfuð, frábrugðnar þeim, sem eru í gildi.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg leyfi mjer að geta þess, viðvíkjandi ræðu 1. kgk. þm., að í opnu brjefi frá 6. des. 1839 er 14 ára aldurinn tiltekinn, en í tilskipun frá 14. október 1763 10 ára aldurinn; en aðgætandi er, að þessi aldur óskilgetinna barna er eingöngu miðaður við þvingunarmeðul þau, er lagaboð þessi fyrirskipa, að beita megi við barnsfeðurna, en þau takmarka eigi að öðru leyti hinn almenna eða lengri framfærslutíma, sem tiltekinn er í Framfærslub. Jónsbókar og í rjettarbót Eiríks konungs. Jeg hygg nú, að stjórnin hafi í frv. sínu haft lagaboð þessi fyrir augum sjer, og byggt á þeim,

að framfærslutíminn hefði hingað til verið styttri en 16 ár; en það er misskilningur á löggjöfinni.

Júlíus Havsteen: Jeg sje það, að við erum alveg samdóma, h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) og jeg; tilskipunin 14. oktbr. 1763 og opið brjef 6. desbr. 1839 hefir stjórnin að minni hyggju haft fyrir augum, þá er 1. gr. var samin, en þess ber að gæta, að það mun vera praxis, að amtmenn í framfærsluúrskurðum sínum miða opt við 16 ára aldurinn þannig að beita megi lögtaki til að ná meðlögunum til þess aldurstakmarks.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til viðaukalaga við lög nr. 5 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (C. 125, 191); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Nefndin hefir leyft sjer að gjöra tvær breyt. á frv. Fyrri breytingin er í því fólgin, að felldar sjeu burtu 3. og 4. gr. frv., eða rjettara sagt, hún hefir eigi búið til neitt nýtt frv. um það efni, af því henni fannst eigi efnið vera svo áríðandi. Við 1. og 2. gr. hefir nefndin aptur á móti gjört nokkrar breytingar. Nefndin áleit, að nauðsyn bæri til, að launa söng, eigi að eins þar sem kirkjan hefir fengið hljóðfæri, heldur einnig þar sem hún er hljóðfærislaus.

Síðan nýi söngurinn kom á gang, eru gömlu forsöngvararnir úr gildi gengnir. Þeir fást eigi til eða þora eigi að byrja í kirkjum; þeir eru sjer þess meðvitandi, að sínar gömlu nótur eru eigi hinar sömu, sem hinar nýju, og þeir óttast, að þeir muni ruglast í ríminu. Það eru því opt mestu vandræði, að fá nokkurn til að byrja, og getur af því hlotizt messufall, eða presturinn orðið að prjedika sönglaust.

Jeg hefi ásamt sóknarmönnum kostað mann til að læra söng, svo jeg gæti messað á annexíunni, og svona mun ganga víðar. Jeg vona því, að breyt. nefndarinnar fái góðan byr hjá h. þingd., þegar hún hefir fengið þessar ástæður að heyra.

Sighvatur Árnason: Jeg játa fyrir mitt leyti og ímynda mjer, að mönnum sje það kunnugt, að sögkennslu og kirkjusöng yfir höfuð er mjög ábótavant á landi voru og vil því styðja þetta frv.

Mjer líkar frv. vel í flestum greinum, en eitt er það af breyt. nefndarinnar, sem jeg get eigi fellt mig við; það er breyt. á niðurlagi 1. gr. frv.; jeg vildi miklu heldur, að þessi gr. frv. stæði óhögguð eða lítið eitt á annan veg. Ástæðan er sú, að jeg álít eigi eiga við, að annarlegt vald, t. d. hjeraðsfundur, svipti kirkjueigandann fje, eða taki frá kirkjunni til þess, að leggja til söngsins. Jeg skal nefna sem dæmi: Kirkja, sem á 1000 kr. fyrirliggjandi, mundi verða talin rík af hjeraðsfundi. Hjeraðsfundur ákveður, að verja skuli af fje hennar til söngsins, en nú getur svo farið, að kirkjan þurfi endurbóta við eða endurbyggingu eptir nokkur ár, t. d. 10—12 ár, og til þess gangi miklu meira fje, en fyrir hendi er, til þess það geti heitið sómasamlega gjört. Kirkjueigandi þarf þá að lána til þess, og er þá öll von, að honum þyki hart, að vera skyldaður til að leggja til kirkjusöngsins, ef kirkjan þarf bráðum á sínu fje að halda. Það er ætíð athugavert, að menn gangi ekki of nærri rjetti hins einstaka. Þessi breyt. nefndarinnar finnst mjer því fara fram á ósanngirni gagnvart kirkjueiganda, sem á hjer beinlínis hlut að máli.

Landshöfðingi: Mjer finnst sum ákvæði frv. nokkuð óákveðin. Í frv. stendur: „ef söfnuði og eiganda kirkju kemur saman um“. Hvað útheimtist þá frá safnaðarins hálfu til þess, að ráðstöfun sú, er frv. getur um, geti komizt á? *(A. Ól.:* meirihlutinn). Stundum er í safnaðarmálum, t.

a. m. til þess að söfnuður taki að sjer umsjón og fjárhald kirkju, heimtaðir $^2/_3$ atkv. sóknarmanna, þeirra er til kirkju gjalda. Mjer finnst þetta of ónákvæmt í frv. og álít nákvæmari ákvæði um þetta atriði nauðsynleg. Jeg efast annars um, að það þurfi nokkra nýja lagaheimild til þess, að eigandi megi kaupa hljóðfæri handa kirkju sinni, og jeg hygg, að kirkjueigandi þurfi heldur eigi samþykki safnaðar nje hjeraðsfundar til þess að kaupa hljóðfærið. Hjer í 2. gr. þykir mjer niðurjöfnunin nokkuð margbrotin, þar sem á að skipta kostnaðinum í tvennt, og jafna honum niður eptir tvenns konar reglum. Þeir söfnuðir, sem eigi geta komið sjer saman um þetta lítilræði, eiga engan söng eða hljóðfæraslátt skilið.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Það er rjett athugasemd, að kirkjueigandi er ráðandi kirkjufjár og getur keypt hljóðfærið, en engu að síður er samkomulag nauðsynlegt um það, hvort spila megi í kirkjunni, því að það getur verið, að meiri hluti safnaðarins vilji eigi heyra hljóðfærið, og kirkjueigandinn hefir engan rjett til, að nauðga sóknarmönnum til að heyra það; þess vegna er greinin orðuð þannig.

Það var alveg rjett athugasemd hjá h. þm. Rangv. (S. Á.) viðvíkjandi niðurlagi 1. gr., að hjeraðsfundur getur eptir frv. skyldað kirkjueigandann til, að leggja fjeð fram, en það vald á hjeraðsfundur eigi að hafa, og hefir það heldur eigi eptir fyrra hluta 1. gr. Eg em honum fyllilega samdóma í því, að hjeraðsfundur má eigi gjöra þessa samþykkt, nema kirkjubóndinn samþykki og að kirkjan geti staðizt kostnaðinn. Sem sagt, jeg tek á móti öllum góðum ráðum og bendingum um þetta efni, og gjöri jeg ráð fyrir, að nefndin breyti þessari breyt.till. sinni í þá átt, sem nú hefi jeg sagt.

Jakob Guðmundsson: Jeg skal bæta því við til skýringar, að það er eigi nóg, að hljóðfærið sje keypt, eins og það er eigi nóg, að eignast skip, ef enginn kann að sigla. Það vakti fyrir nefndinni, að nauðsynlegt væri, að einhver kynni að spila á hljóðfærið eða byrja söng í kirkju og vildi gjöra það; söfnuðurinn verður því að leggja sitt til, verður að láta mann læra söng. Það er eigi dæmalaust, að þar sem hljóðfæri hefir verið keypt fyrir fje kirkjunnar, hefir það eigi orðið notað heilt missiri. Dæmin sýna, að nauðsyn ber til, að ákvæði sjeu gjörð um stjórn á söng, hvort sem leikið er á hljóðfæri, eða bara sungið með barkanum. Aðalatriðið er, að þessi þýðingarmikli þáttur guðsþjónustunnar falli eigi niður. Jeg hika mjer reyndar eigi við að messa, þó engum söng verði á komið, en jeg vil, að honum verði haldið uppi, svo viðunandi sje, með einhverjum ráðum.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Frv. til laga um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala- og Barðastrandarprófastsdæmum (C. 160, 194); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Friðrik Stefánsson): Nefndin var einhuga um, að breyting þessi, sem söfnuðirnir hafa óskað eptir, væri eðlileg í tilliti til brauðaskipunarinnar; og þar sem nefndin hefir komizt til þeirrar niðurstöðu, að láta breyt. ekki baka landssjóði nein ný útgjöld, vona jeg að h. þingd. taki vel í málið, því þær 300 kr., sem nú eru ætlaðar Garpsdal, leggjum við til, að skiptist á milli Hjarðarholts sem sjerstaks brauðs, og Skarðsþinganna, en Hvammsbrauðið álítum við að geti borið sig án uppbótar, enda er það opt, að smærri brauðin eru eins notasæl fyrir prestinn, þótt þau sjeu eigi eins tekjuhá, því á stærri brauðunum eru opt ýmsir erfiðleikar, sem hin smærri eru laus við, og sem sagt, þar sem breytingin eigi hefir í för með sjer neinar *nýjar* álögur fyrir landssjóð, vona jeg þingd. láti málið ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hl.

Frv. til laga um að selir sjeu rjettdræpir í veiðiám og veiðivötnum (C. 197); 1. umr.

Flutningsmaður (Skúli Þorvarðarson): Í ástæðunum við frv. þetta, er getið um hvað sje meiningin með því, að láta það koma fyrir þingið. Jeg þarf þess vegna ekki að fara mörgum orðum um efni þess. Jeg vil að eins leyfa mjer, að minnast á það, að á lestrarsalnum liggur bænarskrá frá rúmum 20 búendum í kjördæmi mínu, sem að allir eru laxveiðamenn, um ófriðhelgun á sel í Þjórsá og Ölvesá. Jeg fyrir mitt leyti hef nokkurn persónulegan kunnugleika um það fjarskalega tjón, sem selur gjörir í báðum hinum fyrgreindu ám. Jeg skal taka það fram, að kunnugir og merkir menn hafa sagt, að þeir hafi fleirum sinnum talið uppiliggjandi við og skammt frá Ölvesárósnum frá 5—7 hundruð sela; af þessu má ráða, hve feikna mikinn skaða slíkur selafjöldi í einni á muni gjöra yfir allan veiðitímann, 3 mánuði á ári. Það er reynt og viðurkennt, að 1 selur þurfi 10 pd. lax um sólarhring hvern, þar sem honum er skammtað á dýragörðum erlendis, og mun hann varla spara sjer meira mat, þegar hann hefir nóg af laxi að jeta um veiðitímann, og skammtar sjer sjálfur; það er athugavert, hve arðsöm atvinna laxveiðin er, og hve mikið tjón selurinn hlýtur að gjöra með því að spilla svo arðsamri atvinnu.

Eigendur laxveiða í Ölvesá, er reka þá atvinnu, hafa viðurkennt, að í meðal veiðiám veiddist af laxi svo þúsundum króna skipti, þrátt fyrir spell selsins; hve arðsöm yrði þá ekki laxveiði, ef selnum yrði útrýmt?

Mjer virðist rjettara, að semja um þetta efni almenn lög, eins og þetta frv., en ekki, eins og bænarskráin bendir á, að láta það eins að ná til sela í þessum kveðnu ám; þess vegna hef jeg leyft mjer, að koma fram með frv. í þessu formi.

Jeg vil vona, að h. þingd. athugi málið og lofi því að minnsta kosti að ganga til 2. umr.

Jakob Guðmundsson: Helzta breyt. frá eldri lögum, sem er fólgin í frv. þessu, er sú, að eigi er getið um, að ekki megi spilla friðuðum sellátrum án endurgjalds; því að það gæti þó hugsazt, að einstöku menn, sem mikil not hafa af sellátrum og lögnum, álíti sjer rangt gjört með því, að fæla frá þeim selinn, og þætti það spilla eigu sinni og löglegum atvinnuvegi. En jeg er sannfærður um, að þó að einstöku menn kunni að hafa góð not af selveiði í þeim ám, sem þetta frv. snertir, þá mundu þau not engan veginn jafnast við þann hag, sem *sömu* menn mundu hafa af laxveiði í þessum ám, eptir að búið væri að flæma burt og drepa allan sel. Það er snertir þann skaða, er þeir í bráðina kynnu að bíða og kröfur um endurgjald, skal jeg annars taka fram, að jeg álít það aðalreglu laganna, að engin megi gjöra sjer það að atvinnuvegi, sem er almenningi til tjóns og til skaða fyrir hagsæld allrar þjóðarinnar yfir höfuð, og hafa lög ákveðið svo að fornu og nýju, að menn mættu ekki að ósekju ala upp og halda þær skepnur, sem er til tjóns og eyðileggingar. Jeg verð því eindregið að greiða atkv. mitt með þessu frv.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Jeg er h. flutningsm. (Sk. Þ.) og þm. Dal. (Jak. G.) samdóma um það, að það er mjög mikilsvarðandi áhugamál, að lög verði sett um þetta atriði. Víðsvegar um land eru ár, sem eru eða gætu verið miklar veiðiár. Lax gengur að minnsta kosti upp í fjórðu eða fimmtu hverja á á landinu, og silungur upp í enn fleiri. Arðurinn af laxveiðum er þegar mikill, ekki einungis að því leyti, að þeir, sem við árnar búa, reka sjálfir veiðina, heldur eru og laxveiðar leigðar útlendingum fyrir dýra dóma, en

það er auðsætt, að arðurinn af laxveiðinni gæti verið margfalt meiri, ef selurinn spillti henni ekki eins mjög, eins og hann gjörir. Það er alkunnugt, að selurinn leggst í allar stórár, þar sem lax gengur, af því hann á sjer þar víst æti. Mjer er kunnugt um tvær stórár, Þjórsá og Ölvesá, og í hvorri þeirra um sig eru selir hundruðum saman, sem leggjast upp á eyrar og lifa fyrst og fremst á þeim laxi og silungi, sem gengur upp árnar. Sumstaðar gengur selurinn 6—7 mílur frá sjó upp eptir ánum; svo er t. d. um Ölvesá og Hvítá; þar gengur hann alla leið upp að Skálholti og að sögn á stundum að Kópsvatni, og með fram allri Ölvesá er laxveiði stunduð. Nú er mjer kunnugt um, að það er rjett hermt í ástæðunum fyrir frv., að selurinn liggur hundruðum saman fyrir laxinum, opt frá 500—600 selir, og má þá geta nærri, hvað hann spillir veiðinni. Jeg hef í tvö ár átt heima rjett hjá Ölvesá, og hef jeg sjálfur um vetrardag talið í eitt skipti yfir 600 seli og opt yfir 500, sem höfðu raðað sjer á ísskörinni, er að jafnaði á vetrum liggur í boga frá Flóagafli að Sandskeiðinu. Þegar svo margt er að vetrarlagi, má ætla að fleiri sje þó á sumrum, af því að á vetrum hafa þeir meiri fæðu; á vetrum lifir selurinn á fiski í sjónum, en á vorin og sumrin er optast mjög lítið um fisk fyrir sunnan land, og er það lax og silungur, sem hann leggst á. Þess ber og að gæta, að á vorin bætast kóparnir við, og þeir þurfa einnig að lifa. Í Þjórsá hagar til á sama hátt, nema hvað þar eru selategundir tvær, sem laxinum eyða, landselur og útselur, sem leggst upp á eyrarnar við ána. Þannig eru um ár þær, sem mjer er kunnugast um, en eins mun vera um veiðivötnin, þar sem lax er, t. d. Vesturhóp, Húnavatn o. fl. Í Lagarfljóti veit jeg ekki hvort er lax, en þar er minnsta kosti silungur, sem selurinn eyðir. Þegar litið er til þess, að þessar skepnur skemma herfilega einn aðalatvinnuveg og gróðavon landsins, þá ætti engum að blandast hugur um, að hin fyllsta og ríkasta þörf er á, að stemma stigu fyrir þeim. Það er ekki lítið að hugsa sjer, að selurinn skuli drepa um 1000 laxa á dag í einni veiðiá, eins og áreiðanlegur og kunnugur maður hefur áætlað, að því Ölvesá (Hvítá) snertir, en jeg álít, að óhætt megi fullyrða, að það sje of lágt reiknað. Jeg þykist því sannfærður um, að allir h. þingdm. muni verða á eitt sáttir um það, að rjett sje að útrýma selnum, og hið einasta, sem mismunandi skoðanir geta verið um, er það, hvort ákveða beri bætur til selalagnaeigenda, er missa af selveiði við útrýming selsins. Jeg fyrir mitt leyti verð helzt að hallast að skoðun h. þm. Dal. (Jak. G.), að þeir verði að þola útrýming selsins bótalaust. Það er viðurkennt alstaðar, að það er rjett, að útrýma óargadýrum, og jeg tel selinn óargadýr. Ljón og tigrisdýr eru eigi skaðvænlegri fyrir fjenað manna í Indíum, en selurinn fyrir lax og silung í íslenzkum veiðiám. (*J. Ól.*: Eins og tóan fyrir fjeð). Í Indíalöndum eru gefnar premíur fyrir hvert óargadýr, sem er drepið, en hjer eru þau friðuð. Einstöku Íslendingar hafa að vísu verið svo skynsamir, að bjóða verðlaun fyrir dráp sela. En þess gætir eigi. Ástandið fer æ versnandi, landselurinn eykst, og má geta þess, að einmitt í ár — en laxgengd er í ár lítil — hefur á fleiri bæjum við Hvítá í Borgarfirði, þar sem áður hefur verið talsverð lax- og silungsveiði, veiðzt í netunum að eins 3, 4 eða 5 — eigi *laxar* — heldur *laxhausar;* eins og nærri má geta, hafa þeir þó haft bæði skrokk og sporð, en selurinn hefur jetið upp allt nema þessa fáu hausa. Selurinn er. eins og jeg hef tekið fram, óargadýr, og þess vegna er ekki ástæða til að gefa látraeigendum bætur, þó að hanu sje drepinn. Ef einhverjir t. d. hefðu lagt í vana sinn að ala upp refi hópum saman á landi

sínu, til þess að hagnýta sjer af þeim skinnin (eða nota þá á annan hátt), og ef það svo væri bannað með lögum, að ala þá upp, leyft að skjóta þá jafnvel í landi þessara manna, mundi þá nokkrum detta í hug að gefa þeim skaðabætur fyrir? Eða þegar laxalögin voru samin og bannað að þvergirða ár, datt þá nokkrum í hug að ákveða t. d. Thomsen kaupmanni skaðabætur fyrir það, að hann gat ekki lengur þvergirt Elliða-árnar, nema ef til vill honum sjálfum? Það var eðlilegt, að hann fengi engar skaðabætur, með því að hann hafði áður með þvergirðingum sínum skemmt atvinnuveg þeirra, sem ofar bjuggu við árnar.

Þeir, sem ala upp sel, spilla atvinnuvegi annara, og álít jeg því rjett, að leyfa að drepa selinn, og það án allra bóta; og það því fremur, sem þeir menn, sem mundu missa selveiði við þetta frumv., mundu all-flestir geta fengið miklu meiri arð af laxi síðar. Við Ölvesá munu að eins vera 3 jarðir, sem hafa not af selveiði, þ. e. Hraun, Flóagafl og Arnarbæli, sjerstaklega Arnarbæli. Fyrir nokkrum árum reyndu menn úr Kaldaðarneshverfinu í sameiningu við prestinn í Arnarbæli — ef mig minnir rjett — til þess að draga á fyrir lax, en af því varð lítill árangur, eins og gefur að skilja, því að þegar máske fleiri hundruð kæpur og kópar, auk brimla og geldsela, liggja fyrir á eyrunum, til þess að hremma laxinn, þá er von að sá lax, sem fram hjá fer, fari með svo miklum hraða, sem mögulegt er; hann hefur ekkert viðnám, svo að hægt sje að ná honum í net eða vörpur, og staðnæmist hann ekki fyr en upp hjá Selfossi, þar sem þó stundum líka koma selir og jeta úr netunum.

Jeg skal svo ekki orðlengja meir um málið, en jeg vona að allir sjái, hvílíkt óargadýr selurinn er, og hver hagur getur orðið að laxinum, ef selnum er útrýmt úr laxánum. Ef menn skyldu álíta, að eigi væri tiltækilegt að leyfa að drepa selinn, nema skaðabætur kæmi fyrir, þá álít jeg heppilegt, að nefnd væri sett í málið til að íhuga það vandlega. Því ef skaðabætur ættu endilega að veitast, þá ættu þær í öllu falli ekki að vera nema um ákveðinn tíma, því að seleigendurnir eiga að geta komið upp því meiri laxveiði í staðinn, er selnum er útrýmt.

Flutningsmaður (Skúli Þorvarðarson): Jeg er þakklátur h. þingdm. sem talað hafa, með því að þeir hafa allir lagt gott til frumv. Jeg þarf eigi að svara neinum andmælum, með því að þau hafa engin fram komið. H. þm. Dal. (Jak. G.) hreyfði því reyndar, að vafasamt væri, hvort ákveða skyldi skaðabætur til selveiðamanna, er misstu veiði, en hann var þó á sama máli og jeg um það, að þeir mundu fljótt fá skaða sinn bættan með laxveiði. Viðvíkjandi því, sem h. 3. kgk. þm. (L. E. Svb.) sagði, að Flóagafl væri ein af þeim jörðum við Ölvesá, sem hefði selveiði, skal jeg geta þess, að bóndinn á þeirri jörð er einmitt einn af þeim, sem hafa skrifað undir bænarskrá um, að leyft verði að drepa selinn. Helzt virðist geta verið spurning um þá menn, sem liggja svo fyrir, að þeir geti ekki stundað laxveiði, sökum afstöðu lands eða vatns í landeign þeirra, en varhugavert virðist mjer þó, að kaupa það að þessum mönnum, að þeir spilli eigi atvinnuvegum annara manna. Jeg finn því enga ástæðu til, að víkja frumv., en skyldi svo vera, að málið gæti ekki fengið framgang án þess það ákvæði væri sett inn í frumv., að skaðabætur skuli veittar, er jeg eigi ótilleiðanlegur til að hliðra nokkuð til um það atriði, þó að eins undir þeim kringumstæðum, að málið mundi falla að öðrum kosti.

Forseti: Jeg tók ummæli h. 3. kgk. þm. (L. E. Sv.) svo, að hann stingi ekki beinlínis upp á nefnd.

L. E. Sveinbjörnsson: Meining mín

var að eins sú, að ef menn endilega vildu ákveða skaðabætnr, mundi jeg stinga npp á, að nefnd væri sett til að íhuga það atriði.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Þrettándi fundur, miðvikudag 17. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina (C. 200); 3. umr.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Af því að engar breyt.till. eru fram komnar við frumv. þetta, síðan það var til umræðu hjer síðast í þessari h. þingd., þarf jeg ekki að vera langorður um það. Jeg vil að eins leyfa mjer að mæla fram með því, að frumv. verði samþykkt í þeirri mynd, sem það nú hefur.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 10 atkv. og afgreitt síðan til Nd.

Frumv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (C. 176); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. var samþ. í einu hlj. og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um þjóðjarðasölu (C. 199); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Eins og h. þingdm. mun kunnugt, lá fyrir þinginu í hitt eð fyrra frumv., sem var mjög líkt þessu frumv., sem nú liggur hjer fyrir til umræðu; en þá er það frumv. kom til þessarar þingd., urðu um það tvískiptar meiningar, og fjell það því hjer. Jeg átti hlutdeild í að auka nokkuð við það frumv., en sá viðauki sjest ekki hjer á þessu frumv., og finnst mjer þó nauðsynlegt, að sá viðauki geti komizt að á þetta frumv., ef málið á annað borð á fram að ganga. Sá viðauki, sem jeg á við, er byggður á því áliti mínu, að jeg kann ekki við, að þingið með lagaboði leggi frá sjer yfir háls og höfuð, — ef svo má að orði komast, — allan atkvæðisrjett um sölu allra þjóðjarða. Jeg álít sem sje, að í hvert skipti, sem óskað er að kaupa þjóðjörð, eigi að koma fyrir þingið beiðnirnar um það, eptir að slíkar beiðnir hafa gengið sinn gang hina umboðslegu leið. Jeg álít, að þingið sje hið síðasta stig sem slík mál eigi að ganga í gegnum í hvert skipti og öðlast af því löggilding sína. Mjer getur ekki heldur fundizt rjett, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, að ganga fram hjá þinginu, því þar er ákveðið, að eigi megi selja eða láta af hendi neina af jarðeignum landsins, nema með lagaboði. Jeg hef því hugsað mjer að koma mjer saman við aðra h. þm. um, að setja inn í frumv. til næstu umr. viðaukagrein í þá átt, sem jeg hef tekið fram.

Það eru og aðrir litlir anmarkar á frumv., sem leiðrjetta þyrfti, en sem jeg ekki skal fara út í á þessu stigi málsins.

Árni Thorsteinsson: Jeg verð að leyfa mjer að taka í sama streng, sem h. þm., sem nú settist niður (S. Á.),, að það er bæði margt og mikið að athuga við frumv. þetta.

Frumv. hefur í sjer fólgna þá stefnu, að selja beri allar þjóðjarðir, jafnskjótt sem ábúendur þeirra fala þær. Sem sagt, að aðalefni málsins er, að fleygja burtu í einu vetfangi öllum fasteignum landssjóðs, ef ábúendur óska að kaupa þær. Það er svona stórstígt frumv. þetta; það fer fram á, að kasta öllum jörðunum frá sjer í einu; það þarf að eins að meta jarðarafgjöldin til peningaverðs, með þeirri upphæð, sem út kemur með 25 sinnum jarðarafgjaldi, og þar með er fengið verð hverrar jarðar, og síðan skal hún seld.

Jeg hef jafnan haft þá skoðun, að fasteignir landssjóðs sje arfleifð, sem vjer höfum fengið frá forfeðrum vorum, en ekki aflað oss sjálfir með hagsýni, spar-

semi, tollum nje neinu öðru. Þessa arfleifð ber oss því að fara vel með og láta oss annt um, og eptirláta hana erfingjum vorum á sama hátt sem vjer höfum hana fengið. Þrátt fyrir þessa skoðun mína hef jeg og samt ekki verið á móti því, að einstakar jarðir væru seldar, þegar það áður hefur verið rannsakað, hvort það í hverju einstöku tilfelli sje rjett og viðurkvæmilegt.

Þetta er ekki í fyrsta sinni, sem þjóðjarðasölu er hreyft á þingi, en um það atriði hafa jafnan verið skiptar skoðanir, bæði fyr og nú; en ýmisleg frumv. um sölu einstakra þjóðjarða hafa verið samþykkt síðan þingið fjekk löggjafarvald. Á þingi 1883 voru sett lög, er heimila sölu einstakra þjóðjarða og reglur ákveðnar um greiðslu kaupverðsins o. fl. Síðan hafa verið smátt og smátt samin ýms lög um sölu ýmsra einstakra þjóðjarða. Nú er því hjer aðalspurningin um, hvort við hafa skuli framvegis aðferð þá, sem hefur verið höfð hingað til, að ákveða með sjerstökum lögum í hvert skipti, hverjar jarðir selja megi, eða setja í eitt skipti fyrir öll almennar ákvarðanir um, að ábúandi þjóðjarðar geti, þegar hann vill, fengið jörð sína keypta, hvort sem það er hann sjálfur í raun og veru sem kaupir, eða annar einhver, sem stendur á bak við.

Það er eigi ófróðlegt að athuga, hvern árangur lögin frá 1883 hafa borið. Síðan 1883 hafa 4 lög út komið, er heimila að selja 48 þjóðjarðir fyrir samtals 143,000 krónur. Af þessum 48 þjóðjörðum hafa alls 11 verið keyptar, með öðrum orðum, ekki einu sinni $^1/_4$ hluti, og í peningaverði um 25,000 kr. Hvað þá, þegar þetta stórkostlega frumv. kemur í gang? Hve margar þjóðjarðir verða þá keyptar, eptir þeirri reynslu, sem er fyrir hendi, *nema* einhverjir aðrir standi á bak við ábúanda? Það eru enn óseldar þjóðjarðir, sem lög heimila að selja, fyrir 118 þús. krónur. Þetta sýnir, hver þörf er á þessu frumv.

En auk þessa gjörir frumv. ýmislegan óleik. Lítum nú á fjárhag landsins. Hann er alls ekki góður. Það væri því í raun og veru æskilegt, að hafa eitthvað í viðlögum, sem gæti verið til styrktar, ef ekki gengi greiðlega að bæta fjárhaginn með álögum. Vjer vitum allir, að banki er stofnaður, að landsjóður hefur fengið honum í hendur 500,000 kr. í seðlum, og sett fyrir því fje trygging í fasteignum sínum og skattamegni, ef jeg má svo að orði komast. Þurfi nú landsjóður að taka lán, annaðhvort af því að fjárhagur hans er ekki í góðu lagi, eða þá til fyrirtækja, er framkvæma þarf, mundi þá ekki vera æskilegt, að vera ekki búinn að selja allar fasteignir hans? Og hvað gjörum vjer með þessari jarðasölu, ef svo skyldi fara, að jafnvel útlendingar skyldu setja sína peninga í það að kaupa jarðir vorar? Hvað gjörum vjer svo við peningana? Hvað verður um þá? Á að brúka þá sem eyðslueyrir, eða á að setja þá á vöxtu hjá einhverri gróðastofnun, sem tekur 5%? Eykur það velmegun í landinu, að bæta ofan á $^1/_2$ miljón, sem hægt hefur verið á skömmum tíma að láni út gegn 5% vöxtum? Ef það eitt yrði afleiðing þessa frumv., væri ekki til ónýtis barizt!

Mjög er það tvísýnt, hvort frumv. þetta getur á nokkurn hátt aukið sjálfsábúð í landinu, fjölgað óðalsbændum. Jeg skal játa það, að það greiðir veg og hjálpar fram dugnaðarmanninum. En kennir ekki reynsla síðustu ára oss, að vera ekki of vongóðir í þá átt? Sjáum vjer svo miklar framfarir á síðari tímum af þjóðjarðasölunni? Getur það ekki miklu fremur hugsazt, að þjóðjarðirnar, sem vjer ætlum að fleygja út, verði innan fárra ára

veðsettar upp fyrir höfuð fyrir lánum gegn 5%?

Menn þurfa þó einnig að gæta þess, að það hefur hingað til ekki verið neitt neyðarúrræði að búa á þjóðjörð. Fáir jarðeigendur munu fara eins vel með leiguliða sína, sem einmitt landssjóðurinn. Og ef nú þing og stjórn gjörðu enn þá meira, en hingað til hefur gjört verið, í þá átt, að fara vel með leiguliða sína og hlynna að hag þeirra, svo að það gæti orðið fyrirmynd fyrir alla aðra, sem jarðir eiga og byggja þær öðrum, — gæti ekki einmitt það leitt eins mikla velmegun og mikið gott af sjer?

Hingað til hefur þurft lagaboð til þess, að afgjöra í hvert skipti, hvort selja skyldi hverja einstaka þjóðjörð. Jeg hygg að það verði affarasælli aðferð einnig framvegis, heldur en að kasta þeim öllum frá sjer í einu, eins og frumv. þetta fer fram á.

E. Th. Jónassen: Frumv. þetta er mjög líkt frumv. því, er kom á síðasta þingi hingað upp í Ed. frá Nd. Það var álit mitt þá, að innihald þess kæmi í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar, nefnilega sú stefna, að svipta í einu alþingi öllum umráðum, öllu valdi yfir þjóðjarðasölu, og leggja það vald í hendur umboðsvaldinu. Jeg get í öðru lagi alls ekki álitið þá aðferð heppilega. Jeg hygg miklu rjettara, að halda þeirri aðferð óbreyttri, sem hingað til hefur verið höfð, að ákveða með lagaboði í hvert skipti, hvort selja skuli þá eða þær jarðir, er ábúendur óska eptir að fá að kaupa.

Af því frumv. þetta er nú hjer að eins til 1. umr. og ekki má fara út í einstakar greinir þess, skal jeg ekki fjölyrða um það að sinni.

Skúli Þorvarðarson: Jeg er að líkindum ekki eins framsýnn eins og þeir h. þm., er talað hafa gegn þessu frumv., en jeg vil þó reyna að skoða það frá minni hlið eða sjónarmiði.

Jeg get fyrir mitt leyti hvorki fundið neitt hættulegt nje heldur nokkuð koma í bága við stjórnarskrána, þótt alþingi sjálft ákveði það með lagaboði í eitt skipt fyrir öll, að selja megi þær þjóðjarðir, sem ábúendur óska eptir að fá keyptar. Eptir minni ætlun er því hjer að eins spurningin um, hvort það sje í sjálfu sjer hentugt eða óhentugt, að selja þjóðjarðir; og jeg hef ætíð verið á þeirri skoðun og er það enn þá, að sjálfsábúð sje heppilegust og bezt. Auðvitað er, að ónytjungurinn og trassinn getur komið miklu illu til leiðar með sína jörð, hvort sem hann er eigandi eða leiguliði, en hitt er, að mjer finnst, óneitanlegt, að eigi dugnaðarmaður í hlut, sje sjálfsábúð æskilegust. Jeg held einnig, að það sje ekki síður hagur fyrir landsjóð sem seljanda, að sleppa við það og og það umstang, sem eptirlit með þjóðjörðunum og umboðslaunin baka honum; og hversu misheppnast ekki opt og tíðum verk umboðsmannanna, jarðirnar spillast, kúgildin falla, og óskil verða á eptirgjaldi jarðanna.

Menn hafa sagt, að landsjóður megi ekki missa jarðirnar; h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) sagði, að gott væri að eiga þær til að grípa til í nauðsynlegum tilfellum. En jeg hygg, að eins gott sje að eiga verð jarðanna til að grípa til, eins og jarðirnar sjálfar.

Mjer ber máske ekki að tala um, hvað er rjettur skilningur 23. gr. stjórnarskrárinnar, en eptir minni meiningu get jeg ekki sjeð, að frumv. þetta komi í bága við hana, því það er þó löggjafarvaldið, sem með því að semja og samþykkja þetta frumv., hefur full afskipti af málinu.

Júlíus Havsteen: Hversu sem jeg er hlynntur því, að eign aukist í landinu, verð jeg þó að vera samdóma þeim h. 3 þingm., er talað hafa um þetta frumv., að það komi í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar. Eins og h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) tók fram, hefur reynslan sýnt, að eptir-

sóknin er ekki mikil eptir að kaupa þjóðjarðir, þótt hún að öllum líkindum yrði meiri, þegar jarðirnar yrðu seldar með þeim vægu kjörum, sem frumv. miðar sig við, en það má á hinn bóginn ekki ganga svo langt, að landsjóður geti misst við söluna, því þinginu er skylt að fara vel með eignir landsjóðs. H. 4. kgk. þm. (Á. Th.) talaði um, að bygging þjóðjarða gæti staðið til umbóta. Jeg verð því að segja, að engar jarðir eru byggðar með vægari og betri kjörum en einmitt þjóðjarðir. *(Margir:* Heyr!). Afgjald þeirra er greitt eptir meðalalin, en ekki með sauðaafgjaldi; leiguliðar landssjóðs fá opt og einatt laun fyrir góðar og þarflegar jarðabætur, sem þeir gjöra fram yfir hina áskildu skylduvinnu; þegar ábúðarjarðir þeirra verða fyrir áföllum af völdum náttúrunnar, fá þeir uppgjöf eða niðurfærslu á svo og svo miklu af eptirgjaldinu, eptir því sem lög standa til, án þess nokkur dráttur eigi sjer stað, *(Landsh.*: lífstíðarábúð), og svo hafa þeir lífstíðarábúð, en það er ekki almennt, að leiguliðar á bændajörðum, sem opt eru byggingarbrjefslausir, hafi það. Jeg hygg því, að varla sje hægt að veita betri kjör, en þau, sem tíðkast. Það eru litlar líkur til, að stórum skapist sjálfseign í landinu við þetta frumv., því ekki hefur hingað til verið svo mikið gjört að því að kaupa landssjóðsjarðir.

Þau ákvæði frumv., að selja megi einhverjum af ábúendunum alla jörðina, þótt hún sje byggð mörgum í pörtum, er óhafandi. Hvernig er hægt að svipta þá, sem fengið hafa lífstíðarábúð, þeim rjetti, og selja undan þeim þann part, sem þeir sitja á? Á að taka rjettinn til að kaupa jörðina frá tveimur og láta hinn þriðja fá hann?

Jón Ólafsson: Viðvíkjandi því, sem h. þm. Árn. (Sk. Þ.) talaði um, að eins handhægt mundi fyrir landssjóðinn að grípa til andvirðis þjóðjarðanna, eins og þjóðjarðanna sjálfra, vil jeg leyfa mjer að spyrja: Er eins hægt að grípa til peninganna, þegar búið er að lána þá út í hallærislán, jeta þá upp og síðan að gefa það eptir? *(Margir:* Heyr!). Er það ekki og hefur það ekki verið reglan, að jeta upp hvern einasta eyri, sem landsjóður hefur getað eignast? og hver trygging er fyrir því, að ekki fari eins með andvirði þjóðjarðanna? Sjerstaklega er það viðsjárvert, að selja fasteignir landsjóðsins nú, eins og hagur landsjóðsins er sem stendur. Vjer eigum ekki að draga úr og eyða eignum hans, heldur er það siðferðisskylda vor, að bæta hag hans. *(Margir*: Heyr! heyr!). Það er einnig annað atriði, sem hjer kemur til greina. Hver verður afleiðingin af því, ef öllum fasteignum landsjóðsins verður stráð svona í einu „*broadcast*“ á markaðinn? Hver önnur en sú, að *allar* jarðir, *bæði* landssjóðs, kirkna og einstakra manna, *hljóta* að falla í verði? Það hlýtur að vera eins ástatt með jarðir eins og hverja aðra vöru, að við aukið framboð lækkar verðið.

Um bygging landsjóðsjarða vil jeg taka undir með h. 1. kgk. þm. (Júl. H.), að engar jarðir hafi eins góða byggingarskilmála sem einmitt landsjóðsjarðir. Jeg vil taka til á Austurlandi, þar sem jeg er kunnugastur, að þar er beinlínis eptirsókn eptir því, að verða landseti landssjóðsins. Bæði er afgjaldið sennilegt, og ábúðin svo viss.

Aðalmunurinn á því, sem þetta frumv. fer fram á, og því, sem verið hefur, er sá, að hjer er heimilað að láta falar *í einu* allar jarðir landssjóðs. Eptir þessu frumv. *getur* landsstjórnin *aldrei* neitað, að selja nokkra jörð, ef hún er föluð af ábúanda hennar, á hvaða tíma sem er, hvernig sem conjunctúrurnar eru. En nú sem stendur, svo lengi sem jörð er seld með

sjerstöku lagaboði, geta menn þó gætt þess, að selja þær ekki, þegar conjunctúrurnar eru slæmar, o: þegar jarðir standa sem lægst í verði, því að landsjóður er ekki og verður vonandi aldrei *neyddur* til að selja við hvaða verði sem fæst.

Auk alls þessa er jeg á móti frumv. af öðrum ástæðum. En mín skoðun á þessu máli er nokkuð einstakleg, og vil jeg því ekki þreyta h. þingd. með að fara lengra út í það.

Friðrik Stefánsson: Jeg hef jafnan verið og er enn hlynntur sölu þjóðjarða, því jeg álít að það auki sjálfseign í landinu. Þar sem h. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að þingið með þessu frumv. sleppti úr hendi sjer öllu valdi yfir þjóðjarðasölu, þá er þess að gæta, að þingið er sjálft myndugt í gjörðum sínum, og engin þörf að óttast, að jarðirnar verði seldar landsjóði til skaða, því ákvæði eru sett í frumv. sjálfu um, hvernig söluverðið skuli tiltaka. Eða til hvers skyldu menn berjast fyrir því, að vilja fá kröptuga stjórn inn í landið, ef ekki skyldi mega trúa henni til, að selja jarðirnar samkvæmt þeim reglum, sem frumv. tiltekur?

Það er satt, sem h. þm. Árn. (Sk. Þ.) sagði, að það er eigi alllítið fje, sem gengur til allra umboðsmanna landsins fyrir innheimtu þeirra á afgjöldum landssjóðsjarðanna, en slíkt fje sparast við það, að selja þjóðjarðirnar.

Mikil er því trú þeirra manna, sem halda, að þjóðjarðirnar sjeu sá fjársjóður, sem ekkert geti við jafnast; jeg hygg að enginn skaði væri skeður, þótt allar þjóðjarðirnar væru fyrir löngu seldar, því aldrei mun dvergmynd sú geta bjargað fjárhag landsjóðs, nje verða að miklum notum, ef til ætti að taka.

Það hefur opt komið sú mótbára fram, að frumv. þetta kæmi í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar. En ekki get jeg sjeð, að nokkur munur geti verið á því, að ákveða í einu lagaboði, eins og gjört hefur verið á undanförnum þingum, að selja megi 10 til 12 jarðir, og á því, að ákveða með lögum í eitt skipti fyrir öll, að selja megi þær allar. Jeg get ekki fundið þau takmörk milli tuga og heildar.

Að ekki hafi fleiri jarðir en 11 keyptar verið af 48, hygg jeg mest sje komið til af undanförnu harðæri, en sanni alls ekki það, sem h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) vildi álíta; en hitt játa jeg satt að vera, að fáar jarðir munu með sanngjarnari kjörum byggðar vera, en landsjóðsjarðir eru að jafnaði.

H. þm. S.-Múl. (J. Ól.) er enn líkur sjálfum sjer — þótt annars breytilegur sje — í því, að vera á móti þjóðjarðasölu, því hann hefur verið á móti henni frá því fyrsta. Öllum h. þingdm. mun víst minnisstæð breyt.till. hans frá síðasta þingi við slíkt frumv. sem þetta. Reyndar sigldi sú breyt.till. undir fölsku flaggi, því að fals bjó undir. Því vil jeg og svara h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) upp á það, er hann hjelt, að þjóðjarðir mundu seldar verða fyrir lágt verð í hörðum árum, að ólíklegt er að margir vilji kaupa jarðir, þegar hart er í ári, því þá hafa fáir fje aflögu.

Jeg hygg að það væri gott og þarflegt verk, að koma í veg fyrir, að þingið þyrfti að eyða árlega miklu af tíma sínum og kröptum til að ræða um sölu á hverri einstakri jörð, og hvað hún eigi að kosta.

Sem sagt, jeg mun hiklaust greiða atkvæði með frumv. þessu, og álít það mikla rjettarbót, ef það yrði að lögum, af þeim ástæðum, sem jeg nú hef tekið fram; skal jeg svo ekki tala meira um það að þessu sinni, en treysti því, að h. þingd. vísi máli þessu til 2. umr.

Árni Thorsteinsson: Jeg fagna því, er svo margir h. þingdm. hafa sagt, að ábúð væri fullt eins góð eða betri að jafn-

aði á þjóðjörðum, heldur en á öðrum jörðum, sem einstakir menn eiga. Ef þar við bættist áhugi stjórnarinnar og þingsins, á að ganga enn lengra, en hingað til hefir verið gjört, í því, að hlynna að ábúendum þjóðjarðanna, þá væri mikið unnið, og fjelli þá að miklu burt ástæðan til frumv. um sölu þjóðjarðanna.

Eitt af því, sem gerir það nú háskasamlegt, að gjöra þannig lagað frumv. að lögum, eins og það, sem hjer liggur fyrir, er það, að verðlagsskrárverð er mjög upp og niður. Nú á 10 síðustu árum má sjá stóran mun á því. Við sölu þjóðjarða verður allt af að taka hið almenna verðlagsskrár-verðlag til greina, og ákveða eptir því, hvort selja skal í það skiptið eða eigi. Þegar meðalalinin er fallin langt niður, t. d. úr 65 aurum niður fyrir 50 aura, þá er eigi rjett að selja, en yrði þetta að lögum, þá væri landshöfðingi skyldugur til að selja jarðirnar, hvenær sem einhver ábúandi óskaði, hvernig sem meðalverð stæði. H. þm. Árn. (Sk. Þ.) talaði um slagbrand, sem ætti að vera í 2. gr. frumv., þar sem svo er ákveðið, að verðið eigi að samsvara 25-földu eptirgjaldi viðkomandi jarðar; en úr þeim slagbrandi verður ekki mikið, þegar þess er gætt, að eptirgjald það, sem margfaldast skal með 25 til þess að fá út jarðarverðið, á að vera ákveðið eptir leigumála, er amtsráðið metur eptir tillögum sýslunefndar í hvert sinn. Matið gefur ekki áreiðanlega tryggingu fyrir sönnu jarðarverði fyrir seljanda, er verður að fara eptir öðru en þeirri verðlagsskrá, er gildir í þann svipinn. Árangurinn af þessu frv. mundi vera sá, að beztu jarðirnar yrðu seldar, en eptir mundu verða verstu skikarnir, sem enginn vildi nýta, en eptirfarandi þing hafa þá til að ráða yfir eptir bezta megni.

Skúli Þorvarðarson: Viðvíkjandi ummælum h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ó.) skal jeg athuga, að jeg get ekki viðurkennt, að mjer hafi skjátlazt svo mjög. Jeg kvaðst ímynda mjer, að landsjóður gæti eins haft gagn af því, að eiga á vöxtum verð jarðanna, eins og að eiga jarðirnar sjálfar, en hann áleit sjálfsagt, að fjenu mundi þá verða eytt í hallærislán og annað þess háttar er hann tilnefndi. En jeg fæ ekki betur sjeð, en að það sje á þingsins valdi, og því sje eins vel trúandi fyrir að fara með leigufje eins og landssjóðsjarðir, og verð jeg svo að álíta þessa mótbáru horfna úr sögunni. Í öðru lagi ljet jeg í ljósi, að búnaður væri að jafnaði betri á sjálfseignarjörðum heldur en á landsjóðsjörðum, og þrátt fyrir hin framkomnu mótmæli get jeg ekki fallizt á, að mjer hafi skjátlazt í því, eða búnaður sje betri á landsjóðsjörðunum en annarstaðar. Jeg veit, að h. þm. er að nokkru kunnugt um umboðsjarðirnar í Snæfellsnessýslu, bæði Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðið, og vona jeg hann verði að kannast við af skýrslum þeim er fram eru komnar yfir endurskoðun reikninga þessara umboða um nokkur fyrirfarandi ár, að þar er ástandið alls ekki sem glæsilegast. *(J. Ól.*: Er ástandið betra á bændaeignum þar?). Viðvíkjandi umboðsjörðum í Skaptafellssýslu getur verið, að ástand þeirra sje að minnsta kosti að nokkru leyti sprottið af náttúrunnar völdum, en þó ekki eingöngu, og geta þessar tvær mótbárur, er jeg hef tekið fram, eigi breytt skoðun minni á frv.

E. Th. Jónassen: Jeg kann illa við að heyra, er h. þm. Árn. (Sk. Þ.), bæði á síðasta þingi og nú, er að klifa á því sannanalaust, að landsjóðsjarðirnar sjeu svo og svo illa umgengnar og niðurniddar. Jeg verð algjörlega að mótmæla þessum ósanna áburði. Það er handhægt, að kasta þess háttar ummælum fram, en sá sem leyfir sjer það, verður þó að minnsta kosti að hafa einhverjar sennilegar röksemdir við að styðjast.

Jón Ólafsson: Jeg vildi mega biðja h. þm. Arn. (Sk. Þ.), að segja mjer: *hvar er* nú andvirði þeirra þjóðjarða, sem seld-

ar hafa verið til þessa? Hvar er það niðurkomið? Hvað er orðið af því? Hefur það ekki runnið inn í landssjóðinn og orðið að eyðslueyri saman við aðrar árlegar tekjur? Hvað því viðvíkur, að landssjóðsjarðir sjeu í eyði fyrir vestan (í Snæfellsnessýslu), þá er það að vísu satt; en það er ekki neitt einkennilegt fyrir þjóðjarðir. Jeg þekki þannig einn mann, sem á 6 jarðir í eyði í þeim sveitum. Jarðirnar eru ekki í eyði af þeirri ástæðu, að þær eru þjóðjarðir. Það eru önnur rök, sem til þess liggja, heldur en það. hver er eigandi jarðanna. Enda mundi engin seljast af þjóðjörðum þar, þótt frumv. yrði lög.

Reynslan hefur sýnt, að andvirði þeirra jarða, sem seldar hafa verið hingað til af landssjóði, hefur orðið eyðslueyrir. og get jeg ekki verið eins vongóður eins og h. 4. kgk. þm. (A. Th.), að búast við, að fje mundi hrúgast svo í landssjóð við sölu þjóðjarða, að það yrði sett á vöxtu, þó að þetta frumv. yrði að lögum. Ef nokkuð til muna seldist af þjóðjörðunum eitt ár, og fje ykist fyrir það í landssjóði, ímynda jeg mjer þvert á móti, að á næsta þingi mundi frá sveitamanna hálfu koma fram tillögur um afnám ábúðar- og lausafjárskattsins (Heyr!) eða frá sjávarbænda hálfu tillaga um að minnka kaffitollinn, sem væntanlega verður lagður á á þessu þingi; að von minni mundi þá frá sjerhverri stjett koma bænir og tillögur um að afnema eitthvert opinbert gjald, svo að þess mundi ekki langt að bíða, að fjárhag landssjóðsins ræki í sama horf, eins og ef ekkert hefði verið selt. Ef einhver ákvæði hefðu staðið í frv. um, að andvirðið skyldi renna í sjerstakan sjóð, er eigi mætti verja nema vöxtunum af, og það þá helzt í búnaðarins þarfir, þá hefði verið öðru máli að gegna. En allir vita, að slíkum ákvæðum er ei lífs von í h. Nd.

Jakob Guðmundsson: Jeg get ekki fallizt á, að það sje rjett ályktað hjá h. þm. S-Múl. (J. Ól.), að það mundi verða til þess, að farið væri að setja niður tolla og skatta, ef landssjóður ætti andvirði þjóðjarðanna í sjóði, í staðinn fyrir þjóðjarðirnar sjálfar, því að jeg verð að bera það traust til komandi þinga, að þau kunni eins vel að meta og skilja arð af rentuberandi fje, eins og núverandi þing getur metið þann hagnað, að eiga jarðeignir. Jeg verð að vera samdóma aðalstefnu frumv., að það sje rjett, að jarðirnar sjeu seldar, og það á þann hátt, sem þetta frv. fer fram á, nfl. fyrir 25-falt eptirgjaldið, því að mjer dylst ekki, að það hlýtur að vera hagur fyrir landssjóðinn, að sleppa við að greiða umboðslaun þau, er hann nú verður að gjalda. En þó er jeg eigi mótfallinn því, að rjett sje að gjöra þá breyting, að bera undir þingið í hvert skipti. hvort selja skuli jarðirnar eða eigi fyrir þetta ákveðna verð. *(J. Ól.:* Hvað eiga þá þessi lög að gjöra?)

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 6 atkv. gegn 5.

Frv. til laga um gjaldheimtu til sýslusjóðs og sýsluvega (C. 125, 198); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Nefnd sú, sem h. deild hefur sett í málið, hefur aðhyllzt frv. í aðalefninu og komið sjer saman um allar þær grundvallarreglur, sem gefið hafa tilefni til þess, að þetta frumv. er fram komið, svo sem að það sje óeðlilegt, að sveitanefndir heimti saman gjöld fyrir sýslusjóðina, og í öðru lagi, að það sje óviðfeldið, að nokkurt gjald eða nokkur skattur skuli vera lagður á hvern hrepp í heild sinni eptir einum mælikvarða, en síðan heimtur af tekjugreiðendunum eptir allt öðrum mælikvarða. Jeg veit ekki til, að slíkt eigi sjer stað nokkurs staðar á byggðu bóli, og hitt er víst, að slíkt á sjer engan stað með nokkurt annað gjald hjer á landi, en með þessi tvö gjöld, sem frv. ræðir um.

Nú veit jeg, að andmælendur frumv. muni segja, að gjöld þessi komi ósanngjarnlegar niður eptir þessu frv., heldur en nú er; en þar til vil jeg svara, að þau komi ekki ójafnara niður en nokkur önnur álaga eða skattur, sem lagður er beint á hvern greiðanda, svo sem eru gjöld til prests og kirkju, ábúðar- og lausafjárskatturinn, búnaðarskólagjaldið og jafnaðarsjóðsgjaldið, og jeg vil jafnvel segja tollarnir; þeir koma sannarlega ekki niður á menn eptir efnum og ástæðum. Það tjáir því eigi, að koma með þau mótmæli gegn frv. þessu, sem gætu gilt almennt gegn öllum beinum sköttum og álögum á landsmenn.

Orsökin til þess, að þetta gjald hefur verið lagt þannig á, að því skyldi jafnað niður á hreppsbúa eptir efnum og ástæðum, er vissulega ekki sú, að mönnum þætti það mundu koma ójafnt niður að öðrum kosti, heldur er orsökin sú, að þegar þessi gjöld voru fyrst á lögð, sýsluvegagjaldið með fyrstu vegalögunum og sýslusjóðsgjaldið með sveitarstjórnartilsk. 4. maí 1872, hafði þingið, sem þá var ráðgjafarþing, ekki önnur ráð, en að leggja gjöldin þannig á, með því að þinginu fannst að það gæti ekki lagt á beina skatta. — Hver sem les þingtíðindin frá þeim tímum, mun sjá, að þetta er orsökin til þess, að þetta viðrinisgjald er komið á.

Það getur engum dulizt, að það er eðlilegra, að sýslumenn heimti gjöld fyrir sýslufjelögin, heldur en að hrepparnir gjöri það, enda eykst þeim við það ekkert erfiði að mun, því að þeir fá enga nýja gjaldendur að krefja. Eptir sveitaskýrslum fardagaárið 1884—85 hafa sveitarnefndir þá heimt saman alls 504,769 kr., það árið, og það fyrir alls engan eyrir. Þótt vjer nú tækjum af þessari upphæð þessar 17—18 þúsundir, sem sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsgjaldinu nemur, þá mundu þeir samt hafa allt að hálfri miljón að innheimta án nokkurs endurgjalds. Laun sýslumanna eru goldin þeim hvað mest fyrir innheimtu þá, sem þeir hafa á hendi, og umboðsmenn fá sín laun eingöngu fyrir gjaldheimtu. Beri menn þetta saman við hreppsnefndirnar, sem eigi fá einn eyri fyrir sitt ómak, þá liggur í augum uppi, að það er sanngjarnt, að hreppsnefndirnar sleppi við að innkrefja þessar 17—18,000 krónur, sem þær opt verða að borga út úr sínum eignum vasa.

Júlíus Havsteen: Jeg hef ekki getað sannfærzt um gagnsemi þessa frv. af ræðu h. 5. kgk. þm. (A. Ó.). Hann sleppti aðalástæðunni fyrir því, að frv. er fram komið, eða drap að eins lauslega á hana í niðurlagi erindis síns, en hún er sú, að það er erfitt fyrir hreppsnefndirnar, að innheimta gjaldið. Allur mergur frv. er, að losa þær við þennan erfiðleika. En það gjörir um leið meiri breytingu, því það umturnar gjaldskyldunni, eða undirstöðu hennar, svo, að hún verður miklu ójafnari heldur en hún er nú. Það tilfelli getur t. a. m. hugsazt, að einhleypur maður til sveita, vel efnum búinn, sleppi alveg við sýsluvegagjaldið, en fátækur maður, sem berst fram með mikilli fjölskyldu og hefur margt heimilisfólk, megi borga margfalt, með því hann á að borga fyrir alla sína heimamenn. Að því er h. framsögum. (A. Ó.) sagði, að gjaldið væri komið á eins og það er, af þeirri ástæðu, að ráðgjafarþingið hefði á sínum tíma ekki getað haft það öðru vísi, skal jeg taka fram, að jeg man ekki betur, en að umræðurnar um sveitastjórnarlögin fjellu svo, að þingið sjálft einmitt vildi hafa sýslusjóðsgjaldið þannig, eins og það nú er, og í hitt eð fyrra, þegar ný vegalög voru búin til, var niðurstaðan enn hin sama og áður um sýsluvegagjaldið.

Skúli Þorvarðarson: Jeg get ekki alls kostar fellt mig við þetta frv. Jeg verð að hallast að því, sem h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) sagði viðvíkjandi gjaldskyldunni; grundvöllurinn fyrir álögunni verður ekki eins jafn og áður, ef þetta frumv. kemst

á. Þó legg jeg ekki svo mikla áherzlu á það, að einstaka einhleypir menn í sveitum sleppa undan gjaldinu, en það er annað, sem meira er um vert að mínu áliti, að heilir flokkar manna mundu sleppa undan gjaldinu í þeim hreppum, þar sem verzlunarstaðir eru, svo sem t. d. í Garðahreppi í Gullbringusýslu, Stokkseyrarhreppi í Árnessýslu, Akranesi og víðar. Í kaupstöðunum hljóta að vera margir menn milli 20—60 ára, sem greiða töluvert, þegar gjaldinu er jafnað niður eptir efnum og ástæðum, en sleppa alveg eptir þessu frumv. Að þessu leyti virðist mjer vera töluverður ójöfnuður í frumv., sem jeg að sinni sje ekki ráð til að laga. Sama kemur fram við gjald til sýslusjóða, að allir þeir, er ekki tíunda jarðir eða lausafje, verða eptir frumv. þessu lausir við gjaldskyldu til sýslusjóða, og munar það miklu þar, sem stórar verzlanir eru í hreppum, eins og jeg minntist á nýlega. En það er innheimtuna snertir, hlýt jeg aptur á móti að vera á sama máli eins og h. 5. kgk. þm. (A. Ó.). Það virðist vera miklu sanngjarnara og rjettara, að sýslumenn innheimti gjaldið, heldur en sveitanefndir, og mun jeg því gefa atkvæði mitt með því, að málið gangi til 2. umr., þó að jeg hafi áðurnefnda skoðun á ákvæðum þess um gjaldskylduna.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Viðvíkjandi mótbáru h. þm. Árn. (Sk. Þ.) skal jeg taka fram, að sú skoðun hans, að gjaldskyldan komi svo ójafnt niður eptir þessu frumv. í þeim hreppum, þar sem kaupstaðir eru, er ekki rjett nema að hálfu leyti. *Sýsluvegagjaldið* á að heimta af hverjum húsbónda, sem hefur verkfæra menn á heimili sínu, og þá sjálfsagt eins af kaupmönnum sem öðrum kaupstaðarbúum, svo að þar á mótbára hans ekki við; en hitt er rjett, að *sýslusjóðsgjaldið* verður ekki heimtað af þeim, sem enga ábúð hafa og ekki tíunda neitt, og að því leyti er athugasemd hans á rjettum rökum byggð. Jeg skal nú játa, að það sje líklegt, en þó að eins líklegt, að bæði þessi gjöld komi jafnara niður, ef hreppsnefnd leggur þau á eptir efnum og ástæðum; en hver ástæða er til, að leggja þetta litla gjald, einar 17—18000 kr., á eptir allt öðrum reglum, heldur en alla aðra skatta og opinber gjöld? Hvað er þetta litla gjald móti öllum sköttum, tollum og öllum öðrum gjöldum til allra stjetta? Það er hverfandi stærð; það er sem dropi í hafinu, og getur hvorki gjört til nje frá um fjárhag gjaldendanna. Og væri svo, að það gerði mannamun, þá er annað ráð, sem úr því á að bæta. Hreppsnefndirnar eiga að leggja á aukaútsvarið eptir efnum og ástæðum, og það er skylda þeirra, að gjöra það sem jafnrjettilegast. En gjöri þær það viturlega, þá verða þær að taka tillit til alls fjárhags gjaldandans, skoða allar tekjur hans og gjöld, allt sem batar hann og allt sem skaðar hann, og þá verða þær að sjálfsögðu að taka til greina, ef einhver á, í samanburði við aðra, að greiða of háa landskuld af jörð sinni, ef hann verður of hart úti að gjalda til allra stjetta, og þá ber henni sjálfsagt að taka engu síður tillit til þessa gjalds en allra annara gjalda hans, bæði þá, er einhver verður tiltölulega hart úti að greiða það, og eins hins, er einhver sleppur við það. Sveitarútsvarið er sú jafnaðar-álaga, sem á að jafna alla gúla, sem skattar, tollar og aðrar álögur setja á efnahag manna, og þegar þessi gjöld, sem hjer er um að ræða, eru ekki nema eins og dropi í hafinu, í samanburði við alla skatta og álögur, þá ætti að vera því auðveldara að jafna þann litla skakka, sem af þeim getur orðið.

Viðvíkjandi ræðu h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) skal jeg að eins taka fram, að jeg treysti því, að honum skiljist við nákvæmari umhugsun, að sýslumenn sjeu nær til þess, að innheimta þessi gjöld, jafnvel þótt þeir, að virðingunni til, sjeu næstir fyrir

neðan amtmennina, úr því þeir fá laun fyrir innheimtu, heldur en menn, sem fá engin laun, en hafa þó helmingi meira að innheimta.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 8 samhlj. atkv.

Fjórtándi fundur, fimmtudag 18. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um breytingar á þingsköpum alþingis (C. 191); 2. umr.

Jón Ólafsson: Þetta mál var svo greinilega skýrt við 1. umr. og mætti svo litlum mótmælum, að jeg vona, að það nái slysalaust gegnum deildina.

ATKVÆÐAGR.: 1. og 2. gr. samþ. hvor um sig með 7 samhlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. og málinu vísað til 3. umr. með 8 atkv.

Frv. til viðaukalaga við lög nr. 5 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (C. 125, 191, 207, 214); 2. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Nefndin í máli þessu kom fram með breytingartillögu, þingskj. 126 (C. bls. 214), við breyt. sína á 1. gr. 1. tölul. á þingskj. 75 (C. bls. 191), nefndarálitið. H. þm. Rangv. (S. Á.) sýndi fram á það við 1. umr. með ljósum og góðum rökum, að eptir breyt. nefnd. á 1. gr. væri skertur rjettur kirkjubónda með því, að leggja það undir hjeraðsfund, hvort hann væri skyldur að kosta hljóðfæraslättinn að nokkru eða öllu.

Nefndin hefur nú fallizt á þetta og hefur komið fram með þá breytingu, að samþykki kirkjueiganda — eins og líka á öllum landssjóðskirkjum — útheimtist til þess, að taka megi nokkuð af kirkjufjenu eptir vild safnaðarins, hvað þá heldur annara. Jeg vona h. þingd. samþ. þessar tillögur nefndarinnar. Aptur á móti vona jeg h. þingd. taki á allt annan veg í breyt.-till. h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) um, að fella burtu í 2. gr. reglurnar um, hvernig sóknarnefndin skyldi jafna kostnaðinum niður.

Jeg játa reyndar, að það muni vera engin sjerleg nauðsyn á, að setja sóknarnefndunum nákvæmar reglur fyrir niðurjöfnuninni á svo lágu gjaldi. En jeg held sóknarnefndirnar kunni betur við og vilji miklu heldur hafa einhverja aðalreglu, en enga reglu, og sje jeg þá enga reglu eðlilegri, en að helmingur fari eptir efnum, en hinn helmingurinn sje lagður beint á mennina, því þannig er nú varið gjöldum vorum til prests og kirkju. Tíundin til prests og kirkju fer eptir efnahag, en lambsfóðrin og ljóstollarnir fara ekki eptir efnahag, heldur eptir búendatölu. Jeg skal annars eigi nú þegar mæla svo harðlega móti þessari breyt.till., heldur bara segja, að mjer finnist rjettara, að halda frumv. óbreyttu. Jeg skal geta þess, að 3. og 4. töluliður eiga að falla niður, eða nefndin tekur þá aptur, en breyt.till. 126 á að koma í staðinn fyrir 1. tölul. nefndarálitsins (75).

Jón A. Hjaltalín: Það er nú eigi svo þýðingarmikið þetta breyt.atkv. mitt, en mjer finnst þetta atriði, að kosta söginn, sjerstaklegt safnaðarmál, og fyrir því eigi rjett af alþingi að vera að skipta sjer af því; það er annaðhvort, að menn eru færir um nokkurt samkomulag, að sóknarnefnd getur fundið út, hvernig þessu gjaldi skuli jafna niður, eða þeir eru eigi færir um og geta eigi haft nokkra stjórn í safnaðarmálum, af því þeir geta eigi komið sjer saman.

Hvað snertir niðurjöfnunina eptir 2. gr., þá er hún nokkuð ruglingsleg og flókin, en nú er stefna manna einmitt sú, að gjöra gjöld til prests og kirkju óbrotin og einföld. Af þessari ástæðu er jeg

á þeirri skoðun, að betra sje að sleppa þessu ákvæði en halda því.

Sighvatur Árnason: Fyrir mitt leyti er jeg heldur með, að tiltaka einhverja reglu fyrir niðurjöfnuninni, þó í aðra röndina eigi virðist brýn nauðsyn til þess, eins og h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) tók fram. Sje ekkert tekið fram um það, hvernig gjaldi þessu mætti jafna niður, mundi það verða gjört á ýmsan hátt í hinum ýmsu söknum, og verða því „sinn siður í landi hverju"; jeg halla mjer því heldur að því, að eitthvað sje tiltekið um þetta atriði.

Jeg vildi að eins athuga breyt. nefnd. 4. lið við 2. gr. frumv., þar sem hún vill fella úr „eptir efnum manna og ástæðum", en setja í staðinn „eptir efnahag manna", hvort þýðir þetta að eigi að fara eptir framtali, eða að þetta eigi að vera álitsmál í hvert skipti á því, sem hver maður á til í eigu sinni? *(A. Ó.:* Framtali). Sje svo, væri betra að nefna lausafjárhundruðin, en jeg vil heldur halda því, sem stendur í frumv., því jeg vil eigi búa til nýja skatta og skyldur, og byggja beinlínis á framtali; þó margt kunni að mega finna að hinni reglunni „eptir efnum manna og ástæðum", þá er hún þó sannarlega betri í sjálfu sjer, ef skynsamlega er á haldið, en misjafnlega vandað lausafjárframtal.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg er samþykkur því, sem h. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að það væri alveg eins gott að halda því, sem stæði í frumv.; en það sem kom nefndinni til að setja þetta, var, að nálgast þá reglu, er nú gildir, þar sem að sumu leyti er farið eptir tíund, en sumu leyti eptir höfðatölu.

Jeg get eigi fremur *nú* en áður fallizt á breyt. h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.). Eins og stendur í frumv., skal niðurjöfnunaraðferð sú, er þar getur um, vera *aðalregla*, en eigi ófrávíkjanleg regla, svo sóknarnefndirnar geta vikið til dálítið, ef þær svo vilja. Þótt nú gjald þetta sje fremur ljettbært gjald víðast hvar. þá veit jeg, að það getur orðið nokkuð tilfinnanlegt, þar sem fáir bæir eru í sókn; jeg get nefnt til dæmis eina sókn, þar sem að eins eru 10 búendur. Hljóðfæriskostnaðurinn er auðvitað hinn sami, hvort sem margir eða fáir búendur eru í sókninni. Jeg álít því vera rjettara, að gefa sóknarnefndinni heimild að lögum til að fylgja einni aðalreglu, af því jeg hygg, að henni sje það kærara, en að þurfa að skapa sjer regluna sjálf, og eitt er víst, að hafi sóknarnefndin reglu í lögunum að fara eptir, geta sóknarmenn miklu síður haft á móti því, hvernig á þá er lagt; þeir geta þá eigi sagt við sóknarnefndina: þín regla er röng, það er jafnað niður eptir annari reglu í næsta prestakalli. og sú regla er sanngjarnari. Sóknarnefndin getur æfinlega borið það fyrir sig: jeg bý eigi til þessa niðurjöfnunarreglu, heldur fer jeg eptir aðalreglunni í lögunum.

Jón A. Hjaltalín: Mjer finnst ákvæðin eigi eins ljós og þau þurfa að vera, eins og kom fram í ræðu h. þm. Rangv. (S. Á.), er hann sagði, að hann skildi eigi vel nefndina. Mjer finnst þessi vegur nefndarinnar flóknari. Þarf eigi að tiltaka, hvað meint sje með *aðalreglu?* Þetta kemur af því, að hjer á að gefa reglu um sveitamál: hvort hljóðfæraslátturinn eigi að vera eða ekki. Jeg vildi helzt, að alþingi skipti sjer eigi af, hvort menn hafa hljóðfæraslátt í kirkjum eða eigi, heldur láti menn sjálfráða um það; því fari svo, að þeir geti eigi komið sjer saman um það, þá eiga þeir eigi að hafa neinn hljóðfæraslátt.

Jakob Guðmundsson: Framsögum. (A. Ó.) tók það fram, að nauðsynlegt væri, að gefa aðalreglu um niðurjöfnunina. Að hjer er nefnd aðalregla, er eigi svo að skilja, að alþingi valdbjóði nokkuð, heldur hefur safnaðar- og sóknarnefnd frjálsar hendur til að búa hana til.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): H. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) spurði, hvað meint væri með aðalreglu. Málfræðislega tekið er merking orðsins augljós, hvert barnið skilur þetta orð, þótt barnið hafi eigi gengið í skóla, hvað þá heldur piltar í neðsta bekk, að jeg eigi tali um kennara við gagnfræðisskóla. Tilgangur nefnd. með þessu ákvæði er sá, að sóknarnefndin gæti borið aðalregluna fyrir sig, bæði sjer sjálfri til ljettis og eins þá, er hún mætir mótmælum af hálfu greiðendanna gegn niðurjöfnunaraðferð hennar. Þess vegna álít jeg þessa reglu nauðsynlega. H. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) var að tala um frelsi; jeg hefi aldrei skilið mannfrelsi svo, að það væri fólgið í regluleysi, og að svo stöddu vil jeg vona, að h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) sje mjer um það samdóma, að frelsi sje eigi sama sem regluleysi.

Jón Ólafsson: H. framsögum. (A. Ó.) sagðist eigi álíta frelsið fólgið í því, að hafa enga reglu. Vera má það. En jeg vil spyrja: hvar eru hin rjettu takmörk löggjafarvaldsins? Vill eigi h. framsögum. (A. Ó.) vera mjer samdóma um, að löggjafarvaldið eigi helzt aldrei að blanda sjer í þau málefni einstakra manna eða landshluta, er þeim einum við koma og engum öðrum? Mjer finnst löggjafarvaldið ætti því eigi að leggja band á söfnuðina, í því sem eingöngu snertir þá sjálfa. Jeg sje eigi, að það snerti nokkuð alþingi, hvernig þeir leggja gjöldin á sig sjálfa. Mjer finnst álöguvaldið í þessu efni hvergi eiga heima nema hjá söfnuðunum sjálfum, og söfnuðurnir eiga að vera alveg sjálfráðir um það, eptir hvaða reglu þeir leggja gjöldin á sjálfa sig. Jeg greiði því atkv. með tillögu h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.).

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): H. þm. S.-Múl. (J. Ól.) byrjaði á því að spyrja, hvaða rjett löggjafarvaldið hefði gagnvart einstaklingnum. Jeg vil biðja hann að gæta þess, að söfnuður er eigi einstaklingur, heldur er hann fjelag. *(J. Ó.:* Söfnuður er einstaklingur gagnvart öðrum söfnuðum). Eptir kenningu h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) skyldi löggjafarvaldið segja sem svo við hreppsnefndirnar: leggið á útsvörin eins og yður sýnist eða viljið, og enginn skal mega áfrýja. Eptir frumv. þessu verður niðurjöfnun sóknarnefnda eigi áfrýjuð. Slíkt væri engin lög, *(J. Ó.:* Það mætti vel vera lög!), heldur ólög. Jeg bið h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) vel að athuga, að það vald eða sá rjettur, sem löggjafarvaldið gefur sóknarnefndum með frumv. þessu, hann er fólginn í því, að mega leggja gjald á sóknarmenn, og að heimta það með sama rjetti, sem önnur skyldugjöld, samkv. lögtakslögunum; en rjetturinn er alls ekki í því fólginn, að þær skuli mega leggja gjaldið á reglulaust að lögum eða eptir eignum geðþótta.

Sighvatur Árnason: Að því leyti, sem hjer greinir á, vil jeg geta þess, að jeg get fullvissað h. þingdm. um það, að sóknarnefndir munu almennt vilja heldur hafa lagareglu fyrir niðurjöfnuninni, en verða að gjöra hana upp á sitt eindæmi.

Jón Ólafsson: Jeg vil svara h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) því, að það eru eigi samlík tilfelli, að jafna niður gjaldi til sveitar og gjaldi til hljóðfærasláttar. Því í sveitarþarfir *verða* menn að greiða ýms gjöld, hvort sem menn vilja eða eigi; hjer er mönnum eigi frjálst, hvort menn vilja gjalda eða eigi. Það er bæði framfærsluskyldan og fleira, sem hjer kemur til greina. Það eru skyldur, sem hið almenna löggjafarvald hefur á menn lagt sem *þegna þjóðfjelagsins*, þótt því sje skipt niður á sveitirnar að *framkvæma* þessar skyldur; sveitamál eru því eigi óblandin mál hvers sveitarfjelags, eins og þetta mál er óblandið mál hvers safnaðar út af fyrir sig.

ATKVÆÐAGR.: Breyt. nefnd. (C.

191) við 1. gr. tekin aptur. Breyt. nefnd. við 1. gr. (C. 214) og 1. gr. þannig breytt samþ. með 10 samhlj. atkv. hvað fyrir sig. Fyrsta breyt. nefnd. við 2. gr. (C. 191) samþ. með 10 atkv. og önnur með 9 atkv. Breyt. við 2. gr. frá J. A. Hj. (C. 207) felld með 7 atkv. gegn 4. Þriðja breyt. nefnd. við 2. gr. tekin aptur. 2. gr. með áorðn. breyt. samþ. með 9 atkv. gegn 1. Að fella burt 4. og 5. gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frumv. samþ. með 9 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 7 atkv. gegn 1.

Frv. til laga um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala- og Barðastrandar-prófastsdæmum (C. 160, 194); 2. umr.

Framsögumaður (Friðrik Stefánsson): H. deild tók frumv. þessu svo vel við 1. umr., að jeg þarf ekki að vera margorður nú um það. Að eins skal jeg stuttlega skýra breyt. nefndarinnar.

Eptir frumv. átti að leggja 300 kr. Saurbæjarprestakalli, en nefndin leggur nú til, að það skuli ekkert tillag fá úr landsjóði. Skarðsþing áttu og samkvæmt frumv. að fá 300 kr. tillag, en nefndin ræður til, að færa það niður í 100 kr. Sömuleiðis leggur nefnin til, að færa tillagið til Hjarðarholtsbrauðs niður úr 300 kr., sem í frumv. stendur, niður í 200 kr.

Samkvæmt þessum tillögum nefndarinnar eykst ekkert byrði landsjóðs af þessum prestaköllum, frá því sem nú er, þegar Garpsdalur er talinn með, eins og hlýtur að vera, með því að þær 300 kr., sem öllum brauðunum veitast í sameiningu, koma á móti þeim 300 kr., sem áður hafa gengið til Garpsdalsprestakalls. Jeg vil treysta því, að úr því frumv. þetta bakar ekki landssjóði neinn nýjan kostnað, vilji h. þingd. láta það eptir óskum þeirra safnaða, sem hjer eiga hlut að máli, að samþ. frumv. þetta, með því sú brauðaskipun, sem nú er á áðurnefndum prestaköllum, virðist svo óhaganleg, bæði fyrir presta og söfnuði, að hún getur ekki staðizt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að spyrja h. nefnd, er hún segir fyrir munn framsögum. síns (Fr. St.), að landsjóður líði engan halla við þetta frumv., svo sem hún óskar að breyta því, samkvæmt nefndarálitinu, — jeg vil, segi jeg, leyfa mjer að spyrja hana, hvort hún hafi nákvæmlega íhugað prestakallalögin 27. febrúar 1880. Ef mig minnir rjett. mun samkvæmt þeim tillagið til þessara brauða vera að eins 50 kr. meira en það, er gjalda ber frá þeim í landssjóð, þá er Garpsdalur er tekinn með 300 kr. tillagi. *(Jak. G.*: Rjett!). En eptir þessu frumv. virðist mjer vera gjörð krafa til meira en 50 kr., því að nefndin leggur til, að leggja skuli Skarðsþingum 100 kr. og Hjarðarholtsbrauði 200 kr. Mjer skilst því eigi betur, en 300 kr. eigi að leggjast þessum prestaköllum. en ekkert greiða frá öðrum brauðum þar í staðinn. Nú hygg jeg, að allir muni játa með mjer, að 300 kr. sjeu meira en 50 kr. og tapið sje 250 kr. fyrir landsjóðinn. *(Fr. St.:* Misskilningur!). Það getur verið, að þetta sje misskilningur, en svona liggur nú reikningurinn fyrir, og 300 ÷ 50 telst mjer vera 250.

Jakob Guðmundsson: Reikningurinn hjá h. þm. (A. Ó.) er rjettur, og meira að segja, þegar vel er að gætt, allt of rjettur, þegar borið er saman við prestakallalögin. Það er öldungis satt, að *á pappírnum* áttu að greiðast samkvæmt prestakallalögunum frá 27. febr. 1880 700 kr. frá Hjarðarholtsprestakalli, en hver sem til þekkir. hlýtur að játa, að slíkt er öldungis ómögulegt í praxis. Hinum nýju Staðarfellsþingum átti aptur á móti að leggja 600 kr., og átti í því brauði að sameinast Staðarfells og Dagverðarnessóknir. Síðan átti að sameina í eitt prestakall Skarðs, Staðarhóls og Hvolssóknir og frá því að leggjast 150 kr.; en

þessi sameining er ómöguleg með öllu vegna eyjanna, og brauðinu óþjónandi bæði fyrir prestinn og sama er að segja frá sjónarmiði fólksins. Svo er sem sje háttað, að þegar eyjamenn koma sjóveg til lands, eru þeir náttúrlega hestlausir, en þurfa þó að fara langan veg á landi frá lendingarstaðnum til að ná í prestinn. Þetta veldur því, að sameining sú, er farið er fram á í prestakallalögunum, er með öllu ópraktisk og ómöguleg. Sama er að segja um Hjarðarholtsbrauð, er ætlazt er til að greiða skyldi frá 700 kr. Enginn prestur mundi þangað fást með þeim kjörum og ekki fyrir meira afgjald en í frekasta lagi 300 kr. En Skarðsstrandarbrauðið mundi enginn prestur taka með nokkru frálagi. Það liggur í augum uppi, að það er einmitt hagur fyrir landsjóðinn það fyrirkomulag, sem farið er fram á í frumv., á móts við það, sem hitt frumv. mundi í framkvæmdinni hafa kostað hann.

Framsögumaður (Friðrik Stefánsson): Það er að eins lítil athugasemd, sem jeg vildi gjöra. Samkvæmt prestakallalögunum átti að sameina Garpsdal við Stað á Reykjanesi, og af því brauði átti svo að greiða 400 kr. Nú eru víst greiddar 400 kr. frá Staðarbrauði, þótt Garpsdalur sje því ekki sameinaður, þótt jeg álíti það nú miður sanngjarnt, og því virðist mjer h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) allt af vilja græða á Garpsdal, en jeg get enga ástæðu sjeð til þess, þegar því verður ekki komið við með sanngirni. Nú er þess að gæta, að Garpsdal eru síðan, sem sjerstöku brauði, lagðar 300 kr., en við þá brauðaskipun, sem vjer höfum farið fram á, losast landsjóður við að greiða þær framvegis, en eptir prestakallalögunum átti að greiða 250 kr. frá þessum brauðum, svo landsjóður græðir þó 50 kr. á þessari breytingu, og úr því ríki og kirkja eru enn sameinuð hjá oss, og landsjóður skiptir sjer af kirkjunnar málefnum, er ekki rjett að gjöra þá, sem hjer eiga hlut að máli, prestlausa og það því síður, sem þessi breyting bakar landsjóði ekki nein ný útgjöld, eins og jeg hef nú tekið ljóslega fram.

Jón Ólafsson: Með prestakallalögunum er ákveðið, að leggja sumum af þessum brauðum, svo og svo mikið tillag, en frá öðrum átti að greiða svo og svo mikið árgjald. En þar sem nú h. framsögum. (Fr. St.) segir, að landsjóður ekki tapi neinu við breyt. þær, sem frumv. þetta með nefndarál. fer fram á, vil jeg spyrja hann: Er hjer ekki meira tillag til brauðanna en árgjald af þeim? Raskar það ekki grundvelli prestakallalaganna? Mjer getur ekki betur talizt til, en að með þessu frumv. sjeu aukin útgjöld landsjóðs um 250 kr., eins og h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hefur tekið fram. En jeg er algjörlega mótfallinn öllum gjöldum úr landsjóði til kirkjumála, og get því ekki gefið þessu frumv. atkvæði mitt.

E. Th. Jónassen: Mjer er það kunnugt, bæði sem amtmanni og sem stiptsyfirvaldi, að menn eru alls ekki ánægðir í Dalasýslu með það skipulag, sem gjört er á prestaköllum þar í lögum 27. febr. 1880, enda má og sjá það af hjeraðsfundagjörðum, þar sem þetta mál hefur verið til umræðu, og má sjá ýms skjöl um það efni. er liggja frammi á lestrarsalnum. Það er því alveg rjett, sem h. nefnd fer fram á, að gjöra breytingar á því fyrirkomulagi, sem allir verða að játa að var mjög óhagkvæmt og óheppilegt. Og þegar nú hægt er að gjöra þessar breytingar með svona litlum tilkostnaði fyrir landsjóðinn, virðist sjálfsagt að taka óskir safnaða þeirra, er hlut eiga að máli, til greina. Söfnuðirnir eiga líka heimting á því, að bæði sjeu brauðin gjörð lífvænleg fyrir presta, og eins hinu, að ekki sje gjörð ómöguleg prestsþjónusta fyrir erfiðleika sakir. Jeg gef því frumv. þessu, eptir breyt.till. nefndarinnar, atkvæði mitt,

og óska, að það geti gengið sína leið gegnum þessa h. þingd.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er málinu svo hlynntur, að jeg gef atkv. með frumv., jafnvel þótt það kosti landsjóðinn 250 kr. ár hvert, því aðalatriðið er það, að sú brauðaskipun geti komizt á, sem hlutaðeigandi söfnuðir eru bezt ánægðir með og haganleg er fyrir prestana til þess að veita þeim fulla þjónustu, en ekki hitt, hvort landsjóður borgar 2—300 kr. meira eða minna.

ATKVÆÐAGR.: Breyt. nefnd. við 1. gr. (sjá C. 160 og 195) samþ. í e. hlj. 1. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv. Breyt. nefnd. við 2. gr. samþ. í einu hlj. 2. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv. 3. gr. óbreytt samþ. með 10 atkv. Breyt. nefnd. við 4. gr. samþ. í e. hlj. 4. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 10 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 10 atkv. gegn 1.

Frumv. til laga um að selir sjeu rjettdræpir í veiðiám og veiðivötnum (C. 197); 2. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg er samdóma þeim h. þingdm., sem við 1. umr. máls þessa töldu það áríðandi mál, því að það er öllum kunnugt, hve mikið tjón selurinn gjörir með því, að eyðileggja laxveiðar, og er því full nauðsyn á, að stemma stigu fyrir skemmdum selsins. En síðan 1. umr. um málið fór fram, hef jeg hugleitt frumv. vandlega, og komizt að þeirri niðurstöðu, að varhugavert mundi vera að samþykkja frumv. þannig óbreytt, eins og það er, án nokkurra ákvæða um endurgjald eða skaðabætur til selalagnaeigenda, sem missa mundu fjemæta atvinnu sína, sem varin hefur verið með lögum áður, þar sem selurinn hefur verið friðaður. Í 50. gr. stjórnarskrárinnar stendur: „Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir"; og virðist mjer það mundi koma í bága við anda og hugsun þessarar greinar, ef selurinn væri nú allt í einu gjörður rjettdræpur án þess að ákveða seljarðaeigendum neitt endurgjald. Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd sje sett til að hugleiða þetta mál, því að það getur verið mjög vandasamt og varhugavert atriði, hvernig endurgjaldi skuli fyrir komið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 8 atkv. gegn 1, og í hana kosnir:

L. E. Sveinbjörnsson með 8 atkv.
Skúli Þorvarðarson — 7 —
E. Th. Jónassen — 5 —

Umr. síðan frestað.

Frumv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 154, 201); frh. 1. umr.

Jón A. Hjaltalín: Jeg ætla að eins, áður en umræðurnar byrja, að gefa þá skýringu, að jeg hef tekið aptur breyt.-till., mína við 14. og 15. gr. frumv., svo að þær breyt. koma ekki til umræðu eða atkvæðagreiðslu.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Eins og h. þingd. er kunnugt, klofnaði nefndin í þessu máli, en, eins og stendur í áliti minni hlutans, var þó öll nefndin samdóma um það, að nauðsynlegt væri, að gjöra kjósendum hægra fyrir, en nú er, að nota kosningarrjett sinn.

Ástæður meiri hlutans fyrir því, hvers vegna hann álítur þessa þörf, eru svo skýrt teknar fram í nefndarál., að jeg þarf eigi að fara fleirum orðum um þær. Eins og menn vita, er sumstaðar jafnhægt að sækja kosningarfund á einum stað úr 3 eða 4 smáum nágrannahreppum, eins og úr einum víðlendum hreppi, og hefur meiri hluti nefndarinnar því eigi álitið nauðsynlegt, að kosningaumdæmin verði ákveðin jafnmörg hreppunum. En aptur á móti þótti meiri hlutanum nauðsynlegt að ákveða, að setja skuli 2 *eða fleiri* kosning-

arstaði fyrir hvert kjördæmi, og er það líklegt, að kjörstaðirnir verði ákveðnir svo margir í hverju kjördæmi, að kjósendum sje borgið svo, að þeir geti notað rjett sinn. Hitt snertir meira formhlið málsins, hvort taka skuli upp í frumv. þetta greinar þær, sem eru orðrjettar úr kosningarlögunum 14. sept. 1877. Helzta ástæða til að taka þær hjer upp, er sú, að menn kynnu að ætla, að það yrði óglöggara fyrir kjörstjórnirnar, að þurfa að hafa fyrir sjer tvenn lög við kosningarnar, heldur en hafa öll ákvæðin í einu lagi. En ef þetta frumv. verður að lögum, þá bætist úr þessum anmarka með 9. gr. (eptir till. meiri hlutans), þar sem svo er ákveðið, að landshöfðingi semji reglugjörð til leiðbeiningar fyrir kjörstjórnir, og sje í henni tekin fram ákvæði þessara laga og laga 14. sept. 1877.

Jón A. Hjaltalín: Jeg geymi mjer að tala um breyt.till. mínar og álit mitt á málinu, þangað til við 2. umr., því jeg vona, að jeg geti gengið að því vísu, að allir h. þingdm. sjeu að minnsta kosti svo hlynntir málinu, að þeir felli það ekki strax, en leyfi því að ganga fram til 2. umr. í bráðina.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Fimmtándi fundur, föstudag 19. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um gjaldheimtu til sýslusjóðs og sýsluvega (125, 198); 2. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Af því engin breyt.till. hefur komið fram við frv. eða breyt. nefndarinnar sjálfrar, og málinu hefir í annan stað verið svo vel tekið af h. þingdm., finn jeg eigi ástæðu til að fjölyrða um málið að svo komnu.

E. Th. Jónassen: Jeg get eigi fallizt á frv.; jeg get eigi skilið, að það geti orðið til nokkurra bóta; því þó það, ef til vill, kunni að gera innheimtuna hægari, þá verður það óþægilegra fyrir gjaldendurna, og auk þess raskar það gjaldskyldunni. Ef niðurjöfnun á sýsluvegagjaldi og sýslusjóðsgjaldi yrði öðru vísi en áður, yrði niðurstaðan sú, að á margan hátt yrði örðugra fyrir fátæklinga að borga, og slíkt getur ekki verið til bóta. Jeg veit heldur ekki af neinni óánægju með þá aðferð um niðurjöfnun og innheimtu vegagjalds og sýslusjóðsgjalds, sem nú er brúkuð eptir sveitarstjórnarlögunum; því væri svo, að menn væru óánægðir með hana, mundi hafa komið umkvörtun um það. Því á þá að breyta þeim innheimtumáta, sem menn eigi hafa kvartað undan? Mjer finnst yfir höfuð að tala, að eigi engar breyt.till. að gera á þeim lögum, sem menn ekki eru óánægðir með; og jeg er sannfærður um, að ef þetta frv. yrði að lögum, yrðu margir óánægðir *(A. Ól.:* Sýslumenn!). Jeg gef því ekki frv. atkvæði mitt; og jeg vildi með þessum orðum gera grein fyrir skoðun minni á málinu.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Þar sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) tók fram 2 mótbárur á móti frv., vil jeg fyrst snúa mjer að hinni fyrri, er hljóðaði svo: að gjaldið kæmi þyngra niður eptir frv. nefndarinnar, heldur en eptir núgildandi reglu. Það getur vel verið, að sýslusjóðsgjaldið komi á stöku stað þyngra niður eptir frv. nefndarinnar, en hitt vil jeg ábyrgjast, að sýsluvegagjaldið kemur eigi tiltalslega þyngra niður á fátæklingunum en á hinum efnugu; því fátæklingarnir hafa aldrei eins marga fasta karlmenn á heimili; en þeir sem þetta gjald lendir þyngst á eru einmitt þeir, sem flesta vinnumenn hafa frá tvítugu til sextugs, og það eru efnamennirnir vanalega. Jeg vona, að h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) gái að þessu og verði mjer samdóma hjer. En hvað sýslusjóðsgjaldið snertir, skal jeg játa það, að það kemur þyngra niður á fátæklingunum, því þeir hafa vanalega stærra jarðnæði, í samanburði við sinn efnahag, held-

ur en efnamaðurinn. En þó þessi mótbára h. 2. kgk. þm. hafi við þessi rök að styðjast, álít jeg þau lítilsverð í samanburði við kosti frv. Jeg vil eigi þreyta h. þingdm. á því, að endurtaka nú með mörgum orðum þessa kosti frv., fyrir því, að frv. hefur eigi mætt miklum mótmælum og það einungis frá einstaka þm., sem hefur eigi gefið kostum þess það gildi, sem þeir eiga skilið.

Nú vil jeg víkja að hinni ástæðunni, sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) færði fram á móti frv.: að engin óánægja væri með hina núgildandi niðurjöfnunaraðferð, svo hann vissi. Verð jeg að skilja þetta mótmæli svo, að í kringum Rvík og á leiðinni vestur til Stykkishólms hafi hann eigi orðið var við neina óánægju. En hitt get jeg sagt, að þar sem jeg hef farið um landið, og hefi jeg þó farið bæði um Eyjafjarðar- Skagafjarðar- og Húnvatnssýslur, Gullbringu- og Kjósarsýslu og komið í Borgarfjörðinn, þá hef jeg orðið var við *mikla* óánægju. Kalla *jeg* þetta meira, en bregða sjer á póstskipi vestur í *Hólminn!* Jeg get því eigi álitið þessa ástæðu hans gildari til að hrekja frv., en mínar meðmælingar eru til að styrkja það. Það gefur öllum að skilja, að það sje undarlegt og óeðlilegt, að hreppsnefndir skuli, án eyris endurgjalds, innheimta sýslusjóðs- og sýsluvegagjaldið fyrir sýslumanninn. Svo er og það enn athugandi við niðurjöfnun þessara gjalda, að hreppárnir greiða þau optlega fyrir utansveitar öreiga. Jeg skal taka til dæmis bónda, húsmann eða lausamann í hreppi, sem er utanhreppsmaður og svo fátækur, að hann þiggur af sveit sinni eða liggur við sveit. Nú leggur hreppsnefndin í vistarhreppi hans á hann gjald til sýslusjóðs og sýsluvega, en hinn hreppurinn, þar sem hann er á sveit, segir: það er eigi rjett, að gjöra honum útsvar, því maðurinn þiggur af sveit, og neyðir hann þar með vistarhreppinn til að greiða fyrir hann þessi gjöld, en það er hið sama sem að taka hann að þessu leyti á sveitina. Er þetta rjett? Nei! En þetta er eðlileg afleiðing af þessari tvítólareglu, sem hingað til hefur gilt. Jeg get líka tekið annað fram. Jeg veit eigi betur, en að þessum gjöldum hafi verið í eigi svo fám hreppum jafnað á hvern einstakan mann eptir fyrri reglunni, eða á lausafjár- og ábúðarhundrað hvers eins. *(Landshöfðingi:* Lagabrot). En það gengur sem lög, hvort sem það er eða eigi, þegar löggreglustjórnin eigi finnur að því. Þetta vottar þó, að mönnum þykir sín aðferð hentugri og að hún komi alls ekki illa niður á einstaklingnum.

E. Th. Jónassen: Út af athugasemd þeirri, sem jeg gerði áður, að mjer væri ókunnugt um óánægju með hina núgildandi niðurjöfnunaraðferð, skal jeg geta þess, að þetta var alls eigi sagt út í bláinn; jeg er þessu kunnugur frá því jeg var sýslumaður, og heyrði jeg þá engar umkvartanir um ákvörðun sveitastjórnarlaganna í þessu efni; sömuleiðis er jeg kunnugur í ömtum mínum og hef ekki orðið var við neina óánægju með þessa núgildandi aðferð. Mjer finnst það vera góð regla, að breyta eigi þeim lögum, sem menn hafa sýnt sig ánægða með, og þessi ástæða vera fullgild, enda var hún töluð í fullri alvöru.

Árni Thorsteinsson: Áður en gengið verður til atkvæða, vil jeg lýsa því yfir, að jeg gef atkv. mitt á móti frv. Álögustofninn í 3. gr. frv. er eigi aðgengilegur, þar sem leggja skal á hvert lausafjár- og ábúðarhundrað, því með því móti verður innleitt gjaldfrelsi fyrir ótal menn, sem eru eins vel færir um að gjalda og sem áður voru gjaldskyldir. H. framsögum. (A. Ó.) sagði, að sjer líkaði illa þetta *tvítólagjald;* þó að hann skilji betur en jeg, hvernig þessu er varið, þá er það auðsætt, að lausafjár- og ábúðarhundruðin áður voru einungis talin til að ná hlutfallinu á gjaldinu milli hreppanna, en sá stofn, er af átti

að greiða, voru efni og ástæður. Mjer finnst þetta vera hreint og beint áfram, að sýslugjald skuli gjaldast eptir efnum og ástæðum, en mælikvarðinn fyrir hlutfallinu á milli hreppanna skuli vera ábúðar- og lausafjárhundruðin, eins og áður hefir verið. Nú vil jeg víkja að öðru í þessu frv.; mjer þætti æskilegt, að ákvæðin í 1. og 2. gr. væru ýtarlegri en þau eru. Sje meining frv. sú, að aðeins eitt ár heilt sje nægilegt til þess að verða gjaldskyldur, þá eru í 2. gr. eigi nógu ljós ákvæði um það, hvaða tillit menn skuli taka til heimilisdvalar, úr því að hún á að gerast að grundvelli fyrir gjaldstofni. Þar sem gjaldskyldur maður hefir búið á stöðum, sem hafa gjaldskyldu, þarf það ekki að breyta henni, þó hann fari úr einu hjeraði í annað; hann á að greiða gjaldið, að mjer virðist, þó hann í gjaldhreppnum hafi dvalið skemur en eitt ár. Öðru máli er að gegna, ef kaupstaðarbúi flytur sig í hreppinn. Á þeim hvíldi gjaldskyldan ekki áður. Í kaupstöðunum eru um $^5/_{70}$ allra landsmanna. 1. gr. er ekki allsendis góð, þó jeg vilji eigi gera breyt. atkv. við hana. Jeg fæst annars eigi um, hvort þetta er rjettarbót eða eigi, en hvað 3. gr. snertir, er jeg henni algjörlega mótfallinn.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg skal geta þess viðvíkjandi því, sem h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) sagði um 1. gr., að þar er tiltekið, að „bóndi hverr og húsfaðir" sje skyldur að greiða gjaldið fyrir alla þá er verið hafa þar til heimilis hjá honum *„það ár"* og er þetta ákvæði alveg eins í sveitarstjórnarlögunum 4. maí 1872.

Árni Thorsteinsson: Út af athugasemd þeirri, sem 5. kgk. þm. (A. Ó.) gerði, vil jeg geta þess, að þegar um það tilfelli er að gera, að einhver hefur verið einn hluta af ári í einhverjum hrepp en talsverðan í öðrum hrepp, þá sleppur hann undan gjaldskyldunni.

ATKVÆÐAGR.: Fyrsta breyt. nefnd. (C. 198) samþ. með 8 atkv.; 1. gr. frumv. (C. 125) þannig breytt samþ. með 8:1 atkv.; 2. gr. samþ. með 8 og 3. gr. með 6:5 atkv.; breyt. nefnd. við 4. gr. (C. 198), 4. gr. þannig breytt og breyt. nefnd. við fyrirsögnina samþ. hver um sig með 7 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 7:4 atkv.

Frv. til laga um uppeldisstyrk óskilgetinna barna o. fl. (C. 97, 192, 200, 207); 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg sje að h. nefnd hefur tekið til greina margar af bendingum þeim, sem jeg kom fram með við 1. umr. máls þessa, og er jeg nefndinni þakklátur fyrir það, en þó hefði jeg óskað, að hún hefði einnig tekið til greina athugasemdir mínar við breytingar hennar á 4. grein. Það sem jeg eigi kann við í breyt. nefndarinnar er það, að hún gjörir þann rjett, sem móðurinni er veittur til að fá meðlag útborgað, þegar faðirinn greiðir það ekki á rjettum tíma, vafningsmeiri heldur en hann er eptir stjórnarfrv. Meining stjórnarfrv. er nefnilega sú, að strax þegar faðir óskilgetins barns ekki borgar meðlagið, eigi móðirin kost á, að snúa sjer til vistarhrepps föðursins, og fá meðlagið útborgað af sveitarstjórninni. En eptir tillögu nefndarinnar á móðirin fyrst að snúa sjer til vistarhrepps síns, vistarhreppur móðurinnar á því næst með öllum eptirgangsmunum, sem lög heimila, að reyna að ná meðlaginu hjá föðurnum, og nái hann því eigi, á hann aðgang að framfærsluhreppi hans, ef hann er sveitfastur hjer á landi, en sje hann það eigi, á hreppurinn eptir hinni síðustu breyt.till. á þingskj. 117, aðgang að þeim vistarhreppi, sem faðirinn átti 40 vikum fyrir fæðing barnsins. Eptir stjórnarfrv. er gangurinn eðlilegur; þar er að eins um vistarhrepp og framfærsluhrepp föðursins að ræða. Mjer virðist eigi vera hægt, að tala um sveit-

arstyrk veittan manni, nema styrkurinn sje veittur annaðhvort af vistarhreppi hans eða framfærsluhreppnum. En í frv. nefndarinnar er 3. hreppi blandað inn í, þar sem maðurinn hvorki þarf að vera eða eiga framfærslurjett, er þó veitir honum sveitarstyrk. Ef þetta verður samþykkt, mun jeg því koma fram með breyt.till. við 3. umr. í þá átt, að setja vistarhrepp föðursins í staðinn fyrir vistarhrepp móðurinnar. — Í niðurlagi 5. gr. í stjórnarfrv. eru ljós ákvæði um rjett föðursins til að taka óskilgetið barn til sín, er nefndin leggur til að falli burt, en með því að ákvæði gildandi laga eru óljós um þetta atriði, verð jeg að leggja til, að seinni liður 5. gr. verði látinn halda sjer eins og hann er.

Framsögumaður (Arnl. Ólafsson): Það gladdi mig og nefndina, að hæstv. landshöfð. samþykkti fyrir sitt leyti ýmsar breyt. sem nefndin hafði stungið upp á. Eptir því sem jeg skildi hann eru það að eins breytingar nefndarinnar við 4. gr., sem hann getur ekki fallizt á, og ber hann það fyrir, að rjettur móðurinnar mundi verða vafningsmeiri eptir till. nefndarinnar, heldur en eptir stjórnarfrv. En jeg fæ eigi sjeð, að svo sje, því að málendur eru hinir sömu eptir báðum frumv.; munurinn er að eins, að eptir till. nefndarinnar á vistarhreppur móðurinnar fyrst að snúa sjer til föðursins, og náist ekkert hjá honum, þá á hann aðganginn að framfærsluhreppi hans, og ef hann á engan framfærsluhrepp hjer á landi, þá að vistarhreppi hans 40 vikum fyrir fæðing barnsins. Í stjórnarfrv. eru öldungis sömu málendur, en röðin að eins önnur; þar er byrjað í dvalarhreppi barnsföðursins; en hvernig á þá að fara, ef hann á engan dvalarhrepp? Setjum t. d. að Norðmaður komi til Eyjafjarðar um sumar og fari um haustið, og sje hvergi hjer á landi, þegar honum fæðist óskilgetið barn; hvernig á þá að fara eptir stjórnarfrv.? Það sem kom nefndinni til, að koma með þessa breyt., var einnig það, að hún áleit breytinguna vera í betra samræmi við gildandi íslenzk lög. Í 9. grein fátækrareglugjörðarinnar 8. jan. 1834 stendur svo: „Samt á engin forsorgunarsveit að láta nokkurn þurfamann þarfnast hjálpar þess vegna, að þessi eigi að veitast honum annaðhvort af annari sveit eða af einstökum persónum, heldur á hún fyrir fram að láta honum nauðsynlegan styrk í tje, uns hann veittur verður af þeim, sem þar til skyldugir eru, og sem þá eiga að endurgjalda fyrstnefndri sveit tjeða hennar útgipt". Þessi grein virðist mjer ákveða, að dvalarsveit þess, sem þurfandi verður, lánar styrkinn í bráð, þangað til hinn framfærsluskyldi maður eða framfærslusveit þurfalingsins tekur hann að sjer. Og sá, sem skyldur er að taka þurfalinginn að sjer, hvort heldur það nú er framfærslumaður eða framfærsluhreppur, hann á að endurgjalda vistarhreppnum bráðabirgðarstyrkinn. Þannig skil jeg vor lög. Jeg veit að vísu, að þetta er öðru vísi í dönskum lögum, sbr. 12. gr. í tilsk. 24. jan. 1844, og það er eðlilegt, að stjórnin fylgi sínum lögum, sem henni eru kunn, enda segir hún svo í ástæðunum við frv., en mjer finnst þó fullt eins eðlilegt, að vjer skulum fylgja þeirri reglu, sem vor lög hafa. Mjer virðist rjettara, að ganga undireins að rjettum skuldunaut, en ekki að fara fyrst að krefja dvalarhrepp hans, sem í raun og veru liggur fyrir utan allt skuldbindingar-samband. Jeg er sannfærður um, að bráðabirgðastyrkur mundi sjaldnar og varlegar veittur, ef vistarhreppnr þurfalinga ætti fyrst að ganga eptir slíkum styrk hjá framfærslumanni sjálfum, í stað þess, að þurfa eigi annað en senda reikning til framfærsluhrepps þurfalingsins, og segja: svo og svo mikið hef jeg borgað út. Jeg vona, að hæstv. landsh. kannist við, að opt er veittur sveitarstyrkur, sem vafasamt er, hvort sje rjett veittur eða nauð-

synlegur. (*Landsh.*: Það kemur ekki málinu við!). Jú, það kemur málinu við, því að því erfiðara sem það væri, að fá styrkinn endurgoldinn, því tregari mundu menn verða að láta hann í tje; því er eigi svo, að menn sjeu almennt tregari til að lána óvissum skuldunaut, en þeim sem endurgjaldið er víst hjá? — Nefndin gat eigi álitið annað, en að breyting hennar færi nær lögunum og væri hentugri heldur en ákvæði stjórnarfrumv., svo gjarnan sem nefndin vildi og svo skylt sem hún telur sjer að nálgast sem mest skoðanir hæstv. landshöfðingja.

Hæstv. landsh. gat einnig um, að hann áliti rjettara, að halda síðari málsgrein 5. greinar í frv., en nefndin áleit ekki þörf eða tilefni til, að lögleiða ákvæði hennar hjer á landi. Eptir því, sem nefndinni er kunnugt, hefur faðir óskilgetins barns til þessa getað fengið að ala barn sitt upp, þegar móðir þess er dáin eða svo gott sem dáin. Mjer finnst það vera band á persónulegu frelsi, að faðir barns, þótt óskilgetið sje, megi ekki taka það í hús sitt, þegar móðirin er farin veg allrar veraldar, án þess yfirvaldsleyfi eða ættleiðing komi til. Eptir núgildandi lögum hefur hann vald til þessa, að minnsta kosti ef móðirin hefur ekki gjört neinar ráðstafanir. (*Landsh.*: Er það víst?). Það eru kannske ekki skrifuð lög, en það hefur verið álitið lög, og eptir þeim reglum hefur verið lifað og jafnvel úrskurðað.

Landshöfðingi: Mjer getur ekki betur skilizt, en að h. framsögum. (A. Ó.) gjöri sig sekan í misskilningi á ákvæðum 4. gr. stjórnarfrv. Hann virðist samkvæmt ræðu sinni skilja svo, sem í sjórnarfrumv. sje verið eingöngu að tala um fyrirframgreiddan fátækrastyrk; en það er alls ekki svo. Það er talað um meðgjöf, sem barnsfaðir er skyldur samkvæmt gildandi lögum að inna af hendi, en alls eigi um neinn fátækrastyrk.

Frv. stjórnarinnar gengur því í þessari grein út á það, að gjöra fyrir fátæka móður greiðari aðgang til að ná hjá barnsföðurnum þeirri meðgjöf, sem faðirinn er skyldur að greiða með barni sínu, en sem móðirin sakir fátæktar þarf að fá. Faðirinn er ætíð skyldur að inna þessa meðgjöf af hendi, en þegar móðirin getur ekki staðið straum af barninu, eru með þessari grein talsvert skerpt þau meðul, sem móðirin hefur til að ná meðgjöfinni hjá föðurnum, og þess vegna er það eðlilegt, að móðirin hafi fyrst aðgang að þeim hrepp, sem barnsfaðirinn hefur aðsetur í, því að þeim hrepp gengur hægast að ná inn aptur meðlaginu hjá föðurnum. Sje faðirinn fjelaus maður, hefur hreppurinn samt það ráð, að láta hann vinna hann af sjer, en það getur ekki vistarhreppur móðurinnar gjört, ef hann hefur borgað meðlagið út fyrir föðurinn fjelausan, heldur verður þá sá hreppur, samkvæmt tillögum nefndarinnar, að fara og grafa upp framfærslu-hrepp föðursins, sem opt getur verið erfitt og kostað mikla fyrirhöfn til þess, að fá hjá þeim hrepp endurgoldið meðlagið.

Júlíus Havsteen: Jeg get ekki verið á móti því, að barnsmóðurinni sje gefinn rjettur til að fá meðlagið með barninu fyrst lagt út af dvalarhreppi hennar; það liggur í augum uppi, að það er hægra og ljettara fyrir hana, að snúa sjer til hreppsnefndarinnar í dvalarhreppi sínum, heldur en í dvalarhreppi barnsföðursins, því barnsfaðirinn getur haft heimili sitt í mikilli fjarlægð frá móðurinni, og allir sem eitthvað hafa átt við innheimtu á fátækrameðgjöfum, vita, hversu sein og erfið sú innheimta opt getur verið, og opt mundi það dragast, að fá meðlagið eða styrkinn greiddan frá hinum fjarlæga dvalarhreppi föðursins. Jeg skal setja það dæmi, að móðirin ætti heima í Húnavatnssýslu, en barnsfaðirinn austur í Múlasýslum. Ætli móðirin þyrfti þá ekki nokkuð lengi að bíða eptir meðlaginu eða styrk?

Jeg get aptur á móti ekki fellt mig

við þau ákvæði í áliti nefndarinnar, að vistarhreppur móðurinnar skuli fyrst þurfa að ganga að barnsföðurnum til að fá meðlagið endurgoldið; rjettara virðist mjer, að vistarhreppur móðurinnar hefði aðgang að framfærsluhreppi föðursins strax, og sá hreppur aptur að barnsföðurnum.

Jeg er samdóma hæstv. landshöfð. í því, að rjettast sje, að halda síðari málsgrein 5. gr. í frv. stjórnarinnar, og fella hann ekki burtu, eins og nefndin stingur upp á. Reynslan hefur sýnt það, að feður óskilgetinna barna bera að jafnaði ekki mikla ást til þeirra, svo að full ástæða er til, að veita þeim ekki umráð yfir þeim börnum, nema að vissum skilyrðum sje fullnægt.

Landshöfðingi: Mjer fannst sami misskilningur koma fram í ræðu h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) eins og h. framsögum. (A. Ól.). Hjer er ekki verið að tala um *sveitarstyrk* heldur *meðlag*. Þurfi móðirin sveitarstyrk til að geta lifað, er auðvitað, að hún snýr sjer til hreppsnefndarinnar í dvalarhreppi sínum, og leggi sá hreppur henni sveitarstyrk, hefur hann aptur aðgang að framfærsluhreppi hennar. En vanti móðurina meðlag með óskilgetnu barni frá barnsföðurnum, þá er eðlilegast, að hún eigi aðganginn að vistarhrepp barnsföðursins; því að það er óneitanlega nokkuð hart, að skylda vistarhrepp móðurinnar til, að greiða henni þetta hvorttveggja, bæði sveitarstyrkinn fyrir framfærsluhrepp hennar, sje hann annar en dvalarhreppurinn, og meðlagið með barninu fyrir föður þess. Jeg verð því að álíta það rjettara, sem frumv. ákveður, að móðurin skuli leita meðlagsins hjá dvalarhreppi barnsföðursins, heldur en það, sem h. nefnd fer fram á, að hún skuli fá það hjá dvalarhreppi sínum.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Mjer getur ekki betur fundizt, en hjer eigi sjer og stað misskilningur hjá hæstv. landshöfðingja á framfærslulögum vorum. *(Landsh.*: Þetta eru *ný* lög). 4. gr. frv. hljóðar um framfærslustyrk, og veitir móðurinni í því tilliti engan nýjan rjett, er hún eigi áður hafði; hún hefur samkvæmt lögum nú rjett til, að láta taka fje það lögtaki eptir lögtektarlögunum, er hún á að fá frá barnsföðurnum með barni sínu. Eða er ekki faðir nú þegar skyldur að lögum að gefa með barni sínu? *(Landsh.*: Það stendur nú í 1. gr.). 4. gr. frumv. veitir þannig eigi móðurinni neinn nýjan rjett í þessari grein, er hún hafði eigi áður; greinin hljóðar um frændaframfæri, og er ekkert nýmæli, því að það getur engu breytt

Dvalarhreppur þurfalingsins veitir þetta bráðabirgðarlán upp á þann mann, sem skyldur er að inna það af hendi, ef hann ekki greiðir það í tíma.

Landshöfðingi: Jeg sje nú enn betur en áður, að h. framsögum. (A. Ó.) skilur ekki þetta frumv., þar sem hann segir, að 4. gr. frumv. veiti móður óskilgetins barns engan meiri rjett, en hún hafi áður haft, til að ná meðlagi með barni sínu, þar sem þó einmitt 4. gr. frumv. veitir henni þann rjett, að geta krafizt meðlagsins úr sveitarsjóði þess hrepps, er barnsfaðirinn hefur aðsetur í. Eptir núgildandi lögum getur hún alls eigi krafizt meðlagsins með barninu af neinum sveitarsjóði; hún getur nú að eins krafizt af sveitarsjóði, að hann láti sig ekki líða nauð. Þetta frumv. veitir móðurinni þann nýja rjett, að geta fengið meðlagið með barninu, þótt faðir þess þrjózkist og greiði henni ekkert. Þetta er rjettarbót og meiri rjettarbót en það, sem h. nefnd fer fram á, því það er mjög lítil rjettarbót, eins og h. nefnd gjörir, að gjöra úr meðlaginu ekkert annað en sveitarstyrk.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Annaðhvort er, að jeg hef ekkert skilið í framfærslulögum vorum, eða jeg hef skilið þau rjett. Jeg hef skilið þau svo, að faðir óskilgetins barns sje skyldur til, ef með þarf, að veita því framfærslustyrk til

þess það er 16 ára. *(Landsh.*: Það er enginn að neita því). Framarlega í 4. gr. stjórnarfrumv. er ekkert, sem eykur rjett móðurinnar til að ná meðlaginu hjá barnsföðurnum. *(Landsh.*: En dvalarhreppur hans?). Já, það er sú eina breyting, að hún getur fengið meðlagið greitt af dvalarhrepp barnsföðursins. En þá get jeg eigi betur sjeð, en sú breyt. nefnd. auki enn meir rjett móðurinnar, þar sem hún getur samkvæmt breyt. nefnd. snúið sjer til dvalarhrepps *síns*, en frumv. stjórnarinnar veitir henni að eins rjett til, að snúa sjer til dvalarhrepps *barnsföðurs* hennar. Það liggur þó í augum uppi, að fljótlegra er fyrir hana, að fara þann veg, sem nefndin heimilar henni, heldur en þann, sem stjórnarfrumv. heimilar, því að vistarhreppur hennar er þó ætíð til, þar sem vistarhreppur barnsföðursins getur verið í öðru landi.

Jón Ólafsson: Jeg vil gjöra eina fyrirspurn til h. nefndar, nfl. hvort henni hafi eigi gleymzt að koma fram með eina breyt.till. Á þingskj. 101 hefur h. nefnd komið með þá breyt.till., að í niðurlagi 3. gr. eptir nefndarál. skuli breytast svo, að vistarhreppur barnsföðurs á getnaðardegi barnsins skuli koma í stað framfærsluhrepps hans. Þessi breyt.till. er aptur breytt á þingskj. 117 á þann hátt, að í stað: getnaðardegi barnsins, komi: 40 vikum fyrir fæðing barnsins. Þetta skil jeg allt mjög vel. En jeg sje ekki, að nein breyting sje fram komin við þau ákvæði 3. gr., sem segja, að fje skuli að eins leggja með þeim óskilgetnu börnum föðurs, er *getin* voru á undan síðasta hjónabandi hans. Jeg hygg, að einnig þyrfti að breyta þessu, því það getur valdið þrætum og úrskurðir orðið mjög erfiðir um það, hvaða dag barn er getið, einkum ef það fæðist á þeim tíma, að getnaðardagurinn muni hafa fallið nærri brúðkaupsdegi föðursins. Jeg skil ekki annað en að h. nefnd gerði vel í, að breyta þessu líka, — úr því sú skylda er ekki lögð með lögum á mæðurnar, að halda neina *kontrabók* í þessum tilfellum!!

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess, að þetta orð í íslenzka texta frumv. „er *getin* voru á undan hinu síðasta hjónabandi", er víst fram komið af misskilningi á danska textanum, og ætti að vera: „fædd voru á undan" o. s. frv., því að í danska textanum er það orð, sem haft er yfir „fædd", en ekki „getin". Jeg hef því ætlað mjer að koma með breyt.till. í þessa átt við 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. nefnd. á þingskj. 117 (C. 210) samþ. í einu hlj., og var 1. gr. frv. (C. 97) og hjá nefnd. (C. 193) þar með fallin; 2. breyt. nefnd. á þingskj. 117 samþ. í e. hlj., og 3. án atkvæðagr., — þar með fallin fyrri breyt. nefnd. við 2. gr. (sjá C. 193), en hin síðari var samþ. án atkv.gr.; þá var 2. gr. frv. þannig breytt samþ. í e. hlj. Því næst var breyt. nefnd. á þingskj. 101 (C. 200) við 3. gr. í breyt. hennar á þingskj. 84 (C. 193) samþ. með 8 samhlj. atkv. og sú breyt. (84) síðan samþ. með 10 atkv., en breyt. 110 (C. 207) þar með fallin, og sömul. 3. gr. frv. (C. 97). Þá var 4., 5. og 6. breyt. á þingskj. 117 samþ. með 7 : 3, með 8 og með 9 atkv., og síðari breyt.till. á 101. þingskj. samþ. með 9 atkv., og að því búnu 4. gr. bjá nefndinni (C. 193) með áorðnum breyt. samþ. með 6 samhlj. atkv., en 4. gr. frv. (C. 97) þar með fallin. Þá var 7. breyt. á þingskj. 117 samþ. með 9 atkv. og 8. án atkv.gr., og fyrri hluti 5. gr. hjá nefndinni (C. 193) þannig breytt samþ. með 9 atkv., en síðari hlutinn felldur með 6 : 5 atkv.; 5. gr. frv. (C. 97) þannig breytt samþ. í e. hlj. Breyt. nefnd. (þingskj. 84) við 6. gr. samþ. með 8 atkv., 6. gr. frv. þar með fallin. Breyt. við fyrirsögnina (C. 194) samþ. með 7 : 1 atkv. Fyrirsögnin með áorðnum breyt. samþ. með 8 atkv. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um varnarþing í skuldamálum og ýms viðskiptaskilyrði (C. 206); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Frumvarp þetta er fram komið til þess, að bæta úr þeim vandkvæðum, sem eru á, að reka rjettar síns í skuldamálum hjer á landi.

Jeg veit, að það er almenn ósk, að lánstraustið sje sem ódýrast, og jafn fátæk þjóð, eins og vjer Íslendingar erum, þarf þess sannarlega með; en til þess að lánstraustið geti orðið ódýrt, þarf nauðsynlega að gjöra eitthvað til, að tryggja lánstraustið, tryggja rjett lánardrottins; því að því *tryggara* sem lánstraustið er, því *ódýrara* verður það.

Öll vanskil og allur sá kostnaður, sem af þeim leiðir, leggst á þá, sem standa í skilum; þeir, sem hafa viðskipti að atvinnu, láta sjer ekki í hug koma, að bera þann skaða sjálfir, sem eðlilegt er — enginn rekur atvinnu til að skaðast á henni.

Jeg vona að það sje auðsætt, að yrði þetta frumv. að lögum, mundi það verða til mikilla bóta, eigi að eins fyrir þá, sem slíka atvinnu reka, heldur fyrir alla, og skal jeg svo eigi fara fleirum orðum um það að þessu sinni, meðan engin mótmæli eru fram komin, og þar sem eigi er leyfilegt á þessu stigi málsins að fara út í einstakar greinir.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um friðun æðarfugla (C. 163, 209); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Friðrik Stefánsson): Eins og h. þingd. er kunnugt, eru komnar 2 bænarskrár til þingsins, sem liggja frammi á lestrarstofunni, um friðun æðarfugla, önnur frá kjósendum mínum í Skagafirði, hin frá Æðarræktarfjelaginu á Breiðafirði, því menn álíta lög frá 20. júní 1849 eigi nægileg friðunarlög, því reynslan er búin að sanna það. Það er því sannarlega ástæða til fyrir oss, að hlynna að þessum atvinnuvegi, sem er mikilsverður, en gæti þó margfaldast og orðið ein hin mesta auðsuppspretta fyrir land vort, en til þess þurfa ströng friðunarlög. Eptir skýrslum frá 1886 var flutt út næstum 120,000 kr. í æðardún, en 1887 tæpar 100,000 kr.

Það sem bænarskráin úr minu kjördæmi fer fram á, og eins sú frá Breiðafirði, er, að hert sje á sektunum fyrir æðarfugladráp, og að sá, sem kemur upp brotinu, fái meiri hluta af sektunum. Jeg álít þetta atriði mikilsvert, því að það mundi verða stórum meiri hvöt til að ljósta upp um þá, sem brjóta friðunarlögin, heldur en nú á sjer stað. Fengi upplýstarmaður t. d. $^2/_3$ sektarfjárins, eins og frumv. þetta fer fram á, mundi það sannast, að æðarfugladráp kæmi optar fram fyrir dagsins ljós, en nú á sjer stað. En eins og það er nauðsynlegt, að friða fuglinn, þá er hitt og nauðsynlegt, að friða eggin. Þeir varpeigendur eru þó til, eins og jeg hef áður tekið fram, sem taka allt of mikið af eggjum, og vinna þannig hið mesta tjón bæði sjálfum sjer og öðrum, og það er gagnvart þessum mönnum, sem þarf að setja lög, sem takmarka óhóflega eggjatöku. Hinir hyggnari taka víst mjög lítið af eggjum, og væri það rjett, sem jeg hef heyrt, að það geti enda verið til bóta, að tekið sje lítið eitt af eggjum, þá hefði jeg ekkert á móti, að koma við 2. umr. með breytingu í þá átt, að einungis verði bönnuð öll sala á æðareggjum. Jeg held einnig, að það mundi hafa góð áhrif á hugsunarhátt manna, að það mundi hvetja menn til hlýðni við friðunarlögin, ef varpeigendurnir sjálfir gengju á undan með góðu eptirdæmi. Meiri hlutinn verður því að halda þessum aðalatriðum frumv. fast fram, og vona jeg, að h. deild verði máli þessu hlynnt, ef hún vill vera sjálfri sjer samkvæm; því hvaða samkvæmni væri í

því, að vera að veita stórfje að láni til eflingar æðarvarpi, ef menn þá vildu eigi að hinu leytinu vernda það með nægum friðunarlögum frá eyðingu og skemmdum. Jeg skal svo eigi fjölyrða meir um þetta mál að sinni, en treysti góðum undirtektum h. deildar í máli þessu.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg ímynda mjer, að þó ástæður þær, sem jeg hef fært fyrir skoðun minni, sjeu stuttar, þá sjeu þær full greinilegar, og ætla mjer því eigi að fara fleiri orðum um málið.

E. Th. Jónassen: Það er kunnugt, að æðarvarpsfjelagið við Breiðafjörð lætur sjer annt um, að kæmust á önnur lög, en nú gilda, um dráp á æðarfugli. Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, miðar í þá átt, og þó mjer líki eigi alls kostar vel við sumt í því, hygg jeg það geti með nokkrum breytingum orðið til mikilla bóta.

Þó lögin 20. júní 1849 megi heita góð lög og greinarnar í þeim um dráp á æðarfugli sömuleiðis, þá eru þó sektirnar of lágar, og því væri gott að fá ný ákvæði um þetta atriði. Það vill og brenna sumstaðar við, að varp er skemmt með of mikilli eggjatöku og eggjasölu. Það kann að vera, að minni hlutinn hafi rjett fyrir sjer í því, að eigi beri að setja lagaákvæði um þetta, því eptirlitið sje svo erfitt; en það er þó eigi ómögulegt, og slík ákvæði eru heldur eigi nein nýlunda, því í lögum fyrir Færeyinga 29. marz 1887 eru ákvæði um eggjatöku, og hefur þá ríkisþinginu danska eigi þótt það fráleitt eða ótiltækilegt, að hafa slík ákvæði í lögum. Jeg vil bera mig saman við nefndina og reyna að fá ákvæði í frumv. um þetta efni, sem mönnum gæti komið saman um. Mjer er kunnugt um, að sala á eggjum opt og tíðum gengur úr hófi, og að hinu leytinu álít jeg lögin allt of væg gagnvart þeim, sem drepa æðarfuglinn. Þar sem hjer er að ræða um jafn arðsama atvinnugrein, eigi hvað sízt fyr vesturamtið,, þá vil jeg sem amtmaður yfir vesturamtinu skerpa hegningu þá, er tilsk. 20. júní 1849 ákveður fyrir æðarfugladráp, enda er mjer kunnugt um, að á Vesturlandi og víðar er megn óánægja yfir því, hve hægt þeir menn sleppa, sem gera sig seka í æðarfugladrápi; einkum gagnvart útlendingum er 1 krónu sekt fyrir fuglinn allt of væg hegning, þar sem skaðinn óefað er margfaldur við þá upphæð. Jeg skal svo eigi fjölyrða meir um þetta, en vona, að h. deild taki vel undir endurskoðun á þessum atriðum veiðilaganna frá 1849.

Jakob Guðmundsson: Aðalágreiningsatriðið milli meiri og minni hlutans er, að minni hlutinn álítur eptirlitið eigi hægra eptir frumv. en áður, en meiri hlutinn álítur það einmitt hægra, af því þeir mega eigi nota fuglinn sjálfir; ef æðarfugl finnst hjá einhverjum, þá er ætíð hægt að vita, hvort hann er kominn frá hreppsnefnd eða ekki. Í hinni upphaflegu uppástungu að vestan var farið fram á, að ónýta alla dauða æðarfugla, en margir voru á móti því, og þess vegna hefur meiri hlutinn breytt því þannig, að hreppsnefndin mætti útbýta því er nýtilegt kynni að vera af fugli og eggjum til fátæklinga.

Júlíus Havsteen: Á alþingi í hitt eð fyrra kom fram frumv. um breyt. á tilsk. 20. júní 1849, en það fór eigi fram á annað, en að hækka sektina fyrir það að drepa æðarfugl (11. gr. tilsk.) upp í 10 kr. Frumv. þetta kom því miður of seint til þess, að geta náð fram að ganga. Sektirnar eptir tilsk. 20. júní 1849, 1 kr. fyrir hvern æðarfugl, sem drepinn er, eru í sjálfu sjer of lágar, og sjer í lagi vegna þess, að sjaldan verður uppvíst um meir en einn fugl drepinn, og þeir, sem drepa æðarfugl, sleppa allt of vel, nema ríflegur málskostnaður bætist við og þeir máske jafnframt hafi gjört sig seka í öðrum afbrotum gegn nefndri tilsk.

Hvað eggjatökuna snertir, þá vildi jeg helzt, að hún væri óumtöluð. Mjer þykir það ekki eiga við, að fara að setja mönnum reglur um það, hvernig þeir eigi að fara með æðarvörp sín. Það væri að reducera þá í skrælingja, og jeg ætla, að varpeigendur yfir höfuð nú á tímum taki ekki fleiri egg, en góðu hófi gegnir.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg er eigi svo fastur á, að sektirnar sjeu eigi hækkaðar; jeg vissi eða hjelt, að brotin mundu sjaldan komast upp. Sem sagt, jeg er ekkert á móti sektahækkuninni; á hin önnur ákvæði get jeg alls ekki fallizt.

Jón Ólafsson: Jeg er samþykkur h. 1. kgk. þm. (Júl. H.), að æskilegt væri, að hækka sektirnar, en jeg er einnig samdóma meiri hlutanum, að næsta sje óeðlilegt að banna mönnum æðarfugladráp, en leyfa eggjasölu. Jeg held það væri ástæða til að taka þar eitthvað í taumana. Mjer hefur opt blöskrað að sjá t. d. þegar Mýramenn koma hjer á vorin með heila bátsfarma af gráunguðum æðareggjum; það er eggja-*salan*, sem tælir þá til að taka eggin og skemma með því varpið fyrir sjálfum sjer. Þótt mönnum kunni að þykja nærgöngult, að skipa fyrir með lögum um það efni, er mest varðar varpnotendur sjálfa, þá verður að gæta þess, að sá, sem hefur afnot varps, opt og tíðum á það eigi sjálfur; margar af varpjörðunum eru opinber eign, og jeg þekki dæmi til þess, að vörp, sem hafa fylgt prestaköllum, hafa verið skammarlega niðurnídd. Jeg held það sje því á góðum rökum byggt, sem h. framsögum. meiri hlutans (Fr. St.) fór fram á, að gjörður væri greinarmunur á eggjatöku til sölu og eggjatöku til eigin hagnýtingar. Brotgegn eggja*sölu*banni er hægt að koma upp, og því rjett að banna söluna, enda er hún skaðlegust og leiðir til þess, að eggjatakan keyrir fram úr öllu hófi. En hófleg eggjataka getur verið eigi að eins óskaðleg, heldur jafnvel til bóta. Sjeu eggin tekin, verpir fuglinn að nýju, til þess að fylla í skarðið, og með því að merkja eggin, geta menn sneitt hjá þeim, sem eru orðin gömul og unguð. Jeg er því persónulega kunnugur, að dúntekja hefur aukizt á 20 árum frá 40 til 150 pd., þrátt fyrir hóflega eggjatöku; en það ætti samt að leggja hemil á hana, og það væri einmitt bezt með því, að banna eggja*söluna;* hana er hægt að *kontrollera.* Hækkun á sektunum fellur mjer einnig vel í geð; það sannast opt að eins um einn fugl, þótt viðkomandi sje sekur um fleiri, og þá sleppur hann með að eins eina krónu; reyndar er öðru máli að gegna, ef hann skýtur of nærri varpi, því þá má dæma í háar skaðabætur til varpeigandans, fyrir utan málskostnað, sem af brotinu kann að leiða. Jeg verð því meðmæltur, að hækka sektirnar þar, sem skaðabætur til varpeigandans eigi komast að.

Júlíus Havsteen: Þar sem h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að það væri bezt að banna eggjasöluna, sem væri í sjálfu sjer skaðlegust og leiddi til þess, að eggjatakan keyrði úr hófi fram, enda hægt að kontrollera hana (söluna), þá er jeg honum alveg samdóma um þetta. Þegar jeg talaði áðan, hafði jeg fyrir augum egggjatöku yfir höfuð; að kontrollera hana, er ógjörningur, og jeg get ómögulega haldið, að það skaði varp, þótt eigandi taki nokkur egg til eigin hagnýtingar, eða til þess að gefa kunningjum sínum.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Sextándi fundur, laugardag 20. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 134, 201, 219); 2. umr.

Jón A. Hjaltalín: Eins og tekið var fram við frh. 1. umr. þessa máls, liggja

hjer í áliti nefndarinnar opin fyrir h. þm. rök beggja, bæði hins meiri og hins minni hluta nefndarinnar; fyrst og fremst segir meiri hlutinn, að hann hafi ekki getað fallizt á frv. mitt, því að, jafnvel þótt hann kannist við, að nauðsynlegt sje, að gjöra kjósendum hægra fyrir að neyta kosningarrjettar síns, þyki honum samt ekki þörf á, að gjöra þeim eins hægt fyrir að neyta hans, eins og farið er fram á í frv. mínu. En þá vil jeg spyrja: Hvað er það, sem h. meiri hluti óttast? Hvað er hann hræddur við? Mig langar til að fá að vita það.

Meiri hlutinn gefur það sem ástæðu fyrir því, að ekki sje ástæða til, að veita kjósendum eins greiðan aðgang til kjörfunda, eins og gjört er í frv. mínu, að hann óttist, að það muni valda enn meiri tvístringi í kosningunum, ef kosið verði í hverjum hreppi; en fyrir þetta er girt með ákvæðunum í 5. gr. frv. míns. Jeg verð enn að álíta það haganlegra, að halda þeirri skipting, sem er alkunnug og allir hafa vanizt, heldur en hitt, að taka upp nýja skipting, sem landshöfðingi til tekur eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða, eða þá eptir eigin geðþótta, því að ákvæði meiri hlutans gjöra alls eigi landshöfðingja skyldan til, að fara að neinu leyti eptir tillögum sýslunefnda nje amtsráðs; hann hefur samkvæmt fyrirmælum 1. gr. hjá meiri hlutanum fyllsta leyfi til, hvað sem sýslunefndir og amtsráð segja, að ákveða 2 eða fleiri kjörstaði í sýslu hverri. Hið eina, sem landshöfðingi er skyldur til, er að hafa kjörstaðina ekki færri en 2; að öðru leyti er hann ekkert bundinn; sýnist honum að hafa þá að eins 2, er honum það heimilt, hvað sem sýslunefndir og amtsráð segja. Mjer finnst þannig, að auðveldlega geti komið fyrir, að minna verði úr hægðinni, heldur en sjálfur meiri hlutinn vill og kann að hafa hugsað sjer. Auk þessa finnst mjer málið á sumum ákvæðum í greinum meiri hlutans vera mjög óskýrt; jeg er kannske ekki skilningsskarpur, en jeg skil ekki síðari hluta 2. gr. hjá meiri hlutanum; en jeg get vel hugsað mjer, að kjörstjórn kjördæma verði opt ekki öllu skarpari að skilja þau ákvæði heldur en jeg.

Í öðru lagi vill meiri hlutinn ekki taka upp í þetta frv. þær greinar úr kosningarlögunum 14. sept. 1877, sem óbreyttar eru í frv. mínu, heldur vill hún láta þær standa hjer og þar í lögunum, sumar höfuðlausar, sumar bol-lausar og enn aðrar fótalausar. Þessar greinar vill hann tína saman og rimpa saman með skónál, — ef hann annars hefur skónál — hingað og þangað innan um lögin. En til að bæta úr þessu á svo landshöfðinginn að semja reglugjörð fyrir kjörstjórnir og steypa saman í hana það sem lifir af kosningarlögunum 14. sept. 1877 og ákvæði þessara laga. Það er öldungis eins og smádrengir, sem byggja vörðu í holti og tína saman og kasta þangað smásteinum, til að fella hana aptur um koll. En það er og annað við þessa vörðubyggingu, að með því er blandað saman löggjafarvaldinu og umboðsvaldinu á óeðlilegan og ruglingslegan hátt; alþingi á að halda þeirri reglu, sem það hefur haldið, að ákveða sjálft um kosningar; það á ekki að taka þetta vald af alþingi og fá það í vald umboðsstjórninni að sumu leyti.

Samkv. 11. gr., sem á að verða 4. gr., er ákveðið, að kosning skuli fram fara á þeim þingstað, sem næstur sje miðju kosningardæmisins, „en sje hann óhentugur, þá á öðrum stað, sem amtmaður tiltekur eptir uppástungu sýslunefndarinnar“. Þetta er líka óþarfa vafningur, og úr því landshöfðingi átti að ákveða tölu kjörstaðanna samkv. 1. gr., því er þá amtmaðurinn nú í 3 gr. látinn ákveða stað kjörstaðanna? Því er ekki landshöfðingi líka látinn gjöra það? Jeg sje, sem sagt, enga þörf á þess-

um vafningum öllum, sem ekki verða til annars en óhægðarauka fyrir kjósendurna. Og úr því meiri hlutinn er mjer samdóma um það, að æskilegt sje að gjöra kjósendunum hægra fyrir, að neyta kosningarrjettar síns, þá ætti hann ekki að taka það aptur með annari hendinni, sem hann hefur gefið með hinni.

Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta mál að sinni.

Sighvatur Árnason: Jeg vil leyfa mjer, að gjöra fáeinar athugasemdir bæði við frv. þetta og álit nefndarinnar.

Jeg er einn af þeim, sem verð að játa, að nauðsyn ber til, að gjöra breytingar á kosningarlögum vorum frá 14. sept. 1877 í þá átt, sem hjer er farið fram á; en því miður hefur ekki nefndin komið sjer saman um, hvern veg skuli velja til þess að fyllilega sje bætt úr þeim erfiðleikum, sem víða eru á landi voru í því, að neyta kosningarrjettar síns. Jeg skal ekki fara langt út í þá erfiðleika, sem eru á því, að sækja kjörfundi víða, því að öllum, sem veita því eptirtekt, mun kunnugt um nauðsyn á breytingu í þessa átt. En þeim til skýringar, sem efablandnir kunna að vera, skal jeg taka það dæmi, að sumstaðar þurfa kjósendur að verja til þessara ferða 3 dögum; svo er t. d. í Öræfum og Mýrdal í Skaptafellssýslu. Aptur á ýmsum öðrum stöðum þurfa menn 2 daga o. s. frv. til að sækja kjörfund. — Þessir erfiðleikar, þessi tímaeyðing mun vera aðalástæðan til þess út um land, hve illa kjörfundir eru sóttir.

Um þetta aðalatriði, að bæta þurfi úr þessum erfiðleikum, kemur allri nefndinni saman. En þegar til þess kemur, að ákveða, *hvernig* skuli úr þeim bæta, þá skilja vegir; en þá verð jeg að játa, að jeg kann betur við þá leið, sem meiri hlutinn velur, nfl. þá, að skipta kjördæmum eigi alveg eptir hreppum, því að jeg álít óþarft, að skipta smærra en svo, að kjósendur geti farið á kjörfund að morgni og komizt heim að kveldi. Það getur víða hagað svo til, að þetta sje hægt, þótt 2 til 4 hreppar sjeu sameinaðir; þannig er t. d. með Flóahreppana í Árnessýslu. Þar geta kjósendur auðveldlega farið að heiman að morgni á kjörfund og náð heim að kveldi aptur; eins getur verið ástatt víðar. Það er vitaskuld, að þótt farið sje eptir áliti minni hlutans, veldur það engum kostnaðarauka, þótt kosið væri í hverjum hreppi. En jeg vil benda á það, að jeg álít það óeðlilegt í frv. minni hlutans, að ekki er ætlazt til, að kjörstjórn fái neina þóknun fyrir verk sitt; þetta er þó vandasamur starfi, og nauðsynlegt, að til þess fáist glöggir og áreiðanlegir menn, svo að það er varla ætlandi, að þeir vinni það verk sitt fyrir ekki neitt.

En við það að skoða betur ofan í kjölinn hið annað ágreiningsatriði meiri og minni hlutans, get jeg ekki verið samdóma meiri hlutanum, að ekki sje rjettara og eðlilegra, að taka upp í frv. þetta og tæma alveg þær greinar í hinum eldri kosningarlögum, sem á annað borð er breytt með þessu frv. Það getur aldrei orðið annað en ruglingslegt og til að valda villu í löngum lögum, að hvað sje innan um annað, heilar og hálfar greinir í gildi og ekki í gildi. Því eptir því sem fyrir liggur, getur það ekki orðið neitt margbrotið, að taka upp í frv. þau ákvæði laganna, sem eiga að standa óhögguð eptir sem áður, nefnilega frá 19. gr. til enda, eins og minni hlutinn gjörir. Sem sagt, jeg get þannig hvorki fylgt meiri hlutanum nje minni hlutanum í öllu, en hallast heldur að meiri hlutanum, ef hann vill til 3. umr. taka upp í frv. þær greinar úr lögunum, sem verða í gildi eptir sem áður eða breyttar að einhverju leyti. Þannig er með 19. og 20. gr. laganna; þær geta eptir till. meiri hlutans fallið; 21.—24. gr. yrðu sumpart í gildi og sumpart ekki; 25.—27. gr. halda að líkindum gildi sínu; 28.—30. gr. verða ógildar; 31.—33. gr.

verða gildar; 34. gr. verður ógild; 35. gr. verður bæði gild og ekki gild; 36. gr. heldur gildi sínu; sömuleiðis 37. gr.; svo og 38. gr., nema ef það er meiningin, að kjörþingisoddvitinn fái þóknun fyrir starf sitt, eins og kjörstjórn í gildandi lögum; það er ekki ljóst eptir frv. meiri hlutans. 39.—40. gr. halda víst gildi sínu. Þetta álít jeg mjög athugavert við álit meiri hlutans, og óska, að hann vildi taka það til greina. Jeg vil gjöra þá athugasemd um viðaukann, sem er við 21. gr., að annaðhvort skil jeg ekki rjett, eða þar er villa, þar sem stendur: „að því leyti sem þær eru *ekki* teknar upp í frv. þetta"; þetta orð „ekki" ætti víst að falla burtu, ef hjer er átt við álit minni hlutans, en þessi viðauki er ófeðraður og getur átt við meiri hlutann.

Jeg get ekki láð minni hlutanum það, þótt hann hafi ekki treyst sjer til, að ákveða þóknun handa öllum hans kjörstjórnum, þar sem kjörstaðirnir verða svo margir eptir hans uppástungum. En sem sagt, jeg get ekki fellt mig við, að kjörstjórn skuli vinna verk sitt alveg umbunarlaust, og vil því heldur fylgja stefnu meiri hlutans, með því að kostnaðurinn verður minni, þar sem kjörstaðirnir verða færri eptir tillögum hans.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Það kemur öllum saman um það, að nauðsyn beri til, að gjöra á einhvern hátt kjósendum hægra fyrir að neyta kosningarrjettar síns, og þykist jeg þess viss, að lög um það muni fá framgang hjer í deildinni og á þinginu. H. þm. Rangv. (S. Á.) hefur nú fært hinar sömu ástæður, sem meiri hluti nefndarinnar, móti því, sem minni hlutinn vill, sem sje, að hafa kjörþing í hverjum hreppi, því að það virðist óþarft, og sú ákvörðun jafnvel hafa með sjer meiri ókosti, heldur en kosti. Jeg skal því eigi svara meira upp á það.

En um hitt ágreiningsatriðið í nefndinni, hvort taka skuli upp í frv. allar þær greinar í kosningarlögunum, sem teknar eru óbreyttar upp í frv. þetta, — um það atriði skal jeg láta í ljósi þá skoðun meiri hlutans, að hann álítur það alls eigi standa á miklu, hvort gjört er, og mun fús taka til athugunar með h. þm. Rangv. (S. Á.), og koma sjer saman við hann um endilega niðurstöðu.

Samkvæmt 2. gr. hjá meiri hlutanum er skýrt tekið fram, að það er kjörstjórn kjördæmisins, sem tekur á móti framboði þeirra, sem bjóða sig til þingmennsku. Þessi framboð sendir hún síðan kjörþingisstjórninni og á það að vera gjört viku á undan kjördegi, en þótt framboðið komi svo seint, að kjörþingisstjórnin fái það ekki fyrri en sama dag, sem kosningar eiga fram að fara, er hún samt skyldug að taka það til greina.

Skúli Þorvarðarson: Jeg verð einnig að hallast fremur að meiri hlutanum í því, sem hann greinir á við minni hlutann viðvíkjandi fjölda kosningarstaðanna. Mjer finnst ekki nægar ástæður vera til þess, að hafa kosningarsvæðin smærri, en hann fer fram á. Sýslunefndirnar hafa þann kunnugleik til, hver hjá sjer, hvernig til hagar, að þeim er vel til þess trúandi, að setja þau ákvæði í því efni, sem fullnægjandi eru *(J. A. Hj.*: Sýslunefndir ráða því ekki). Mjer finnst ekki líkur til, að amtsráð og landshöfðingi raski því, sem sýslunefndir leggja til í því efni; í öðru lagi held jeg, að fremur myndist við þessa mörgu kjörstaði meiri flokkadrættir og sundrung á kosningunum. Jeg vildi leyfa mjer að gjöra eina athugasemd við 16. gr. frv. Jeg get hvorki fellt mig við ákvæði meiri nje minni hlutans í því, að þegar 2 eða fleiri fá jöfn atkvæði, skuli annaðhvort kjörstjóri gjöra út um, hver kosinn er, eða þá aldur þeirra ráða. Jeg kann hvorki við, að kjörstjóri sje rjetthærri en aðrir kjósendur, nje heldur við hitt, sem meiri

hlutinn til tekur um aldurstakmarkið. Jeg felli mig ekki við það, að aldur og apturför geti leitt til þess, að gjöra nokkurn hæfari til og betur til fallinn að sitja á þingi. Jeg hygg, að menn geti verið of gamlir til þess, eins og of ungir, að vera nýtir þingmenn. Jeg hefði því kunnað betur við, að svo væri ákveðið, að strax rjeði hlutkesti, ef 2 eða fleiri fengju jöfn atkvæði.

E. Th. Jónassen: H. flutningsm. þessa frv. (J. A. Hj.) gat þess við 1. umr., að það væri siður í öðrum löndum, að kosta kapps um, að gjöra mönnum sem hægast fyrir að njóta pólitísks rjettar síns og sækja kjörfundi. Samkvæmt þessu fer frv. þetta fram á, að kjörþing skuli vera í hverjum hreppi. Jeg er samdóma þessu, að gjöra beri kjósendum sem hægast, að neyta kosningarrjettar síns, og þar sem svo er ástatt hjer á landi, að örðugleikar eru miklu meiri en annar staðar á því, að geta sótt kjörfundi, — og þar af leiðandi ráða þeir opt úrslitunum, sem næstir búa kjörstaðnum — liggur það í augum uppi, að því hægra sem mönnum er gjört fyrir, að sækja kjörfundi, því betur er tryggður rjettur kjósendanna. Það er að sönnu bót frá því, sem nú er, sem h. meiri hluti stingur upp á í þessu efni, en minni hlutinn bætir þó enn betur úr með því, að ákveða kjörþing í hverjum hreppi. Og þar sem þessi ákvörðun minni hlutans hefur heldur ekki neinn aukinn kostnað í för með sjer, verð jeg að hallast að honum og þeim breytingum, sem því eru samfara, og mun því greiða atkvæði á þann hátt, þegar til þess kemur.

Jón Ólafsson: Jeg fyrir mitt leyti hallast að minni hlutanum; en jeg er samdóma bæði meiri hlutanum og minni hlutanum í því, að gera mönnum hægðarauka með að nota kosningarrjett sinn. Meiri hlutinn hefur eigi getað komið sjer saman við minni hlutann um það, hvernig kjördæmunum skuli hagað; finnst mjer minni hlutinn hjer ganga lengra í því, að ljetta mönnum kosningarnar með því, að vilja gjöra hvern hrepp að kjördæmi; en þetta kallar meiri hlutinn óþarfa, að hver hreppur skuli verða kjördæmi út af fyrir sig. Þm. Rangv. (S. Á.) áleit hæfilegt, að svo langt væri að kjörfundarstað, að menn gætu farið að heiman að morgni og heim að kveldi. Jeg veit nú eigi, hve auðvelt það er, hvorki hjer í salnum nje heima í sýslum, að ákveða þann kjörfundarstað, að hægt sje, að komast að heiman og heim aptur samdægurs. Sýslunefndirnar sjálfar geta það eigi. Því til þess þarf að vita fyrir fram, eigi að eins hve langur vegurinn er, heldur og hvað kjörfundurinn verður langur. Því meir sem hið pólitiska líf þróast meðal vor, sem óskandi og vonandi er að það gjöri, því lengri má búast við að kjörfundir verði; menn setja fram skoðanir sínar, og spyrja mótstöðumenn sína, reyna að hrekja skoðanir þeirra o. s. frv. Yfir höfuð að tala verða fundirnir því lengri, sem hið pólitiska líf verður meira. Kjörstjórum á að vera frjálst, að leyfa langar umræður, allt hvað eigi dregst fram úr öllu hófi, og eins og kjörstjórar munu hingað til almennt hafa verið mjög frjálslyndir í þessu efni, þannig er óskandi og vonandi, að hinu sama haldi áfram, og sízt ætti alþingi með vanhyggilegri lagasetning, að stuðla til þess, að þrengja málfrelsið á kjörfundum. En það tel jeg því mjög óhyggilegt, að ákveða með lögum, þótt óbeinlínis væri, hve lengi kjörfundur má standa, eða með öðrum orðum: þrengja tímatakmark hans og neyða kjörstjórnina til, að leggja band á málfrelsi manna á kjörfundum. En að ákveða, að menn skuli geta náð heim að kveldi, ef til vill hálfa dagleið eða vel það, það yrði sama sem að binda hendur kjörstjórnarinnar um það, hve lengi fundur gæti varað. *(S. Á.:* Því var svona kastað fram).

Jeg veit eigi til hvers því er fram kastað, nema sem reglu, sem hafa megi fyrir augum, þótt nefndin hafi ekki beinlínis sett það í lögin; en menn eiga allt af að hafa einhverja *skynsamlega* reglu fyrir augum, og þessi regla á að vera svo, að hún geti staðizt og náð tilgangi sínum, hvort sem hún stendur *í* lögunum eða *á bak við* þau. Hreppaskiptingin er náttúrleg, því hún er byggð á því, hve landið sje hægt yfirferðar og liggi vel við til samsóknar á fundi; jeg sje því eigi neina sjerstaka ástæðu til þess, að hafa 3 eða 4 hreppa saman í einu kjördæmi, heldur en láta hvern hrepp vera kjördæmi sjer. Ætti orsökin til þess að vera kostnaðurinn við kjörið, þá er hitt miklu meira vert, að gera mönnum hægara fyrir, að ná kjörfundarstaðnum, með því að hafa þá fleiri.

Af þessari ástæðu gef jeg atkv. mitt minni hlutanum, hvað 1. gr. viðvíkur. — Breyt. við 2. gr. finnst mjer vera ísjárverð og enda alveg óhafandi: ákvæði meiri hlutans, að taka við framboði frá aðalkjörstjórninni, ef það kemur fyrir kjörfund. Mjer þætti eðlilegt, að ákveðinn væri vikufrestur; því hvað getur leitt af þessu? Setjum svo, að kjörstaðirnir sjeu þrír; nú sendir aðalkjörstjórnin framboð, sem ná á 1. og 2. kjörstaðinn, en eigi þann 3.; af þessu leiðir, að sömu mennirnir verða eigi í kjöri á öllum kjörstöðunum; þetta getur haft hin ótilhlýðilegustu áhrif á úrslit kosningarinnar, og hún farið á allt annað en eðlilegan hátt. Það er engin vorkunn þeim er kosning vilja ná, að senda framboð sín í tíma, svo að þau geti komið fram viku á undan kjörþinginu; annars er engin trygging fyrir eðlilegum og rjettlátum úrslitum á kjörþingunum.

Árni Thorsteinsson: Jeg sje, að meiri hluti nefndarinnar fær eigi góðan byr hjá h. þingd. Jeg skal að vísu játa það, að mjer er þetta eigi mikið áhugamál, þótt jeg áliti æskilegt, að frumv. næði framgangi. Fyrst kom hjá meiri hlutanum efasemd um, að minni hlutinn vildi gefa svo hægan aðgang að því, að sækja kosningarnar, sem æskilegt væri. Má vel vera, að svo sje; en aðalástæðan er þó sú, að meiri hlutinn vill, að kjósendurnir sjálfir geti haft áhrif á, hvort þessir kosningarstaðir verði fleiri eða færri. Umfram allt vill hann gera þjóðinni það til skaps, að henni sje sem hentast, að nota kosningarrjett sinn. Jeg vil leggja ofurlitla spurningu fyrir minni hlutann: getur eigi komið fyrir, að lengra sje frá einhverjum stað á kjörstað í sama hreppi en utanhrepps? Þar sem h. minni hluti er hræddur um, að landshöfðingi fái of mikið sjálfræði og of mikið vald, þá held jeg að í raun og veru sje þetta röng hræðsla, þar sem sýslunefndin á að gjöra fyrstu tillögu um kosningarsvæðið. Það getur opt komið upp ágreiningur um, hve stórt það á að vera, og þá þarf á einhvern hátt að skera úr því, svo vel fari, og liggur þá næst, að landshöfðingi eða amtmaður gjöri það. Mig furðar á því, að h. 6. kgk. (J. A. Hj.) skyldi eigi skilja niðurlagsatriði meiri hlutans við 1. gr.; hann kvartaði líka yfir því, að hjá meiri hlutanum skuli vera sleppt úr þeim greinum í hinum gömlu lögum, sem eigi er breytt með frumv.; en jeg verð nú að svara honum því, að fyrst það, sem meiri hlutinn heldur fram, er fótalaust og höfuðlaust, hvað verður þá úr hans frumv., sem prentað er bæði í stórum og smáum stýl? mundi það vera miklum mun erfiðara, ef allt ætti að taka upp í frumv., að þá sje engu gleymt? Eitt er það enn, sem h. minni hluti fann að í 3. tölul., að atkvæði, eptir að kosningu er lokið, skuli að eins talin saman og auglýst kjósendum til fróðleiks. Jeg skal játa það, að þetta má fella burtu, og ímynda jeg mjer, að það muni eigi gjöra skaða eða mein, þó það standi þar. Það gengur sem rauður þráður gegnum frv. meiri hlutans, að breyta sem minnstu, en gefa kjósendum kost á, að ákveða tiltek-

inn kjörstað. Enn er eitt, sem h. minni hluti fann að 13. gr., nfl. þar sem meiri hlutinn fer fram á, að amtmaður skuli ákveða kosningarstaðinn; en jeg vil minna hann á það, að þetta eru sömu ákvæðin og í gömlu kosningarlögunum. Jeg get mjög vel skilið það, sem hinn h. þm. Árn. (S. Þ.) sagði, að það sje óheppilegt ákvæði, að þegar um 2 er að gera, skuli aldur ráða eða hlutkesti; en það eru fleiri vegir en einn til þess, að ráða úr þessu, ef menn eigi fallast á uppástungu meiri hlutans. Sama er að segja um það, sem h. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að kjörþingstjórum eru eigi beinlínis ákveðnir dagpeningar; finnst mjer þetta ákvæði geta staðið til bóta, ef annars verður fallizt á ákvæði meiri hlutans. Nú hef jeg tekið fram helztu ágreiningsatriðin; en ef að eins eitthvað er ógreinilegt hjá meiri hlutanum, má skýra það betur, en það vakti fyrir honum, að breyta sem minnst lögunum frá 1877, en veita kjósendum hægri aðgang til kosninga. Að öðru leyti verð jeg að segja, að mjer er ekki mikið áhugamál um hreppakosningar, en öllu fremur um það, sem farið er fram á í tillögum meiri hlutans, og gef jeg því meiri hlutanum atkvæði mitt. Verði eigi, sem jeg óska, fallizt á tillögur meiri hlutans, verð jeg að geta þess, að frumv. er eins ógreinilegt hjá minni hlutanum, þar sem fyrst er uppástunga, og svo breytingar, og hann ef til vill getur neyðzt til þess, að taka til greina það, sem fram á er farið af meiri hlutanum. Jeg vona samt, þó þessi ágreiningur sje, að menn samþykki tillögur meiri hlutans.

Sighvatur Árnason: Út af orðum h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) vil jeg að eins tala nokkur orð. Mjer fannst hann taka það stinnt upp, sem jeg sagði áðan, að fylgja skyldi meiri hlutanum viðvíkjandi skipuninni á kjörþingunum. Hann hefur eigi gáð að því, sem jeg hafði fyrir augum, að það er öldungis á valdi sýslunefndanna, hvort kjörþing verður í hverjum hreppi eða eigi. *(J. Ól.:* Nei). Jeg get eigi litið svo á þetta mál, að það verði brotið niður, sem sýslunefndirnar leggja til um kjördæmi og kjörþingsstaði hver í sinni sýslu, og þær eru gagnkunnugar í sýslunum og vita vel, hvað kjósendum hagar í því efni, þar sem í þeim er maður úr hverjum hreppi, og eru því eflaust færar um að ákveða kjördæmin og þann stað, til kjörþings fyrir hvert kjördæmi, sem til þess er hentugastur. Mjer datt alls eigi í hug, að gjöra kjósendunum örðugt fyrir, þvert á móti að gjöra þeim sem ljettast, að nota kosningarrjett sinn. En á hinn bóginn vil jeg ekki fara óþarflega langt í þessu efni, sem þá veldur meira skriptavafstri og vafningum við kosningarnar.

Jón A. Hjaltalín: Jeg skal eigi vera langorður að þessu sinni. Skilningur minn á ýmsum greinum er enn þá gagnstæður meiri hlutanum. Jeg er eigi sannfærður um, að vjer höfum tryggingu fyrir því, að kosningarumdæmi meiri hlutans verði svo hagkvæm, sem kjósendurnir æskja. Það er engin trygging í frumv. meiri hlutans fyrir því. Hvað snertir breyt. meiri hlutans á atkvæðaskránni, þó tók jeg þær breyt., sem mjer þótti til bóta við mitt frumv., og setti þær aptan við ágreiningsatkvæði mitt; en þegar þessar breytingar koma fram hjá meiri hlutanum, fá þær aðra afstöðu. Hvað viðbótina snertir, finnst mjer hún vera meinlaus, ef hún annars getur orðið mönnum til hægðarauka, en þó vildi jeg helzt losna við hana.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Jeg get eigi fundið að mótmæli minni hlutans sjeu á rökum byggð; jeg fæ eigi sjeð, að hreppaskiptingin sje eðlileg; hún er til orðin upphaflega af handahófi og miðar sig einkum við innansveitarmál. Vjer vitum, að bæði hreppa, prestakalla og sýslna skipting er til orðin af blindri hendingu. Hreppaskiptingin er eigi heldur alstaðar

heppileg, þar sem menn eru að sækja um að fá að breyta henni. Jeg held þetta geti eigi verið nein meðmæli fyrir minni hlutann, því kunnugir menn vita, að þetta á sjer stað. Þess vegna get jeg eigi verið meðmæltur því, að kjörþing verði í hverjum hreppi, heldur, að 3—4 hreppar, sjeu þeir litlir og hægir yfirferðar, verði í kosningarumdæmi hverju, eptir afstöðunni. Það eru líkindi til, að sýslunefndin ákveði kosningarstaðina, þar sem hentast er að hafa þá, því í henni eru menn úr öllum hreppum, svo engum getur verið kunnugra um en þeim. hvernig heppilegast muni vera að haga þeim. Þó nú svo kunni að fara, að sýslunefndarmennina greini á um kosningarstaðina, þá eru þó öll líkindi til, að þeir komi sjer niður á því rjettasta. Aðalatriðið er, að gjöra kjósendunum hægra fyrir með kosningarnar.

Jón Ólafsson: H. meiri hluti gerði svo mikið úr því, að eptir tillögu sinni ráði kjósendurnir sjálfir skiptingu kjördæmanna. En jeg get eigi sjeð, að svo verði, því ef sýslunefnd og amtsráð greinir á um kjördæmin, hefur landshöfðinginn frjálsar hendur til þess, að ákveða þau eptir sínum geðþótta, og niðurstaðan getur orðið sú, að menn fá eigi þá kjörstaði, sem menn vilja hafa. Jeg get hugsað mjer, að hjer í Gullbringu- og Kjósarsýslu vilji sýslunefndin hafa Mosfellssveitina og Kjósina kjördæmi sjer, með kosningarstað efst í Mosfellssveit; og aptur Hafnarfjörð og Vatnsleysuströnd kjördæmi sjer, með kjörstað í Hafnarfirði; en nú kann amtsráðið að vilja haga kjördæmunum öðruvísi, t. d. hafa Mosfellssveit með Álptanesi og Seltjarnarnesi og Vatnsleysuströnd, og kjörstað í Hafnarfirði. Þá getur landshöfðingi hvorugum fylgt; hann getur aðhyllzt annaðhvort eða tekið upp 3. skiptinguna alveg nýja. Þannig er engin „*garanti*“ fyrir sýslunefndina, að hún fái þá skiptingu, er hún vill. Aptur á móti er hreppaskiptingin sú eðlilegasta, og frá henni verður ekki vikið. H. meiri hluti gjörir eigi grein fyrir því, sem jeg vakti máls á áðan, að ef framboðið nær til sumra kjörstaða, en eigi til allra, þá verður ekki sami maðurinn í kjöri á öllum kjörstöðunum. Setjum svo, að h. framsögum. meiri hlutans (Jak. G.) hefði boðið sig fram, en orðið of seinn og framboðið náð til nokkurra kjörstaða, en eigi til þeirra allra, verða þá úrslit kjörsins rjett? eða hvaða tryggingu hafa menn fyrir því, að framboðin nái á alla staðina?

Árni Thorsteinsson: Jeg skal vera stuttorður að þessu siuni, en jeg vil leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir viðvíkjandi því, sem h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði. Í 1. gr. hafði hann á móti því, að amtsráðið var nefnt, og skal jeg gefa því mitt atkvæði, að þetta falli burtu, því ekki er brýn nauðsyn á því. En meiri hlutanum gekk það til, að hann vildi að fyrirkomulagið yrði sem samkvæmast í umdæmunum öllum, með því að landshöfðingi kvæði á um kosningarstaðina. Minni hlutinn hafði á móti því í 2. tölul., að kjörstjórnin skyldi vera skyld að taka á móti framboðum, ef þau að eins væru komin fyrir kjörþing. Jeg skal eigi neita því, að það er óheppilegt, ef það kemur fyrir, að framboðin ná ekki á alla kjörstaðina; en þó þetta sje leiðinlegt, finnst mjer þeir, sem framboðin hafa gert í ótíma, einungis geta kennt sjer sjálfum um. Þetta er það, sem vakað hefur fyrir nefndinni, og þó það hafi nokkurn óleik í för með sjer, hef jeg samt fallizt á það, því jeg held lög geti eigi ráðið bót á því, og þessi úrslit eru að minnsta kosti þolanlegri, en að þeim, sem bjóða sig fram, sje meinað að vera í kjöri og sviptir rjetti sínum.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal reyna til að vera svo stuttorður, sem mjer er unnt, um þetta mikilsvarðandi mál. Eins og framsögumenn meira og minna hlutans í h. nefnd hafa tekið fram, eru einkum

tvö ágreiningsatriði milli meira hlutans og minna hlutans. Annað þessara atriða er minna varðandi, en þó mikilsvert, og það er það, hvort taka skuli upp í frumv. þetta þær greinar og þau ákvæði úr kosningarlögunum 14. sept. 1877, sem eiga náskylt við frumv., og sem ætlað er til að gildi jafnhliða þessu frumv., eða hvort landshöfðingi semja skuli reglugjörð fyrir kjörstjórnirnar. Að því er snertir þetta atriði, verð jeg að vera á þeirri skoðun, og vona að flestir h. þingd.m. sjeu á þeirri skoðun, að tillaga minna hlutans sje rjettari. Það gjörir glöggleik í löggjöfinni, að halda skyldum ákvæðum í einni heild, en sleppa ekki úr vissum gildandi ákvæðum, svo að það sje ljóst um hverja lagagrein, að hún sje annaðhvort gild eða ógild. Hið annað ágreiningsatriði er það, að minni hlutinn vill rýmka meira um frelsi kjósendanna og gjöra þeim enn auðveldara að njóta kosningarrjettar síns, með því að láta kjósa sjerstaklega í hverjum hreppi, en meiri hlutinn vill láta ákveða 2 eða fleiri kosningarstaði í hverju kjördæmi. Jeg veit, að h. þingd.m., sem hafa mælt með meira hlutanum, og þó jafnvel öllu fremur þeir, er sitja í meira hlutanum, eru eigi síður en aðrir þingdm. á því, að lögin eigi að vera jafnt fyrir alla, og allir menn jafnir gagnvart lögunum; þeir hafa optlega fylgt þessari meginreglu fram, og jeg tel víst, að þeir sjeu í rauninni henni fylgjandi. En þá vil jeg spyrja: Hvenær njóta allir kjósendur jafnt tækifæris til að nota þann rjett, sem stjórnarskráin heimilar þeim til að kjósa þingmenn sína, nema því að eins, að hver megi kjósa í sínum hreppi? Lengra er eigi hægt að fara, af því vjer höfum eigi smærri skiptingar. Jeg veit að vísu, að hrepparnir eru misjafnir að stærð, en þegar hverjum er leyft að kjósa í sínum hreppi, er gefið svo mikið jafnrjetti, sem unnt er. Fyrst allir h. þingd.m. eru ásáttir um það, að lögin eigi að vera jafnt fyrir alla, og allir jafnir gagnvart lögunum, þá leiðir af því beinlínis, að þeir verða að aðhyllast tillögu minna hlutans. Hitt játa jeg, að sumstaðar má vel koma því við, að sameina 2 eða jafnvel 3 hreppa, þar sem hreppar eru smáir og samgöngur mjög hægar, og álít jeg, að taka mætti tillit til þessa samhliða tillögu minna hlutans, nfl. ef svo væri ákveðið, að ef viðkomandi hreppsnefndir æskja þess, og sýslunefnd fellst á, að rjett sje að sameina 2 eða 3 hreppa um einn kjörstað, þá megi amtmaður staðfesta slíka sameining. Með þessu móti gæti jafnrjetti haldizt, og það yrði þá aðalreglan, sem á að vera aðalreglan, að kosið sje í hverjum hreppi, en hitt væri undantekning, er kæmi fram af frjálsum vilja kjósendanna.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Af því að mjer er mjög annt um, að meginregla frv. fái framgang, þá er jeg fús á, að leyta alls þess samkomulags, sem unnt er, við 3. umr. Það getur vel verið, að báðir hlutar geti komið sjer saman um og fallizt á það að einhverju leyti, sem h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) talaði um, og báðir geti komizt að einhverri niðurstöðu, sem jafni ágreininginn.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till., sjá atkvæðaskrá C. 219. 1. breyt. felld með 7 : 4 atkv.; 1. gr. frv. (C. 154) samþ. með 9 atkv.; 2. breyt. felld með 7 : 4; 2. gr. frv. samþ. með með 7 atkv.; 3. breyt. felld með 6 : 3. Þegar hjer var komið atkvæðagreiðslunni, lýsti framsögum. meiri hlutans því yfir, að hann tæki aptur allar hinar eptirstandandi breyt.till. meiri hlutans. Síðan var 3. gr. frumv. samþ. með 9 samhlj. atkv.; 5. breyt. samþ. með 7 atkv.; 4. gr. þannig breytt samþ. með 7 atkv.; 5. gr. samþ. óbreytt með 8 atkv.; 6. gr. samþ. með 7 atkv.; 9. breyt. samþ. með 7:1 atkv.; 7. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv.; 8.—11. gr. samþ. hver um sig í e. hlj.; 15. breyt. samþ. með 8 atkv.; 12. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv.; 17. breyt.

samþ. í einu hlj.; 13. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv.; 14. gr. samþ. með 10 atkv.; 15. gr. samþ. með 9 atkv.; 25. breyt. samþ. með 9 atkv.; 27. breyt. samþ. í e. hlj.; 16. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 17.–21. gr. samþ. hver um sig í e. hlj.; 21. gr. og fyrirsögn frv. samþ. hvort um sig með 10 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Frumv. til laga um breytingar á þingsköpum alþingis (C. 191); 3. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Af því að frumv. þessu var svo vel tekið við fyrri umr., að það hefur gengið fram orðalaust, og án þess það hafi mætt nokkrum andmælum, vona jeg það eigi enn eins góða æfi hjá deildinni það sem eptir er, og finn því eigi ástæðu til að fara frekari orðum um málið.

Landshöfðingi: H. flutningsm. (J. Ó.) tók fram frumv. til hróss, að það hefði hingað til gengið orðalaust gegnum deildina. Það má vera, að hann álíti svo; jeg leyfði mjer að vísu við 1. umr. að koma fram með dálitla athugasemd, en hann hefur kannske ekki álitið hana teljandi. Jeg tók það fram viðvíkjandi seinni greininni, að það væri að mínu áliti ekki nóg að segja, að viðhafa skyldi hlutfallskosningar, án þess að tilgreina nákvæmar, hvernig aðferðin skyldi vera. H. flutningsm. (J. Ól.) hjelt þó, að það væri æskilegt, og sem ástæðu fyrir því áliti sínu færði hann það, að í þingsköpum ríkisþingsins danska væri að eins ákveðnar hlutfallskosningar, án þess aðferðin væri nákvæmar tekin fram. Jeg var þá ekki svo vel undirbúinn, að jeg gæti sagt af eða á um þessi ummæli h. þm. (J. Ól.) þá þegar, en síðan hef jeg gætt að þessu, og sjeð, að í þingsköpum beggja deildanna, bæði þjóðþingsins og landsþingsins, er greinilega tekið fram, í hverju hlutfallskosning sú, sem þar getur um, sje fólgin. Jeg verð því að skoða þessa vörn h. flutnm. (J. Ó.) fyrir ákvæðum greinarinnar fallna um koll, og álít jeg eptir sem áður ákvæði frumv. botnlaus, og af þeirri ástæðu get jeg eigi sjeð, að frumv. sje fallið til þess að ná samþykking eða staðfestingu eins og það er úr garði gjört.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg sagði á dögunum við 1. umr. þessa máls, að *ef mig ekki misminnti*, væri hlutfallskosningin ekki nákvæmar ákveðin í þingsköpum Dana. Jeg heyri nú á ræðu hæstv. landshöfð., að mig hefur misminnt. Jeg hef munað eptir grundvallarlagaákvæðum þeirra um hlutfallskosningar, og blandað þeim saman við ákvæði þingskapa þeirra. En hitt fæ jeg eigi sjeð, að það þurfi að verða frumv. til falls, þó að eigi sje tiltekin nákvæmlega aðferðin við hlutfallskosninguna, því að því, sem ekki er ákveðið í þingsköpunum, ræður forseti, og jeg get ekki sjeð neitt ískyggilegt við það, að láta forseta ráða því, hver aðferð skuli höfð við hlutfallskosningarnar. Jeg verð að ímynda mjer, að ef hæstv. landsh. hefði álitið þetta atriði svo þýðingarmikið, að það hlyti að standa frumv. fyrir staðfestingu, ef aðferðin eigi væri ákveðin, þá hefði hann látið eitthvað í ljósi um það við 2. umr. málsins. En úr því hann gjörði það eigi, verð jeg að álíta, að hann hafi eigi álitið það sem sjálfsagt skilyrði.

Landshöfðingi: Jeg get ekki verið h. flutnm. (J. Ól.) samdóma um það, að það sje rjett, að láta kosningaraðferðina vera á valdi forseta. Það er viðurkennt, að aðferðirnar sjeu margar við hlutfallskosningar. Af því gæti leitt, að sín aðferðin væri höfð í hverri deild, að skipt væri um aðferðir eptir því, sem forsetaskipti yrðu, og gæti jafnvel komið fyrir, að sami forsetinn hefði eina aðferð í dag og aðra á morgun. Jeg álít það ekki rjett í sjálfu sjer, að fela forseta að á-

kveða slíkt, því að þá mætti segja, að öll þingsköp væri óþörf, og gæti þá forseti eins ráðið öðru, því er þingsköpin setja fastar reglur um. Jeg verð því að halda fast við, að þeir gallar sjeu á þessu frumv., sem geri það óaðgengilegt. Að jeg ekki talaði móti málinu við 2. umr. þess, kom af því, að jeg var ekki inni í deildinni, þegar málið kom fyrir, og jeg gat ekki álitið það svo áríðandi eða mikilsvert mál, að mjer kæmi til hugar að gjöra breyt.till. við frumv.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg skal að eins leyfa mjer að gjöra þá stuttu athugasemd, að það er því síður varhugavert, að láta forsetann gjöra út um þetta atriði, sem hann þegar eptir núgildandi reglum ræður ýmsu, sem ekki er tekið fram í þingsköpunum, t. d. hvernig kasta skuli hlutkesti. *(A. Ól.*: T. d. hver dreginn er sem forseti!). Nei, en hvort dregið er úr *hatti* t. d.!

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 6 : 4 atkv. og afgreitt síðan til Nd.

Frv. til laga um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala- og Barðastrandarprófastsdæmum (C. 218); 3. umr.

Jakob Guðmundsson: Þar sem frv. fjekk svo góðar undirtektir við 2. umr. og engar breytingar hafa verið gjörðar, vona jeg að það fái einnig nú góð afdrif.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 10 atkv. og afgreitt síðan til Nd.

Frv. til viðaukalaga við lög nr. 5 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (C. 218); 3. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Af því að h. þingd. tók svo vel í málið við 2. umr., álít jeg ekki þörf að mæla framar með frumv. nú, með því líka að engar breyt.till. hafa verið gjörðar.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 9 samhlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um tollgreiðslu (C. 216); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg vil að eins leyfa mjer að skjóta því til h. þingd., hvort mönnum hugkvæmist ekki að vísa þessu máli til nefndar þeirrar, sem hefur til meðferðar málið um löggilding verzlunarstaða, því að þetta frumv. stendur í nánu sambandi við það mál. Því fleiri staðir, sem löggiltir verða, því erfiðara verður eptirlitið, en því færri staðir, sem næðu löggildingu, því aðgengilegra kynni frumv. að verða.

Júlíus Havsteen: Jeg er máli þessu svo mótfallinn, að jeg get ekki fengið af mjer að greiða atkvæði með því, að því sje vísað til nokkurrar nefndar.

Jón Ólafsson: Jeg vil vekja athygli h. deildar á því, að það getur dregizt, að nefnd sú, sem hefur löggildingamálið með hendi, ljúki starfi sínu, með því að ýmsar nýjar löggildingar eru á prjónunum í í neðri deild, sem nefndin álítur rjett að bíða eptir. Einnig gæti verið gott fyrir nefndina að bíða eptir afdrifum tollafrumv., og mundi það því tefja þetta frv., ef því væri vísað til þessarar nefndar.

Árni Thorsteinsson: Jeg legg það til, að málinu sje vísað til þeirrar nefndar, sem hefur löggildingamálið með höndum. Það er gott, að hún athugi þetta mál jafnframt löggildingunum, og að því er það snertir, að hætt sje við drætti, af því að nýjar löggildingar sjeu á leiðinni í Nd., skal jeg taka fram, að þess verður víst ekki langt að bíða, að þær komi hingað til deildarinnar, með því að þau mál eru til 3. umr. Nd. í dag.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með 9 atkv. gegn 1, að vísa málinu til löggildingarnefndarinnar.

Frv. til laga um að meta til dýrleika

nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellsýslu (C. 215); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Af því að mjer er kunnugt um ástand jarða í Vestur-Skaptafellssýslu, vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um málið. Því verður naumast neitað, að það er mikil ástæða til, að taka jarðir þar til mats af nýju, því að þær hafa margar hverjar orðið fyrir svo miklum skemmdum, að þær eru ekki í hálfgildi við það, sem þær voru þegar jarðamatið var gjört síðast, 1861. Þegar svo er, er hart fyrir leiguliðana að borga þau gjöld, sem eru byggð á hundraðatölu jarðanna, eins og tíundina til prests og kirkju, ábúðarskattinn o. fl. Grundvöllurinn fyrir þessum gjöldum verður algjörlega rangur, og gjöldin byggð á sandi. Hvað form eða aðferð snertir, fer þetta frumv. fram á öldungis hið sama, sem það frumv., er varð að lögum 1883, um að meta upp nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu, og það er mjer kunnugt, að þær reglur, sem þar voru settar um framkvæmd matsins, þóttu vel við unandi. Í einu atriði hefur þó verið brugðið út af þeim reglum í þessu frv., nfl. það er snertir borgunina til matsmannanna. Hún hefur verið minnkuð, og er eigi ætlað til að landsjóður beri kostnaðinn nema við mat þjóðjarðanna. Það er vitaskuld, að í Vestur-Skaptafellssýslu er að vísu um fáar jarðir að ræða nema þjóðeignir; en því minni sem daglaunin eru, því minni ástæða er til að setja fyrir sig þennan litla kostnað. En á hinn bóginn þykist jeg viss um, að þeir menn, sem hæfastir eru til matsins, mundu ekki ganga fúsir að því eptir þessum ákvæðum, því að þeir mundu víða þurfa að ferðast svo og svo langan veg, opt 2 daga til og 2 daga frá staðnum, eptir því sem til hagar í Skaptafellssýslu. Eptir þeirri reynslu, sem jeg hef úr Rangárvallasýslu, gjöri jeg ráð fyrir, að matsmenn mundu verða að verja $^1/_2$ mánuði til matsins, og verður þá eigi annað sagt, en að þeir sjeu níddir með þeirri litlu borgun, sem hjer er ákveðin. Það er þó eigi meining mín að koma fram með breyt.atkv. hjer að lútandi, af því að jeg óttast, að það kynni að verða málinu til hnekkis hjá h. Nd., ef því væri breytt hjer. En jeg álít, að málið eigi að ganga fram, jafnvel þó þessi galli sje á að minni skoðun.

Jakob Guðmundsson: Það er auðvitað ástæða til, að þeir menn þykist verða hart úti með þau gjöld, sem miðuð eru við hundraðatölu jarða, þegar jarðirnar hafa gengið mjög mikið úr sjer, sem jeg efast ekki um að jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu hafi gjört. En eitt er athugavert, og það er það, að eptir því sem mjer er kunnugt, eru að eins 4 jarðir af 60 jörðum í Skaptafellssýslu, sem borguð er af tíund til prests og kirkju, og verður þá eiginlega að eins um ábúðarskattinn, búnaðargjald og að nokkru leyti sýslusjóðsgjald, að ræða. Jeg veit eigi, hvað jarðir þær, sem um er að ræða, eru mörg hundruð samtals, en eptir því sem jeg gizka á, álít jeg að ábúðarskatturinn, reiknaður $^2/_5$ úr alin af hundr., muni eigi nema meiru en 100—120 kr. Ef nú er gætt að kostnaðinum, álít jeg að hann mundi í reyndinni verða miklu meiri, heldur en ábúðarskatturinn af jörðum þeim, er meta skal, fyrir næsta fjárhagstímabil. Jeg skil ekki, að nokkrir hæfir menn fáist til að framkvæma matið fyrir 2 kr. á dag. Borgunin gæti varla verið minni en helmingi meiri en það, sem frv. fer fram á. Nú má gera ráð fyrir, að 4 menn yrðu hálfan mánuð eða lengur að matinu, og verður þá kostnaðurinn talsverð upphæð.

Þetta frumv. ætti að sýna þinginu, hver nauðsyn er á að koma á því fyrirkomulagi, að eigi þurfi að meta jarðir til neins hundraðatals. Þessar jarðir, sem

hjer er um að ræða, munu vera eyðilagðar af sandroki. En ef þær væru nú metnar upp aptur, hver segir þá, að þær ekki eyðileggist mjög bráðlega á ný? Jörð, sem er skemmd af sandfoki, getur líka bráðlega gróið upp aptur, eins og sýnir sig í Rangárvallasýslu. Það er þegar farinn að koma til bithagi á þeim jörðum, sem af sandrokinu skemmdust. Það væri í fullri samkvæmni við sjálft sig, að meta eins upp aptur þær jarðir, sem batna verulega, eins og þær sem skemmast. Jeg fyrir mitt leyti vildi heldur gefa þessum Skaptfellingum upp ábúðarskattinn næsta ár, eða minnka við þá landskuldina, þar landsjóður á jarðirnar flestar, heldur en fara að meta þær upp, og kosta til þess fje. Það er víðar en í Skaptafellssýslu, sem jarðir skemmast, og mætti búast við sífeldu bænastagli um nýtt mat ár eptir ár, ef þetta frumv. væri gjört að lögum. Jeg þekki eina jörð í Dalasýslu, sem jeg á með og sem er 15,4 hndr. að dýrleika, en varð fyrir skriðuhlaupi, svo að $^2/_3$ partar túnsins tókust af og bærinn allur, auk þess sem skriðan drap allt fólkið. En jeg hef ekki viljað fara fram á nýtt mat, af því að jeg vonast eptir, að sú breyting komi, áður mjög langt um líður, að ekki þurfi að byggja neitt á hundraðatölu jarða.

Sighvatur Árnason: Þar sem h. þm. Dal. (J. G.) bar saman kostnaðinn við að virða að nýju þessar jarðir, sem hjer ræðir um, og ábúðarskattinn af þessum jörðum, þá er þar ólíku saman að jafna, því ábúðarskatturinn rennur í landssjóð ár eptir ár, en þessi litli kostnaður við matið kemur að eins fyrir í eitt skipti; það er meir að segja svo ólíkt, að það þarf aðeins fáein ársgjöld af ábúðarskatti þessara jarða til þess að sú upphæð jafnist kostnaðinum við matið.

En þar sem hann minntist á, að jarðir í Rangárvallasýslu, sem hefðu orðið fyrir áföllum af sandi, væru að koma til aptur og ná sjer, þá skal jeg eigi neita því, að þær sjeu orðnar að minnsta kosti fegri fyrir augað. Að það er farinn að koma dálítill gróður upp úr sandinum, kemur af því, að veðráttan hefur verið þannig næstliðin ár, að eigi hafa komið langir eða strangir norðanstormar. Jeg vil geta þess jafnframt, að það er alþekkt, að þó nokkur gróður komi á sandi, þá er hann svo veikur, að hann er farinn og fokinn út í veður og vind, þegar minnst varir, nema svo líði tugir ára, að eigi komi ný áfelli og hann fái tíma til að festa rætur.

E. Th. Jónassen: Jeg skal eigi verða langorður um þetta mál; en eins og menn vita, hefur mikið verið rætt um, hvort ætti að meta að nýju dýrleika jarða þeirra, er frumvarpið getur um. Skaptfellingum er það mikið áhugamál og verður að álítast sanngjarnt, því jarðirnar hafa skemmzt og versnað afarmikið. Það var eigi rjett hjá h. þm. Dal. (J. G.), að hjer væri aðeins að ræða um ljettir á ábúðarskattinum, því það eru fleiri gjöld, sem hvíla á jarðarhundruðunum; jeg get nefnt t. d. eitt, sýslusjóðsgjaldið. Margir af ábúendum þessara jarða eru orðnir bláfátækir sakir undanfarandi harðæris og skemmda á jörðunum, en hafa þó enga linun fengið á gjöldunum. Jeg álít því, að fullar sanngirniskröfur mæli með þessu frumv., og vona, að fleiri líti á þetta mál eins og jeg.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 5:5 atkv.

Frv. til laga um aðflutningsgjald af kaffi og sykri (C. 229); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Eins og h. deild er kunnugt, eru nú mörg mál á þingi, sem snerta tolla og skatta og að minni meining eru einhver hin vandasömustu þingmál í þetta sinn. Fyrir því vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að frv. þessu sje vísað til nefndar þeirrar, sem kosin var

hjer í deildinni í málinu um útflutningsgjald á fiski, lýsi o. fl.

ATKVÆÐAGR.: Sú uppást. felld með 7 atkv. gegn 3.

Sighvatur Árnason: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á, að sett verði 3 manna nefnd til að íhuga málið.

ATKVÆÐAGR.: Sú uppást. einnig felld með 6 atkv. gegn 4.

Jón Ólafsson: Jeg sting upp á, að málinu sje vísað til nefndarinnar, sem hefur til meðferðar löggilding verzlunarstaða.

ATKVÆÐAGR.: Sú uppást. einnig felld með 6 atkv. gegn 3.

Jón A. Hjaltalín: Þó eigi yrði kosin nefnd í þetta mál, vil jeg eigi láta það ganga umræðulaust til annarar umræðu. Mjer finnst ómögulegt, að skoða þetta mál öðruvísi en í sambandi við fjárhag landsins. Orsökin til frv. þessa er tekjuhalli sá, er á hefur orðið síðasta fjárhagstímabil, er nemur um 200 þús. króna, og að viðlagasjóður hefur eigi handbært fje nægilegt til þess, að vinna upp hallann; jeg skal nú ekkert fara út í það, hvort þing og stjórn hafi farið rjett að í þessu efni, að binda fje viðlagasjóðsins á þennan hátt, en skal aptur á móti taka það fram til hughreystingar þeim, sem eru hræddir við sjóðþurð landssjóðs, að tekjuhallinn hefur verið minni síðastliðið ár en árið áður.

Til þess, að bæta úr þessum tekjuhalla, virðist mjer bezta og beinasta ráðið hefði verið það sama sem hver einstakur maður tekur, þegar hann gjörir upp reikninga sína, og finnur, að tekjurnar hrökkva eigi fyrir útgjöldunum, nefnilega að minnka útgjöldin og spara. Jeg tala eigi um lögboðin gjöld, heldur um þau gjöld, — og þau eru mikil —, sem eru veitt frá þingi til þings, en sem — mjer er óhætt að segja sum — koma að litlu eða engu gagni. Þessu heillaráði hefur stjórnin eigi sinnt, heldur hefur hún rakið fyrri ára fjárlög þingsins lið fyrir lið, en þau lýsa bezt, að sparnaðarandi er eigi ríkjandi hjá þinginu, heldur er hann aðeins á vörum alþingismanna.

Annað ráð er það, að vera eigi lengur að gefa eptir skatta. Um síðastliðið fjárhagstímabil hefur þingið gefið eptir ábúðar- og lausafjárskattinn að helmingi, og nú hefur fyrir skemmstu komið fram hjer í deildinni uppástunga um, að gefa hann eptir, nú eins og að undanförnu. Það var nú fellt, eins og rjett var, enda vil jeg vona, að þingið nú eigi gefi eptir nein af þeim gjöldum, er landssjóður á með rjettu heimtingu á, að greidd sjeu tafarlaust.

Mjer er nær að halda, að væri sparnaðaraðferðinni fylgt hyggilega, og þegar sá tekjuauki bætist við, að ábúðar- og lausafjárskatturinn verður heimtur allur, þá mundi landsstjórnin geta bjargast við þá skatta, sem á eru, já meir að segja ráðið bót á tekjuhallanum. Jeg styrkist því fremur í þessari hugsun, sem nú er gott ár og útlit fyrir, að megun manna batni. Jeg sje því enga ástæðu til, að fara að leggja á *nýja* skatta og skyldur, og jeg verð að segja það, að úrræði stjórnarinnar, sem neðri deild hefur nú tekið með opnum örmum, er eitthvert hið lakasta ráð, sem hugsast getur; að minnsta kosti finnst mjer það vera eitthvert hið lakasta ráð, að ætla sjer að bæta úr þörfum landsins með aðflutningstollum.

Mjer fyrir mitt leyti er yfir höfuð illa við alla tolla og verst við aðflutningstolla, fyrst og fremst af því, að tolltekjurnar eru mjög svo óvissar og jafnvel — eins og kaffi og sykurtollurinn — komnar undir vilja neytendanna, svo landsstjórnin getur eigi vitað fyrir fram, hvað fæst í landssjóð, og verður því til vonar og vara að hafa tollana hærri en þörf er á.

Enn fremur eru með aðflutningstollunum lögð á menn gjöld miklu meiri en það, er í landssjóð rennur; afgangurinn rennur í vasa kaupmannsins; en meiningin með tollunum ætti þó eigi að vera sú,

að auðga kaupmennina. Það held jeg enginn efist þó um, að þeir leggja meira á vörurnar, en það er tollinum svarar; þeir þurfa auðvitað að fá uppbót fyrir það, að mega snara út öllum tollinum fyrir fram, áður en hinar tollskyldu vörur eru seldar, en reynslan sýnir, að þeir taka meira en hæfilega uppbót fyrir þetta, og eptir kaupmanna eigin sögusögn, veit jeg, að þeir lauma 15 aurum í sinn eigin vasa fyrir hvern pott af brennivíni, sem þeir selja, síðan tollur var lagður á það. Eins er jeg hræddur um, að þessi kaffi- og sykurtollur verði að minnsta kosti tvöfaldaður, þegar til njótendanna kemur.

Jeg drap á það áður, að kaffi- og sykurtollurinn væri kominn undir vilja neytendanna; þeir geta tekið upp á því, að hætta að drekka kaffi og jeta sykur; en jeg vil spyrja, hvaða rjettlæti er í því, að einstakir menn geti þannig skotið sjer undan almennum gjöldum? Jeg get eigi sjeð, að það sje rjettlátt.

Enn er eitt, sem sumir eru svo blindir að kalla kost á tollum, en sem jeg verð að telja hinn versta ókost, nefnilega það, að gjaldendur viti eigi af, hvað þeir gjalda og að þeir gjalda. Eg veit mikið vel, að nafnkunnur maður hefur sagt, að um skatta og tolla væri þess einkum gætandi, „að rýa svo rolluna, að hún jarmaði ekki“. En jeg verð að álíta þetta mjög viðsjárverða reglu; því viti gjaldendur eigi, hvað þeir gjalda, og sumir máske standa í þeirri einföldu ímyndun, að tollarnir til landssjóðs renni eigi úr sínum vasa, heldur kaupmannsins, þá verður afleiðingin sú, að þeir verða kærulausir um útgjöld landssjóðs og menn leiðast út í, að verja fje hans í ýmsan óþarfa; og jeg þori að segja það hiklaust, að ýms af útgjöldum þeim, er vjer nú höfum, eru alls eigi nauðsynleg.

Jeg hef nú minnzt á aðal-ókostina á tollum, og sýnt fram á, að þeirra er eigi þörf til að bæta úr tekjuhallanum; en mjer er svarað, að þrátt fyrir þessa ókosti tollanna verðum vjer að hafa þá til þess, að ná fje inn í landssjóðinn, er megi brúka til nauðsynlegra fyrirtækja. Látum það nú gott heita; en má jeg spyrja, hvaða trygging er fyrir, að þessu fje verði varið þannig? Af hverju getum vjer markað það? Rannsökum meðferð þingsins á fje landsins að undanförnu, og þá held jeg, að mætti efast um, hve nauðsynlegar sumar fjárveitingar hafa verið, og jeg held flestir yrðu að vera mjer samdóma um, að mörgum peningum hafi verið varið til ónauðsynlegra fyrirtækja, og hvernig geta menn þá vænzt eptir, að þingið verði hagsýnna og sparsamara eptirleiðis? Jeg get það eigi, og því gildir þessi ástæða fyrir tollunum, að draga fje í landssjóð til nauðsynlegra fyrirtækja, eigi mikið í mínum augum. En jeg skal bæta því við, að af tvennu illu kýs jeg þó heldur útflutningsen aðflutningstolla, því sjeu þeir hafðir, greiða landsmenn miklu meira en það sem kemur inn í landssjóð, en það á sjer síður stað með útflutningstolla, og annað það, að þeir kaupmenn, sem hafa vörur að selja, leggja þá helzt yfir á glysvarning, sem í sjálfu sjer væri rjett að tolla, ef tollgæzlan væri eigi svo erfið, en þó óhjákvæmileg. Jeg get enn nefnt sem yfirburði útflutningstolla fram yfir aðflutningstolla, að það er eigi hægt að skjóta sjer undan þeim, því flestir flytja eitthvað út og menn hljóta því fremur að finna til þeirra og vita af, að þeir borga þá. Jeg skal svo eigi orðlengja um þetta mál meir að sinni, en vil biðja menn að endingu, að muna eptir einu við samanburð aðflutnings- og útflutningstolla: að útflutningstollar útheimta enga reglulega tollgæzlu.

Jakob Guðmundsson: Þrátt fyrir hina snjöllu ræðu h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) er jeg eigi kominn til sannfæringar um, að mjer beri ei að gefa þessu frv. atkv. mitt.

Það eru allir samdóma um það, að

stjórninni hafi verið nauðugur einn kostur að bæta upp tekjuhallann með nýjum álögum, og var þá náttúrlegt að hún gripi fyrst til þess ráðs, sem stungið hefur verið upp á hjer á fyrri þingum, til að auka tekjur landsjóðs. Frá stjórnarinnar sjónarmiði var það máske eðlilegt, að hún fór eigi lengra, en menn verða að gæta þess, að það þarf meira en að bæta tekjuhallann, og væri líkindi til, að þingm. hugsuðu um þetta, þar sem nú rignir inn á þingið bænarskrám um að styðja ýms stórfyrirtæki, hvert öðru nytsamara. Þingm. sagði, að hið fyrsta og bezta ráð fyrir þann, sem ætti bágt í búi, væri að spara, og það er öldungis rjett, með vissri undantekning. Hann má spara það, sem hann getur verið án, en jeg held eigi væri hyggilegt fyrir hann, að spara í öllu tilliti; óhyggilegur sparnaður getur orðið hin mesta eyðsla. Jeg held það væri eigi hyggilegt fyrir bóndann, að spara áhöld, sem þurfa til heyskapar, eða sjávarbóndann áhöld til fiskiveiða; í þessum tilfellum held jeg væri hyggilegra, að eyða meiru, svo það gæti borið ávöxt. Það koma margar uppástungur fram hjer á þingi, sem miða til að koma þjóðinni á framfarastig og viðhalda stjórn og reglu í landinu, en til þessa vantar fje. Töluvert fje hefur reyndar verið lagt fram til eflingar búnaði, en þó langt of lítið, og allir kvarta um. hve lítið sje og hafi verið lagt til sjávarútvegsins, til þess að gjöra hann vissari og óhultari. Það veit jeg, að flestir þingm. kannast við, að það er eitt af lífsspursmálum vorum, að efla samgöngurnar eigi að eins við önnur lönd, heldur líka innanlands, svo vjer þurfum eigi að hafa kaupmenn sem millumlið í öllum viðskiptum, og sem hver tekur sinn toll og sína framfærslu. Jeg vona að flestir verði að játa, að það sje eigi hyggileg búskaparaðferð, að spara til þess, sem brýna nauðsyn ber til.

Þó tollur þessi þyki mikill, þá er hann mjög lítill í samanburði við samskonar tolla erlendis, og jeg vil ætla, að það fje, sem fæst inn með þessum tollum, sem hjer ræðir um, verði eigi of mikið til að bæta úr allra-brýnustu nauðsynjum, og mjer er nær að halda, að vilji menn efla atvinnuvegi vora og önnur þjóðarþrif, svo sem vera ber, þá megi jafnvel grípa til einhverra annara tolla og annara ráða, til þess að fá nægilegt fje; hvernig á það að skiljast, þegar menn eru að tala um framfarir og ætla, að þjóðin geti náð framförum kostnaðarlaust? Það er undarlegt, að stjórnin að eins gjörir ráð fyrir, að halda í sama horfinu, en gjörir eigi ráð fyrir neinum framförum meir en áður; það væri betur, að landsmenn legðu hart á sig, til þess að gjöra landinu gagn og koma því á meira framfarastig. Jeg gef þessu frumv. hiklaust atkv. mitt, og meira að segja fleirum þess konar frumv.

Jón Ólafsson: H. sessunautur minn (J. A. Hj.) áleit önnur betri ráð til að bæta hag landsjóðs, en það ráð, sem frumv. þetta fer fram á, sem sje að leggja á nýja tolla. Taldi hann fyrst sparnað á útgjöldunum. Þessu hefur h. þm. Dal. (Jak. G.) svarað með því, að segja, að það væri rjett að spara *allt það, sem maður gæti lifað án.* En svona langt vil jeg ekki fara. Jeg vil segja, að svo langt á enginn maður að fara í sparnaðinum. Opt geta útgjöldin verið svo, að með þeim vinni maður veg til að auka tekjur sínar. Enn fremur segi jeg: Margt í lífinu er þannig lagað, að lífið sjálft getur lítils eða einskis vert talizt án þess, þótt maður *geti lifað* án þess. Jeg vil taka til dæmis það, að kunna að lesa og skrifa. Enginn getur neitað því, að það er sparnaður að neita sjer um þau útgjöld, sem slíkt nám hefur í för með sjer; og maður ur getur lifað, þótt maður læri hvorugt

þetta. En samt ætla jeg, að engum muni þykja það hyggilegur sparnaður, að neita sjer um þetta nám. Eptir minni ætlun getur maður og á maður að spara það eitt, sem er að eins til óþarfa, eða þá svo lagað, að það gagn eða ánægja, sem það gefur manni í aðra hönd, svarar ekki kostnaðinum.

H. sessunautur minn (J. A. Hj.) sagði, að vjer ættum að auka tekjur landsjóðs með því, að gefa ekki eptir hina lögboðnu skatta; en hann játaði sjálfur, að það mundi heldur ekki verða gjört á næsta fjárhagstímabili, eða á þessu þingi, og þrátt fyrir það játaði hann samt, að hinir lögboðnu skattar og tollar mundu ekki nægja til þess, að bæta úr þeim tekjuhalla landsjóðs, sem nauðsynlegt er að bæta úr. En hvernig vill hann þá úr honum bæta? H. sami þm. (J. A. Hj.) hafði það á móti tollunum, að þeir væru svo óvissir, með því hver, sem vildi, gæti skotið sjer undan að greiða þá; hann þyrfti ekki annað en hætta að kaupa hina tollskyldu vöru. Þessi mótbára getur haft nokkurt gildi, ef ræða er um toll á óþarfa-vöru, en þegar ræða er um vörur, sem menn eru búnir að venja sig sterklega á, — hvort sem það nú er þarfavara eða óþarfavara í sjálfu sjer — þá þekki jeg illa mannlegt eðli, ef menn láta almennt nokkurra aura verðhækkun fyrir toll aptra sjer gjörsamlega frá því, að brúka vöruna. En hitt er satt, að það er hægurinn hjá fyrir menn, að láta tollinn ekki verða sjer dýrari, eða eyða fyrir vöruna, sem tolluð er, meiru en áður en tollurinn kom; enginn er annar vandinn, en að spara kaup á henni *að því sem tollinum nemur;* brúka jafnmikla peninga til hennar eptir sem áður. Slíkt mundi alls eigi raska svo mjög kaupununum eða því sem tollurinn gæfi landssjóði. En það er annað, sem gjörir tekjur af tollum óvissar, og á *það* hefur enginn minnzt; það eru tollsvikin. Jeg er svo hræddur við tollsvikin, að jeg óttast, að tekjuaukinn við þetta frumv. verði ekki nándar nærri eins mikill, eins og menn virðast gjöra sjer vonir um. Jeg held að vjer með þessum lögum stofnum tveggja ára frískóla í landinu fyrir tollsvik, og það er mjög óheppilegt af þinginu að gjöra slíkt. En jeg er samt með þessu frumv., í von um, að reynsla næstu ára kenni oss það, að óhjákvæmilegt er að setja á stofn tollgæzlu; og þótt heppilegra væri að setja tollgæzlu á áður en mönnum eru kennd tollsvik, já, sárfreistaðir til tollsvika, er samt betra seint en aldrei. En jafnvel þótt jeg sjái þennan stóra agnúa, hika jeg ekki við að greiða atkvæði með frumv. þessu, af því jeg sje engan annan veg, *sem von sje á að framgang fái í ár á þinginu*, til að bæta úr tekjuhallanum. Enn fremur hafði h. sessunautur minn (J. A. Hj.) það á móti tollalögum, að með þeim færi landsjóður í vasa manna og ljeti menn gjalda til landsþarfa *án þess menn vissu af því.* En þetta get jeg ekki kallað ókost, heldur miklu fremur kost. Ef menn ekkert finna til gjaldanna, tollanna, þá er það vottur um, að gjaldið, tollurinn, er ekki þungur, hvílir ekki þungt á. Menn eru þó vanir að finna, hvar skórinn kreppir, þegar um útgjöld er að ræða; og viti menn ekki af tollinum, þá er ekki hætt við, að menn skjóti sjer undan honum með því, að hætta kaupum á tollskyldum vörum. Það er þó bert, að þessar tvær mótbárur h. þingm. eru hin herfilegasta sjálfsmótsögn. Ætli annars tóbaksmenn landsins hafi hætt mikið kaupum á tóbaki, þótt tóbakstollurinn kæmi? Og þó má ætla, að tóbakið sje ekki eins mikil nauðsynjavara eins og t. d. sykur. Sú reynd, sem vjer höfum frá tóbakstollinum, gjörir það ekki líklegt, að menn muni spara mjög mikið við sig kaffi og sykur, þótt þær vörutegundir verði tollaðar.

Enn sagði h. sessunautur minn (J. A. Hj.)

að hann vildi ekki bæta hag landsjóðsins, af því að hann treysti ekki þinginu til að verja því fje, sem inn kæmi fyrir tollana. Þetta er harður dómur, ef hann væri á rökum byggður. En þótt vjer tökum ekkert tillit til nýrra gjalda, þá eru þau lögboðnu gjöld, sem á landsjóðnum hvíla nú, og sem hann getur ekki hliðrað sjer við að inna af hendi, svo mikil, að hann skortir fje til *þeirra*.

En dómur h. sessunauts míns (J. A. Hj.) um þingið er harður, allt of harður, og ekki á rökum byggður. Jeg get ekki sjeð gildar ástæður fyrir þessum dómi, þegar vjer lítum yfir, til hvers alþing hefur varið fje sínu frá því það varð löggjafarþing; því að yfir höfuð hefur meira gjört verið til framfara landinu á þeim tíma, en nokkurn tíma áður á jafnlöngum tíma. Hefur ekki læknaskipunin í landinu verið bætt? Hafa ekki vegir verið lagðir og samgöngur greiddar bæði á sjó og landi? Hefur ekki ærnu fje verið varið til eflingar búnaðinum í landinu? Og þótt skoðanir geti verið skiptar um það, hvort öllu því fje sje vel varið, eða hafi verið vel varið — jeg var sjálfur framan af nokkuð í efa um það — þá hygg jeg, að það sje engum efa undirorpið, að síðan þessi styrkur fór að skiptast mest milli búnaðarfjelaga, hefur hann víðast komið að sönnum notum. Eða er því fje illa varið, sem varið er til menntamála? Jeg er sannfærður um, að h. sessunautur minn (J. A. Hj.) mundi ekki vilja skipta: fá í landsjóð aptur alla þá peninga, sem til þessara og annara framfara hefur verið varið af alþingi síðan það fjekk fjárráð, og missa allar þær framfarir, sem af fjárveitingum þessum hefur leitt. Jeg er viss um, að hann mundi ekki vilja skipta, þótt hann ætti kost á því.

Loks sagði h. sessunautur minn (J. A. Hj.), að hann vildi heldur útflutningstoll en aðflutningstoll. Hvað hann kann að vilja telja útflutningstollum til gildis fram yfir hinn tollinn, er mjer ekki ljóst, nema það, að hann *getur* orðið greiðendum tilfinnanlegri. En yfir höfuð duga hjer ekki neinar *theóríur* um tolla; vjer verðum að gæta að þeim atvikum, sem eru fyrir hendi. Ef yfir höfuð á að ræða um útflutningstolla, þá verða menn að gera sjer ljóst, að vjer höfum tvær tegundir varnings út að flytja: þann, sem eingöngu eða mestmegnis er seldur við peningum, svo sem lifandi peningur; og svo þann varning, sem gengur til kaupmanna í vöruskiptum með skrælingjaverzlunaraðferð, svo sem fiskur, ull, tólg, skinn o. s. frv. Sje nú hinar fyrnefndu vörur tollaðar, þá hlýtur tollurinn að koma beinlínis niður á seljanda, þar sem hann *hlyti* að koma fram í *verði* vörunnar; þá mundu menn *finna* til og *vita af* tollinum; það er víst. En þegar jeg athuga peningaleysið í landinu, og að kvikfjársalan er eina *peninga*-uppspretta landsmanna, að kalla má hinn eini farvegur fyrir mótaða mynt inn í landið, þá vex mjer í augum, og það mun fleirum gera, að leggja nokkra hina minnstu stýflu í þennan farveg. En ef um útflutningstoll væri að ræða á hinni vörunni, sem vjer að eins notum til vöruskipta á skrælingjahátt, þá sýnir reynslan, t. d. með fisktollinn, að tollurinn hefur ekki áhrif á nafnverð þeirrar vöru; þvert á móti er það altítt, að kaupmenn gefa að jafnaði mörgum krónum meira fyrir hann en þeir geta aptur fengið á markaðinum í útlöndum. En hvað sýnir þetta? Það eitt, að sá *útflutningstollur breytist* í höndum kaupmanna í *aðflutningstoll*, því að kaupmaðurinn verður að vinna það upp á sölunni á hinum útlendu vörum, sem hann tapar á hinni innlendu. Útflutningstollur á þeirri vöru er því ekki annað en almennur verzlunar-skattur, lagður á hverja verzlun eptir umsetning hennar í ákveð-

inni íslenzkri vörutegund. Þannig verður mismunurinn á útflutningstolli og aðflutningstolli ekki mjög mikill að sumu leyti. Engu síður játa jeg, að útflutningstollur á slíkar vörutegundir hefði þann kost, að öllu síður yrðu tollsvik á honum í frammi höfð. En hvað tjáir að tala um þann toll, sem engin útsjón er fyrir, að þing þetta fáist til að samþykkja? Jeg hygg, að það mundi verða *þröngt hlið*, sem útflutningstollsfrumv. ætti um að ganga á þingi nú, og í gegnum h. Nd. hygg jeg að það mundi ekki komast ókyrkt. Ef vjer felldum þetta frumv. hjer í deildinni, mundu h. þingm. í Nd. fella frumv. um útflutningstoll, svo að afleiðingin yrði, að ekki bættist úr þeim fjárskorti, sem er í landsjóði. Jeg vil því fara að sem *praktiskur* maður, og halda fram því frumv., sem vjer hjer höfum fengið samþykkt af h. Nd.; með þeim hætti er bætt úr þörfum landsjóðs — svo sem bein og brýn skylda vor er að gera — og það er aðalatriðið.

Sighvatur Árnason: Það kemur fram, sem mig varði, að skoðanirnar eru nokkuð tvískiptar í þessu máli. Það er vitaskuld, að það getur verið, að mjer verði nauðugur einn kostur, úr því sem ráða er, að fylgja þessu frumv., eins og það liggur fyrir, og eins og Nd. hefur samþykkt það, því vitaskuld er, að á einhvern hátt verður að lagfæra hag landsjóðsins. En jeg er í huga mínum meira og meira að leiðast móti verzlunartollum. En ástæðan fyrir því er sú, að því meiri tolla, sem vjer höfum, því meiri verða tollsvikin, með því tollgæzluleysi, sem hjer er. Þegar nú kvisast um tollsvik út af þessum litlu tollum, sem vjer höfum, þá má geta nærri, hvort eigi betur blæddi, ef þeir yrðu margfaldir. Annað er það, að verzlunartollarnir verða í reyndinni tvöfaldir í roðinu; það leiðir af öllu verzlunarástandi voru. Menn geta þreifað á þessu með tilliti til vínfangatollsins. Þegar tollurinn var lagður á vínföng, þá hækkuðu þau í verði fullkomlega það, er nam tvöföldum tollinum, og við það hefur setið. Nú vitum vjer, að vínfangatollurinn gaf af sjer nokkur ár yfir 100,000 kr. á ári í landsjóð; um leið hafa þá landsmenn borgað fullkomlega annað eins auk tollsins, nfl. önnur 100,000 kr., og þannig hefur tollurinn tekið á þriðja þúsund króna úr vasa landsmanna, fram yfir verð vörunnar, án þess landinu kæmi til góðs nema liðugar hundrað þúsundir. H. þm. Dal. (J. G.) taldi það svo æskilegt og nauðsynlegt, að koma á ýmsum nytsömum fyrirtækjum með tollum. En þegar þannig er varið máli, er augljóst, að fyrirtækin verða landinu æði dýr, þegar öllu er á botninn hvolft.

Eitt er það og, sem athuga verður, þegar um það er að ræða, að bæta hag landsjóðsins með tollum; það verður að fara svo varlega í upphæð tollanna, að menn gjöri ekki óviljandi landsjóði óleik í staðinn fyrir gagn. Það tjáir ekki að setja tollinn svo háan, að kaupendur dragi svo saman kaupin á hinum tolluðu vörum, að tollurinn verði hálfu minni fyrir viðvikið, í staðinn fyrir meiri. Í þessu frv. álít jeg að nokkuð djúpt sje tekið í árinni. Jeg gat þess að vísu áðan, að það getur verið, að jeg fyrir mitt leyti neyðist til að halla mjer að frumv. að einhverju leyti; því að þar sem neðri deild hefur haft mörg tollafrumv. með höndum, og að eins aðhyllzt þetta eina og næsta frumv. á dagskránni, má búast við, að hún verði fastheldin við það, þar eð hún er búin að setja í það svo mikinn krapt. Það má því búast við, að þar sem nauðsyn knýr til að reyna að hækka tekjurnar með einhverju móti, að maður neyðist til að halla sjer að þessu frumv. á einhvern hátt. Jeg álít bogann of hátt spenntan, og hef jeg þegar tekið fram ástæðurnar fyrir því áliti mínu.

Þar er svo bezt, að spenna bog-

ann svo hátt, að menn viti fyrir víst, að landsjóðurinn græði á því, og á hinn bóginn, að ekki sje þrengt um of að landsmönnum. Þótt talað sje um ofnautn kaffis og sykurs, og nokkuð kunni að liggja til grundvallar fyrir því, þá liggja þó nokkur rök til þess, að gjöra mönnum það ekki of dýrt, vegna nauðsynjar, sem er á því í aðra röndina, einkum hvað sykur snertir. Menn eru þegar talsvert farnir að spara við sig kaffi, án þess tollarnir hafi komið til, og verður meira, ef hár tollur kemur. Það er því ekki rjett, að reikna þann toll, er inn muni fást, beint eptir fyrirliggjandi verzlunarskýrslum um, hvað flutt hefur verið til landsins af kaffi og sykri. Það má að vísu gjöra ráð fyrir því, að talsvert minna verði keypt, þó verðið hækki. Skal jeg svo ekki tala fleira hjer um á þessu stigi málsins, en mun leyfa mjer að koma með breyt.till. við 2. umr. í þá átt, að draga nokkuð úr upphæð tollanna, til þess að fara varlega í sakirnar.

Jón A. Hjaltalín: Það er eins og sumir þingm. ætli að það þurfi eigi annað en að kalla til landsmanna og segja: Komið þið með peninga! komið þið með peninga! En hvaðan eiga þeir að taka þessa peninga? frá sjálfum sjer? og þeir eru menn, sem eigi geta borgað hallærislán og hafa að svara árlega jafnmiklu sveitarútsvari og öll árleg útgjöld landsjóðs. Menn heyra svo opt hjer á þingi bergmála: „jeg vil framfarir“, og meina þar með, að landsjóður eigi að leggja fje til eins eða annars. Það er eins og þeir ætli, að það væri rjett, að stjórnin ljeti taka lögtaki hvern einasta eyri út úr landsmönnum, til þess landsjóður gæti farið að búa fyrir okkur, fiska o. s. frv.; þá yrði vel búið! þá yrði Íslands hag vel borgið!

Það voru mörg ágreiningsatriði, sem okkur bar á milli, mjer og sessunaut mínum. Þar sem hann furðaði sig á, að jeg vildi, að þeir, er gjalda í landsjóð, gjörðu það eigi óafvitandi, þá vil jeg svara honum því, að það sár er eigi jafn skaðlegt, sem maður veit af, eins og hitt, sem maður veit eigi af fyr en maður er dottinn niður dauður. Hann vildi eigi hafa toll t. d. á útfluttum hrossum, af því hrossasalan bætti úr peningaeklunni í landinu; en það kemur í sama stað niður, ef landsjóður á að hafa peningana, af hvaða vörum tollurinn er tekinn. Honum bjó mikið niðri fyrir með, hvað hann hefði praktiskar skoðanir; jeg mun eigi gjöra það að þrætuefni; en hvort þær sjeu praktiskar, er eptir að sanna.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 8 samhljóða atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki (C. 223); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. orðalaust með 8 samhlj. atkv.

Seytjándi fundur, mánudag 22. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um greiðslu og gjaldheimtu til sýslusjóðs og sýsluvega (C. 224); 3. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Að vísu hafa við 1. umr. komið fram mótmæli nokkur gegn frv. En við 2. umr. var frv. svo lagað, að jeg vona, að h. þm. hafi eigi neinar sjerlegar athugasemdir við það að gera. Sjálfsagt er það, að hið eina, sem eptir mun standa af mótmælum, er það, að gjöld til sýslusjóðs komi niður á hvern mann eptir tölu ábúðar- og lausafjárhundraða. Ástæður mótmælendanna eru þær: að ábúðar- og lausafjárskattur sje óhafandi, og að svo mikil gjöld hrúgist á ábúð og lausafje, að eigi sje gjörandi, að færa þessi gjöld yfir á ábúð og lausafje. Jeg vil segja mótmælendunum það til hugg-

unar, að það er ekki eptirsjárvert að regla sú sje felld, sem nú gildir, að sýslusjóðsgjaldið er bara lagt á hreppsheildina, en ekki á hvern einstakan greiðanda, því á meðan það er einungis lagt á heildina og síðan jafnað niður sem öðru útsvari, þá segir einstaklingurinn: Þetta gjald er eigi lagt á mig, heldur á náungann. Mjer finnst ljóst, að þeirri reglu sje eigi haldandi, er elur þá hugsun hjá mönnum, að þeir elski gjaldregluna fyrir þá sök, að greiðandinn veit, að byrðin kemur eigi niður á sjálfum honum, heldur á herðar náungans; með öðrum orðum sagt, þessi regla myrðir en eykur eigi kærleikann til náungans. Grátum því eigi, heldur gleðjumst, að þessi núgildandi niðurjöfnunarregla sýslusjóðsgjaldsins fari veg allrar veraldar. Í annan stað vil jeg segja h. mótmælendum það til huggunar, að sje ofmiklar álögur lagðar á ábúð og lausafjárhundruðin, — sem jeg hygg og játa, að sje, ef á allt er litið —, þá er aðgætandi, að því tilfinnanlegri sem þessar álögur eru, því fyr munu menn rísa upp til að kasta þeim af sjer, og til þess hlýtur þá frv. þetta að leiða. Jeg vona að allir h. þm. sjeu mjer samdóma um það, að lögin skuli vera sem rjettlátust, og að vjer sjeum til þess hjer samankomnir, að laga lögin svo, að hver greiðandi geti fundið, hvað hann gjaldi og hvort það sje rjettlátt, að hann gjaldi það, en eigi að vjer sjeum til þess hingað komnir, að draga úr umkvörtunum manna undan órjettlátum lögum, með því, að vefja gjöldin, svo að greiðandinn geti sagt: þetta kemur á náungann, en ekki á mig. Með því gefum vjer tilefni til þess, sem er gagnstætt náungans kærleika.

Landshöfðingi: Þrátt fyrir huggunarorð h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) læt jeg eigi huggast við það, að frv. sje sem það ætti að vera. Að vísu var það lagað nokkuð við aðra umr., en ennþá er á því talsverður galli, nefnilega sá, að gjaldið verður órjettlátt, þó það sje fyrsta skylda þeirra, sem lögin semja, að búa þau þannig til, að þau sje sem rjettlátust. H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) sagði, að það væri skylda, að hafa gjöldin rjettlát, og það er satt. Hann sagði líka, að gjald á ábúð og lausafje væri órjettlátt og það væri of mikið. En þetta frv. miðar einmitt til þess, að leggja nýtt gjald á ábúð og lausafje; get jeg því eigi annað skilið, en að þar með sje sannað, að þessi lög eru ranglát, og að menn með því, að fylgja h. flutningsm. (A. Ó.), gangi fram hjá hinni fyrstu skyldu: að láta lögin vera sem rjettlátust. Hjá h. flutningsm. (A. Ó.) kom líka fram önnur hugsun við hliðina á hugsuninni í sjálfu frv., sú hugsun, að fá menn til að rísa upp og kasta af sjer þessari gjaldabyrði, sem hvílir á ábúðinni og lausafjenu. Mjer skilst því meiningin hjá honum vera sú, að fá fylgismenn til að afnema ábúðar- og lausafjárskatt, sem hann nú er búinn að berjast fyrir að afnema í 17 ár. Mjer finnst það vera ósanngjarnt, að maður, sem hefur ef til vill miklar tekjur af öðru en nefnt er í 3. gr. frv., skuli sleppa fyrir sýslusjóðsgjaldi. Jeg álít heldur eigi rjett, að sá maður, sem er vel efnum búinn, en fyrir utan þann aldur, er tiltekinn er í 1. gr. frv., sleppi frá að leggja neitt fram til sýsluvega. Annað er enn fremur athugavert við frv., að sýsluvegagjaldið er mjög lágt og má því eigi við neinni rýrnun, en það hlýtur að rýrna eptir frv., þegar gjaldið á að lúkast fyrir hvern verkfæran mann frá tvítugu til sextugs og þegar bóndi hver eða húsfaðir er skyldur að gjalda fyrir sjálfan sig og aðra, ef gjaldheimtumaður svo vill, svo sem alla vinnumenn, lausamenn, húsmenn, búðsetumenn og aðra þá gjaldskylda karlmenn, er voru til heimilis hjá honum eða á hans vegum það ár. Jeg vil spyrja: eru eigi margir bændur á milli tvítugs og sextugs á sveit, eða svo fjelausir, að til einskis er að beita við þá lögtaki og ekkert fæst hjá þeim upp í

gjald það, sem þeir eiga að greiða?; við þetta hlýtur sýsluvegagjaldið að rýrna. Sama er með sýslusjóðsgjaldið; þar er gjörð áætlun um upphæðina og svo jafnað niður á hvert ábúðar- og lausafjárhundrað; en hjer fer á sömu leið og með sýsluvegagjaldið, að þó ábúðin og tíundin sje lítil, svo á henni hvíli að eins eitt kúgildi, verða þeir margir, er ekkert geta borgað, er til kemur, þannig, að hið áætlaða sýslusjóðsgjald kemur ekki inn; en ekki verður þó því sem á vantar náð með nýrri niðurjöfnun; til þess er engin heimild í sveitarstjórnarlögunum. Þegar þessi gjöld aptur á móti eru greidd úr hreppssjóðunum, þá er ávallt full vissa fyrir, að þau gjaldast að fulluog engin hætta við neinni rýrnun.

Jeg álít það mikinn galla, sem sumir álíta kost, að breyta einungis til að breyta, og jeg held því fram, að það sje yfir höfuð ekki rjett, að breyta fullviðunanlegu fyrirkomulagi. Þó tregt sje um peninga í Eyjafirði, svo að h. flutningsm. (A. Ó.) veiti örðugt, sem hreppnefndaroddvita, að gjalda áminnzt gjöld í peningum, þá er þó ein huggun fyrir hann, að eptir því, sem hann hefur sjálfur sagt, þá er sýsluvegavinna opt borguð með innskriptum, og þá má líka nota innskriptir hjá kaupmönnum upp í sýsluvegagjald, og virðist líka mega nota innskriptir til að greiða með sýslusjóðsgjald. Jeg sje þess vegna eigi ástæðu til að umturna þessum gjöldum og koma þeim fyrir á þann hátt, sem mjer virðist miklu óheppilegri.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Mjer finnst, að háttv. landshöfðingi hafi eigi sannað annað með mótmælum sínum, en að sú aðalregla, að jafna niður á hreppana eptir ábúðar- og lausafjárhundruðum, sje ranglát. Því auðsætt er, að álagan á ábúð og lausafje getur ekki verið ranglát á einstökum mönnum, nema hún sje það á heildinni. Því heildin samanstendur af *eindum*, svo það sem er rangt lagt á eindirnar, það er einmitt rangt lagt á heildina. H. landshöfðingi tók eigi rjett eptir orðum mínum; jeg sagði eigi, að þessi skattur út af fyrir sig væri ranglátur, heldur hitt, að ef menn taka saman í einn hóp öll þau gjöld, sem hvíla á löndum og lausafje, þá sje sú álöguupphæð ójafnaðarfull í samanburði við aðrar álögur, svo sem tekjuskattinn af eign og atvinnu, og því ranglátur. H. landshöfðingi tók hjer þetta eina sýslusjóðsgjald í staðinn fyrir öll gjöld á jörðum og lausafje til samans, hann tók því eindina fyrir heildina, því jeg átti alls ekki við þetta gjald eitt sjer, heldur öll samkynja gjöld í heild sinni. Þess vegna er það óhrakið, sem jeg tók fram, að eigi væri vert að halda þeim gjaldmáta, er gæfi tilefni til að menn yndi við álögu af þeim ástæðum og af þeim hugsunarhætti, sem er gagnstæður kærleika til síns náunga. Hin mótmæli h. landshöfðingja sýnast vera á betri rökum byggð; en jeg vona þó, að þau sjeu eigi svo þýðingarmikil að þau standi í vegi fyrir frv. Eða má jeg spyrja: er eigi hver húsbóndi, hvort sem hann þiggur af sveit eða ekki, skyldur nú að lögum að lúka öll sín manntalsbókargjöld? H. landshöfðingi kom hjer með þau mótmæli, að menn slyppu hjá að greiða sýslusjóðsgjaldið, ef þeir væri á sveit. Jeg segi *nei!* Allir bændur eru skyldir að lögum að gjalda, hvort sem þeir eru á sveit eða eigi. Í öðru lagi er það tekið fram í frv., að ef gjaldheimtumaður vill, skuli húsbóndinn borga fyrir alla lausamenn, vinnumenn, húsmenn og búðsetumenn, er voru til heimilis hjá honum það ár; en sje húsfaðirinn á sveit, þá snýr gjaldheimtumaður sjer sjálfsagt að þeim sjálfum. Jeg get eigi ætlað að sýslumaðurinn taki hreppsómaga gildari borgunarmann, en borgunarfæra menn, sem eru á hreppsómagans vegum. Jeg get eigi sjeð hin minnstu vandræði við þetta. Það eitt er allt af víst, að sýslumaðurinn er skyldur að standa skil á þessum

tekjum, sem öðrum tekjum þeim er hann heimtir, svo ekki þarf að tapast einn eyrir.

Landshöfðingi: Jeg held, að h. flutningsm. (A. Ó.) hafi eigi skilið rjett mótmæli mín, þar sem hann sagði, að ef bóndi eða húsfaðir gæti eigi goldið fyrir heimamenn sína, gæti gjaldheimtumaður snúið sjer að þeim sjálfum, þess vegna þyrfti gjaldið eigi að tapast; en þegar húsfaðirinn hefur enga heimamenn og liggur á sveit, hlýtur það gjald, sem kemur niður á sjálfan hann, að tapast; því jeg get eigi skilið, að sýslumaðurinn sje skyldur til, að borga það frá sjálfum sjer, geti hann eigi náð því með lögtaki. Munurinn á þessu gjaldi nú og manntalsbókargjöldunum er, að þetta gjald er tiltekin upphæð, sem lögð er á hvern hrepp, svo ef einhver getur eigi goldið, leggur hreppurinn fram af hreppsfje; þess vegna getur gjaldið ekki tapast, eins og það nú er, af því það borgast úr hreppssjóði, en eptir frv. getur það tapast.

Jakob Guðmundsson: Jeg get eigi skilið það, sem h. landshöfðingi sagði, að þetta gjald tapist sýslusjóðnum fremur en önnur gjöld, sem lögð eru á eptir hundraðatali; mjer finnst þetta gjald vera eins víst. Jeg get eigi skilið annað en að hreppurinn, ef hann lætur búa á jörð, sje jafnskyldur að inna af hendi og svara gjöldum fyrir hreppsómagann, sem fyrir sjálfan sig.

Jón Ólafsson: Jeg ætlaði eigi að tala í þessu máli, en jeg neyðist til þess af orðum hins h. flutningsm. (A. Ó.), því jeg greiði atkvæði með frv. hans, en af allt öðrum og jafnvel alveg gagnstæðum ástæðum þeim, sem flutningsmaður færði til. Jeg greiði eigi atkvæði með því af því, að mjer finnist gjaldstofninn vera *ranglátur;* þvert á móti finnst mjer hann vera rjettlátur; í annan stað sje jeg eigi neina hættu á því þó að gjaldið innheimtist ekki allt, því að allt af má hafa niðurjöfnunina vel fyrir vanhöldum. Enn fremur held jeg, að þetta næmi svo litlu, að gjöldin yrðu nægileg samt. En bezti og aðalkosturinn við frv. er innheimtan; finnst mjer *hún* vera *ein* nóg ástæða til að greiða atkvæði með frv.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 6:5 atkv. og afgreitt síðan til Nd.

Frumvarp til laga um varnarþing í skuldamálum og ýms viðskiptaskilyrði (C. 206, 232); 2. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg vil minnast á nokkur einstök atriði í þessu frumv. sem mjer finnst, að í heild sinni sje þýðingarmikið og mikilsverð rjettarbót. Það eru enn þá á því nokkrir agnúar, sem jeg álít heppilegra að bæta. Jeg hef t. d. komið fram með breyt.till. á þingskj. 156 (C. 232) við 3. málsgr. 1. gr., en jeg sje að heppilegra væri, að koma fram með fleiri breyt.till. við frv.; og því hef jeg í hyggju, áður en umræðu þessari lýkur, að stinga upp á 3 manna nefnd í málið, en jeg vil eigi koma strax fram með þá tillögu, fyr en frekari umræður eru um það orðnar, því að umr. gætu gjört frv. gagn. Í 1. gr. er ekki heppilega að orði komizt; væri betra að orða það öðruvísi; jeg álít eigi heppilegt að segja: varnarþing skuldunauts *skal* vera á varnarþingstað lánardrottins. Tilgangurinn er sá, að gefa lánardrottni þennan rjett, en eigi, að varna honum að sækja málið á venjulegu varnarþingi skuldunauts, ef hann svo heldur vill. Í annan stað er ástæða til að taka betur fram ákvæðin í 3. lið 1. gr.; þar stendur: „Sje skuldunautur eigi á fyrirkallsstaðnum, þá er honum er birt stefna, skal birta hana á lögheimili hans með sex vikna fresti". Tilgangurinn er, að lögleiða, að stefnuna megi birta á varnarþingsstaðnum, ef skuldunautur er þar staddur. Með orðalagi frv. yrði þetta lögleitt *óbeinlínis* eða „forudsætningsvis". En það mun rjettara og eðlilegra, að slík ákvæði, sem hafa svo mikla þýðing, sje lögleidd með

beinum orðum. Mjer virðist enda geta verið æskilegt, að gera nokkrar fleiri breytingar við frv.; mun jeg því, eins og jeg áðan sagði, áður en umræðunni er lokið koma með tillögu um að nefnd verði sett í málið, því jeg álít það mjög þýðingarmikla rjettarbót í löggjöf vorri, og ætti það því skilið að fá framgang.

Landshöfðingi: Jeg hygg, að það sje rjett gjört af h. flutningsm. (J. Ól.), að ráðgjöra að leggja til að nefnd sje sett til að íhuga þetta frv. Í frv. eru ýmisleg ákvæði, sem jeg álít nytsöm, en aptur önnur, sem ættu að nemast burtu. Jeg vil vekja athygli á upphafi 1. gr., þar sem sagt er yfir höfuð, að varnarþing skuldunauts skuli vera á varnarþingsstað lánardrottins. Jeg álít ekki nægilegt, að breyta þessu eins og h. flutningsm. (J. Ól.) sagði að setja „má“ í staðinn fyrir „skal“, því að með því yrði engin breyting gjörð frá því sem nú er; lánardrottinn og skuldunautur geta ætíð komið sjer saman um það, að skuldunautur skuli mæta á varnarþingstað lánardrottins; — en það sem jeg hef á móti þessum ákvæðum er það, að setningin er orðuð svo almennt, að hún getur náð yfir öll viðskipti, náð til allra þeirra, sem taka til láns peninga eða peningaviði hjá öðrum, en svo kemur takmörkunin í 4. gr., sem sýnir, að þetta gildir ekki nema fyrir þau viðskipti, sem þar eru talin upp. Það átti því strax í upphafi að taka til, í hverjum tilfellum þessi ákvæði skyldu gilda.

Ákvörðun sú, sem sett er í 2. grein, virðist mjer nokkuð hæpin. Tökum dæmi: Maður einn fær reikning frá verzlun þeirri, er hann hefur skipti við; hann finnur eitthvað athugavert í honum og sendir brjef með mótmælum, en kaupmaðurinn er þá dáinn og skuldir búsins eru seldar öðrum til innköllunar. Þá getur það verið nær því ómögulegt fyrir manninn að sanna það **að mótmæli hans hafi komið nógu snemma. Auðvitað getur hann afhent mótmælabrjefið** með vottum, en það er kostnaðarsamur og brotinn vegur. Þetta þyrfti því að lagast.

Fyrirmæli 3. gr. álít jeg hentug og hafa töluverða rjettarbót í sjer, því að ákvæðin í tilskipun 13. júní 1787 hafa aldrei reynzt hjer hentug, sjerstaklega af því, að það er siður víða, að hafa ekki neinar contrabækur.

Jeg hef það einkum á móti ákvæðum frv. í 1. gr., að tilgangurinn virðist sá einkum, að gjöra kaupmönnum sjerstaklega ljett fyrir að ná því, sem þeir lána út; af því hlýtur því að leiða, að þeir verða fúsari til að lána, en jeg álít það ekki rjett, að koma því til leiðar með svona löguðum fyrirmælum í lögum, að kaupstaðalán aukist, því að lánsverzlun er hreinasta niðurdrep. Það ætti því miklu heldur, að gjöra kaupmönnum erfiðara fyrir að lána mikið í góðu árunum, þar sem þau lán eru aptur að öllum jafnaði heimt inn í hörðu árunum, einmitt þegar verst gegnir fyrir skuldunautinn.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg er hæstv. landshöfðingja mjög þakklátur fyrir þær bendingar, sem hann hefur gefið, og vona, að nefnd sú, sem kann að verða sett í þetta mál, taki þær bendingar til greina.

En viðvíkjandi því, að frv. þetta gangi út á það, að gjöra kaupmönnum hægra fyrir, að ná inn skuldum og verði þannig til þess að auka lánin, — þá veit jeg eigi betur, en að allir menn hafi ávallt talið hag að auka lánstraust manna, og ætti þá svo að vera ekki sízt í fátæku landi sem voru. En þetta frv. mundi vel að merkja aðeins auka lánstraust þeirra manna sem það eiga skilið, sem eru borgunarfærir. Hitt álít jeg skaðlegt, að auka lánin til þeirra manna, sem eigi eru borgunarfærir, enda mundi þetta frv. alls eigi gera það; það er engin meiri ástæða til. þó að það komizt á, að lána út í bláinn upp á óvissu, þeim sem eigi eru borgun-

arfærir; því að innheimtuhægðin getur eigi eflt lánstraust þeirra, sem ekkert er af að hafa. Það er vitanlegt, að það eru vanskilin, sem íþyngja mest verzlun vorri og leggjast þyngst á verð hverrar vöru, því að auðvitað þurfa kaupmenn að fá einhverstaðar frá það fje, sem þeir tapa hjá vanskilamönnunum, og það láta þeir svo skilamennina borga; setja verð vörunnar þeim mun hærra, til þess að geta fengið sitt. Það er þannig einmitt til þess að efla hag skilamannanna, að gjöra tryggari aðgang fyrir menn til að ná inn skuldum sínum. Og er það eigi eðlilegt og rjett, sem frv. hefur fyrir mark og mið? Er ekki eðlilegra, að tryggja með lögum rjett þess manns, sem á rjett sinn að sækja í annara manna hendur, heldur en hitt, sem segja má, að lög vor nú gjöri, að vernda þá menn, sem skjótast vilja undan skuldbindingum sínum, vernda menn frá því, að þurfa að uppfylla loforð sín? Það eru þó *rjettindi* þegnanna en eigi *rangindi* þeirra, sem lögin eiga að vernda.

Það er líka enginn efi á því, að það er ljettara og kostnaðarminna, nærri í hverju tilfelli, einnig fyrir skuldunaut, að mæta á varnarþingstað lánardrottins, heldur en að þurfa að bera kostnaðinn af heimsókn lánardrottins eða málfærslumanns hans. Ef jeg t. d. á skuld hjá manni austur í Skaptafellssýslu, ætli það sje ekki ódýrara fyrir hann að koma sjálfan á hentugasta tíma ársins, á lestunum, hingað, heldur en hitt, að borga mjer eða málfærslumanni mínum ferðakostnað og dagkaup austur þangað, til að krefja inn skuldina? Jeg þekki dæmi til, að maður sem sendur var af norðurlandi austur á land til að heimta inn ekki stórvaxna skuld, setti upp 400 kr. fyrir ómak sitt. Það getur yfir höfuð haft miklu tilfinnanlegri kostnað í för með sjer fyrir skuldunaut, að verða að borga lánardrottni fyrir að mæta á varnarþingi skuldunauts til að reka rjettar síns í skuldamálum, heldur en hitt, fyrir lántakanda að mæta á varnarþingi lánveitandans, einkum þegar tíminn er svona ákveðinn: á lestunum.

Jeg skal játa það, að eins og hæstv. landshöfðingi benti á, eru ákvæði 1. gr. víðtæk, og þótt 4. gr. takmarki þau aptur, væri viðkunnanlegra, eins og hann benti á, að draga þetta saman í eina grein. Jeg efast ekki um, að nefndin muni gjöra það, enda er það ekki nein efnisbreyting.

Jeg vil að svo mæltu leyfa mjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd sje kosin til að íhuga frv. þetta.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning samþykkt með 9 atkv. og kosnir:

Jón Ólafsson með 10 atkv.
E. Th. Jónassen — 9 —
L. Sveinbjörnss. — 7 —

1. umr. frestað.

Frv. til laga um friðun æðarfugla (C. 163, 209, 231); 2. umr.

Framsögumaður (Friðrik Stefánsson): Breyt.till. þær, sem nú liggja fyrir frá nefndinni, eru fólgnar í því, sem jeg tók fram, þegar frumv. þetta var hjer síðast til umr.

Nú fer nefndin fram á það, að auk sektar þeirrar, sem ákveðin er í tilskipun 20. júní 1849, skuli þær vera 10—100 kr., því að nefndin áleit, að ekki gæti friðun á æðarfugli fullkomin talizt, nema sektir fyrir að drepa hann væru háar.

Nefndin hefur nú einnig ákveðið það um eggjatöku, að hvorki varpeigendur nje aðrir megi selja nje kaupa æðaregg, og sömu sektir eru lagðar við, ef brotið er á móti þeim ákvæðum.

Hin 3. breyting, sem nefndin hefur gjört, er í því fólgin, að hún hefur sett þau ákvæði, að $^1/_3$ hluti af sektunum skuli renna í sveitar- eða bæjarsjóð, en $^2/_3$ hlutar til uppljóstrarmanns.

Þar sem h. deild hefur áður tekið þessu frv. svo vel, býst nefndin við, að þessar breytingar fái góðan byr, með því

þær lúta allar að því, að setja þær ákvarðanir inn í frv. sem helzt þóttu tiltækilegar, þegar frv. var hjer síðast til umræðu. Þetta mál er svo mikilsvert, að mjög áríðandi er, að tryggja þennan arðsama og mikilsvarðandi atvinnuveg, sem margir landsmenn stunda. Nefndin þykist því hafa fyllstu ástæðu til að treysta því, að mál þetta fái framgang á þinginu.

Júlíus Havsteen: Jeg get eigi annað en fallizt á breyt. h. nefndar, sem liggja nú hjer fyrir. Aðeins er það ein athugasemd, sem jeg vildi leyfa mjer að gjöra. Hjer í 1. breyt.till. er sagt svo: „Hver sá, er drepur æðarfugl af ásettu ráði, skal, *auk sekta þeirra, sem getur um í 11. gr.* í tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849“. Meðal þeirra sekta, sem nefndar eru í 11. gr., er nú einmitt krónu sektin fyrir hvern drepinn æðarfugl, og eptir þessu yrði þá lægsta sektin 11 kr., og sú hæsta 101 kr. Þessar sekta upphæðir eru nokkuð óviðkunnanlegar; en samt sem áður getur ekkert verið á móti því, að ákveða viðbótar sektir, í stað þess að breyta sjálfri upphæð sektarinnar fyrir að drepa æðarfugl. Eins er hitt nokkuð undarleg ákvörðun, ef h. nefnd ætlast til, að hjer sjeu með þessu lagðar viðbótarsektir við æðarfugladráp, þannig, að hvorttveggja gildi, bæði ákvæði tilskipunarinnar og þessara laga, svo að lægsta sekt fyrir að drepa 1 æðarfugl yrði 11 kr., hæsta sekt 101 kr.

Að sönnu má segja, að það gjöri ekki mikið til, að haga þessu svona, en það er óvenjulegt, þótt það geti reyndar ekki valdið neinu hneyksli.

Framsögumaður (Friðrik Stefánsson): Það var meining nefndarinnar, að nema ekki úr gildi sektir þær, sem ákveðnar eru í tilsk. 20. júní 1849 fyrir æðarfugladráp, heldur að eins auka við þær þessu, sem tekið er til í breytingartillögunum.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Jafnvel þótt jeg geti ekkert sjeð á móti því, að hækkaðar sjeu sektir fyrir æðarfugladráp, álít jeg samt á hinn bóginn, að slíkt hafi ekki mikinn árangur. Aðalerfiðleikarnir verða eptir sem áður þeir, að geta sannað það, að einhver hafi drepið æðarfugl af ásettu ráði.

En hinni breyt. h. nefndar, að ekki megi selja æðaregg, get jeg ekki verið með; því að úr því mönnum er heimilað að gefa þau, er þar með opnaður vegur fyrir þá, sem vilja fara kring um lögin. Eins er það og hlægileg ákvörðun, að hver sem finnur dauðan æðarfugl skuli eiga að hlaupa með hann til hreppsnefndarinnar. Það er ósköp líklegt, að nokkur fari að hlaupa, má ske heila mílu vegar, þótt hann kunni að hafa fundið dauðan æðarfugl.

Framsögumaður (Friðrik Stefánsson): Jeg hygg, að h. þm., er nú settist, gjöri óþarfa grýlu úr eggjatökunni; þótt mönnum sje ekki bannað að taka þau egg, sem álitið er nauðsynlegt varpsins vegna að taka, get jeg ekkert sjeð á móti, því það er allt annað en brúka þau til útsölu, sem verzlunarvöru. En það, sem gefið yrði í burt af eggjum, getur tæpast orðið svo mikið, að æðarvörpin líði neinn halla af því, að gefa þau burtu eða brúka til sinna heimilisþarfa.

E. Th. Jónassen: Mjer finnast breyt. h. nefndar vera til bóta og alls eigi vera neitt hlægilegt, að bannað skuli að selja æðaregg. Fyrir Færeyjar eru sett lög 1887, sem hafa þessa sömu ákvörðun, og hefur það ekki þótt neitt hlægilegt. Og jafnvel þótt fara megi í kring um þessa ákvörðun, má segja hið sama um fleiri lög, og hygg jeg, að flestir muni þeir verða, er heldur kjósa að hlýða þessum fyrirmælum, því þeir hljóta sjálfir að sjá, að það er þeim fyrir beztu og varpi þeirra. Það er alkunnugt, hve hirðulausir sumir menn eru með varplönd sín, og að nauðsyn ber til, að taka eitthvað í taumana og leggja háar sektir við bæði eggjasölu og æðar-

fugladrápi. Mjer er það kunnugt af reynslu, hvernig það gengur að fá þá sektaða, er kærðir eru fyrir æðarfugladráp. Þeir meðganga að jafnaði, að hafa drepið 1 fugl og ekki meira, hversu marga fugla sem þeir hafa drepið, og svo er ekki hægt, að refsa þeim eins mikið og vera ætti. Jeg man eitt dæmi um mann, sem kærður var fyrir mjer fyrir æðarfugladráp. Hann meðgekk að hafa aðeins drepið einn fugl, en svo fann jeg hina fuglana, sem hann hafði líka drepið, því hann faldi þá ekki nógu vel. Jeg álít það mjög nauðsynlegt, að herða á sektunum; það getur orðið mönnum til varnaðar. Jeg mun því gefa þessum breytingartill. atkv. mitt.

Jakob Guðmundsson: Það hafa margir vottað það, að reglan sje sú, samkvæmt reynslunni, að hinn kærði játi sjaldan upp á sig, að hafa drepið meira en 1 æðarfugl, hversu marga sem hann kann að hafa drepið. Það liggur því í augum uppi, að þeim, sem marga æðarfugla drepa, þykir ekki mikið fyrir, að þurfa aðeins að greiða 1 kr. sekt fyrir þá alla, af því ekki uppgötvast um fleiri en einn. Nauðsynin að hækka sektirnar er þannig brýn.

Það var meining nefndarinnar, að leggja 10—100 kr. sekt við æðarfugladrápi að auki við það, sem tiltekið er í tilskipun 20. júní 1849, til þess að þurfa ekki að nema neitt úr lögum með þessum fyrirmælum.

Það hefur verið haft á móti því, að mönnum er heimilað að gefa egg, af þeirri ástæðu, að með því sje mönnum opnaður vegur til að fara í kring um lögin. En jeg hygg, að varla sje unnt, að gjöra nokkur lög svo úr garði, að þeir menn, sem nokkra veraldarkænsku hafa, geti ekki haft einhver ráð til að fara í kring um þau.

Skúli Þorvarðarson: Jeg skal aðeins með fáeinum orðum gjöra grein fyrir álíti mínu á þessu máli.

Mjer finnst æðarvarpið vera svo þýðingarmikill og arðsamur atvinnuvegur fyrir land vort, að full ástæða sje til, að gera sitt ýtrasta til þess, að vernda æðarfuglinn og á annan hátt að styðja að því, að þessi atvinnugrein nái sem mestum blóma. Jeg er þeirrar skoðunar, að hækkun á sektunum fyrir æðarfugladráp muni geta komið að góðu liði og orðið veruleg hindrun fyrir því, að drepinn verði æðarfuglinn að sama skapi, eins og hingað til hefur átt sjer stað. Jeg held einnig, að bann á eggjatöku geti haft góða verkun, því að þó það kunni að koma fyrir í einstöku tilfellum, að menn selji egg undir því yfirskyni, að það sje gjöf, þá ætla jeg, að það muni aldrei geta orðið að miklum mun og mjer þykir svo mikið í þessa breytingu á frumvarpinu varið, að þar sem jeg var í vafa um, hvort jeg gæti gefið frv., eins og það var upphaflega, atkvæði mitt, þá er jeg í engum efa með að greiða atkvæði með því með þeim breyt., sem nefndin leggur nú til.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyttill. nefnd. á þingskj. 154 (C. 231) samþ. með 9 atkv.; að 1. gr. frumv. (C. 163) falli burt samþ. með 9 atkv.; 2. breyt. nefnd á þingskj. 154 samþ. með 9 atkv.; 2. breyt. nefnd. 115 og 2. gr. frv. (C. 163) þar með fallnar; 3.—4. breyt. á þingskj. 154, 4. breyt. *a* og *b* og 1. breyt. á þingskj 115 samþ. hver um sig með 9 atkv.; fyrirsögnin með áorðnum breyt. samþ. með 9 atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Frv. til laga um aðflutningsgjald af kaffi og sykri (C. 221, 231); 2. umr.

L. E. Sveinbjörnsson: Það sem jeg tel frv. þessu til gildis, er það, að *álögustofnarnir* eru *fáir*, *gjaldið* af þeim er *víst* og *eptirlitið* verður *lítið erfiðara* en það sem nú er með tollskyldum vörum. Aptur á móti eru þeir gallar á gjaldi því, sem frv. þetta fer fram á, að það er helzt til of hátt, þegar miðað er við verð þessara vörutegunda, og að sykurinn er ein af

nauðsynjavörum vorum. Jeg læt mjer annars liggja í ljettu rúmi, á hvað lagt er; það er víst, að landssjóður þarf að fá peninga, og eins er það fullsannað, að með þessu frv. er nægilega bætt úr þessari þörf. Jeg sagði áðan og tek það aptur fram, að jeg læt mjer liggja í ljettu rúmi, á hvað lagt er, aðeins að álögustofnarnir sjeu fáir, og menn þurfi eigi að fara að baslast með tollgæzlu, og tekjurnar nokkurn veginn vissar. Í von um, að menn aðhyllist eigi fleiri tollafrv. á þessu þingi, — nema tóbakstollsfrv. — gef jeg þessu frv. óhikað atkv. mitt, en verð á móti breyt.till.

Júlíus Havsteen: Jeg þykist hafa ástæðu til, að gjöra grein fyrir atkv. mínu í þessu máli. Jeg hata alla tolla og vildi helzt enga tolla hafa; tel jeg það ógæfu, að vjer nokkru sinni fengum tolla innleidda hjá oss. Afleiðingin af þessu var fyrst sú, að lestagjaldið var afnumið, — þar fóru 40 þús. kr. — en því gjaldi kvartaði enginn undan og var hið hægasta gjald hvað innheimtu snertir. Í annan stað hefur það eflaust leitt af tollunum, að menn hafa orðið um of örir á fje landsins við ýms tækifæri. Það eru og hafa verið mörg þau gjöld og gjaldliðir á fjárlögunum, sem alls eigi ættu eða hefðu átt þar að vera. En nú er brýnasta nauðsyn á, að auka tekjur landssjóðs, og því vil jeg greiða atkvæði fyrir þessu frv., eins og það kom frá neðri deild, í von um, að við svo verðum lausir við frekari tollálögur, að menn framvegis verði gætnari í meðferðinni á fje landssjóðs, og að menn helzt taki ekki aðra gjaldliði upp í fjárlögin, en þá sem lögboðnir eru.

Sighvatur Árnason: Jeg er einn í þeirra tölu, sem finnst h. neðri deild fara of langt í tollunum. Þetta er mín sannfæring, og eptir henni vil jeg leggja til, að menn fari eigi lengra en að bæta upp tekjuhalla landsjóðs. Ástæðan er sjerstaklega sú, að jeg þykist sjá fram á, að í þetta sinn verði lítið eða ekkert lagt til að efla atvinnuvegi landsins eða til nytsamra fyrirtækja, og jeg get því eigi sjeð, að þá sje tími til, að leggja meiri gjöld á þjóðina, en nauðsynlegt er til þes þess að bæta úr tekjuhallanum; en til þess mun hjer um bil nægja, eins og tekið hefur verið fram, tollupphæð sú, er stjórnarfrv. fer fram á, og sem er sú sama sem við 4 þingmenn höfum lagt til í breyt.till. okkar. Því þegar búið er að fá hið lægra stigið lögleitt, og menn fá að sjá árangurinn af því, hvort nægilegt fæst til að bæta upp tekjuhallann, eða máske verður afgangur, þá er tími til að sjá ráð til þess, að koma betra lagi á samgöngur og atvinnuvegi landsins á einhvern hátt, sem fyrst og fremst ætti, eptir minni meiningu, að vera í fyrirrúmi. Sem sagt, jeg álít því í þetta skipti hið eina rjetta, að halda sjer við þetta lægra tollastig, sem fyrir liggur, og fara eigi lengra.

Jeg vil fara mjög varlega í þessum tollum, og mjer eru þeir mjög ógeðfelldir, af því þeir íþyngja landsmönnum tvöfalt í verzlunarviðskiptunum. Sjer í lagi álít jeg þá óheppilegan gjaldstofn, þegar gjalda skal af vörum, sem menn geta eigi eða naumast án verið; mjer finnst það liggja í augum uppi, hve aðþrengjandi þeir hljóta þá að vera, og jeg skil eigi í þeim mönnum, sem eru að tala um, að landsmenn finni eigi til þeirra; jeg held þeir hafi eigi lesið ofan í kjölinn afleiðingarnar af verzlunartollunum. Jeg skal taka til dæmis aðflutningstoll, sem gefur 100 þús. kr. í landsjóð, en landsmenn borga kaupmönnum 100 % eða helmingi meira, og jeg held fáir geti efast um, að svo muni verða, eptir þeirri reynslu, sem á er orðin, en mjer er spurn: hvort halda menn að þessi ábætir eða viðbættu 100 þús. kr. renni? Jeg hef þá hugsun, að þær renni mest út úr landinu, eða hafa

þeir góðu tollvinir íhugað, hvaða óhagræði háir aðflutningstollar vinna pöntunarfjelögunum? hafa meðlimir þeirra svo mikið fje eða peninga upp á vasann, að þeir geti snarað út háu tollgjaldi áður en vörurnar eru komnar upp í fjöruna? Jeg held þeim verði með tollunum settur stóllinn fyrir dyrnar. Eins og jeg hef tekið fram, eru þessir háu verzlunartollar mjer andstæðir, að jeg ekki segi: þessi tollavindur, sem er í mönnum; maður veit að vísu, hvaðan hann kemur og hvert hann fer. Hann fer í verzlunina og tryllir hana og eitrar hana og kaupmannastjettina með, eptir því sem tolleptirlitinu er háttað á landi voru, og það mun seinna sjást, hversu hollur hann verður landsmönnum; jeg gef breyt.till. atkvæði mitt, en frumv. neðri deildar eigi.

Friðrik Stefánsson: Því miður er nú komið fyrir oss með fjárhaginn, eins og Arvid Horn sagði við Svía 1725, að vjer eigum einungis kost á milli þess sem er „vont og verra“; en samt verðum vjer nú að ráða fram úr vandræðunum, og það vita allir, að ekki verður gjört, nema með því að leggja nýja tolla á; en jafnframt verðum vjer, að gjöra oss ljósa grein fyrir tvennu: fyrst hversu mikið fje þurfi, og í öðru lagi hvernig landsmönnum verði ljettast að greiða það. En það heyrist mjer á hinum heiðruðu þingm., að þeir sjeu flestir þeirrar skoðunar, að haganlegast muni vera að ráða bót á tekjuhallanum með tollum. Ágreiningsatriðið er um það, hve háir tollarnir skuli vera; jeg fyrir mitt leyti vil taka neðri deild trúanlega, að tollurinn þurfi að vera eins hár og frumv. fer fram á; hún hefur rannsakað það, enda sje jeg það sjálfur og hver hinna heiðruðu þingm. Svo er sagt um Krókálf, sem kom út hingað frá Hákoni hálegg Noregskonungi 1305, að hann „hafi farið með fáheyrðar beiðslur“, og líkur honum virðist mjer 1. þm. Rangv. (S. A.) í því tilliti, að hann kemur með bænir og beiðslur á hverju þingi; það eina skilur þær frá hinum fyrnefnda, að þessar eru margheyrðar, og því meir furða jeg mig á því hjá h. þm., að hann skuli þó allt af rísa öndverður móti tollum, og móti því, að fje fáist í landsjóðinn til að að brúa stórárnar austur þar; hann þykist heldur vera farinn að snúast að föstum sköttum; en hvaða sköttum? Hann vill máske heldur hækka ábúðarskattinn, þó honum nýlega mistækist það? Hann þekkir sína sveit, og veit hvað bændurnir þola þar; en fyrir norðan mundi það eigi stoða, að hækka fasta skatta; það kann nú að vera, að landkostirnir þarna fyrir austan sjeu svo góðir og svo miklu betri en nyrðra. En áður en jeg lýk máli mínu, skal jeg taka það fram, að úr því maður kemst ekki hjá, að leggja ný gjöld á, þá álít jeg kaffitoll eitthvert hið rjettlátasta gjald, af þeirri ástæðu, að það jafnast á alla, fátæka og ríka, og margur sá verður að gjalda þetta gjald, sem annars hefur getað skotið sjer undan, að miklu eða öllu, að inna af hendi gjöld til landsjóðs, sem honum þó efnanna vegna hefði borið að rjettu.

H. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) talaði mikið um sparnað og um að safna eigi fje í landsjóðinn; að við hafa sparnað álít jeg sjálfsagt, en að rjetta ekki við hag landsjóðs og setja landsjóðinn í botnlausar skuldir, það vildi jeg eigi hafa á minni samvizku eða vera í samráði með þingmanninum í því. Og að rjetta landsjóðinn við úr því ástandi, hlyti að verða langtum þyngra. Enn fremur verðum vjer að gæta þess, að nú getum vjer ekki komizt hjá, að leggja fje fram til brúar á Ölvesá og margra annara landsþarfa. Ef oss á að miða fremur áfram en aptur á bak, þá get jeg eigi sjeð, að neðr deild hafi farið of langt. Jeg get heldur eigi betur sjeð, en það sje rjettlátt, að sjómenn og tómthúsmenn, bæði hjer í Reykjavík og annarstaðar, taki dálítinn

þátt í byrðinni með sveitamönnunum, og að þeir gjaldi líka í landsjóð; því greiði jeg óhikað atkvæði með þessu frumv. óbreyttu.

Arnljótur Ólafsson: Jeg á hjer ásamt tveimur h. þingm. breyt.till. við frumv. þetta. Jeg get eigi neitað því, að jeg stend upp til að verja breyt.till. þessa með óvenjulega mikilli gleði. Jeg þykist vita, að breyt.till. þessi muni fá hinar beztu undirtektir, því hún er samkvæm frumv. stjórnarinnar, og orðið stjórn hefur ætíð hinn bezta hljóm í þessari h. deild. Jeg skal nú sýna fram á, að það er eigi ástæðulaust, að jeg vonast eptir fylgi deildarinnar. Þegar litið er á breyting neðri deildar, þá er hún í því innifalin, að hún hefur hækkað tolla stjórnarinnar um fullan helming, kaffitollinn úr 5 a. upp í 10 a., sykurtollinn úr 2 a. upp í 5 a. og tóbakstollinn úr 20 a. upp í 35 a., eða að öllu samtöldu um fullan helming.

Hvað hefur deildin gjört með þessari breyt., eða um hvað vottar þessi breyting? Hún vottar það, að stjórnin hafi ekki vit á, hvað til vors friðar heyrir, ekkert vit á málum vorum, að hún sje varla hálfviti í fjármálum, og til þess að sýna það, hefur neðri deild sett tollana upp um fullan helming. Þetta vottorð snertir eigi að eins þann hluta stjórnarinnar, sem situr í Danmörku, heldur einnig þann, sem er hjer, því Danmerkurhlutinn mun engan veginn hafa verið einn í ráðum um tollfrv. þetta, heldur mun það vera samið í samráði við landsh. Með þessu frumv. sínu gefur h. neðri deild allri vorri æðstu stjórn, innanlands og utan, vottorð um, að hún sje *hálfviti*. *(Forseti:* Þessi orð munu ganga út fyrir hin rjettu takmörk). Jeg skal eigi segja það optar.

Jeg get ímyndað mjer aðra ástæðu, sem komið hafi neðri deild til þess að hækka tollinn svo mjög, og hún er sú, að deildin álíti þess sje þörf. Sjáum nú hvort þessi skoðun er á rökum byggð. Stjórnin telur, að tolltekjurnar muni aukast um 70 þús. kr. eptir frumv. sínu, en eptir frumv. neðri deildar ættu þær þá að aukast um 140 þús. kr. Landshöfðingi hefur sagt, að tekjuhallinn nemi 90 þús. kr., er að nokkru stafi af því, að tekjur landsjóðs sjeu virtar 52 þús. kr. lægra en eptir fjárlögum síðast.

Niðurfærslan mun víða á rökum byggð, en engan veginn alstaðar. Jeg skal taka ábúðar- og lausafjárskattinn. Á fjárlögum 1887—89 er hann talinn 35 þús. kr. og 1890—91 er hann færður niður um 7000 kr., eptir sögn landshöfðingja; en landsreikningarnir segja, að skatturinn hafi verið síðara árið um 20 þús., fyrra árið um 22 þús. kr., eða fyrir fjárhagstímabilið 42,360 kr.; en þess er gætandi, að hjer er hann að eins talinn hálfur, en á næsta fjárhagstimabili verður hann heimtur allur, að upphæð 84 þús., í staðinn fyrir 35 þús. kr., eptir síðustu fjárlögunum; munurinn er því um 50 þús. kr. á þessum eina skatti. Ábúðar- og lausafjárskatturinn heggur því, rjett metinn, drjúgt skarð í þennan 90 þús. kr. tekjuhalla, og þar að auki má gjöra ráð fyrir, að lausafjárhundruðum fjölgi nokkuð og verðlagsskrár hækki, því fje og ull hefur hækkað í verði þetta ár. Jeg get því eigi betur sjeð, — nema fjárlaganefndin ætli að gjöra einhver ósköp, einhver kraptaverk, — en það sje alveg ástæðulaust, að fara að hækka tollinn fram úr því, sem ákveðið er í stjórnarfrv., því eptir þeim skýrslum, sem liggja fyrir, verða tekjurnar eigi að eins nægar, heldur einnig töluverður afgangur. Það er góð regla, sem neðri málstofan á Englandi fylgir og hefur lengi fylgt, og hví skyldum vjer eigi vilja taka hana oss til fyrirmyndar? Við erum þó opt að vitna í ensk lög. En reglan er sú, að hún tekur aldrei að sjer fjárbænir, heldur vísar þeim á bug. Önnur regla neðri málstofunnar er það, að

hún hækkar eigi um 1 penny fjárbænir stjórnarinnar, heldur að eins ræðir um, hvernig gjöldin eru lögð á, eða færir þau niður. Er þá alþingi Íslendinga vitrara, en 500 (465) valinna manna á Englandi, vitrara en öll neðri málstofan þar, já vitrara en báðar málstofurnar þar til samans? Vjer viljum frelsi, en hvaða frelsi? Það frelsi, að leggja tvöfaldar tolla-álögur á landsmenn. Það tjáir eigi að segja: vjer einir höfum vit á búskap, en þjer, landsmenn góðir, hafið ekkert vit á honum, vjer verðum því að búa fyrir ykkur. Mjer þykir það hart, hversu vitrir menn sem þjer, h. þingm., kunnið að vera, og sem jeg játa að þjer eruð, að þjer segið, þegar þjer eruð hingað komnir í þingsalinn: enginn hefur vit á búskap, nema jeg, fyrir því legg jeg 100 og jafnvel 100 þús. króna gjöld á yður, landsmenn góðir, án beiðni yðar, vilja eða samþykkis.

Svo jeg snúi mjer nú að breyt.till., þá skal jeg taka það fram, að tollur sá, er frumv. ákveður, einkum á sykri, er mjög svo hár; gjöri maður ráð fyrir, að pundið kosti rúma 30 aura, þá verður tollurinn 16 %. Hvað er sykur og til hvers er hann? Eptir skýrslu fæðufróðra manna er hann eitt af aðalnæringarefnum líkamans, og hjá matreiðslukonum getið þjer fengið að vita, að vjer höfum sykur í mat, höfum hann ungbörnum til næringar og oss til sælgætis, til að gjöra lítt viðunandi mat góðan. Á þetta fæðuefni leggur neðri deild meira en helmingi hærri toll en stjórnin sjálf. Jeg skal í ræðulok gjöra þá afsökun, að þó mjer greini á við neðri deild í þessu máli, þá ber jeg hina mestu virðing fyrir þeirri deild og vitsmunum þeirra manna, sem þar sitja.

E. Th. Jónassen: Það eru þegar orðnar langar umræður um þetta mál, og skal jeg ekki lengja þær mikið. Það er kunnugt, að í landsjóði er mikill tekjuhalli, sem nauðsyn ber til að kippa í lag. H. neðri deild hefur eins og stjórnin álitið það ráð tiltækilegast, að leggja tolla á kaffi og sykur, en hefur samþykkt hærri toll en stjórnin hefur stungið upp á. Jeg verð að segja, að jeg verð að láta sannfærast af þeim ástæðum, sem h. Nd. hefur fært fyrir hækkun þessari, og geta röksemdir þær, sem h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) til færði í hinni löngu ræðu sinni, ekki talið mjer hughvarf. Jeg er sannfærður um, að álit hans er rangt, og mjer er nær að halda, að reikningur h. þm. (A. Ó.) sje miður rjettur. Jeg hef ekki tölurnar hjá mjer, svo jeg get ekki staðhæft hvað skakkt er, en hitt er víst, að jeg sje ekki, að oss þyrfti að verða nein vandræði úr því, þó að einhver afgangur væri í landsjóði. Þótt tollurinn sje hærri en jeg vildi óska að hann þyrfti að vera, þá er hann ekki neitt óbærilega hár, svo að hætt sje við, að menn hætti að kaupa þessar vörur vegna tollsins. Það væri heldur ekki hundrað í hættunni, þó að kaffibrúkunin minnkaði svolítið; það vita allir, að kaffið er brúkað í gegndarlausu óhófi, og gæti það aldrei verið nema gott, að menn minnkuðu það dálítið við sig.

H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) tók fram, að það væri ekki ástæða til fyrir þessa deild, að samþykkja þessa tolla, sem frumv. neðri deildar ákveður, af því að þeir væru hærri heldur en stjórnin hefur stungið upp á. Er það meining hans, að þessi deild megi ekki hafa neina aðra skoðun en stjórnin hefur látið í ljósi? Henni getur þó aldrei mislíkað, þó að þingið útvegi henni meira fje en hún hefur beðið um. Álögutillögur stjórnarinnar hafa áður verið hækkaðar af þinginu, og hafa þær breytingar öðlazt staðfestingu, svo jeg ber engan kvíðboga fyrir því, að þetta frumv. verði eigi staðfest, ef þingið samþykkir það þannig, enda má vel vera, að stjórnin hefði stungið upp á hærri tolli, ef hún hefði haft í höndum öll skjöl og skilríki til að sjá þann tekjuhalla, sem

nauður ber til að bæta upp. Eptir kringumstæðunum sje jeg ekki, að hjá því verði komizt, að samþykkja frumv. eins og það kemur frá neðri deild, og mun jeg því gefa því mitt atkvæði.

Jakob Guðmundsson: Jeg er aldrei eins ánægður með sjálfan mig eins og þegar jeg finn hjá mjer stillingu til að endurgjalda ekki illt með illu, og borga ekki mótgjörð með mótgjörð. Jeg man eptir því, að á þinginu 1885 átti jeg þátt í að berjast fyrir kaffi- og sykurtolli, og var það samþykkt hjer í deildinni að leggja á kaffi 5 a. toll og 3 a. á sykur; en þegar kom til neðri deildar, felldi hún það. Mjer þótti þetta þá mikil mótgjörð, því að jeg þóttist sjá í hendi minni, sem góður búmaður, að búskap landsjóðsins mundi ekki veita af þessari tekjugrein. Enda er það nú augljóst orðið. Hefði sá helmingi lægri tollur, sem stungið var upp á 1885, verið samþykktur þá, þá væri hagur landsjóðsins öðruvísi nú, heldur en hann er, og þá hefði ekki verið þörf á að leggja nú 10 a. toll á kaffi og 5 a. á sykur. Einn af h. þingdm., sem þá sat í Nd. og greiddi atkv. á móti tollunum 1885, og sem að þykir nú tollurinn allt of hár, ætti að muna og finna með sjálfum sjer, að hann með atkvæði sínu þá hefur gjört sitt til, að neyða þing og stjórn til þess að leggja nú á þessa tolla, sem honum þykja svo afar-háir. *(Sighv. Árnason:* Úr hvaða kjördæmi er sá þingmaður?). Þeir hafa hlotið að vera margir, úr því að frumv. var fellt með meiri hluta atkvæða. Eins og jeg drap á, þá væri það orðin mikil upphæð samtals, ef 5 aura tollurinn minn hefði komizt á 1885 og staðið þessi 4 ár, sem síðan eru liðin. En mjer dettur ekki í hug að hefna mín og gjalda líku líkt, heldur mun jeg eindregið gefa frumv. atkv. mitt.

Skúli Þorvarðarson: Jeg vil ekki bæta við umræðarnar, því að þær eru orðnar all-langar í þessu máli, en þó vildi jeg leyfa mjer að koma fram með dálitla athugasemd.

Helztu andmæli, sem fram hafa komið gegn frumv., eru þau, að tekið sje of djúpt í árinni, og að landsjóðurinn muni við það fá óþarflega miklar tekjur. Jeg hef reynt að hugsa um þetta vandlega, og fæ jeg ekki betur sjeð, en að landsjóðurinn þurfi þeirrar upphæðar, sem fram á er farið. Í fyrsta lagi þarf að greiða þá skuld, sem landsjóður er kominn í við ríkissjóð; 1887 var hún nálægt 50,000 kr., og efast jeg ekki um, að hún hafi vaxið síðan. Auk þess eru samþykkt lög um að leggja 60,000 kr. til brúar á Ölvesá, og það fje er ekki útborgað. Þetta er samtals rúmlega 100 þús. kr., auk allra útgjalda, og vantar allmikið á, að fje sje fyrir hendi til að borga þetta, og er þá nauðugur einn kostur, að leggja á sig aukna skatta eða tolla til að veita landsjóði tekjur, og mjer þykir vel takast, ef tollar á kaffi og sykur, eins og þeir eru ákveðnir í frumv. því, er hjer liggur fyrir, veita landsjóði til samans 100,000 kr., og hef jeg áður minnzt á, að bráðaþörf kallar til þeirrar upphæðar. Auk þess þarf að sjá svo fyrir á þessu þingi, að meiri jöfnuður verði á tekjum og gjöldum landsjóðs á þessu fjárhagstímabili en næstl. ár.

Jeg álít ekki heppilegt að ákveða tollinn lægri á þessum vörutegundum, en dreifa honum aptur á móti í smærri skömmtum á fleiri vörur, því að meðan vjer höfum ekki tollstjórn neina í landinu, þá er nauðsynlegt að hafa tollinn á sem fæstum tegundum, til þess að ekki verði vandræði úr tollgæzlunni eins og hún er. Að eins með því móti er von um, að tollsvik verði hverfandi.

H. þm. Rangv. (S. Á.) benti á, að það væri varhugavert vegna pöntunarfjelaganna, að hafa tollinn háan; en jeg

verð að álíta, að þeim sje í sjálfsvald sett að kaupa svo mikið eða svo lítið af tolluðum vörum, sem þau vilja.

Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg sje ekki önnur úrræði betri, en að fallast á frumv. eins og það kemur frá neðri deild. Það eru varla önnur betri ráð til að afla þess fjár, sem full þörf er á að ná í landsjóð. Ef svo óheppilega tækist til, að frumv. þetta yrði ekki samþykkt, þá er vafasamt mjög, hvað yrði um öll þau tollafrv., sem fyrir þinginu liggja, og veit jeg ekki hvaðan landsjóði ætti að koma fje, ef engin tollafrv. verða samþykkt. Jeg verð því eindregið að greiða atkvæði með þessu frumv. óbreyttu.

Jón Ólafsson: H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) lagði mikla áherzlu á, að það væri mikil vantrausts-lýsing á stjórninni og hennar þekkingu og vitsmunum, ef þingdeildin samþykkti þessa hækkun á tollunum frá því sem er í frv. stjórnarinnar, sem h. Nd. hefur gjört. Jeg fæ með engu móti sjeð, að svo sje, og er þessi mótbára því óþarfari, sem hæstv. landshöfð. lýsti því yfir í Nd., að frá stjórnarinnar hálfu mundi ekkert á móti þessari hækkun. *(A. Ól.:* Hann má vita það!) Hann ætti að vera þessu talsvert kunnugri, en h. 5. kgk. þm. (A. Ó.), hversu nákominn stjórninni sem hann kann að vera.

Sami h. þm. sagði, að það væri óeðlilegt, að veita fje, sem stjórnin hefði ekki beðið um, og vitnaði hann um það atriði til Englands. En þess er að gæta, að þar er fullkomið þingræði, en hjer er ekkert þingræði. *(A. Ól.:* Jú). Nei, það er ekkert tillit tekið til skoðana þingsins, þegar stjórnarskipti verða, eða til þess að stjórnaskipti verði. En í Englandi er stjórnin ekkert annað en fulltrúar meiri hluta neðri málstofu; ráðgjafarnir *eru* eigi annað þar. Stjórnin er þar því alltaf frumkvöðull allra framfara og framkvæmda; hjer er stjórnin öllu fremur drellir, hengdur til íþyngingar á framfara- og framtaksviðleitni þingsins. Hjer er því allt öðru máli að gegna. Hjer vantar *tertium comparationis* milli vor og þingræðis-landa. Hjer er langt frá því, að stjórnin sje fulltrúi meiri hluta þingsins, eða þing og stjórn sje af sama bergi brotin; hjá oss játar stjórnin, að hún geti ekki vitað, hvað oss er nauðsynlegt; það játar hún með því, að vera aldrei frumkvöðull að neinu, sem oss horfi til framfara; það er því eðlilegt, að hún álíti oss sjálfum næst að meta ástand vort, að sjá hvers vjer þörfnumst, og hve mikið vjer getum og viljum leggja á oss, til að fullnægja þeim þörfum. Ef litið er til þess, sem gjört hefur verið landinu til þrifa og framfara síðan þingið fjekk löggjafarvald, þá sjest, að þingið hefur jafnan haft frumkvæðið til allra framkvæmda, en stjórnin aldrei. Þegar komið var á nýrri læknaskipun, var það þá stjórnin sem, átti frumkvæðið? Nei! það var alþingi. — Þegar gufuskipaferðir kring um landið komust á, og póstferðir voru auknar, var það þá stjórnin, sem átti frumkvæðið? Nei! það var alþingi. — Þegar alþýðumenntun hefur verið efld, var það stjórnin, sem hefur átt frumkvæðið? Nei! það var alþingi. — Þegar búnaðarskólar hafa stofnaðir verið eða fje veitt til eflingar búnaði, hefur þá stjórnin verið frumkvöðull að því? Nei! það hefur alþingi verið. — Þegar vjer höfum kostað til nýrra og betri vega, hefur stjórnin komið fram með það? Nei! Alþingi. — Þegar vjer höfum hlynnt að söfnum landsins, stofnað gagnfræðaskóla eða veitt fje til að kanna náttúru lands vors, hefur þá stjórnin verið frumkvöðull þess? Nei! Það hefur verið þingið. Jeg vil spyrja almennt og yfirhöfuð: Hvaða framfarir eða hverjar framkvæmdir til umbóta eru komnar fram hjer á landi fyrir frumkvæði stjórnarinnar? Jeg þekki þær ekki. Getur h. þm. nefnt mjer nokkrar? Þessi er munurinn á stjórn, eins og vjer höfum hana, og stjórn, þar sem þingræði er. En þessi munur gerir það og eðlilgt, að vjer höf-

um frumkvæðið einnig um fjárveitingarnar. Stjórnin, sem ekkert hugsar um að framkvæma, getur eigi verið bær um að segja, hvers fjár þarf; það verður þingið að gera, meðan það er frumkvöðull allra framkvæmdanna. Þegar stjórnin er *góð* við okkur, þá *lofar* hún okkur að gjöra það til framfara, sem við viljum sjálfir. Það er hennar dyggð í þessum efnum. Þegar hún er slæm við okkur, þá neitar hún okkur um að verja voru eigin fje til þess, sem vjer álítum oss þarflegt, svo sem í lagaskólamálinu. Jeg get ekki láð stjórninni, þó að hún fari ekki að fyrra bragði hart í það, að leggja á tolla; en ef þeir sem gjalda eiga, vilja borga meira, þá tekur hún móti því, því að hún vill líklega ekki vera þröskuldur í veginum fyrir *öllum* þeim framförum, sem landsmenn vilja leggja kostnað á sig til að fá. Jeg held því, að h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) gjöri stjórninni óþarfar getsakir, ef hann heldur, að hún muni setja sig á móti þessari hækkun frá frumv. hennar.

Vjer eigum allmargt ógjört enn. Mundi ekki þörf á að bæta samgöngurnar, auka menntunina, efla búnaðinn og atvinnuvegina og ótal margt annað að gjöra? Ef svo er, þá er oss ekki láandi, þótt vjer viljum reyna að afla landssjóði fjár til nauðsynlegra framkvæmda. Auk h. 5. kgk. þm. (A. Ó.), er það einkum h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.), sem hjer í deildinni er móti öllum tollum. Aðrir vilja hækka tollana til þess þeir standist rjett á við tekjuhallann. En þeim láist að gjöra fyrir þeim vanhöldum, sem óhjákvæmilegt er að verði. H. þm. Rangv. (Sighv. Á.) vill kasta burtu lausafjárskattinum, sem er um 40,000 kr., en er þó á móti því, að leggja á tolla. En jeg vil spyrja hann: *Hvað* vill hann þá? Hvað vill hann hafa í tekjuhallann? Það getur þó ekki verið meiningin, að gjöra skarðið enn stærra og knýja fram óumflýjanleg gjaldþrot?

Eitthvað hljóta þessir háttv. þm. að hafa hugsað sjer í staðinn fyrir tollana. Mjer væri kært, að þeir settu ekki ljós sitt undir mæliker, en leyfðu því að skína og bera birtu á *þetta* efni einnig fyrir okkur hinum.

Sighvatur Árnason: Jeg verð að tala fáein orð út af því, sem nokkrir þingdm. hafa beint að mjer í ræðum sínum. H. þm. Skagf. (Fr. St.) sagði, að jeg kæmi með óheyrðar fjárbænir inn á þing (líkl. til Þjórsárbrúarinnar, sem er fallin), en vildi ekki leggja fram fje til að fullnægja þeim. Jeg vil biðja h. þm., að lesa betur það, sem jeg hef lagt til tollmála hingað til á þinginu, og leggja eyrun betur við því, sem jeg hef tekið fram, um hvað hollast muni vera í skatta- og tollmálum, áður en hann reiðir hátt slík vindhögg. Jeg sagði við fyrstu umræðu málsins, að úr því svona væri komið með þetta frumv., að h. neðri deild hefði sett svo mikinn krapt inn á að samþykkja þetta tollfrv., þá væri óhugsanlegt í þetta sinn, að fara aðra leið til að laga tekjuhallann, en halla sjer að þessu frumv. frá Nd., þótt mjer þætti það neyðarúrræði. Jeg ljet ekki í ljósi, að jeg mundi, úr því sem komið væri, setja mig á móti frv. á annan hátt en að koma með breyt.till., til þess að gjöra tilraun til niðurfærslu á tollinum. — H. þm. Dal. (Jak. G.) tók fram, að það hefði farið hraparlega með tollafrumv. hans í Nd. 1885, og að eigi mundi vera komið eins með fjárhaginn eins og nú er, ef það hefði verið samþykkt; en hann gáði ekki að því, hvernig frv. hans tók sig út á þeim árum, að leggja skatta og gjöld á á fátæka og bágstadda sjóarmenn og aðra í fiskileysi, harðæri og óáran. Jeg var þeirrar sannfæringar þá, að afleiðingarnar af harðærinu við sjávarsíðuna hefðu orðið enn þá bersýnilegri, ef fátæklingum hefði verið bægt frá, að njóta kaffis og sykurs. Nú eru að vísu öðruvísi kringumstæður manna,

og eptir því, sem ástand landssjóðs er, má vera, að ekki sje annað að gjöra en halla sjer að frv. neðri deildarinnar. Jeg vil aptur taka það fram, út af því, sem h. þm. Skagf. (Fr. St.) sagði, að jeg kom fyrir skömmu fram með frumv. í þá átt, að lagfæra hag landssjóðsins, en það var fellt af h. deild. Og jeg hafði þá hugsun, að vera því ekki mótfallinn, ef menn vildu setja ábúðarskattinn enn þá hærri, en jeg stakk upp á, til þess að bæta hag landssjóðs, sem þá hefði grætt þrátt fyrir það þó lausafjárskatturinn eptir tillögu minni hefði verið afnuminn. Þó jeg greiði atkv. með tollinum nú, en þó alls ekki mjög háum, þá getur komið fyrir, og er eigi ólíklegt, að blaðinu verði snúið við einhvern tíma seinna, og reynt að finna einhvern stöðugri gjaldstofn, en óvissa tolla, og að það verði sjeð svo um, að menn verði ekki að borga tvöföld öll þau gjöld, er greiða ber til opinberra þarfa.

Jón A. Hjaltalín: Jeg get eigi látið umræðurnar enda, án þess að minnast á ræðu h. 1. kgk. þm. (Júl. H.), því að jeg sje, að hún er öldungis eins og hún væri úr minu eigin brjósti töluð og að við erum einmitt á sama máli; mjer þykir því slæmt, að hann skuli eigi vilja vera með mjer í verkinu, þar sem hann þó er með mjer í orði. En h. 1. og 5. kgk. þm. (A. Ó.) hafa gjört grein fyrir ástæðu sinni, að þeim að vísu væri eigi vel við tolla, en að þeir gæfu atkvæði sitt með þessum tolli í von um, að losna við fleiri tolla. Mjer dettur í hug orð Fáfnis við Sigurð: „Reginn mik réð, hann þik ráða mun“; svo máske mætti segja, að hafi einhver bölvasmiður ráðið þeim til þessa, þá muni þeir ráðnir verða áður en langt um líður.

H. 3. kgk. þm. (L. E. Svb.) hjelt, að þessi tollur mundi verða endir hörmunganna, en jeg held þvert á móti, að hann verði upphaf þeirra. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) þótti undur vænt um, að hafa afgang, en mjer þykir ekki vænt um það. Þm. Dal. (J. G.) sagði, að þessi tollur hefði átt að vera kominn á fyrir fimm árum, þá mundu menn nú hafa nóg fje handa á milli; en til hvers? Til þess að sóa og eyða til ónýtis. Þess vegna er jeg hræddur við afgang, því jeg held, að það muni kenna oss að sóa og eyða til óþarfafyrirtækja; jeg held oss væri miklu betur borgið, ef vjer ættum eigi fje í sjóði; sumir þingmenn heyrðu nýlega, að það var talið óhapp lands eins, að það ætti fje í sjóði, og eins getur farið fyrir oss. Vjer skulum sjá, þegar fjárlögin koma, hvort þau eigi verða nógu rífleg á fje, þrátt fyrir fjárekluna, sem menn eru að kvarta um. Hins vegar klingir það, að margt sje að gjöra, brúa ár, gjöra vegi og fleira þess konar. Jeg skil eigi, að menn, sem hafa hugsað út fyrir landsteinana, og sjá hvernig þar er til hagað, að slík fyrirtæki eru eigi gjörð með því, að hrúga kostnaðinum á þá, sem lifa þetta árið, heldur með því, að taka lán; að þeir skuli ekki sjá, að vjer verðum líka að láta ókomnar tíðir bera byrði þess, sem einnig er gert í þeirra þarfir, nefnilega með því að taka lán. Jeg sje eigi betur, en að vjer með því að taka lán til vegabóta og annara fyrirtækja förum að dæmum skynsamra þjóða.

Það var tekið óstinnt upp fyrir mjer, að jeg spurði, hvar það væri útlistað, að kaffitollurinn væri nógur. Mjer finnst þá þeir, sem segja, að hann sje nógur, verði að sýna áætlun um upphæð hans; því það lítur svo út, sem endir Íslands verði, ef hann verður eigi hinn hæsti, sem má.

Þrátt fyrir það, þó stungið hafi verið upp á fleiri vegum til að safna fje í landssjóð, sem vjer álítum heppilegri, flýta kaffitollsvinirnir sjer að demba honum á og segja, þegar búið er: Það er gott og blessað.

Friðrik Stefánsson: Jeg vil leiðrjetta misheyrn h. þm. Rangv. (S. Á.); jeg sagði eigi, að hann hefði komið fram með óheyrðar fjárbænir, en jeg sagði, að hann hefði

komið með margheyrðar fjárbænir þing eptir þing. Jeg er samdóma h. þm. Dal. (J. G.) um það, að hefði þessi kaffitollur komið á fyrir 5 árum síðan, þó hann hefði verið hálfu minni en nú er ákveðið, væri nú engin fjeþurð í landsjóði. En h. þm. Rangv. (S. Á.), hann vill af nema lausafjárskatt, en hækka ábúðarskatt sem því svarar, og hann vill eigi hafa kaffitoll, af því hann sje svo þungur á kaupstaðarbúum og sjávarbændum. Hvað vill hann svo gera, þar sem hann vill hækka útflutningstoll á fiski og lýsi? hann vill allt svo annað veifið þyngja á sjávarmanninum. Eitt má þó draga af áliti hans í skatta-álögum, að hann er maður fje-ragur og ekki ákveðinn með, hvað gjalda skuli og á hvað helzt skuli leggja, og er hann næsta vakur í skattamálum, fram yfir aðra menn, að mínu áliti, og ekki við eina fjöl feldur.

ATKVÆÐAGR.: 1. og 2. breyt.till. (C. 231) felldar með 7 : 4 atkv. hvor um sig; 1. gr. frumv. (C. 221) samþ. óbreytt með 7 : 1 atkv.; 2.—8. gr. samþ. með 10 atkv. hver; breyt.till. (C. 231) við 9. gr. felld með 7 : 4 atkv.; 9. gr. samþ. með 8 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 9 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 10 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki (C. 223, 231); 2. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg vil geta þess, að því leyti sem jeg á hlut að breyt.till., að ástæður mínar eru hinar sömu og lágu til grundvallar fyrir tillögunni við næsta frumv. á undan. Jeg er sem áður þeirrar skoðunar, að þó tollstigið sje eigi hærra en þessi breyt.till. fer fram á, þá muni nóg fje nást í landsjóð til þess að rjetta tekjuhallann, og það er því síður ástæða til, ef kaffi- og sykurtollurinn skyldi verða ákveðinn eins hár og nú er útlit fyrir, að spenna tóbakstollinn mjög hátt. En jeg vil geta annarar ástæðu, sem liggur til grundvallar fyrir tillögunni. Það er auðvitað, að hversu hár sem kaffi- og sykurtollurinn er, mun þó ætíð nokkuð koma í landsjóð, af því þessar vörutegundir eru ótollaðar undir; en tóbaksbrúkun er eigi óhjákvæmileg og tóbak er í afarháu verði fyrir þann toll, sem á því er, svo jeg er hræddur um, að ef hann verður svona hár, eins og neðri deild vill hafa hann, þá hætti margir að brúka tóbak; jeg get ímyndað mjer, að þeir segi sem svo: Jeg skal eigi láta landsjóð græða á mjer með þessu háttalagi þingsins; og því get jeg búizt við, að eigi komi einn einasti eyrir meir inn í landsjóð fyrir þessa hækkun á tóbakstollinum, þó tilgangur neðri deildar sje allt annar. Jeg veit, að margir landsmanna eru svo skynsamir, að sjá, hvert sök horfir með þessa tolla, og er sannfærður um, þó jeg standi máske einn með þá skoðun hjer í salnum, að fleiri eru sömu skoðunar og jeg. Mig gildir einu, hvað margir prjedika lofdýrð þessara verzlunartolla; þeir geta aldrei sannfært mig um annað en það, að þeir hafi eigi lesið nógu vel afleiðingar verzlunartollanna niður í kjölinn, eptir því sem verzlun vorri er háttað.

Jakob Guðmundsson: Jeg er samþykkur frumv. þessu, af því það er lífsnauðsynlegt, að útvega landsjóði tekjur, svo hann geti staðið straum af þeim kostnaði, sem á hann verður að leggjast. Jeg er alveg viss um, að fáir hætta tóbaksbrúkun; jeg fyrir mitt leyti hætti aldrei að fá mjer í nefið, hvað hár sem tollurinn verður. Það verður varla farið að hætta við tóbakið fyr en ef vera skyldi með nýrri kynslóð, og jeg leyfi mjer að efast um, að hinir yngri láti vera að að venja sig á tóbak, meðan við gömlu mennirnir brúkum það og gefum þeim

það eptirdæmi. Föðurlegar áminningar duga eigi grand í þessu efni. Jeg hafði eigi stungið upp á nema helmings hækkun á tóbakstollinum, af því jeg var hræddur um, að það mundi eigi geta gengið í gegn; en jeg varð svo hjartanlega glaður, þegar neðri deild stakk upp á 35 aurum.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. (C. 231) felld með 7 : 4 atkv.; 1. gr. frv. (C. 223) samþ. óbreytt með 7 atkv.; 2. gr. samþ. með 9 atkv.; breyt.till. (C. 231) við 3. gr. felld með 7 : 4 atkv.; 3. gr. samþ. óbreytt með 7 : 4 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 9 samhlj. atkv. og málinu vísað til 3. umr. með 9 samhlj. atkv.

Átjándi fundur, þriðjudag 23. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 227, 241); 3. umr.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Jeg vona, að h. þingd. taki vel viðaukatillögu þeirri (C. 241), sem vjer 4 þingm. höfum komið með við frumv. þetta, eins og það var samþykkt við 2. umr., því að viðaukatill. þessi miðar til að jafna þann ágreining, sem verið hefur milli meiri og minni hlutans. Jeg hygg að það geti aldrei gjört skaða, að 2 eða 3 hreppar geti fengið að kjósa saman, ef þeir hafa fengið máli sínu til stuðnings meðmæli sýslunefndar. Aðalatriðið er þó, að gjöra öllum kjósendum sem hægast fyrir, að neyta kosningarrjettar síns, og sje það vilji hreppanna, að slá sjer saman um einn og sama stað til kosninganna, og hafi þeir meðmæli sýslunefndar, má ganga að því vísu, að engin tilfinnanleg óhægð geti verið því samfara fyrir þá, sem hlut eiga að máli. Aðalatriðið er í þessu máli, að hægðin fyrir kjósendur að sækja kjörfundi verði meiri en hún er nú, og því finnst mjer engu spillt, þótt þessi meðalvegur sje farinn milli meiri og minni hlutans.

Jón A. Hjaltalín: Jeg skal fúslega kannast við, að þessi viðaukatill. á þingskjali 164 (C. 241) breytir ekki miklu því, sem ákveðið er í frumv. mínu; hún er að því leyti meinlaus. En þótt jeg þess vegna sje henni ekki mjög mótfallinn, er jeg samt ekki viss um, að jeg gefi henni atkvæði mitt, því að jeg get ekki skilið, að það geti gjört kjósendum hægra fyrir að sækja kjörfund, ef fleiri hreppar slá sjer saman um að sækja sama kjörfund, heldur en hitt, að hver hreppur geti verið út af fyrir sig. Jeg get því ekki sjeð, að líkur sjeu til, að hreppar muni æskja eptir þessu fyrirkomulagi, er viðaukatill. heimilar. En, sem sagt, jeg er vel ánægður með frumv. þetta, þótt viðaukinn verði samþykktur, þótt jeg á hinn bóginn álíti, að það bæti ekki.

Árni Thorsteinsson: Jeg hafði þann heiður, að vera kosinn í þá nefnd, sem fjalla átti um þetta frumv., og jeg hlaut einnig þann heiður, að verða í meiri hluta þessarar nefndar. En allt fyrir það þóknaðist ekki þessari h. deild að taka í neinu tilliti ákvæði meiri hlutans til greina, þegar frumv. var til 2. umr. Nú liggur hjer fyrir á þingskj. 164 viðaukatillaga, sem nálgast mjög hinar fyrri tillögur meiri hlutans, svo að jeg hef ekkert verulegt við hana að athuga, þar sem hún hefur það sama mark og mið, sem tillögur meiri hlutans, að leyfa fleirum hreppum en einum að kjósa í fjelagi saman, ef það er sameiginleg ósk þeirra. En aptur á móti er jeg á móti frumv. í því formi, sem það nú hefur, og fyrir því hygg jeg, að það sje afsakanlegt, að jeg greiði ekki atkvæði með því, hversu hlynntur sem jeg er í sjálfu sjer umbótum á kosningarlögum vorum.

Hið fyrsta, sem jeg hef á móti frv., eru þau ákvæði í 14. gr., að oddviti kjör-

stjórnar í 3 kaupstöðum landsins skuli ekki hafa atkvæði eins og aðrir kosningarbærir menn. Jeg get aldrei undirskrifað það, að nokkrir menn, þótt það sjeu embættismenn, skuli vera sviptir pólitiskum rjettindum sínum. Vegna þessa ákvæðis í frumv. hlýt jeg að greiða atkv. móti því.

Hið annað, sem jeg hef á móti frumv. þessu, eru ákvæði 12. gr., þar sem mælt er fyrir, að kjörþing skuli haldin frá hádegi til miðaptans, og svo er skipað fyrir í síðustu málsgrein 13. gr., að slíta skuli umræðum 2 stundum fyrir miðaptan. Jeg er nú sjálfsagt orðinn svo gamall, að jeg get ekki fylgt með tímanum, enda get jeg ekki álitið, að úrslit allra fyrirtækja eigi að vera komin undir löngum fundarræðum, lögboðnum í 4 stundir, heldur undir skynsamlegum úrræðum. Og þegar nú samkvæmt frumv. er gjört ráð fyrir, að kjörþing skuli haldið í hverjum hreppi, þá finnst mjer engin ástæða til að heimta, að halda skuli 4 tíma kjaptafund á undan kosningunum, og það því síður, sem sjaldnast getur verið tilfellið, að sá eða þeir, sem í kjöri eru, geti mætt á fundinum. Jeg álít því í þessu efni ákvæði hinna gömlu kosningarlaga langtum eðlilegri, þar sem þeim, er vilja, er gefinn frjáls aðgangur til að láta í ljósi skoðanir sínar, en síðan boðið að ganga til kosninga.

Ef h. þingd. hefði farið eptir tillögum meiri hlutans, þá hefði verið sneitt hjá báðum þessum agnúum. Að sönnu álít jeg frumv. hrundið nokkuð í betra horf, ef viðaukatill. yrði samþykkt, en meðan ekki er bætt úr þessu tvennu, sem jeg hef bent á, meðan oddviti kjörstjórnar í Reykjavík, á Ísafirði og á Akureyri ekki eiga að fá að greiða atkvæði sem aðrir kjósendur, og meðan því óþarfa ákvæði er haldið, að málfundur skuli vera lögboðinn í 4 tíma áður en kosningar byrja — á meðan þessum ákvæðum er haldið, get jeg ekki gefið frumv. atkvæði mitt.

Jón A. Hjaltalín: Jeg er alveg samdóma h. 4. kgk. (Á. Th.) um það, að síðasta málsgrein 14. gr. í frumv. á ekki að vera þar, heldur á að falla burtu. Að hún er þar enn, er komið til af ógáti, annaðhvort í prentuninni á breyt.uppást. mínum, eða þá þegar jeg hreinskrifaði þær; svo mikið er víst, að jeg get sýnt það í mínum blöðum, að það var ekki meining mín, að þessi grein skyldi fá að lifa svona lengi.

En viðvikjandi hinum öðrum aðfinningum h. sama þingm. um ákvæði 12. gr. og 13. gr., skal jeg svara því einu, að ef jeg hefði átt kost á því, að fá meðverkun h. meiri hluta og aðstoð hans til að laga og bæta frumv. mitt, en í sömu átt, sem það fer, mundi jeg þegar í upphafi hafa tekið því með þökkum. En því hefur ekki verið að heilsa.

Árni Thorsteinsson: Jeg skal taka gilda skýrslu h. minni hluta (J. A. Hj.) um það, að það hafi verið ætlun hans, að fella í burtu síðustu málsgrein 14. gr. En hitt er ekki á rökum byggt, að h. minni hluti hafi ekki átt kost á viðleitni meiri hlutans til að breyta því, sem miður fer í frumv. hans. Sökin er sú, að h. minni hluti vildi ekki hafa breyt. meiri hlutans, enda hefur hann vitað, að hann mundi geta haft fram sitt mál, þótt aðstoð meiri hlutans ekki kæmi til.

Mjer gleymdist áðan að minnast á eitt atriði í frumv. þessu, og er það þau ákvæði, að framboð þingmannaefna skuli senda til yfirkjörstjórnar 3 vikum fyrir kosningar; en meiri hlutinn hafði breytt þessu í viku fyrir kosningar, þó með þeirri viðbót, að kjörstjórn gæti eigi neitað þeim framboðum, sem kæmu síðar, en þó á undan kjörfundi. Jeg er að nokkru leyti samdóma því, sem h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði um þetta við síðustu umr. En því verð jeg að halda fram, að það

er ekki rjett, það er ekki að minni hyggju hægt, að neita að taka á móti framboði þess þingmannsefnis, sem kemur á undan kjörfundi. Hitt annað eða neitunin er takmörkun á pólitisku frelsi manna, og er því óhafandi.

Jón A. Hjaltalín: Það hafa orðið all-langar umræður um þetta frumv., svo ekki virðist þörf að halda lengra út í það, hvorki um athugasemdir h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) nje heldur viðaukatill. þessa. Jeg er henni ekki mjög mótfallinn, eins og jeg hef tekið áður fram, því uppást.-menn hafa komið með hana af því, að þeir hafa verið málinu hlynntir. Að eins finnst mjer litlar líkur til, að hrepparnir muni fremur kjósa, að vera í fjelagi saman. Enda finnst mjer heldur ekki rjett, að alþingi kasti því frá sjer í hendur amtmönnum, að ráða tölu kosningarstaða. En hitt er satt, að breyta þarf eða rjettara kippa burt þessari síðustu málsgrein 14. gr., sem af ógáti hefur orðið eptir í frumv.

Jón Ólafsson: Af því jeg hygg, að h. þingd. óski að lagfæra þennan galla, sem óvart hefur komizt inn í frumv., vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að frv. verði vísað aptur til nefndarinnar og þessari umræðu frestað.

Árni Thorsteinsson: Mjer finnst ekki eiga við að vísa frumv. aptur til nefndarinnar; en jeg vil leggja til, að umr. verði frestað án þess.

Forseti: Jeg álít ekkert í þingsköpunum því til fyrirstöðu, að forseti geti frestað umr., og vil jeg því bera undir atkvæði h. þingd. — jafnvel þótt jeg álíti þess ekki þörf — hvort hún sje því samþykk.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í e. hlj., að fresta 3. umr.

Frumv. til laga um framfærslu óskilgetinna barna (C. 223, 232); 3. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Við þetta frumv. eru komnar fram tvennar breyt.till., aðrar frá hæstv. landshöfð., hinar frá nefndinni. Báðum pörtum kemur saman um 1. breyt., sem sje við 2. gr. frumv., að breyta orðinu „getin“ í „fædd“, og þarf jeg því eigi að tala um það atriði. Svo skal jeg geta þess, að stafliður „f“ á breyt.till. hæstv. landshöfð. fer í sömu átt, sem nefndin stakk upp á á þingskj. 117 (C. 217), tölul. 5., við 2. umr. Sú breyt. var að sönnu einnig samþ. þá, en hefur aptur fallið úr, er frumv. var prentað upp eptir 2. umr.

En aptur á móti verður nefndin enn að halda fast við 3. gr. í frv. sínu, eins og hún er þar orðuð, af því að henni skilst eigi betur, en barnsmóðurinni sje þar gefinn meiri rjettur og einkum greiðari vegur, heldur en bæði í stjórnarfrv. og samkvæmt breyt. hæstv. landshöfðingja. Jeg skal nú reyna, svo stuttlega og svo greinilega, sem jeg get, að taka fram aðalmuninn á aðferðum þeim, sem stjórnarfrv. og breyt.till. hæstv. landshöfð. hefur, og hins vegar frumv. nefndarinnar.

Aðferðin eptir stjórnarfrv. er þessi: Annaðhvort skal barnsmóðirin sjálf eða fyrir hennar hönd sveitarstjórnin í dvalarhreppi hennar ganga eptir fúlgunni hjá vistarhreppi barnsföðursins. En nú vil jeg spyrja: Hvernig á að fara að, þegar vistarhreppur barnsföðursins er annaðhvort mjög langt í burtu eða ekki finnanlegur eða, í þriðja lagi, alls eigi til? Hvernig fer barnsmóðir að, er hún fær eigi greidda með skilum fúlguna með barni sínu frá föður þess, en þarfnast hennar þó, ef svo stendur á, sem jeg nú hefi sagt? Annaðhvort má hún til að gjöra: fara til sveitarstjórnar í vistarhreppi sínum og fá þar lán upp á fúlgu þá, er hún á hjá barnsföðurnum, en fær ekki, eða hún stendur uppi úrræðalaus eptir frumv. stjórnarinnar. Og hvað segir svo frumv. stjórnarinnar um það, hverjum þessi styrkur verður reiknaður sem veittur, henni eða barnsföðurnum? Að sjálf-

sögðu henni. Þess vegna hefur nefndin sett inn í frv. sitt þessi orð: „Styrkur þessi skal eigi talinn sveitarstyrkur veittur móðurinni, heldur föðurnum“. Það getur einatt komið fyrir, að eigi verði hægra að ná fúlgunni frá vistarhreppi föðursins, heldur en frá föðurnum sjálfum. Jeg hef í 12 ár verið oddviti sveitarnefndar í Glæsibæjarhreppi, og hefur jafnan verið svo, að honum hefur veitt erfitt að greiða öðrum hreppum, og eigi síður hefur öðrum hreppum veitt örðugt að greiða honum fyr en eptir fleiri ár og langa mæðu. Eins vona jeg að ástatt sje með aðra hreppa á landi voru. Það er og auðsætt, þá er fjárbænir koma til hreppa og enginn eyrir er fyrir í sjóði, hvar eiga þeir þá að taka fje frá? Þeir eiga eigi von á neinu fje, neinum tekjum fram yfir það, er jafnað hefur verið niður og ráðstafað í þarfir sveitarinnar sjálfrar. Sje aptur á móti vistarhreppur föðursins finnanlegur, og greiði hann móðurinni fúlguna, á sá hreppur aðgang að framfærsluhreppi föðursins, náist fúlgan eigi hjá föðurnum sjálfum.

Munurinn í frumv. stjórnarinnar og frumv. nefndarinnar er því fyrst þessi, að eptir nefndarinnar frumv. á móðirin aðgang að vistarhreppi sínum, en eptir frv. stjórnarinnar að vistarhreppi föðursins; úr því er hin sama leið eptir báðum frumv. En þó kemur eitt enn. Ef barnsfaðir á engan framfærsluhrepp hjer á landi og engan finnanlegan vistarhrepp, hvernig fer svo samkvæmt frumv. stjórnarinnar? hvernig leysir frumv. stjórnarinnar úr því? Það segir, að fara skuli í vistarhrepp föðurins, þ. e. í þessu tilfelli, í engan hrepp. *(Landsh.*: Stjórnarfrv. er farið). Já, það er satt, hæstv. landshöfð. hefur þó ekki tekið frumv. upp í þessu atriði í breyt.till. sínum.

Jeg vil nú telja upp þá kosti, sem frumv. nefndarinnar hefur fram yfir frv. stjórnarinnar.

Hinn fyrsti kostur er það, að það er hægra fyrir móðurina að fara í vistarhrepp sinn eigin og fá þar fúlguna, heldur en að fara í vistarhrepp föðurins; því að opt verður eigi betra að fyrir hana, að leita til vistarhrepps föðurins, heldur en föðurins sjálfs. *(Landsh.:* Glæsibæjarhrepps?). Vjer getum eins tekið Garðahrepp, hann er hjer nær; hann, sem átti í höggi við Glæsibæjarhrepp, hann er nú í sömu eða enn verri skuldasúpu við annan hrepp hjer syðra.

Í öðru lagi er sá kostur frumv. nefndarinnar, að styrkur sá, er móðirin kann að fá fyrir fram greiddan af vistarhreppi sínum, skal eigi teljast sveitarstyrkur veittur henni, heldur veittur föðurnum. Þetta er með berum orðum tekið fram í frumv. nefndarinnar, en vantar með öllu í frumv. stjórnarinnar.

Þetta eru þeir tveir kostir, sem frumv. nefndarinnar veitir móðurinni: hún fær meðlagið í tíma, í stað þess að þurfa ef til vill að fara á annað landshorn til að ná því, og í öðru lagi: hún missir ekkert af borgaralegum rjettindum sínum, því lánið telst ekki veitt henni sem sveitarstyrkur. Báða þessa kosti vantar frv. stjórnarinnar og breyt.till. hæstv. landshöfðingja.

Auk alls þessa er aðferð frv. nefndarinnar einfaldari og hægri, en aðferð frv. stjórnarinnar, því að úr fellur vistarhreppur föðurins; en sá hreppur má til að vera með í hringnum eptir frumv. stjórnarinnar, ef faðirinn greiðir eigi fúlguna í tíma. Liðirnir eru að eins þrír í frumv. nefndarinnar, en fjórir í frumv. stjórnarinnar.

Þessi aðferð er og samkvæm þeim reglum, er viðgengizt hafa hingað til um lán veitt til bráðabyrgða af sveitarsjóðum. Þessari reglu eru menn vanir og þekkja hana, en alls ekki það nýmæli, sem gjört er í frumv. stjórnarinnar, að þurfa að fara í vistarhrepp föðurins.

Hin 3. breyt.till. hæstv. landshöfð. er við fyrirsögn frumv. Jeg hef að sönnu eigi mikið að athuga við hana; einungis það, að orðið framfærsla er venjulega á íslenzku haft yfir danska orðið „Underholdning“, í öllum þeim orðabókum, er jeg þekki; en orðið meðgjöf er haft þá, er sá framfærsluskyldi greiðir *öðrum* framfærslueyrinn. Meðgjöf er þannig þrengra að merking, heldur en framfærsla, og verður of þröngt samkvæmt ákvæðum 4. gr. frv. (*Landsh.*: Í fyrirsögninni stendur líka: o. fl.). Jeg álít því, að orðið framfærsla eigi betur við, því það er víðtækara; annars legg jeg eigi neina áherzlu á það.

Nefndin hefur og leyft sjer að gjöra breyt. við 4. gr. frumv., sem er fólgin í því, að bæta inn orðunum: „er hún hefur ráðstafað eptir sinn dag“, og svo hefur hún gjört þá leiðrjetting í enda greinarinnar, þar sem stendur: „þar sem barnið hefur alizt upp“, og sett í stað þess: „þar sem barnið er“, sem rjettara er eptir hugsuninni og danska frumv.

Svo stingur nefndin upp á, að auka nýrri grein við 4. gr., þess efnis, að barnsfaðir geti fengið rjett til að fá umsjón yfir óskilgetnu barni sínu með þeim þremur skilyrðum: að barnið sje fullra 7 vetra, yfirvaldið gefi leyfi til þess, og í þriðja lagi: að hann standi alveg straum af því upp frá því. Vona jeg, að hæstv. landshöfð. hafi ekkert sjerlegt að athuga við þetta.

Landshöfðingi: Orsökin til þess, að jeg hef komið fram með breytingar þessar, sjerstaklega við 3. gr. frumv., er þingdeildinni kunn af því, sem sagt hefur verið við fyrri umræður málsins.

Það sem mig einkum greinir á við nefndina um, er það, að nefndin vill allt af skoða meðlagið með óskilgetnu barni sem fátækrastyrk eða sveitarhjálp, en eptir því, sem jeg lít á frumv., er þar að eins að ræða um skyldugjald, sem föðurnum er gjört að borga, hvort sem móðirin þarf á því að halda eða eigi, meðan barnið er á ómaga-aldri.

Mjer virtist h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) líta allt of mikið á þægindi móðurinnar, þar sem hann byggir yfirburði nefndartillögunnar yfir stjórnarfrv. og tillögur mínar á því, að móðirin eigi hægra með að fá styrkinn hjá vistarhreppi sínum, heldur en hjá vistarhreppi föðurins, og í öðru lagi telur hann það sem stórmikinn kost við frumv. nefndarinnar, að eptir því geti meðgjöfin ekki orðið skoðuð sem styrkur veittur móðurinni, en það verði hún að álítast eptir frumv. stjórnarinnar og breyt.-till. mínum. Ágreiningurinn er hjer hinn sami sem áður; eptir stjórnarfrv. og till. mínum er aðferðin sú, að ef móðir óskilgetins barns fær eigi meðlagið frá föðurnum nógu snemma, og kemst ekki af, þá fær hún hjálp hjá vistarhreppi sínum, eins og hver annar þurfalingur, til þess að geta lifað. En þá vill nefndin, að hún fái allt meðlagið eða fúlguna, hvort sem hún þarf þess eða ekki til að komast af, hjá vistarhreppnum. Í því dregur nefndin taum móðurinnar meira en nauðsynlegt er, en eptir gildandi lögum, sem nefndin kveðst vilja halda svo fast við, getur vistarhreppurinn ekki orðið skyldaður til, að leggja henni fram meira fje, en hún nauðsynlega þarf til að geta lifað. Þetta atriði verður ljósara, þegar litið er á 1. gr. í samb. við 3. gr. Í 1. gr. frv. er svo ákveðið, að faðir óskilgetins barns sje skyldugur til, að greiða móðurinni að minnsta kosti helming þess kostnaðar, sem af barnsförunum leiddi, ef hún krefst þess, og getur hún heimt þessa upphæð eptir þeim reglum, sem segir í 3. gr. Nú ákveður 3. gr., sem samþ. hefur verið eptir till. nefnd., að vistarhreppur móðurinnar skuli skyldugur til að leggja fram það, sem faðirinn á að greiða, ef hann borgar ekki í ákveðinn tíma. Þetta er ekki sveitarstyrkur, heldur skyldugjald, sem hreppurinn á að

leggja út, og það er það, sem virðist hart, að gjöra hreppnum að skyldu, að borga þannig fyrir óviðkomandi mann skyldugjald, sem hann á að greiða. Eptir stjórnarfrv. og till. mínum er þetta einfaldara. Það er í fyrsta lagi eðlilegra, að vistarhreppur föðurins borgi fyrir hann, ef hann trássast við að greiða það, sem honum ber, og á það að vera gjört svo, að það verði band á honum að trássast ekki, því að ef það er útborgað af sveitinni sem sveitarstyrkur, þá missir hann ýms rjettindi þar af leiðandi. En höfuðatriðið er það, að það er miklu auðveldara fyrir vistarhrepp föðurins, heldur en vistarhrepp móðurinnar, að ná fjenu aptur, þar sem hann eptir lögunum um sveitarstyrk og fúlgu getur látið manninn vinna sveitarstyrkinn af sjer, en það getur vistarhreppur móðurinnar ekki. H. framsögum. (A. Ó.) lagði of mikla áherzlu á þau vandræði, sem úr því yrðu, ef vistarhreppur föðurins fyndist eigi, eða faðirinn væri útlendingur, er væri farinn af landi burt. Því þegar svo er, rekur þegar að því, að snúa sjer til framfærsluhreppsins, eða þess hrepps, þar sem hann dvaldi 40 vikum fyrir fæðing barnsins. Það geta því naumast orðið vandræði úr því, að móðirin eigi venjulega að snúa sjer til vistarhrepps föðurins, þótt stundum verði að gjöra þessar undantekningar. Það verður eigi annað, en að einn liður fellur úr. Það er þannig hinn eiginlegi ágreiningur milli mín og h. framsögum. (A. Ó.), að jeg ber meiri umhyggju fyrir vistarhreppi móðurinnar heldur en hann og nefndin. H. framsögum. (A. Ó.) álítur, að það komi í bága við gildandi lög, að annar hreppur en vistarhreppur móðurinnar borgi út meðlagið fyrst, en það kemur til af því, að hann skoðar meðlagið þegar sem sveitarstyrk, en jeg skoða það sem skyldugjald, er eigi verður heimfært undir sömu reglu, sem um er að ræða í 9. gr. fátækrareglugjörðarinnar.

Jeg get ekki fallizt á, að það sje satt, að það sjeu margir hreppar svo skuldseigir, að eigi sje betra að eiga aðganginn að hreppsnefndinni, heldur en manninum sjálfum, sem trássast við að borga meðlag það, er honum ber að greiða. Jeg trúi því ekki, að margir hreppar mundu trássast við að borga, þvert ofan í bein lög, að eins til þess að gjöra móðurinni erfiðara fyrir að ná því, sem henni ber að lögum.

Þar sem h. framsögum. (A. Ó.) sagði, að það væri erfitt fyrir vistarhrepp föðurins að greiða meðlagið, af því að sveitarsjóðir, t. d. í Glæsibæjarhreppi, ættu að jafnaði ekki fje fyrirliggjandi, og að það gæti því valdið drætti, þá gildir þetta eins um vistarhrepp móðurinnar. Af þessari ástæðu gæti jafnt orðið dráttur á greiðslunni af hálfu vistarhrepps móðurinnar, því að jeg geri ekki ráð fyrir, að Glæsibæjarhreppur verði fremur en aðrir hreppar vistarhreppur feðra óskilgetinna barna.

Flestallar breytingar mínar við 3. gr. standa í sambandi við þetta atriði, sem jeg hefi talað um. Breytingin undir stafl. *a*, þar sem lagt er til, að í staðinn fyrir orðin: „frá sóknarpresti sínum eða frá tveim skilríkum og nákunnugum mönnum“, komi: „frá sveitarstjórninni í dvalarsveit sinni“, er sprottin af því, að jeg bjóst við, að það gæti komið fyrir, þegar konan kæmi með vottorð það, sem þar er um að ræða, að hreppsnefndin segði, að engin sönnun væri fyrir, að þessir menn, er vottorðið hefðu gefið, væru skilríkir og nákunnugir, og neitaði því að sinna kröfu hennar fyr en þingsvitni væri fengið um þetta. Breytingin er því sú, að gjöra orðin svo ákveðin, að þau geti ekki gefið hreppsnefndinni í dvalarhreppi föðurins tilefni til, að trássast við að borga.

Breytingin undir stafl. *b* er lítilsháttar. Orðin „eða fyrir milligöngu annara“ eru eiginlega „*superflua*“, og ættu því eptir reglunni *superflua non nocent* eiginlega að geta staðið sem meinlaus og gagnslaus. En af því að þau gefa enga upplýsingu, þar sem það er vitaskuld, að það þarf enga lagaheimild til að mega fara til kunningja síns og biðja hann að gjöra fyrir sig viðvik, sem maður hefur ekki föng á sjálfur, þá gætu þau ef til vill valdið misskilningi, eins og þau standa hjer í frumv., og álít jeg því betra, að halda orðunum, sem upprunalega stóðu í stjórnarfrv., heldur en þessu orði „annara“, sem nefndin hefur tekið upp, af því það var hið óákveðnasta, sem hún átti völ á.

Til breyt. við fyrirsögnina er ástæðan sú, að orðið framfærsla nær líka yfir skyldu föðurins eptir að barnið er komið af ómaga-aldri, en þetta frumv. ræðir að eins um það gjald, sem faðir óskilgetins barns á að greiða, meðan barnið er á ómaga-aldri, og eins nær það yfir það tilfelli, eins og h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) tók fram, þegar faðirinn tekur barnið til sín og elur það upp hjá sjer; en þetta frumv. hefur fyrir augum, að barnið sje alið upp hjá móðurinni. Þess vegna þótti mjer rjettara, að hafa „meðgjöf“, heldur en hitt orðið, sem grípur yfir meira en það, sem um er talað í frumv.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg ætla að svara hæstv. landshöfð. fáeinum orðum.

Hann tók það fram, sem mótmæli móti 3. gr. nefndarinnar, að eptir tillögu hennar ætti vistarhreppur móðurinnar að greiða henni alla barnsfúlguna, hvort sem hún væri þess þurfandi eða eigi. En þessi aðfinning á alveg eins við stjórnarfrv. eins og tillögur nefndarinnar. Eptir vorum lögum og venju er það og heldur eigi svo mikið nýmæli eptir nefndarfrv., sem eptir stjórnarfrv. Til sönnunar máli mínu skal jeg nefna sem dæmi: Amtmaður hefur ákveðið tiltekna upphæð, sem faðir óskilgetins barns skuli greiða, sem meðgjöf með því. Vistarhreppur móðurinnar mun eigi ófús á, að lána henni upp á þetta meðlag föðursins. Og það er víst, að þessa meðgjöf föðursins má heimta með lögtaki, hvort sem móðir barnsins þarf hennar með eða eigi. Það er því auðsjeð, að þessi aðfinning á allt eins við stjórnarfrv., sem tillögur nefndarinnar. H. landshöfðingi tók það enn fremur fram, að vistarhreppur föðursins ætti hægra með að ná meðgjöfinni frá honum, en vistarhreppur móðurinnar; því vistarhreppur föðursins gæti látið hann vinna af sjer það fje, sem hann yrði að greiða móður barnsins. Röksemd þessi kann nú að vísu við fyrsta álit að virðast sennileg, en þegar nánara er að gætt og til framkvæmdanna kemur, þá mun og þá enda hlýtur rjettur sá, sem hreppurinn hefur eptir lögum um sveitarstyrk og fúlgu, að verða honum að engu liði, af því engin atvinna er á boðstólum handa föðurnum. Í þriðja lagi tók hæstv. landshöfðingi fram, að það væri eigi hægra fyrir vistarhrepp móðurinnar að lána styrkinn handa barninu, heldur en vistarhreppi föðursins að greiða hann; en jeg segi: jú, vegna þess, að vistarhreppur móðurinnar þarf eigi að greiða meðgjöfina út í peningum og senda langar leiðir með þá í aðra sveit, heldur getur hann greitt það með ávísan í kaupstað eða með ávísun á einhvern hreppsbúa. Að þessu leyti hefur nefndarfrumvarpið einnig yfirburði yfir frumv. stjórnarinnar, og jeg vona, að þegar alls er gætt, sje það miklu betra en frumv. stjórnarinnar; og til merkis um ágæti þess skal jeg benda mönnum á, að landshöfðingja hefur þótt full ástæða til að samþykkja frv. nefnd. í niðurlagi 3. gr. og það orðalaust.

Júlíus Havsteen: Jeg vildi að eins leyfa mjer að geta þess, að þó jeg gæti fellt mig við 2. breyt. till. nefndarinnar, þá er jeg eindreginn á móti 3. breyt.till.,

því hún fer fram á, að veita föður óskilgetins barns rjett, sem hann eigi hefur; hann hefur engan rjett, heldur aðeins skyldur eptir núgildandi lögum, og get jeg enga ástæðu sjeð til þess, að breyta út af því, og álít jafnvel hættulegt að gjöra það.

Jón Ólafsson: H. 1. kgk. þm. (Júl. Havst.) var mótfallinn 3. breyt.till. frá nefndinni og mjer (þingskj. 157), er leyfir barnsföður að fá barn sitt til uppeldis, er það er fullra 7 vetra og yfirvaldið gefur leyfi til þess. Ástæður hans voru mjer eigi vel ljósar, en mjer heyrðist hann jafnvel telja ákvæði þetta hættulegt. En jeg verð að álíta, að í ákvæðum breyt.tillögunnar sje full trygging fyrir, að þetta verði eigi misbrúkað, þar sem samþykki yfirvalds útheimtist til þess, að barnsfaðir fái þennan rjett, og má gjöra ráð fyrir, að samþykki þetta fáist því að eins, að það sje sýnn hagur fyrir barnið, og enn fremur verð jeg að telja nokkra trygging í því, að barnsfaðir, til þess að geta fengið þennan rjett, verður að takast á herðar þá skuldbinding, að standa að öllu einn straum af barninu; slíka byrði mun hann trauðlega á sig leggja, nema af einlægri ósk um, að veita barninu betri fræðslu og uppeldi, en ella kann að vera kostur á; jeg get enga ástæðu sjeð til þess, að meina föðurnum, að taka barnið til sín, geti það fengið betra uppeldi hjá honum, heldur en hjá móðurinni. Þetta verður ætíð undantekning, er aðeins er leyfð með samþykki yfirvaldsins, og verð jeg að ætla, að það sje skilyrði, sem sje fulltryggt í alla staði. Jeg álít þessa breytingu einmitt mikla rjettarbót, því jeg get hugsað mjer, að móðir óskilgetins barns aðeins af storkun sitji barninu í vegi fyrir góðu uppeldi.

Júlíus Havsteen: Eptir gildandi lögum er rjett, að móðir óskilgetins barns megi hafa það hjá sjer; faðirinn hefur engan slíkan rjett, en er að lögum skyldur að leggja með því. Breytingin er annars byggð á því, að hann sje faðir barnsins, en það er engan veginn sannað, að hann sje það; það er annað mál, að honum er kennt barnið, og að honum sje gjört að skyldu að leggja með barni, sem hann eigi þorir að synja fyrir, að hann sje faðir að. Það getur þannig átt sjer stað, að óskilgetið barn eigi engan ákveðinn föður í eiginlegri merkingu þessa orðs. Jeg vil spyrja nefndina að því, hvernig að ætti að fara, ef 3 eða 4 væri gjört að skyldu, að leggja sama óskilgetnu barni, og hver þeirra ætti að hafa forgangsrjett að barninu, þegar það væri orðið fullra 7 ára.

Jón Ólafsson: Jeg get eigi verið samdóma h. 1. kgk. þm. (Júl. Havst.) um, að óskilgetið barn eigi engan föður; jeg held heldur mætti segja í þeim tilfellum, er hann tók til dæmis, að þá sje í lagalegum skilningi *fleiri en einn* faðir að barninu, heldur en að það sje enginn. Viðvíkjandi því spursmáli, hver — ef um fleiri feður er að gjöra — hafi rjett til að fá barnið, þá ímynda jeg mjer, að slík „konkurrence“ sje eigi líkleg, en álít, að komi hún fyrir, nægi ákvæðin í greininni um, að það sje *yfirvaldið*, sem á að *skera úr;* án leyfis yfirvaldsins fær faðirinn eigi þennan rjett. H. 1. kgk. þm. (J. Havst.) sagði, að eptir nú gildandi lögum hefði faðir óskilgetins barns engan rjett til þess að fá barnið til sín; þetta er rjett og þessum lögum einmitt viljum vjer breyta.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. á þingskj. 155 og 157 (C. 232) samþ. í e. hlj.; 2. breyt. *a* og *b* á þingskj. 155 samþ. með 7 samhlj. atkv. hvor um sig; 2. breyt. *c* á sama þingskj. felld með 6:5 atkv.; breyt. 2 *d—g* á sama þingskj. teknar aptur; 2. breyt. á þingskj. 157 (C 232) samþ. með 8 samhlj. atkv.; 3. breyt. á sama þingskj. samþ. með 6:3 atkv.; 3.breyt. á þingskj. 155 samþ. með 8 atkv.

Frv. allt með áorðnum breyt. samþ. með 7:3 atkv. og afgreitt síðan til Nd.

Frv. til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki (C. 226); 1. umr.

Skúli Þorvarðarson: Frv. þetta er hið sama, sem kom frá neðri deild 1887. Jeg aðhylltist það þá og hef eigi breytt skoðun minni síðan. Frv. hefur góðan tilgang, og ef það yrði að lögum, mundi það leiða til hagsmuna bæði fyrir einstaklinginn og heildina. Meining frv. er, að fá menn til, meðan þeir eru á bezta skeiði, að verja nokkru af arði sínum til þess, að eiga vísan styrk á elliárunum. Það er sama sem menn segja, að nauðsynlegt sje, að spara í góðu árunum til hinna hörðu. Jeg vona menn leyfi frv. að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 10 samhl. atkv.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Stapa (C. 226); 1. umr.

Árni Thorsteinsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að máli þessu sje vísað til nefndarinnar, er skipuð var til að íhuga löggilding kauptúna.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til nefndarinnar í e. hl. og 1. umr. málsins frestað.

Frv. til laga um gjald af aðfluttu smjörlíki (C. 226); 1. umr.

Jón Ólafsson: Mjer finnst, að ef það mætti segja með rjettu um *nokkurt* frv., að það sigldi undir fölsku flaggi, þá væri það um *þetta* frv. Það segist vera *toll*-frv., alt svo tilgangurinn að gefa landssjóði tekjur. En hverjum, sem les frv. þetta, getur ekki blandazt hugur um, að tilgangur þess sje allt annar, en að afla landssjóði tekna, því að það er bersýnilegt, að eigi einn eyrir af þeim notum kemur nokkru sinni í landssjóð, heldur er það í raun og veru b a n n á aðflutningi smjörs, og þessi var tilgangur höfunda þess. Flutningsmenn þessa frv. hafa eigi haft einurð eða einlægni til að segja með berum orðum, hvað þeir vildu; þeir hafa líklega búizt við, að ef þeir sendu það út undir fölsku flaggi, mundi það fremur kunna að geta laumazt gegn um þingið. En jeg hef illan bifur á öllu því, sem siglir undir fölsku flaggi, og mjer dettur ekki í hug, að ræða um frv. þetta öðruvísi en sem aðflutningsbanns-frv.

Hverjar eru þá hvatirnar til framkomu þessa frumvarps? Jú, það er auðskiljanlegt, það er eigingirni og skammsýni ómyndarlegra og dáðlítilla manna í landinu, sem eigi nenna eða hafa myndarskap til að verka smjör það, er þeir framleiða, skammlaust, svo að það sje boðlegur matur *nokkurri* þjóð í heimi. Og þessir menn, það segi jeg, vilja nú *neyða* þá landsmenn, sem eigi framleiða smjör, til að kaupa íslenzkt, óhreint gráðasmjör. Það þarf eigi með tollum eða aðflutningsbanni að búa til markað fyrir ætilegt smjör; hann er nógur í þessu landi og í útlöndum, og svo mikill, að jeg er viss um, að mætti selja allt það smjör, sem tilbúið er á Íslandi, fyrir helmingi hærra verð en nú er á því, bara í einni stórri borg, t. d. á Englandi, *nota bene* e f fólk kynni, hirti og nennti að verka það eins og vera ber, svo að það væri eins góð vara og smjör annara þjóða. Það er því hreinn óþarfi, að fara að fyrirbyggja aðflutning á smjörlíki; það væri til þess, að vernda hárugt og skitið íslenzkt gráða-smjör, með öðrum orðum: frv. er ekki *toll*frumvarp, heldur *friðunarfrumvarp óþrifnaðar, leti og sóðaskapar* í landi voru. Þetta er í fyrsta skipti, að verndunarhugsunin gægist fram hjer á þingi í frumvarpslíki. Og þessi apturganga vanþekkingar og staðlausra skoðana þarf að kveðast rækilega niður þegar í stað, svo rækilega, að sá draugur rísi eigi fyrst um sinn upp aptur.

Hvað er það, sem menn vilja með þessu frumvarpi? Þeir vilja fyrirbyggja, að sjómenn og kaupstaðarbúar geti fengið keypt eða jetið ætan mat, hvað sem í boði er. Þeir vilja fordæma þessa landsmenn

sína til að leggja sjer það til munns, sem hvergi fæst markaður fyrir hjá neinni þjóð í heimi, ekki einu sinni handa tukthúsföngum. Gangi þetta fram, þá þarf eigi að efa, að það verður fyrirboði annars verra; þessir sömu menn munu þá ugglaust næst fara að banna oss að brúka sútað skinn til skóa, af því að enginn kann hjer að súta, til þess að útvega sjer markað fyrir sína verðlausu hrábjóra. En jeg vil spyrja: er það rjett, að sjómenn og kaupstaðabúar eða $^1/_6$ hluti landsmanna sje hafður að fjeþúfu fyrir þá, sem ómyndast við að búa til smjör, ef smjör skyldi kalla? Er það rjett, að þessi meiri hluti hafi minni hlutann þannig að fjeþúfu? Jeg segi n e i; það er eigi hin minnsta ástæða til þess, því síður sem að hárgreiðusmjöri og öllum gráða meðtöldum eigi er búið til hjer í landi nægt smjör handa öllum landsmönnum. Og það er jafnástæðulaust sem ranglátt, að bera *verðið* fyrir sig. *Gott* íslenzkt smjör, sem því miður er allt of lítið af, selzt hjer ávallt, þótt það kosti miklu meira en smjörlíki, og eins vita allir, að það *má* búa til eins gott smjör hjer, eins og í öðrum löndum. Það er ekki landkostunum nje mjólkinni að kenna, þótt víðast hjer á landi sje allt of fáir, sem búa til boðlegt smjör. Jeg hef smakkað smjör hjer, sem hefur verið allt eins gott og bezta herragarðssmjör, sem jeg hef fengið í Danmörku og á Englandi, og sem þar kostar 1 kr. 20 a. til 1 kr. 50 a. pundið; en það var raunar búið til af konu, sem hafði lært smjörgjörð erlendis og staðið þar fyrir smjörgjörð á stórbúi. En þetta sýnir, að það er eigi mjólkinni að kenna, að smjörið er illt, heldur meðferðinni, og mönnum er innan handar að bæta það svo, að það verði ætileg og útgengileg vara. Sem sagt, afleiðingin af þessu frv. yrði að friða gráðasmjörið. En hjer er og annars að gæta: nú flyzt hjer til landsins *gott* margarin eða smjörlíki; en næði þetta frumv. framgöngu, þá fengjum vjer í staðinn fyrir gott margarin að eins einhvern hinn versta sora, því að annað mundi eigi geta þolað þennan toll.

Jeg tek það fram aptur: íslenzka smjörið, eins og það allt of almennt gjörist, er eigi friðandi. Jeg þekki smjör á norður-, suður-, vestur- og austurlandi; og þótt það sjeu auðvitað fleiri fyrir austan og norðan, sem búa til gott eða þó bærilegt smjör, heldur en fyrir sunnan og vestan, þá er þó gráðinn algengastur. Jeg hefi fengið upp í skuldir heil kvartjel af smjöri, sem jeg hefi ekki getað annað betra við gert, en að skipta á því í búðunum við gott margarin, og hefi gefið á milli, og þetta hefi jeg reynt frá fleiru en einu stóru heimili. Er nú eigi rjettara, að láta þá, sem hafa á boðstólum óætt hárugt gráðasmjör, þetta sem ekki veitir af að fylgi hárgreiða með hverjum fjórðungi, sitja með það sjálfa, en að neyða fólk til að kaupa það í staðinn fyrir að fá gott margarin frá útlöndum? Hvort ætti heldur að fyrirbjóða, margarínið eða gráðasmjörið? Jeg fyrir mitt leyti er í engum efa um það. Ef flutningsmenn vildu fyrirbyggja að flyttist *skaðlegt* eða *óhreint* margarin, þá gæti jeg verið með þeim, því að flytja skemmda vöru eru svik, hvort sem um smjör eða margarin er að ræða; en þessari óhreinlegu aðferð, sem þeir hjer hafa beitt, hef jeg andstyggð á, og vona að h. þingdm. drepi frv. þeirra.

Árni Thorsteinsson: Jeg bað mjer hljóðs af því, að jeg veit eigi nema rekunum verði kastað nú þegar á þetta frv. Jeg er alveg samdóma h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um það, að tilgangur frv. er eigi að koma á tolllögum, heldur friðunarlögum, svo framarlega sem tollar geta friðað um vörutegund með því að hindra innflutning. Tilgangur frv. þessa er, að koma á verndartolli fyrir íslenzkt smjör. En þessi tollur á margarin, sem í frv. er ákveðinn, hann verður lítil vörn fyrir íslenzkt smjör eins og það nú almennt gjörist, þó hann

sje 10 aurar, en ennþá minni vörn yrði hann, ef tollurinn væri aðeins 5 aurar. Jeg lít nokkuð frekar á þetta mál, en h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), því jeg vil segja, að ef gera skal enda á þessu hneyxli, sem hið óhreina íslenzka gráðasmjör gerir, verður það einmitt „margarin“-smjör, sem kennir þessum smjöreigendum að búa eigi lengur til þetta vonda smjör, sem er svo almennt í kaupum og sölum, en þar á móti vanda smjörgjörð sína. Einmitt með því að leyfa mönnum að kaupa ótollað margarin, þá neyðir það bændur til að vanda betur sitt eigið smjör, svo það verði útgengileg vara, er taki margarini fram í öllu. Hin íslenzka mjólk hefur í sjer gott smjörefni; vil jeg bera það undir dóm míns h. sessunauts (A. Ó.). sem með hyggindum og dugnaði, eins og hann hefur búið bezta búi, einnig lætur verka ágætt smjör, og dæmi hans og nokkurra annara góðra bænda, sem þó eru allt of fáir, sýna, að hið íslenzka smjör þarf eigi að óttast keppni frá útlendu smjöri eða smjörlíki, ef lögð er nokkur alúð við að vanda íslenzka smjörgjörð. Aðeins fá ár eru síðan margarin tók að flytjast hingað til lands, og þó er jeg eigi fjarri því, að íslenzkt smjör hafi heldur batnað síðan.

Annað mál er það, sem jeg nú vil taka fram og einkum snúa mjer þar að hæstv. landsh., að það væri heppilegt, að þau ákvæði kæmust á með lögum, að eigi mætti selja margarin nema með ákveðnum vörumerkjum; enn fremur er annað ákvæði, sem vantar hjer, að aldrei ætti að leyfa, að selja útlent smjör nema auðkennt, svo menn fái fulla vissu um, hvaða smjör það er, sem menn kaupa. Þessi lög eru í Danmörku og hverju síðuðu landi. Jeg vil því beina þeirri áskorun að h. landsh., að stjórnin hlutist til um, að slíkum lögum verði hjer á komið, því það er hneyxli að vita til þess, að menn hjer á landi óstraffað geta selt margarin sem hreint smjör. Slíkt nálgast því að vera svik.

Sighvatur Árnason: Jeg fyrir mitt leyti hef tekið þetta frv. um toll á margarin sem tollmál, en h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefur tekið það öðruvísi. Aðeins tveir h. þm. hafa kveðið upp dauðadóm yfir frv. og um leið mjög harðan dóm yfir smjörverkun landsmanna; mjer finnst h. þm. S.-Múl. og h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) hafa verið helzt til harðorðir og þessi dómur þeirra um sveitabændurna vera allt of undantekningarlaus. Jeg skal kannast við, að það á sjer stað, að smjör er hjer illa verkað, en þó er það ekki almennt, og að því leyti neita jeg þessum áfellisdómi h. þm. Jeg vil nú lýsa meiningu minni um margarin út af fyrir sig, því jeg skoða þetta mál sem tollmál; en þau mál eru alvarleg hjer á þingi, enda greinir menn á um þau. Jeg skoða þennan toll frá annari hlið, en þeir sem vilja hafa hann háan; landið framleiðir nefnilega ekki nóg smjör eða viðmeti yfir höfuð, svo menn neyðast til við sjávarsíðuna að nota þetta óekta smjör; þess vegna vil jeg vera vægur á margarintolli; jeg veit líka, að jafnvel margir fátækir sveitamenn fara til sjávar, án þess að geta haft smjör að heiman, og að fátækt fólk við sjó yrði opt feitarlaust, þar sem það hefur eigi efni á, að kaupa dýrt smjör. Þessvegna er hár tollur á margarin varúðarverður. Jeg vil enn fremur vekja athygli manna á einu, sem þessi feitarekla á að nokkru leyti rót sína í; það er fjársalan; við hana fækkar bæði fjárstofn landsmanna og um leið flyzt þar með tólgin út úr landinu; hefur þetta mjög mikla þýðingu. Þessvegna, segi jeg það enn, að bezt er að fara varlega í margarintollinn. Jeg vil bæta því við, að þar sem h. þm. Skagf. (Fr. St.) beindi að mjer, að jeg væri eigi sjálfum mjer samkvæmur í tollunum, þá var hann ofur glaður í sjálfum sjer, þegar hann var að sparka í mig dauðan, nefnilega, þegar jeg hafði ekki lengur málfrelsi í það skipti. Hann sagði, að jeg hefði áður farið fram á hærra útflutnings-

gjald á fiski og lýsi, og hefði með því viljað íþyngja sjávarmönnum; en hann gáði ekki að því, sem jeg tók fram, að þetta var alls eigi meining mín, því þetta fiskgjald kemur eigi þyngra niður á sjávarmönnum en öðrum, því gjaldið snertir ekki fiskinn sjálfan, eða með öðrum orðum, er ekki lagt á hann, heldur gengur tollurinn yfir á aðra verzlunarvöru. Jeg hef enga hvöt til að þrengja meir að einu hjeraði en öðru, eða einni stjett fremur en annari, en jeg álít þar á móti vera brýna nauðsyn á að fara varlega að þeirri stjettinni, sem örðugast á uppdráttar, og gá að því að fátækustu stjettinni verði eigi gert meir og meir örðugra að hafa ofan af fyrir sjer, með því að tolla hverja vöruna á fætur annari, sem þeir menn geta ekki án verið. Tollur á margarin ætti annaðhvort að vera sára lítill eða enginn eptir kringumstæðunum. Nú hef jeg lýst yfir meiningu minni á tollum, hvernig sem menn kunna að skilja mig. Jeg veit það vakir fyrir mönnum, að finna einhverjar vörutegundir til að tolla, til hagsmuna fyrir landssjóðinn; lái jeg mönnum það eigi, en jeg lái mönnum, að fara ógætilega að því og láta tollana koma ósanngjarnlega niður. Jeg vil vikja mjer á ný að h. þm. Skagf. (Fr. St.), sem er svo fjörugur og ánægður yfir lífinu í sjálfum sjer í öllum þessum tollmálum, að hann vildi láta meiningu sína í ljósi um þetta mál. Gæti verið að það yrði mjer og mörgum öðrum til fróðleiks.

Friðrik Stefánsson: Frumvarp þetta hefur orðið fyrir allhörðum dómi hjá h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), og eru það hörð orð, sem hann leyfði sjer að viðhafa um h. Nd. að hún sigli undir fölsku flaggi. Jeg verð að mótmæla þessum áburði fastlega. Hún hefur alls ekki farið í neina launkofa. Það sem hún hefur gjört, var á allmargra manna vitorði, og allir gátu lesið um gjörðir hennar á prenti. Þeim orðum h. þm. (J. Ól.), að Nd. hafi samþykkt þetta frv. í eigingjörnum tilgangi, til þess að styðja eigingjarna smjörseljendur, mótmæli jeg algjörlega, og álít jeg allsendis ósæmilegt, að koma með slíkar getsakir á þingið. Sami þm. tók það líka fram, að íslenzkt smjör væri svo illa verkað, að það væri óæti. Hverjir eru það sem búa til smjörið? Það eru sveitabændur og búalýður þessa lands; það eru þeir, sem ókvæðisorð og harðyrði þingmannsins skella á. Jeg get nú vel unnt mínum fjöruga sessunaut (Sighv. Á.), að halda hlífðarskildi yfir sínu sunnlenzka gráðasmjöri; en um smjör á Norðurlandi get jeg sagt, að það er yfir höfuð svo vel verkað, að það er fullboðlegt öllum þessum herrum, sem hjer eru inni. *(J. Ól.:* Þar er líka til gráðasmjör!). Það getur verið, að þm. sje alinn upp á austfirzkum gráða, og því hefði jeg bezt trúað; en það snertir ekki Norðurland. — H. þm. (J. Ól.) segir, að þetta frv. komi hart niður á sjávarmönnum, og mun þessi skörulega árás hans svo sem eiga að vera til að vernda sjávarbændur. — En einmitt vegna sjávarbænda er frv. þetta nauðsynlegt. Þeir eru ekki matvandir, að vilja þetta aðflutta smjör og jeta þannig hið argasta aðflutta óæti, og þegar þeir koma í sveitina í kaupavinnu, heimta þeir allt kaup sitt í peningum, í stað þess að það væri bæði þeim og sveitabændum miklu betra, að þeir fengi kaup sitt í smjöri. Jeg álít því, að þessi tollur sje hæfilegur verndartollur bæði fyrir þá og sveitamenn og hyggilega settur, svo að jeg álít, að Nd. hafi gjört gott verk með því að samþykkja þetta frv., bæði fyrir landsmenn og landssjóðinn. H. þm. S.-Múl. (J. Ól.) var að kvíða fyrir því, að það gæti komið fyrir, að einhver fyndi upp á að banna mönnum að brúka sútaða skó. Jeg vona þó, að það þyrfti ekki að verða honum til falls, því að honum gæfist þá færi á að fara að ganga með uppháa kálfskinnsskúa, eins og Gissur jarl. Jeg sje ekki annað en það mætti vel sæma honum, að breyta

eptir Gissuri í því, því að tignarmunurinn á þeim er ærinn.

H. sessunautur minn (Sighv. Á.) sagði, að útflutningsgjald af fiski og lýsi kæmi jafnt niður á sveitamenn og sjávarmenn. Það getur vel verið, að sá tollur sje nú lagður á aðfluttar vörur; en undir eins og útflutningstollurinn á fiski og lýsi hækkaði að mun, mundi hann verða lagður á vöruna sjálfa. Minn h. sessunautur (Sighv. Á.) ætti því að setjast niður og reikna betur, einhvern tíma þegar vel liggur á honum. En viðvíkjandi smjörtollinum, eða tolli á aðfluttu smjöri, tek jeg það enn fram, að það væri mjög mikill skaði, ef svona nauðsynlegt frv. fjelli, sem er að mínu áliti gagnlegt, bæði fyrir sveita- og sjávarmenn. Það getur vel verið, að h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) þurfi ekki að fara í kaupavinnu, að minnsta kosti meðan hann hefur atvinnu af því, að sitja hjer á þingi og ganga í berhögg við sveitabændur og meiri hluta landsmanna.

Jakob Guðmundsson: Jeg ætla ekki að mótmæla því, að hjer sje til smjör miður verkað en skyldi, en það er þó að batna í seinni tíð, eins og allur þrifnaður. Hinu þarf ekki að mótmæla, getsökum þeim, sem h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefur gjört meiri hluta neðri deildar, að hann sigli undir fölsku flaggi, og hafi annan tilgang með frumv., heldur en sýnist. Jeg get ekki sjeð, að svo sje. Þó að menn geti sagt, að það muni lítið um peningana fyrir tollinn, og þótt menn hefðu viljað segja, að frumv. hefði verið nær, að banna aðflutning tilbúins smjörs, heldur en leggja toll á það að nafninu til, þó eru ekki allir á einni skoðun um það, að bezti vegur til að hamla því, að einhver vara flytjist inn, sje sá, að banna aðflutning hennar. Það hefur verið reynt sumstaðar erlendis, að banna aðflutning á vínföngum. En það hefur ekki staðið lengi eða verið vel þokkað. Jeg veit, að h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) er þessu kunnugur; hann hefur sjálfur útlagt grein eptir útlendan hagfræðing, þar sem svo segir, að aðalreglan ætti að vera, að leggja toll á þá innflutta vöru, sem sízt á að flytjast, mest á þá vöru, sem mestur skaðinn er að.

Það eru ekki eins dæmi, þótt mönnum sje hjer illa við *margarín;* það hafa orðið miklar umræður bæði í Englandi og Þýzkalandi um það, hver ráð skyldi hafa til að stemma stiga fyrir þessari vöru, sem er sumpart óæti, sumpart óholl, sumpart næringarlaust.

Jeg hef sjálfur ekki reynslu í þessu atriði, en jeg hef talað við íslenzka menn, sem segja af reynslu, að þeir hafi enga næringu af þessu útlenda smjörlíki, og bæði hata það og fyrirlíta. Það kann að vísu að vera misjafnt. Það getur verið, að sumar tegundir þess sjeu góðar, en það er víst, að sumt af því er óbrúkandi. Jeg held við höfum nóga fitu hjer í landi, og ættum ekki að þurfa að sækja hana til annara landa. Það ætti að benda sveitabóndanum á, að verka betur smjör sitt; en það ætti líka að kenna sjávarmanninum að nota okkar innlendu feiti, sem er miklu kraptmeiri en margarínið. Jeg skal ábyrgjast, að það mætti búa til úr hreinni tólg og góðu lýsi afbragðsviðbit, sem væri hverjum okkar boðlegt. Það mætti jafnvel verka hrossaflot svo, að það ásamt góðri sauðatólg væri ágætt viðmeti; það er þjóðarfordómur, að fyrirlíta matinn af eins góðri og elskulegri skepnu eins og hestinum. Það ætti að kenna þjóðinni, að fara sem bezt með öll sín föng, og víst er það, að Englendingar fordæma þetta *margarín*, sem í seinni tíð er farið að flytja, mest frá Ameríku.

E. Th. Jónassen: Það væri gott að eiga nóg af smjöri og viðmeti í landinu sjálfu, en því er ekki að heilsa. Menn eru því á seinni árum farnir að kaupa margarín, einkum sjómenn og útgjörðarmenn skipa. Það sem veldur þeirri eklu,

sem orðin er á fitu, er einkum hin mikla sauðasala út úr landinu, af því að vegna hennar kemur nú á markaðinn mjög lítið af tólg, sem fátæklingar áður keyptu, og höfðu sjer til viðbitis. Af þessu margaríni eru ýmsar tegundir, og hafa kaupmenn flutt svo góðar tegundir hingað, að jeg fyrir mitt leyti hef ekki þekkt það frá smjöri; um hinar lakari tegundir, er flytjast hingað, get jeg ekki sagt. Það er snertir næringarkrapt margaríns eru skoðanirnar skiptar. Sumir fróðir menn telja það ágætt til manneldis, og að minnsta kosti inniheldur það talsverða fitu. Væri nú farið að leggja toll á vöru þessa, þá yrði afleiðingin annaðhvort sú, að kaupmenn fara að eins að flytja lökustu tegundir, eða þá margarín yrði svo dýrt, að fátæklingar gætu eigi keypt það, og þegar sjávarmenn hvorki geta fengið smjör, tólg nje margarin, þá er ekki annað fyrir þá að gjöra, en borða þurt, sem ekki mundi vera heillavænlegt þegar ekki fiskast. Nú, þegar verið er að leggja toll á kaffi og sykur, sem kemur tilfinnanlegast niður á sjávarmanninum, álít jeg væri rangt, að vera að bæta við þessum tolli, sem einnig kemur á nauðsynjar fátækra sjómanna. Jeg mun því hiklaust greiða atkvæði móti þessu frv.

Arnljótur Ólafsson: Svo fagrar og snjallar sem umræðurnar í þessu máli hafa verið, virðist mjer þó svo, að menn hafi einblínt of mjög á tollatriðið, en sleppt að athuga annað innihald frumv. Jeg vil taka fram, að 2. málsgrein 1. gr. er þannig, að engum getur blandazt hugur um, að það, sem þar er ákveðið, er gott. Og þótt fáir aðrir væru mjer samdóma um þetta, þá mun h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) verða mjer samdóma um þetta, því að hann vill víst ekki, að smjörlíki sigli hjer inn í landið undir fölsku flaggi, sem smjör. Sumir hafa á móti upphæð tollsins, og segja, að svona afarhár tollur sje sama sem aðflutningsbann. Jeg álít, að það sje innan handar að færa tollinn niður eða sleppa honum, færa hann niður, ef mönnum þykir upphæðin of hátt tiltekin, sleppa honum alveg, ef mönnum þykir ekki við eiga að tolla þessa vöru; en hinu er rjett að halda, sem allir eru samdóma um, að sje heppilegt, og sem allar menntaðar þjóðir hafa ákvæði um, það er, að eigi megi flytja smjörlíki eða snakksmjör til landsins, nema það sje einkennt með ákveðnu vörumerki. Þess vegna álít jeg rangt að fella þetta frumv., heldur ætti annaðhvort að setja nefnd í málið, eða koma með breyt.till. við frumv. til 2. umr. Mjer þykir undarlegt, að fella frumv. eptir svona nákvæma yfirvegun af hendi h. neðri deildar. Það er í öllu falli óviðkunnanlegt og ókurteist af deildunum, að fella frumv. hvor fyrir annari þegar við 1. umr., og getur slíkt haft illar afleiðingar. Eitt er víst, að bæði Danir og Svíar heimta, að vara þessi komi merkt sem smjörlíki, en ekki sem smjör, og að hún sje keypt og seld sem smjörlíki, en ekki smjör, og leggja sekt við, ef þessu er ekki hlýtt. Sama ættum vjer að gjöra.

Jón Ólafsson: Mjer hefur verið borið á brýn af 2 h. þingdm., að jeg hafi fordæmt smjör-framleiðslu Íslendinga yfir höfuð, sjerstaklega var h. þm. Skagf. (Fr. St.) mjög æstur út af því, að jeg hefði gengið í berhögg við íslenzka bændur. En það er ekki rjett hermt, að jeg hafi sagt það *undantekningarlaust*, að íslenzkt smjör væri vond vara. Jeg sagði skýrlega, að það væri sjerstaklega á Suðurlandi, en því miður brynni það of mjög við í hinum landsfjórðungunum líka. Jeg tók ljóslega fram, að það væri hvorki högum vorum eða kvikfjenaði að kenna, að smjörið er eins vond vara, eins og það er, heldur mönnunum einum. Jeg tók fram, að jeg hefði borðað íslenzkt smjör

eins gott og bezt fæst í öðrum löndum, og sýnir það, að jeg sagði aldrei og gat ekki sagt þau orð, sem h. þm. Rangv. (S. Á.) tók fyrir texta og lagði út af. H. þm. Skagf. (Fr. St.) tók sjer til inntektar, að smjörverkunin væri verst hjer á Suðurlandi, en honum til sorgar verð jeg að segja, að smjör er líka opt mjög illa verkað á Norðurlandi. Jeg hef veitt móttöku og „pakkað" margar tunnur af argasta gráða fyrir norðan; jeg get reyndar glatt h. þm. Dal. (Jak. G.) á því, að jafnverri gráða hefi jeg þó tekið við úr Dalasýslu; mjer er vel kunnugt um, hvernig það smjör lítur út, sem Dalamenn leggja í kaupstaðinn, því jeg hefi veitt móttöku Dalagráða. H. þm. (Jak. G.) sagði, að smjörverkunin væri heldur að batna nú síðustu árin. En hverju er það að þakka? Einmitt *margarínunu;* því af þeirri ástæðu, að það hefur verið á boðstólum, hefur gráðinn ekki gengið út eins og áður, og við það hafa menn neyðzt til, að reyna að bæta ráð sitt, það er verkun smjörsins snertir. Hann sagði, að aðflutningsbann bæri óhyggilegt, og kvað það hafa reynzt illa á vínföngum. Hjer slær nú út í fyrir honum. Aðflutningsbann á vínföngum hefur optari hverju gefizt vel, eins og yfir höfuð bann gegn eiturtegundum; en um aðflutningsbann gegn saklausum eða nytsömum vörum er jeg samdóma honum; en svo sagði hann, að það væri rjett að leggja hæsta tolla á þær vörur, sem væri óþarfastar og ljelegastar. Þetta er rjett; það er einmitt mín skoðun. En því rangara er, að leggja háa tolla á nauðsynlegar vörur. Enn sagði h. þm. (J. G.), að íslenzkt feitmeti væri betra og hollara viðurværi en útlent. Fyrst taldi hann lýsisbræðing sem sjerstaklega gómsætt og ákjósanlegt viðmeti; lýsisbræðing hefi jeg aldrei lagt mjer til munns og get því líklega óhætt sagt, að jeg sje öllu vandari að mat mínum heldur en h. þm. Dal. (J. G.), en þó hef jeg jafnan á borði mínu tvær tegundir viðmetis, gott íslenzkt smjör og margarín, og smakka jeg sjálfur aldrei annað en margarín. Allt fyrir það er jeg í allgóðum holdum, eins og allir sjá, og bragða þó aldrei lýsisbræðing. (*J. A. Hj.:* Hann kvað nú vera góður þó). H. þm. Dal. (J. G.) kvað oss Íslendinga framleiða nóg feitmeti hjer á landi til neyzlu landsmanna. En mig varðar ekkert um, hvað mikið smjör eða feitmeti er framleitt í landinu. Þó að landið hefði miljónir punda afgangs fram yfir það, sem brúkað er hjer, áliti jeg jafnrangt að meina mönnum að kaupa ódýrt, gott viðmeti aðflutt, ef menn að eins geta fengið það. Það er altítt í útlöndum, t. d. í Danmörku, að smjörframleiðendur (stórbændur) selja smjör sitt (t. d. Englendingum), en kaupa aptur margarín til heimilisþarfa. Yfir höfuð er það rangt, að banna mönnum að kaupa góða, hreina og heilsusamlega fæðu, til þess að kaupa vöru, sem hefur gagnstæða eiginlegleika.

H. 5. kgk. þm. (A. Ól.) skaut því til mín, hvort jeg vildi ekki kannast við, að síðari liður 1. gr. væri góð ákvörðun. Jeg gæti verið með í að samþykkja sjerstök lög um víst vörumerki, en jeg sje ekki, að neitt víst vörumerki sje tiltekið í ákvæðum þessarar greinar. Hjer stendur: „Vöru þessa má ekki flytja til landsins, nema hún sje einkennd með ákveðnu vörumerki". En hver ákveður merkið? Hver kaupmaður gæti sett sitt merki á vöruna, og sagt svo að lögunum væri fullnægt. Svo að þessi grein er formlega jafnmikið aflagi sem hinar að efni. H. neðri deild hefði varið tíma sínum betur, ef hún hefði bætt úr þessu, heldur en tala allt það um tollinn, sem þar hefur verið gjört.

Mjer hefur verið ámælt fyrir það, að jeg sagði, að tilgangur neðri deildar væri auðsjáanlega aðflutningsbann, en ekki það, að auka tekjur landsjóðs. Þeir sem fyrst komu fram með frumv., stungu upp á 20 aura tolli á hvert pund, og þeir hafa í

mín eyru margir hverjir játað, að þeir vildu helzt hafa tollinn 50 aura eða krónu, ef hægt væri að koma því fram. Jeg skil ekki, að nokkur maður geti með alvöru sagt, að nokkuð mundi verða keypt af vörunni með slíkum tolli, eða að það mundi afla landsjóði eins eyris. Af því að þetta verndarprincip er fyrir langalöngu viðurkennt alveg fordæmanlegt í öllum siðuðum löndum, ætti að flýta sjer sem mest, að fella frumv. Þetta frumv. á eigi skilið, að haldið sje lífnóru í nokkri einustu línu af því.

Jakob Guðmundsson: Jeg leyfi mjer stinga upp á, að 3 manna nefnd sje sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 7 atkv. gegn 3.

Frumv. fellt frá 2. umr. með 5 atkv. gegn 5.

Frumv. til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna (C. 225)); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg vil leyfa mjer, að lýsa yfir meiningu minni í þessu máli. Hún er sú, að jeg vil styðja frv. af fremsta megni. Öllum er það kunnugt, að nú sem endrarnær er nauðsyn á, að annast um fjárhag landsins og spara það, sem sparað verður, og það líka fyrir komandi tímann. Jeg skal að vísu játa það, að þetta frumv. þarf tíma fyrir sjer til þess að ná tilgangi sínum, sem er að spara fje landsins. Frá mínu sjónarmiði finnst mjer alþing eigi ekki að eins að hugsa um tímann, sem yfir stendur, heldur einnig um eptirkomandi tímann; frumv. gengur hóflega í þá átt, hvað launin snertir, og þess vegna vil jeg hlynna að því. Jeg álít, að embættin sjeu eptir frumv. fullsómasamlega launuð, þrátt fyrir þá lækkun á þeim, sem það fer fram á; jeg þykist handviss um, eptir reynslu þeirri, sem fyrir er, að þó embættalaunin væru tilteken eins og í frumv., mundu nógir fást til að sækja um embættin. Á þessu stigi málsins skal jeg eigi fara fleiri orðum um þetta mál, en jeg vona, að h. þingm. gefi frumv. gaum, og lofi því að ganga sinn gang í deildinni.

Jakob Guðmundsson: Jeg tel það kost á þessu frumv., að það er eigi einsýnt, heldur tvísýnt; það lætur sjer um hvorttveggja hugað, bæði að setja sum laun niður, en líka að hækka önnur. Þetta lýsir sanngirnishugsun hjá höfundunum. Öllum sanngjörnum mönnum hlýtur að sýnast það sannleikur, að sumir hafi of lítil laun í samanburði við aðra, er meiri laun hafa, þó þeir fyrri hafi fullt eins mikið að gera, sem þeir síðari. Jeg gat eigi annað en hneyxlast á því, að sanngirnisdeildin Nd. skyldi fella frumv., sem hafði sömu sanngirni í sjer og þetta frv.; jeg vil vona, að hin h. Ed. hugsi sig vandlega um þetta mál. Af því mjer finnst þetta mál vera svo mikilvægt, vil jeg stinga upp á, að 5 manna nefnd sje sett í það.

ATKVÆÐAGR.: Nefndaruppástungan felld með 7 atkv. gegn 3.

Jón Ólafsson: Jeg ætla eigi að fara langt út í frumv.; jeg vil að eins vekja athygli manna á því, að þó það sje fallegt á pappírnum, að hækka og lækka laun, svo jöfnuður verði, þá hefur þetta í för með sjer mikil útgjöld, því hækkunin kemur strax í gildi, en lækkunin ekki. Þess vegna þykir mjer ísjárvert einmitt á þessu þingi í ár, að taka þetta mál fyrir, sem hlýtur að hafa mikinn og varanlegan kostnað í för með sjer, og jeg sje eigi ástæðu til, að kasta út mörgum þúsundum, eins bágborinn og fjárhagurinn er núna. Jeg fyrir mitt leyti álít eigi skaða, þó þetta frumv. falli niður að sinni. Jeg er ekki samdóma höfundi frumv., því jeg sje eigi, að ef höfundurinn óskar lækkunar á sumum launum, sje nein ástæða

til að kaupa hana með hækkun á öðrum. Þess vegna finnst mjer þetta mál mætti bíða.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 8 : 2 atkv.

Frumv. til laga um rjettindi kaupmanna búsettra á Íslandi (C. 225); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 9 samhlj. atkv.

Nítjándi fundur, miðvikudag 24. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til viðaukalaga við tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849 (C. 243); 3. umr.

Málið var tekið af dagskrá eptir ósk nefndarinnar.

Frumv. til laga um aðflutningsgjald af kaffi og sykri (C. 221, 244); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt. 4 þingm. (C. 244) felld hvor um sig með 7 : 4 atkv.

Frv. óbreytt samþ. í heild sinni með 8 : 3 atkv. og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um breytingu á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald af tóbaki (C. 223); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 7 : 3 atkv. og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um að fá útmældar lóðir á löggiltum kauptúnum o. fl. (C. 112, 133); frh. 1. umr.

Framsögumaður meiri hlutans (E. Th. Jónassen): Nefnd sú, er h. deild kaus til þess, að íhuga lagafrumv. stjórnarinnar um að fá útmældar lóðir á löggiltum kauptúnum, hefur vandlega farið í gegnum málið. Bæði meiri og minni hlutinn er samdóma um það, að í þessu frumv. sje nauðsynleg og gagnleg rjettarbót, en í einstöku atriðum greinir þá á, og vilja þar stinga upp á breytingum. Meiri hlutinn vill auka inn nýmælum, svo sem í 1. gr.; þar hefur hann skotið nýrri grein inn um það, að í löggiltum kauptúnum skuli viðhafa merkjasetningu, og sömuleiðis um það, hvernig skera skuli úr ágreiningi, er rís upp, þegar stækka skal svæði með nýrri merkjasetningu; enn fremur, hvernig fara skuli með kostnaðinn, er merkjasetningarnar hafa í för með sjer. Ágreiningurinn við minni hlutann er aptur í því fólginn, að minni hlutinn vill ekki að frv. nái til kaupstaðanna, heldur að eins til löggiltra kauptúna. Annað innskot, sem meiri hlutinn hefur gert, og sem eigi stendur í stjórnarfrumv., er, að meiri hlutinn vill að 2. gr. nái til kaupstaðanna, þar sem kaupstaðarlóðin tilheyrir einstökum mönnum eða fjelögum. Nefndin ímyndaði sjer, að stjórninni hefði verið ókunnugt um, hvernig opt hagar til hjer á landi, að kaupstaðarlóðir eru alveg eign einstakra manna. Enn fremur hefur meiri hlutinn búið til nýja grein, 4. gr., er hann, eptir því, sem hann þekkir til, álítur vera nauðsynlega; þar er bannað að leggja þær kvaðir á lóðir eða húseignir í löggiltum kauptúnum eða kaupstöðum, að eigi megi nota þær til verzlunar. Þetta hefur tíðkazt hjer á landi til skamms tíma, og virðist ekki vera heppilegt. Einnig áleit nefndin, að stjórninni hefði eigi verið kunnugt um, að þetta ætti sjer stað hjer; en ekki eru meira en 2 ár síðan, að jeg þekkti hjer slíkan samning, og nú þekki jeg fleiri slíka eldri samninga. Þá hefur meiri hlutinn lagt til ákvæði í 5. gr. Þar stendur í stjórnarfrumv., að þótt einstakir menn kunni að eiga höfn þá, sem er við löggilt kauptún, má hann eigi bægja neinum frá að leggja skipum sínum þar við akkeri; hjer hefur meiri hlutinn bætt inn, að ekki megi hann heldur banna neinum aðgang að höfninni, til þess að

ferma eða afferma skip, að svo miklu leyti, sem það kemur ekki í bága við hans eigin bryggjuafnot. Það er ekkert gagn í því, að mega leggja skipum við akkeri inn á höfnum, ef mönnum leyfist eigi að ferma þau þar og afferma og fá að fara yfir lóð þá, sem við höfnina er. Það væri mikið tap fyrir kaupmann, ef hann yrði að leggja langan krók á leið sína, til að geta skipað upp vörum sínum. Það getur aptur á móti verið hagur fyrir þann, sem á lóð í landi og rekur þar verzlun, því með því að neita mönnum um leyfi til að skipa þar upp vörum sínum, getur hann hindrað „*konkurrence*".

Einnig vildi meiri hlutinn breyta einstöku ákvörðunum í 5. gr. stjórnarfrumv. viðvíkjandi notkun á hringum, landfestum og öðrum skipsfestaráhöldum; vill hann leggja sektir við, ef sá, sem notar festarnar, vill ekki sleppa þeim. Minni hlutinn hefur líka gert ákvarðanir í þessa stefnu, en meiri hlutinn vildi eigi ganga svo langt, að leggja við eigi minna en 100 kr. sekt og að skip og farmur skyldi að veði fyrir sektum og skaðabótum. Loksins hefur verið í 5. gr. bætt inn viðvíkjandi afnotum lausakaupmanna af skipsfestaráhöldum; þar hefur meiri hlutinn bætt inn orðunum, að fiskiskip þau, er út er haldið til fiskiveiða, megi líka hafa afnot af skipsfestaráhöldum; því það eru dæmi til þess, að menn hafa einungis til þess, að bægja skipum frá að nota skipsfestaráhöld, látið festa við þau gömul og ónýt skip.

Þetta eru þær helztu breytingar, er meiri hlutinn hefur gert við frumv. það, er hjer liggur fyrir.

Jeg vil að endingu leyfa mjer að geta þess, að síðast í nefndaráliti meiri hlutans hefur óheppilega verið orðað: frumvarpið o. s. frv. eins og meiri hlutinn hefur komið sjer saman um „að hafa það", í stað: komið sjer saman um „að breyta því"; en meiri hlutinn tók eigi eptir því fyr en nefndarálitið var prentað.

Jeg vona, að h. þingdm. sjeu nefndinni samdóma um það, að frumv. sje gagnlegt og full þörf á því, að það verði að lögum, og vona jeg því, að það fái að ganga gegnum deildina, og að breytingar meiri hlutans við það verði álitnar til bóta. Skal jeg svo eigi fara fleiri orðum um þetta mál.

Framsögumaður minni hlutans (L. E. Sveinbjörnsson): Af því nú er eigi tími til að fara út í einstök atriði, vil jeg vísa til nefndarálits minni hlutans; má þar sjá skoðanir hans. Aðalatriðið er það, að minni hlutinn vill halda stjórnarfrumv. með að eins litlum breytingum, nema hvað 1. gr. snertir, þá er það ný grein, sem ekki er í stjórnarfrumv. Jeg vil geta þess, að ástæða minni hlutans var sú, að hann áleit heppilegt vegna tollgæzlunnar, að lendingarsvæði væri tiltekið. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um það.

Júlíus Havsteen: Jeg vona fastlega, að h. þingd. fallist á breytingar þær, sem meiri hluti nefndarinnar ræður til, því þá fyrst nær frv. tilgangi sínum að fullu.

Stjórnin hefur eigi látið ákvæði frv. ná til kaupstaðanna, heldur aðeins til hinna löggiltu kauptúna, af því, að henni hefur eigi verið fullkunnugt um, hvernig hagar til í sumum kaupstöðunum. Minni hlutinn (L. E. Svb.) álítur raunar, að það sje heldur engin þörf á því, og það kann að vera svo, hvað Reykjavík snertir; en það eru til fleiri kaupstaðir en hún, og jeg verð að halda því fast fram, að nauðsyn beri til, að ákvæði frv. nái til þeirra. Hvað Akureyri snertir, þá er mesta nauðsyn á, að fá slík ákvæði, sem frv. meiri hlutans fer fram á; þar stendur svo á, að einn kaupmaður situr yfir góðum lóðum ónotuðum, sem fleiri hafa falað af honum árangurslaust. Fyrir nokkrum árum áttu Norðmenn mjög bágt með að fá lóðir á

Oddeyri, sem er landareign Gránufjelagsins, nema með því skilyrði, að eigi mætti hafa þar verzlun, en stjórn fjelagsins, sem var skipuð frjálslyndum mönnum, vildi ekkert um slík óeðlileg bönd heyra. Holme er kaupmaður í Kaupmannahöfn, sem stendur í sambandi við fjelagið og mun eiga hjá því og hefur veðrjett í Oddeyrinni; jeg hef fyrir svo sem $1^1/_2$ ári sjálfur sjeð brjef frá Jensen nokkrum, skrifara Holmes, að hann mundi eigi láta sjer lynda, að útmæling til verzlunar væri veitt þar nokkrum manni framvegis. Fjelagsstjórnin sinnti því auðvitað engu, en það er allt fyrir það eptirtektavert, að útlendur maður, sem ekki á eina þúfu hjer á landi, ætlaði sjer þannig að setja landsmönnum stólinn fyrir dyrnar, og hnekkja framförum kaupstaðarins. Eins er það, að menn eru að leggja á ýmsar kvaðir á tún og lóðir, svo sem að vissa lóð megi eigi nota til verzlunar, og álít jeg fulla ástæðu til, að löggjafarvaldið taki þar í strenginn. Jeg get einnig nefnt það dæmi frá Akureyri, að bæjarstjórnin þar vildi koma upp bryggjum í þarfir almennings fyrir fje það, sem hafnarsjóðurinn á, og var hin mesta þörf á slíkum bryggjum. Þetta mætti allmikilli mótspyrnu frá svokölluðum frelsis- og framfaramönnum, og því var fleygt, að sumir hafi haft um orð, að kæra þetta, eigi fyrir landshöfðingja, því það var ekki nógu fínt, heldur fyrir ráðgjafanum. Það varð því miður ekkert úr þessu, því jeg hefði haft gaman af að skrifa álitsskjalið um kæruna. Jeg álít frumv. meiri hlutans nauðsynlegt, en með frv. stjórnarinnar verður tilganginum ekki náð, þó það sje gott í sjálfu sjer.

Jakob Guðmundsson: Breytingar og viðauki meiri hlutans hafa heppilega ráðið bót á ókunnugleik stjórnarinnar. Allir þessir viðaukar og breytingar miða í frjálslega stefnu og er fyllilega lögum samkvæmar, því í 50. gr. stjórnarskrárinnar stendur, að menn sjeu skyldir að láta af hendi eign sína, þegar almenningsþörf krefur, en þó að eins eptir lagaboði og svo, að fullt verð komi fyrir. Jeg get eigi betur sjeð, en full trygging sje fyrir, að menn fái fullt verð fyrir eign sína eptir frv. og verð jeg því frv. meðmæltur.

Árni Thorsteinsson: Af því, að það er 1. umr. þessa frv., ætlaði jeg ekki að fara ýtarlegar út í þetta mál; en jeg neyðist til að svara h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) nokkrum orðum upp á ræðu hans. Þegar litið er til ágreinings þess, sem er milli meiri hlutans og minni hlutans, þá er hann einkum um það, að meiri hlutinn vill láta ákvæði þessara laga ná yfir kaupstaðina, en minni hlutinn vill undanskilja þá. Jeg kann því hálfpartinn illa við, þegar meiri hlutinn er svo digurmæltur og miklast yfir hinu svokallaða frjálslyndi sínu, eins og hann vilji brennimerkja minni hlutann sem apturhaldsmenn. Það sem minni hlutanum gengur til, að vilja ekki innibinda kaupstaðina undir ákvæði þessara laga, er einmitt það, að hann vill lofa þeim framvegis að halda því frelsi, sem þeir hafa haft hingað til, í því að ráða sínum eigin málum. (*Júl. Hav.*: Þeir hafa ekki haft löggjafarvald). Að vísu hafa þeir ekki haft löggjafarvald, en þeir hafa haft vald til þess, að gefa ákvæði innan vissra takmarka um sín eigin mál og segja til um sinn vilja; enn fremur að gefa löggjafarvaldinu bendingar um, hvað þeir helzt óskuðu eptir að fá breytt, eða gjört með nýjum lögum samkvæmt því, er til hagaði hjá þeim. Það er þetta sveitastjórnar eða bæjarstjórnarvald kaupstaðanna, sem minni hlutinn ekki hefur viljað rýra.

H. 1. kgk. þm. (Júl. Hav.) neyðir mig til að minnast á eitt atriði, sem er í sjerstakri grein, enda þótt jeg ekki ætlaði við þessa umræðu að fara út í einstakar greinar, heldur geyma það til 2. umr.

Svo lítur út af frv. meiri hlutans, að lögreglustjóri með 2 mönnum skuli mæla út þessar nýju lóðir í kaupstöðunum; þar

sem þó svo er kveðið á í lögum þeirra, að sjerstök byggingarnefnd hafi þann starfa á hendi. (*Landsh.*: Misskilningur!). Þetta er ekki orðað svo skýrlega, þar sem skilyrðið er, að mikill hluti lóðanna sje í haldi einstakra manna, til þess, að byggingarnefndin komi til.

Það virðist ekki heppileg ákvæði hjá h. meiri hluta, sem stendur í 4. gr., að ekki megi leggja þá kvöð á neina lóð, að hana megi eigi nota til verzlunar. Jeg vil skjóta því til h. 5. kgk. þm. (A. Ól.), hvort ekki mundi tilhlýðilegt, að mega þó undan skilja kirkjugarða og kirkjueignir frá því að byggja megi þar verzlunarbúðir. Það er sjálfsagt mikil ástæða til, að veittur sje kostur á, að fá í kaupstöðum lóðir undir verzlunarhús, enda þótt þær tilheyri öðrum, en endurgjald kostnaðarins við það ætti að greiðast úr bæjarsjóði, ef um stærri byggingarsvæði er að gera.

Landshöfðingi: Mjer hefur þótt vænt um, að heyra það af undirtektum allra þeirra, er talað hafa, bæði af hinum meiri og minni hluta nefndarinnar, að þeim hefur líkað sú hugsun stjórnarinnar, að nauðsyn bæri til, að koma fram með frv. til laga um það, að þeir, er vildu stofna verzlun í löggilltum kauptúnum, gætu fengið útmældar lóðir fyrir verzlun sína, hvort sem eigendum lóðanna væri það ljúft eða leitt. En það sjest þó af nefndarálitinu, að stjórninni muni hafa tekizt óhönduglega að koma þessum ákvæðum fyrir í frv. sínu, þar sem hvorki hinn meiri nje hinn minni hluti hefur getað notað neitt úr því frv., heldur hefur hvor um sig komið fram með nýtt frv.; notað að sönnu ýmisleg hin sömu ákvæði, en ekki þótt þau svo vel orðuð, að þeim hafi þótt mega taka þau upp óbreytt.

Mjer fellur illa, að þurfa að geta þess, að sum af þeim nýmælum, sem nefndin stingur upp á, eru ekki, að mjer finnst, eins góð og jeg hefði kosið. Sjerstaklega á það við um nýmælið í 1. gr., sem bæði meiri hlutinn og minni hlutinn hefur tekið upp í frv. sitt. Jeg get ekki sjeð fulla ástæðu til þess, að nauðsyn beri til, að tilteknir útmælingarmenn skuli gjöra útmæling og ákveða, hve mikið svæði nota megi til verzlunar á löggiltum kauptúnum. Að því mjer er kunnugt, hefur það ekki á þessari öld valdið neinum óþægindum, þótt ekki hafi verið fast ákveðin merkjasetning fyrir kauptúni eða fastákveðið svæði sem hafnarlega. Vjer vitum það, að þegar verzlunin var gefin frjáls, var ákveðið svæði fyrir kaupstaðina; en orsökin til þess var sú, að lóðin var gefin kaupstöðunum af konungi, og var því nauðsynlegt, að taka það til, hve mikið svæði gefið væri. En þessi ákvæði 1. gr. þykja mjer nú vera óþörf og enda valda vífilengjum og baka landssjóði ónauðsynlegan kostnað; því að það er einsætt, að nýja mæling þarf á hverjum þeim stað, sem gjörður er að nýju kauptúni, og eins hitt, að mæla þarf um aptur, ef síðar reynist hin útmælda lóð oflítil, t. d. við vöxt kauptúnsins. Sjerstaklega virðist mjer þetta nýmæli vera óþarft viðvíkjandi hafnarlægi; að minnsta kosti þyrftu þeir, er slíka útmælingu ættu að gjöra, að vera vel fróðir bæði um dýpi hafnarinnar á ýmsum stöðum, akkerisbotn o. fl. Jeg verð því að vera þessari 1. gr. mótfallinn og álít hana gagnslausa.

Þar á móti felli jeg mig vel við þann viðauka meiri hlutans, að láta ákvæði frv. einnig ná til kaupstaðanna. Jeg sje ekki, að það geti komið neitt í bága við fyrirmæli bæjarstjórnarlaganna, — eptir þeim mælikvarða, sem meiri hlutinn setur í frv. sínu —, því að engin bæjarstjórn hefur vald til að ákveða, að sá, sem hefur eignarrjett yfir lóð, skuli láta hana af hendi, þótt einhver óski að byggja á henni; þess konar verður að ákveða með lögum, og komi það fyrir, að slík ákvæði þurfi að setja fyrir kaupstaðina, er engin meiri ástæða til, að gjöra það síðar með sjerstökum lögum eptir áliti bæjarstjórnar, held-

ur en að hafa þau ákvæði í þessu frumv. Það er og beinlínis ákveðið hjer í frumv. meiri hlutans, að byggingarnefndirnar skuli í kaupstöðunum framkvæma útmælinguna.

Jeg er heldur ekki á móti nýmæli meiri hlutans í 4. gr. Það er kunnugt, að það hefur komið fyrir í kaupstöðum og kauptúnum, að menn hafa keypt upp hús og lóðir og selt aptur með þeirri kvöð, að ekki mætti nota þær til verzlunar. Mjer finnst heldur ekki þetta geta gengið neitt nærri kirkjugörðum og kirkjueignum, því mjer er ekki kunnugt um, að það sje tízka að leggja þá kvöð á kirkjugarða nje kirkjur, þegar þær eru byggðar, að ekki megi brúka þær eða þá til annars. Það er tilgangurinn, sem þær eða þeir eru byggðir í, sem ber það með sjer, til hvers á að brúka þá staði fyrst um sinn. Enda er sjón sögu ríkari með það, að þótt viss lóð hafi fyrst verið brúkuð sem kirkjugarður, hefur hún síðar verið notuð til annars.

Breyt. nefndarinnar á 3. gr. frv., er mest til skýringar. Jeg sje ekki, að 5. gr. meiri hlutans, nje 4. gr. minni hlutans, sem báðar svara til þessarar 3. gr. í frv. stjórnarinnar, innihaldi neinar nýjar ákvarðanir; aðeins eru þar settar nákvæmari skýringar yfir, hverjar afleiðingar það hafi, ef ekki er hlýtt fyrirmælum 3. gr. í stjórnarfrv. Mjer finnast þessar greinar, bæði hjá meiri og minni hlutanum, óþarflega langar, og hygg, að vel hefði mátt komast af með greinina eins og hún er í frv. stjórnarinnar.

Júlíus Havsteen: Jeg sný mjer til hæstv. landshöfðingja með þakklæti fyrir góðar undirtektir hans undir frumv. meiri hluta nefndarinnar. Mjer er það ekki mjög mikið kappsmál, að 1. gr. í frumv. nefndarinnar verði samþykkt; en til þess að skýra tilgang greinarinnar, skal jeg leyfa mjer að segja enn dálitla sögu af Akureyrarkaupstað. — Þegar verzlunin var gefin frjáls 1786, keypti konungur lóð af Jóni Jakobssyni sýslumanni, og gaf til kaupstaðarstæðisins, og var sú lóð fast afmörkuð. En síðan bættust við ýmsar lóðir frá privatmannajörðum, sem voru álitnar tilheyra kaupstaðnum, án þess föst takmörk væri sett. Með opnu brjefi 29. ág. 1862 var svo Akureyri gjörð að sjerstöku bæjarfjelagi og sjerstöku lögsagnarumdæmi, en um merki kaupstaðarins eða takmörk lögsagnarumdæmisins er þar ekkert talað. Árið 1881 kom fram á þinginu frumv. um bæjarstjórn í kaupstöðunum, en náði þá eigi fram að ganga. Stjórnin tók síðan frumv. upp, og lagði það fyrir næsta þing, en í því frumv. var enn ekkert talað um takmörk kaupstaðarlóðanna. Í álitsskjali mínu um málið, er jeg sendi landshöfðingja áður frv. kom fram, eptir að leitað hafði verið álits bæjarstjórnarinnar á Akureyri til undirbúnings, tók jeg þá sterklega fram, að hin brýnasta nauðsyn bæri til, að ákveða takmörk lóðarinnar og lögsagnarumdæmisins; en því var að engu sinnt. Það komu engin ákvæði um þetta atriði, og ein af afleiðingunum er sú, að nýlega hefur orðið dómstólamál úr því, hvort maður ætti heima á Akureyri eða í Hrafnagilshreppi. — Það var þetta ástand, sem jeg hafði fyrir augum og vildi koma í veg fyrir, að kæmi fyrir aptur. Kauptún hefur alltjend verið fyrst þar, sem kaupstaður er orðinn síðar. H. 4. kgk. þm. (Á. Th.) sagði, að nauðsynlegt væri, að bæjarstjórnirnar fengi að segja álit sitt um, hvort þær vilji fá slík ákvæði sem frv. þetta hefur inni að halda. En jeg get ekki fallizt á það. Þótt álits bæjarstjórnarinnar á Akureyri væri leitað um stjórn bæjarmálefna þar, þegar frv. stjórnarinnar, sem lagt var fyrir alþingi 1883, og sem jeg áður nefndi, var í tilbúningi, er yfirhöfuð engin þörf á, að spyrja bæjarstjórnir að eða leita umsagnar þeirra, þegar til stendur, að komi út einhver lög, sem snerta kaupstaði; sveitarstjórnartilskipuninni 4. maí 1872 hefur verið breytt optar en einu sinni frá því

hún kom út, án þess að álits amtsráða, sýslunefnda og hreppsnefnda væri áður leitað. Þar að auki munu bæjarstjórnirnar sjálfsagt taka þessu frv. með mestu gleði, nema ef til vill þeir meðlimir bæjarstjórna, sem standa í þjónustu einhverra kaupmanna.

Jón A. Hjaltalín: Út af ummælum h. 4. kgk. þm. (Á. Th.), að kaupstaðirnir eigi sjálfir að hafa rjett til að ráða því, hvort þeir vildu hafa þær ákvarðanir, sem um ræðir í þessu frv., skal jeg taka fram, að mjer virðist einnig sjálfsagt og nauðsynlegt, að það sje löggjafarvaldið, sem sjer um, að lóðir geti fengizt útmældar í kaupstöðunum. Það snertir ekki aðeins hag kaupstaðarbúa, heldur einnig og allt eins mikið hag þeirra, sem búa utan kaupstaðanna. Þeim, sem kaupa verða nauðsynjar sínar í kaupstöðunum, getur ekki staðið á sama, ef einn maður heldur allri lóð undir sjer, og getur bolað alla aðra frá verzlun og samkeppni. Jeg sje því alls ekkert á móti því, að þessi ákvæði komi að fyrra bragði frá þinginu, en eigi frá bæjarstjórnunum, því þau snerta ekki fremur kaupstaðabúa, heldur en aðra.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar um breytingu á afborgun á landssjóðsláni Lundarbrekkukirkju (C. 241); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í e. hlj. ein umræða.

Frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 227, 241, 244); frh. 3. umr.

Jón A. Hjaltalín: H. þingdm. muna, af hverri ástæðu umræðunni um þetta mál var frestað síðast. Það er það, sem þá var fram tekið, er hefur komið oss til að koma fram með breytingartill. þá, er hjer liggur fyrir; enda tók jeg fram við frh. 1. umr. í máli þessu, að jeg tæki aptur þessi orð, sem breyt.till. fer fram á, að fella úr, og er það því að eins af ógáti og óheppni, að þau hafa komizt inn í nefndarálitið og frv.

Framsögumaður meiri hlutans (Jakob Guðmundsson): Hjer liggur einnig fyrir ofurlítil viðaukatill., sem jeg vona, að þingd. fallizt á, þar eð hún miðar til að sameina skoðanir hins upprunalega meiri- og minni hluta í málinu.

Júlíus Havsteen: Jeg sje á þessari viðaukatillögu á þingskj. 164 (C. 241), að hún fer fram á, að veita amtmönnum nýtt vald, þar sem hún ákveður, að amtmaður fyrirskipi, hvernig kosið skuli í kjörstjórnina og hver skuli vera oddviti hennar, ef tveir eða þrír nágrannahreppar vilja kjósa í sameiningu. Þegar þessi orð eru borin saman við 1. gr. að öðru leyti, held jeg þó, að amtmönnum sje hjer veitt það vald, sem þeir eiga ekki svo hægt með að beita. Í 1. gr. er ákveðið, að hreppstjórinn skuli vera oddviti kjörstjórnar í hverjum hreppi, og að með honum skuli vera 2 menn, annar, er hreppsnefndin kveður til þess, en hinn kosinn af hreppsbúum. Þetta er ákveðið um hvern einstakan hrepp. En hvernig á að fara að, þegar tveir eða þrír hreppar sameinast? Það er vandi, sem jeg fyrir mitt leyti ekki álít auðvelt að leysa úr.

Framsögumaður meiri hlutans (Jakob Guðmundsson): Uppástungumönnum gat ekki hugkvæmzt annað, en að vandi sá, sem h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) getur um, væri mjög auðleystur. Þegar fleiri hreppar sameinast, er að vísu ekki hægt að beita fyrirmælum 1. liðs 1. gr. beinlínis, en það virðist ekki vera ofætlun fyrir amtmennina, að ákveða þá, eptir tillögum sýslunefndarinnar, hver af hreppstjórunum í hinu sameinaða kosningarumdæmi skuli vera oddviti, og hver kjósa skuli hina aðra 2 kjörstjórnarmenn. Jeg sje

því ekki nein vandkvæði við viðaukatill. af þessari ástæðu.

Arnljótur Ólafsson: H. þm. Dal. (J. G.) tók fram að mestu leyti það, sem jeg vildi segja. Jeg skil viðaukatill. svo, að þegar 2—3 hreppar koma sjer saman um að kjósa í fjelagi, skuli að því leyti skoða þá sem einn hrepp. Amtmaður þarf fyrst að gefa leyfi til samkosningarinnar, og hefur því nóg svigrúm á undan kjörfundi til að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir. Vandinn er ekki annar en sá, að amtmaður segir: Samkv. 1. gr. kosningarlaganna útnefni jeg þennan eða þennan hreppstjóra til að vera oddvita kjörstjórnar í hinu sameinaða kosningarumdæmi, og skulu hreppsnefndirnar í hreppunum kjósa einn mann úr sínum flokki í kjörstjórnina, en hrepparnir í sameiningu annan. Hann gæti einnig ákveðið, að einhver ein af hreppsnefndunum skyldi kjósa mann úr sínum flokki, en það er snertir þann manninn, sem á að vera kosinn af hreppsbúum, ætti hann að vera kosinn af öllum hreppunum. Jeg er viss um, að amtmanninum í norður- og austuramtinu verða engin vandræði úr þessu, að minnsta kosti ef vjer, sem jeg vona, fáum að halda sama manni í því embætti, sem nú er. Sama traust ber jeg til hins amtmannsins, að þetta muni ekki verða honum að fótakefli.

E. Th. Jónassen: Jeg þakka fyrir það traust, sem h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) vottar mjer; en jeg fæ ekki betur sjeð, en að viðaukatillagan sje allsendis óþörf, því að það er ólíklegt, að til þess geti komið í reyndinni, að nokkrir hreppar finni hjá sjer svo mikla köllun til að vera saman um kosningu, að þeir velji það heldur en að kjósa hver hjá sjer. Jeg held því, að eigi muni opt koma til þess, sem viðaukatill. gjörir ráð fyrir, nema því að eins, að einhverjir menn, sem standi fyrir utan, agíteri í hreppunum að slá sjer saman, í einhverjum vissum tilgangi; þá geta ákvæði hennar verið handhæg fyrir þá. Mjer virðast ákvæði frumv. frjálslyndari heldur en viðaukatill., og vil jeg því leggja til, að greinin verði látin standa óaukin. Annars mun svo fara í þessum sameinuðu kosningaumdæmum, eins og í kjördæmum hingað til, að þeir ráða úrslitum kosninga, sem næstir búa kjörstað.

Friðrik Stefánsson: Jeg álít mikla rjettarbót fólgna í þessari breytingu á kosningum til alþingis, því það er nauðsynlegt á landi voru, þar sem svo margar torfærur eru yfir að fara, að kjósendur þurfi eigi að sækja langt á kjörstaðinn, því þá geta menn langtum betur notað kosningarrjett sinn, heldur en nú á sjer stað. Í frumv. þessu hefur verið ákveðið, að hver hreppur skuli vera kjörþing fyrir sig, en sumstaðar hagar svo til, að fleiri hreppar geta sameinað sig um kjörstað, án þess að auka sjer til muna erfiðleika með að sækja þangað. Viðaukatill. sú, er jeg ásamt fleirum h. þingm. hef komið með, fer einmitt fram á, að gefa þeim rjett til þess, og þó h. 1. kgk. þm. (J. Havst.) væri að telja tormerki á því, og hvað af því gæti leitt fyrir amtmennina, þá treysti jeg honum og þeim vel til að komast fram úr þeim vanda. Jeg held líka, að með þessari viðaukatill. verði frumv. aðgengilegra fyrir neðri deild, og er það mikilsvert, svo mál þetta gangi fram, því það nægir ekki, að hafa frjáls kosningarlög, ef vegalengd og torfærur gjöra manni ómögulegt að sækja á kjörþingið.

ATKVÆÐAGR.: Breyt. 164 (C. 24) samþ. með 6 : 4 atkv.; breyt. 173 (C. 244) samþ. í e. hlj. Frv. með áorðnum breyt. samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt síðan til Nd.

Tuttugasti fundur, fimmtudag 25. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki (C. 226); 2. umr.

Skúli Þorvarðarson: Jeg ljet í ljósi þá skoðun mína við 1. umr. þessa máls, að jeg áliti það mjög gagnlegt, og að það mundi hafa hinar beztu afleiðingar, þótt þess verði nokkuð langt að bíða, að sjóður sá, sem frumv. þetta fer fram á að stofna, veiti nauðstöddum fje; þá kemur styrkur sá, er hann veitir á sínum tíma, að tilætluðum notum, og jeg vona í góðar þarfir. Þar sem engar breytingar eru fram komnar, hygg jeg að mönnum þyki frumv. gott og eigi aðfinningavert, en eigi að það komi til af því, að h. þingdm. ætli sjer að fella málið; hitt er eðlilegra, að finni menn eitthvað athugavert, þá að breyta því.

Júlíus Havsteen: Tilgangur frumv. er að gjöra gagn, en hitt er annað mál, hvort það yrði að nokkru gagni, þegar til framkvæmdanna kemur. Frumv. er nú nokkuð breytt frá því, sem það var í hitt eð fyrra, og jeg skal nú eigi verða því mótmæltur; en jeg verð að geta þess, að mjer finnst eigi rjett eða vel til fallið, að fela amtmanni umsjón með styrktarsjóðnum, heldur ætti hún að vera falin landshöfðingja, sem er næsta yfirvald yfir bæjarstjórnum. Það verður að liggja í augum uppi, að það er óviðfelldið, að amtmaður hafi á hendi þessa umsjón, þegar hann sjálfur er í bæjarstjórninni, eins og nú á sjer stað bæði hjer í Reykjavík og á Akureyri. Jeg vildi leiða athygli manna að þessu, ef einhver kynni að vilja gjöra hjer á breytingu; en mjer fyrir mitt leyti stendur á sama, og mun því eigi sjálfur koma með nokkra breytingu í þessa átt.

Árni Thorsteinsson: Jeg skal geta þess, að mjer finnst stefna frumv. þessa mikilsverð, og álít, að það geti orðið til mikilla bóta, að búa til lög, er fara í líka átt og frumv., en jeg skal játa, að það er mikið vandamál, að koma því fyrir á þann hagkvæmasta hátt, og svo það geti orðið til verulegra bóta. Mjer finnst það vera hin fyrsta grundvallarregla, sem fylgja skal, þegar byrjað er á stofnun, sem er lík þessari, að þeir sömu, sem leggja fram fjeð, njóti líka gagnsins af henni fremur öðrum. Jeg hefði þess vegna óskað, að sjóðurinn gæfi þeim skilyrðislausan rjett til að fá styrk, sem legðu fje til hans, eða jafnvel að fá fje sitt aptur; en það er langt frá, að svo sje.

Ákvæðin í 1. gr. get jeg fyllilega aðhyllzt, en jeg get eigi fallizt á það, að að eins hjú, sem vinna fyrir kaupi, skuli greiða gjaldið, en fyrir utan þau líka aðrir njóta góðs af sjóðnum. *(J. Ól.*: Það er misskilningur). Nei, það stendur í frumv., að sjóðurinn sje handa ellihrumu og heilsubiluðu alþýðufólki, án tillits til, hvort það hafi lagt fje til hans eða eigi, hafi það verið í þeirri stöðu, sem nú á að vera gjaldskyld. Jeg skal nú annars eigi leggja áherzlu á það, en jeg hefði kunnað betur við, að gjaldið hefði verið lagt á alla, frá tvítugu til sextugs.

Jeg skal eigi verða langorður um 7. gr., en jeg get eigi fallizt á, að hálft gjaldið og hálfir vextirnir skuli eiga að leggjast við höfuðstólinn, og þannig skuli eiga að auka sjóðinn í það óendanlega; mjer finnst menn ættu að reyna að gjöra sem mest gagn með sjóðnum.

Jeg er málefninu hlynntur, en eigi með þessari tilhögun.

E. Th. Jónassen: Jeg ætlaði að eins að gjöra stutta athugasemd. H. 1. kgk. þm. (J. Havst.) áleit nauðsynlegt, að landshöfðingi hefði eptirlit með sjóðnum, í stað amtmanns, eins og frumv. fer fram á; en jeg get ímyndað mjer, að hann hafi eigi gætt þess, að 8. gr. frumv. er öðru-

vísi nú en hún var 1887, því þá var það bæjarstjórnin, sem átti að hafa reikningshald sjóðanna á hendi, en nú er það ákveðið í frumv., að það skuli vera bæjarfógetar. Þess vegna gjörir það ekkert til, hvort amtmaður er í bæjarstjórn eða ekki. Að mínu áliti er þetta frumv. miklu betra en það, er kom frá neðri deild 1887, og jeg held ekkert sje í því, er geri það varúðarvert fyrir h. þingdm. að samþykkja það. Það kann vel að vera, að það megi finna ýmislegt smávegis að því, en því mætti þá breyta, annaðhvort nú þegar, áður en það yfirgefur þessa deild, eða þá einhverntíma síðar. Jeg álít, að sjóðurinn verði til mikils gagns, og að það sje skylda þingsins, að styðja þetta málefni, og jeg get eigi skilið, að það hafi nein slæm eptirköst, þó mönnum sje með lögum boðið að leggja til sjóðsins. Jeg skal játa það, að eðlilegra væri að slíkur sjóður kæmist á með frjálsum samtökum þeirra, sem eiga að hafa og njóta góðs af honum, en jeg er hræddur um, að ef menn vildu bíða eptir því, þá mættu menn bíða lengi, því fjelagsskapur er enn þá næsta daufur hjer á landi, og þessu má þá ætíð breyta seinna.

Hvað það snertir, sem h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) tók fram, að hann teldi það galla á frumv., að það kæmi eigi öllum gjaldendum til góða, og á hinn bóginn kæmi fleirum en gjaldendum í hag, þá bætir 7. gr. að nokkru úr því, enda verður maður opt, ef maður ætlar sjer að koma góðu fyrirtæki á stofn, að styrkja það, sem maður sjálfur persónulega getur eigi haft gagn af. Jeg vona h. þingd. taki málinu vel.

Sighvatur Árnason: Jeg játa, að tilgangur frumv. þessa sje fagur; samt dettur mjer í hug, að það liggi fyrir utan verkahring þingsins, að gefa slík lög, heldur, ef áhugi væri á að koma upp slíkum sjóði, þá ætti það að vera með frjálsum samtökum, og í annan stað hygg jeg, ef á að fara að demba þessu með lögum upp á alla, viljuga sem óviljuga, þá fari svo með þetta gjald, sem aðra innheimtu, að hún verði rjett að kalla ómöguleg, svo það er ekkert gamanspil, að vera að búa til gjöld, sem menn eigi geta goldið.

Frumv. vill skylda vinnufólk til að greiða gjaldið, en það má heimtast af húsbændum; jeg er nú þeirrar meiningar, að það komi mest til að hvíla á húsbændum, og kemur þá til, að „kornið fyllir mælirinn“ með þessi peningagjöld, sem eru því nær ófáanleg; það er hægra að setja þetta á pappírinn, heldur en framkvæma það. En jeg legg þó mesta áherzlu á, að mjer finnst alþingi ætti eigi að skipta sjer af þessu. Það vakti fyrir mjer í hitt eð fyrra, og það er enn ríkt í huga mínum, að þetta eigi ekki við, að ákveða með lögum; „viljugan er hvern bezt að kaupa“, og svo má segja um þetta mál; sá vegur mun greiðari og rjettari, að slíkir sjóðir komist á með frjálsum samtökum, því það er líka vitaskuld, að gangist maður fríviljugur undir gjaldið, þá er það víst, en þegar á að fara að nauðga manni til að gangast undir gjaldið, má búast við tregðu að inna það af hendi, og það geta orðið mestu vandræði að heimta það inn, því menn hafa eigi heldur aflögu peninga til hins og þessa; það hafa eigi nema einstöku menn, og því nær engir í landsveitum.

Jón Ólafsson: Jeg skal fyrst víkja orðum mínum að h. 1. þm. Rangv. (S. Á.); honum þótti allt, sem frumv. gengur út á, liggja fyrir utan verksvið löggjafarvaldsins. Í stjórnarskránni stendur, að það sje skylda þjóðfjelagsins, að sjá fyrir þeim, sem sjeu ósjálfbjarga; þannig liggur það þá eigi fyrir utan verksvið löggjafarvaldsins; en sje svo, þá get jeg eigi sjeð, að þetta frumv. gangi út fyrir verksvið löggjafarvaldsins; það miðar að eins til að „regúlera“, hvernig þessari skyldu skuli verða fullnægt. Þingm. vildi, að styrktarsjóður-

inn yrði til með frjálsum samtökum; en vjer vitum hvernig frjáls samskot ganga á voru landi! Öllum stendur opið, að tryggja sjer ellistyrk hjá lífsábyrgðarfjelögum; en hve margir gjöra það? Af því getum vjer ráðið, hvernig menn mundu í þessu efni taka frjálsum samskotum. Frumv. gengur út á að *skylda* þá, sem eigi *vilja* sjá fyrir sjer sjálfir, heldur liggja upp á öðrum, þegar heilsan bilar eða ellin færist yfir þá, til að spara fje saman meðan þeir eru vinnufærir, er geti orðið þeim til stuðnings í ellinni. Jeg er alveg samdóma h. 4. kgk. þm. (A. Th.) og h. 1. kgk. þm. (J. Havst.), að tilgangur frumv. sje góður og að efni frumv. fyllilega liggi fyrir innan verksvið löggjafarvaldsins. H. 4. kgk. þm. (Á. Th.) fann það helzt að frv., að hinir gjaldskyldu væru eigi einir um að njóta góðs af sjóðnum; en jeg get eigi betur sjeð, er jeg les frumv. allt, og einkum niðurlag 7. gr., en að það sjeu einmitt hinir gjaldskyldu, sem eiga að njóta góðs af sjóðnum. Vitaskuld er það, að fáeinir menn geta notið styrks af sjóðnum án þess þeir hafi goldið til hans eða sjeu gjaldskyldir, en þeir eru fáir tiltölulega, og að eins þeir, er getur um í 2. gr., enda heyra þeir til hinnar sömu stjettar. Jeg skal fúslega játa, að æskilegt væri, að gjaldskylda til sjóðsins hvíldi á fleirum en 2. gr. getur um; en mjer þykir fara vel á og vera hyggilegt, að byrja með þessari stjett og að fara eigi lengra fyrst um sinn; það er ætíð hægt að færa út kvíarnar síðar. Það eru 2 mál, sem standa í meira og minna nánu sambandi við þetta, og sem jeg veit menn eru mjög óánægðir með; annað eru sveitarþyngslin, sem standa í beinu sambandi við frumv. þetta, og hið annað eptirlaun embættismanna, sem óbeinlínis eiga skylt við það. Jeg þykist vita, að h. deild sje kunnugt um, að það er fram komið frumv. í neðri deild, sem fer fram á, að *af nema* öll eptirlaun. Jeg fyrir mitt leyti álít, að það væri rjett að gera það; en mundi ekki flestum h. herrum hjer í deildinni þykja mannúðlegra, að skylda þá stjett, embættisstjettina, til þess að leggja í styrktarsjóð, til að sjá fyrir elli sinni sjálfir, en þetta *radíkala* frumv. neðri deildar? Hugsunin er, að knýja stjettir til þess, að hjálpa sjer sjálfar. H. 4. kgk. þm. (Á. Th.) kvaðst eigi kunna við ákvæði 7. gr., að sjóðurinn ætti allt af að vera að aukast, og get jeg vel skilið það, ef svo ætti að vera til eilífðar, en það þarf eigi að vera, því sjái menn, að tillögin ein yrðu næg til að viðhalda sjóðnum, væri sjálfsagt að breyta því, sem ákveðið er um, að leggist af vöxtum til höfuðstóls — þessum lögum má auðvitað breyta eins og hverjum öðrum lögum —, en það er eigi gott að sjá fyrir fram, hvenær mætti hætta að leggja af vöxtum við höfuðstólinn; ef mönnum sýnist svo, mætti bæta inn í 7. gr. „fyrst um sinn“. Jeg treysti eptirkomendunum til, að taka til skynsamlegra ráða um þetta, þegar þar að kemur, og því er hyggilegt, að hafa ákvæðin þannig.

Júlíus Havsteen: Út af orðum h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), er hann sagði, að bæjarfógeti ætti að semja reikning, en ekki bæjarstjórnin, og af því leiddi, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að amtmenn úrskurðuðu reikningana, — út af þessum ummælum skal jeg taka það fram, að þar sem í næstu málsgrein á eptir er mælt fyrir, að bæjarstjórn skuli kjósa endurskoðunarmenn, hlýtur hitt að vera misgáningur; að minnsta kosti er það ósamkvæmni.

En jeg legg eigi í sjálfu sjer neina áherzlu á það, að það megi ekki vera amtmennirnir, sem úrskurða þessa reikninga. Og jeg vildi óska, ef frumv. þetta verður að lögum, að það yrði eins hægt að framkvæma þau lög, eins og er að skrifa þau. Meiningin með frumv. getur verið góð, en í sjálfu sjer er það „utopi“.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er í einu atriði samdóma þeim h. þingm., er talað hafa fyrir frumv. þessu; jeg er samdóma þeim í því, að frumv. er sprottið af góðri rót, og er samið í góðri meiningu. En „góð meining enga gerir stoð". Að öllu öðru álít jeg frumv. þetta næstum því alveg ótækt sem lög, bæði að efni til og í framkvæmd.

Í fyrsta lagi hefi jeg það á móti frumv., er jeg nú skal greina.

Í 2. gr. stendur, að gjaldskyldar til þessara sjóða skuli vera að eins tvær stjettir af öllum mönnum, sem sje: hjú og lausamenn. Allir aðrir eru undanskildir: sveitabændur, útvegsbændur, þurrabúðarmenn eða búðsetumenn, iðnaðarmenn, húsmenn, allir undan skildir, nema hjú og lausamenn. Mjer þykir það hart, að setja önnur eins lög og þetta einmitt um þá flokka landsmanna, er engan kosningarrjett hafa og engar bænir geta borið hjer fram á þing.

Í öðru lagi er 7. grein. Gjaldið til þessara sjóða skal leggja í hinn botnlausa hyl í Köfnunarsjóðnum, í þann hyl, þaðan er aldrei kemur einn einasti eyrir aptur til gjaldendanna. *(Sk. Þ.:* Það má breyta lögunum). Þó vjer breytum á hverju einasta þingi þessum lögum, sjáum vjer aldrei einn eyri aptur af því fje, er þá verður búið að leggja í hyldýpið, nema lög Söfnunarsjóðsins sjeu upphafin. *(J. Ól.*: Innlöguskilyrðin!). Og hvert gagn er svo að því fje fyrir greiðendur, er aldrei kemur einn einasti eyrir aptur af? Innlagsmenn hafa ekkert gagn af því, þótt Söfnunarsjóður láni það út og leggi vextina við. Hálfir vextir og hálf árstillög hverfa í það undirdjúp, er aldrei skilar neinu aptur.

Jeg leyfi mjer enn að bera saman 2. og 7. gr. frumv. Eptir 2. gr. eiga þessar tvær stjettir að greiða til sjóðsins, þó með þeim þremur undantekningum, að ekki eru gjaldskyldir: 1., fjelausir menn, þó því að eins, að þeir hafi fyrir ómögum að sjá; en þeir fjelausir menn, er eigi hafa fyrir neinum ómaga að sjá, þeir skulu greiða tillag, hvort sem þeir geta það eða ekki. Þetta eru mjög góð og sanngirnisleg ákvæði! 2., eru undanskildir þeir menn, er ekki geta unnið fyrir kaupi; og 3., þeir, er hafa tryggt sjer framfærslu eptir 65 ára aldur.

Berum nú þessi ákvæði saman við niðurlag 7. gr. Þar stendur, hverjir njóta skuli styrksins af sjóðnum, og eru það: „heilsubilaðir og ellihrumir fátæklingar, er ekki þiggja af sveit", og svo kemur nú hnúturinn í endanum: „enda sjeu þeir eða hafi verið einhverntíma í þeim stjettum, sem gjaldskyldar eru til styrktarsjóðanna". Þó að þeir hafi verið í einhverjum af þeim 3 flokkum, er undanþegnir eru gjaldskyldunni, þótt þeir hafi frá upphafi verið fjelausir, eða ekki getað unnið fyrir kaupi, og þess vegna aldrei lagt einn eyri í sjóðinn, — hafi þeir að eins *verið* hjú eða lausamenn, þá eiga þeir að fá styrkinn úr sjóðnum alveg eins og það hjú, er greitt hefur tillag til hans í 40 ár.

Þeir einir geta sagt, að þetta frumv. sje gott og sanngjarnt, er ekki hafa lesið það ofan í kjölinn.

Jeg er samdóma h. þm. Rangv. (S. Á.) um það, að þetta gjald til styrktarsjóðsins, sem sje 1 kr. fyrir hvern karlmann og 30 aur. fyrir kvennmann, leggist í raun rjettri á húsbændurna. Ætli þarna komi ekki eins hátt gjald, ef mörg hjú eru í heimili, — eins hátt gjald, segi jeg, eins og sýslusjóðsgjaldið, er h. Nd. gat ekki þolað og felldi, en samþykkti þó þetta frumv. og sendi það hingað upp í Ed.? H. Nd. eru mislagðar hendur; látum oss eigi verða slíkt hið sama.

Það er og eitt í 7. gr., sem örðugt verður í framkvæmdinni. Jeg skal taka dæmi. Maður norður í Eyjafirði kemur til hreppsnefndar og segir: „Jeg er ellihrumur og

langar til að fá styrk af sjóðnum; jeg hef að sönnu hokrað síðan jeg kom hingað norður, en jeg var hjú hjer á árunum suður í Kjós". Nú þarf að skrifa suður og fá upplýsingar, og á því gengur máske 2—3 ár, einkum ef sýslumaður Kjósar- og Gullbringusýslu svarar ekki þegar í stað, eins og við hefur borið í fornöld. Einn kemur og segir: „Jeg hef verið lausamaður, jeg vil fá styrk". „Nei, góðurinn minn", er honum svarað, „þú hefur verið húsmaður, en ekki lausamaður; þú færð ekkert". Út af þessu spinnast eilífar rannsóknir, og meðan á þeim stendur, er maðurinn dauður eða kominn á hreppinn, og fær ekki neitt. Það er náttúrlega gott fyrir hina aðra, en ekki fyrir sjálfan hann. Þetta fyrirkomulag snýr mjer alveg á móti frumv. þessu, í hversu góðri meiningu sem það er samið.

Eitt undrar mig og, að h. þm. Sunnmýlinga (J. Ól.) skuli hafa talað fyrir þessu frumv.; hann, sem hefur lagt út bók Stuart Mills: „Um frelsi". Kennir hann þetta? Nei. Hann kennir, að eigi beri að setja lög um það, er varðar að eins eða og að mestu hvern einstakan. Hvern einstakan mann varðar mest um, að sjá um það, að hann í æsku hugsi fyrir því, að hafa eitthvað til að lifa af í ellinni. Öllum mönnum er inngróið það eðli, að hafa löngun og vilja til að vinna sjálfir fyrir sjer, meðan þeir eru í broddi lífsins.

Nei, þetta kemur ekki heim við kenningar Stuart Mills í hinni ágætu, marglofuðu bók, sem útlögð er á allar tungur, og viðurkennd sem grundvallarregla fyrir allri löggjöf.

Og tökum nú t. d. Danmörk. Aldrei hafa Danir leyft sjer að þröngva mönnum með lögum til að leggja í lífsábyrgðarsjóði, nema að eins embættismönnum. Og hvers vegna ekki? Sjálfsagt af því, að þeir álíta sem aðrir menntaðir menn, að með því sje gengið of nærri frelsi og eignarjetti manna. Og þegar nú hinar menntuðu þjóðir vilja ekki skipa mönnum að leggja fje í lífsábyrgðarsjóði, hvað þá í slíkan sjóð sem þennan? *(Sk. Þ.:* En Þjóðverjar?). Jeg skal ábyrgjast, að lög Þjóðverja skipa engum að leggja fje sitt í slíkan sjóð sem þessi er, í þann sjóð, er þeir aldrei gætu fengið neitt úr að njóta sjálfir, og þar sem helmingur vaxtanna hverfur í undirdjúpin.

Jeg vil jafnvel segja, að þetta sje beint ofan í 50. gr. stjórnarskrárinnar. Þar stendur: „Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir". Eign hjúanna er kaup þeirra, eign lausamannanna er kaup þeirra. Heimtar þá almenningsþörf þetta? *(J. Ól.:* Nei). Nei, eins og h. þm. S.mýl. (J. Ól.) segir prýðilega rjett.

Jeg vil segja eins og jeg sagði á síðasta þingi um þetta frumv.: Slíkur fátækrasjóður sem þessi er „fátækrasjóður í öðru veldi". Eins og mjer er vel við höfund þessa frumv., eins er mjer illa við frumv., og jeg vona, að jeg verði aldrei svo lyntur, að jeg gefi því atkvæði mitt, því að það er gagnstætt öllu mannfrelsi, eignarrjetti og eðli hvers manns.

Skúli Þorvarðarson: Jeg er þakklátur þeim h. þingm., er talað hafa með þessu frumv. Þeim andmælum, sem fram voru komin áður en h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hjelt sína ræðu, svaraði hann, en sá, er settist niður (A. Ól.) hjelt all-langa ræðu á móti því, og er jeg ekki maður til að mæta honum í ræðustólnum.

H. þm. Rangv. (S. Á.) lagði mikla áherzlu á það, að ekki ætti við, að löggjafarvaldið skipaði að stofna þessa sjóði, heldur ætti að gjöra það með frjálsum samskotum. Eptir þeirri reynslu, sem jeg hef um frjáls samskot, mundi ekki miklu verða ágengt með því ráði; jeg veit líka, að h. þm. Rangv. (S. Á.) þekkir og hefur reynt hið sama. Jeg get því ekki álitið,

að frjáls samskot sje betra ráð til að mynda slíka sjóði, sem þennan, heldur en það ráð, sem frumv. gefur.

Mjer þykir það undarlegt, ef menn kalla það hneixli af oss, að stofna með lögum slíkan sjóð sem þennan, þar sem eitt af hinum voldugustu ríkjum í Evrópu hefur gjört nýlega nær því hið sama. Jeg veit ekki betur en Þjóðverjar hafi á síðastliðnum vetri sett lög, er fara í líka stefnu sem þetta frumv.

H. þm. Rangv. (S. Á.) kvartaði um, að gjaldið mundi ekki verða goldið af hjúunum, heldur lenda á húsbændunum. Jeg get varla ímyndað mjer, að nokkur vinnumaður finnist, sem ekki getur misst 1 kr. af kaupi sínu eða vinnukona, sem ekki getur verið án 30 aura á ári. Og enda þótt húsbændurnir greiði þetta í fyrstu fyrir hjúin, hafa þeir rjett til, eptir ákvæðum frumv., að halda því eptir af kaupi þeirra.

Mjer fannst h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) ekki tala eins mjúkt og mannhollt, eins og hann er vanur, þegar vel liggur á honum, þar sem hann sagði, að góð meining *enga* gerði stoð, með mörgum fleiri hrakspám og harðyrðum. Jeg er viss um, að ef frumv. verður samþykkt og nær tilgangi sínum, gjörir það mikið gagn.

Þar sem h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) talaði um hyl, sem aldrei skilaði neinu aptur, nfl. Söfnunarsjóðinn, þá er það ekki rjett; eptir 10 ár eiga hálfir vextirnir að takast út, enda er jeg viss um, að Söfnunarsjóðurinn gjörir full skil fyrir því, sem í hann verður lagt; og verði fjeð í þessum sjóði einhvern tíma svo mikið, að mönnum þyki æskilegt að fá meira en hálfa vextina, þá koma tímar og þá koma ráð.

Það er alveg satt hjá h. 5. kgk. þm. (A. Ó.), að hver á að sjá fyrir sjer sjálfur; en reynslan hefur sýnt og mun sýna, að ekki eru allir svo árvakrir í því, að vanþörf sje á, að lög gefi mönnum tilefni til að sjá fyrir slíku og leiðist til að sjá fyrir þörfum sínum. Það er þó sómasamlegra og ánægjumeira fyrir menn, að geta átt aðgang að þessum sjóði, sínu eigin fje, heldur en að þurfa að leita sjer strax hjálpar af fátækrafje, þegar heilsubrest eða elli ber að höndum. *(A. Ól.:* Þessi sjóður er líka annara fje). Því mikill munur er á því, að vera sjálfbjarga og sjálfstæður, eða vera að öllu upp á aðra kominn. Það munu flestir finna, er það reyna. Jeg verð að segja, að jeg skil ekki röksemdaraus h. 5. kgk. þm. (A. Ó.); jeg verð að lýsa málinu frá mínu sjónarmiði, hvað sem hann segir.

Árni Thorsteinsson: Jeg ætla að eins að gjöra stutta athugasemd; en get ekki látið hjá líða að geta þess, að jeg er ekki samdóma h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) og h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) um það, að þessu frumv. geti orðið breytt síðar, ef það verður að lögum. Þegar rjettindi og skyldur hafa verið stofnaðar eptir því, sje jeg ekki, að grundvelli þess verði breytt, svo að það fari í aðra stefnu heldur en þegar þessi rjettindi og þessar skyldur voru stofnaðar.

Í öðru lagi vil jeg taka það fram, að mjer þykir það nokkuð hart í ákvæðum 7. gr., að menn, sem goldið hafa til sjóðsins, skuli missa allan rjett til að fá nokkuð úr honum, ef þeir komast í það ástand, að þurfa að þiggja af sveit. Þetta virðist mjer vera ranglátt, því þeir hafa lagt fje sitt fram, meðan þeim vegnaði betur, og get jeg því ekki verið því samþykkur.

Jakob Guðmundsson: Það er búið að ræða margt og mikið um þetta mál; hefur því hjá öllum verið vel tekið, nema h. 5. kgk. þm. (A. Ó.). Hann sagði, að þessar undanþágur, sem tilteknar eru í frumv., væru óeðlilegar, og að samkvæmt því ættu fjelausir menn að gjalda, sem ekki gætu goldið. En jeg segi, að þetta

leiði ekki af orðum frumv., því það er til tekið, að þeir skuli vera undanþegnir, sem ekki geta unnið fyrir kaupi, heldur að eins fyrir fæði, en ekki þeir, sem geta unnið fyrir kaupi. Má jeg spyrja, hverjir eru þessir fjeleysingjar, ekki þeir, sem vinna fyrir kaupi? En það eru til fleiri fjelausir menn, menn, sem ekkert verður við hendur fast, menn, sem ekkert verður úr kaupi sínu; einmitt þessir menn ættu að borga, og þessir menn geta borgað með vinnu sinni. Jeg álít það vera góða og fallega hugsun, að lögin eigi að kenna hinum núlifandi mönnum að hugsa ekki að eins um það, sem þeir sjálfir geta jetið upp meðan þeir lifa. Við vitum, að illa mundi hafa farið fyrir okkur, hefði okkur verið kastað út á klakann, þegar við fæddumst, og ekkert verið eptirskilið af forfeðrunum. Þess vegna er það siðferðisleg skylda hvers manns, að búa eptirkomendunum í haginn, og þessi skylda ætti að vera lagaskylda. Það ætti að vera siðferðislögmál hvers manns, en lögin eiga að vera sem mest samhliða siðferðislögmálinu.

Þar sem h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) var að tala um botnlausan hyl, sem þetta fje sykki í, finnst mjer h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hafa sýnt fram á, að þessi hylur væri eigi svo djúpur, að fjeð gæti ekki náðzt úr honum.

Jeg fæ ekki skilið það, sem h. 4. kgk. þm. (A. Th.) sagði, að ekki sje hægt að breyta þessum lögum, ef þurfa þykir, eins og h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) tók fram; því þó hjer sje sagt, að leggja skuli við höfuðstólinn hálfa vextina, finnst mjer, að seinna mætti gera aðra ákvörðun, t. d. að eigi skyldi leggja við nema fjórðung vaxtanna.

Það getur verið, að gallar einhverjir sjeu á frumv., en jeg get eigi annað en verið því meðmæltur, í því trausti, að ef einhverjir gallar kunna að finnast, sjeu þeir eigi svo stórir, að frumv. verði óbrúkandi, eða að þeir þá síðar verði af numdir. Í 7. gr. finnst mjer að bæta mætti inn í ákvæðum í líka stefnu og h. þm. S.Múl. (J. Ól.) fór fram á, að seinna skyldi breyta því tillagi af vöxtunum, sem árlega væri lagt við höfuðstólinn, því engin lög eru svo, að eigi megi breyta þeim.

Jón Ólafsson: H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hefur gert margar athugasemdir við þetta frumv. Hann tók það fram, að það fje, sem eptir 6. gr. væri lagt á vöxtu, hyrfi í botnlausan hyl. Hann áleit orsökina vera þá, að þó lögum þessum yrði breytt, væri eigi hægt að breyta ákvæðunum um, að leggja svona mikið af vöxtum til höfuðstóls; því að lög Söfnunarsjóðsins yrðu því til fyrirstöðu. Í lögum Söfnunarsjóðsins segir að eins, að fje megi leggja inn í þessa deild hans með því skilyrði, að *„eitthvað“* af vöxtunum leggist árlega til höfuðstóls. Ef styrktarsjóður verður svo stór, að tillögin og vextirnir nægja til gjalda hans, þá má ákveða svo, að *1 eyri* af vöxtunum skuli árlega leggja til höfuðstóls; meira þarf eigi til að fullnægja skilyrðum Söfnunarsjóðslaganna.

Jeg get ekki verið samþykkur h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) um það, að aldrei megi breyta grundvallarreglum frumv.; jeg get eigi sjeð, að ekki megi síðar leggja tillöguskyldu á fleiri stjettir en þær, sem hjer eru til teknar, nje heldur hitt, að eigi megi breyta ákvæðunum með höfuðstólinn; því þó fleiri fái með tímanum rjett til að fá styrk úr honum en þeir, sem upphaflega hafa í hann lagt, yrði það engin breyting á grundvallarreglunni; þeir yrðu þá og gjaldskyldir til hans, og enginn, sem með frumv. þessu fær rjett til styrks, yrði sviptur honum fyrir það.

Hinum h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) er tamt, þegar hann þarf á því að halda, að · núa

mjer um nasir bók Mills „Um frelsið“, sem jeg hefi þýtt á íslenzku; en jeg held honum hafi sjaldan misheppnazt meir röksemdir, en í þetta sinni. Hann vildi leiða það út af bók Mills, að eigi sje heppilegt að löggjafarvaldið skipi fyrir um það, sem eingöngu varðar einstaklingana hvern um sig, en ekki varðar þjóðfjelagið; jeg skal kannast við þessa kenningu; en hann gleymdi því, að í Englandi er engin skjórnarskrárbundin skylda á þjóðfjelaginu til að annast ósjálfbjarga menn, og Mill álítur það alveg óviðkvomandi verksviði ríkisins, að sjá fyrir fátæku fólki og ellihrumu. En í stjórnarskrá vorri er þetta *lögskipuð skylda* þjóðfjelagsins, og forsorgun ósjálfbjarga manna er því *að lögum* hlutverk þjóðfjelagsins hjá oss. H. þm. (A. Ó.) verður fyrst að breyta þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar, og umskapa fyrirkomulag vors þjóðfjelags eptir hugmyndum Mills í þessu efni, áður en hann getur með rjettu beitt röksemdaleiðslu hans um það gegn mjer í þessu máli. Hjer hefi jeg virkilega lesið og skilið Mill betur en h. þm. (A. Ó.).

H. sami þm. (A. Ó.) áleit frumv. gera brot á eignarrjettinum, af því hjer knýði eigi almanna þörf til að leggja þessa kvöð á; því að fátækrasjóðir væru til, sem ættu að lögum að taka við fátæklingunum; mjer finnst þetta vera öldungis hið sama og þau ákvæði, sem hvíla á embættismönnum (*A. Ó.*: ekki prestum), konunglegum embættismönnum, að þeir eru skyldugir að sjá ekkjum sínum borgið; þetta gengur alveg eins nærri eignarrjettinum. Og hvað er svo þessi blessaður eignarrjettur, þetta helga „*tabu*“, sem vjer alltaf föllum flatir fram á ásjónuna fyrir? Hvar er hann og hans helgi, þegar vjer erum að leggja á tolla og skatta? Hvar er hann, þegar letingjar og óráðsmenn eru að draga sveitarútsvör úr vösum vorum? Þá er eignarrjetturinn *ekki* friðhelgur. Og þessi makalaust ginnhelgi eignarrjettur er hjátrú, hindurvitni. Eignarrjetturinn *er* ekki, *getur* ekki verið og *á* ekki að vera friðhelgari en hver annar rjettur. Hann verður, þegar svo á stendur, að hliðra til við önnur rjettindi og þoka fyrir þeim.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 7 atkv.; 2. gr. samþ. með 6 : 3 atkv.; 3.—10. gr. samþ. hver um sig með 6 atkv. Fyrirsögn frumv. samþ. með 7 samhlj. atkv. Frumv. vísað til 3. umr. með 6 : 3 atkv.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna (C. 225, 250); 2. umr.

E. Th. Jónassen: Mönnum er það kunnugt, að síðan lögin frá 15. okt. 1875, um laun íslenzkra embættismanna, komu út, hefur komið í ljós talsverð óánægja með þau; einkum hefur mönnum þótt sum launin of há, og menn hafa á alþingi komið fram með fleiri lagaboð um það, að færa launin niður, einkum hjá þessum svokölluðu hálaunuðu embættismönnum; en menn hafa aldrei getað orðið á eitt sáttir. Það hefur allt af strandað á því, að þessi h. deild hefur viljað færa upp laun skólakennaranna, sem mönnum hafa þótt oflítil í samanburði við önnur laun, en neðri deild hefur ekki getað aðhyllzt það. Mjer fyrir mitt leyti hefur allt af þótt þessi munur á launum kennaranna við prestaskólann og hinn lærða skóla og launum annara embættismanna of mikill; en aldrei hefur mátt við það koma, að færa upp laun kennaranna við þessa skóla; það hefur alltaf verið fellt. Það er þetta frv., sem hefur viljað aðhyllast þá tillögu, að færa upp laun kennaranna við prestaskólann og lærða skólann; þess vegna er þetta frumv. betra en hin frumv. Þetta frv., sem komið hefur frá h. Nd., er grundvallað á því, að fjárhagur landsins sje ekki svo góður, að landið geti gefið embættismönnum sínum svo há laun, sem launalögin 1875 til taka, og það virðist vera rjett. Ástandið

er nú svo, að landsmenn verða að leggja hart á sig til þess, að geta komið nokkrum framförum til vegar; þess vegna hafa verið lagðir á nýir tollar, og alþingi álítur, og það með fullum rökum, að við hafa þurfi sem mestan sparnað með fje landsins, og þá er líka eðlilegt, að alþingi vilji lækka laun embættismanna, ef þau eru of há. Þessi laun, sem tiltekin eru lfrv., eru að vísu ekki eins góð og launin frá 1875, en þó er niðurfærslan eigi svo mikil, að þau sjeu eigi viðunanleg. Það er nauðsynlegt, að farið sje varlega í útgjöldin, þar sem fjárhagurinn er ekki góður, og eðlilegt, að embættismennirnir verði líka að taka þátt í því að bæta úr honum. Bæði af þessum ástæðum og af því, að frumv. vill bæta úr launum kennaranna við prestaskólann og lærða skólann, sem eru of lág, vil jeg gefa atkvæði með því, í því fulla trausti, að alþingi síðar bæti laun þeirra embættismanna, sem frv. tekur til, ef þörf gjörist, því margt getur breytzt á löngum tíma. Viðaukatillöguna, 2. tölulið, get jeg ekki aðhyllzt, því um þetta hefur einmitt komið fram frumv. í Nd. og verið fellt; í öðru lagi eru þessi laun, sem farið er fram á að breyta í viðaukatillögunni, ekki veitt í launalögunum 1875, heldur 1883; loks hefur læknirinn þau sömu laun, er viðaukatillagan nefnir, sem jeg vona, að hann fái að halda framvegis. Ekki heldur get jeg fallizt á þá hækkun á launum landritarans, er viðaukatillagan nefnir, enda eru laun hans ekki ákveðin með launalögunum frá 1875. Þess vegna er jeg á móti viðaukatill. og vil ekki samþykkja hana.

Sighvatur Árnason: Yfir höfuð er jeg samdóma h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) viðvíkjandi því, að hreyfa ekki frv., eins og það hefur komið frá h. Nd. Það virðist vera allvel úr garði gert, þegar litið er á báðar hliðar málsins; í öðru lagi er mál til komið, að launamálið fái framgang, þar sem það í langan tíma hefur verið efst á dagskrá, en aldrei komizt í kring; hefur landssjóður tapað mörgum krónum bara fyrir þennan drátt á málinu, því síðan það kom fyrst fram, hafa gefizt mörg tækifæri til þess, að lögin næðu gildi sínu í framkvæmdinni. Jeg er hræddur um, að verði farið að breyta frv. á einhvern hátt, kunni það að verða málinu til hrösunar. Sumir álíta, að sá sparnaður, sem frv. gefi landssjóði, sje lítilsverður; getur verið, að svo verði fyrst um sinn, en jeg held þó, að hann verði nokkur, og talsverður þegar frá líður, þar sem laun hinna hálaunuðu eru lækkuð um 7 til 8000 kr. á ári; en vitaskuld er það, að launahækkunin verður 2400 kr., svo þegar hún dregst frá verður sparnaðurinn ekki nema rúm 5000 kr.; þetta er þó talsvert fje, er sparast árlega, þegar allt er komið í kring. Jeg fyrir mitt leyti álít það vera eina ráðið fyrir h. deild, að hallast að frv. óbreyttu, því annars er efasamt, hvort það fær framgang. Jeg held það sje óhætt að fullyrða, eins og tekið hefur verið fram, að landsmenn hafi fullan áhuga á þessu máli; en hvað viðaukatill. snertir, get jeg ekki fallizt á hana, bæði af því, að jeg vil ekki breyta frumv., þó ástæða kunni að vera til þess, og svo líka af því, að jeg álít það ekki eiga við, að taka hana upp í frumv. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) tók nægilega fram ástæðurnar fyrir því, viðvíkjandi 2. tölul., svo jeg þarf ekki að minnast á þær. En hvað landritaraembættinu viðvíkur, álít jeg það nægilega launað, sem stendur, því að vanalega byrja menn í því embætti, og optast munu einhleypir menn hafa það á hendi; enn fremur verða menn að gá að því, að þetta embætti gefur von um annað betra þegar minnst varir; mönnum er kunnugt, að laun landritarans eru 1600 kr., og svo koma viðaukar, sem hann hefur, svo fullkomlega má telja þau 2000 kr. og það er vel viðunanlegt.

Landshöfðingi: Jeg leyfi mjer að vekja athygli h. uppástungumanns að breytingartill. þeim, er hjer liggja fyrir, að því, að frumvarp það, sem um er verið að ræða, heitir frumv. til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun ísl. embættismanna, en hvorugt þeirra embætta, sem viðaukatillagan nefnir, heyrir undir þau lög, heldur eru laun landritarans ákveðin í kgsúrsk. 29. júní 1872 og laun fyrsta kennara við læknaskólann í lögum 8. nóv. 1883. Af þessari ástæðu álít jeg, að viðaukatillagan geti ekki komizt að, og þarf þá ekki að ræða um, hvort hún að öðru leyti er heppileg eða ekki.

Arnljótur Ólafsson: Jeg tek viðaukatillöguna aptur.

Jón Ólafsson: Jeg tek hana upp. Þótt galli sje á fyrirsögninni, má ráða bót á því við 3. umr. málsins. Mjer finnst skoplegt, að launa fyrsta kennara við latínuskólann töluvert hærra, heldur en 1. kennara við læknaskólann, og skil jeg eigi, hvaða ástæða á að vera til þess, að setja læknaskólann, sem er æðri menntastofnun, skör lægra, heldur en latínuskólann. Mjer virðist sanngjarnt, að setja 1. kennara við læknaskólann jafnhliða 1. kennara við prestaskólann, en hin mesta ósamkvæmni, að hafa fyrirkomulagið eins og þetta frv. fer fram á.

Það er rangt, að fella sanngjarnar ákvarðanir fyrir formgalla á fyrirsögninni, því að ef deildin vill samþykkja þær, má laga gallana við síðari meðferð málsins. Frumv. þetta gengur í heild sinni út á launajöfnuð, sem jeg í sjálfu sjer er hlynntur. Að vísu hefur það með sjer nokkurn kostnað í bráð, og neita jeg eigi, að mjer þykir það ísjárvert.

Jeg mun því gefa viðaukatillögunni atkvæði, því að ef frv. verður samþykkt án hennar, eykur frumv. aðeins ójöfnuð í staðinn fyrir jöfnuð. En jeg greiði atkv. móti frumv. í heild sinni, eins og jeg skýrt tók fram við 1. umr. þessa máls.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. í e. hl. Viðaukatill. við 2. gr. felld með 9:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:

Jón Ólafsson
Friðrik Stefánsson

nei:

Jón A. Hjaltalín
Arnljótur Ólafsson
Árni Thorsteinsson
E. Th. Jónassen
Jakob Guðmundsson
Júlíus Havsteen
L. E. Sveinbjörnss.
Sighv. Árnason
Skúli Þorvarðsson

2. gr. samþ. óbreytt með 10 atkv. Viðaukatill. við 5. gr. felld með 7:3 atkv.; 5. gr. samþ. óbr. með 7:1 atkv.; 6. gr. samþ. með 9:2 atkv.; 7.—8. gr. samþ. með 8:2 hvor; fyrirsögnin samþ. með 8 atkvæðum samhlj.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Frumv til laga um rjettindi búsettra kaupmanna á Íslandi (C. 225); 2. umr.

E. Th. Jónassen: Það stendur í nefndaráliti frá neðri deild um mál þetta, að nefndin voni að þetta frumv. mundi, ef það verður að lögum, styðja að því, að landið fengi innlenda og þjóðlega verzlunarstjett. En jeg skil ekki, að það sje hægt að gera menn þjóðlega með lagaboði, ef menn finna ekki aðrar hvatir hjá sjer til þess. Í þá stefnu held jeg því naumast að þetta frv. yrði mjög aðgjörðamikið, og það er snertir hið annað, sem nefndin í Nd. var svo vongóð um, nfl. að við þetta frv. mundi arðurinn af verzluninni lenda í landinu sjálfu, verð jeg eins að álíta, að það sje ekki gott að skipa fyrir um það með lagaákvæðum, hvar gróði manna eigi að lenda. Hver getur bannað kaupmönnum að verja erlendis því fje, sem þeir græða hjer? Það getur náttúrlega enginn. Og vitaskuld er, að verzl-

unarstjettin ver miklu fje hjer í landi með þessari faktoraverzlun, sem við höfum. Þeir borga mikil gjöld og margan skilding, og ef saman væri talið allt það, sem verzlanir borga til almenningsþarfa hjer á landi, í skatta og tolla og útsvör, þá væri það ekki smáræðisfje. — Þetta frv. miðar að því, að takmarka samkeppnina, og þegar samkeppni kaupmanna minnkar, verða vörurnar dýrari. Jeg álít hvert það land bezt farið, sem hefir alla atvinnuvegi sem frjálsasta, og væri synd að segja, að þetta frv. miði í þá átt.

Jeg get ekki sjeð, að það væri gott fyrir okkar land, sem er svo langt frá heimsmarkaðinum og engum telegraf bundið við önnur lönd, að kaupmönnum væri gert að skyldu að búa hjer. Kaupmenn yrðu þá annaðhvort að vera í einlægu ferðalagi, eða hafa sína erindisreka í öðrum löndum, og færi þá arðurinn af verzluninni að nokkru leyti til þeirra. Verzlunin getur verið allt eins góð og happasæl fyrir landið, hvar sem kaupmennirnir eiga heima. Og í öllu falli verða kaupmenn að sækja vörur sínar til útlanda og fá þar lán.

Eptir þessu frv. finnst mjer heldur eigi vera samkvæmni það er lausakaupmenn snertir. Þeir eiga að geta verzlað alstaðar, en í þessu frv. er engin undantekning viðvíkjandi þeim. — Það getur verið, að frumv. sje meinlaust, en með því að það einnig er með öllu gagnslaust, get jeg ekki gefið því atkvæði mitt að svo stöddu.

Jakob Guðmundsson: Jeg get ekki verið á því, að frumv. þetta sje gagnslaust. Það gefur auðsjáanlega þeim kaupmönnum, sem búsettir eru hjer á landi, mikil rjettindi fram yfir lausakaupmenn; það er enginn vafi á því. Þar sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) tók fram, að arðurinn af verzluninni mundi ekki renna meira inn í landið þrátt fyrir þetta frumv., þá er það þvert á móti reynslunni. Búsettir kaupmenn borga meira af ýmsum gjöldum, taka fyrir sig ýms fyrirtæki; margir kaupmenn, sem hjer hafa verið búsettir, hafa ræktað jörðina. (*Landsh.*: Hverjir?). Þeir hafa og haft hjer sjávarútveg, og með ýmsu móti auðgað landið. Að því er þm. sagði, að það væri ómögulegt að koma í veg fyrir, að kaupmenn færu með gróða sinn til annara landa, skal jeg taka fram, að það kemur víst engum í hug, að meina þeim að flytja sig. En það mundu færri flytja sig, ef þeir væri hjer búsettir. Jeg sje eigi annað en að þetta frv. hlynni að hag íslenzku verzlunarstjettarinnar, og hljóti að geta orðið til bóta.

E. Th. Jónassen: Jeg skil ekki, að jafn fjelagslyndur maður og h. þm. Dal. (Jak. G.) skuli vera með þessu frumv. Því frjálsari sem verzlun er, því betri er hún, en þetta gengur út á að takmarka verzlunarsamkeppnina, og hrinda verzluninni í einokunarhorf. Það er skrítið, hvað sumir eru blindir viðvíkjandi verzlun og kaupmönnum. Þeir geta verið frjálslyndir að öðru leyti, en þegar þeir heyra kaupmann nefndan, er eins og naut sjái rauða dulu. Þeir skilja ekki, að nokkur geti haft hjer verzlun, sem er góð fyrir landið, nema hann sje hjer allt árið.

Verzlunin verður að vera sem frjálsust, það má sem minnst bönd leggja á hana. Það er rjett, að kaupmenn og verzlanir greiði mikil gjöld, en það gera þeir líka; hefir þingm. talið saman allt það, sem þeir leggja til allra stjetta og almenningsþarfa? Við þurfum ekki þessi lög til þess, að þeir gjaldi hjer, því að við höfum lög, er heimila að leggja gjöld á verzlanir, og eins og h. þm., er síðast talaði, er kunnugt, hefir verið í sumar samþykkt hjer á þingi lagafrumvarp að því snertir gjöld kaupmanna til sveitarþarfa.

Jakob Guðmundsson: Jeg held það sje ekki rjett skoðað, að frv. stefni að

því, að spilla samkeppni og auka einokun. Geta kaupmenn ekki keppt hverjir við aðra með því, að selja í stórkaupum? Landsmenn verða að læra að kaupa í fjelagi, eins og í pöntunarfjelögunum. Jeg vildi óska, að það væri til upplagshús hjer á landi, þar sem safnað væri saman útlendri og innlendri vöru, t. d. hjer í þessum bæ, því að það er ekki tóm missýning, að selstöðuverzlunin hefir verið mjög óholl, og fært landið úr fötunum. Þetta frumv. miðar að því að bæta ástandið og lagfæra verzlunarólagið smátt og smátt með tímanum.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er samdóma h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), að þetta sje gagnslaust, en jeg held það geti jafnvel orðið til skaða, því jeg skil 2. málsgrein 1. gr. svo, að öllum öðrum kaupmönnum en búsettum sje bannað að verzla nema í stórkaupum; jeg álít að greinin grípi einnig yfir lausakaupmenn. En jeg vil spyrja: Er þetta ákvæði samkvæmt því, sem mest var barizt fyrir á síðasta þingi, að opna lausakaupmönnum hverja vík og vog? Er sá tilgangurinn að gjöra fátæklingum ómögulegt að verzla við lausakaupmenn? Því það er auðskilið, að það er enginn fátæklingur, sem getur keypt fyrir 100 krónur af einni vörutegund í einu. Jeg held það yrði eigi í hag fyrir fátæklingana. Í annan stað er hægt fyrir kaupmann að vera búsettur hjer á landi, þó hann sje hjer eigi nema 2—3 daga. Það eru mörg slík dæmi af Norðmönnum að segja, sem hafa komið hjer til lands til síldarveiða; þeir hafa komið með kofa, sem þeir hafa reist í snatri og svo skilið eptir karl eða kerling og sagzt vera búsettir; jeg þekki engan dóm fyrir því, að þeir hafi eigi verið búsettir. Þetta geta kaupmenn gert líka. En á hinn bóginn eru tvær ástæður fyrir mig til að standa upp fyrir frv. Önnur er sú, að þetta er falleg tilraun til að fá kaupmenn til að vera búsettir hjer, en hin ástæðan er, að maður einn á norðurlandi, einn af formælendum eða forkólfum stjórnarbótarinnar, hefur sagt, að jafnskjótt sem hún sje fengin, þá gerum við alla kaupmenn innlenda með öllum þeirra fjárafla, er aldrei geti farið eitt fet út fyrir landsteinana; en það er að skilja: þá búum vjer til gulltunnurnar. En nú kann það að dragast nokkra stund, að þessi stjórnarbót komist í kring, en fyrir það er, að minni hyggju, eigi vert að geyma oss lengi að ná í gulltunnurnar, þessum vissa ávexti stjórnbótarinnar. Jeg greiði því atkvæði með frumv. við þessa umræðu, svo forkólfarnir öðlist þá gleði, að sjá gullstraumana renna frá Kaupmannahöfn inn í landið.

Jón Ólafsson: Enginn getur óskað meir en jeg, að verzlunin geti orðið innlend, en jeg veit, að það er ómögulegt að gjöra hana það með slíkum lögum. Eitt ákvæði er í frumv., sem jeg álít til bóta, og vil þess vegna greiða atkvæði fyrir því við þessa umræðu. Það er einmitt innihaldið í 2. málsgreín 1. gr., sem jeg álít að geti verið til bóta; með því mætti afnema þann lið skrælingjaverzlunar vorrar, sem einmitt er lausakaupmannaverzlunin. Jeg er samdóma h. þm. Dal. (J. G.), að 2. gr. nái til lausakaupmanna. Það er það eina nýtilega í frv., og af þessari ástæðu greiði jeg atkvæði fyrir því við þessa umr.

Júlíus Havsteen: Eins og 2. málsgrein 1. gr. er orðuð, er vafasamt, hvort lausakaupmenn eru taldir með, hvort orðin: „sem verzlun reka á Íslandi“, ná til þeirra. Í lögunum frá 15. apríl 1854 er bannað að verzlun lausakaupmanna fari fram *á landi* eða í tjöldum, en hún má framfara *við landið*; jeg skal játa, að þetta kann að vera hártogun, en jeg vildi orða það greinilegar, svo enginn efi gæti um það verið. En annars held jeg frv. sje til lítils gagns, og eitt af þeim lagaboðum, sem ætíð mætti fara í kring um.

Jeg veit að í öðrum löndum er útlendingum leyft að hafa búðir í því landi, þar sem þeir ekki eru búsettir.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 6 : 3 atkv., 2. gr. felld með 5 : 5 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 6 : 4 atkv.

Málið fellt frá 3. umr. með 6 : 4 atkv.

Frumvarp til laga um myndugleika (C. 244); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. orðalaust með 10 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um vexti (C. 244); 1. umr.

Jón Ólafsson: Jeg vil mæla með að frumvarpið gangi til 2. umræðu. Jeg álít það góðan vott, að málið hefir gengið gegn um neðri deild; það er yfirlýsing frá henni um, hvað hún álíti hæfilega vexti. Hinir vanalegu vextir, 4%, eru lægri en eðlilegt er, eptir því sem nú stendur á hjá oss. En einkennileg er þessi yfirlýsing h. Nd. Það er vottur þess, á hverjum rökum að muni vera bygðar kvartanir um vaxtahæð bankans. Það sem margir nú telja okur-vexti hjá þeirri stofnun, það álítur Nd. hæfilega vexti manna á meðal hjá þjóðinni. Þetta er eptirtektavert. Jeg fyrir mitt leyti álít frumv. gott, en get ekki að því gert að benda á, hvaða þýðingu það hefir, að Nd. hefir komið fram með það og samþykkt það. Það er vonandi að frv. fái meðhald þessarar deildar.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Tuttugasti og fyrsti fundur, 26. júlí kl. 1 e. h.

Allir á fundi nema forseti (B. Kristj.) er tjáð hafði forföll. Stýrði því varaforseti (Árni Thorsteinsson) fundi.

Frumvarp til viðaukalaga við tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1879 (C. 243, 246); 3. umr.

Framsögumaður (Friðrik Stefánsson): Jeg hefi ásamt 3 öðrum þm., samkvæmt því sem umr. hafa fallið um mál þetta hjer í deildinni, komið með breyt.till. við frv. þetta, sem fólgnar eru í því að bæta inn í það nýrri grein, að enginn megi kaupa eða selja, hirða eða hagnýta dauða æðarfugla eða hluti af þeim. Og brjóti nokkur á móti því, skuli hann gjalda 10 til 100 kr. sekt. Hinar aðrar breyt.till. eru afleiðingar af þessari nýju gr., að greinaskipunin breytist samkvæmt henni. Og hygg eg því eigi þörf að ræða lengur frv. þetta, því að það hefir alltaf mætt hjer í þingd. góðum undirtektum

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. (C. 246) samþ. með 9 : 1 atkv.; hinar breyt.till. (2—4) samþ. án atkv.gr. Frv. þannig breytt samþ. með 9 : 1 atkv., og afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um að fá útmældar lóðir á löggiltum kauptúnum o. fl. (C. 233); 2. umr.

Framsögumaður minni hlutans (L. E. Sveinbjörnsson): Þetta stjórnarfrv. hefur nefndin ekki getað fallizt á, hvorki hinn meiri nje hinn minni hluti hennar.

Í 1. gr. frumv. mætir oss þegar spurningin: Hvað er löggilt kauptún? Er það sá hluti landsins að eins, sem næst liggur hinni löggiltu höfn, eða nær það einnig yfir hina fjarlægari hluta þeirrar jarðar, sem að höfninni liggur? Jeg skal taka dæmi þessu til skýringar. Vjer vitum, að Stokkseyri er löggilt kauptún. Nú er Stokkseyri stór jörð; jeg held jeg megi segja □ míla á stærð; nær sjálfsagt $1^1/_2$ mílu frá sjó upp í land. Er nú allt þetta svæði löggilt fyrir kauptún? Geta menn heimtað, að fá útmældar lóðir hvar sem vera skal á öllu þessu svæði, til að fá að reka verzlun á? Jeg hygg, að ekki sje

svo. Jeg hygg, að löggildingin hljóti að bindast við það svæði, sem næst er höfninni. En eptir því sem orðin hljóða í 1. gr. frumv., hlýtur þó eigandinn að vera skyldur að láta af hendi, ef krafizt er, lóð, þótt fjarlægari sje. Hið sama er að segja um Þorlákshöfn; sú jörð er einnig mjög stórt land, sem nær langt upp frá sjó. Hvort sem jeg því lít til hins almenna eða hins opinbera, virðist full ástæða, full nauðsyn bera til, að fastsett sjeu takmörk kauptúnanna, því að fyrri er ekki hægt að segja: þetta land er kauptún, en þetta ekki.

Hið sama er að segja um 2. gr. frv. Þar stendur: „Bæði þeir, er *landið* eiga“ o. s. frv. Hvaða land? Er það allt landið, öll jarðeignin, sem kauptúnið er á? Það getur ekki verið praktiskt að hafa svo stórt kauptún; enda kemur slíkt í bága við sveitaverzlunarlögin.

Út af þessum ákvæðum 1. og 2. gr. hefur bæði meiri og minni hlutanum komið saman um, að nauðsyn beri til, að bæta inn í frv. þessari 1. gr., er nefndarálitið stingur upp á. Enda sje jeg ekkert á móti því, að ákveða svæðið, sem kauptúnin skulu ná yfir, nema kostnaðinn, sem því er samfara, en hann er ekki mikinn að telja, í samanburði við þá hagsmuni, sem þessu er samfara, og þá nauðsyn, sem á því er.

Þessi orð í 2. gr. frumv.: „og aðrir, er *lögmæt rjettindi* hafa eignazt yfir landinu“ o. s. frv., eru einnig allt of víðtæk. Sá kaupmaður, sem eptir þeim reglum, sem settar eru í þessu frv., hefur fengið í dag útmælda lóð, hefur eignazt *lögmæt rjettindi* yfir því landi, en hann er þó samt skyldur að láta þessa lóð af hendi aptur á morgun, ef einhver annar krefst að fá lóðina til að hefja þar verzlun. Þessi orð eru þannig svo víðtæk, að þau eru óhafandi; og fyrir því er það uppást. minni hlutans, að þetta sje bundið því skilyrði, að lóðin hafi enn ekki 2 árum frá því útmælingin fór fram verið notuð.

3. gr. frumv. er í öllu verulegu hin sama sem 4. gr. minni hlutans, þótt hún sje nokkru lengri og skýrara ákveðin. Síðasta málsgrein í frv. stjórnarinnar er mjög óljós, en mættti þó máske heppnast að skilja hana á einn veg, ef ekki væri danski textinn. Setjum nú, að mál um það, er greinin ræðir um, færi fyrir hæstarjett og dómararnir og advokatarnir litu í danska textann, þá mundu þeir fá út gagnstætt því, sem stendur í íslenzka textanum. Þar, í danska textanum, stendur sem sje, að það gildi um alla kaupmenn, að að þeir geti ekki komizt að festunum, ef skip liggja við þær allar.

Það má geta nærri, hve heppilegt það væri, ef stæði yfir mál fyrir hæstarjetti, og textunum bæri svo illa saman sem hjer.

Að öðru leyti er greininni ekki mikið breytt; að eins tilsvarandi grein minni hlutans nokkuð lengri og með fleiri orðum útskýrð meiningin í 3. gr. stjórnarfrumv.

4. gr. minni hlutans og 5. gr. meiri hlutans eru og að efninu líkar. Að eins þótti minni hlutanum óþarft að taka upp þessi orð: „ber honum þá tafarlaust að láta áhöldin laus við eiganda þeirra“ o. s. frv.; úr því sektir eru lagðar við, ef hann ekki fer, virðist þessi setning óþörf. En minni hlutanum þótti gagnslaust að skylda hann til að sleppa festunum og leggja sektir við, nema trygging væri fyrir því, að sektin og skaðabætur yrðu greiddar. Meiri hlutanum þótti hart að gengið, að skipa svo fyrir, að hægt væri að heimta skip og farm að veði, en minni hlutanum virðist nauðsyn bera til, að sá, sem órjettinn liði, ætti einhverstaðar athvarf, því að auðveldlega getur komið fyrir, að kaupmaður eða leigjandi skipsins sje ekki fær um að borga sektir og skaðabætur.

Jeg hef ekki getað breytt skoðun minni um það, að ákvæði þessa frumv. eigi ekki að ná til kaupstaðanna. Í kaupstöðunum er bæjarstjórninni falið að hafa stjórn bæjarmálanna, og á því að hafa hönd í bagga eins með útmæling lóða eins og með hvað annað, er bænum kemur við. Að því er kemur til Reykjavíkur, er engin þörf á þessum fyrirmælum, og engin hætta virðist það, þótt Akureyri og Ísafjörður biði enn í 2 ár eptir svona löguðum lögum, úr því þeir kaupstaðir hafa ekki komið með neinar kvartanir í þessu tilliti.

Landshöfðingi: Jeg verð enn, eins og við frh. 1. umr., að álíta 1. gr. í frv. bæði meiri og minni hlutans óþarfa. Eptir frumv. minni hlutans á að mæla upp öll kauptún, sem löggilt hafa verið á þessari öld, og jeg get ekki, eins og h. framsögum. minni hlutans (L. E. Svb.), álitið, að það verði kostnaðarlítið, heldur ur verð jeg þvert á móti að fullyrða, að það muni baka landsjóði mikinn kostnað; menn kunna optast að reikna ferðakostnað sinn nógu hátt. Jeg get heldur ekki lagt áherzlu á, að þessi mæling sje einu sinni nauðsynleg. Þótt löggildingar sjeu stundum nokkuð yfirgripsmiklar og óákveðnar, og jafnvel þótt jörð sú í Flóanum, sem h. framsögum. minni hlutans (L. E. Svb.) nefndi, sje víðáttumikil og löggildingin því nái yfir stórt svæði, þá er samkvæmt 1. gr. frv. falið lögreglustjóra að tiltaka byggingarstæði handa þeim, sem ætlar að hefja verzlun, og það er ekkert líklegt, að hann muni tiltaka aðra staði en þörf er á og hentugir eru. Jeg skil eigi, að hann muni taka til að mæla út stað, sem er 1 mílu uppi í landi. Jeg álít, að honum sje vel trúandi til, að mæla lóðina út þar, sem hún er hentugust fyrir beiðandann og að minnstu meini fyrir eigandann.

En sjerstaklega er það vegna kostnaðarins, að jeg er mótfallinn 1. gr. bæði meiri og minni hlutans.

Viðvíkjandi 2. gr. get jeg ekki álitið, að ástæða sje til að breyta orðunum: „og aðrir, er *lögmæt rjettindi* hafa eignazt yfir landinu. Jeg get ekki gjört svo lítið úr lögreglustjóra, að hann muni útmæla það sama svæði einum í dag, sem hann útmældi öðrum í gær. Jeg get ekki ímyndað mjer, að lögreglustjórinn mæli þar út einum, sem hann áður hefur mælt út öðrum, nema það sýni sig, að hin fyr útmælda lóð sje óþarflega stór. Og það hefur einmitt komið eigi svo sjaldan fyrir fyr meir, þegar mikil lóð var til að taka á, að einn hefur komið og fengið útmælda svo mikla lóð, að hún hefur síðar reynzt nægileg mörgum fleirum. Grein minni hlutans er einnig svo orðuð, að hún gjörir tilgang frumv. óframkvæmanlegan, því tilgangurinn með frumv. er einmitt, að geta mælt út af of stórum lóðum til nýrra verzlana, en í grein minni hlutans er sagt skilyrðislaust, að ekki megi taka af slíkum lóðum til útmælingar handa öðrum, hafi sá, er áður fjekk hana, *notað* hana. En að *nota* lóð er svo óákveðið orð, að eptir því er nóg, að hann hafi lóðina t. d. til beitar, eða hafi ræktað hana sem tún, og eptir því sem tíðkast hjer í Reykjavík er nóg að hann hafi umgirt hana. *(L. E. Svb.:* Notað til verzlunar). Það stendur ekki í greininni. Jeg álít, að það sje nægilega tryggjandi, að útmælingin er lögð í hendur lögreglustjóra, og að hann muni ekki gjöra glundroða á eldri útmælingum, nema þar sem veruleg nauðsyn krefur, nje skaða fyrri eiganda lóðarinnar.

Það stendur og í stjórnarfrumv.: „og sem eigi eru nauðsynlegar við *rekstur verzlunar*“, en sem ætti að vera eptir danska textanum: „við *rekstur atvinnu*“.

Við 3. gr. frumv. er — eins og jeg

tók fram við frh. 1. umr. — engin eiginleg efnisbreyting hjá nefndinni.

Jeg skal játa það, að ákvæði stjórnarfrumv. eru nokkuð óglögg, og að þau eru glöggvari hjá nefndinni. En hins vegar sje jeg ekki þann mun á danska textanum, að slíkt geti valdið miklum misskilningi; en jeg skal ekki hafa á móti því, að ákvæði greinarinnar sjeu ljósari bæði hjá meiri og minni hluta nefndarinnar. Á efninu í gr. meiri og minni hlutans er eigi annar munur en sá, að minni hlutinn er strangari við þann, sem eigi sleppir skipsfestaráhöldum, þegar honum ber að sleppa þeim.

Eins og jeg einnig gat um við frh. 1. umr. sje jeg heldur ekkert á móti því, að ákvæði þessara laga nái einnig til kaupstaðanna. Það er vitaskuld, að í Reykjavík yrði þeim ekki opt beitt, en öðru máli er að gegna með Ísafjörð og Akureyri, eins og upplýst hefur verið undir umræðunum. Og hvaða ástæða er þá til, að láta þá kaupstaði bíða 2 ár enn, ef þessi ákvæði eru nauðsynleg fyrir þá? Það er engu betra að koma svo með ný lög á eptir fyrir kaupstaðina. Jeg get heldur ekki sjeð, að með því sje gengið of nærri rjettindum bæjarstjórnanna; þær hafa hvort sem er ekkert vald yfir þeim lóðum, sem einu sinni er afsalað til annara. Hjer er heldur ekki meiningin, að taka útvísun lóðanna frá bæjarstjórninni; meiri hlutinn gerir þvert á móti ráð fyrir því, að byggingarnefndin skuli útvísa þeim.

Framsögumaður meiri hlutans (E. Th. Jónassen): Jeg tók fram við 1. umr. þær helztu breytingar, sem meiri hlutinn hefur gjört á stjórnarfrumv., en ekkert breyt.-atkv. hefur síðan komið fram, svo jeg álít óþarfa, að fara mörgum orðum um málið. Jeg vil að eins bæta því við, að þegar jeg heyrði undirtektir hæstv. landsh. undir breytingar bæði meiri og minni hluta nefndarinnar, vil jeg taka aptur 1. gr. í nefndaráliti meiri hlutans; jeg hef heimild til þess frá nefndinni; hver sem vill getur tekið hana upp aptur. Fleiri athugasemdir hef jeg eigi að gera að þessu sinni.

Jón Ólafsson: Jeg skal geta þess, að af þessum 2 frumv. kann jeg betur við frumv. minni hlutans. Þó er ein grein hjá meiri hlutanum, nfl. 4. gr., sem jeg vil gefa atkvæði mitt; því mjer finnst hún þörf. Það getur gert stórt mein, ef lagðar eru þær kvaðir á stór svæði, að þau skuli vera undanþegin allri notkun. Hvað 1. gr. snertir, þykir mjer hún fullt eins vel orðuð hjá meiri hlutanum og minni hlutanum, en fyrst að h. meiri hluti hefur tekið aptur sína 1. gr., verð jeg nú að hallast að grein minni hlutans. Hvað því viðvíkur, að láta frumv. ná til kaupstaðann, finnst mjer það með öllu óþarft; því jeg ímynda mjer, að bæjarstjórnin hafi nóg eptir handa þeim, sem vilja reka verzlun, þó mikill hluti lóðarinnar sje eign bæjarins eða einstaklinga; í frumv. er reyndar svo óheppilega að orði komizt, að byggingarnefnd kaupstaðarins á að framkvæma merkjasetninguna, þar sem svo til hagar, að mikill hluti kaupstaðarlóðarinnar er eign einstakra manna. Mjer finnst þetta vera með öllu óþarft. Eins finnst mjer eigi vera ástæða til, að taka af mönnum lóðir sínar, þó nógar aðrar lóðir sjeu til; því með þessu móti er kaupmönnum leyft að velja þann lóðarblett til afnota, sem þeim bezt líkar, til hve mikils óhagnaðar sem það kann að vera fyrir eigandann. Þetta finnst mjer vera hreinasta gjörræði. Af þessum ástæðum greiði jeg ekki atkvæði mitt með nefndinni (þ. e. meiri hlutanum) nema í 4. gr.

Framsögumaður meiri hlutans (E. Th. Jónassen): Mig furðar á h. þm. S.-Múl. (J. Ól.), hversu hann hefur misskilið frv. Jeg held það sje ljóst af umr., hvers vegna frumv. skal ná til kaupstaðanna;

því ef einn maður á alla lóðina í kaupstað, getur hann látið hana liggja gagnslausa og bægt öllum frá að nota hana; það hefur verið sannað, að þetta hefur átt sjer stað. Á hinn bóginn verð jeg að álíta byggingarnefndina svo skynsama, að taka ekki lóðir frá einstökum mönnum, ef ekki er brýn nauðsyn til þess; hins vegar verður að borga þessar lóðir, en ekki hinar; svo jeg held menn þurfi eigi að óttast misbrúkun á þessum ákvæðum.

Framsögumaður minni hlutans (L. E. Sveinbjörnsson): Jeg ætla að eins að gera stutta athugasemd. H. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagðist aðhyllast 4. gr. í nefndaráliti meiri hlutans; það get jeg líka, af því jeg álít hana meinlausa og hafa alls enga þýðingu, því jeg get eigi sjeð, að slíkir samningar sjeu rjetthærri en eignarrjetturinn; jeg fæ eigi annað skilið, ef þetta verður að lögum, en að ómögulegt sje með samningum að leggja á slíkar kvaðir, og því er 4. gr. óþörf. — Þess vegna greiði jeg atkvæði á móti þessari grein frumvarpsins.

Landshöfðingi: Jeg held að h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hafi orðið á að misskilja 2. gr. meiri hlutans eða að lesa ekki nógu langt. Það er ekki nóg að lesa hana einsamla; hún verður að lesast í sambandi við 3. gr., því í 2. gr. er að eins talað um, hvernig sá, sem vill fá útmælda verzlunarlóð, eigi að snúa sjer, en í 3. gr. eru skilyrðin fyrir því, að hann geti fengið útmælda lóð, sem annar maður á, og eitt aðalskilyrðið, að lóðin sje óbyggð og ekki nauðsynleg fyrir aðra verzlun eða atvinnu, sem þar er rekin. Þetta hlýtur eins að eiga við, þegar beðið er útmælingar í kaupstöðum, eins og löggiltum kauptúnum. Jeg get eigi sjeð, að 4. gr., eins og hún er hjá nefndinni, þurfi að fæla menn frá því að samþykkja frv. Jeg held að meiri hlutinn hafi sjerstaklega haft það fyrir sjer, að eigi mætti leggja kvöð á húseignir. En þó frumv. verði að lögum, er ekki heimilt eptir því, að útmæla annað en óbyggðar lóðir. Hvað kvöðinni viðvíkur, held jeg ekki sje hægt að taka hana af, nema með samþykki þess, er lagði hana, sje hún þinglesin og fullkomlega um hana búið.

Framsögumaður meiri hlutans (E. Th. Jónassen): Af orðum hæstv landsh. sje jeg að þarf að bæta inn í 4. gr. Meining nefndarinnar var, að ákvæðin þar ættu einungis við ókomna tímann.

ATKVÆÐAGR.: Viðaukatill. minni hl. við 1. gr. felld með 8 : 2 atkv.; viðaukatill. minni hl. við 2. gr. felld með 7 : 2 atkv.; breyt.till. meiri hl. við 1. gr. stj.frv. samþ. með 8 : 2 atkv.; þar með 1. gr. stj.frv. fallin; breyt.till. 3. gr. minni hl. felld 8 : 2 atkv.; breyt.till. 3. gr. meiri hl. samþ. með 7 : 2 atkv.; þar með 2. gr. stj.frv. fallin; viðaukatill. meiri hl. við 4. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.; breyt.till. við 3. gr. stj.frv., 4. gr. minni hl., felld með 8 : 2 atkv.; breyt.till. við 3. gr. stj.frv., 5. gr. meiri hl., samþ. með 8 : 2 atkv.; þar með 3. gr. stj.frv. fallin; breyt.till. við 4. gr. stj.frv., 6. gr. minni hl., felld með 7 : 2 atkv.; breyt.till. við 4. gr. stj.frv., 6. gr. meiri hl., samþ. með 9 samhlj. atkv.; þar með 4. gr. stj.frv. fallin. Fyrirsögnin samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um breytingu á afborgun á landsjóðsláni til Lundarbrekkukirkju (C. 241); ein umr.

E. Th. Jónassen: Jeg ímynda mjer, að flestir þm. hafi sjeð skjöl viðvíkjandi máli þessu, er liggja frammi á lestrarsalnum, og þekki það. Jeg verð að álíta þessa ósk sanngjarna, því kirkjan hefur litlar tekjur og hefur eigi getað staðið í skilum með afborgun og vexti, nema lána sjálf, og hafa sóknarmenn orðið að skjóta

saman. Kirkjan er byggð úr steini og mjög falleg, enda mikið fje gengið til byggingarinnar. Jeg vona því að deildin samþykki tillögu þessa.

ATKVÆÐAGR.: Þingsályktunartillagan samþ. í e. hlj. og afgr. síðan til landsh. sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Frumvarp til laga um varnarþing í skuldamálum (C. 206, 247); framh. 2. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Nefndin hefir gert nokkrar breytingar við frumv., sem, eins og deildin sjer, miða til þess, að gera það betur úr garði; t. d. breyt. við 1. gr. miðar til þess að draga það saman, sem saman á, og sömuleiðis til þess að ákveða nánara, að varnarþing skuli vera þar sem skuld er stofnuð. 2. og 3. gr. er óbreytt. En við 4. gr. hefir nefndin komið með breytingu, sem miðar til þess, að skuldunaut megi stefna þar sem hann er staddur, ef hann er í dómþinghá þeirri, sem málið má sækja í, og sömuleiðis að ákveða stefnufrest með tilliti til fjarlægðar frá lögheimili skuldunauts. Jeg vonast til að málið fái góðan byr, þar sem svo lítil mótmæli hafa framkomið, og nefndin hefur tekið til greina athugasemdir hæstv. landsh.

Jón A. Hjaltalín: Eptir 1. gr. er rjettur annars málsparts eða lánardrottins vel tryggður, en eigi eins vel sjeð fyrir hinum, nefnilega skuldunaut. Eins og menn vita, getur lánardrottinn með samningi skuldbundið skuldunaut til að mæta þar sem skuldheimtumaður á heima, og ef skuldunautur hefur gjört samninginn með þessum skildaga, þá veit hann líka, að hverju hann má ganga. En það er opt, að þó lög sjeu gefin, þá veit almenningur eigi af því og því síður, að hann þekki hin einstöku ákvæði þeirra. Jeg er því hræddur um, að margur kunni að taka lán, án þess að vita, undir hvaða skuldbinding hann gengur, og jeg er alls eigi viss um, að hann mundi taka upp á sig skuldina, ef hann vissi þetta. Mjer sýnist það líka athugavert, að sje skuldunaut stefnt samkvæmt 4. gr., enda þótt fyrirvarinn raunar sje nógu langur, gæti svo farið, að hann gæti eigi mætt eða látið mæta fyrir sig. Dómur yrði þá líklega felldur og lögtaksskipunin send heim í hans hrepp. Sem sagt, jeg held að margir mundu heldur kjósa alls eigi að taka lánið, en skrifa undir slíka skuldbinding, en ef þeir vildi það, þá væri rjettur lánardrottins fulltryggður, ef þeir væri látnir skrifa undir slíka skuldbinding. Hjer þyrfti eigi mikil umsvif — það gæti verið prentað skjal,— en fyrir skuldunaut væri það mun betra, þar sem hann vissi í hvert sinn, að hverju hann gengi, en yrði eigi óafvitandi undirorpinn þessari skyldu eptir lögum, sem hann alls eigi þekkti.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Minn h. sessunautur (J. A. Hj.) sagði, að eptir 1. gr. væri annar málspartur tryggður, en hinn eigi. Jeg skal fúslega játa að svo sje, því frumv. miðar einmitt að því, að tryggja rjett lánardrottins. Nefndinni fannst nauðsyn bera til, að tryggja rjett þess, sem er að leita rjettar síns, en eigi að styðja þann, sem skuldbundinn er, til þess að koma sjer undan að borga. Enn fremur gat h. þm. (J. A. Hj.) þess, að margir mundu eigi vita af lögum þessum, en sama getur átt sjer stað með öll lög, og það er þó gömul regla, að vanþekking á lögum afsaki engan, og það er því síður ástæða til að koma með þetta hjer, þar sem skuldunautur einmitt fær áminning með stefnunni, og eins og h. þm. kannaðist við, er stefnufresturinn í frv. ákveðinn nægilega langur. Hvað það snertir, að ófyrirsjáanleg atvik kynnu að koma fyrir, svo skuldunautur gæti eigi mætt, þá gæti hann fengið leiðrjetting mála sinna með áfrýjun til æðri dóms. Hann sagði einnig, að þessi lög væru óþörf, af

því að allt hið sama mætti gera með samningum, en þar hefir h. þm. haft fyrir augum, að skuldunautur væri sjálfur viðstaddur, er skuldin væri stofnuð og samningurinn gerður, en hitt getur komið fyrir og kemur þrávallt fyrir, að hann kemur eigi sjálfur og hefur engan samning sent; hvernig vill þm. þá fara að? Jeg skal taka til dæmis, ef maður norður í landi bæði kaupmann hjer í bænum um einhvern hlut án þess að senda neinn samning. Þá yrði annaðhvort, að maðurinn yrði að verða af hlutnum eða kaupmaðurinn af samningnum; eins og hjer er ástatt mundi frumv., ef það yrði lög, verða til mikils hagnaðar fyrir báða parta, því væri Norðlingurinn efnaður, þá mundi kaupmaður senda prókúrator á hálsinn á honum og hann yrði þannig að borga málskostnað fyrir utan skuldina. Jeg held aptur á móti, að Norðlingurinn mundi sleppa mun ódýrara með að mæta eða láta mæta fyrir sig. Annað er tíðara, nefnilega að viðskiptamanni kaupmanns í sömu sýslu þarf að stefna; þá gæti orðið tilfinnanlegra fyrir skuldunaut að svara málskostnaði út í peningum, heldur en að mæta sjálfur eða láta mæta fyrir sig. Það yrði sannarlega tilfinnanlegra fyrir hann, að borga dýrum prókúrator skuldheimtumanns, ef þarf að ganga að honum að lögum. Jeg held h. þingdm. geta verið mjer samdóma um það, að það væri eins hyggilegt, að tryggja viðskipti manna; þeir sem hafa einhverjar vörur að selja mundu þá eigi þurfa að færa þær eins mikið fram eins og nú á sjer stað; menn verða ætíð að gera fyrir vanskilum. Jeg þekki það, jeg hef sjálfur átt í viðskiptum, og þó fjórði hlutinn væri gjörður fyrir vanskilum, hrökk það eigi til. Menn ættu að tryggja svo viðskiptin, að hver borgaði fyrir sig.

Jakob Guðmundsson: Jeg er samdóma h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.), að skuldir óráðsmanna mundu vaxa eptir þessu frumv., því að ef að kaupmenn nú lána þeim eigi án skuldbindingar með ákvæðum um viðtekið varnarþing, þá verði þeir örari að lána, þegar slíka skuldbinding þarf ekki við. Lánveitendur mundu verða lítt betur trygðir eptir en áður, því að þeir mundu verða því óvarkárari að lána, og leiðast til að lána mörgum, sem þeir annars ekki hefðu lánað, þegar lögin veita svona hægan aðgang til að stefna. En það er eigi til neins að stefna, þegar ekkert er til. Þetta er aðalannmarki á frv., að skuldir mundu verða meiri eptir en áður, og vanskil ef til vill enn meiri þar af leiðandi. Það er rjett hjá h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að skilamennirnir verða að gjalda vanskilanna, því að kaupmenn leggja á verzlunina fyrir vanskilum. En því meira þyrftu þeir þá að leggja á. Það ætti ekki að auka á þann galla við verzlun vora, að lán eru veitt eins óhyggilega og takmarkalaust, eins og gert er, hverjum sem vera skal, án þess kaupmenn þekki kringumstæður lántakenda. Þessi takmarkalausu lán eru opt lánveitendunum að kenna, en afleiðingarnar bitna á öllum.

Jón A. Hjaltalín: Það er rjett hjá h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að vanþekking laganna afsakar engan, en við verðum að taka tillit til þeirra verzlunarviðskipta, sem við höfum. Lög þessi eru mjög yfirgripsmikil og ná til flestra tilfella í viðskiptum vorum. Þar sem ákvæði annara laga snerta eigi líf vort nema endrum og eins, þá snerta ákvæði þessara laga atriði, sem koma fyrir í lífi manna svo að segja daglega. Margur sem lán tæki, mundi ekki vita af fyr en honum væri stefnt frá heimili sínu, án þess hann hefði hugmynd um, að sú skylda fylgdi með láninu. H. þm. (J. Ól.) tók það til dæmis, að menn skrifuðu og beiddu um lán, en gætu ekki fengið það, af því að þeir hefðu gleymt að leggja með skuldbindingu til að víkja frá sínu varnarþingi.

En það mun naumast opt koma fyrir. Og það væri einmitt gott, að kaupmenn yrði varasamari að lána, því að það er altítt, að þeir lána mönnum, sem ekki eiga tituprjónsvirði. Auk þess talaði h. þm. (J. Ól.) um þann kostnað, sem af því leiddi fyrir skuldunaut, ef skuldeigandi neyddist til að senda til hans málfærslumann langar leiðir. En mjer er kunnugt einmitt það tilfelli, sem hann mun hafa haft í huganum, og eg veit, að þeir skuldaheimtumenn, sem notað hafa þann málafærslumann, hafa opt þótzt sleppa vel, ef þeir ekki þurftu að borga málfærslumanninum, auk skuldarinnar, sem hann náði inn, fje úr sínum eigin vasa.

Friðrik Stefánsson: H. 6. kgk. þm. (J. A. Hjalt.) og h. þm. Dal. (Jak. Guðm.) hafa tekið fram mikið af því, sem jeg ætlaði að segja. Þegar lög vantar, er nauðsynlegt að búa þau til, en þegar ljós og góð lög og lagaákvæði eru til, er ekki ástæða til að breyta og setja nýtt. Kaupmenn eru ekki í svo miklum vanda staddir eptir núgildandi lögum, að það sje nauðsynlegt þeirra vegna, að búa til ný rjettarfarslög í skuldamálum, því þeir geta skuldbundið hvern mann til að mæta fyrir gestarjetti, sem þeir lána, og þeir óttast fyrir, að ekki standi í skilum, þó ekki sjeu búin til lög um það. Ennfremur álít jeg það mjög einkennilegt við 4. gr. frv., að lögin skuli að eins eiga að ná til þeirra skuldaskipta, sem þar eru talin upp, sem sje viðskipta við kaupmenn, lyfsala, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita o. s. frv. Mig furðar á því, að h. 1. þm, S.-Múl. (J. Ól.) skuli koma með þetta, því forfeður vorir kröfðust þess að fornu og nýu og hjeldu því fast fram, að þeir væru ekki dregnir frá sínu varnarþingi, en nú á hinu 89. ári hinnar nítjándu aldar á að fara að búa til lög um, að draga menn frá sínu varnarþingi, alla, sem eru í einhverri gamalli skuld, t. d. fyrir gamlan Gönguhrólf eða gamla Skuld. Það er eins og þessi ákvæði sjeu búin til af kaupmanni eða bóksala, eða einhverjum þeirra þjóni. Aðrir gætu naumast fundið upp á þessu. En eins og jeg hef áður tekið fram, geta kaupmenn gætt sín sjálfir og slíkt hið sama bóksalar, lyfsalar, veitingamenn, iðnaðarmenn, og kostnaðarmenn blaða og rita, að lána eigi allt of óvarlega út. En þó svo væri, geta þeir náð skuldum sínum eptir núgildandi lögum og rjetti, eins og öllum hlýtur að vera ljóst. Jeg mun því hiklaust greiða atkv. móti þessu frv., því að það miðar bersýnilega að því, að troða niður rjett almennings, að draga menn frá sínu varnarþingi.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg skal svara nokkrum orðum þeim h. þm., sem hafa mælt á móti frv. þessu, að svo miklu leyti sem þeir hafa stutt með rökum aðfinningar sínar. Þm. Skagfirð (Fr. St.) leiði jeg hjá mjer, því hann studdi ekki ræðu sína með neinum rökum. H. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) og þm. Dal. (Jak. G.) voru samdóma um, að hafa það á móti þessu frv., að það væri altítt, að menn semdu svo um, að mæta við varnarþing skuldeiganda, og telja þeir það heppilegt, en frumv. hættulegt. Sjá þeir ekki, að þetta er hin mesta mótsögn? Ef vikið er frá varnarþingi með samningi, þá á það ekki að vera hættulegt; en ef það er gert með lögum, þá á að standa af því háski. Ef það er altítt nú, að menn geri slíka samninga, þá verða að eins fá tilfelli, sem bætast við, og allur sá háski, sem af frv. gæti leitt, er þá þegar fyrir hendi. Viðvíkjandi ummælum þm. Skagf. (Fr. St.) skal jeg taka fram, að jeg þekki þessa hjátrú um varnarþingið; það er orðið að „tabu“, að varnarþing sje heilagt, og að það hafi verið álitið svo í fornöld. En ef þingm. vildi reyna að skilja, í stað þess að eins að muna, þá mundi hann sjá, að þar sem verið er að tala um varnarþingið, sem hann vitnaði til áðan, þá

stendur það í sambandi við orðin rjett á undan um utanstefnurnar, sem Íslendingar hinir fornu áskildu sjer að vera lausir við. Jeg held að hallærislána- og horfellismenn í Skagafirði viti, að lánstraustið er dýrt. Þm. Skagf. (Fr. St.) vill hafa lánstraustið ódýrt, en varna mönnum að ná þeim rjetti, sem þeir eiga, hvort heldur eru kaupmenn eða aðrir. Jeg hefði hugsað, að skilvísir menn hefði mestan hag af þessu frumv. Kaupmenn taka borgunina af þeim skilvísu fyrir þá óskilvísu, þar sem þeir geta, hvort sem þetta verður að lögum eða eigi, en frumv. vill gera það að verkum, að þeir *þurfi* sem minnst að gjöra það. Það er sannarlega undarlegt, að vilja tryggja óskilsemina. Það er álitin næstum manndygð hjer á landi, sem menn hrósa sjer af, að geta staðið í sem mestum refjum við kaupmenn, og hjelt jeg, að það væri ávinningur að breyta þessum hugsunarhætti, því að landið þarf lánstraust, og það sem ódýrast. Viðvíkjandi ræðu h. þm. Skagf. (Fr. St.) skal jeg svo eigi segja meira, því að hún var að eins „orð, orð, orð".

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. (þskj. 179) samþ. með 6 : 3 atkv., 1. og 4. gr. frv. (106) þarmeð fallin; 2.—3. gr. (106) og 4. gr. (179) samþ. með 6 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samhlj. með 6 samhlj. atkvæðum.

Frv. vísað til 3. umr. með 6 : 2 atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Þórshöfn. (C. 249); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að málinu sje vísað til nefndar þeirrar, sem fjallar um löggilding verzlunarstaða.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til nefndarinnar í einu hlj.

Frumv. til laga um breytingu á lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. des. 1877 (C. 249); 1. umr.

Landshöfðingi: Það mun vera h. þingdm. kunnugt, að á síðasta þingi kom fram sams konar frumv. eins og það, sem hjer liggur fyrir. Þá áleit þessi h. deild, að það væri sá galli á undirbúningi málsins, að ekki hefði verið leitað álits hlutaðeigandi sýslumanns og sýslunefnda. Þess vegna var frumv. þá fellt, og ákveðið, að beðið skyldi eptir því, að leitað hefði verið tillaga sýslunefndanna og sýslumannsins. Þetta hefur verið gjört, og eru álitsskjölin send fjárlaganefnd Nd., og hafa þau líklega verið lögð fram á lestrarsalnum. Þessi álitsskjöl hafa haft þau áhrif á nefndina, að hún hefur ályktað, að halda málinu áfram í sömu stefnu, þrátt fyrir það, að álitsskjölin hafa inni að halda eindregin mótmæli bæði sýslunefnda, sýslumanns og amtmanns. Jeg skil ekki, að h. deild geti nú, ef hún vill vera sjálfri sjer samkvæm, samþ. þetta frumv., fyrst skýrslur þær, er henni þótti nauðsynlegar á síðasta þingi, eru komnar og ganga eindregið á móti frumv.

Jakob Guðmundsson: Mjer er kunnugt um, að það er satt, sem hæstv. landsh. sagði, að sýslunefndirnar bæði í Dalasýslu og Strandasýslu eru á móti þessu máli. Í Dalasýslu var fyrst samþ. sameiningin til reynslu til næsta þings, en í vor var sýslunefndin eindregið á móti sameiningu, og sömuleiðis hlutaðeigandi sýslumaður.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 9 atkv. gegn 1.

Frumv. til laga um breytingu á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um breytingu á sömu tilskipun (C. 249); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Mjer er ekki ljóst, hvað liggur til grundvallar fyrir þessu frumv., hvort tilgangurinn er sá, að efla hag póstsjóðsins, eða hitt, að fyrirbyggja að landpóstar ofhlaðizt á vetrardag. Jeg vil biðja h. þingdm., sem kunn-

ugir eru málinu, að skýra þetta fyrir mjer, áður en gengið er til atkvæða.

Jón Ólafsson: Frumv. þetta hefur líkan tilgang eins og frumv. sem var lagt fyrir þingið 1887. Tilgangurinn er sá, að auka tekjur landsjóðsins af bögglasendingum. Eins og fyrirkomulagið er nú, er mönnum fyrirmunað, að fá fluttar á veturna sendingar, sem eru yfir 1 pd., og þar af leiðir, að menn skipta sendingunum sundur, og senda það sem menn þurfa í smærri hlutum. Póstarnir fá þannig talsvert að flytja fyrir það lága burðargjald, sem ákveðið er. Með þessu fyrirkomulagi, að gefa aðgang til að senda stærri sendingar, en hækka burðargjaldið, hafa menn hugsað sjer, að jafnmikið mundi verða sent, og meira fje koma inn. Þetta er tilgangur frumv., og jeg álít sjálfsagt, að þessi tilgangur muni nást með því.

Sighvatur Árnason: Jeg bjóst nú við svari í þessa átt; en úr því meiningin er þessi, þá virðist mjer efasamt, að tilgangurinn náist með því að setja 1 kr. burðargjald á hvert pund. Það má margt á milli vera, 30 aura og krónu. Frumv. er svo bezt til hagnaðar, að það nái tilgangi sínum. Jeg skal játa það, að póstar mega ekki ofhlaðast á vetrardag, og því mætti burðargjaldið hækka nokkuð þann tíma árs, úr því sem er, svo minna bærist á af bögglum; en sje burðargjaldið fært svona mikið upp, er jeg hræddur um, að menn hætti algjörlega að nota póstinn með böggulsendingar, og mun jeg því leyfa mjer að koma með breyt.till. í þá átt, að burðargjaldið verði hækkað í 15 a. í staðinn fyrir 25 a. í frumv.

E. Th. Jónassen: H. þm. Rangv. (S. Á.) er erfiður við póststjórnina. Á síðasta þingi kom líkt frumv. fram, og þá reis hann einnig upp til að færa burðargjaldið niður. Það ætti einmitt að fyrirbyggja miklar bögglasendingar á vetrum, því það kemur ekki svo sjaldan fyrir, að póstar komast eigi áfram og brjef hindrast þannig vegna trafala við mikinn flutning, er póstar hafa. Þetta er mjög illt, að nauðsynleg brjef skuli tefjast vegna óþarfasendinga, auk þess sem kostnaðurinn er mjög mikill á vetrum, þar sem hver hestur kostar mikið fje. Það er því jafngott, þó að þeir, sem senda óþarfa-sendingar á vetrum, þurfi að borga talsvert fyrir þær, svo að menn gjöri það ekki rjett að gamni sínu, að ofþyngja póstunum. Jeg álít því mjög nauðsynlegt, að þetta frumv. nái fram að ganga.

Jón Ólafsson: H. þm. Rangv. (S. Á.) spurði, hvort meiningin væri að bæta hag landsjóðs eða sú, að sjá um, að landpóstar ofhlaðist eigi. Þetta eru ekki tveir, heldur einn og hinn sami tilgangur. Því það, að ljetta á póstunum, er sama sem að spara landsjóði þann kostnað, að taka dýra aukahesta.

Jakob Guðmundsson: Jeg vil að eins taka fram, að því minna sem sent verður á vetrum, því meira verður væntanlega sent á sumrin, og vinnur póststjórnin það þannig upp, þó að minna verði sent að vetrarlagi en áður.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 9 samhlj. atkv.

Tuttugasti og annar fundur, laugardag 27. júlí kl. 1. e. h.

Allir á fundi, nema Jakob Guðmundsson, sem kom þó fyrir atkvæðagr.

Frumv. til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki (C. 226); 3. umr.

Skúli Þorvarðarson: Jeg held megi segja um frumv. þetta, að það sje búið að ganga í gegnum hreinsunareldinn við 2. umr., því þá var ýtarlega rætt um kosti og ókosti þá, er þótti vera á frumv. þessu, af með- og mótmælendum þess; en fleiri voru þeir, er minntust þess, að

kostirnir væru auðsjeðir, og lögðu gott til málsins. Því vona jeg, að það fái sama fylgi nú. Mjer fyndist líka undarlegt, ef sá skoðanamunur væri milli deildanna á þessu máli og fleiri áhugamálum, að efri deild felli frumv., sem neðri deild samþykkir þing eptir þing með meiri hlut atkvæða; og skal jeg svo eigi fara fleirum orðum um þetta mál að svo stöddu.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal eigi fara að endurtaka mótmæli mín við 2. umr., en reyna að bæta nokkrum mótmælum við, er jeg tók eigi fram þá. Tilgangur frumv. er sá, eins og h. deild er kunnugt, að útvega heilsubiluðu og ellihrumu alþýðufólki styrk, þegar það er komið á þann aldur, að það er orðið ellihrumt og heilsubilað. Tilgangurinn er góður og ætti að vaka fyrir hverjum manni, og jeg held, meir að segja, að engin hugsun sje eins rótgróin hjá mönnum eins og sú, að vinna fyrir líkamsþörfum sjálfra sín. Það er víst, að eptir ómagaskýrslum vorum er það fremur að fara í vöxt, að menn leitist við að sjá sjálfum sjer borgið. Eptir hinum síðustu skýrslum 1885—87 hefur ómagatalan færzt niður þrátt fyrir harðærið. Nú eru ómagar að eins 4 af hundraði, og þar af verður ráðið, að það er naumast helmingur þessara manna eða 2 af hundraði, sem eigi sjá sjálfum sjer borgið, þegar heilsan bilar og ellin færist yfir þá. En má jeg spyrja: þegar 96 eða 98 sjá sjer farborða, en hinir 4 eigi, krefst þá almenningsheill nýrra laga og nýrra gjalda í viðbót við lög þau og gjöld er vjer nú höfum? Allir vita, að vjer höfum ómagalög, sem eru nægileg, svo og hjúalög, sem skylda húsbændur að sjá fyrir hjúum sínum eða fæða þau, er þau eru veik. Þessi 2 lög eru því nægileg til að sjá fyrir alþýðufólki, svo enginn þarf að deyja úr hungri fyrir heilsubilun eða elli. Þess vegna ber frumv. þetta í bakkafullan lækinn. Jeg hefi áður tekið það fram, og jeg hefi nú sýnt, að frumv. þetta stríði í móti 50. gr. stjórnarskrárinnar, því hjer er engin almenningsþörf, er knýr oss til að setja þessi nauðungarlög. Það er nægilega sjeð fyrir sveitarþurfum og vinnuhjúum, sem verða sjúk, með ómagalögunum og hjúalögunum.

Jeg verð og í annan stað að ætla, að frumv. gjöri meira ógagn en gagn, ef það nær fram að ganga, því reynslan mun sanna, að slíkt lagaboð muni koma af stað miklu meiri vafningum og ruglingi á en nú er á framfærslu og umönnun fyrir ellihrumum mönnum, og skal jeg reyna að færa nokkur rök að því, að þetta er eigi úr lausu lopti tekið.

Ef menn athuga undantekningarnar eptir 2. gr., þá er auðsætt, að þeir verða mjög margir, sem komast hjá að gjalda, en eptir 7. gr. skulu allir þeir teknir til greina við veitingu styrksins, sem komast hjá að leggja til, með öðrum orðum: þeir geta upp skorið þar sem þeir hafa eigi niður sáð. En nú er sá galli á nokkrum mönnum, eins og vjer vitum, að þeir vilja eigi vinna sjálfir fyrir framfæri sínu, það er of fyrirhafnarsamt, þeim þykir makara að lifa á vasa náungans. Þetta frumv. gefur slíkum mönnum hið bezta tækifæri til þess fyrst og fremst að koma sjer undan að gjalda til sjóðsins eptir 2. gr., en síðan að þiggja úr sjóðnum eptir 7. gr. Þetta er að gjöra ógagn en eigi gagn að lögum, því að það miðar til að efla geðgalla og lesti, en drepa niður sjálfsumhyggju, iðjusemi og framsýni.

Í 7. gr. stendur enn fremur, að bæjarstjórnir og hreppsnefndir skuli úthluta styrknum heilsulitlum eða ellihrumum fátæklingum, sem heimili eiga í sveitarfjelaginu og eigi þiggja sveitarstyrk, án tillits til hvar þeir eiga framfærslusveit, enda sjeu þeir eða hafi verið í þeim stjettum, sem gjaldskyldar eru til styrkt-

arsjóðanna. Nú vil jeg spyrja h. Ed., því hinar heiðruðu hreppsnefndir og bæjarstjórnir eru hjer eigi viðstaddar, hvernig skulu þær nú úthluta styrk þeim mönnum í sveitarfjelaginu, sem eru langt að komnir og eiga framfærslusveit annarstaðar? Jeg held hreppsnefndir og bæjarstjórnir segi við þessi aðskotadýr: „Jeg veit eigi hvort þú hefur ekki þegið af sveit, góðurinn minn“, og við annan: „jeg veit eigi hvort þú hefur verið hjú, húsmaður eða lausamaður“. Endirinn verður, að hver skarar eld að sinni köku, og bæjarstjórnin eða hreppsnefndin lætur innansveitarmenn sitja fyrir. Í einu orði sagt, frumv. skapar fjölda af betlilúkum og ölmususvuntum. Ein betlilúkan kemur og segist vera heilsulaus; hreppsnefndin heimtar læknisvottorð; önnur kemur og segist vera ellihrum; af henni er heimtað fæðingarattest. Ef nú sú betlilúka er fædd austur á Eskifirði, en leitar styrksins hjer í Reykjavík, þá getur orðið bið á að náist í vottorðið. Þar næst kemur allt þetta skrifvjelabákn. Hreppsnefndirnar eiga að gefa skýrslur, sem þær eigi geta, af því það er ekkert manntal eptir hreppum. Eptir 8. gr. eiga reikningarnir að sendast hreppsnefndum og bæjarstjórnum, og þær að kjósa 2 menn til að endurskoða reikningana. En hvernig eiga þær að fara að, ef enginn fæst til þess? Hvernig eiga þær að skylda menn til þess endurgjaldslaust? Og seinast á nú amtmaður að úrskurða reikningana í kaupstöðunum. Það verður líklega lítið gaman fyrir hann, að eiga við órannsakaða reikninga; en jeg vorkenni amtmönnunum samt eigi, því að þeir eiga nú framvegis að fá ríflег launin. En vesalings sýslunefndirnar, sem eiga að úrskurða, mega þær taka menn og gefa þeim daglaun? Nei, engan veginn; því allt er komið í hyldýpið.

Látum oss nú sjá, hve margir hinir nýju gjaldendur muni verða eptir 2. gr. Þetta er að vísu eigi gott að segja með fullri nákvæmni; en eptir því sem næst verður komizt, verður það um 25 þúsundir nýrra gjaldenda. Ef mig nú minnir rjett, þá voru höfuðástæður neðri deildar móti sýsluvegagjaldinu, að það yrðu fleiri gjaldendur en nú eru. Jeg vona nú, að mönnum sje ljóst, að til þess að ná tilgangi sínum, sem er alveg óþarfur, þar sem vjer höfum ómagalögin og hjúalögin, verður frumv. þetta að innleiða 25 þús. nýja gjaldendur, erfitt reikningshald, endurskoðun reikninga og úrskurði og seinast úthlutun á fjenu, sem hlýtur að verða hlutdræg. Árangurinn af frumv. þessu verða þannig óttalegar skriptir og fyrirhöfn, og með því skapa menn aragrúa af betlilúkum og ölmususvuntum, af ellihrumu og heilsubiluðu fólki, því margir vilja fá úr sjóðnum og vinna það mikla fje, sem í hann er lagt, en þó á hinn bóginn að skjóta sjer undan gjaldskyldunni við hann. Frumv. er að minni hyggju hreint löggjafarhneyxli, enda hvernig sem á það er litið.

Jón A. Hjaltalín: Það má segja um h. 5. kgk. þm. (A. Ó.): gamansamur er hann núna, sauðurinn. Samt get jeg sagt það, að h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hefur þegar tekið fram margar af þeim ástæðum, sem koma mjer til að greiða atkvæði með frv. þessu. Aðalástæðurnar, sem hann færði á móti frv., framfærsluskyldan og sveitarútsvörin, finnst mjer alls eigi mæla á móti því. Jeg sje eigi betur, en einmitt sú stjett, sem optast þiggur af sveit, ætti að leggja fram sinn skerf og ljetta framfærsluskylduna á hinum. Sumstaðar er líka lagt aukaútsvör á vinnumenn, en aldrei á vinnukonur, þótt þær eigi jafnan aðgang að sveitarstyrk. Þetta er það, sem hvetur mig til að gefa frv. atkvæði mitt, og finnst mjer það rjettlátt í samanburði við aðra gjaldendur. Jeg ímynda mjer að þessi styrkur komi mönnum eigi fremur til að betla, en sveitarstyrkurinn,

og reynslunnar sönnun held jeg hvorugir okkar geti fært sem vitni.

Þar sem hann sagði, að erfitt yrði að vita, hvort styrkbeiðandi hefði þegið af sveit, þá stendur í 7. gr.: „þiggur", en eigi „hefur þegið", og verð jeg að skilja það svo, að það komi undir því, hvort hann þiggur af sveit, þá er styrksins er leitað, og held jeg þyrfti eigi að verða nein vandræði að komast eptir því; það sýndu sveitaskýrslurnar; og hvað snertir sönnunina fyrir því, að styrkbeiðandi hafi verið hjú, þá verða þau að koma með þær sannanir, sem hreppsnefnd eða bæjarstjórn tekur gildar.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vildi að eins gjöra stutta athugasemd.

Jeg vil bara biðja h. 6. kgk. þm. (J. A. H.) að segja mjer, hvernig bæjarstjórnir og hreppsnefndir eiga að úthluta. Hafa þær nokkurt fje til að úthluta? Nei, þær hafa ekkert fje handbært, fjeð er í Söfnunarsjóðnum á vöxtum; þær verða því að gefa ávísun á Söfnunarsjóðinn, og hinn „heilsubilaði" og „ellihrumi" verða að taka sjer ferð á hendur vestan, norðan og austan suður þangað. Ef h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) getur með góðu geði mælt með þessari úthlutun, þá skal mig eigi furða, þótt hann geti mælt með öllu þessu endalausa og botnlausa frv.

Jón Ólafsson: Það gleður mig, að h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) er frumv. hlynntari á borði, en hann lætur vera í orði; jeg get eigi bundizt þess, að þakka honum lífgjöf frv., því að nú hefur hann bjargað því; þegar hann hóf ræðu sína, var einn af meðmælendum frumv. fjarverandi, en hann hefir talað svo lengi, að nú eru allir viðstaddir. H. þm. spurði, hvernig hreppsnefnd eða bæjarstjórn ættu að úthluta; þær hefðu ekkert fje, af því það sæti fast í Söfnunarsjóðnum; en hann getur lesið svarið í 7. gr.; þar stendur, að þær skuli úthluta hálfum vöxtunum, og þessa upphæð geta þær tekið út úr sjóðnum á ári hverju og úthlutað henni. H. þm. bar fyrir sig helgi eignarrjettarins, eins og við síðustu umræðu, en hann gáir eigi að því, að ef þetta er brot á eignarrjettinum eða 50. gr. stjórnarskrárinnar, þá brjótum vjer helgi eignrjettarins á hverju einasta þingi; því að þá eru *allar álögur*, hverju nafni sem nefnast, brot á henni, allar þær sem eigi eru *alveg óhjákvæmilegar* til þess að velferð landsins sje borgið. Þegar h. þm. á sínum tíma fær eptirlaun úr landssjóði, held jeg að hann fari eigi að fást um, að það sje brot á 50. gr. stjórnarskrárinnar, að leggja gjöld í því skyni á landsmenn; að minnsta kosti hefir hann eigi fengizt um það hingað til, að eptirlaun til presta eða prestsekkna væri lögð á landssjóð; það er þó engin almenningsheill, sem þar liggur við; örvasa prestar og ekkjur presta gætu ógnarvel, rjett eins og örvasa vinnuhjú, farið á sveitina. Eg held landið stæðist fyrir því. Mjer þykir undarlegt, að h. þm. skuli vera að koma með slíka mótbáru gegn frv., en gá eigi að neinni kollision við eignarrjettinn, þegar kemur til presta og prestsekkna.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpið samþ. með 6 : 5 atkv. og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna (C. 225); 3. umr.

Friðrik Stefánsson: Frumv. þetta virðist að vísu í fyrsta áliti færa fram fagurt loforð um gjaldaljetti á landssjóði og niðurfærslu embættislauna, en þegar vel er aðgætt, þá er svo langt frá því, að það haldi þetta loforð, að það hefur í för með sjer 40 til 50 þúsund króna bein útgjöld á næstu 15 árum. Kennararnir, sem launin eru hækkuð hjá, fá strax hækkun á launununum. En hinir hálaunuðu embættismenn halda þeim launum, sem þeim

voru veitt, meðan þeir sitja í sömu embættum; svo lækkunin kemur ekki til greina fyrri, en þeir fara frá, enda er ekki við því að búast, að það verði tekið af neinum að orsakalausu, sem búið er að veita honum með embættinu. En nú eru flestir af hinum æðri embættismönnum á þeim aldri, að búast má við að þeir sitji ekki skemur að meðaltali en 15 ár enn. Þannig verða næstu 15 ár 42000 króna bein útgjöld af þessum lögum. Því verði þau samþykkt, má búast við að kennari læknaskólans fái 400 kr. launaviðbót, og yrði það þá 2800 kr. alls á ári. Lögin hefði verið aðgengilegri, ef það hefði verið ákveðið, að eins og engin breyting yrði á launum þeirra embættismanna, sem sitja að hærri launum sem lækka á, eins yrði engin breyting á launum kennaranna fyr en skipti yrði í embættunum, og hver þannig látinn hafa þau laun, sem hann er ráðinn upp á. En þessu er ekki að fagna. Það er mjög óviðkunnanlegt og ósanngjarnt, að leggja þungar álögur á þjóðina og verja þeim svo á sama þingi til að hækka embættislaun. Þjóðin býst sízt nú, þegar ástandið er eins og það er, við nýjum launabitlingum. Enda minnist eg þess nú, að h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) tók það mjög rjett fram, þegar tollmálið var til umræðu, að nauðsynlegt væri að viðhafa allan skynsamlegan sparnað, og vona eg því að hann greiði atkv. móti frv. þessu. Af þeim ástæðum, sem eg nú hefi tekið fram, greiði eg hiklaust atkv. móti frv. þessu, sem fer fram á óþarfa útgjöld í staðinn fyrir sparnað. Það tjáir lítt að segja, að útgjöld þau, er verða í bráð, muni vinna sig upp síðar, því hver er kominn til að segja, að þingið eptir 15—20 ár, þegar launalækkunin ætti að fara að koma til, verði á sama máli og þetta þing um að færa niður laun æðstu embættismanna? Það getur margt að hendi borið á því tímabili. Jeg álít því fyllstu skyldu mína, að vera á móti þessu frumv. Jeg játa fullkomlega, að kennararnir eru heiðarlegir og sumir þeirra ágætismenn, en það á samt alls ekki við að beita launabitlingum handa þeim af þeirri ástæðu, eins og aðaltilgangur þessa frv. virðist þó vera.

Sighvatur Árnason: Jeg er búinn að lýsa skoðun minni á þessu máli við fyrri umræðu þess, og skal jeg ekki endurtaka ástæður mínar nú. En jeg vildi að eins svara fáum orðum athugasemdum h. þm. Skagf. (Fr. St.). Hann fór að reikna saman þenna launaauka, sem fyrst í stað leiðir af þessum lögum, og komst að þeirri niðurstöðu, að útgjöldin yrðu 42 þúsundir á 15 árum. Látum nú vera að þessi reikningur hans sje rjettur, sem jeg efast um, en athugum þá nokkuð lengra fram í tímann. Jeg vildi því óska að hann hefði hugsað dálítið lengra og athugað þann tíma, sem kemur eptir að þessi 15 ár eru liðin, og launalækkunin fer alfarið að komast í kring; þá þarf ekki nema 7 ár til að jafna þenna halla; þá græðir landið þessar 42 þúsundir, eða hvað svo sem það er, aptur á einum 7 árum við þessi lög, og eptir 14 ár, eða önnur 7 ár til, eru komnar 84 þúsundir í ávinning. Þetta hefur h. þm. ekki reiknað. Þegar menn því hugleiða frumv. á báðar hliðar, og búast ekki við, að þingið fari að hringla í launalögunum aptur og aptur, þá virðist liggja í augum uppi, að lögin eru landssjóði til góðs eða talsverðra hagsmuna þegar fram í sækir.

Friðrik Stefánsson: H. þm. Rangv. (Sighv. Árn.) getur ekki sagt neitt um þetta, því að hann veit ekkert hvernig þingið kann að líta á launamál að 15 árum liðnum. Hann getur ekki staðhæft, að þingið verði þá á því að lækka hálaunin, og á þessu er því ekkert hægt að byggja. Þó að h. þm. sje vanur þingsetum, þá er ekki víst að hann sitji hjer á þinginu þá, nje eigi kost á að færa laun-

in þá niður að því skapi sem hann nú vill færa þau upp.

Jakob Guðmundsson: Þeir sem eru með því að hækka laun kennaranna, eru það af því, að þeir álíta það sanngjarnt. Þegar menn álíta, að þeir sjeu of lágt launaðir, og að sanngirni mæli með, að færa laun þeirra upp, þá er rjett að gera það, án tillits til, hvort önnur laun eru færð niður eða eigi. Það verður að byggja á sanngirninni út af fyrir sig. Eins er um lækkun hálaunanna. Þau eru færð niður af því, að menn álíta sanngjarnt, að þeim embættum fylgi eigi hærri laun. En það er ekki hægt að taka af mönnum þau laun, sem þeir eru búnir að fá skuldbindandi veitingu fyrir. Því getur þjóðin ekki ámælt þinginu fyrir það, sem er ómögulegt. Ef þjóðin játar sanngirni í þessu launafrumv., þá getur hún ekki orðið gröm, þótt það komist á. Jeg fyrir mitt leyti álít alla sanngirni mæla með því, að skipta jafnar milli embættismanna, og því greiði jeg atkvæði mitt með þessu frumv.

Árni Thorsteinsson: Jeg skal ekki vera langorður, en jeg vildi að eins lýsa því yfir, að hagsmunir þeir, sem þetta frv. veitir landssjóði, verða ekki eins miklir eins og sýnist, og ekki eins miklir og þeir hefði getað orðið, ef launin hefði verið grundvölluð á aldursviðbót. Mikið af þeirri óánægju, sem lýst hefur verið á launafyrirkomulagi landsins, er sprottin af því, að hinni eldri grundvallarreglu um aldursviðbót hefir verið fleygt. Jeg álít því, að ekki eigi að samþykkja þetta frumv., en við breyt. á þeim núverandi launalögum, taka heldur upp sömu reglu sem áður í launamálum, að láta aldursviðbót bæta kjör embœttismanna. Það er bæði notalegra fyrir embættismennina, og veitir landssjóði talsvert meiri hag en þetta frumv.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 7 : 3 atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Frumvarp til laga um myndugleika (C. 244, 270); 2. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg hef eigi neitt móti innihaldi þessa frumv., en það er að eins eitt atriði, sem jeg vildi leyfa mjer að leiða athygli h. þingd. að, nefnilega hvort það muni vera hentugt og hagkvæmt, að hafa aðra reglu um myndugleika hjer en í Danmörku. Það gæti opt atvikast svo, að það ræki sig óþægilega á.

Jón Ólafsson: Jeg get þess, að hinar fáu breytingar, sem jeg hef leyft mjer að stinga upp á ásamt öðrum h. þm., snerta ekkert efni málsins, heldur að eins málfærið. Jeg vona því að h. þingd. geti aðhyllzt þær, ef hún vill aðhyllast frv. Viðvíkjandi athugasemd h. 1. kgk. þm. (Jul. Havst.) um það, hvort heppilegt muni vera, að hafa aðrar reglur um lögaldur hjer heldur en í Danmörku, skal jeg taka fram, að jeg sje ekki nein vankvæði á því. Oss má standa á sama, hvort það er Danmörk eða önnur lönd, sem hefur önnur ákvæði um myndugleika heldur en vjer. Það er ekki fremur nauðsyn á fyrir oss eða nein ástæða til, að hugsa hjer um samræmi við Dani, heldur en við aðrar stærri og merkari þjóðir, sem vjer eigum mök við. Og flest önnur lönd í Norðurálfunni heldur en Danmörk og öll ríki Ameríku hafa lögaldurstakmarkið 21 árs aldurinn. Við eigum því í þessu sammerkt við meginhluta hins menntaða heims, ef við samþykkjum þetta frumv. Það er eins óþægilegt að reka sig á ákvæði allra annara landa, eins og Danmerkur einnar.

Jakob Guðmundsson: Það hefur opt leitt til ýmsra óþæginda, hve langt er fram til myndugleikaaldurs, þegar takmarkið er 25 ár. Það hefir opt komið fyrir, að menn hafa orðið að sækja um undanþágur og leyfi til að komast í vissar stöður, t. d. til að verða prestar, og ef eigi hefir munað um meira en 1—2 ár, hefir það jafnan fengizt. Jeg get ekki

kunnað við, að menn, sem komnir eru í prestsstöðu, sjeu ekki myndugir í fjármálum. Sá aldur, sem gerir menn hæfa til slíkrar stöðu, ætti líka að veita þann þroska, að menn sjeu færir um að vera yfirráðandi síns eigin fjár.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. till. (C. 270) samþ. með 7 samhlj. atkv.; 1. gr. frv. (C. 244) þannig breytt samþ. með 7 atkv.; 2. breyt. og 2. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv. hvor; 3. breyt. og 3. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv. hvor; 4. breyt. samþ. með 8 atkv.

Fyrirsögnin með áorðni breyt. samþ. með 9 : 2 atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 9 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um vexti (C. 244); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Báðar gr. frv. og fyrirsögnin samþ. hvað um sig með 7 atkv. samhlj. Málinu vísað til 3. umr. með 7 atkv.

Frumv. til laga um amtsráð í austuramtinu (C. 273); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Það er tvennt sem gleður mig, þegar jeg sje þetta frumv., það fyrst, að frumv. þetta sýnir, að h. flutningsm. (J. Ól.) er fallinn frá því, að vilja af nema amtmannaembættin, og það annað, að þetta kann ef til vill að leiða til þess, að Austfirðingar fái sjerstakt amtsráð. Í sjálfu sjer hefur ekki verið brýn þörf fyrir Múlasýslurnar hingað til, að hafa sjerstakt amtsráð fyrir sig, því að þeir hafa verið svo heppnir, að hafa í amtsráðinu mann, sem er mjög kunnugur högum þeirra, sem sje Einar í Nesi. *(J. Ól.*: Hann hefur víst aldrei komið í Suður-Múlasýslu). Er ekki Eyðaþinghá í Suður-Múlasýslu? Jú; Einar í Nesi þekkir fullt eins vel til í Múlasýslunum, þótt hann sje ekki fæddur þar, eins og sumir sem þar eru fæddir. *(A. Ó.*: Heyr!). En auðvitað er, að Einar í Nesi verður ekki ætíð í amtsráðinu.

En spurningin er einkum um það, hvort það er svo auðvelt að koma þessu á. Það er ef til vill hægt að skipta jafnaðarsjóðnum milli amtanna. En hvernig á að skipta búnaðarsjóðnum, sem mest er stofnaður af frjálsum samskotum? Á að skipta á milli þeirra amtsbókasafninu á Akureyri? Og hvernig á að skipta endurborgun brúarlánsins yfir Skjálfandafljót? Þannig eru það ýmsar stofnanir, ýmsar „Institutionir", sem standa í svo nánu sambandi við það ástand, sem nú er, að erfitt er að breyta á þann hátt, sem frumv. þetta gjörir ráð fyrir.

Svo get jeg heldur ekki fellt mig við frumv. sjálft. Eptir frumv. verður öðruvísi með tölu amtsráðsmanna í austuramtinu en nú á sjer stað; þannig geta í þessu nýja amti orðið 4 amtsráðsmenn (auk amtmanns), þar sem ekki eru nema 2 í hinum ömtunum, og ekkert ráð er gjört fyrir vara-amtsráðsmönnum. Það er líka hægra sagt en gjört, að taka eina sýslu úr suðuramtinu og aðra úr norðuramtinu og slengja þeim saman við þetta nýja austuramt. Austur-Skaptafellssýsla á ekki svo erfitt með að vera sameinuð suðuramtina, að full ástæða sje til að skilja hana frá því.

Það, sem jeg hef mælt, er ekki svo að skilja, að mjer sem amtmanni í þessu austuramti þætti nokkuð að því, að það kæmist á, eins og til ætlazt er í frumv. Jeg mundi ekki telja eptir mjer að fara austur á amtsráðsfund, því það er bæði skemmtileg ferð og fallegur vegur. En þar eð amtmaðurinn situr á Akureyri, verður ekki hjá því komizt, að brjef verði mjög lengi á leiðinni þangað úr Austur-Skaptafellssýslu.

Mjer er ekki ljóst, hver ástæða er til að bendla Norður-Þingeyjarsýslu við austuramtið. Jeg sje ekki, að hún standi í

meira sambandi við austursýslurnar, heldeu við Suður-Þingeyjarsýslu. Af þessu kynni að leiða glundroða, sem varla er hægt að komast yfir.

Jeg held yfir höfuð, að það væri betra, að fara annan veg, nefnil. þann, að fjölga amtsráðsmönnunum svo, að einn sje úr hverri sýslu, og kveða svo á um fundarstað amtsráðsins, að það sje haldið annað árið á Austurlandi, en hitt árið á Norðurlandi. Kostnaðurinn við þessa breytingu mundi verða mjög lítill, að eins þessar 2 kr., sem hver amtsráðsmaður fær á dag, auk ferðakostnaðar. Jeg vildi óska, að það yrði endalykt þessa máls, að þessi vegur væri farinn, og að þetta frumv. leiddi til þess, að þessi breyting fengist.

Enn er það, að málið er eigi neitt undirbúið. Ef nokkurt mál á að leggjast fyrir amtsráð og sýslunefndir til álita, þá er það þetta mál. En það hefur ekki verið gjört neitt í þá átt. Jeg veit, að sýslunefndin í Suður-Múlasýslu er áfram um að fá sjerstakt amtsráð, en um álit sýslunefndanna í Norður-Múlasýslu og Suður-Þingeyjarsýslu er mjer ókunnugt, og í Austur-Skaptafellssýslu er jeg allsendis ókunnugur.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg er þakklátur h. 1. kgk. þm. (J. Havst.) fyrir undirtektir hans undir þetta frumv. Jeg skal eigi fást um þýðingu þá, sem hann lagði í sambandið á milli þessa máls og annars máls, því jeg held, að þetta síðara mál eigi *svo* langt í land enn, að það muni ekki koma í bága við þetta mál, sem hjer liggur fyrir, að minnsta kosti ekki á þessu þingi. H. 1. kgk. þm. (J. Havst.) fannst það eðlilegt, að austuramtið vildi fá meiri hluttöku í amtsmálum. Þetta voru ástæðurnar til þess, að jeg bar þetta frumv. hjer fram, eptir áskorun kjósenda minna og samkvæmt beiðni sýslunefndanna í báðum Múlasýslum. Eins og af skjölum þeim má sjá, er hjer liggja frammi á lestrarsalnum, er það ekki að eins Suður-Múlasýsla, sem fylgir þessu frumv., heldur er áhuginn jafnmikill á málinu í báðum Múlasýslunum; þær hafa báðar beiðzt þess, að þær yrðu eitt amt ásamt með Norður-Þingeyjarsýslu og Austur-Skaptafellssýslu; en jeg vildi ekki fara svo langt, af því málið hafði ekki nógan undirbúning og mönnum er ekki kunnugt um, hvernig þær sýslur mundu taka því. Jeg þykist vita með vissu, að Austur-Skaptfellingar vilji þetta. En það er yfirsjón sýslunefndanna í Múlasýslum, að þær hafa eigi hlutazt til um, að hjer lægi fyrir álit sýslunefndanna í Norður-Þingeyjar og Austur-Skaptsfells sýslum. Enn fremur kveðast Múlsýslungar, eins og sjá má af þingskjölunum, vera fúsir á, að taka á sig allan þann kostnað, sem af skiptingunni kynni að stafa.

H. 1. kgk. þm. (J. Havst.) vakti athygli manna á því, að þetta fyrirkomulag, er frumv. fer fram á, væri ýmsum örðugleikum bundið; jeg skal játa það, að hjer eru nokkrir örðugleikar við að eiga; en jeg held þeir sjeu þó ekki ókljúfandi; jeg held það væri æskilegt, að fela landshöfðingjanum og amtmanni norður- og austuramtsins á hendur skiptin; jeg vona, að h. 1. kgk. þm. (J. Havst.) sje mjer samdóma um það, að skiptin sjeu lögð í hönd þeim.

Hvað búnaðarsjóðinn snertir, ímynda jeg mjer, að fá mætti sennilegan skiptigrundvöll í ábúðarhundruðum, lausafjárhundruðum og fólkstölu; jeg veit, að sýslurnar vilja leggja það í sölurnar, þó þær yrðu fremur útundan í skiptunum. Hvað bókasafninu á Akureyri viðvíkur, þá er jeg viss um, að Múlsýslungar afsala sjer því glaðir gjörsamlega; það hefur víst aldrei nokkur maður þaðan haft neitt gagn af því; en ef menn vildu sýna þeim þægð og tilhliðrunarsemi á móti, þá fydist mjer það ekki vera nema þægð á móti, að afsala þeim líka hlutdeild í skyldum við

Skjálfandafljótsbrúna (hlátur), sem austursýslurnar hafa alls engin not af.

Þar sem minnzt var á, að það væri ekki í samræmi við hin ömtin, að hafa 4 í amtsráði, þá skal jeg játa, að svo er, og skal sætta mig við það, þó því verði breytt, af því jeg líka veit, að sýslurnar mundu gera það, ef menn vilja þá ekki heldur breyta til í hinum amtsráðunum, svo að það verði eins í þeim. Jeg er alveg samdóma h. 1. kgk. þm. (J. Havst.) um það, að rjettast væri, að í hverri sýslu væri kosinn einn maður í amtsráð, en jeg þorði ekki að fara svo langt; jeg vildi að eins byrja með þessar 4 sýslur. En þyki hitt heppilegra, að breyta svona í öllum ömtunum, skal enginn gladari og fúsari ganga að því en jeg. Það má nærri geta, að jeg vilji ekki fyrirmuna öðrum ömtum það hagræði, sem jeg fer fram á að afla Austfirðingum.

H. 1. kgk. þm. (J. Havst.) sagði, að ná mætti þeim sama tilgangi með því að fjölga amtsráðsmönnunum; jeg skal játa, að með því móti má að *nokkru* leyti ná honum, en þó ekki að öllu. Því þó kostnaðurinn verði lítið meiri fyrir amtið, verður hann meiri fyrir amtsráðsmennina; það yrði þungbær kvöð fyrir þá, sem þyrftu, að fara langar leiðir og eyða til þess miklum tíma.

Að nokkrir örðugleikar verði með brjefaskipti úr Austur-Skaptafellssýslu til Akureyrar, skal jeg játa, að er satt, en jeg held, að þeir verði ekki meiri en í fjarlægustu hjeruðum í suður- og vesturamtinu; jeg veit eigi betur, en að póstur gangi rakleiðis austur að Höfða, og að þar taki annar póstur við norður til Akureyrar, svo mjer er nær að halda, að brjef yrðu skemur á leiðinni þangað, heldur en frá Reykjavík til fjarlægustu sveita í vesturamtinu. Jeg skal játa það, að ef það yrði ofan á, að fjölga tölu amtsráðsmanna, yrði mikil bót í því, en ekki munu beiðendurnir láta sjer það nægja. Jeg vil geta eins, að þeim mundi þykja vænt um, að fá að sjá sinn amtmann einu sinni á ári, og það mundi geta verið til hags fyrir báða: amtmaðurinn kynnist þá betur hag þeirra og þeir honum. Hvað því viðvíkur, að austuramtið hafi haft talsmann í amtsráðinn, skal jeg eigi neita því, að Einar í Nesi kann að hafa komið í Suður-Múlasýslu fyrir löngu síðan, en ekki held jeg, að hann hafi verið þar kunnugur; að minnsta kosti veit jeg það, að sú tilfinning lifir í báðum þessum sýslum, að þær sjeu hafðar útundan. Jeg vil minna menn á eitt atvik, sem kom fyrir ekki fyrir löngu; amtsráðið úthlutaði búnaðarstyrk, en veitti þessum sýslum ekkert af styrknum, af því engar skýrslur voru komnar frá þeim; en það var ekki hægt, að skýrslurnar kæmi í tæka tíð, sökum tímans, sem fundurinn var haldinn á. Þetta held jeg að ekki hefði komið fyrir, ef í amtsráðinu hefði setið maður, sem var vel kunnugur í þessum sýslum; að vísu er þetta að eins atvik, en það geta komið fyrir fleiri slík, og það er nóg til þess, að gera menn óánægða með sitt amtsráð. H. 1. kgk. þm. (J. Havst.) vildi ekki, að Norður-Þingeyjarsýsla og Austur-Skaptafellssýsla yrðu lagðar við hinar sýslurnar. En þetta á ekki að vera nema þær sjálfar vilji sameininguna. Ástæðan, að jeg þorði eigi skilyrðislaust að fara fram á, að þessar sýslur væru gerðar að einu amti, er sú, að jeg álít ekki nógu kunnugt, hvernig þessar 2 sýslur taka undir það. Hvað Austur-Skaptafellssýslu snertir, veit jeg reyndar, að þar er mikill áhugi á því, að sameina sig við Múlasýslurnar, og jeg er viss um, að ef þessar sýslur mættu ráða því sjálfar, mundu þær undir eins gera það. Það yrði til mikils hagnaðar fyrir Austur-Skaptafellssýslu, því hún á miklu betra með samgöngur austur á bóginn, en vestur á bóginn, af því miklar torfærur eru á milli hennar og Reykjavíkur.

Af þessum ástæðum vil jeg óska þess, að málið fái framgang; en hins vegar mun jeg ekki gera það að kappsmáli, þó frumv. verði breytt, ef ekki verður breytt aðalatriðum þess. Jeg hefði stungið upp á því, að nefnd yrði sett í málið, ef ekki væri svo langt liðið á þingtímann; að minnsta kosti vil jeg bera mig saman við h. 1. kgk. þm. (J. Havst.), svo málið verði sem bezt af hendi leyst.

E. Th. Jónassen: Ef ekki væri 2. gr. í frumv., mundi jeg gefa atkv. mitt með því, að minnsta kosti ef því væri nokkuð breytt. En eins og frumv. liggur fyrir, vil jeg ekki samþykkja það, því þar er gert ráð fyrir, að Austur-Skaptafellssýsla sje lögð undir norður- og austuramtið. Jeg veit að vísu, að einn maður í Austur-Skaptafellssýslu hefur barizt fyrir þeirri sameiningu bæði í ræðum og ritum; en jeg hef þar fyrir enga vissu fyrir því, að sýslubúar sjálfir vilji þá sameiningu. Þess vegna get jeg ekki gefið frumv. atkv. mitt. Að vísu stendur í frv. „*ef óskar*“, en það er óviðkunnanlegt, að leggja sýslu undir annað amt, án þess að leita áður um það álits sýslubúa. Mönner alls ekki sama um, í hvaða amti þeir eru. En máske jeg geti komið mjer saman við h. flutningsm. (J. Ól.) um að breyta frumv.; þá kann að vera, að jeg greiði atkv. með því.

Jakob Guðmundsson: Jeg hef á móti þessu frumv. í einu atriði. Mjer finnst það vera ósamræmi, að hafa fleiri amtsráðsmenn í þessu nýja amti, en í hinum ömtunum. Jeg fyrir mitt leyti vildi helzt, að það væri algild regla, að í amtsráði sæti einn maður úr hverri sýslu; jeg veit að þetta er almennur vilji manna. Mönnum er talsvert áhugamál að fá fjölmennari amtsráð eða þó heldur fjórðungsráð; að menn ekki vilja hafa amtmennina, er að eins til að spara fje landsins; en ef eyða þyrfti til fjórðungsstjóra jafnmiklu fje og til amtmannanna, þá er mjer sama, hvort nafnið þeir hafa. Þó vildi jeg heldur, að nafnið „amtsráð og amtmaður“ væri af numið og fallegra nafn kæmi í staðinn, eins og Monráð biskup, er hann barðist fyrir því, að Íslendingar fengju sjálfsstjórn, sagði, að rjettast væri að þeir fengju mann yfir sig, sem hjeti einhverju íslenzku, þjóðlegu nafni, sem Íslendingum geðjaðist að. Yfir höfuð hef jeg það mest á móti frumv., að ekki verður samræmi um allt land í ömtunum. Þess vegna get jeg ekki gefið því atkv. mitt.

Júlíus Havsteen: Jeg ætla að eins að gera stutta athugasemd út af orðum h. þm. S.-Múl. (J. Ól.). Hann sagði, að búnaðarfjelög í Múlasýslunum hefðu orðið útundan, er búnaðarstyrk úr landsjóði hefði verið útbýtt, af því skýrslurnar frá þeim um unnar jarðabætur, sem styrktarupphæðina skyldi miða við, hefði komið heldur seint; það hefur eins farið fyrir búnaðarfjelögum í hinum sýslunum, og auðvitað er, að eitthvert tímatakmark verður að hafa; amtsráðið hafði frestinn til þess að senda inn skýrslurnar eins langan og hægt var.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg held, þó liðið sje á þingtímann, að ráðlegast sje, að setja nefnd í málið, og í von um, að hún verði fljót með að leysa verk sitt af hendi, sting jeg því upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning samþ. með 7 atkv. og kosnir í nefndina:

Júlíus Havsteen	með	8 atkv.
Jón Ólafsson	—	7 —
E. Th. Jónassen	—	6 —

Fyrstu umr. frestað.

Frumv. til laga um breytingu á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum (C. 275); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg

hef komið fram með þetta frumv. af þeirri ástæðu, að þegar frumv. til viðaukalaga við lög 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum kom fram í h. deild, athugaði enginn, að þau ákvæði stóðu óhögguð í gömlu lögunum, sem snerta hin konunglegu póstskip (þar mun reyndar standa hið konunglega póstskip, af því póstskipið var þá eitt), svo þau eru alveg undanþegin þeirri tilsjón, sem önnur útflutningsskip eru undirgefin. Orsökin mun vera sú, að menn hafa, þegar lögin voru samin, hugsað sjer, að póstskipin myndu sjaldan flytja út menn, nema í farþegja rúmum. En reynslan hefur sýnt, að ekki er svo, því að útfarar eru á þeim *nær ávalt* fluttir út í lestarrúminu, án þess nokkur trygging sje fyrir því, að menn hafi þar nægilegt og gott andrúmslopt. Jeg hef sjálfur, sem umboðsmaður útflutningsstjóra, flutt fólk út á póstskipunum, og mjer blæddi í augum að sjá þann aðbúnað, sem það hafði í lestarúmunum; þar var svo fullt, að varla var hægt, að hreyfa hönd nje fót, og þó voru ekki nærri allir farþegar komnir í rúm sín; það gátu ekki einu sinni allir lagzt til svefns í einu, heldur að eins til skiptis; þá má nærri geta, hvernig andrúmsloptið hefur verið hjá öllum þessum sæg; mjer þótti það hart, að geta ekki haft neina tilsjón með þessu, og enga tryggingu fyrir því, að farþegarnir gætu haldið heilli heilsu. Þess vegna held jeg, að engum geti blandazt hugur um, að fullt eins mikil þörf sje á, að hafa tilsjón með útflutningi í þessum skipum og öðrum útflutningaskipum, ef mönnum þykir nauðsynlegt að hafa eptirlit með því, að farþegar hafi nóg rúm til að sofa liggjandi, og yfir höfuð nógu góða aðbúð til að halda heilsu sinni; jeg sje ekki, að það sje mætara, að stofna lífi manna í háska á póstskipunum en öðrum skipum. Þess vegna vona jeg, að h. deild verði þessu frumv. hlynnt, sem að eins miðar til þess, að póstgufuskip verði undir sömu umsjón og önnur útflutningaskip.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um breytingu á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 (C. 268); 1. umr.

Jakob Guðmundsson: Jeg hygg, að frumv. þetta, sem hingað er komið frá h. Nd., sje mjög nauðsynlegt. Eptir því sem sjá má á skjölum, sem liggja frammi á lestrarsalnum, og eptir því sem kunnugir menn hafa sagt mjer, liggja heiðar beggja vegna við þetta prestakall, sem eru mjög hættulegar yfirferðar á vetrum. Jeg álít því líklegt, að h. þingd. líti á nauðsyn þessara manna, sem hjer eiga hlut að máli, og lofi málinu að ganga fram.

Jón Ólafsson: Þó að frumv. þetta sje sprottið úr þeim hluta landsins, sem mjer ætti sjerstaklega að vera umhugað um, get jeg samt ekki gefið því atkvæði mitt, eins og það liggur hjer fyrir. Jeg er ekki á móti því, að Klippstaðarprestakall verði gjört að sjerstöku brauði; en hitt þykir mjer undarlegt, að sú brauðaskipun, sem gjörð hefur verið eptir tillögum hjeraðsnefndar í Norður-Múlasýslu fyrir að heita má mjög skömmu síðan, og þótti þá í alla staði tiltækileg, skuli nú vera orðin öldungis óhafandi og ómöguleg. Örðugt getur þetta nýja brauð ekki heldur orðið, því eptir því sem mjer er kunnugt munu 9 bæir alls vera í Klippstaðarsókn, en 3 bæir í Húsavíkursókn. En jeg skyldi ekkert vera á móti frumv. þessu, ef það væri kostnaðarlaust fyrir landsjóðinn. Þetta brauð var frá alda öðli sjerstakt brauð allt fram til 1880, aldrei bætt upp með einum eyri, og samt sem áður aldrei prestlaust. Er þá nokkur nauðsyn til að bæta það upp nú úr landsjóði með 200 kr.? Ef byggja skal á reynslunni, þá svarar hún: nei. Sem

sjerstakt brauð óuppbætt hefur Klippstaður fram til 1880 allt af gengið út, allt af haft sinn prest; og hvaða nauðsyn er þá fyrir hendi nú, þótt það verði nú aptur gjört að sjerstöku brauði, að fara að bæta það upp? Það *hefur* gengið út án uppbótar sem sjerstakt brauð, og eru því fullar líkur til, að það *muni* eins ganga út sem sjerstakt brauð. Svo mikið veit jeg og, að þeim, sem var þar síðast þjónandi prestur, vegnaði þar vel, þótt hann hefði engan styrk af landsjóði; jafnvel betur en mörgum þeim prestum, sem hafa tvisvar 200 kr. á öðrum brauðum. Bújörðin er viðurkennd ágæt, þótt hún kunni að vera nokkuð örðug, og þegar ekki eru nema 12 bæir í prestakallinu er ekki mikið að gjöra fyrir prestinn, svo að hann hefur góðan tíma til að stunda sitt bú. Að fara nú að bæta þetta brauð upp, er því að kasta út peningum alveg að nauðsynjalausu. Jeg hefði getað skilið, að farið væri fram á uppbót handa því, ef það hefði reynzt, að enginn prestur fengist þangað. En reynslan sýnir hið gagnstæða.

E. Th. Jónassen: Þetta frumv., sem hjer er nú til umr., er eitt af hinum mörgu dæmum þess, hve hrapað hefur verið að því, að búa til prestakallalögin frá 27. febr. 1880. Eptir tillögum hjeraðsnefndar, átti þetta brauð að skiptast upp milli nábúaprestakalla, en sú framkvæmd laganna átti að komast á við dauða prests þess, er nú var þar síðast, og ekki eru enn liðin 2 ár síðan hann dó. En samt get jeg sýnt skjöl fyrir því, að sóknarmenn, nábúaprestar, prófastur og hjeraðsfundur álíta allir það ástand óþolandi, sem nú er orðið á tjeðu prestakalli samkvæmt prestakallalögunum. Þetta sýnir, hve hrapað hefur verið að þeim lögum. Það er án efa alls eigi mögulegt fyrir nábúapresta að þjóna þessu brauði, svo að í nokkru lagi sje; brauðið er lítið og fámennt, og þótt jeg hafi heyrt, að bújörð prestsins sje allgóð, getur mjer ekki fundizt ósanngjarnt, þótt farið sje fram á, að bæta þetta prestakall upp með 200 kr., er jeg ber það saman við önnur brauð. Það hefur verið stefnan í prestakallalögunum, að jafna brauðin, og reyna að gjöra þau öll lífvænleg, og fremur má víst þetta brauð teljast lítið, þótt það fái 200 kr. uppbót. Það kann vel að vera, að einhver prestur kunni að fást þangað, en engin ástæða virðist til að gjöra þetta brauð miklu lakara en önnur. Það er svo lítil upphæð, sem farið er fram á, að jeg vona, að það standi ekki frumv. þessu í vegi. Þinginu ber að taka óskir safnaðanna til greina, og úr því þeir ekki geta haft viðunanlega prestsþjónustu án þess þessi breyting verði gjörð, er það skylda þingsins, að kippa því í lag.

Jakob Guðmundsson: Viðvíkjandi því, sem h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að bújörð prestsins væri góð, þá tek jeg það trúanlegt; en hann sagði líka, að hún væri örðug. Og sje hún örðug og kostnaðarsöm, þá munu það ekki vera nema einstöku búmenn af prestum, eins og reynslan er með bændur, sem ná úr henni þessum arði, þótt hún hafi mikið í sjer. Þetta tel jeg því nokkurn galla við jörðina.

Heyrt hef jeg, að Finnur Þorsteinsson, sem síðast var prestur á Klippstað, hafi haft 200 kr. uppbót *(J. Ól.:* Nei), og ekki mun hann hafa lifað í velsæld.

E. Th. Jónassen: Jeg vil gjöra þá athugasemd, að jeg veit ekki betur en Finnur prestur Þorsteinsson hafi dáið á Klippstað.

Jón Ólafsson: Jeg neitaði því ekki, að Finnur Þorsteinsson hefði verið á Klippstað, heldur hinu, að hann hefði haft 200 kr. uppbót; og þó að hann hafi eigi verið þar auðsældarmaður, er eigi sýnt, að það hafi verið Klippstað að kenna; hann

mun hvergi hafa verið búhöldur. Svo að það sannar ekki neitt. En sjera Jón Austfjörð var þar síðastur prestur á undan lögunum 1880, og vegnaði honum mæta vel.

Jeg hef ekkert á móti því, að frumv. þetta gangi til 2. umr.; en jeg er á móti því, að kasta fje út úr landssjóði að óþörfu. Úr því Klippstaður sem sjerstakt brauð hefur verið uppbótarlaust síðan kristni hófst hjer og allt þangað til 1880, og samt jafnan haft prest, er engin ástæða til að etast um, að það einnig muni ganga út nú, þó söfnuðinum verði gjört það að geði, að gjöra það að sjerstöku brauði aptur. Það er satt, sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði, að brauðið er tekjulítið því bæirnir eru svo fáir í prestakallinu. En það eru ekki ætíð beztu brauðin, sem eru tekjumest. Hin munu geta verið fullt eins affarasæl, sem eru hæg og lítil; og því minna sem presturinn hefur að gjöra í sínu embætti, því betur getur hann stundað bú sitt.

Forseti skýrði frá, að þm. Skagf. (Fr. Stef.) hefði fengið leyfi til að ganga af fundi.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 7 samhlj. atkv.

Frv. til laga um viðauka við lög um vegi 10. nóv. 1887 (C. 268); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Þetta frv. er að vísu eigi stórt á pappírnum nje að efni til, en það miðar til að breyta ungum lögum. En þótt svo sje, að frv. sje lítið, þá væri máske ástæða til, ef menn vilja láta frv. ná fram að ganga, að yfirvega betur lögin frá 10. nóv. 1887. En af því svo er liðið á þingtímann og mörg stór mál liggja fyrir þinginu, vil jeg ekki stinga upp á, að nefnd sje sett í þetta mál í því skyni. En viðvíkjandi frv. sjálfu, skal jeg taka það fram, að nokkuð mælir fyrir því, að það fái framgang, því 12. gr. laga 10. nóv. 1887 um breidd sýsluveganna er of bindandi, þar sem sýsluvegir eiga að vera 5 álna breiðir undantekningarlaust.

Þetta er óhentugt á ýmsum stöðum, enda nær þessi breidd vegarins ekki þeim tilgangi sínum, sem sje þeim, að lestir með klyfjar geti mætzt á veginum, því að það er jafnvel hart á því með póstvegi, sem þó eiga að vera 6 álnir á breidd. En mjer finnst ekki eins nauðsynleg breyting viðvíkjandi breidd hreppavega, því að lögin heimila, að þeir sjeu ekki breiðari en 3 álnir.

Á þessu stigi málsins skal jeg svo ekki tala meira um það, en vil leggja meðmæli með því, þótt lítið sje.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 5:3 atkv.

Tuttugasti og þriðji fundur, mánudag 29. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um varnarþing í skuldamálum og ýms viðskiptaskilyrði (C. 206, 247); 3. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg hef hlýtt á umræður manna um þetta mál, enda stutt það með atkvæði mínu allt til þessa stigs, þó ekki til þess, að gefa því nú samþykki mitt óbreyttu, heldur til þess, að menn ljetu meiningar sínar í ljósi um það, og í von um, að því yrði máske breytt til hins betra. Þetta frumv. er ekki stórt á pappírnum, en það er stórt í sjálfu sjer; það er ekki pappírslög, eins og styrktarsjóðsfrumv. *(A. Ó.:* rjett), og þetta fælir mig ekki frá að gefa því atkv.

Í þriðja lagi er frumv. einhliða, því það gengur nálega út á einungis að tryggja rjett annars málsaðila, en ekki hins. Í fjórða lagi er það hreint og beint nýmæli; það má heita stórmæli, að upphefja varnarþing manns, sem frá ómunatíð hefur verið í dvalarhreppi hans, og í þess stað flytja það um land allt hingað og þangað. En að því leyti, sem þessi lög eru ekki pappírslög, þá álít jeg vera mjög auðvelt

að framfylgja þeim, því lánveitandi þarf ekki annað en láta birta skuldunautnum stefnuna og boða hann heim til sín, og vitni þarf hann ekki annað en fletta upp viðskiptabókunum á búðarborðinu. Að mjer finnst málið vera einhliða er af því, að þar er næstum eingöngu tryggður rjettur lánveitanda, en ekki lántakanda; þetta álít jeg ekki rjett að tryggja ekki líka rjett þess, sem um skuldina er krafinn, því ekki er allt af víst, að hún sje rjett undir kominn. Menn vita dæmi til þess, að það hefur ekki allt af staðið heima, sem skráð hefur verið í viðskiptabókunum, og að óhlutvandir menn hafa stundum vaðið inn í reikninga annara manna. Ef nú svo stendur á, er ekki gott, að verða kallaður úr einum landsfjórðungi í annan, til þess að svara fyrir skuld, sem hann að rjettu lagi á ekki að borga; setjum að varnarþingið sje hjer, en skuldunautur norður á Akureyri; þá gæti honum orðið dýrt að verða að fara alla þessa leið til að standa fyrir máli sínu; jeg veit að vísu, að dæma má manninn fjarlægan, en nú er hans einasta vörn eiður, svo honum verður ekki kostnaðarlaust að sanna sakleysi sitt, ef hann er langt frá þinghá skuldarinnar. Þó vjer sleppum þessu, að eiðinn yrði að vinna í þeirri þinghá, sem skuldin er stofnuð í, en ef svo fer, að sá sem skuld er eignuð, getur sannað, að skuldin er ekki rjett, hvað fær hann þá fyrir ómak sitt? Jeg sje ekki, að nein ákvæði um þetta sjeu í frumv. *(J. Ól.:* Það liggur í hlutarins eðli, að hann fær fullan málskostnað). Kann vera, að svo sje, en í frumv. er það ekki tekið fram. Hvernig á að fara að, ef maðurinn, sem stefnt er, er dáinn? Hvað verður þá úr synjunareiðnum, þó á liggi? Hver getur þá fríað erfingjana frá rangri skuldakröfu með eiði? Jeg skal játa það, að það er gott, að tryggja rjett lánveitandans, gegn óskilvísum mönnum, en jeg álít fullt eins rjett að tryggja rjett lántakandans, af því skuldir eru ekki allt af rjett undir komnar. Í einu atriði enn þykir mjer frumv. ganga of langt í því, að tryggja rjett lánveitanda: að viðskiptabókin skuli gilda fyrir tvö vitni; jeg álít, að þó viðskiptabók sje löggilt, sje ekki ætíð allt sannleiki, sem í hana er bókað; menn vita það, að skuldir er ekki allt af handvissar og áreiðanlegar.

Þetta vakir fyrir mjer, svo jeg get ekki gefið frumv. atkv. mitt. Þar sem jeg minntist á, að þetta frv. væri sjerstaklega nýmæli, þá veit jeg ekki til, að þessu máli hafi verið hreyft meðal þjóðarinnar; svo verði þetta frumv. leitt í lög, verður það að landsmönnum fornspurðum. Mjer finnst eigi vera rjett, að koma fram með þýðingarmikil mál á þingi, án þess landsmenn viti nokkuð af, og án þess að vita undirtektir þeirra. Jeg fyrir mitt leyti hef hvergi heyrt menn út um land, austan, vestan, norðan og sunnan æskja eptir þessum lögum.

Af þessum ástæðum greiði jeg ekki atkvæði með frv.

Skúli Þorvarðarson: Frumv. þetta hefur mætt andmælum af fleirum ástæðum, sjerstaklega af þeirri ástæðu, að það væri til hagsmuna fyrir kaupmenn og þá menn, sem nefndir eru í 1. gr. frv. Jeg get ekki verið alveg á þessu máli. Jeg skal að vísu játa það, að fljótt á að líta virðist það vera kaupmönnum í hag, og álít jeg það engan galla, því ef frumv. yrði að lögum, mundu fleiri hafa hagnað af því en kaupmenn; því ef kaupmaðurinn næði fremur inn skuldum sínum hjá óskilvísum viðskiptamönnum, þarf hann ekki lengur að bæta sjer skaðann af óskilvísi þeirra með því, að leggja á verzlunarvörur sínar prósentur fyrir þær skuldir, sem hann á útistandandi ár eptir ár; þetta ætla jeg hinn skilvísi viðskiptamaður fái að borga fremur en hinn óskilvísi, og er það þó æði hart aðgöngu. Við þetta mundu skuldir minnka; en jeg sje ekki

neina skaða í því, þótt á fleira sje litið en hag kaupmanna. Jeg skal játa það, að mjer þykir nokkuð hart að skuldunauti gengið, er hann er kallaður frá heimili sínu þangað, sem skuldin er stofnuð, hve langt sem það kann að vera frá hans heimili; en hjer er bót í máli, að þetta gildir að eins fyrir tvo mánuði af árinu, og þeir mánuðir eru einmitt sá tími, sem menn helzt eru í ferðum til kaupstaða og fiskivera, og bezt er að ferðast, svo jeg ímynda mjer, að menn geti sameinað þessar stefnufarir við aðrar ferðir, og kostnaðurinn orðið mönnum því minni; líka held jeg, að þetta komi að eins fyrir þá óskilvísu viðskiptamenn, en að hinir skilvísu sleppi; því jeg held, að áreiðanlegir menn verði eigi fremur krafðir um lúkning skulda af kaupmönnum, þó þetta frv. verði að lögum, en nú. H. þm. Rangv. (S. Á.) kvaðst ekki treysta fullkomlega verzlunarbókunum fyrir rjettri reikningsfærslu. Jeg skal lítið tala um gildi þessara orða, en þó hefur frumv. hjer bót á því, sem nú gildir, þar sem það ákveður, að kaupmenn eða viðskiptamenn skuli hafa tvær löggiltar viðskiptabækur; ef nú er strax bókað það, sem út er tekið, og sá, sem móti vörum tekur, er með rjettu ráði, er honum hægt að líta í bókina og sjá, hvort rjett er bókað. Þegar sú bók er löggilt, verður engu breytt í henni, þá innfært er í höfuðbókina, og ef svo aðalbókinni ber saman við *kladann*, finnst mjer vera öll líkindi fyrir því, að ekki þurfi að rengja reikningsfærsluna. En komi það fyrir, sem h. 1. þm. Rangv. (S. A.) sagði, að menn í leyfisleysi vaði inn í reikning annara, ímynda jeg mjer, að menn muni eins geta fengið leiðrjetting á því, þó þetta frumv. verði að lögum, eins og nú; skuldunautur hlýtur að geta alveg eins vel sannað mál sitt eins og nú, undir öllum kringumstæðum. Enn fremur skil jeg ekki, að hinn kærði fái eigi kostnaðinn endurgoldinn, verði hann sýknaður.

Sem sagt, jeg verð að álíta, að þetta frumv. sje nauðsynlegt, til þess að bæta úr því, að óskilvísir menn eigi sleppi undan skuldum sínum, og baki lánveitendum skaða, því skilvís viðskipti manna á milli geta ekki fram farið í góðu lagi, nema hver og einn borgi skuldir sínar ráðvandlega.

Af þeim ástæðum, sem jeg nú hefi tekið fram, greiði jeg atkvæði mitt með frumv.

Friðrik Stefánsson: Við 2. umr. ljet jeg í ljósi álit mitt á þessu frumv., að mjer þykir það með öllu óaðgengilegt; þar er öðru megin tryggður rjettur, sem áður er fullkomlega tryggður með gildandi lögum, og menn eru ekki þeirra vegna í neinum sjerstökum vandræðum að innheimta skuldir. Hvað kaupmönnum viðvíkur, þá geta þeir látið skuldunauta sína skrifa undir svo kölluð skuldabrjef, og skuldbundið þá til að mæta fyrir gestarjetti, hvar helzt sem vera skal; en blaðamenn og bóksalar geta víst innheimt skuldir sínar eptir núgildandi lögum. En með þessu frumv. er hins vegar hið mesta rjettarrán í því að draga hvern mann, sem eitthvað kann að skulda, frá sínu varnarþingi.

H. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) tók óstinnt upp fyrir mjer við 2. umr. þessa máls, er jeg minntist á varnarþingin, og sagði, að betra væri að skilja það, sem maður færi með; en jeg verð að segja honum það, að jeg komst ekki til þeirrar viðurkenningar af orðum hans; því hann skilur ekki sjálfur hvað það er, að draga menn frá sínu varnarþingi, þar hann álítur, að það hafi að eins verið gjört með því, að stefna mönnum utan.

H. 1. þm. Rangv. (S. Á.) tók að öðru leyti fram þá galla, sem á frumv. eru, svo jeg þarf eigi að fjölyrða um þá.

Í einu orði að segja finnst mjer frv. vera flugumannlegt, því það stelst með yfirvarpi laga og rjettinda að varnarþingsrjetti manna; svo mjer dettur í hug það, sem Guðmundur ríki sagði um mann einn úr Austlendingafjórðungi á 11. öld, að hann væri manna flugumannlegastur, og þessi maður var Þorbjörn rindill. Var það svo, að h. þm. (J. Ól.) hlakkaði yfir óförum manna vorið 1887, og þar af leiðandi hallærislánum þeim, er menn tóku í Skagafirði? Jeg vil spá því, að Skagfirðingar verði eins fljótt lausir við skuldir síns og h. þm. (J. Ól.) sjálfur; jeg vil ráða þingm. til, að seilast ekki um hurðarás til loku. Það kann nú vel að vera, að þm. (J. Ó.) megi hjer trútt um tala, því snoturt bú hefur hann, það skal jeg játa; ekki hefur hann horfellt; en hvers vegna? Af því, að hann á ekki, svo jeg viti til, nokkra ferfætta skepnu til í eigu sinni, nema ef vera kynni einn kött; og furðar mig ekki á því, þó þingm. hafi ekki þurft að taka hallærislán vegna vanhalda á honum.

Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg treysti því, að h. deild láti eigi frumv. þetta komast fram, og læt svo úttalað um þetta mál.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): H. 1. þm. Rangv. (S. Á.) hafði ýmislegt að athuga við frumv. þetta, og kvaðst láta það í ljósi nú, til þess að menn gætu gjört breytingar á því þar eptir. Það var skaði, að hann skyldi eigi koma með það við 2. umr., meðan auðið var að taka athugasemdir hans til greina, heldur greiða þá orðalaust atkvæði fyrir frumv. grein fyrir grein. Nú hefur hann sjeð sig um um hönd; jæja, það kann að vera betra, þó um 11. stundu sje, og væri það eflaust, ef þessar athugasemdir væru á rökum byggðar. Jeg verð að játa, að mótmæli hans voru mjer eigi vel ljós. Hann taldi galla frumv. 4: fyrsti galli var, að það væri *einhliða;* annar galli, að það væri *nýmæli;* þriðji galli, að það væri *einhliða,* og fjórði galli, að það væri *nýmæli!* Jeg verð að halda mjer að þessari tví-ferningu: að það sje *einhliða* og *nýmæli,* og snúa mjer fyrst að þeim gallanum, sem hann kallar *nýmæli.*

Í sjálfu sjer er nú enginn hlutur hvorki verri nje betri fyrir það, hvort hann er nýr eða gamall, og sjeu nýjar ákvarðanir betri en aðrar eldri, þá mun naumast rjett, að hafna þeim fyrir þá eina sök, að þær eru nýjar.

Þingm. (S. Á.) sagði, að hin gildandi ákvæði um varnarþing hafi verið frá ómuna-tíð — dvalarhreppurinn hefði verið varnarþing manna frá ómuna-tíð. En hvað meinar þingm. með „ómuna-tíð"? Meinar hann, að það sje *svo* langt, sem *hann* man eptir sjer? Eða svo langt, sem *hann* þekkir rjettarsögu landsins? Jeg hugsa h. þm. (S. Á.) viti hvorki, hvað „ómuna-tíð" er, nje hvað í þessu efni hefur á ýmsum tímum verið lög í landi. H. þingm. ætti að lesa Sturlungu og aðrar fornsögur og forn lög hjá sínum h. sessunaut til hægri handar (Fr. St.); hann mundi geta frætt hann betur í þessu efni, svo hann talaði ekki eins og blindur um lit. Eptir Grágás voru vorþingin varnarþing og þau voru haldin sitt á hverjum stað. Jónsbók gerir að vísu breytingu á þessu, en eigi innleiðir hún heldur dvalarhrepps-varnarþingin, heldur eru það fyrst Norskulög, sem innleiða dvalarhreppinn sem varnarþing; það nær eigi lengra. Jeg vona, að 2. þm. Skagf. (Fr. St.) sjái, að það er eigi snefill eptir af varnarþingum Grágásar og Jónsbókar, þessum varnarþingum, sem *hann* er að berjast fyrir; þau eru undir lok liðin með danskri löggjöf frá 17. öld, Norskulögum Kristjáns V. Lengra nær þekking hans eigi, og lengra ná ástæður hans fyrir eldgömlu varnarþingunum eigi. En jeg vil segja honum meiri nýjung: við erum allt af að breyta varnarþingunum, og jeg held jeg megi segja, að hann hafi sjálfur

sjeð þeim breytt hjer á þingi, að minnsta kosti er h. þm. Rangv. (S. Á.) svo gamall, að hann hlýtur að hafa verið kominn á þing og vita til, að það hefur verið skipt hreppum í tvennt og þá stundum gjörð tvö varnarþing úr einu. Hvað er svo eptir af hinum *fornu* varnarþingum? Ekkert, ekki snefill! Alls ekkert annað, en hljómurinn, orðin í munni 2. þm. Skagf. (Fr. St.). Varnarþingin sjálf eru allt önnur en þau voru til forna. Að þetta frv. dragi nokkurn frá varnarþingi sínu, því verð jeg að neita; það breytir að eins að nokkru varnarþingum í einni tegund mála, en breyting á varnarþingi hefur svo opt verið gjörð í löggjöf vorri, eins og jeg þegar hefi sýnt.

Nú kem jeg að öðrum gallanum, sem h. þm. Rangv. (S. Á.) taldi á frumv., að það væri *einhliða*. Jeg játa, að mjer var eigi vel ljós þessi ástæða, sem þm. hafði á móti frumv., en mjer skildist helzt, að hún ætti að vera fólgin í því, að frumv. liti að eins á rjett skuldheimtumanns, en eigi eins á rjett skuldunauts. En jeg held þó, ef rjett er skoðað, þá tryggi það allt eins rjett skuldunauts, og geti verið til allt eins mikilla hagsmuna fyrir skuldunaut eins og skuldheimtumann. Allir þeir, sem hafa talað á móti frumv. þessu, hafa verið að æðrast yfir, að frumv. mundi *auka lánstraustið;* ergo: álíta þeir lánstraustið skaða; þar verður að skilja með mjer og h. herrum. Jeg hefi jafnan álitið, og hygg að flestir áliti, að því almennara og öruggara sem lánstraustið sje hjá hverri þjóð, því betur sje hún farin. En jeg vil spyrja þá, hvort þeir halda, að vjer *getum* komið í veg fyrir lán og samkeppni með lögum, þótt vjer vildum? Jeg held við getum það eigi og ættum eigi að reyna það. En annað getum vjer gjört með góðum lögum; vjer getum gjört óskilvísa menn hugsunarsamari og varkárari með að stofna sjer í vanda, og að því styðjum vjer meðal annars með þessum lögum. H. þm. sagði, að þetta frumv. væri að eins til hagsmuna fyrir skuldheimtumenn. En jeg segi: það getur verið til allt eins mikilla hagsmuna fyrir skuldunaut og jafnvel meiri í mörgum tilfellum. Jeg skal nefna eitt auðskilið dæmi, og það er ekki hugsað, heldur tilfelli, sem á sjer stað í raun og veru. Jeg á hjá einum útsölumanni Þjóðólfs austur í Rangárvallasýslu, sem h. þm. (S. Á.) ugglaust þekkti, ef jeg nefndi hann; það eru um 100 kr.; nú gæti jeg sætt lagi og heimt af honum skuldina með lögsókn einhvern tíma þegar hann væri hjer á ferð, ef þetta frumv. yrði að lögum, í staðinn fyrir að eptir núgildandi lögum verð jeg að senda málfærslumann austur eða fara sjálfur. Hvort halda hinir heiðruðu mótmælendur frumv. þessa að mundi verða honum kostnaðarsamara? Jeg vona þeim sje það ljóst, að sú aðferð, sem þetta frumv. heimilar, sje kostnaðarminni einmitt fyrir skuldunaut. Jeg gæti nefnt mýmörg dæmi máli mínu til sönnunar, en vona h. andmælendur mínir sjeu svo skilningsskarpir, að jeg þurfi eigi að lengja umræðurnar með því.

Þá kom hjá h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) ein röksemdin, sem átti víst að vera fjarskalega djúpsæ, þar sem hann spurði, hvernig ætti að fara að, ef maðurinn væri dauður; en jeg get ómögulega sjeð, hvað það gerir þessu máli til; ef hann er dauður, þá er hann og verður dauður alveg jafnt, hvort sem þetta frumv. verður að lögum eða ekki; það vekur engan upp frá dauðum og slær heldur engan í hel. Enn fremur áleit hann, að skuldunautur tapaði eptir þessu frumv. öllum sínum tilkostnaði og fyrirhöfn við málsreksturinn, þótt hann yrði sýknaður af skuldinni, af því að hann gæti sannað, að hún væri röng. En jeg get fullvissað hann um það, að þá gæti hann fengið skaðann endurbættan; það er engin hætta á, að hann fengi eigi sjer tildæmdan fullan

málskostnað. Enn var eitt, sem hann fann frumv. þessu til foráttu: að það vildi hafa verzlunarbækur löggiltar, til þess þær gætu verið til sönnunar fyrir skuld. Hann vill máske alls eigi hafa þær löggiltar. Og ef hann vill hafa þær löggiltar, til hvers vill hann hafa þær það? Eða hvaða þýðing leggur hann í löggildinguna? Jeg ímynda mjer, að löggildingin eigi að vera trygging fyrir, að það, sem einu sinni er bókað, því verði eigi breytt, nema bókin beri það með sjer; nú er alsiða að eins að löggilda aðalbókina, en eigi frumbókina (kladann), og er mjög títt, einkum fyrir utan Reykjavík, að eigi er innfært úr frumbókinni, nema með viku eða mánaðar fresti. Ef nú kladinn líka væri löggiltur, eins og frumv. fer fram á, þá væri miklu *meiri* trygging fyrir, að það, sem í bókunum stæði, væri rjett, heldur en nú er; því það, sem skrifað er í kladann, þegar hann er löggiltur, stendur þar, og því verður ekki breytt. En eins og nú er, má breyta öllu, sem vill, án þess það þurfi að sjást, ef það er að eins gert *áður* en fært er inn í aðalbókina.

H. 1. þm. Rangv. (S. Á.) sagði einnig, að viðskiptabækurnar ættu að vera eins gildar og 2 vitni. Hann verður að vera lögfróðari en jeg er, því jeg þekki það eigi, að nokkrum sje leyft að sverja fyrir það, sem 2 lögfull vitni bera; jeg get fullvissað þm. Rangv. (S. Á.) um það, að jafnvel *hann* mundi eigi fá að sverja slíkan eið fyrir nokkrum rjetti í konungsríkinu. Það sýnir, að viðskiptabækurnar eru eigi á við 2 vitni. Ef hann vildi miða við bækurnar sem vitni, ættu þær að vera sem eitt vitni, því skuldunautur má synja fyrir reikninginn með eiði eða koma með aðrar sannanir, t. d. 1 eða 2 vitni. Honum fannst það einnig hættulegt, ef annar maður tæki út í reikning skuldunauts; en jeg get fullvissað hann um það, og jeg vona, að hann geti sjálfur skilið það, að það er alls eigi meiri hætta á því, þó þetta frumv. nái lagagildi, heldur en nú er. Það er *kaupmaðurinn*, sem verður að sanna, að sá, sem tók út í reikning annars, hafi haft heimild til þess. (*S. Á.*: Það stendur ekki í frv.) Það er engin ástæða til þess, að taka það fram í þessu frumv.; það er svo margt, sem eigi er getið um í þessu frumv. og á eigi að standa þar, af því að það leiðir af almennum rjettarfarsreglum. Það stendur þar t. d. eigi, að dómum beri að fullnægja að lögum. Loks kom endahnúturinn hjá þm. Rangv. (S. Á.), sem hann lagði mesta áherzluna á, að ei væru komnar neinar bænarskrár frá landsmönnum um þetta, og því gæti hann eigi greitt atkv. með frumv.; en ef hann hefði hlustað með athygli á umræðurnar um þetta mál eða kynnt sjer skjöl þau, er liggja frammi á lestrarsalnum, þá hefði hann líklega eigi tekið svo djúpt í árinni, að engin bænarskrá væri komin um, að fá þessu máli framgengt. En þó svo væri, þó engin bænarskrá væri komin, þá held jeg hann yrði að slátra mörgu, ef hann vildi fylgja sömu reglu við öll frv. Hann yrði að byrja á öllum stjórnarfrumvörpum t. d.; engar bænarskrár hafa borizt um þau; þau yrðu öll að geymast til næsta þings; enn fremur yrði hann að stúta ýmsum nýmælum, sem bæði hann og aðrir þm. hafa komið fram með. Við þm. eigum líka að taka tillit til þekkingar og vitundar sjálfra okkar; vjer eigum að fylgja því fram, sem sannfæring vor segir oss, að sje til bóta, en ekki binda oss í blindni við bænarskrár frá landsmönnum. Það er í svo mýmörgum málum. Jeg verð því að skoða þessa mótbáru eins og hinar, sára þýðingarlitla.

Þar sem þm. Skagf. (Fr. St.) var að tala um skatt minn og tíund, þá er mjer ekki ljóst, hverja þýðing það hefur fyrir þetta mál, hvort jeg tíunda kött eða kind

eða ekki neitt. En eitt gott hefi jeg af því, að tíunda ekki lifandi pening: jeg get sagt honum það, að þeim, sem ekkert tíundar, er síður hætt við að *fella úr hor (sat sapienti!)* og því hefur horfellir aldrei þurft að buga bjargfastar skoðanir *mínar* í neinu máli. Stundum gjörir h. þm. líka eigi svo mikið úr tíundinni, þegar honum finnst allt færara um að bera álögur, en lausafjeð. Þá eru húseignir og aðrar eignir og tekjur kaupstaðarbúa fullt igildi skagfirzkra horgemsa. Það eina, sem sá þingmaður annars fjekk sannað með orðum sínum, var það, að hann hvorki skilur, hvað utanstefnur þýða, nje hvað varnarþing er eða hefur nokkru sinni verið; en til þess þurfti hann ekki ræðu að halda; því hefði jeg og aðrir trúað á hann, þótt hann hefði þagað.

Jakob Guðmundsson: Ef frv. þetta hefur alla þá kosti til að bera, sem meðmælendur þess hafa tekið fram að það hafi, bæði fyrir lánardrottinn og lántakanda, þá kunna margir að hneixlast á því, að það skuli vera einskorðað við vissa stjett manna, svo sem kaupmenn, lyfsala, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita o. s. frv. — en ekki látið ná til allra viðskipta manna í milli. Vjer vitum þó t. d., að sveitabændur hafa mikil viðskipti við sjávarbændur, selja þeim sveitavöru sína og fá aptur hjá þeim sjávarvörur. *(J. Ól.:* Þeir eru ekki skrifandi). Gjalddagur á þessum vörum í viðskiptum þeirra fellur opt og tíðum ekki saman, þannig, að hvor fyrir sig fær á stundum vöru hins fyrir sig fram upp á lán og lofar að borga hana aptur á vissum tíma. Jeg sje því ekki betur, en að þessir menn hafi hinn sama rjett eins og aðrir til að njóta þess rjettar, sem frv. þetta veitir þeim stjettum, sem til eru teknar í sjálfu frv.

Jeg tek undir með h. framsögum. (J. Ól.) með það, að vjer erum þingmenn allrar þjóðarinnar, og ekki einungis þeirra stjetta, sem nefndar eru í frv.; það er þess vegna skylda mín, sem þingmanns, að stuðla að því, að allar stjettir verði aðnjótandi þeirra gæða, ef nokkur eru, sem frv. þetta hefur í sjer fólgin. En jeg er nú ekki eins sannfærður um þessa kosti frv., eins og meðmælendur þess; en sjeu þeir til, eiga þeir að vera til fyrir alla.

H. framsögum. (J. Ól.) greip fram í fyrir mjer og sagði, að sjómenn og bændur væru ekki skrifandi, og meinti víst með því, að þeir gætu ekki skrifað undir skuldbindingar, og þá með öðrum orðum ekki lesandi, til að geta sjeð, hverjar skuldbindingar þeir gangast undir. En jeg skal fullvissa h. þm. um, að bændur eru ekki síður læsir á skript og skrifandi, heldur en ýmsir í þeim stjettum, sem frv. gefur þann rjett, sem í því er. En þessi stjettaskipting í frv. gjörir það að verkum, að jeg hef ýmugust á því, og mun greiða atkv. móti því.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): H. þm. Dal. (J. Guðm.) fann það að frv. þessu, að það skuli ekki ná til allra stjetta. En þessu vil jeg svara því, að það er margt í löggjöfinni, sem svo er lagað, að það getur ekki náð til allra stjetta, því að ýms skilyrði vantar, sem útheimtast til þess. Jeg skal minna h. þm. (J. G.) á, að í dag var hjer í deildinni útbýtt frv. til laga um dagbókarhald á íslenzkum skipum. Vill nú h. þm. (J. G.) hafna þessu frv. af því, að það leggur ekki sjómönnum, sem róa út á opnum bátum sínum til að vitja um grásleppunet, þá skyldu á herðar, að halda og rita í dagbók? Það er ósköp eðlilegt, að þeim, sem róa út í grásleppunet, er ekki lögð þessi skylda í herðar, því það er engin vissa fyrir, að þeir sjeu færir um, að gjöra það — ekki einu sinni fyrir, að þeir sjeu skrifandi. Á sama hátt er engin trygging fyrir því, að þeir sem fara með nokkur pd. af gráðasmjöri til sjávar og kaupa fyrir nokkra þorskhausabagga, sem þeir reiða heim aptur, sjeu færir um, að skrásetja kaupin á

pappír. Það er því eðlilegt, að frv. leggur eigi slíkum mönnum á herðar að hafa löggiltar viðskiptabækur; það er eðlilegt, að binda ákvæði frumv. þessa við þá menn, sem stunda viðskipti sem atvinnu.

Sighvatur Árnason: Jeg skal ekki elta framsögumann (J. Ól.) út í alla þá heima og geima, sem hann fór í ræðu sinni; en jeg vil að eins leiðrjetta það, sem hann hefur rangskilið og snúið út úr orðum mínum. Það er hjer, eins og optar, að „vandratað er meðalhófið", að ekki sje gjört of mikið eða of lítið að á aðra hvora hönd; en mjer finnst, að h. framsögum. (J. Ól.) hafi gjört sig sekan í, að tala of mikið í þá átt, að reyna að ná þeim tilgangi sínum, að frumv. þetta fái framgang. Hann bar mjer á brýn, að jeg hefði haft orð um, að koma með breytingar við frumv. En það hef jeg aldrei talað, heldur hitt, að jeg hefði gefið frv. atkvæði mitt við 2. umr. til þess, að hægt væri að ræða málið, upplýsa það og breyta því til batnaðar. Jeg taldi víst, að frv. mundi fá einhverjar umbætur, af þeim, sem einhuga eru um nytsemi þess. En sem sagt, úr því þessar umbætur ekki eru fram komnar, get jeg ekki á þessu seinasta stigi málsins gefið því atkv. mitt.

Þar sem jeg í ræðu minni sagði, að með þetta frumv. hefði verið farið á bak við þjóðina, þá svaraði h. framsögum. (J. Ól.) með því, að vitna í stjórnarfrv. Jeg hygg þó, að h. þm. viti, hvernig ganginn er með þau frv., að það er ekki á landsmanna valdi, að ráða þeim og bera þau undir álit þjóðarinnar; þau koma úr annari átt, enda eru landsmenn óánægðir yfir þeirri aðferð.

Að jeg sagði, að viðskiptabókin gengi fyrir tvö vitni eptir frumv., þá meinti jeg það með því, að í vorum rjettargangsmáta þarf tvö vitni til að sanna sök sína, en þar í móti á bókin einsömul að duga til sönnunar eptir frumv.

Það var og ýmislegt annað, sem h. framsögum. (J. Ól.) tók fram til að hnekkja meiningu minni, og skal jeg ekki fara í eltingaleik við hann um það, því það tekur því ekki, þar sem jeg á hinn bóginn þykist sjá fram á forlög þessa frv.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg sje ekki betur, en að þessi síðasta ræða h. þm. Rangv. (Sighv. Á.) sje frv. til meðmælingar. Hann segist hafa greitt atkv. með frv. við aðra umræðu (allt svo grein fyrir grein), *af því, að hann hafi ekki treyst sjer til að koma fram með breytingar til bóta.* Það má vera mjög gott, sem h. þm. Rangv. (Sighv. Á.) treystir sjer ekki til að bæta, og tek jeg því þetta sem yfirlýsing um, að breyt.till. nefndarinnar sjeu fullnægjandi.

Um það, hvað það sje að tala of mikið eða of lítið, skal jeg ekki þrátta við h. þm., en þess vil jeg að eins geta, að það virðist augljóst, að sá maður, sem slær því fram, að varnarþing hafi verið bundið við dvalarhrepp frá ómunatíð, en sýnir um leið, að hann hefur eigi hugmynd um, hvað varnarþing er eða hvað ómunatíð er, sá þingmaður talar heldur mikið.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt með 6:5 atkv.

Frumv. til laga um breytingu á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um breytingu á sömu tilskipun (C. 249, 284); 2. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg hef leyft mjer að koma fram með breytingartillögu, sem er byggð á því, að jeg ímynda mjer, að frumv. þetta nái ekki tilgangi sínum, eins og það er, með því að það mundi bægja mönnum frá, að koma böggulsendingum með póstum, ef burðargjaldið yrði svona hátt, eins og frv. fer fram á. Mjer hefur því hugkvæmzt, að stinga upp á meðalvegi milli þess, sem nú er, og þess, sem frumv. fer fram á. Nú er 30 aura

burðargjald á hverju pundi, en eptir breytingartill. mundi verða 60 aurar á pundið, og álít jeg, að það muni nægja til þess, að aptra mönnum frá, að hrúga óþarfasendingum á póstana á vetrardag, sem jeg játa, að geti verið mjög óhentugt í ófærðum og illum veðrum. Breytingartill. er svo auðskilin, að jeg þarf eigi að fara fleiri orðum um hana, að minnsta kosti að sinni.

E. Th. Jónassen: Jeg er hræddur um, að þetta frv. nái ekki tilgangi sínum, ef breyt.till. þessi verður ofan á. Tilgangur frumv. er sá, að koma í veg fyrir óþarfa-sendingar með landpóstum, sem hindra ferð póstsins, og tefja þannig nauðsynleg brjefaviðskipti. En sje að eins bætt 15 aurum við það burðargjald, sem er, verður munurinn svo lítill, að menn mundu senda böggla sína eptir sem áður. Gjaldið verður að vera svo hátt, að það verulega fæli menn frá óþarfa-sendingum. Jeg hef sjálfur verið póstafgreiðslumaður, og er því kunnugt um, hvað sent er. Menn hafa sent alls konar óþarfa-varning, kassa og öskjur, sem vega ekki nema 2—3 pd., en fylltu hálft koffort. Það þarf því einatt að fjölga hestum með ærnum kostnaði; póstar komast ekki leiðar sinnar, og eru í vandræðum með að fá hey að vetrarlagi, og fyrir þetta allt kemur svo sem ekkert endurgjald. Jeg get því ekki verið með því, að færa till. frumv. niður úr 25 í 15 aura.

ATKVÆÐAGR.: 1.—2. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.; breyt.till. (C. 284) við 3. gr. felld með 6 : 5 atkv.; 3. gr. óbreytt samþykkt með 7 samhlj. atkv.; 4. gr. samþ. með 8 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 7 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 8 samhljóða atkv.

Tuttugasti og fjórði fundur, þriðjudag 30. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um lögaldur (C. 287); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. orðalaust með 10 atkv., og endursent neðri deild.

Frumv. til laga um vexti (C. 244); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. orðalaust með 8 atkv. og síðan sent landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum (C. 275); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv.greinin og fyrirsögnin samþ. hvor um sig í einu hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 (C. 268, 288); 2. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg get ekki verið samdóma þessari breyt.till. (C. 288), sem fram er komin við þetta frumv., því að jeg álít það vera byggt á fullum rökum eptir ásigkomulagi þessa brauðs, að h. Nd. ætlast til, að því verði lagðar 200 kr. Eptir því brauðamati, sem gjört var 1878, og sem var byggt á 5 ára tekjum prestakallanna að meðaltali, er þetta brauð metið 555 kr. 94 aura, en eptir brauðamatinu næst á undan, frá 1868, er það metið 269 rdl. 1 sk., og er þannig talið mjög fátækt brauð og haft í 4. flokki. Þó bújörðin tje talin að vissu leyti góð, þá hefur hún tvo annmarka. Annan þann, að túninu er mjög hætt við kali, og gefur þá ekki af sjer næsta ár á eptir meira en 30 hesta af töðu. Hinn ókosturinn er sá, að bújörðin er mjög erfið. Og þegar ekki eru nú nema 12 bæir í prestakallinu, og þar af leiðandi ekki mannmargt, liggur í

augum uppi, að prestakallið er mjög tekjulítið í samanburði við önnur brauð í Múlasýslum. Það er því mjög sanngjarnt, að bæta þetta brauð upp og gjöra dálitinn jöfnuð á því við önnur brauð, og má þá uppbótin ekki vera minni en 200 kr., eins og frumv. fer fram á.

Jeg vona því, ef breyt.uppást. verður ekki tekin aptur af uppástungumanni, að hún verði ekki samþykkt, því að brauðið er án uppbótarinnar mjög ljelegt.

Jón Ólafsson: Jeg get ekki orðið við þeim tilmælum um að taka aptur þessa breyt.till., því jeg er eins sannfærður nú eins og áður um, að hún er á rökum byggð. Jeg efa það alls eigi, sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði. að Klippstaður er tekjulítill og tekjuminni en önnur brauð í Múlasýslum; en er þá nokkurt brauð í Múlasýslum, sem er í sjálfu sjer eins umfangslítið og gefur prestinum eins góðan tíma til að stunda búskap sinn, eins og einmitt Klippstaður? Ef h. þm. vilja gjöra sjer það ómak, að líta á beiðni sóknarmanna um, að fá Klippstað gjörðan að sjerstöku brauði, sem liggur frammi á lestrarsalnum, þá geta þeir sjeð, að þeir segja, að fái Klippstaður ekkert tillag af landsjóði, munu þeir *sjálfir* sjá sjer fyrir presti samt. Og jeg er viss um, að þeir *geta* efnt það, án þess að leggja prestinum einn einasta eyri frá sjálfum sjer. Það er heldur enginn hörgull nú á prestum og prestaefnum, svo að líkur geti verið til, að Klippstaður verði ekki þeginn uppbótarlaust; enda hefur þingið þá allt af á valdi sínu, að bæta hann upp, ef *reynslan* skyldi sýna hið mótsetta. Enda mun sóknarmönnum hafa veitt örðugt að fá þingmenn sína til að bera upp og fylgja fram því, að bæta Klippstað upp af landsjóði, og annar þeirra sagði það við mig, að hann hefði lýst því skýrt yfir, að hann skyldi fylgja því máli, að Klippstaður yrði gjörður að sjerstöku brauði, en alls eigi mæla með, að hann fengi uppbót af landsjóði, því að hann áliti þess enga þörf.

Arnljótur Ólafsson: Þrátt fyrir ummæli h. þm. Sunnmýlinga (J. Ól.) ætla jeg rjett vera, að breyt.till. þessi falli. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) hefur sýnt, að tekjur brauðsins, þá er vel lætur í ári, nemi rúmum 550 kr. að eins. Nú vil jeg spyrja h. þm. Sunnmýl. (J. Ól.): Hefur nokkur embættismaður svo litlar tekjur, að eigi nemi meiru en 550 kr. á ári, þótt hann hafi lítið að gjöra? *Nomina sunt odiosa;* en jeg gæti tekið til ýms hæg embætti, er fylgja þó mikil laun. Þótt Klippstaður sje lítið brauð og hægt, er eigi víst, að prestur þar verði góður búmaður. Svo mun það og heldur eigi vera tilætlun manna, að prestar skuli lifa að eins af búskap sínum, þótt búskapur sje góður með og nauðsynlegur, með því að laun presta eru lág að jafnaði.

Jeg get því eigi álitið tilhlýðilegt, að narta þessar 200 kr. af brauði, er svo lágt er og tekjulítið. *(J. Ól.:* Það hefur aldrei haft 200 kr. uppbót). Jú, h. þm. Sunnmýl. (J. Ól.) ætti að vera kunnugt um, að síðasti prestur þar, síra Finnur Þorsteinsson, hafði um mörg ár 200 kr. bráðabyrgðar-uppbót, og mundi hann ekki hafa fengið það fje, ef eigi hefði verið álitin full nauðsyn til bera.

Af því h. þm. Sunnmýl. (J. Ól.) er svo vel að sjer í stjórnarskránni, vil jeg benda honum á 45. gr. hennar. Þar stendur, að hið opinbera eigi að styðja og vernda hina evang.-lútersku kirkju; en það kalla jeg ekki að *styðja* þjóðkirkjuna, að kippa þessum 200 kr. af svo fátæku og vesölu brauði, svo það verði að standa prestslaust um ótiltekinn, en langan tíma.

Mjer virðist og heldur eigi tilhlýðilegt, að Ed. nemi burt þennan uppbótarstyrk, úr því h. Nd. hefur samþykkt að veita hann. Jeg vona því, að h. uppást.-maður (J. Ól.) taki aptur þessa breyt.till.,

eða að minnsta kosti haldi henni ekki fast fram; því að hún er að mínu áliti einna ósanngjörnust af öllum þeim till., sem sá h. þingm. (J. Ól.) hefur komið með.

Jón Ólafsson: Jeg á bágt með að skilja, hvaða samband á að vera milli 45. gr. stjórnarskrárinnar og þessarar breyt.till. Það er *ekki* sannað, að þetta brauð þurfi neins tillags, — reynslan hefur meira að segja *gagn*-sannað það! — og ef á að fara að leggja til þess fje „til þess að efla þjóðkirkjuna", þá mætti eins álykta, að nauðsynlegt væri að leggja fje til stærstu og beztu brauða „til þess að styðja þjóðkirkjuna".

Mjer virðist það undarlegt, að fara nú upp úr þurru að veita fje til brauðs, sem aldrei hefur haft það fyr. Þótt síra Finnur heitinn kunni að hafa haft 200 kr. lausatillag, sem jeg ekki skal rengja, þá sannar það alls ekki, að *brauðið* þurfi þess með, því að hvar sem síra Finnur hefði verið, var hann aldrei búmaður, og hefði líklega þurft „tillag", þótt hann hefði verið á Laufásbrauði, Reykjavíkurbrauði eða hverju feitasta brauði landsins, sem vera skal.

Það er satt, sem h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) segir, að *nomina sunt odiosa;* en jeg vil spyrja h. þm. (A. Ó.), hvort hann og aðrir ekki áður hafi talið ýms brauð vel lífvænleg, sem sumir þó ekki hafa getað þrifizt nje lifað á? Slíkt kemur ekki upp á þá upphæð, sem brauðið gefur af sjer í hreinum tekjum, heldur er það mjög undir bújörðinni komið. Eða til hvers er verið að útleggja prestunum bújarðir, ef það er ekki meiningin, að þeir búi? Presturinn í því brauði, þar sem ekki eru nema 12 bæir, hefur sannarlega ekki svo mikið að gjöra í embættinu, að hann hafi ekki nægan tíma afgangs til að hugsa um búskapinn. Það er prestinum sjálfum að kenna, ef hann ekki getur búið. Menn, sem ekki geta búið, ráða því sjálfir, hvort þeir sækja um Klippstað. Það er fjöldi, ef ekki hávaði brauða, sem eru lífvænleg einmitt vegna bújarðarinnar, og eitt af þeim er einmitt Klippstaður.

Það er mjög varhugavert, að vera að umturna prestakallalögunum 27. febr. 1880 alveg að þarflausu, án þess nokkur reynd sje á komin, að prestur fáist eigi. Þessar lagabreytingar taka engan enda. Jeg man ekkert þing, síðan þessi lög komust á, svo, að ekki hafi streymt inn beiðslur og bænarskrár um breytingar á þeim. Eitt af tvennu hlýtur að vera: annaðhvort hefur undirbúningur þess máls verið mjög fáráðlegur, og það get jeg eigi ætlað, þar sem bæði leikmenn í hjeruðunum, prestar, prófastar og stiptsyfirvöld lögðu sitt til undirbúningsins, eða þá, að alþýðan er mjög hviklynd. Og það er einmitt alþingi, sem elur slíkt kviklyndi upp í alþýðunni og enda vekur það. Því meira sem við látum undan ástæðulausum beiðslum, því fleiri bænir renna inn á þingið. Fyrir hver lög um breyting á prestakallalögunum, sem við samþykkjum, drögum við 10—12 bænarskrár inn á lestrarsalinn.

Ef það síðar kynni að koma fram, að enginn fengist í þetta brauð, þá má vel vera, að jeg liti öðruvísi á málið. En jeg vil ekki *að óreyndu* gjöra leikspil til, að kasta út fje úr landsjóði.

Jeg tek því ekki breyt.till. mína aptur, og það því síður, sem h. Nd. var alls ekki á eitt sátt um þetta. Ef það á nokkurstaðar við, býst jeg við það gildi um þetta frumv., að Nd. yrði fegin, ef við klipptum af því — þessar 200 kr., — enda bæri þá *Klipp*-staðurinn nafn með rentu.

E. Th. Jónassen: H. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að hann mundi ef til vill vera með þessu máli seinna, ef það kæmi fram, að enginn prestur fengist á Klippstað. En er hann viss um, að sá tími, sem þarf að líða meðan beðið er átekta,

gjöri það ekki að verkum, að brauðið verði enn verra, en það nú er, svo að 200 kr. uppbót nægi ekki? Ef búskussar byggi á jörðinni í ein 8—10 ár, þá er ekki ómögulegt, að hún skemmdist svo, að hún mætti ekki framar góð heita, og þyrfti landsjóður þá kannske að leggja fram 400 kr. árlega, í stað 200 kr. nú. Jeg álít miklu hyggilegra, að bæta brauðið upp nú þegar með 200 kr., og er þá von um, að prestur fáist bráðlega, og þurfi eigi síðar að bæta brauðið upp meira. Jeg legg því til, að samþykkja frumv. Nd. óbreytt. Í þeirri þingd. sitja ýmsir menn, sem eru víst fullt eins kunnugir, hvernig til háttar á Klippstað, eins og þingm. í þessari h. deild.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 288) felld með 7 : 4 atkv.; frv.greinin (C. 268) samþ. með 7 : 4 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 9 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 7 : 4 atkv.

Frumv. til laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl. (C. 281, 284, 287, 305); 3. umr.

Framsögumaður meiri hlutans (E. Th. Jónassen): Á þingskj. 227 (C. 284) eru nokkrar breyt.till. frá meiri hluta nefndarinnar, og held jeg þurfi eigi mikið um þær að tala. Breyt. sú, sem nefndin hefur viljað gjöra við 1. gr. frv., er að eins orðabreyt. Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að hjer er dálítil prentvilla; það stendur á skjalinu undir tölul. 2, að breyt.till. sje við 3. gr., en á að vera við 2. gr. frv.; og hvað snertir sjálfa breyt., þá er hún ekkert annað en eðlileg afleiðing af því, að 1. gr. frumv. var felld í burt. Breyt. undir tölul. 3 við 4. gr. er að eins orðabreyt., að í staðinn fyrir „skip“ komi „kaupskip“; og loks er breyt. undir tölul. 4 við 5. gr. eigi annað en afleiðing af, að 1. gr. fjell burtu.

Jeg skal því næst koma að breyt.till. á þingskj. 234 (C. 287). Breyt. undir tölul. 1 við 1. gr. frumv. get jeg með engu móti fallizt á; mjer finnst sú breyt. raska meining þeirri, sem meiri hlutinn vill að liggi í greininni, og breyt. undir tölul. 2, að bæta inn í 3. gr. orðunum: „án samþykkis bæjarstjórnar eða sýslunefndar“, verð jeg einnig að vera alveg mótfallinn, af því mjer finnst bæjarstjórnir og sýslunefndir alls eigi ættu að blanda sjer í þess konar. Hvað snertir 3. og síðustu breyt., þá hef jeg ekkert á móti henni; því, eins og tekið var fram áður, gátu lög þessi eigi átt við Reykjavík.

Jeg skal þá að síðustu fara nokkrum orðum um breyt.till. hæstv. landshöfðingja á þingskj. 240 (C. 305). Breyt. við 1. gr. álít jeg sje til bóta, og sömuleiðis að fyrri kafli 2. gr. sje betur orðaður í breyt.till. hæstv. landshöfð. en í frumv. Þar á móti er jeg í efa um, að það sje heppilegt, að síðari hluti greinarinnar falli burt, eða að ákvæðinu um endurgjaldið verði eigi skotið til amtmanns; en annars kunna deildar meiningar að vera um það. Hin fyrri breyt.till. við 4. gr. undir stafl. *a* er til bóta, og gjörir greinina skýrar orðaða og greinilegri; en hina síðari till. undir stafl. *b* þorði meiri hluti nefndarinnar eigi að koma með, af því hann var hræddur um, að það kynni að verða því til fyrirstöðu, að frumv. yrði samþ.; hann áleit þau ákvæði nokkuð hörð; en þegar hæstv. landshöfð. heldur, að þau ákvæði megi standa, verður meiri hlutinn eigi á móti því. Breyt.till. undir tölul. 4 er jeg og meiri hluti nefndarinnar samþykkur.

Landshöfðingi: Jeg hef leyft mjer að koma með nokkrar breyt.till. við frv. þetta, sem fæstar eru efnisbreyt., heldur mest orðabreyt. Viðvíkjandi breyt.till. við 1. gr., þá fer hún fram á lítilfjörlega efnisbreyt., með því að kippa burtu orðunum: „þar sem svo hagar til, að mikill hluti kaupstaðarlóðarinnar er eign ein-

stakra manna eða fjelaga". Þeim er kippt burtu af því, að sams konar ákvæði koma í fyrri kafla 2. greinar, það er að segja: þessu ákvæði er kippt burtu úr 1. gr. og skotið inn í 2. gr., raunar eigi með sömu orðum, en með orðum, sem jeg held að nái því sama, sem nefndin eða meiri hluti nefndarinnar hefur hugsað sjer. Breyt. á fyrri kafla 2. gr. er engin efnisbreyt.; aptur á móti er það efnisbreyt., að nema burtu síðari kafla greinarinnar. Jeg hef farið fram á þetta af því, að jeg satt að segja treysti amtmanni eigi til þess, að vera yfirdómstóll í þess konar málum; jeg held amtmennirnir geti eigi haft næga þekking til þess að dæma um, hvort mat á lóð, sem liggur langt frá heimili þeirra, sje rjett eða eigi. Mjer finnst líka óviðkunnanlegt, að þess konar matsgjörð af óvilhöllum mönnum megi breyta af stjórninni, heldur ætti betur við, að hafa yfirmat, ef menn væru óánægðir með matið; en jeg held, að það sje alveg óhætt að trúa lögreglustjórninni fyrir því. Jeg skal enn fremur geta þess, að eptir 4. gr. á að fara fram sams konar mat, án þess að þar sjeu nein ákvæði um, að því verði skotið til æðri dóms, og annaðhvort er, að halda þessu ákvæði á báðum stöðum, að mega skjóta matinu til amtmanns, eða fella það burtu. Þess vegna hef jeg lagt það til, að síðari kafli 2. gr. verði felldur burtu. Breyt. við 2. kafla 4. gr. skoða jeg eigi sem efnisbreyt., því eptir frumv. held jeg, að 2. og 3. kafli þessarar greinar ræði um fastakaupmenn, en síðasti kaflinn um lausakaupmenn; breyt. er því að eins til skilningsauka. Við 3. kaflann hef jeg stungið upp á þeirri viðbót, að skip og farmur skuli haft að veði fyrir sektum og skaðabótum; þessi viðbót er samkvæm uppástungu minni hluta nefndarinnar, sem jeg álít góða og nauðsynlega, því eins og h. framsögum. minni hlutans (L. E. Svb.) hefur tekið fram, þá er eigi sagt, að sá, sem skaðann líður, fái það endurgjald, sem honum ber, því það getur verið, að kaupmaður hafi leigt skipið, en sje sjálfur fjelaus og geti því ekkert borgað þegar til kemur. Mjer sýnist það líka eðlilegt og rjett, að hlutur sá, er skaðanum veldur, sje hafður að veði. Hvað snertir síðustu breyt., þá er hún samkvæm uppástungu frá 4 h. þm.; jeg hygg líka, að meiri hluti nefndarinnar hafi eigi álitið nauðsynlegt, að lagafrumv. þetta næði til Reykjavíkurkaupstaðar. Jeg vona því, að bæði þessi breyt.till. og hinar aðrar fái góðan byr hjer í deildinni.

Framsögumaður minni hlutans (L. E. Sveinbjörnsson): Breyt.till. meiri hluta nefndarinnar á þingskj. 227 (C. 284) eru allar smávaxnar, og skal jeg því ekkert um þær fást; en hvað snertir breyt.till. hæstv. landshöfð. á þingskj. 240 (C. 305), þá getur minni hlutinn vel fallizt á breyt. við 1. gr., og við tökum því aptur fyrstu breyt.till. okkar á þingskj. 234 (C. 287). Við erum líka samdóma hæstv. landshöfð. um, að eptir 5. gr. komi ný grein þess efnis, sem hann hefur stungið upp á, og þar sem tillaga hans er betur orðuð, tökum við aptur breyt.till. okkar, sem er tilfærð undir tölul. 3. Þar á móti getum við eigi sleppt breyt.till. vorri við 3. gr.; þó, svo framarlega sem breyt.till. hæstv. landshöfðingja verða samþykktar, þá er mjer sama, hvernig fer um hana. Sem sagt, við tökum aptur breyt.till. okkar undir tölul. 1. og 3., en breyt.till. við 3. gr. undir tölul. 2. látum við standa.

Júlíus Havsteen: Jeg sje, að frumv. fær góðan byr hjer í deildinni í stefnu meiri hlutans, og er því í rauninni óþarfi, að jeg standi upp; en jeg vil samt segja nokkur orð til stuðnings breyt.till. hæstv. landshöfð. Yfir höfuð getur meiri hluti nefndarinnar fallizt á breyt. hans, og ræður h. deild til að samþykkja þær, því

eptir þeim er frumv. betur og rjettara orðað, en það nú er. Sjerstaklega vil jeg taka það fram, að amtmönnunum mun það ofvaxið, að vera nokkurs konar yfirdómstóll í þeim ágreiningsmálum, sem spursmál er um, því ekki geta nema menn, sem kunnugir eru á staðnum, dæmt um málið, hvort rjett sje eða ekki. Hvað snertir hina nýju grein, 6. gr., að lög þessi nái ekki til Reykjavíkurkaupstaðar, þá er jeg ekki á móti henni, af því jeg veit, að lög þessi hafa litla sem enga praktiska þýðingu fyrir Reykjavík, eptir því, sem þar til hagar. Aptur á hinn bóginn verð jeg að mótmæla breyt. minni hlutans við 3. gr., að það skuli vera komið undir bæjarstjórn eða sýslunefnd, hvort leggja megi þá kvöð á lóð eða húseign, að eigi megi nota hana til verzlunar. Slík ákvæði eiga ekki við; ef það er rjett, að koma í veg fyrir einokun með þeim fyrirmælum, sem frumv. fer fram á, þá á það ekki að vera komið undir ákvörðun bæjarstjórnar eða sýslunefndar, hvort breyta megi út af eins nauðsynlegum lagaákvæðum. Öllum hlýtur að vera það ljóst, hve háskalegt það er fyrir verzlunar- og atvinnufrelsi, að einstökum mönnum skuli líðast, að leggja slíkar kvaðir á lóðir og hús; með þessu mætti gjöreyða hvern verzlunarstað eða leggja alla verzlun þar undir einn mann. Jeg vil í þessu efni alls eigi eiga undir bæjarstjórnum eða sýslunefndum, heldur undir lögunum sjálfum.

Sigfvatur Árnason: Þegar jeg skrifaði undir breyt.till. á þingskj. 234 (C. 287), gat jeg þess, að jeg væri ekki samþykkur h. þm., sem rituðu undir með mjer, í öllum atriðum, heldur að eins í einu, sem á breyt.till. stendur; en þegar jeg sje, að breyt.till. hæstv. landshöfð. falla svo vel saman við þá breyt.till. vora, sem jeg vildi vera hlynntur, þá lýsi jeg yfir því, að jeg halla mjer að breyt.till. hæstv. landshöfð., en fell frá breyt.till. á þingskj. 234.

Árni Thorsteinsson: Jeg held að það hafi verið misskilningur hjá h. 1. kgk. þm (J. Havst.), að hann álítur breyt.till. á þingskj. 234, 2. tl., háskalega. Við viljum einungis láta það vera komið undir samþykki sýslunefndar eða bæjarstjórnar, hvort kvöð megi leggja á lóðir eða húseignir, vegna þess, að opt gjörir ekkert til, hvort hin umrædda kvöð er lögð á, og þá er of hart, að kvaðir skuli vera með öllu bannaðar. Setjum, að einhver gefi lóð til kirkju eða skóla, þá má hann ekki setja það skilyrði eða þá kvöð á, að eigi megi brúka lóðina til verzlunar. Jeg þarf ekki að fara langt til þess, að finna dæmi upp á þetta. Í Reykjavík var fyrir hjer um bil 40 árum síðan gefin lóð til barnaskóla, og sú kvöð lögð á, að ekki mætti nota hana til að reka á verzlun; ef þessi lög hefðu þá gilt í Reykjavík, hefði mönnum verið fyrirmunað, að taka á móti gjöfinni, sem þó varð að góðum notum og þakklátlega þegin. Jeg hefi þannig ekkert á móti þessu ákvæði, að því viðbættu, að kvaðir megi leggja á með samþykki bæjarstjórnar eða sýslunefndar, því jeg held það sje betra, að hafa þennan varnagla. Sumum kann að finnast það skrítið, að bæjarstjórnin skuli ráða kvöðunum í kaupstað, en sýslunefnd í kauptúnum; mjer finnst þetta ekki vera; mjer finnst það rjett, að þessir ráði kvöðunum; hins vegar munum vjer, eins og h. 3. kgk. þm. (L. E. Svb.) drap á, ekki gjöra þetta að neinu kappsmáli.

Framsögumaður meiri hlutans (E. Th. Jónassen): Jeg get ekki fellt mig við viðaukatill. við 3. gr.; mjer þykir það undarlegt, að fara að blanda bæjarstjórnum og sýslunefndum inn í eignarrjett manna; jeg kann ekki við það; því þetta dæmi, sem h. 4. kgk.

þm. (Á. Th.) tilgreindi, er sjerstaks eðlis, enda er þess háttar opt gert af því, að sá, sem gefur, hefur af því sjerstaka hagsmuni. Ef t. d. *privatmaður* selur öðrum manni hús, og leggur kvöð á það, þá finnst mjer það vera alveg óviðkomandi bæjarstjórninni; mjer finnst að hún eigi ekkert að skipta sjer af því; þess vegna get jeg ekki gefið þessari viðaukatill. atkvæði mitt. Fyrst h. minni hluti sagðist mundi láta 1. og 3. breyt.till. sína falla, ef breyttill. hæstv. landshöfð. yrðu samþykktar, þá finnst mjer, að hann ætti að slaka til og láta breyt.till. sína í 2. tölul. falla burt. Mjer finnst þess háttar ákvæði, eins og þar eru gerð, vera óviðkunnanleg og gagnslaus.

Jón Ólafsson: Jeg skil ekki, hvers vegna meiri hlutinn kann illa við breyt.-till. við 3. gr., því þar er gengið út frá, að full trygging sje fyrir nauðsyninni á slíkri kvöð; jeg segi nauðsyn, því mjer finnst fullkomlega mega trúa bæjarstjórn eða sýslunefnd fyrir því, að leggja ekki á kvöð, nema full nauðsyn beri til þess. H. 4. kgk. þm. (Á. Th.) sýndi fram á, að slíkar gjafir, sem kvöð fylgdi, eru mest gefnar til opinberra þarfa; þá finnst mjer það ekki þýðingarlítið, að geta komið í veg fyrir, að slíkar gjafir verði notaðar til annars. Jeg ímynda mjer, að Reykjavík vildi eigi leggja niður barnaskólann til þess að leyfa verzlun í húsinu eða á lóðinni, en eptir gjafabrjefinu má þar eigi verzlun reka; og jeg ímynda mjer, að bæjarstjórnir hafi svo mikla tiltrú, að það megi trúa þeim til, að samþykkja ekki slíkar kvaðir, nema almennings hagur krefji.

Þess vegna gef jeg breyt.till. við 3. gr. hiklaust atkvæði mitt.

Júlíus Havsteen: Jeg ætla að eins að gera stutta athugasemd, viðvíkjandi dæmi því, er h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) kom með, að Reykjavík hefði verið gefin lóð til barnaskóla með þeirri kvöð, að ekki mætti reka á henni verzlun. Jeg álít hvorki vera til sæmdar, að gefa slíka gjöf með slíkum skilyrðum, nje heldur að taka á móti henni, því komi það fyrir, að skólinn verði lagður niður, þá verður skólalóðin ekki lengur að neinum verulegum notum. Hvers vegna þarf gefandinn að hugsa um sjálfan sig, þegar hann gefur gjöfina? Hefði jeg þá verið í bæjarstjórninni hjer, hefði jeg mótmælt gjöfinni. Þar sem farið var að minnast á kirkjur, ímynda jeg mjer, að aldrei muni fara svo, að menn fari að verzla í þeim, þó þær verði lagðar niður.

Jón Ólafsson: H. 4. kgk. þm. (Á. Th.) tók til það dæmi, að kirkjum væri gefin lóð; jeg þekki einmitt dæmi til þess, að einstakur maður hefur gefið kirkju lóð; það var fríkirkjunni á Eskifirði. Hefði verzlunarmaður gefið þessa lóð, hefði verið hart, að meina söfnuðinum að þiggja hana, þó slík kvöð hefði fylgt henni. Mjer finnst það vera miður tilhlýðilegt, að brúka slíka lóð, og jafnvel sjálfa kirkjuna, ef hún yrði einhvern tíma seld, til verzlunarafnota.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. meiri hlutans (C. 284) samþ. með 10 samhlj. atkv.; 1. breyt.till. landsh. (C. 305) samþ. í e. hlj.; 1. breyt.till. á þingskj. 234 (C. 287) kom því ekki til greina; 2. breyt.-till. landsh., stafl. „a“, samþ. í e. hlj.; breyt.till. landsh., stafl. „b“, samþ. með 8 : 2 atkv.; 2. breyt.till. á þingskj. 234 kom því ekki til greina; 2. breyt.till. meiri hl. (C. 287) felld með 7 : 3 atkv.; 3. breyt.till. landsh., stafl. „a“, samþ. í e. hlj.; 3. breyt.till. meiri hl. (C. 284) samþ. með 9 samhlj. atkv.; 3. breyt.till. landsh., stafl. „b“, samþ. í e. hlj.; 4. breyt.till. meiri hl. samþ. í e. hlj.; 4. viðaukatill. landsh. samþ. í e. hlj.

Frumv. í heild sinni þannig breytt samþ. í e. hlj., og afgreitt síðan til Nd.

Frumv. til laga um eignrjett á sömdu máli (C. 271); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Frv. þetta er um efni, sem öllum mun ljóst, að nauðsynlegt er að hafa lagasetning um; en við höfum lítil ákvæði um þetta í okkar rjetti. Með því að jeg vona, að þetta sje viðurkennt, álít jeg eigi þörf, að tala meira um málið við þessa 1. umr. þess, en vona, að jeg fái tækifæri til, að tala ýtarlegar um málið við 2. umr., ef þörf gjörist.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tuttugasti og fimmti fundur, miðvikudag 31. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að hann ljeti fyrst koma til umræðu 5. mál á dagskránni, frumv. til farmannalega, með því hann áliti það bezt eiga við, eptir því sambandi, sem væri milli þess frumv. og hinna 4 fyrstu frumv. á dagskránni, því að ef þessi 4 fyrstu frumv. yrðu felld í þingd., kynnu menn að álíta, að þetta 5. frumv. gæti ekki komið til umræðu, þar sem innihald þess væri hið sama sem nefndra 4 frumv.

Frumv. til farmannalaga (C. 290); 1. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Nefnd sú, er h. þingd. hefur sett til að fjalla um hin 4 stjórnarfrumv., sem næst koma á dagskránni, kom sjer saman um, að draga öll þau frumv. saman í eina heild, eitt frumv., og nefna það *farmannalög*.

Þetta frumv. til farmannalaga, er nefndin kemur með, inniheldur því efnið úr öllum þessum 4 stjórnarfrv., og skiptist í 4 bálka, er hver um sig að öllu leyti, einnig að greinatölu og skipun, svarar til tilsvarandi stjórnarfrv.

Nefndin hefur, eins og í áliti hennar stendur, ekki gjört nema tvær efnisbreytingar, og þær báðar lítilfjörlegar. Önnur breytingin var óhjákvæmileg, því svo leit út fyrir, sem það atriði hefði af vangá fallið úr; lögin eru sem sje sniðin eptir dönskum lögum um sama efni, en gjört fyrir því á öllum stöðum nema einum, að þau eiga að miða sig við Ísland. Þessi eini staður er í 4. bálki 8. gr., og er viðbót nefndarinnar einkennd með skáletri.

Að öðrn leyti var nefndin neydd til að vinna mikið að frumv., því að þau eru skrifuð á því máli, sem nefndin skildi ekki, og sem landsmenn skilja heldur ekki — á máli, sem ekki er danska, og engan veginn íslenzka, heldur hreint og beint hrafnamál. En af því nefndinni barst með danskt mál um sama efni, gat hún rennt grun í, hvað íslenzku orðin áttu að þýða; annars hefði hún allvíða staðið ráðalaus uppi. Nefndin tók því það ráð, að þýða hið danska mál, sem henni barst um þetta efni. Jeg get eigi bundizt þess, að minnast á, að það er alveg óviðunanlegt, að stjórnin skuli láta frumv. sín vera svo úr garði gjör, að þingmenn skuli þurfa að eyða tíma sínum til þess, að þýða þau á ný; en engum, sem les þessi frumv., getur blandazt hugur um, að þau eru svo gjörð úr garði, sem er ósamboðið öllum, sem hlut eiga að máli, og að sumu leyti mundi gjöra þau ótæk með öllu sem lög, þar sem enginn Íslendingur, sem ekki kann útlent mál, getur skilið þau. Á sumum stöðum þýðir og íslenzki textinn allt annað en hinn danski, t. d. þar sem sagt er, að hásetar eigi að „*bera* lotning fyrir skipstjóra"; það er ekki heppilegt, að gefa lög fyrir því, þar sem lotning er siðferðisleg tilfinning, sem örðugt er bæði að gefa lög fyrir og eins

að fram fylgja og gæta, að hlýtt sje. Samkvæmt dönskunni á að standa: „*sýna* virðing“. Það er einnig torvelt fyrir íslenzk eyru, að skilja orðin: „að kanna á skip“, nema fyrir þá, sem vita, að það á að vera þýðing á danska orðinu „*paamönstre*“, og að „kanna af skipi“ þýðing á „*afmönstre*“. Þetta er heldur ekki í sjálfu sjer nein könnun, þar sem skipverjar þurfa venjulega ekki að mæta persónulega, heldur er athöfnin fólgin í því, að innfæra nöfn þeirra á skrá.

Það er heldur ekki heppilega orðað: „að hlaupast á burt með ónunið kaup“, eða: „tjón búið af *stroku*“. Nefndin þekkti að vísu ýmsar strokur, svo sem húðstroku, 9 blaða stroku í alkorti o. s. frv. *(Landshöfð.:* Það er víst prentvilla). Nei, stroka stendur hvað eptir annað. Svo er eitt: „að klekkjast á“. En sjerstaklega var það eitt orð í einu frumv., sem nefndin var í vandræðum með, þar sem stendur, að sektirnar skuli ganga til einhverra „*landsnytja*, sem stofnaðar eru í þarfir siglinga“. (Hlátur). Ef nefndin hefði ekki haft dönskuna þar til að vita, hvað meint er, hefði hún án efa gefizt upp við að skilja.

Jeg hefi tekið þetta fram, af því að stjórninni er slíkur frágangur ósamboðinn, og þinginu með þess nauma tíma er misboðið með því, að verja tíma og kröptum í að moka slíkan Ágíu-flór.

Jeg vona, að ekki þurfi að orðlengja um þetta frumv. nefndarinnar; í því eru, sem sagt, nær því engar efnisbreytingar. Nefndin hefur að eins bætt málið, og vona jeg því, að h. þingd. samþykki fremur frumv. nefndarinnar heldur en frumv. stjórnarinnar, vegna frágangsins á þeim.

Landshöfðingi: Jeg sje það af áliti nefndarinnar, að hún hefur ráðið til að samþykkja í öllu verulegu frumv. þau, sem hún hafði til meðferðar og stjórnin lagði fyrir þingið. Jeg get ekkert sjeð á móti því, að draga þessi 4 frumv. saman í ein lög, eins og nefndin leggur til, og skipta þeim niður í bálka, er hver um sig svarar til hvers einstaks af þessum stjórnarfrv. Efnisbreytingarnar, er gjörðar eru, eru ekki nema tvær, og er önnur þeirra sjálfsagt til bóta, en hin að minnsta kosti meinlaus.

Jeg skal fúslega játa, að það er betra mál á frumv. nefndarinnar en hinum frumv.; en hins vegar hygg jeg, að h. framsögum. (J. Ól.) gjöri nokkuð mikið úr því, hve vont mál sje á stjórnarfrv. Það er satt, að málið á þeim er ekki sem bezt á stöku stað; en jeg álít, að það hefði mátt færa í lag, án þess að gjöra sjer alla þá fyrirhöfn, að þýða öll frumv. upp á ný. Sjerstaklega er það eitt orð, nfl. „*könnun* skipshafnar“, er brúkað hefur verið áður, jafnvel á prenti, svo að það er nokkuð kunnugt orðið, og eptir sjálfum lögunum er það heldur ekki rangt, þar sem það er almennt, að skipshöfn komi fram fyrir könnunarstjóra. Jeg skal svo ekki fara lengra út í það, hversu nauðsynlegt hafi verið, að leggja frumv. út á ný, en skal játa það, að það er miklu betra mál á frumv. nefndarinnar en á frumv. stjórnarinnar, svo að jeg er þakklátur nefndinni fyrir það, að hún lagði á sig þessa miklu erfiðleika, án þess að fara út í það, að breyta frumv. að efninu til.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um dagbókarhald á íslenzkum skipum (C. 102); frh. 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 10 atkv. gegn 1.

Frumv. til laga um að ráða menn á skip (C. 119); frh. 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um könnun skipshafna (C. 93); frh. 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um stjórn og aga á íslenzkum verzlunar- og fiskiskipum (C. 78); frh. 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um að selir sjeu rjettdræpir í veiðiám og veiðivötnum (C. 197, 284); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Skúli Þorvarðarson): Við byrjun 1. umr. minntist jeg á ástæður þær, er knúðu mig til, að koma með þetta frumv., og skal jeg ekki endurtaka þær nú. Sömuleiðis get jeg verið fáorður fyrir nefndarinnar hönd, og látið mjer nægja, að vísa til álits hennar, sem prentað er á þingskj. 228 (C. 284), þar sem tekið er fram, af hvaða ástæðum nefndin leyfir sjer, að koma með þær tillögur, sem hún gjörir. Þar sem þetta er frh. 1. umr., skal jeg ekki ganga inn á einstök atriði í till. nefndarinnar, en geyma mjer það þangað til við 2. umr., því að jeg vona, að h. deild leyfi málinu að eiga svo langan aldur, svo að það að minnsta kosti verði rætt og hugleitt sem bezt, og tími gefist til að koma fram með breytingar, ef þær skyldu álítast nauðsynlegar. Jeg segi fyrir mig, að jeg, og líklega meðnefndarmenn mínir, taka vel öllum breytingum, sem við fáum skilið, að sje málinu til góðs.

Sighvatur Árnason: Jeg vildi víkja lítið eitt að frumv. þessu, sjerstaklega hinni nýju grein, sem nefndin hefur stungið upp á, í þeim tilgangi, að hún vildi athuga bendingar mínar, því að jeg vil ekki spilla fyrir málinu, heldur hjálpa því við. Jeg vildi óska, að nefndin hefði tiltekið eitthvað sjerstakt um bætur til þeirra manna, sem missa *verulega* selveiði fyrir ákvæði þessa frumv., án þess, að þeir geti haft gagn af laxveiði, en aptur á hinn bóginn alls engar bætur til þeirra, sem þegar geta stundað laxveiðar í staðinn, en einungis hinir ættu að mínu áliti að fá bætur, sem búa á þeim stöðum, þar sem laxveiði er ekki möguleg, og það mun vera helzt í árútföllum og við suma árósa, að laxveiði er því nær ómöguleg, en þar er selveiði að jafnaði mikil, ef hún er stunduð.

Annað atriði er það, að mjer hefði litizt betur á, að ákveða lengra tímabil til skaðabóta þeim, sem tapa mestri selveiði, því að það er hætt við, að matsmenn þeir, sem ákveða eiga skaðabæturnar, kynoki sjer við að tiltaka háar upphæðir í einu fyrir hvert ár, sem yrði líka tilfinnanlegt fyrir hina, sem greiða eiga. Jeg minntist að eins á þetta nú, nefndinni til athugunar, ef hún vildi koma fram með breytingar áður en málið kemur næst til umr., en geymi mjer annars að tala nákvæmar um nokkur önnur einstök atriði, sem er nú lítið í varið, til 2. umr. málsins.

L. E. Sveinbjörnsson: Þótt jeg standi ásamt flutningsm. frumv. þessa undir nefndarálitinu, hefði jeg samt heldur kosið, að jeg stæði þar eigi. Jeg skrifaði nafn mitt undir af því, að mjer þótti óviðkunnanlegt, að sjá hvern vera á sínu málinu af þeim 3, sem í nefndina voru settir. En jeg held fast við það, að jeg álít ekki ástæðu til, að ákveða neinar skaðabætur, og því nægilegt, að hafa að eins 1. gr. Jeg get ekki skoðað rjett selveiðenda sem eignarrjett, er menn neyðist til að vernda eptir stjórnarskránni, og ekki hreifa við nema gegn endurgjaldi. Ef það er eignarrjettur, þá er líka eignarrjetturinn daglega takmarkaður með ýmsu móti þvert á móti stjórnarskránni, t. d. þegar lög ákveða, að ekki megi hafa stærri eða minni möskva í netum, en eitthvað víst, sem tiltekið er. Þetta er eins, að banna mönnum hlunnindi, sem þeir áður hafa

haft, og er það gjört vegna þess, að löggjafinn býst við meira arði með þessu móti, er muni vega upp móti því, sem einstakir menn missa í. Þetta sama álít jeg, að eigi sjer einnig hjer stað, að þeir, sem hafa haft selveiði, geti unnið missi hennar upp með laxveiði. Það kann að vísu að vera örðugt sumstaðar, t. d. í í Húna-ósi, en gagnvart því verð jeg að halda því föstu, að selurinn er óargadýr, sem *á* að útrýma. Þó vil jeg heldur samþykkja einhverjar skaðabætur, heldur en hlíta hinu, að rjettdræpi sela komist ekki á; en þá vil jeg hafa skaðabæturnar sem minnstar, og skaðabótatímann sem stytztan.

Skal jeg svo geyma mjer frekari athugasemdir þangað til við 2. umr.

Framsögumaður (Skúli Þorvarðarson): Það er hægt fyrir mig að fella mig við skoðun h. meðnefndarmanns míns (L. E. Svb.) á skaðabótunum, því skoðanir hans ganga mjög nærri mínum, en jeg hjelt, að málið mundi ekki komast gegnum þingið, því síður ná staðfestingu konungs, nema eitthvað væri ákveðið um skaðabætur. Því að hvað sem er um eignarrjettinn að ræða hjá einstökum mönnum á selnum, því ómerkingur er hann þar sem hann sveimar í sjó eða vatni, þá hjeldum við kannske, að koma mundi til ákvæðanna um landhelgi, að hver ætti rjett fyrir sínu landi, og því kom nefndinni saman um, að setja þessi ákvæði, sem hún hefur sett í 2. gr. Viðvíkjandi því, sem h. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að það væri heppilegt, að seleigendur við útföll og árósa fengi meiri skaðabætur, en aðrir lagnaeigendur, skal jeg að eins taka fram, að það er naumast heppilegt, að hafa sitt ákvæði fyrir hvern stað á landinu, enda get jeg varla ímyndað mjer þann stað á landinu, að ekki sje hægt að hafa laxveiði annaðhvort með lögn eða ádrætti, þar sem selveiði hefur verið áður. Það sem liggur til grundvallar fyrir því, að skaðabótatíminn er eigi ákveðinn lengri en 5 ár, er það, að eptir þann tíma áleit nefndin, að laxveiði mundi ekki að eins vera orðin eins arðsöm, heldur arðsamari en selveiði. H. þm. (S. Á.) bar það fyrir, að matsmenn mundu hlífast við að meta skaðann nógu hátt, en jeg get ekki gert ráð fyrir öðru, en að þeir geri sjer allt far um, að inna mat sitt af hendi sem sannast og rjettast, eptir beztu samvizku, þar til þess mats eru út nefndir óvilhallir dómkvaddir menn, sem mega búast við að staðfesta matsgjörð sína með eiði; verð jeg því að álíta þá ástæðu lítilsvirði.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal eigi fara að ræða um þennan eignarrjett, sem menn halda að verði skertur með frumv. þessu, því þar held jeg megi tala bæði með og móti; en það get jeg sagt, að svo sem það er höfuðsetning laganna, að hver maður á veiði fyrir sínu landi, svo er það og önnur höfuðsetning laganna, að enginn maður má annan skaða. Vjer getum því gengið að því vísu, að í veiðilögum vorum sje eigi tilgangurinn, að vernda veiði þá, sem er almenningi til skaða. Jeg vil aptur á móti leiða athygli nefndarinnar að sumum orðatiltækjum í þessari 2. gr., sem hún vill bæta við frumv., er mjer virðist eigi vel nákvæm *(Forseti:* Jeg vil minna h. þm. á, að þetta er 1. umr.); já, jeg skal tala í almennum orðum og að eins geta þess, að mjer finnst skilyrðið fyrir, að lagnaeigendur fái skaðabætur, sem er eptir viðaukatillögunni „að þeir hafi gjört alvarlega tilraun til að veiða lax“, of ónákvæmt. Því spyrja má: hvenær á skaðabótamatið að fara fram? Á það að fara fram löngu eptir að selirnir eru orðnir rjettdræpir eptir 1. gr., eða þegar í stað? Mjer skilst, að það verði að minnsta kosti að vera gjört innan 5 ára, því eptir þann tíma eiga skaðabæturnar að falla niður; en jeg held, að á þessum 5 árum sje ómögulegt að gjöra *„alvarlega* tilraun“ með laxveiði;

það verður fyrst gjört að gagni eptir að selnum er útrýmt.

Önnur athugasemd, er jeg vildi gjöra, er sú, að í viðaukatill. stendur, að eigi prestakall selalögn, skuli einungis sá prestur, sem er í brauðinu þegar frumv. öðlast lagagildi, eiga tilkall til skaðabóta, en annars skuli þær greiddar öðrum hlutaðeigendum næstu 5 ár. Jeg hef nú raunar ekkert á móti þessu ákvæði um prestana, út af fyrir sig; en mjer finnst sama skilyrðið mætti einnig gilda fyrir aðra ábúendur, er fara frá jörðu með selalögn. Vegna þess, að kæmi nýr ábúandi á jörð, sem selalögn fylgir, eptir svo sem 2 ár, þá held jeg hann mundi segja: Jeg vil gjalda í 3 næstu ár, en svo eigi lengur hið sama eptirgjald, af því veiðinni er spillt fyrir mjer.

Þetta er að eins lítil athugasemd, án þess jeg vilji finna að frumv. í sjálfu sjer.

Jón A. Hjaltalín: Jeg ætla að eins að gera litla athugasemd. Jeg vil spyrja h. nefnd: nær laxveiði undir eignarrjettinn? Ef laxveiði nær ekki undir eignarrjettinn, þykir mjer undarlegt, að selveiði skuli ná undir hann. Jeg býst nú við, að mjer muni verða svarað því af lögtróðum mönnum, að laxinn nái undir eignarrjettinn. En þá vil jeg spyrja: hvaða skaðabætur gjalda þeir, sem með friðun á sel hafa spillt fyrir laxveiði? Jeg vil að eins spyrja h. nefnd að þessu.

Framsögumaður (Skúli Þorvarðarson): Jeg ætla að eins að tala fáein orð, út af því sem h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) sagði, er hann talaði um, hvenær mötin skyldu byrja; því vil jeg svara, að skaðabótamatið á að fara fram eptir hvert veiðiár, undir eins og matsmennirnir vita, á hve mikla veiði þeir geta lagt skaðabæturnar til lagnaeigenda, sem þeir þá meta jafnframt hve háar skuli vera.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um afnám amtmannaembættanna o. s. frv. (316); 1. umr.

Jón A. Hjaltalín: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að málinu sje vísað til nefndarinnar, er sett var í málið: frv. til laga um amtsráð í austuramtinu.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. var að vísa málinu til þeirrar nefndar, með 7 samhlj. atkv.

Frumv. til viðaukalaga við lög, nr. 5, 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála o. s. frv. (C. 286); ein umr.

Forseti: Viðvíkjandi þessu máli skal jeg geta þess, að það verður tekið af dagskrá, af því álitið frá nefndinni er ekki enn komið; en þingsköpin ákveða, að það skuli koma tveim dögum áður en málið verði rætt.

Frumv. til laga um breytingu á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um breytingu á sömu tilskipun (C. 249); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. umræðulaust með 8 : 3 atkv., og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um viðauka við lög um vegi 10. nóv. 1887 (C. 268); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv.greinin sjálf, fyrirsögn frumv., og að málið gengi til 3. umr. — allt samþ. umræðulaust með 10 samhlj. atkv.

Tuttugasti og sjötti fundur, fimmtudag 1. ágúst kl. 1 e. h.

Alir á fundi, nema 3. kgk. þm. (L. E. Svb.), er hafði fengið leyfi til að vera burtu framan af fundi, og kom hann síðar.

Frumv. til laga um breytingu á lögum

14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum (C. 275); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. orðalaust, og afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 (C. 268); 3. umr.

ATKÆÐAGR.: Frumv. samþ. orðalaust með 7 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 4 þm. og sögðu

já:

Arnljótur Ólafsson
E. Th. Jónassen
Friðrik Stefánsson
Jakob Guðmundsson
Júlíus Havsteen
Sighvatur Árnason
Skúli Þorvarðarson

nei:

Jón Hjaltalín
Jón Ólafsson
Árni Thorsteinsson.

Var frumv. síðan afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um eignrjett á sömdu máli (C. 271); 2. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg ætlaði mjer að koma með eina breyt.till. við þessa umr., þess efnis, að breyta *eignrjett* í *eignarrjett*, en það hefur farizt fyrir, og vona jeg að það geti orðið við 3. umr. Jeg finn eigi ástæðu til að fara mörgum orðum um efnið sjálft. Frumv. er að mestu lagað eptir gildandi lögum í Danmörku um sama efni; þó hef jeg einnig haft hliðsjón af norskum og enskum lögum um þetta efni. Einkum er það 8. gr. og sömuleiðis 11. gr., sem er frábrugðin dönsku lögunum, og enn fremur í 3. gr., að útgáfurjetturinn verði að eins afhentur með skriflegum samningi; í þessu hef jeg farið eptir enskum lögum, en í öllu verulegu er frumv. samhljóða dönsku lögunum og þeim lögum, sem gilda í Noregi og Svíaríki. Jeg vona frumv. fái góðar undirtektir.

Landshöfðingi: Jeg skal játa, að í löggjöf vora vantar fyrirmæli til verndar eignarrjetti manna til ritsmíða sinna, og að því bætir þetta úr þörf, sem er hjer á landi fyrir slíkum lagafyrirmælum, og jeg álít frumv. yfir höfuð gott, og vona, að það gangi í gegn um þingið; en þó hygg jeg, að nauðsynlegt væri, að á því sjeu gjörðar nokkrar breytingar. Það eru einstök atriði í því, sem jeg get eigi fellt mig við, þó eigi svo mikils varðandi, að jeg geti eigi búizt við, að flutningsm. (J. Ól.) verði fús á taka til greina það sem jeg finn athugavert við það.

Jeg skal þá fyrst koma að ákvæðinu í fyrri málsgrein 3. gr. Þar stendur: „Rit, sem prentuð eru erlendis, njóta engrar verndar að því er til eignrjettar kemur, þó að höfundur þeirra, útgefandi eða kostnaðarmaður sjeu hjerlendir". Þetta ákvæði kann jeg illa við, einkum þar sem þess eru eigi fá dæmi, að hjerlendur maður hafi látið prenta rit sitt erlendis; jeg skal taka til dæmis barnalærdómsbók, sem nú er mest höfð um hönd; hún er prentuð í Danmörku og útgáfurjetturinn að henni seldur bóksala í Kaupmannahöfn, en höfundurinn er hjerlendur. Mjer finnst það hart, er um góða bók er að ræða, að höfundur hennar skuli missa eignarrjett sinn að ritinu, ef hann lætur prenta það erlendis. Slík ákvörðun hefur ekki í sjer fólgna vernd á eignarrjetti að sömdu máli, heldur miklu fremur vernd fyrir hjerlendar prentsmiðjur. Jeg vildi annaðhvort, að þessi málsgrein yrði tekin burtu eða breytt þannig, að verndin næði jafnt til rita, hvort sem þau eru prentuð hjer eða erlendis, ef þau eru samin af Íslending og ætlazt er til að þau fái útbreiðslu hjer.

Hvað 6. gr. snertir, þá álít jeg, að henni þurfi að breyta. Í fyrri kafla hennar er tekið fram, að eignarrjettur að riti

gangi í arf til ekkju eða ekkils, að höfundinum látnum, en jeg álít rjettara, eins og í dönskum lögum, að hafa fyrirmæli um, hvað verði um eignarrjettinn að ekkju eða ekkil dánum, því eptir dönskum lögum skal eignarjetturinn þá hverfa aptur til erfingja höfundar. Í seinni hluta greinarinnar finnst mjer óviðkunnanlegt að gjöra ráð fyrir, að ókvæntur maður eigi lífserfingja; mjer fyndist betra að orða greinina svo, að eignarrjetturinn hyrfi til lögarfa eptir höfund látinn. Bæði í dönskum lögum og víðar er svo ákveðið, að eigandinn hafi óskertan rjett til að arfleiða að útgáfurjettinum, svo að hann þurfi eigi að koma til greina við skylduhlut erfingjanna; nokkuð líkt er ákveðið í í 7. gr.; en í dönskum lögum er arfleiðsluerfð það fyrsta og gengur fyrir frændsemiserfð, og það er líka eðlilegast með eignarrjett að ritum. Jeg skal eigi segja, að það sje þýðingarmikið, hvort arfleiðslan er fyrst, eða eins og hjer er; en hitt er aðalatriðið, að eignarrjetturinn hverfi aptur til erfingja höfundar eptir lát ekkils eða ekkju.

Seinni hluti 11. gr., er h. flutningsm. (J. Ól.) kvaðst hafa tekið úr enskum lögum, held jeg sje eigi mjög þarfur hjer á landi; jeg held það komi eigi opt fyrir, að slík ágrip, sem þar ræðir um, sjeu tekin úr öðrum ritum, og jeg veit heldur eigi til, að það valdi vandræðum, þar sem slík ákvæði eru eigi í lögum, t. d. í Danmörku og Svíaríki; jeg held að betra væri að sleppa því; þá gæti 16. gr. líka fallið burtu, þar sem eru flókin ákvæði um, hvernig fara skuli með mál, sem rísa út af því, sem mælt er fyrir um í 11. gr.; jeg held, að frumv. þyrfti ekki að tapa í neinu, þó seinni liður 11. gr. og 16. gr. fjelli burt. Jeg vil því skjóta því til h. flutningsm. (J. Ól.), hvort hann eigi vilji láta bera 11. gr. upp í tvennu lagi.

Loks stendur í 19. gr., að hver megi prenta, er vill, lög, dóma, dómsskjöl og önnur skjöl o. s. frv. Þetta getur misskilizt, því meiningin er víst eigi sú, að hver megi prenta alls konar skjöl óhindrað, heldur hitt, að hver megi prenta þess konar skjöl án þess að varði við *þessi* lög.

Það er eigi margt, sem jeg hef haft að athuga við frumv., og ef það yrði lagað, álít jeg, að frumv. mundi verða mikil rjettarbót, og vil fúslega styðja það.

E. Th. Jónassen: Það er að eins stutt athugasemd, er jeg vildi gjöra. Jeg hafði ásett mjer að tala um sumt af því, sem hæstv. landshöfð. hefur tekið fram, svo það þarf eigi að endurtaka það. En jeg vildi samt sjerstaklega taka fram, að mjer finnst ákvæði 9. gr. of hörð; mjer finnst það of hart gagnvart eiganda, að hver sem vill geti gefið ritið út að nýju, þó það hafi eigi verið fáanlegt hjá kostnaðarmanni þess við frumverði í 5 ár; því það getur verið, að eigandinn sje í fjarska og geti því eigi vitað, hvernig á stendur; jeg vildi skjóta því til h. flutningsm. (J. Ól.), hvort hann vildi eigi breyta þessu og lengja tímann.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg er þakklátur fyrir undirtektir þær, sem frumv. hafa verið sýndar. Hvað snertir breyt.uppást. hæstv. landshöfð., get jeg gengið inn á þær, jeg held allar, nema kannske viðvíkjandi 11. gr.; um hana er mjer sárt; má vera af því, að jeg veit, að það hefur komið fyrir slíkt tilfelli; jeg veit, að það hefur komið fyrir, að maður, sem byrjaður var að gera ágrip af riti annars manns, hikaði við það, ekki af því það kæmi í bága við lögin, heldur af því hann var í vafa um, hvort fyrirtækið mundi verða talið sanngjarnt. Hvað 3. gr. viðvíkur, er jeg ekki fastur á henni, en jeg vil þó geta þess, að jeg hef ekki tekið hana upp hjá sjálfum mjer, því að alveg sömu ákvæði gilda í Eng-

landi. Víst hygg jeg vera dálitla ástæðu til að miða sig við, hvar ritin eru gefin út. Landar okkar í Ameríku geta t. d. að ósekju endurprentað íslenzk rit að útgefendum og höfundum fornspurðum; þarlend lög vernda oss eigi gegn því. Og það er rík ástæða til, að veita *sömu* vernd, en *ekki frekari*, gegn ritum, sem þar væru út gefin. En, sem sagt, þetta er ekki fast í hendi mjer. Viðvíkjandi athugasemd hæstv. landsh. við 6. gr. er jeg honum samdóma; það er að eins 11. gr., sem mjer er sárt um, vegna þess, að jeg er hræddur um, að sje henni breytt, geti það hept þess konar ritstörf, sem þar ræðir um, eða valdið ágreiningi, sem sjerstök lög þyrftu til að skera úr. Jeg er samdóma hæstv. landsh. um það, að 19. gr. þurfi að orða skýrara. Viðvíkjandi því, sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) hafði á móti 9. gr., finnst mjer ekki mega lengja frestinn; jeg veit heldur ekki betur, en að þessi frestur sje ákveðinn 5 ár í lögum í Noregi, Danmörk og Svíþjóð. Í annan stað er það ekki líklegt, eptir því sem samgöngur eru nú greiðar, að rithöfundur geti ekki á þessum tíma fengið vitneskju um, hvort rit sín eru fáanleg eða ófáanleg, hvar sem hann kann að vera staddur. Annað mál er, ef það ákvæði væri tekið inn í 9. gr., að fresturinn skyldi vera 5 ár, nema ef höfundurinn ætlaði sjer sjálfur að gefa ritið út aptur, og hann auglýsti það, og gæti þannig lengt frestinn, þó að eins svo, að hann yrði að gefa ritið út innan eins árs; þetta kynni að vera til bóta; þó finnst mjer þetta vera óviðkunnanlegt; ef til vill væri maður byrjaður á að gefa út rit á ný, en þá kemur auglýsing frá höfundinum, sem bannar honum að gefa það út; svo honum hlýtur að ónýtast verkið. Hvað 11. gr. snertir, svo jeg nú komi til hennar aptur, stakk hæstv. landsh. upp á því, að henni væri skipt í tvennt og borin þannig upp og felldur síðari hlutinn, en jeg held annað ráð væri heppilegra, að koma fram með breyt.till. við hana; með því mót held jeg, að sami tilgangur næðist; þá gætu menn betur hugsað sig um og komið fram til 3. umr. með þá breyt.till., að síðari hluti 11. gr. fjelli burtu; jeg vildi heldur mælast til þess, að þessi aðferð yrði höfð.

Landshöfðingi: Það, sem gerir 11. gr. í mínum augum óþarfa, er, að jeg ímynda mjer, að sá, sem vill gera ágrip af riti, mundi vanalega geta komið sjer saman við höfundinn, svo að hann ekki þyrfti að hætta við ágripið eða búast við málsókn. Höfundar vilja gjarnan, að rit sín breiðist út sem mest, og jeg ímynda mjer, að þeim þyki vænt um, ef einhver vill útbreiða skoðanir þeirra. *(J. Ól.:* Með þessu spillir útgefandinn fygir höfundinum). En þeir verða að koma sjer saman um, að skipta ágóðanum.

Jeg verð að halda fast við það, sem jeg sagði um 3. gr.; jeg álít það þýðingarmikið, að menn hjer á landi hafi sama rjett og sömu vernd, hvort sem þeir gefa út rit erlendis eða hjer. Þó þetta sama ákvæði sje í enskum lögum, þá er þar allt öðru máli að gegna, þar sem ensk tunga er rituð svo víða og skilin næstum um allan heim; en hvort íslenzk bók er prentuð hjer eða erlendis, held jeg hafi litla þýðingu fyrir útbreiðslu hennar; þess vegna get jeg ekki fallizt á þessa grein, og verð að segja það, sem jeg sagði áður, að mjer finnst hún fremur vera vernd fyrir prentsmiðjur, heldur en fyrir höfunda.

Í 16. gr. eru flókin lagaákvæði, sem mættu missa sig, ef síðari hluti 11. gr. fjelli burtu; þó hef jeg ekki á móti því, að 11. gr. gangi í gegn nú, ef trygging er fyrir því, að henni verði breytt við 3. umr.

Árni Thorsteinsson: Jeg ætla að eins að gera nokkrar athugasemdir við

frumv., þar sem mjer finnst heppilegra að breyta því.

Í fyrsta lagi kann jeg ekki við 4. gr., þar sem stendur: „enginn samningur eða gjörningur um kaup eða sölu á útgáfurjetti rits er gildur, nema skriflegur sje og við vitundarvotta gjör". Jeg ímynda mjer, að hjer sje nægilegt það, sem vanalega gildir um stofnun samninga: nóg að sannað sje, hvernig samningurinn er gjör, án þess hjer sjeu gjörð nokkur sjerstök ákvæði um aðferðina að stofna samninginn. Jeg veit að vísu, að þetta er ekkert nýmæli, en jeg kynni þó getur við, að sömu ákvæði giltu fyrir þessa samninga og aðra samninga. Jeg er þess vegna ekki beinlínis á móti greininni, en jeg efast um, að ákvæði hennar sjeu heppileg.

Í öðru lagi kann jeg ekki við 9. gr., sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) minntist á; mjer þykja ákvæðin þar of hörð, sjerstaklega ef höfundurinn vill eigi, að bókin sje prentuð. Að vísu má kalla hverja þá bók, sem prentuð er, almenningseign; en það er samt of hart gagnvart höfundinum, að hver, sem vill, skuli geta gefið hana út á ný, ef höfundurinn ekki vill það, eða jafnvel móti vilja hans.

Loksins vildi jeg gera athugasemd við 18. gr.; hún hljóðar svo: „Þá er brot gegn lögum þessum fullkomnað, er eitt eintak er fullprentað. Sjálfsagt er hjer meint eintak af ritinu; en gæti það ekki verið brot, ef sjerstakur kafli af ritinu væri prentaður, sem væri ein heild?

Jeg hef tekið þetta fram, ef menn kynnu að finna ástæðu til að orða frumv. öðruvísi eða breyta því.

Jón A. Hjaltalín: Jeg ætla að eins að geta þess viðvíkjandi 9. gr., að sömu ákvæði eru á Norðurlöndum og í Englandi, að hver sem vill megi gefa rit út á ný, þegar svo langt er liðið frá því það var fáanlegt hjá kostnaðarmanni. Jeg sje ekki, að þetta sje nokkur skerðing á eignarrjetti höfundarins, því honum hlýtur að vera innan handar að gefa ritið út, ef hann vill, og þannig hindra aðra frá því.

ATKVÆÐAGR.: 1.—2. gr. samþ. í e. hlj. hvor; 3. gr. samþ. með 7 : 4 atkv.; 4.—5. gr. samþ. í e. hlj.; 6. gr. samþ. með 6 : 4 atkv.; 7. gr. samþ. með 10 : 1 atkv.; 8. gr. samþ. í e. hlj.; 9. gr. samþ. með 8 : 2 atkv.; 10. gr. og fyrri málsgrein 11. gr. samþ. í e. hlj.; síðari málsgrein 11. gr. felld með 7 : 1 atkv.; 12.—15. gr. samþ. í e. hlj. hver um sig; 16. gr. felld með 9 : 2 atkv.; 17.—18. gr. samþ. í e. hlj. hvor; 19. gr. samþ. með 10 atkv.; 20.—21. gr. samþ. hvor í e. hlj.; 22. gr. samþ. með 10 atkv.; fyrirsögnin samþ. með 10 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um eyðing refa (C. 322); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg kann ekki við frumv. þetta, og virðist mjer það bæði óþarft og ópraktiskt. Það getur verið, að slíkt frumv. geti átt við á Suðurlandi og Vesturlandi, en hitt er víst, að á Norður- og Austurlandi er engin þörf fyrir það. Í hverja fjallskilareglugjörð, sem eru samþykktar í hverri sýslu í þeim landshlutum, eru tekin upp ákvæði um eyðing refa, og er þeim fram fylgt. Ef þörf væri á nokkru nýmæli í þessa átt, þá væri það helzt fyrirmæli 1. gr. um, að enginn megi ala upp refi, því að það gjöra ýmsir að gamni sínu; þar á meðal hef jeg sjálfur gjört það í ungdæmi minu. Í öðru lagi mætti setja fastar reglur um kostnaðinn við eyðing refa; áður hefur þeim kostnaði verið jafnað niður á fjáreigendur; en menn eru nú horfnir frá þeirri reglu í norður- og austuramtinu, og er kostnaðurinn látinn lenda á sveitarsjóðunum. En eptir þessu frumv. virðist mjer vera svo ákveðið, að kostnaður skuli

borgast af sveitarsjóði, ef refir eru drepnir með eitri, en af sýslusjóði, ef þeim er eytt með skotum. Af ástæðum þeim, er jeg hefi nefnt, mun jeg hiklaust greiða atkvæði móti þessu frumv., nema það komi fram í allt annari mynd, en það nú hefur.

Sighvatur Árnason: Jeg held að mál þetta sje þó þess vert, að því sje gefinn gaumur, og vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á, að sett sje í málið 3 manna nefnd. Það er þá á hennar valdi, hvort hún vill ráða deildinni til að samþ. frumv., breyta því eða fella það.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 6 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín	Jón Ólafsson
Arnljótur Ólafsson	Árni Thorsteinsson
E. Th. Jónassen	Friðrik Stefánsson
Jakob Guðmundsson	Júlíus Havsteen.
Sighvatur Árnason	
Skúli Þorvarðarson.	

Kosningu hlutu:

Sighvatur Árnason með 8 atkv.
Arnljótur Ólafsson — 6 —
Júlíus Havsteen — 4 —

Fyrstu umr. frestað.

Frumv. til laga um varúðarreglur til þess að forðast ásiglingar (C. 326); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Enginn tók til máls, og var málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tuttugasti og sjöundi fundur, föstudag, 2. ágúst, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um að selir sjeu rjettdræpir í veiðiám og veiðivötnum (C. 196, 284, 347); 2. umr.

Framsögumaður (Skúli Þorvarðarson): Jeg hef ekki neitt að segja í viðbót við það, sem jeg hef áður tekið fram um tillögur nefndarinnar við hið upphaflega frv. sem er þingskjal 95 (C. 196). En eins og nefndarálitið sýnir og meðfylgjandi viðaukagrein, komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að ekki mundi annað fært, ef frv. ætti að ná samþykki þingsins, en að settar væru skaðabætur handa þeim, sem selveiði eiga, ef selir væru gjörðir rjettdræpir.

Nú er fram komin breyting (C. 347) um að fella burtu þessa grein nefndarinnar, en setja inn í staðinn nýja grein, sem fer í líka átt, en fer þó ekki eins langt í því að ákveða skaðabætur. Jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg vil ekki ráðast á þessa breytingartillögu með mótmælum, af því, að jeg hef ávallt verið í efa um, hvort selalagnaeigendum gæti borið rjettur til skaðabóta fyrir seladrápið, og vil jeg því fela deildinni sjálfri, að skera úr með sínu atkvæði, hvort hún kýs heldur till. nefndarinnar eða breyt.till.; því jeg vona, að deildin samþykki annaðhvort till. nefndarinnar eða þá breyt.till., svo málinu sje borgið, hvort heldur sem samþykkt verður.

E. Th. Jónassen: Eins og jeg hef tekið fram við 1. umr. þessa máls, get jeg ekki álitið, að það sje hægt eptir 50. gr. stjórnarskrárinnar, að taka af selalagnaeigendum þann rjett, sem þeir eiga og hafa átt, án þess að þeir fái endurgjald fyrir það, því að það hlýtur að liggja í augum uppi, að ef selveiði fylgir sem hlunnindi einhverri jörð og þessi hlunnindi verða afnumin og selir verða gjörðir rjettdræpir, þá hlýtur leiguliði jarðarinnar að krefjast þess af eigandanum, að afgjaldið sje sett niður, og þá er það eignamissi fyrir eiganda jarðarinnar. Það hefur og áður verið álit þingsins, svo sem þá er rætt var um selaskot á Breiðafirði, að selurinn væri eign selalagnaeigenda, og er þá bein afleiðing af því, að þeim beri bætur, ef þeir eru sviptir þessari eign, enda kemur sama hugsun fram í tilsk. 20. júní 1849.

Nú er komin fram breyttill. (C. 347), sem jeg efast um, að sje heppilegt að nái fram að ganga, enda stendur ekkert í henni um, hvað sje við lagt, ef selalagnaeigendur ekki hlýðnist þeirri skipun, sem þar er gjörð. Jeg held því, að ákvæði breytingartillögunnar sje gagnslaust og ópraktiskt, og að betra sje að halda sjer við álit meiri hluta nefndarinnar.

Jeg vona, að þetta frv. fái framgang hjer í deildinni, svo að hin háttv. neðri deild fái einnig að láta í ljósi álit sitt um málið. Skeð getur og, að við nákvæmari íhugun finni menn rjettari veg til að ná þeim tilgangi, sem frv. fer fram á, að selir verði rjettdræpir, heldur en mönnum hefur hugsazt í þessari deild, án þess, að skertur verði eignarrjettur nokkurs manns.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg get aldrei álitið, að stjórnarskráin sje því til fyrirstöðu, að drepa megi sel án þess nokkrar bætur komi fyrir, og fyrir því var það með hálfum huga, að jeg skrifaði undir álit meiri hlutans um skaðabætur fyrir seladráp. Jeg tek það upp aptur, að jeg get ekki álitið, að selalagnaeigendum beri nokkur rjettur til skaðabóta, þótt selur sje drepinn, og þess vegna finnst mjer breyttill. sú, er fram er komin, vera heppilegri heldur en viðaukagrein nefndarinnar, og ræð jeg því h. deild til þess, að samþykkja heldur breyttill.

Vjer vitum, að það er skipað í einu frv., sem legið hefur fyrir þinginu, að drepa refi, og sömuleiðis er skipað fyrir í lögum um, að gjöra ýmislegt það, er veldur sama eignamissi, ef svo má segja, sem hitt, að gjöra seli rjettdræpa án þess, að skaðabætur komi fyrir.

4. greinin í laxafriðunarlögunum, sem nú eru á leiðinni í neðri deild, sýnir það og, að það eru fleiri en jeg, sem álíta að selir eigi að vera rjettdræpir, án þess, að skaðabætur komi fyrir; því að þar er ákveðið, að selir sjeu, þegar svo stendur á, rjettdræpir í árósum, ef laxveiði er í ánum. Jeg hygg því, að deildin gjöri rjettara í, að samþykkja breyt.till., heldur en álit meiri hlutans.

E. Th. Jónassen: Jeg er hræddur um, að þetta frv. fái aldrei staðfestingu, ef engar skaðabætur eru ákveðnar í því. Mjer finnst og það nokkuð skrítin ákvörðun í breyt.till. (C. 347), að eptir 3 ár getur hver, sem vill, vaðið inn á annara manna land og drepið sel. Þetta finnst mjer ekki heppileg ákvörðun og get ekki gefið henni atkvæði mitt.

Jakob Guðmundsson: Jeg verð að láta þá skoðun í ljósi, að eptir nákvæma yfirvegun fellst jeg alveg á breytingartill. á þingskj. 284 (C. 347) og þykir hún viðfeldnari en ákvæði frv. sjálfs.

Þar sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði, að engar sektir væru lagðar við, ef landeigendur að veiðiám og veiðivötnum eyddu *ekki* selnum á þessum tilteknu 3 árum, — þá liggur það í augum uppi, að tilgangurinn með þessum ákvæðum frv. er sá, að láta ekki selalagnaeigendur fara á mis við þann hagnað, að drepa sjálfir selinn fyrir sínu eigin landi. Að leggja sektir við, ef þeir ekki gjöra þetta, virðist því vera óþarft, þar sem það er sjálfum þeim til mestra hagsmuna, að gjöra það.

Jón A. Hjaltalín: Þegar h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) hefur talað í þessu máli, hefur hann skoðað það að eins frá einu sjónarmiði, en alveg gleymt hinum öðrum parti, laxinum. Mjer datt því í hug, að það væri mjög æskilegt — eins og amerikski dómarinn sagði — að það væru lög, að ekki þyrfti að yfirheyra nema annan málspartinn; þá liggur allt svo ljóst og opið fyrir; en þegar svo hinn málsparturinn kemur, ruglar hann því öllu saman aptur. Málstaðarins vegna væri það aptur mjög æskilegt, að hin önnur hlið spurningarinnar, er að laxinum veit, verði einnig upplýst.

Arnljótur Ólafsson: Jeg þarf naum-

ast að mæla með breyt.till. okkar tveggja þm. á þingskj. 284 (C. 347), því að nefndin sjálf, eða einkum h. 3. kgk. þm. (L. E. Svb.) og h. þm. Dal. (J. G.) hafa tekið fram aðalhugsun mína. Jeg skoðaði svo, að skaðabæturnar væru eptir nefndarinnar hugsun byggðar á því, að í 1. grein nefndarfrv. er ákveðið, að selir skuli rjettdræpir fyrir hvers manns landi, og landeigendur væru með því sviptir þeim veiðirjetti, er þeir nú eiga, að vinna sjálfir á selnum fyrir sínu landi.

Breyt.till. okkar fer nú í þá átt, að svipta þá ekki þessum veiðirjetti í 3 ár, og hugðum við, að þeir væru þá ekki sviptir veiðirjettinum allan þann tíma, sem selur er til, því að leggi þeir sig vel fram að drepa selinn, mun honum verða eytt að mestu eða öllu á þessum tíma. En eptir 3 ár á hver, sem vill, leyfi til að drepa hann, og er það nauðsynlegt, því verið getur, að á stöku stað verði einhver landeigandi tómlátur við seladrápið.

Það kann að virðast í fljótu bragði, að selalagnaeigendum beri skaðabætur, eins og h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) hefur tekið fram; en skoðum laxalögin frá 19. febr. 1886 4. gr. Þar stendur, að hverjum manni sje heimilt, að skjóta sel og styggja í ám og árósum, er lax gengur um, — og hjer eru þó engar skaðabætur ákveðnar —; að vísu er sagt: þó má ekki raska þinglesinni friðun eggvera og *selalátra*, nema fullt gjald komi fyrir. En mjer er spurn: Hvaða selalátur verða til 3 árum eptir að þessi lög eru komin í gang? Ef menn hafa í 3 ár drepið selinn í látrunum, eins og lögin skipa fyrir um, þá verða engin friðlýst selalátur lengur til, og þurfa því engir að fá neinar skaðabætur.

Framsögumaður (Skúli Þorvarðarson): jeg gat þess áðan, að jeg væri ekki á móti breyt.till., og eptir því, sem umræðurnar hafa skýrt fyrir mjer meiningar manna, læt jeg mjer hana eins vel lynda og frv.; en verst þætti mjer, ef þetta yrði til þess, að fella málið; en jeg ber það traust til h. deildar, að það verði ekki ofan á.

Jón Ólafsson: Jeg skil ekki h. minni hluta (E. Th. J.); hann er ekki samdóma meiri hlutanum í ástæðunum, en í tillögunum er hann honum samdóma; þetta get jeg ekki samrýmt; það er hvorki heilt eða hálft. Eigi eigendur selalagna *rjett* til skaðabóta að lögum, þá eiga þeir þennan rjett jafnt 1., 2., 3., 4., 5., 6., 7. árið og svo framvegis um aldur og æfi. Eigi jeg rjett á að fá skaða minn bættan, þann er jeg býð við þessi lög 1890, þá hlýt jeg að eiga *sama* rjett á, að fá bætur á *þeim* skaða, sem jeg bíð af þeim árið 1899 og árið 1900 o. s. frv. Jeg felli mig því bezt við hið upprunalega frv.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg skal að eins geta þess, að jeg er sömu skoðunar og 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), og tek það einungis fram, að jeg því tek breyt.till. fram yfir gr. nefndarálitsins.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 284 (C. 347) samþ. með 7:2 atkv.; frv.gr. þar með fallin og viðbót nefndarinnar.

Breyting við fyrirsögn frv. samþ. með 9 atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 9:2 atkvæðum.

Frv. til laga um viðauka við lög um vegi 10. nóv. 1887 (C. 268); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. orðalaust samþykkt með 8 samhlj. atkv. og afgreitt síðan til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri o. s. frv. (C. 321); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á að frv. þessu sje vísað til nefndar þeirrar, sem hefur til meðferðar ýms önnur löggildingamál.

ATKVŒÐAGR.: Þessi uppástunga var samþ. í e. hlj.

Frumv. til laga um breytingu á konungsúrskurði viðvíkjandi Ásmundarstaðakirkju (C. 326); 1. umr.

Jón Ólafsson: Jeg verð að játa, að mjer er eigi kunnugt um uppruna þessa gjalds, sem hjer er farið fram á að afnema, og væri mjer kært, ef einhver gæti frætt mig um, hvernig það er til komið. Það er líkt ástatt fyrir mjer, eins og blindum manni, sem ætti að dæma um lit, meðan jeg veit eigi frekari deili á gjaldinu.

Júlíus Havsteen: Upplýsingar um gjaldið standa í 15. bindi lagasafnsins, en það er alllangt mál, svo jeg satt að segja er eigi búinn að kynna mjer það, enda munu h. þm. hafa tímann fyrir sjer til næstu umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 7:2 atkv.

Frv. til laga um hundaskatt o. fl. (C. 327); 1. umr.

Jakob Guðmundsson: Jeg er mjög hræddur um, að frumv. þetta ná eigi aðaltilgangi sínum, og menn vita, að aðaltilgangurinn er, að reyna að útrýma sullaveikinni; en mjer finnst ráðið hart aðgöngu; það er hart að leggja þungan skatt á nauðsynlega og jeg vil segja ómissandi skepnu, hundana. En hitt álít jeg nauðsynlegt, að koma á ströngum lögum um lækningar á hundum og hygg það bezt til þess að ná tilganginum.

Allir játa, að nauðsynlegt sje að stemma stigu fyrir uppruna veikindanna, og fyrst vísindin segja, að sullaveikin sje komin frá hundunum og að megi lækna þá svo þeir verði óskaðlegir, þá hlýtur sá vegur að vera happasælastur, að gjöra það. Jeg get því eigi annað, en verið móti frumv. þessu; en kæmi frv. um að lækna hundana, skyldi jeg taka því tveim höndum.

Sighvatur Árnason: Jeg get eigi annað en játað, að frv. þetta, ef það yrði að lögum, mundi fremur en þau lög, er vjer nú höfum, verða til þess, að útrýma óþarfa hundum, en jeg verð samt að láta í ljósi, að mjer finnst frumv. að sumu leyti óaðgengilegt. Í fyrsta lagi er það, að skattur er lagður á alla hunda, líka þá nauðsynlegu, og þar af leiðir, að þetta verður ójafnaðargjald, því það getur svo til hagað, að t. d. fátækur maður þurfi nauðsynlega að hafa 2 hunda, en efnamaður aptur á móti þurfi eigi nema 2 hunda heldur. Jeg veit h. þm. þekkja mörg slík dæmi; og úr því skattur þessi leggst ójafnt á eptir efnahagnum, þá vil jeg eigi, að hann sje eins hár og hjer er farið fram á; hann mætti alls eigi vera hærri en 1 kr., ef hann væri hafður á annað borð. Í annan stað, þegar litið er á öll þau tolla- og skattalög, sem gengið hafa fram á þessu þingi, þá held jeg sje nóg komið, þó eigi bætist við stórkostlegur ójafnaðarskattur á hundum; og í þriðja lagi líkar mjer engan veginn, hvernig gjald þetta er klofið í sundur, að annar helmingurinn á að renna í sýslusjóð, og hinn í hreppssjóð, og eins finnst mjer óeðlilegt, að sýslumenn sjeu að heimta inn gjöld fyrir sveitarsjóð. En ef skatturinn væri að eins 1 kr., gæti jeg fellt mig við, að gjald þetta rynni eingöngu í sýslusjóð. Þetta gjald gæti þá máske komið í staðinn fyrir sýslusjóðsgjaldið, sem kæmi þá að líkindum til að hverfa, og þá mætti standa að nokkru leyti á sama, hvort er, nema hvað grundvöllurinn verður allur annar. Hinar síðari greinar álít jeg að vera þarfar, og eins og jeg tók fram í upphafi ræðu minnar, þá mun þetta frv. vinna meira gagn til þess, að útrýma óþörfum hundum, en þau lög, sem vjer nú höfum. Jeg vil eigi að frv. gangi fram eins og það er, en gef atkvæði mitt fyrir, að því verði vísað til 2. umr.; þá mætti

breyta því í þá átt, sem jeg hef stungið upp á.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 8:2 atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum um um gjald á brennivíni o. s. frv. (C. 328); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg get reyndar sagt, að frumv. þetta kemur eigi flatt upp á mig, því jeg veit, að það eru til þeir þm., sem eigi geta lifað án þess allt af að vera að búa til nýja tolla og álögur; en samt hjelt jeg um daginn, þegar vjer samþykktum hjer í deildinni kaffi-, sykur og tóbakstollinn, að vjer mundum fyrst um sinn verða lausir við frekari tollarellu. Þegar litið er á ástæður tollanefndarinnar í neðri deild þingsins fyrir þessu frv., þá verð jeg að kalla þær nokkuð undarlegar; nefndin segir, að þessi tollur sje til þess, að ríða baggamuninn á móti hinum tollunum, sem samþykktir voru um daginn, því kaffi-, sykur- og tóbakstollur verði miklu tilfinnanlegri fyrir hina efnaminni, en fyrir þá, sem víntollurinn á að lenda á; jeg fyrir mitt leyti held það sje alveg óvíst, að baggamunurinn sje nokkur; að minnsta kosti held jeg, að enginn þori að halda því fram, að vindlatollurinn leggist eins þungt á hina efnaminni, og það var þó einmitt vindlatollurinn, sem var hækkaður mest; jeg skal nú annars alls eigi vera að fara út í það, hvernig tollar þessir koma niður, en jeg held, að þegar tollamennirnir væru búnir að jafna þennan baggamun, þá þættust þeir þurfa að fara að jafna aptur, og þannig gengi í það óendanlega með þessa tollasuðu. Jeg álít líka nokkuð hættulegt, að hafa meira fje í landssjóði en nauðsyn ber til; því það getur leitt til eyðslusemi á landsfje og til þess, að menn fari að leggja fje til miður þarfra fyrirtækja, enda álít jeg rangt, að menn sjeu að leggja á skatta til þess, að landssjóður fari að taka að sjer fyrirtæki, sem einstakir menn eiga að takast á hendur. Það er heldur ekki rjett í sjálfu sjer, að landssjóður hefur verið heptur til að lána hinum og þessum, en viðlagasjóður sje fastur, þegar til þarf að taka; það hefur jafnvel komið fyrir, að útlendum manni hefur verið lánað úr landssjóði, að vísu gegn fullu veði. Það hefði verið betra, að það, sem landssjóður hafði umfram, hefði verið ávaxtað á þá leið, að það væri til taks, þegar á þyrfti að halda.

Svo jeg snúi mjer nú að frv. aptur, þá á tilgangur þess að vera, að auka tekjur landssjóðs, en jeg ímynda mjer og er fyrir mitt leyti viss um, að niðurstaðan verður allt önnur; ef þetta frv. yrði að lögum, mundum við fá minna í toll af áfengum drykkjum en nú. Jeg hika því alls eigi við að greiða atkvæði á móti frv., og mjer finnst vjer ættum eigi að láta það ganga til 2. umr., því vjer höfum nóg annað að gjöra, en að prefa um tolla.

Jón A. Hjaltalín: Jeg stend eigi upp af því, að jeg sje eigi samdóma h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) um tolla yfir höfuð; en jeg vil minna menn á, að jeg sagði um daginn, að það mundi verða til einskis, að samþykkja kaffi- og sykurtollinn í því skyni, að með því væri rekinn endahnútur inn á allt tollajag; jeg spáði því þá, að ef þessir tollar yrðu samþykktir, mundi eigi langt að bíða þangað til fleiri tollabænir fylgdu á eptir; margar spár hafa átt lengri aldur. Nú sjá menn, að það hefur farið að getunum, og jeg tel engan efa á, að fleiri tollar muni enn koma fram á leiksviðið. En svo jeg snúi mjer nú að tolli þeim, sem hjer er um að ræða, þá segi jeg, ef ástæða er til að leggja toll á nokkuð, þá er það helzt á óþarfa vöru, og jeg veit eigi, hvað er óþarfavara, ef eigi sú, sem hjer er farið fram á að hækka tollinn á; það er því sjerstök ástæða til, að vera með þessu frumv., og það því fremur, sem hlutfallið milli hinna ýmsu víntegunda mun vera rangt, þannig, að

sumar víntegundir ættu að bera langt um hærri toll. Það er alveg satt, að bæði ríkir og fátækir kaupa kaffi og sykur, en hitt er víst, að fátækir kaupa tiltölulega meira af því eptir efnahagnum; jeg sje því ekkert á móti því, að hinir ríkari bæti ofurlítið á sig, þegar við erum farnir að taka toll af sykurmola barnsins og kaffibolla konunnar.

H. 1. kgk. þm. (Júl. H.) áleit hættulegt, að hafa of mikið fje í landssjóðnum, og þar er jeg honum alveg samdóma, en hann sagði líka, að ef þetta frumv. næði fram að ganga, mundi það hafa í för með sjer rýrnun á tolltekjum landssjóðs; gott og vel, þar er ein ástæða enn til þess að gefa frv. atkv. Ef nokkrir tollar eiga rjett á sjer, þá á þessi tollur það.

Jakob Guðmundsson: Mönnum þykir máske undarlegt, af því jeg er talinn tollapostuli, ef jeg skyldi verða frumv. þessu mótmæltur; en það er eigi af þeirri ástæðu sem h. 1. kgk. þm. tók fram, að jeg álíti, að nokkurn tíma komi of mikið fje í landssjóðinn eða svo mikið, að menn freistist til óhófs, heldur er aðalástæðan sú gamla regla, að eigi sje hyggilegt að vega optar en um sinn í sama knjerum. Við höfum nú fengið fylgi deildarinnar í kaffitollinum, og þar sem hann er nú helmingi hærri en stjórnin óskaði, þá þykist jeg sjá fyrir, að megi bjargast með þeim tollum, sem vjer höfum, um næsta fjárhagstímabil, þó jeg raunar álíti, að við eigum mikið eptir til þess, að laga fjárhag okkar eins og vera ber. Eins finnst mjer það vera ósamkvæmni hjá háttv. neðri deild, þar sem hún um daginn sagðist heldur vilja leggja á fáar en margar vörutegundir, en vill nú fara að bæta tollum við. Jeg verð því á móti frumv.

E. Th. Jónassen: Það má sjá það á nefndaráliti neðri deildar, að tilgangurinn með að hækka það gjald, sem frumv. fer fram á, er að auka tekjur landssjóðs; þetta er beinlínis tekið fram í nefndarálitinu. En jeg held, eins og aðrir h. þm. hafa tekið fram, að þetta frv., þótt það yrði að lögum, ekki mundi koma til leiðar hækkun á tekjum landssjóðs, heldur minnki þær við það; því þegar jeg ber þennan toll saman við tvo nýja tolla, sem lagðir hafa verið á á þessu þingi, þá ímynda jeg mjer, að kaupmenn minnki innflutninginn, sjerstaklega innflutning á þeim vörum, sem hjer ræðir um í frumv.; jeg sje heldur ekki, að kaupmenn geti sjeð sjer hag í því, að flytja inn öl með þessari tollhækkun. Ástæðan, sem h. Nd. hefur haft fyrir þessum háa tolli á öli, er ekki góð: að þessi tollur sje eins hár í Danmörku; það er mjög skiljanlegt, hvers vegna tollurinn þar er 5 a. á pottinum, því það á að vera verndartollur, en þessi tollur hjer á að vera *„finantstollur“*, o: tollur, sem á að auka tekjur landssjóðs. Jeg álít alveg rangt, að hafa svo háan toll, eins og hjer er tekið fram á, á öllum öltegundum, en einkum á hvítöli; það er hollur drykkur, og það er öldungis óheyrt, að leggja slíkan toll á hollan drykk, sem auk þess er óáfengur. Yfir höfuð held jeg, að þetta frumv. verði ekki til þess, að auka tekjur landssjóðs; en hjer ber að eins að líta á það, að augnamið frumv. *er það eitt*, að auka tekjur landssjóðs; en jeg er sannfærður um, eins og 5 h. þm. hjer í deildinni, að frumv. verður til þess, að tekjur landssjóðs minnka en aukast ekki, ef það verður að lögum; þess vegna greiði jeg hiklaust atkvæði á móti frumv.

Skúli Þorvarðarson: Jeg er samdóma h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) um það, að hjer er lagt á þær vörur, sem allra helzt ætti að leggja á tolla. Hvort sem það rætist, að þetta verður ekki til tekjuauka landssjóði, þá er þó auðvitað, að frumv. hefur sparnað í för með sjer, minni ofnautn áfengra drykkja; þetta

kalla jeg líka góða afleiðingu, svo mjer sýnist ekki vera ástæða til að fella frv. frá þeirri síðu, að það sje meiningarlaust sem tekjufrv.; en á hinn bóginn, að það auki á tollumsjón, held jeg, að þó tollurinn hækki eins og frumv. fer fram á, muni það ekki valda miklum erfiðleikum í umsjóninni, þar einungis er hækkaður tollur á tollskyldum vörum; jeg sje því, sem stendur, enga ástæðu til að vera á móti frumv., að minnsta kosti að lofa því að komast til 2. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg ætla að eins að gjöra stutta athugasemd, til þess að fyrirbyggja misskilning; jeg sagði ekki, að jeg væri á móti því, að hafa þennan álögustofn, en að jeg væri á móti því, að hækka tollinn á þessum vörum. Nú er búið þrisvar sinnum að leggja toll á öl- og vín-föng, svo væri hann nú hækkaður í fjórða sinni, í þeim tilgangi, að auka tekjur landssjóðs, ímynda jeg mjer þær mundu verða heldur minni en meiri. Þess vegna er jeg á móti frumv. Aptur á móti er jeg samdóma h. þm. Árn. (Sk. Þ.) um það, að rjett sje að tolla slíkar vörur, en okkur greinir á um, hve hár tollurinn skuli vera.

Jón A. Hjaltalín: Þar sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) fór út í einstakar greinir, og sagði, að sjer þætti tollurinn of hár, t. d. á öli, þá finnst mjer að þetta mætti laga, ef málinu verður vísað til 2. umr. Málið er þess vert, því eptir gömlu lögunum er ofmikill munur á tolli á ýmsum víntegundum, og þennan mun þarf að laga; á rauðavíni er t. d. 15 aura tollur, er það allt of lágt, þar eð menn hafa greint á um, yfir hvað rauðavín næði; þetta þarf betur að skýra, svo það ekki framvegis valdi flækju og tollsvikum.

Júlíus Havsteen: Hjer má segja: ekki er lengi að snúast veður í lopti. H. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) var um daginn á móti tollum og þeirri hækkun á tollinum á tóbaki, sem neðri deild hafði samþykkt, en nú vill hann hækka tolla svo engri átt nær. Jeg get ekki fundið neitt annað í röksemdaleiðslu þessa þm. (J. A. Hj.) og h. þm. Árn. (Sk. Þ.) en að þeir vilja ná sjer niðri á hinum efnameiri. Aptur á móti játuðu þeir, að þetta mundi ekki verða tekjuauki fyrir landssjóðinn. H. þm. Árn. (Sk. Þ.) sagði, að eptirlitið mundi verða eins hægt eptirleiðis og áður, en jeg þori að fullvissa hann um það, að eptir því sem tollur er hækkaður, og það eins og hjer er farið fram á, þá mun líka freistnin til tollsvika verða meiri, og eptirlitið að því skapi örðugra.

Jón Ólafsson: Jeg vil gefa atkvæði með því, að fella þetta frumv., á hverju stigi, sem er, ekki að eins af sömu ástæðum og h. þm., sem talað hafa á móti frumv., heldur einnig af öðrum ástæðum. Jeg er samdóma þeim h. þm., er síðast talaði (J. Havst.), um það, að landssjóðurinn græðir ekki á frumv.; en jeg efast ekki um, að tilgangurinn er heldur ekki sá. Heldur er það aðaltilgangurinn, að ná sjer niður á vissum stjettum. Þessi tollafrv., sem hafa komið fram á þinginu, bera vott um það, að hver vill velta gjaldabyrðinni yfir á náunga sinn: landbóndinn vill velta henni af sjer yfir á sjávarbóndunn, sjávarbóndinn aptur á landbóndann, og loks þeir báðir á kaupstaðarbúa og þurrabúðarmenn. Jeg held tilgangur frumv. hafi aldrei verið fjárhagslegur, og þegar þess vegna sje jeg ekki ástæðu til að greiða atkv. með því.

Önnur ástæða mín á móti frumv. er, að jeg greiddi atkv. með hinum fyrri tollum sem neyðarúrræði, eins og jeg hef áður tekið fram, og að mjer finnast öll þessi tollafrumv. vera til þess, að koma tollsvikaskóla á fót, meðan engin tollgæzla er. Menn munu fá að sjá það og sanna, að *næsta* alþingi *neyðist* til þess að koma á tollgæzlu.

Ein ástæða, sem jeg hef enn á móti frumv., er, að jeg vil *engan* vínfangatoll

hafa. Þessi ástæða mín kann sumum að þykja undarleg, því fremur sem það er alkunnugt, að jeg er enginn vinur áfengra drykkja. En *einmitt það* er aðalástæðan fyrir mig, til að berjast gegn frumv.; jeg er sannfærður um, að svo lengi sem vínfangatollurinn er mjólkurkýr landssjóðs, svo lengi mun vera *hlynnt að* sölu áfengra drykkja hjer á landi; og svo lengi sem þetta hagnaðar-band er á milli landssjóðsins og áfengra drykkja, svo lengi mun ekki verða unnt að útrýma aðflutningi og sölu þeirra. Jeg er meira að segja sannfærður um það, að ef „morfín“ eða „ópíum“ væri flutt hingað til lands sem almenn verzlunarvara, og gæfi landssjóði í toll 160,000 kr., þá mundi engin rödd heyrast á þinginu, sem vildi banna innflutning á því, en hávaði þingmanna verða reiðubúnir til að friða þá verzlun og vernda. Jeg óska þess og vona, að við lærum að skoða áfenga drykki á sama hátt og *hvert annað* eitur, eins og morfín og ópíum. Jeg er viss um, að sú tíð nálgast ekki fyr, en landssjóðurinn hættir að gera áfenga drykki sjer að tekjustofni. Hagur landssjóðs af vínfangatollinum hefur stundum numið 160,000 kr.; hve miklu munu landsmenn þá kasta út fyrir *sjálf vínföngin*, þegar þessu er kastað út *að eins í tollinn?* Á hallærisárunum hefur þessa litla þjóð, 70,000 manns, kastað út til vínfanga hálfri miljón, og þó er þessi upphæð lítil í samanburði við heilsuspilli og verkföll, sem vínföngin hafa haft í för með sjer, að jeg ekki telji þá hörmung og háðung og óbeinlínis eyðilegging, sem af þeim stafar, hefur stafað, og mun jafnan stafa. Ef *það* væri metið til peninga, þá væri óhætt að bæta við annari hálfri miljón, sem landsmenn kasta út til óþarfa. Ef menn loksins vildu meta gjaldabyrði þá, sem hvílir á mönnum til að styðja þá, sem öðrum eru orðnir að byrði fyrir nautn áfengra drykkja, þá mætti bæta við enn þá einni miljóninni. Þetta eru gífurlegar álögur, og jeg held, að með því að gera vínföng að tekjugrein, sje girt fyrir það, svo sem gert verður með lögum, að menn nokkurn tíma sjái að sjer. Jeg hef fengið frá 1800 manns bænarskrár um það, að banna innflutning og sölu áfengra drykkja, og jeg vil vona, að ekki verði þess allt of langt að bíða, þangað til þessir 1800 menn eru orðnir 18,000, og þá vona jeg að sú tíð nálgist, að landssjóður hafi ekki lengur eyris hag af þessari „*ómór-ölsku*“ tekjugrein.

Jeg greiði því atkvæði móti frumv., og mun svo gera móti öllum víntollum.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 8 : 3 atkv., að við höfðu nafnakalli eptir ósk 4 nafngreindra þm., og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín	Jón Ólafsson
Arnljótur Ólafsson	Árni Thorsteinsson
Skúli Þorvarðarson	E. Th. Jónassen
	Friðrik Stefánsson
	Jakob Guðmundsson
	Júlíus Havsteen
	L. E. Sveinbjörnsson
	Sighvatur Árnason.

Frumv. til laga um viðauka og breyting á þingsköpum alþingis (C. 323); ein umr.

Jón Ólafsson: Neðri deild hefur bætt við 2. gr. frv. ákvæðum þeim við kosningaraðferðina, sem hæstv. landsh. benti til hjer í deildinni að vantaði, en sú vangá hefur á orðið, að það er einhver málvilla í síðustu málsgrein, þar sem ákveðið er, hvernig að skuli farið, ef ekki hljóta nógu margir kosningu eptir hlutfallskosning; jeg vil því skjóta því til h. forseta, hvort hann ekki vilji fresta umr. um þetta mál að sinni.

Forseti: Það væri mjög óheppilegt, ef

þessi vangá yrði til þess, að frumv. fjelli, og leyfi jeg mjer því að bera það undir atkvæði deildarinnar, hvort málið skuli takast út af dagskrá.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með 9 atkv. að fresta umr.

Frumv. til laga um viðaukalög við lög 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála o. s. frv. (C. 286, 330); ein umr.

Jakob Guðmundsson: Af því jeg vil að aðaltilgangurinn náist, verð jeg að ráða h. deild til að fallast á breyt. þær, sem h. neðri deild hefur gjört við frv. Annars máske málið fjelli, og þá næðist ekki tilgangurinn.

Sighvatur Árnason: Jeg hef verið þessu máli meðmæltur, en eins og hjer er komið málinu, þykir mjer frumv. vera of nærgöngult eignarrjetti bændakirkjueigenda, sem sje, að skylda þá til að annast um, að hljóðfæri sje keypt fyrir fje kirkjunnar; jeg held það ríði á því fyrir þingið, að það gjöri sitt til, að eignarrjetturinn sje ekki skertur. Menn geta reyndar sagt, að hjer sje ráðin nokkur bót, hjer þurfi að ganga gegnum hreinsunareldinn, þar sem þurfi til þessa samþykki hjeraðsfundarins; en þetta er ekki nóg, hjer vantar samþykki eigandans, og þó hann væri einn af hjeraðsfundarmönnum, sem alls ekki er víst, þá hefur hann þar ekki nema eitt atkvæði. Hjer getur og komið til greina ókunnugleiki hjeraðsfundarmanna; þeir þekkja ekki til hlítar ástand kirknanna, eða hverra endurbóta þær þurfa, sem opt og tíðum geta verið miklar, svo að því getur rekið, að ærið fje þarf að lána til þessa; en þá er hart, að búið sje að taka fje til hljóðfærakaupa, sem þó að því skapi hlýtur að leggja meiri byrðar á kirkjueiganda.

Jakob Guðmundsson: Mjer finnst að menn gjöri hjer of lítið úr samþykki hjeraðsfundarins; jeg get ekki ætlað, að hjeraðsfundurinn veiti samþykki sitt, nema fje sje fyrir hendi. Þar sem h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) gat þess, að hjeraðsfundurinn væri ókunnugur högum og ástandi kirknanna, þá gjöri jeg lítið úr þeirri ástæðu, því árlega eiga reikningar kirknanna að leggjast fram fyrir hjeraðsfundinn til yfirskoðunar, og er því fundarmönnum innanhandar að kynnast högum og ásigkomulagi kirknanna til hlítar, svo hjer getur ekki verið neinum ókunnugleika um að kenna. Með fornum lögum var það gjört eigendum kirkna að skyldu, að hafa kirkjurnar í sómasamlegu standi. Áður voru byggðar torfkirkjur, en eptir því, sem tímar liðu fram, hefur þetta breytzt þannig, að kirknaeigendur hafa nú um langan tíma byggt kirkjur sínar úr timbri, já enda sumir úr steini. Það er því alveg nauðsynlegt og samkvæmt kröfum tímans, að hljóðfæri sjeu keypt til kirkna, til þess að guðsþjónustan fari sómasamlega fram.

Enda þótt frumv. hafi orðið fyrir þessum breyt. í neðri deild, þá er jeg því samt meðmæltur.

E. Th. Jónassen: Umræðurnar lýsa því, að flestir hjer í deildinni eru frumv. þessu meðmæltir, og jeg fyrir mitt leyti er því einnig meðmæltur, enda þótt frv. hafi orðið fyrir nokkrum breyt. í neðri deild. Mjer er kunnugt um, að það eru margir, sem óska eptir lagaboði um þetta efni, því það mundi girða fyrir margan misskilning, og jeg hef það traust til h. deildar, að mál þetta nái fram að ganga, því hjer er þörf á lagaboði.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 9 : 1 atkv., og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Tuttugasti og áttundi fundur, laugardag 3. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um varúðarreglur til þess að forðast ásiglingar (C. 326); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv.greinin samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj.
Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. 329); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi (C. 357); 1. umr.

Jón A. Hjaltalín: Jeg get lítið sagt um frumv. nú; mjer finnst það vera þarft, en jeg held þó, að sum ákvæði í því sjeu athugaverð, og sum ákvæði vanta með öllu; þetta þarf að bæta við hinar síðari umræður. Einkum er eitt, sem mjer finnst vanta: jeg sje eigi neina tryggingu fyrir því, að þeir, sem á skólann koma, kunni að skrifa eða reikna, svo jeg ímynda mjer, að menn verði að taka af námstímanum, sem í skólanum er ætlaður stýrimannafræðinni, til þess að kenna nemendunum þessar greinir. Mjer dettur þetta í hug af því dæmi, sem jeg hef af búnaðarskólunum; þar er varið næstum hálfum námstímanum til almennrar menntunar; þetta álít jeg vera óheppilegt fyrirkomulag; jeg álít yfir höfuð óheppilegt, að kenna á „fagskólum“ almenna menntun. Jeg held það geti ekki orðið til góðs að blanda þessu saman. Hjer í frumv. er gjört ráð fyrir, að kenna skuli fleira en stýrimannafræði, en jeg held að þurfi að laga það svo, að ekki væri eitt tíma til annars en að kenna stýrimannafræði.

Landshöfðingi: H. þm. er kunnugt, hvaða breyt. hafa verið gerðar á frumv. í h. Nd.; einkum eru breyt. í því fólgnar, að h. Nd. vill hafa tvenns konar próf, annað með meira rjetti fyrir próftakendur, en hitt með minna rjetti. Jeg verð að vera samdóma h. Nd. í þessu; jeg held, að breyt. sjeu einungis til bóta; en að þar fyrir kunni ef til vill að vera gallar á frumv., það skal jeg játa; aptur á móti get jeg ekki kannazt við þá galla, sem h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) drap á. Jeg held, að ekki sje nein hætta við því, að þetta komi fyrir, sem hann minntist á, og að ekki þurfi að gera ráð fyrir, að á skólann komi menn, sem eru svo illa að sjer, að þeir hvorki kunna að lesa, skrifa nje reikna, sjerstaklega þegar stiptsyfirvöldin eiga að hafa umsjón með inntökunni; það er vonandi, að þau setji þau skilyrði fyrir inntökunni, að menn kunni að lesa, skrifa og reikna; þetta held jeg sje full trygging fyrir því, að menn komist ekki inn á skólann, sem ekki hafa fengið þennan undirbúning.

Annað atriði, sem h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) líkaði ekki, var, að kenna skyldi annað í skólanum en það, sem beinlínis lýtur að stýrimannafræði. En jeg held, að meira útheimtist til að vera hæfur skipstjóri en þekking í siglingafræði; hann þarf líka að hafa nokkra almenna menntun, og hennar á hann að geta aflað sjer í þessum skóla. Þar sem sagt er í frv., að námsmaðurinn eigi að geta skrifað sitt móðurmál glöggt og rjett, þá mun hann opt þurfa þess með; jeg skal taka til dæmis „Söforklaringer“, — skýrslur, sem skipstjórar eiga að gefa, þegar skipinu hefur hlekkzt á; til þess að geta gert þær svo úr garði, að vel fari, verður skipstjóri að kunna að setja hugsanir sínar fram á pappír. Við, sem höfum fengizt við strandmál, þekkjum það, hve illa skýrslurnar um atvik að skipreikanum opt og einatt eru úr garði gerðar; einkum eru brögð að því hjá frakkneskum fiskimönnum; þess vegna held jeg, að heppilegra væri, að ekki færi eins illa fyrir Íslendingum í þessu, eins og fyrir sumum útlendingum. Jeg tel það mjög svo þarflegt, að danska og enska sjeu kenndar á skólanum, því jeg held það sje nauðsynlegt fyrir hvern íslenzkan skipstjóra, sem fer landa á milli, að kunna fleiri mál en íslenzku; annars getur hann ekki bjargað sjer, þegar hann

kemur til annara landa; enginn kaupmaður mun vilja taka slíkan skipstjóra; margt getur komið fyrir skipstjórann, sem gerir honum það óhjákvæmilegt, að kunna útlent mál; hann þarf t. d. að tala og semja við útlenda menn, og þá er næst fyrir að taka dönsku og ensku. Það kann vel að vera, að skólinn geti fullnægt kröfum þeim, sem til hans eru gerðar, án þess þetta sje þar heimtað, en þó held jeg, að hyggilegra væri, að hafa þessar greinir með; enn fremur er það athugavert, að skólasveinar eiga ekki kost á íslenzkum kennslubókum, svo þeim hlýtur þegar af þeirri ástæðu að vera nauðsynlegt, að kunna fleiri mál en íslenzku.

Jón A. Hjaltalín: Jeg er samdóma hæstv. landsh. um það, að lærisveinunum sje nauðsyn á þessari menntun; en hana eiga þeir ekki að fá í þessum skóla. Er ekki gríska nauðsynleg fyrir prestaskólann? þó er hún ekki kennd þar; alveg eins er með þennan skóla; námssveinarnir þurfa einmitt að hafa fengið þessa menntun á undan; henni má ekki blanda saman við kennsluna í stýrimannaskólanum; úr því yrði tómur ruglingur. Jeg er heldur eigi viss um, að þó kennarinn sje góður í stýrimannafræði, þá geti hann kennt dönsku og ensku; það held jeg sje hreinasti misskilningur.

Júlíus Havsteen: H. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) nefndi ýmsa skóla, sem hann tók til dæmis, en gleymdi búnaðarskólunum, þar sem einmitt hagar eins til og í þessum skóla. Jeg sje ekki annað, ef frumv. yrði að lögum með þeim breyt., sem hann vill hafa, en að menn yrðu að ganga á Möðruvallaskólann áður en menn kæmust á sjómannaskólann.

Þetta held jeg samt að sje alveg óþarft.

Landshöfðingi: Jeg vildi að eins leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd viðvíkjandi því, sem h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) sagði; jeg er honum alveg samdóma um það, að eigi ætti að kenna hin fyrstu undirstöðuatriði á þessum skóla, — að þar ætti eigi að kenna lestur, skript og einfaldan reikning; jeg álít að kunnátta í þessum greinum ætti að vera skilyrði fyrir inntöku á skólann, og mjer finnst næg trygging fyrir, að það verði heimtað, þar sem stiptsyfirvöldunum er falið á hendur, „að skipa fyrir um það, sem með þarf, viðvíkjandi inntöku lærisveina í skólann“. Aptur á móti er jeg honum eigi samdóma um hitt, að eigi megi kenna annað á skólanum en það, sem beinlínis viðkemur siglingafræði. Hann játaði, að kunnátta í ensku og dönsku væri nauðsynleg fyrir stýrimenn og skipstjóra, en jeg held þá yrði að kenna þessi mál í skólanum, því jeg get eigi ætlazt til, að kunnátta í ensku og dönsku verði sett sem skilyrði fyrir inntöku í hann. H. þm. (J. A. Hj.) sagði enn fremur, að það gæti vel átt sjer stað, að kennarinn við skólann gæti eigi kennt þessi mál, þó að hann væri vel að sjer í sinni mennt, siglingafræðinni; þetta er líka það sem frumv. gengur út frá, og þess vegna er gert ráð fyrir tímakennslu, þar sem það yrði kennt, sem eigi beinlínis heyrði undir stýrimannskennsluna, svo sem íslenzkar ritgjörðir, danska, enska o. s. frv.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um viðauka og breyting á þingsköpum alþingis (C. 323, 361); frh. einnar umr.

Jón Ólafsson: Þegar frumv. þetta var síðast til umræðu hjer í deildinni mætti það eigi mótspyrnu og var eigi annað fundið að því, en það sem hæstv. landsh. tók fram, en hann taldi þann galla vera á því, að það skorti nánari ákvæði um, *hvernig* hlutfallskosning skyldi haga. En þessum galla hefur neðri deild nú bætt úr, og þannig tekið athugasemd hæstv. landsh. til greina. Jeg vona því,

að málið hljóti að fá fylgi h. deildar, þar sem það nú óneitanlega er betur gjört úr garði, en síðast. Hvað snertir breyt.till., þá fer hún að eins fram á orðabreyting, og vona jeg því, að h. deild aðhyllist hana, þar eð hún eingöngu gengur út á, að gjöra leiðrjetting á málgalla.

Júlíus Havsteen: Jeg hef hingað til skipt mjer lítið af þessu frumv., en finn heldur nokkra hvöt til þess hjá mjer nú. Jeg hef helzt hallazt að því, að frumv. væri óþarft, en nú fer jeg að fella mig betur við það, eptir að það skeði í neðri deild í gær, að forsetinn sjálfur *vjek úr sæti og greiddi atkvæði*. Nú sýnist mjer svo sem frumv. sje „prótest“ á móti slíkri óhæfu, og er gott að því leyti.

Jón Ólafsson: Það gleður mig, að h. 1. kgk. þm. (J. Havst.) er nú ánægður með frumv. Hvað fram fór í neðri deild í gær liggur fyrir utan þetta mál, en jeg skal geta þess, að það var eigi annað en það sem hefur átt sjer stað áður. Jeg skal fúslega játa, að það væri heppilegt, að það væri skýrt ákveðið með lögum, hvernig eigi að að fara í slíkum tilfellum.

Júlíus Havsteen: Jeg vil biðja h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) að skilja eigi orð mín svo, sem jeg ætli að greiða atkv. með frumv., heldur greiði jeg atkv. móti því, og vona, að flestir gjöri það með mjer.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil láta í ljósi þá skoðun, að jeg er samdóma h. 1. kgk. þm. (J. Havst.) um það, að síðustu orð 1. gr. banni forseta að greiða atkvæði, hvort sem hann situr í forsetasæti eða á bekkjunum, því ef jeg skil rjett mál, og það er æfinlega rjett hjá h. 1. þm. Sunnmýl. (J. Ól.), þá hlýtur það að vera gjört með þessum orðum: „Þingmaður sá, er fyrir aldurs sakir skipar forsæti, hefur á meðan allan *sama rjett og skyldur sem forseti*“; hann tekur *því* eigi þátt í atkv.-greiðslunni, af því hann hefur sömu skyldur sem forseti, og forseti tekur engan þátt í atkvæðagreiðslu.

Nú er að vísu svo, að aldursforsetinn er eigi forseti, nema meðan hann situr í stólnum meðan verið er að kjósa forsetann, og hann getur eigi, eins og forsetinn, skipað varaforsetann í sinn stað, af því hann hefur engan varaforseta; hann er því að eins sviptur atkvæði svo lengi, sem hann situr í forsæti; en greinin er svo víðtæk, að hún bannar forsetanum að greiða atkvæði, hvort sem hann situr í forsetastólnum eða á þingbekkjunum. Síðan jeg kom á þing, man jeg eigi eptir, að forseti hafi gefið atkvæði. *(J. Ól.:* Jú, í neðri deild; jeg hef skoðað gjörðabókina). Jeg skal þá eigi bera á móti því, en eigi rekur mig minni til að svo hafi verið, og víst er um það, að það er sú óregla, sem ætti eigi að koma fyrir.

Jeg álít gott að hinn þjóðkjörni flokkur hjer í deildinni viðurkennir nú, að hann hafi gjört rangt með framkomu sinni á síðasta þingi, að hann vildi gefa aldursforseta atkvæðisrjett, þegar þjóðkjörinn þm. fyrst skipaði aldursforsæti, því þessi regla er beint ofan í þá reglu, er konungkjörni flokkurinn áður fylgdi, alla þá stund, er aldursforsetinn var úr þeirra flokki. Þessa reglu hinna konungkjörnu manna vill þjóðkjörni flokkurinn nú aptur upp taka. Allir eiga leiðrjetting orða sinna, og það verða hinir þjóðkjörnu líka að eiga kost á, hvort sem þetta apturhvarf er komið af því, að óhappahönd dróg vissan seðil, eða þeir sjá, að breytni þeirra var röng, þegar þeir fóru að breyta gamalli reglu, sem hinn konungkjörni flokkur hafði haldið. Jeg gleð mig yfir apturhvarfi þeirra og syndajátning, og vil því greiða atkvæði með frumv.

Jakob Guðmundsson: Jeg gleð mig yfir frumv. þessu, því jeg tel það mikla lagabót og vil kalla höfund þess *lagabætir*. En jeg get eigi kannazt við, að það sje

vitnisburður frá hinum þjóðkjörnu um, að þeir hafi hafi haft rangindi í frammi, eins og h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) sagðist frá, því þeir hafa farið bæði rjett og löglega að, og hefur hæstv. landsh. litið svo á málið hjer á þingi áður, enda er þessi lagaviðauki ljós vottur um, að þingið með honum játi, að þessi skilningur hinna þjóðkjörnu hafi verið rjettur.

E. Th. Jónassen: Jeg sje enga þörf á þessu frumv., því það er skýrt ákveðið í þingskapanna 5. gr., að forseti ekki taki neinn þátt í atkvæðagreiðslu; þessi orð eru svo ljós, að þau geta ekki misskilizt. Þar sem h. þm. Dal. (Jak. G.) sagði, að landshöfðinginn hefði sagt það á þingi 1887, að skilningur hinna þjóðkjörnu á þingsköpunum væri rjettur, þá var það alls eigi svo; landshöfðinginn felldi alls engan úrskurð um það atriði, en hitt sagði hann, að 5. gr. hljóðaði um forsetann, en ljet því ósvarað, hvort það einnig gilti um aldursforsetann.

Annars er 5. gr. þingskapanna svo ljós, að hún aldrei hefur verið misskilin fyr en hinir þjóðkjörnu þingm. gjörðu það 1887.

Friðrik Stefánsson: Jeg vil ekki játa það, að frumv. sanni það, að hinir þjóðkjörnu þingmenn hafi farið með rangindi á þingi 1887 og nú 1889, þegar þeir álitu, að aldursforseti gæti haft atkæðisrjett, en hitt er það, að þar sem ákvæði 5. gr. þingskapanna um þetta efni eru ekki svo ljós sem æskilegt væri, er nauðsynlegt, að slá einhverju föstu með ákveðnum lögum um það. Í 5. gr. þingskapanna er talað um forseta en ekki nefndur aldursforseti, og sanna því orð h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) ekki neitt með skýrskotun hans til tjeðrar greinar. Hví skyldu menn þá ekki vilja nú í eitt skipti fyrir öll taka af alla vafninga í þessu máli, einkum þar sem svo er ástatt eins og hjer í efri deiid, þar sem þingmenn eru í tveim jafnstórum flokkum, þjóðkjörnir og konungkjörnir?

H. Nd. hefur bætt inn í 2. gr. frv. ákvæðum um, hverja hlutfallskosningaraðferð skuli viðhafa, og er það samkvæmt bendingum hæstv. landsh. hjer í deildinni; jeg vona því, að frumv. fái að ganga fram eins og það liggur nú fyrir, óbreytt.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 361) samþ. með 9 samhlj. atkv.

Frv. þannig breytt samþ. með 7 : 4 atkv. og afgreitt aptur til neðri deildar.

Tuttugasti og níundi fundur, mánudag 5. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til farmannalaga (C. 290, 371); 2. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Þessar breytingar, sem nefndin hefur komið fram með (C. 371), eru eigi efnisbreytingar, heldur að eins orðabreytingar til lagfæringar á orðfæri, gjörðar sumpart eptir undirlagi hæstv. landshöfð., og sumpart í samráði við hann. Vona jeg að breytingarnar sjeu þess eðlis, að h. deild geti fallizt á þær.

ATKVÆÐAGR.: Allar breyt.till. nefndarinnar (C. 371) samþ. í einu hlj., hver út af fyrir sig, og sömuleiðis hlutaðeigandi frumvarpsgreinar (C. 290) með áorðnum breytingum samþ. í einu hlj. hver um sig, en aðrar frumvarpsgreinir allar samþ. óbreyttar í einu hlj. hver um sig. Fyrirsagnir bálka og kapítula einnig samþ. í e. hlj. hver um sig, og sömuleiðis fyrirsögn frumvarpsins.

Loks var málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 347); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg leyfi mjer að

stinga upp á, að 5 manna nefnd sje sett í þetta mál.

ATKÆÐAGR.: Nefnd samþ. í einu hlj., og í hana kosnir:

Jón A. Hjaltalín með 9 atkv.
Jón Ólafsson — 9 —
Skúli Þorvarðarson — 9 —
Friðrik Stefánsson — 9 —
E. Th. Jónassen — 8 —

Fyrstu umr. frestað.

Frumv. til laga um eignrjett á sömdu máli (C. 354, 367, 368); 3. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Breyt.-till. þær, er hjer liggja fyrir á þingskjali 313 (C. 367), eru allar sprottnar af umræðum þeim, sem urðu um málið við 2. umr. hjer í deildinni. Tillögurnar eru lagaðar eptir bendingum hæstv. landsh., og hef jeg borið þær undir hann, og eins till. á þingskj. 314 (C. 368). Jeg get þess, að tillaga um, að 3. og 6. gr. falli burt, er eptir bendingu hæstv. landsh., og þá eins hitt, að bæta inn nýrri 6. gr., þar sem ákveðið er, að eignarrjettur yfir sömdu máli hverfi aptur frá þeim, sem öðlazt hafa rjettinn við arfleiðslu eða gjöf, til erfingja höfundarins, nema berlega sje öðruvísi um samið. Sömuleiðis er í 7. gr. berlega tekið fram, að þegar ekkja eða ekkill hafa erft eignarrjett eptir höfund, hverfi þá rjetturinn að ekkju eða ekkil dánum aptur til erfingja höfundarins. Það getur komið fyrir, að höfundur deyi barnlaus, og er þá ekki tilgangurinn, að erfingjar ekkju hans fái eignarrjett yfir ritum hans.

Viðaukatill. við 13. gr. er líka nauðsynleg. Það væri mjög ósanngjarnt, ef útgefandi sýnisafns mætti taka upp heil bindi eptir einhvern höfund.

7. breyt.till., að 15. gr. falli burt, er í samræmi við till. hæstv. landsh. Það gæti staðið svo á, að liðin væri 49 ár síðan bók kom út í fyrsta sinni eptir látinn höfund, og ætti þá, eptir fyrirmælum 15. gr., að líða 9[illegible] ár frá 1. útg. þangað til frjálst væri að prenta hana aptur. Fyrir slíku er ítarlega gjört í breyt. á þingskj. 314. en sú breyt. stendur í sambandi við till. nr. 6 og 10 á þingskj. 313. Þessar breyt. verða því að fylgjast að. Ef h. þingd. skyldi sýnast að samþykkja till. á þingskj. 314, þá verður 10. tölul. á þingskj. 313 óþarfur.

Fleira hef jeg ekki að athuga að sinni; það hefur verið tekið tillit til allra mótbára og athugasemda, sem komið hafa fram við þetta frumv., að undantekinni mótbáru þeirri, er kom fram gegn síðari hluta 4. gr. Við nákvæmari athugun get jeg ekki fallizt á, að það væri rjett, að fella burt ákvæðin um, að samningar um kaup og sölu á útgáfurjetti rits skuli vera ógildir, ef þeir sjeu ekki skriflegir og gjörðir við vitundarvotta. Það hefur komið fyrir, að prætur hafa risið út úr þess háttar samningum, og ætti ekki að vera ofætlun að heimta skriflegan gjörning í þessum tilfellum, því höfundar bóka ættu þó að álítast skrifandi. Það er betra að fyrirbyggja prætur og sundurlyndi, heldur en bæta úr því eptir á.

ATKVÆÐAGR.: Fyrsta breyt.till. (C. 367) álitin samþ. án atkvæðagr. Allar hinar breyt.till. (C. 367 og 368) samþ. hver um sig í einu hlj., nema 10. breyt.till. á 313. þingskjali, sem fjell við það, að breyt.till. á 314. þingskj. (C. 368) var samþykkt.

Fyrirsögn frumv. með áorðinni breyt. samþ. í e. hlj.

Frumv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. í einu hlj., og afgreitt síðan til Nd.

Frumvarp til laga um breytingu á konungsúrskurði viðvíkjandi Ásmundarstaðakirkju (C. 326); 2. umr.

Jón Ólafsson: Jeg var ófróður um

þetta mál við 1. umr.; síðan hef jeg fengið upplýsingar um það, og álít nú frumv. alveg óþarft og þýðingarlaust. Það gengur út á að afnema skyldu, sem hvíldi á nokkrum tilteknum bændum í þessari umræddu sókn, til þess að greiða ákveðið gjald til prestsins að Presthólum fyrir messugjörð í kirkjunni á Ásmundarstöðum, enda höfðu þeir boðizt til, að inna gjald þetta af hendi; en nú eru þeir allir dauðir og því lausir við gjaldið. Jeg get því eigi sjeð, að þessi skylda, sem farið er fram á að afnema með frumv., hvíli á nokkrum *núlifandi* manni. Frv. er því þýðingarlaust, nema það eigi að verða lagaboð fyrir drauga.

E. Th. Jónassen: Jeg get eigi verið á sama máli og h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ó.). Jeg álít, að þessi skuldbinding eða gjaldskylda hvíli á hverjum bónda í Ásmundarstaða sókn. Það hvílir enn í dag sú skylda á bændunum í þessari sókn — og eru þeir 6 eða fleiri —, að inna gjald þetta af hendi. Nú vilja þeir losast við þessa kvöð, sem sóknarmenn hafa undirgengizt, og það er einmitt það, sem þetta frumv. gengur út á, eða með öðrum orðum: að leysa þá undan gjaldinu, og vil jeg samþykkja frumv.

ATKVÆÐAGR.: Frv. var fellt frá 2. umr. með 6 : 4 atkv.

Frumv. til laga um hundaskatt o. fl. (C. 327, 363); 2. umr.

Sighvatur Árnason: H. þingdm. er kunnugt, hver er tilgangur frumv. þessa, nefnilega einungis sá, að koma í veg fyrir óþarfa hunda, og jeg held, án tillits til, hvernig skatturinn kemur niður. Mjer er kunnugt af umræðunum í neðri deild, að þar var litið svona á málið, og flutningsmenn álitu, að svona lagað frv. gæfi meiri trygging fyrir útrýming óþarfahunda en þau lög, sem vjer nú höfum. En þegar þess er gætt, hvernig þessi skattur er lagður á, þá hlýtur hverjum manni að liggja það í augum uppi, að það er misrjettur í grundvellinum, því þessi skattur er eingöngu lagður á örðugleika eða ókost jarða, sem er örðug smalamennska og mikil vörn. Af þessari ástæðu hef jeg leyft mjer að koma fram með þessar breyt.till., sem eru á þingskj. 300, því þegar maður finnur, að skattur er lagður á grundvöll, sem er með miklum göllum og ósanngjarn, þá finnst mjer ríða á, að hafa skattinn sem lægstan, og jeg held, að 1 kr. sje nóg til að fyrirbyggja, að menn haldi óþarfa hunda. En þar sem jeg lagði til, að gjaldið rynni eingöngu í sýslusjóð, þá var það af því, að mjer fannst óeðlilegt, að kljúfa gjaldið og að láta sýslumann vera að heimta það inn fyrir hreppssjóð. Enn fremur er það, að ef þetta gjald rennur í sýslusjóð, þá annaðhvort hverfur gjald það, er nú verður að greiða honum, eða það að eins verður lítil viðbót, ef þessi skattur skyldi eigi verða nógur. Jeg held þetta geti samrýmzt 40. gr. sveitastjórnarlaganna, þar sem kveðið er á um gjöld til sýslusjóðs, þó það sje eigi tekið fram hjer. Jeg skal svo eigi fara fleirum orðum um þetta mál, en vona h. þingdm. taki breyt.till. mínar til greina, en vil þó geta þess að endingu, að hinar aðrar breyt.till. minar eru að eins orðabreytingar.

Jakob Guðmundsson: H. þm. Rangv. (S. Á.) áleit þennan hundaskatt óeðlilegan, með því að hann er lagður á örðugleika jarða, og er það öldungis satt; því eptir því sem jörðin er erfiðari, því fleiri þarf hundana, eins og líka ágangsjarðir þurfa miklu fleiri hunda en hinar. En þetta gjald er eigi að eins óeðlilegt með tilliti til þessa, heldur einnig með því að það leggst miklu þyngra á fátæklingana. Hver sem hefur nokkuð bú, kemst eigi af með minna en 2 hunda, annan sem smalahund og hinn til að verja tún og engjar með. En ef þetta gjald á að renna í sýslusjóð og koma í staðinn fyrir það gjald, sem hann hefur nú, þá held jeg það sje lögum gagnstætt, þar sem það á að jafnast

niður í hreppi hverjum eptir efnahagnum, en þessi hundaskattur er auðsjáanlega líkt þungur á hinum fátækari bændum eins og hinum efnaðri. Breyt.till. h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) get jeg heldur eigi verið meðmæltur, og þær stefna eigi á það, sem er höfuðatritið: að fyrirbyggja sullaveikina; en jeg skal verða meðmæltur lækningum á hundum, sem jeg verð að telja það eina og bezta meðal til að útrýma sullaveikinni; en þessu frumv. verð jeg að greiða atkv. á móti.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er samdóma h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) í sumum af breyt.-till. hans, en ekki í öllum. Jeg felli mig við breyt.till. við 3. gr. og við 6. gr., en mjer er efi á, hvort breyt.till. við 4. gr. sje rjett: að í staðinn fyrir 2 kr. komi 1 kr. Jeg skal að vísu játa það, að skattur þessi er að nokkru leyti lagður á eptir örðugleika jarðanna, en engan veginn að öllu leyti; hann liggur að miklu leyti á fjárfjöldanum; því fleira fje, sem bændur hafa, því fleiri hunda verða þeir að hafa, og því meiri er smalamennskan bæði sumar og vor og haust, og þar sem tilhagar eins og í Eyjafirði, að menn leggja í göngur 1—6 menn frá hverjum bæ eptir fjármagni, þá leiðir þar af, að því fleira fje, sem bóndinn hefur, því fleiri menn verður hann að leggja til gangnanna; en nú er gangnamaður ekki talinn gildur, nema hann hafi hund með sjer. Það er því eigi rjett, sem h. þm. Dal. (J. G.) og h. þm. Rangv. (S. Á.) sögðu, að skatturinn kæmi eingöngu niður á fátæklingunum og örðugleika jarðanna. Jeg vil og taka annað atriði fram: því minna gjald, sem liggur á hverjum hundi, því fleiri hunda hafa menn, og því síður verður náð tilgangi þessara laga, sem er að hafa gæzlu eða vörð á hundunum og fyrirbyggja hina skaðlegu sullaveiki. Þetta er þó aðaltilgangur frumv. Jeg vil enn fremur segja, að þó þetta gjald liggi þungt á fátæklingunum, þá má það laga, með því að taka það tillit til þess, þegar jafnað er niður sveitarútsvörunum. Ef t. d. maður ætti eptir efnum sínum og ástæðum, að greiða 6 kr. í sveitarútsvar, en hann hefur 2 hunda, sem hann verður að lúka af 4 kr., þá væri rjett, að draga frá þessar 4 kr. í sveitarútsvarinu og láta hann greiða að eins 2 kr. *(Jakob Guðm.:* Sumir eiga hunda og borga ekkert sveitarútsvar). Enginn greiðir þó minna til sveitar en 2 kr., ef hann er eigi á sveit sjálfur. Hvað sem þessu líður, þá er það samt rangskilin auðmýkt af h. þm. Dal. (J. G.), að vilja hlífa fátæklingunum jafnvel svo, að gefa þeim einkaleyfi til þess, að ala upp hunda, og útbreiða með því banvæna sýki. Þetta lýsir að vísu sannarlegum brjóstgæðum, og brjóstgæði er fögur dyggð; en þessi brjóstgæði mega eigi ganga svo langt, að fátæklingunum sje leyft að gjöra öðrum skaða og heilsutjón. Nú kemur 3. breyt.-till.; hún er þess efnis, að skatturinn skuli renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð. H. höfundur færði það til, að sjer þætti óeðlilegt, að sýslumenn skyldu innheimta gjöld fyrir hreppana. Jeg skal játa, að svo er; en má jeg spyrja, er hitt þá eigi eins óeðlilegt, að hrepparnir skuli innheimta gjöld fyrir sýslufjelögin? *(Sighv. Á.:* Jú). Jeg hygg nú, að hin spakvitra Nd. hafi hugsað sjer í vísdómi sínum, þá er hún felldi frv. til laga um gjald til sýslusjóðs og sýsluvega, að koma fram með gjald, sem sýslumaður innheimti aptur í móti fyrir hreppana. Það sannast hjer og hið fornkveðna: allur er jöfnuðurinn góður. Nd. hefur og með sömu jafnaðargirni deilt skattinum til helminga milli sýslusjóðs og hreppssjóðanna; hún hefur og þar með komizt til viðurkenningar um þann breyskleika, sem h. þm. Dal. (J. G.) ekki kannast við, að menn líti ekki síður á gagnsmuni sína, en gagnsmuni annara, og að menn þess vegna mundu í hreppunum

verða eptirgangssamari með hundahaldið og hundatalið, þegar þeir fá sjálfir að njóta skattsins. H. þm. Dal. (J. G.) ætlar menn of góða, og þess vegna hefur hann farið hjer flatt í skoðun sinni; en hafi það komið fyrir hann, að þekkja mann, sem hafi viljað sjá fullkomlega eins vel um sjálfan sig, sem um náungann, þá verður hann að vera mjer samdóma í því, að rjettara sje, að skatturinn renni að nokkru í hreppssjóð, en eigi allur í sýslusjóð.

Jón Ólafsson: H. þm. Dal. (Jak. G.) áleit það gagnstætt gildandi lögum, að leggja jafnt á ríka sem fátæka. Hvaða lög skyldu þetta vera? Jeg þekki ekki nein slík lög. Auk þess er margt athugavert við frv.; mjer þykja t. d. ákvæðin í 1. gr. undarleg; þar er ákveðið framtal á hundum, húsráðandi hver á að telja fram alla hunda, sem eru á heimili hans í fardögum, hvort sem þeir eiga þar heima eða ekki. Það er alveg eins og ákvæðin um manntal! Eptir þessu á sá húsbóndi, að gjalda fyrir hund, á hvers heimili hundurinn er *staddur* í fardögum; þetta gæti orðið vafningasamt; setjum, að hundi væri komið fyrir að venja hann viku eða hálfan mánuð um fardagana; þá ætti sá, sem við hundinum hefur tekið, að borga fyrir hann. Jeg gæti þá ímyndað mjer, að hundaeigendur kynnu að taka það til bragðs, að koma hundum sínum burt, t. d. í ferðalög, um fardagana. Þetta ákvæði finnst mjer þess vegna ísjárvert. Margt hefur verið talað um, hvort skatturinn skyldi renna í sýslusjóð eða eigi; en ef h. þm. Rangv. (S. Á.) hefði tekið rjett eptir umræðunum, mundi hann vita, hvers vegna h. Nd. ekki vildi láta sýslufjelögin hafa svo mikið fje; hún hjelt, að sýslusjóðirnir mundu þá verða of fullir, svo þeir spryngju.

Þar sem talað var um 6. og 7. gr., þá eru þær góðar og þarflegar; en jeg held frumv. þyrfti betur að íhugast áður en til 3. umr. kemur; þess vegna vil jeg stinga upp á, að málið sje lagt í nefnd 3 manna.

AKVÆÐAGR.: Samþykkt var með 7 atkv., að setja 3 manna nefnd í málið, og hlutu þessir kosningu:

Jón Ólafsson með 7 atkv.,
Sighvatur Árnason með 7 atkv. og
Arnljótur Ólafsson með 5 atkv.

eptir hlutkesti við Jakob Guðmundsson, sem fjekk einnig 5 atkv.

2. umr. frestað.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1886 og 1887 (C. 330); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu orðalaust vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumvarp til laga um varúðarreglur til þess að forðast ásiglingar (C. 326); 3. umræða.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. e. hl. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi*.

Frumvarp til laga um eyðing sels í veiðiám og veiðivötnum (C. 361); 3. umr.

Landshöfðingi: Jeg verð að álíta þetta frv., sem nú er komið upp úr hinu frv., um að selir sjeu rjettdræpir o. s. frv., mjög ísjárvert. Jeg get ekki horfið frá þeirri skoðun, sem jeg áður hef látið í ljósi, að mjer virðist það brot á stjórnarskránni, að svipta þá menn, er átt hafa selalátur, þeirri eign sinni, án þess nokkrar skaðabætur komi þeim í staðinn. Jeg hygg, að ekki sje hægt að bera á móti því með rjettu, að selalátur sjeu eins fullkomin eign, eins og hver önnur hlunnindi, sem jörðum fylgja. Það er öllum kunnugt, að ef þau hlunnindi fylgja einhverri jörð, gengur hún hærra en annars kaupum og sölum, og gangi hún að erfðum er hún lögð út fyrir hærra verð en hún annars mundi. Jeg get því eigi betur sjeð, en þeir, sem nú eiga selalátur, sjeu eptir

þessu frumv. beinlínis sviptir eign sinni, er þeir hafa eignazt á löglegan hátt, og sem þeir geta heimtað samkv. stjórnarskr. að njóti verndar fyrir þá.

I öðru lagi virðast mjer ákvæði frv. nokkuð tilgangslítil, þar sem í því eru gjörðar fyrirskipanir, án þess nokkuð sje tiltekið um, hverju það varði, ef skipununum er ekki hlýtt. Það hefur opt og tíðum gengið allerfitt, að gæta þess, að lögum væri hlýtt, jafnvel þó lagðar hafi verið refsingar við brotum gegn þeim, hvað þá heldur þar sem gert er einsog hjer í þessu frumv., er gefur skipanir, án þess nokkuð að kveða á, hverju varðar, ef út af er brotið.

Sem sagt, mjer þykir það mjög hart, að svipta fyrst og fremst menn þeim hlunnindum, sem þeir eiga með rjettu, og bæta síðan gráu ofan á svart með því, að skipa þeim sjálfum, að eyða því og eyðileggja, er þeir hafa sjálfir haft arðinn af.

Jeg verð því að vera mjög mótfallinn þessu framv., og efast um, að það geti nokkurn tíma öðlazt staðfestingu, þar sem það virðist koma í bága við stjórnarskrána.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal játa það, að sje þetta frumv. skoðað á sama hátt og hæstv. landshöfðingi gjörir, þá er hans ályktun rjett. En frumv. þetta er af höfundum þess gjört í öðrum tilgangi og lögð í það önnur hugsun, en hæstv. landsh. gjörir.

Höfundar frv. skoða sem svo: Hingað til hefur til verið selalagnir og selveiði í ám, árósum og í vötnum, og í mörgum hinum sömu vötnum einnig laxveiði. Af þessum tveim atvinnuvegum, selveiðinni og laxveiðinni, er laxveiðin að miklum mun gagnsamlegri einnig fyrir miklum mun fleiri menn. Og yfir höfuð er sú skoðun að ryðja sjer til rúms, — svo sem og sýna frumv. um lík efni í h. Nd., — að selurinn eigi að gjörast útlægur, því að hann sje skaðlegt dýr öllum, nema þeim fáu, sem selalagnir eiga.

Nú segir frv. þetta, að selalátraeigendur skuli forrjett hafa í 3 ár fram yfir aðra til að veiða sel með *skotum* og alls konar drápi fyrir sínu landi.

Nú skal jeg taka dæmi af jörð þeirri fyrir norðan, er mestar selalagnir á, að því er mjer er kunnugt, sem sje Þingeyrum. Hinn framkvæmdarsami og ötuli bóndi Jón Ásgeirsson hefur eytt miklu fje og enn meira hugviti til þess, að veiða sel og drepa á ýmsan hátt. Nú játar þessi selalagnaeigandi, að kópaveiði muni ekki eins arðsöm, sem laxveiði mundi verða, ef enginn selur gengi upp í Sigríðastaðaós. Hvort á öðrum stöðum hjer á landi muni eins háttað um það, verða þeir að dæma, er til þekkja betur en jeg.

Sje nú laxveiðirjettur arðsamari og gagnsamlegri fyrir selalagnaeigendurna sjálfa og fleiri menn heldur en selveiðin, þá leiðir þar af, að rjett er að setja á sem beztan hátt laxveiði í staðinn fyrir selveiði. En hvernig verður það? Á þann hátt, að meta til verðlags selveiðina af óvilhöllum dómkvöddum mönnum, kaupa svo þennan selveiðirjett, drepa selinn og borga selveiðirjettinn selalagnaeigendunum með seladrápinu. Jeg veit, að bóndi sá, er jeg nefndi áðan, mundi vilja ganga að þeim kjörum. Síðan, þá er allur selur er dauður eða útlægur orðinn, er hægt að lúka selalagnaeigendunum skaðabætur með ágóðanum af laxveiðinni.

Þetta hygg jeg að sje sá bezti búhnykkur, sem h. Ed. hefur gjört, langt um betri en kaffitollurinn, þótt góður sje.

Hæstv. landshöfðingi talaði og um, að í frumv. vantaði ákvæði um, hvað lagt væri við, ef selalagnaeigendur eigi hlýðnuðust fyrirmælum um seladrápið 3 fyrstu árin. Þetta er og satt. En refsingin og sektirnar liggja í hagsmunum sjálfra þeirra, að hlýðnast þessum fyrirmælum frumv. Drepi þeir sjálfir eigi selinn, fara þeir á mis við þann arð, er þeir geta haft af seladrápinu. Það eru hærri sektir heldur

en ákveðnar eru í nokkrum dómi, hvort sem er fyrir undirrjetti, yfirrjetti eða hæstarjetti.

Landshöfðingi: Það var mjög skarpt hjá h. verjanda þessa frumv. (A. Ó.), er hann tók fram, að nú væri í þessu frumv. eigendum selalagna gefinn rjettur til að drepa sel í 3 ár fyrir sínu landi. En jeg kannast ekki við, að þetta sje neinn nýr rjettur; eptir núgildandi lögum hefur hver maður rjett til að veiða með skotum fyrir sínu eigin landi, svo að með ákvæðum frumv. er ekki skapaður neinn nýr rjettur fyrir þá, sem eiga friðlýstar selalagnir. Það eru heldur ekki hinar friðlýstu selalagnir einar, sem eru orsök í, að selnum er ekki útrýmt; það er líka deyfðin og framtaksleysið hjá laxveiðaeigendunum. Menn vita t. d. um Ölvesá, — er einkum mun hafa gefið tilefni til þessa frumv. —, að selur gengur eptir henni langt upp fyrir allar selalagnir. Það virðist því nokkuð undarlegt, að laxveiðieigendur upp með ánni, langt fyrir ofan allar friðlýstar selalagnir, skuli ekki drepa selinn, þegar hann gengur upp til þeirra. Jeg hef talað við einn af þessum laxveiðieigendum, sem segist þráfaldlega finna í laxanetum sínum laxahausana tóma, hitt hafi selurinn jetið, — og spurt hann að, því hann skjóti ekki selinn. Hann hefur sagt mjer, að selurinn liggi á eyrum í ánni fyrir ofan laxalagnir sínar fyrir landi nágranna síns, en nábúi sinn vilji ekki gjöra selnum neina óspekt eða neitt illt. — Geta menn nú ímyndað sjer, að hugsunarháttur manna breytist svo gjörsamlega við þetta frumv., að menn hlaupi nú til að skjóta selinn, þar sem menn hingað til hafa haft gaman af að horfa á hann baka sig liggjandi á eyrum í ánum fyrir framan jarðir þeirra — úr því engar sektir eru lagðar við á annað borð, ef fyrirmælum frv. um dráp hans ekki er hlýtt? — Jeg hygg, að enginn verði árangur af þessu frumv. annar en sá, að selalagnaeigendur halda áfram eptir sem áður með selalagnir í 3 ár, en verða svo sviptir þeirri eign sinni að þeim tíma liðnum.

Með allri virðingu fyrir þeim selalagnaeiganda, er h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) nefndi, get jeg ekki tekið það eins trúanlegt og það hefði verið á prenti, þótt hann hafi sagzt viss um, að það mundi bætast fullkomlega upp af laxveiði, þótt selurinn væri allur drepinn. Jeg hygg, að ekki sje fullkomin reynsla fengin fyrir því, hve mikið laxveiði mundi aukast í ám, ef enginn selur gengi í mynni þeirra; jeg skal játa það fullkomlega, að selurinn spillir laxveiðinni, en hann getur og gjört nokkuð að verkum á þann hátt, að reka laxinn upp í árnar. Jeg held að reynslu vanti enn fyrir þessu, svo að ekki sje með fullri vissu hægt að segja neitt verulega af eða á um það.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 7 : 4 atkv. og afgreitt síðan til Nd.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. 329); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1.– 2. gr. samþ. í e. hlj. hvor um sig, 2. gr. í tvennu lagi; 3. gr. samþ. með 10 atkv.; allir liðir 4. gr. samþ. fyrst hver fyrir sig og síðan gr. í heild sinni í e. hlj.; fyrirsögn frv. samþ. án atkvæðagr.

Málinu vísað til 3 umr. í e. hlj.

Þrítugasti fundur, þriðjudag 6. ágúst, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi (C. 357, 366); 2. umræða.

Landshöfðingi: Jeg sje að tveir h. þm. hafa komið fram með breyt.uppást. (C. 366), sem að nokkru leyti var ráðgjörð af öðrum h. þm. við 1. umr. En þessi breyt.uppást. fer lengra, en þá var ráðgert, þar sem hún fer fram á að sett sjeu þrjú skilyrði fyrir inntökunni: að próf-

sækjandinn geti ritað sæmilega ritgjörð á íslenzku, að hann kunni fjórar höfuðreglur og tugabrot í reikningi, og að hann skilji og tali dönsku og ensku munnlega og skriflega.

Að því, sem snertir stafl. *b.*: kunnáttuna í reikningi, þá er þar ekki heimtað meira en heimtað er nú af börnum, sem eiga að fermast, og sem er í ráði að heimta sem skilyrði fyrir fermingunni; en hvað snertir fyrsta töluliðinn, stafl. *a.*, að pilturinn skuli geta ritað sæmilega ritgerð á íslenzku, þá finnst mjer það vera of strangt; því það geta eigi aðrir en þeir, sem gengið hafa á einhvern skóla áður; það er ekki meðfæri annara en þeirra, sem gengið hafa á einhvern skóla einsog Möðruvallaskólann; þó keyrir þriðja skilyrðið úr hófi: að pilturinn skilji og tali dönsku og ensku munnlega og skriflega; hjer er heimtað allt of mikið, og hjer er jafnvel heimtað meira en til burtfararprófs úr latínuskólanum, því þar er ekki heimtað, að menn kunni að tala þessi mál; þannig er heimtað meira til inntöku á sjómannaskólann en til burtfararprófs af latínuskólanum, svo að jafnvel ekki stúdentar gætu fullnægt þeim skilyrðum, sem eru sett fyrir inntökunni; þess vegna get jeg ekki ímyndað mjer annað, en að þessi skilyrði, ef þau yrði að lögum, mundu fæla menn frá að nota skólann, og gera hann ónýtan. Fyrir utan þetta er þó annað, sem gerir breyt.uppást. ómögulega: í henni eru heimtuð skilyrði fyrir inntöku í skólann, sem ekki eru heimtuð fyrir burtför úr honum, því við minna stýrimannaprófið er ekki heimtað að kunna að skrifa ritgjörðir eða að tala og skrifa ensku og dönsku, en þó heimtað sem skilyrði fyrir inntökunni; jeg held, að þetta geti eigi átt sjer stað, að heimta meira til inntökuprófs, en til burtfararprófs. Jeg held hinir h. flutningsmenn hafi villzt á stærra prófinu og minna prófinu og haft stærra prófið fyrir augum, þegar þeir sömdu breyt.till.; þess vegna held jeg að sje rjettast, að h. flutningsm. taki hana aptur.

Jón A. Hjaltalín: Eins og jeg gat um við síðustu umr. þessa máls, gekk mjer það til, að koma með þessa breyt.uppást., að jeg vildi fá tryggingu fyrir því, að námstímanum á skólanum væri ekki eytt til ónýtis. Þar sem hinn hæstv. landsh. sagði viðvíkjandi „*b*“-liðnum, að þar væri ekki meira heimtað en af börnum til fermingar, þá skal jeg játa, að það er rjett en á hvaða aldri munu menn (helzt) koma á þennan skóla? Jeg held menn muni helzt sækja hann á aldrinum eptir ferminguna, t. d. tvítugsaldrinum; en hvaða skilyrði er það, þó pilturinn hafi kunnað að reikna um ferminguna? hann getur verið búinn að gleyma því, þegar hann kemur til inntöku í stýrimannaskólann. Það getur vel verið, að pilturinn hafi verið á barnaskóla og lært þetta þar; en við vitum dæmi til, að hann getur verið búinn að gleyma því öllu, þegar hann er tvítugur eða þrítugur; jeg get því ekki skilið, hvað sje á móti þessu ákvæði í „b“-lið.

Það ákvæði, að skólasækjandi kunni að rita ritgjörð á íslenzku, má skilja á margan veg; það má skilja það svo, að hann skuli kunna að rita skammlaust sendibrjef; jeg skil ekki, að menn geti heimtað minna af menntuðum manni en þetta, að hann kunni að rita rjett mál og setja fram hugsun sína á pappír; mjer finnst þetta sannarlega ekki ógurlegt skilyrði; en eptir því, sem hjer stendur í frv., er þetta ekki heimtað til prófsins, en þá verður pilturinn að kunna það áður en hann kemur á skólann. Jeg get enn ekki skilið, að skólinn sje ætlaður til þess, að kenna þar íslenzku; þess vegna hef jeg komið fram með breyt.uppást. og í þessu formi, til þess menn gætu að minnsta kosti samþykkt sumt af henni, en ekki sumt, ef menn svo vildu. Hinn hæstv. landsh. sagði, að ekki væri eins mikið heimtað til

burtfararprófs úr latínuskólanum eins og til inntökuprófs á þennan skóla eptir br.uppást.; svo kann að vera; en jeg sje ekki, hvaða þýðingu það hefur, að heimta, að námsmaðurinn hafi lesið kafla í danskri eða enskri bók, sem er hundrað eða tvö hundruð bls.? Getur maður með vissu sagt, að námsmaðurinn kunni nokkuð í málinu, þó hann hafi komizt fram úr hundrað blaðsíðum? En hjer er aptur á móti heimtað, að hann bæði skuli skilja málið og geta gjört sig skiljanlegan fyrir útlendingum; jeg get ekki sjeð, að þetta sje svo stór galdur, að það geti ekki orðið; en að miða kunnáttuna við blaðsíðutal, það skil jeg eigi, hvaða gagn getur gjört.

Jeg er ekki harður á breyt.uppást. undir staflið *c.*, en síður er mjer um, að breyt.uppást. undir staflið „*a*“ og „*b*“ falli. Áður hefur verið talað um, að eins væri hagað kennslunni á búnaðarskólunum og tiltekið er í frumv.; það mun vera satt, en það er dæmi til viðvörunar en ekki til eptirbreytni, og einmitt þess vegna, af því mjer er kunnugt um, hvernig námstímanum þar er varið, þá vildi jeg reyna að koma í veg fyrir það í þessum skóla, að eins færi, að hálfum námstímanum væri eytt til almennrar menntunar, í stað þess, að eyða honum til fagmenntunar. Kennararnir á búnaðarskólunum hafa einmitt kvartað undan því, að verða að eyða þessum tíma til almennrar menntunar, en þeir segjast mega til, því námsmennirnir sjeu opt svo illa undirbúnir, þegar þeir komi á skólann, að þeir hvorki kunni að skrifa eða reikna og geti enga bók notað á útlendu máli, svo það sje óhjákvæmilegt, að eyða nokkru af tímanum til að kenna þeim þetta; jeg held jafnvel, að sýslunefndin í Ísafjarðarsýslu þyrfti ekki að vera óánægð með dönsku-kennsluna í Ólafsdalsskóla, ef hún vissi, hve námsmennirnir kunna lítið í henni, þegar þeir fara af skólanum.

Eins og jeg áður hefi sagt, gekk mjer það eitt til, að koma með breyt.uppást., að jeg vildi ekki blanda saman almennri kennslu og fagkennslu.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. fyrri hluti felldur með 8:2 atkv.; stafliður *a* í sömu breyt.till. felldur með 6:4 atkv.; stafl. *b* í sömu breyt.till. felldur með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín	Árni Thorsteinsson
Jón Ólafsson	E. Th. Jónassen
Arnljótur Ólafsson	Friðrik Stefánsson
Skúli Þorvarðarson	Jakob Guðmundsson
	Júlíus Havsteen
	L. E. Sveinbjörnsson
	Sighvatur Árnason.

Þá var stafl. *c* í sömu breyt.till. felldur með 8:2 atkv. Þar með breyt.till. 2.—3. (C. 366) fallnar. 1.—2. gr. frv. (C. 357) samþ. óbreyttar með 10 atkv. hvor; 3.—7. gr. samþ. með 9 atkv. hver um sig.

Fyrirsögn frv. samþ. með 9 atkv.

Málinu vísað til 3 umr. með 10 atkv.

Frumvarp til laga um uppfræðing barna (C. 361); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg get ekki sjeð, að þetta frv. bæti nokkuð úr þeim lögum, sem við höfum viðvíkjandi barnauppfræðingu frá 9. jan. 1880. Það eru alveg sömu ákvæði hjer í frv. og í 1. gr. þessara laga. Í hinum áminnztu lögum stendur, að það skuli vera komið undir áliti prests og meðhjálpara, hvort barnið sje hæft til, að nema þessar tilteknu námsgr.; en hjer er ekkert um það; heldur er barninu skilyrðislaust lagt á herðar að nema það, sem áskilið er, hvort sem það hefur hæfilegleika til þess eða ekki; þetta álít jeg miður fara. Svo er og um það, hvað framkvæmdinni viðvíkur, að ef foreldrar eða fósturforeldrar vanrækja kennsluna á barninu, þá eru hjer alveg sömu ákvæði og í lögunum frá 9. jan. 1880. Í seinni hluta frv. koma próf og prófdómendur, með miklum vafningum fyr-

ir þá, sem eiga að framkvæma þau, og borgunarlausri fyrirhöfn, hversu víðlendur sem einn hreppur kann að vera; jeg sje þó eigi neina tryggingu fyrir því, að kennslan verði betri að heldur. Eins er með skyldur þær, sem frv. leggur mönnum á herðar; þær gefa litla eða enga tryggingu fyrir því, að kennslan verði betri en eptir lögunum frá 9. jan. 1880. Af þessum ástæðum sje jeg ekki ástæðu til, að gefa frv. atkv. mitt.

Árni Thorsteinsson: Jeg er samdóma h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) um það, að lögin frá 9. jan. 1880 sjeu vel úr garði gjörð og hafi borið heillaríkan ávöxt. Hvað snertir ætlunarverk laga eptir þessu frv. þá er það sama og ætlunarverk laganna frá 1880, nema að hjer er bætt við rjettritun, sem fyrir alþýðu fellur saman við skript. Eiginleg nýmæli eru að eins í 3. og 4. gr. Að því er prófin snertir, þá held jeg, að þau nái ekki tilgangi sínum; jeg ímynda mjer, að ávöxturinn af lögunum sje kominn undir prestunum; þar sem prestarnir eru skylduræknir, bera lögin góðan ávöxt; en þó opinber próf sjeu höfð, mun árangurinn af þeim verða lítill, ef prestarnir eru ekki skylduræknir. Jeg fyrir mitt leyti er ekkert á móti opinberum prófum, en menn verða að gæta að því, að stofna sjer ekki með þeim í kostnað og vandræði, og í hverju eru þessir prófdómendur betri, sem sýslunefndin til tekur, heldur en meðhjálparinn eða aðrir góðir menn, sem presturinn sjálfur til tekur? Jeg sje það ekki, en jeg sje aptur á móti, að eptir þessum lögum verður, ef til vill, að halda sýslunefndarfund til þess, að velja prófdómendurna; þetta getur valdið ærnum kostnaði, ofan á þann, sem við bætist, ef prófdómendurnir eru utanhrepps. Prófið hefur eigi annað augnamið en að vita, hvort barnið hefur fengið næga þekkingu. Það er þetta, sem prófdómendurnir að mínu áliti eiga að dæma um, en ekki, hvernig það hefur fullnægt skilyrðunum í hverju sjerstöku atriði, nema til þess, að grundvalla á því þá aðaleinkunn, að það hafi staðizt prófið. Jeg kann ekki við þetta tvöfalda próf, að ef barnið ekki nær einkunninni *vel*, þá hlýtur það að bíða til næsta prófs; mjer finnst það hljóti að vera nægilegt, ef barnið fær þann vitnisburð, að það sje nógu vel að sjer til þess að fermast; jeg sje heldur ekki í hverju þessi vitnisburður er gildari, ef hann kemur frá kostnaðarsömum prófdómanda, heldur en frá prestinum; í annan stað er prestarnir ekki eptirlitslausir; þeir hafa yfir sjer bæði prófasta og biskup, sem hafa eptirlit með, hvernig þeir standa í stöðu sinni. Þó nú þetta frv. sje ekki fjarstætt, þá get jeg samt ekki verið því meðmæltur, því mjer finnst það *óþarft*.

Jakob Guðmundsson: Þó svo kunni að vera, sem drepið hefur verið á, að margt sje í þessum lögum, sem til sje í öðrum lögum, þá er jeg þeim samt meðmæltur; jeg held, að í reyndinni verði þau sannarleg bót fyrir börnin sjálf; þau munu vekja hjá börnunum löngun til að standa sig vel og láta sjer fara fram; einkum eru það ákvæðin í 3. og 4. gr. Samt þykja mjer þau ákvæði of hörð, að nái barnið eigi einkunninni vel í hinum ákveðnu fræðslugreinum, megi það ekki fermast, hvaða hæfileglejka sem það hefur. Jeg hefði kunnað betur við, að prestinum væri falið á hendur, að leggja dóminn á, hvort barnið gæti náð þessari einkunn. Jeg hef sjálfur nokkra reynslu fyrir því, hvaða gagn opinber próf gera; jeg hef á seinni árum mínum tekið það upp, að hafa próf, og ekki að eins ákveðið fermingarbörnin til prófsins, heldur líka börn frá 10—14 ára. Þetta hafði þau áhrif, að gáfuð börn og kappsöm, jafnvel sjö, átta og níu vetra, vildu láta prófa sig. Jeg er vanur að húsvitja einu sinni og jafnvel tvisvar á vetri; enda hef jeg

leyst það verk bezt af hendi í prestsskap mínum, að fræða börn; hef jeg lagt mig mest fram við það og gjört það svo, sem mjer hefur verið bezt lagið, og þá hef jeg sjeð, að opinberu prófin hafa, betur en húsvitjanir, vakið sómatilfinninguna, bæði hjá foreldrunum og einkum hjá börnunum; þess vegna held jeg það ekki nema gott, að opinber próf komist á, og er jeg því frumvarpinu meðmæltur; þó vil jeg að það sje lagað, og sting því upp á, að sett sje í það nefnd 3 manna.

ATKVŒÐAGR.: Fellt var að setja nefnd í málið, með 9 : 2 atkv.

Jón Ólafsson: Jeg get ekki verið þeim h. þm. samdóma, sem vilja fella þetta frumv., heldur vil jeg taka undir með h. þm. Dal. (Jak. G.), að heldur beri að reyna að laga það svo, að það geti orðið að nokkru liði, því jeg er samdóma honum um, að ýmisleg ákvæði í því sjeu þörf, en get ekki sjeð, að frumv. sje alveg hið sama sem lögin frá 9. jan. 1880.

Sjerstaklega verð jeg með h. þm. Dal. (Jak. G.) að álíta, að prófin sjeu bæði til uppörfunar fyrir börnin sjálf, og aðhalds fyrir slóðasama og hirðulausa presta. Það eru allt of almennt til prestar, er hirða miður en þeim ber um það, er þeim er skipað í lögum 9. jan. 1880. Það eru líka til prestar, sem „principielt“ ekki vilja hlýðnast þeim lögum, þótt þeir annars sjeu í alla staði góðir prestar og heiðvirðir, — álíta það rangt, að leggja á presta þá umsjón með veraldlegri fræðslu, sem gjört er með lögunum. Jeg þekki dæmi frá því að jeg var safnaðarfulltrúi fyrir 9 árum síðan; þá barðist merkasti presturinn í prófastsdæminu fyrir því með hnúum og hnjám, að fá presta sýslunnar til að *mótmæla* algjörlega lögunum! Og þessi sama hugsun mun vera ekki óalmenn meðal prestanna, að þeim beri alls ekki að skipta sjer neitt af öðru en námi kristindómsins; svo það er í alla staði gott, að þeir fái aðhald, því að þeir eru embættismenn *landsins* og skyldir að hlýða þeim lögum, sem þeim eru sett. *(A. Ó.:* Er meira aðhald í þessum lögum, heldur en í lögunum 9. jan. 1880?). Já, því eptir þessu frumv. á sýslunefnd að útnefna annan prófdómarann, svo að presturinn getur ekki haft meðhjálparann sinn einan, sem opt mun vera jábróðir prestsins og snýtuklútur í vasa hans. Og sá prófdómari, sem sýslunefnd setur, getur sett prestinn í gapastokkinn, ef uppfræðing hans reynist ófullkomin og hann og sóknarnefnd hafa vanrækt skyldur sínar. Það getur og verið ekki svo heppilegt, að leggja á prestana, að hafa *einir* umsjón með kennslu í öðru heldur en kristindóminum, því að dæmi munu vera til, að prestar kunna það ekki sjálfir, sem þeim er skipað að hafa eptirlit með eptir hinum eldri lögum. Jeg get nefnt prest t. d. — og jeg vona minn h. sessunautur (J. A. Hj.) geti vottað, að það er satt — sem aldrei gat lært að þekkja á klukkuna; sömuleiðis gæti jeg nefnt annan, lærðan mann, góðan klerk, útskrifaðan með lofs-einkunn bæði af latínuskóla og prestaskóla — hann er nú prófastur —; hann var svo illa lagaður fyrir reikning, að hann stóð fast á því, að $^5/_{12}$ væri stærra brot heldur en $^2/_3$, þegar hann var að ganga upp til burtfararprófs frá lærða skólanum, og kennarinn varð að leita að einhverri svo ljettri spurningu, að hann gæti haft von um að fá rjett svar upp á hana. Hvernig er nú að búast við, að slíkir prestar geti haft eptirlit með kennslu í reikningi í brotum? Það mun alls ekki veita af, að sýslunefndir hafi eitthvert eptirlit bæði með fáfróðum og hirðulausum prestum, því reynslan hefur sýnt, að ekki dugar að hafa þá eptirlitslausa. Jeg hef og rekið mig sjálfan úr vitni um það, einmitt síðan lögin frá 9. jan. 1880 komu út, að börn hafa verið fermd, sem 2 árum eptir ferminguna kunnu hvorki að lesa

nje skrifa — og það örskammt hjeðan frá höfuðstaðnum.

Arnljótur Ólafsson: Þrátt fyrir hina snjöllu ræðu h. þm. Sunnmýl. (J. Ól.) verð jeg samt að vera á máli þeirra h. þm., er álíta eigi unnið neitt verulegt gagn með frumv. þessu, þótt það yrði að lögum. Jeg hygg og, að það sje misskilningur hjá h. þm. (J. Ól.), þá er hann er að tala um eptirlitslausa presta; jeg þekki þá ekki. Prestar standa undir eptirliti prófasta, og þeir aptur undir eptirliti biskups. Það dugar eigi að ausa úr sjer ástæðulausu lasti yfir eina stjett manna, en hefja sýslunefndir til skýjanna og ætla þær einar bærar að dæma um kunnáttu nemenda. Jeg hygg að sýslunefndarmenn sjeu eins og aðrir dauðlegir menn svona upp og ofan ekki síður en prestarnir. Jeg þekki engan prest, er eigi sje hæfur til að kenna það, er lög 9. jan. 1880 leggja prestum á herðar að hafa umsjón með að kennt sje. Jeg er að sönnu ekki eins viðförull eins og Þorbjörn rindill, en jeg hef ekki á minni leið fundið nokkurt dæmi eins og þau, er h. þm. Sunnmýl. (J. Ól.) kom fram með.

Jeg tek undir með þeim h. þm., er álíta ekkert verulegt unnið með þessu frumv. Það er ekkert nýtt í því nema ákvæðið um, að kennd skuli rjettritun, en hún innibinzt, að minnsta kosti að meira eða minna leyti, í hinum eldri lögum í orðinu „skript“. Að minnsta kosti skil jeg við orðið „skript“ eigi að eins fulla stafi, heldur og rjett mál.

Jeg vil og benda á ákvæði 3. gr. um, að barn, er eigi fær einkunnina *vel*, skuli ekki fá fermingu það ár, en þó það fái „gat“ næsta ár, þá er heimilt að ferma það. Þetta er það gullvæga aðhald, er h. þm. Sunnmýl. (J. Ól.) vill hafa.

Jeg vil yfir höfuð eigi káka við eldri lög nema full nauðsyn beri til og fullt gagn verði að þeirri breyting, sem gjörð er, enda er jeg ekki eins frjóvsamur á frumv. sem sumir h. þm. Jeg vil láta þau lög. er vjer höfum, standa þangað til hægt er að gjöra við þau verulegar gagnsbreytingar. Jeg greiði því hiklaust atkv. mót þessu frumv., því að jeg sje eigi annað unnið við það en ef vera skyldi, að gefa sýslunefndum í vald að velja sína menn, til þess að útvega þeim 2 kr. í kaup á dag.

Skúli Þorvarðarson: Jeg get ekki fellt mig við að fella frumv. þetta nú þegar. Það kann að vísu svo að vera, að framfarir þær, sem frumv. þetta hefur í för með sjer. sjeu að sínu leyti minni en framfarirnar, sem lögin frá 1880 færðu með sjer í sinni tíð. En jeg get ekki fundið neitt sjerstakt svo athugavert við þetta frumv. eða ákvæði þess.

Það hefur verið tekið fram sem sjerstaklega varhugavert ákvæði, að barn, sem eigi nær höfuðvitnisburðinum *vel*, verði að bíða ófermt til næsta árs (*A. Ó.*: En hvað svo?), en megi ferma barnið næsta á eptir án tillits til þessa. (*A. Ó.*: Já, upp á gatið!). Nei, upp á þekkingu sína í kristindóminum. Mjer virðist það vera smámunasemi, að elta þetta smáatriði, sem galla, svo mjög, að fella frv. fyrir það þegar á þessu stigi.

Jeg fæ ekki betur sjeð, en að það væri heppilegt, að fá eitthvert eptirlit með prestunum af annara hálfu en prófastanna. Jeg vil ekki taka eins djúpt í árinni eins og h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), enda mun eigi vert að endurtaka orð hans, en jeg get ekki borið á móti því, að jeg hef vitað til, að prestar hafa eigi allir jafnt annazt skyldu sína eptir lögunum frá 1880 sem bezt, og það getur skeð, að aðhald yrði nokkru meira fyrir slíka presta, ef sýslunefndir árlega útnefna prófdómanda, sem hefði eptirlit með kunnáttu barnanna. Kostnaður við það álít jeg ekki að þurfi að verða svo mikill, og

í öllu falli ekki nema maðurinn væri tekinn utanhrepps, en kæmi alls ekki til þar, sem hæfur maður væri til fenginn innanhrepps.

Í öllu falli lýsi jeg því yfir, að jeg sje eigi þá galla á þessu frumv., að jeg geti verið með í að fella það, sízt nú þegar.

Jakob Guðmundsson: H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) kom með greinilegastar ástæður móti þessu frumv.; en jeg get þó ekki samfærzt um, að eigi gæti verið að því talsverð bót, ef það næði fram að ganga með hæfilegum breytingum.

Hvað viðvíkur hæfilegleika presta til að kenna ýmsar námsgreinar, sje jeg ekki, að frumv. beri með sjer, að prestunum sjálfum sje ætlað að kenna. Þeir eiga að eins að sjá um, að kennt sje það, er lögin heimta. Lögin segja: svo og svo mikið á að læra, og presturinn á að vera næsti umsjónarmaður með því, að það sje lært. Það er snertir trassaskap þeirra, sem um hefur verið talað, getur að vísu verið sannleikur að þeim geti orðið á einhver vanræksla í einhverju hjer að lútandi, eins og öðrum mönnum í öðrum skyldum; það er ekki við öðru að búast, því að enginn maður er alfullkominn. En það er alls ekki eingöngu prestanna vegna, sem jeg álít það aðhald happasælt, sem lög þessi hafa í för með sjer, heldur miklu fremur alþýðunnar vegna. Reynslan sýnir, að uppfræðingin er ekki alstaðar góð, þótt hlutaðeigandi prestur sje góður og reyni að gjöra sitt til. Það eru dæmi til, að prestar hafi barizt fyrir því í fleiri ár, að sigra mótstöðu alþýðu og efla menntunina. Það mætti því vera prestunum kærast af öllum, að eitthvert aðhald kæmist á stofn, til að knýja menntunina fram og fá menn til að hlýða lögunum. Slík próf, sem þau, er um ræðir í þessu frv., efla samkeppni bæði milli barnanna og húsbændanna, mynda líf og fjör í söfnuðunum, og eru þannig alls ekki gagnslaus.

Jeg tek undir með h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) með það, að eins og próf eru góð til vekja samkeppni innan safnaðarins, eins er það gott, að annar prófdómarinn sje tekinn utan safnaðar, því að það vekur samkeppni milli safnaðanna í sýslunni. Ef frumv. þetta fær að lifa svo lengi, mun jeg leyfa mjer að koma fram með breyt.-till. við 2. umr.; jeg álít t. d. fullt eins viðfelldið, að hjeraðsfundur útnefndi annan prófdómandann, eins og að sýslunefnd gjöri það. Jeg vona í öllu falli, að h. þingd. kannist við, að jeg hef ekki talað hjer vegna óljósrar hugsjónar, heldur líka vegna persónulegrar reynslu, sem jeg hef haft.

Jón A. Hjaltalín: Af öllu því, sem jeg hef heyrt í þessu máli, furðaði mig mest á því, að h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) skyldi tala eins ákaft á móti því eins og hann gjörði. Hann, sem hefur verkað einna mest til þess, að þetta frv. er komið fram! Hann, sem hefur sagt, að hann hafi fundið út fyrir fram allt það, sem þetta frv. fer fram á! Hann hefur sagt, að hann hafi tekið upp á því í stað þess að húsvitja, að kalla börn saman til prófs á vissum tíma, og hafi það reynzt betra en nokkur húsvitjun til upphvatningar bæði fyrir börnin og foreldra þeirra.

Viðvíkjandi því, að þetta frumv. lýsi vantrausti á prestunum, skal jeg taka fram, að það er að vísu svo, að ýmsir prestar gegna samvizkusamlega þeirri skyldu sinni, að hafa eptirlit með uppfræðingu barna; en það er svo um þessi lög, sem önnur, er aðhald gjöra, að þau eru á móti þeim, sem vanrækja skyldu sína, en eigi hinum, sem gjöra það eigi.

Að því er snertir þá spurningu, að hverju sá prófdómandi sje betri, sem eigi sje til tekinn af prestinum, liggur það svar við, að það er jafnan viðkunnanlegra, að menn taki eigi sína dómara sjálfir; og það er þægilegra fyrir prestinn sjálfan, að aðrir tiltaki manninn, því að það eru

prestsins eigin verk, sem prófdómandinn á að dæma um. Ef sýslunefndin útnefndi einn prófdómandu fyrir fleiri sóknir, þá yrði samkvæmni í dómunum meiri, og prófskýrslurnar yrðu þá verulegar skýrslur um kunnáttu-ástand barna á vissum aldri í sýslunum.

Menn hafa viljað hneixlast á því, að börn geti ekki orðið fermd eitt ár, nema þau fái aðaleinkunnina *vel*„ en geti orðið fermt næsta ár, þó að þau fái þá einkunnina *gat*. Hefur h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) ef til vill orðið var við það við sín próf, að börn, sem eitt árið standa sig undir það upp á *vel*, hafi breytzt svo til næsta árs, að þau hafi *alls ekkert* vitað þá? Hafi svo verið, getur mjer ekki annað en dottið í hug, að það hefði þá ef til vill ekki verið svo alveg óþarft, að húsvitja það árið.

Til sveita þykir fólki almennt mjög leiðinlegt, að fresta fermingu barna sinna fram yfir vanalegan tíma, og þegar foreldrar væru vissir um, að vissa þekkingu þyrfti til þess, að börnin gæti orðið fermd á venjulegum tíma, mundi það verða talsverð upphvatning fyrir þá, að afla börnunum þeirrar menntunar.

En til þess að allir prestar á landinu rísi ekki upp á móti samanblöndun verklegra fræða við kristindómskennsluna, hafa menn ekki viljað setja þann tíma, sem vankunnátta í verklegum greinum útilokar frá fermingu, lengri en eitt ár. Það eru ýmsir svo að eðlisfari, að þeir geta ekki lært reikning, og væri hart, ef það ætti til lengdar að útiloka þá frá því að komast í kristinna manna tölu.

Mjer þætti mjög illa farið, ef frumv. þetta væri fellt frá 2. umr. Það væri hætt við, að þetta þætti sönnun fyrir, að frumvörp um uppeldi unglinga ættu litlum byr að fagna í þessari h. þingd.

Sighvatur Árnason: Jeg skal eigi draga umræðurnar um þetta mál lengi, enda finnst mjer það frumv., sem hjer liggur fyrir, eigi vera svo mikilvægt að efninu til. Mjer hefur fundizt á orðum h. þingdm., sem mælt hafa með frumv. þessu, að samkvæmt því ætti sýslunefndin að gera ósköpin öll kennslunni til framkvæmdar, en jeg sje eigi, að hún hafi annað að gjöra en að velja prófdómanda; annars er eigi getið í þessa frumv., er skuli vera hlutverk hennar. En eigi vanræksla í uppfræðing sjer stað nú frá hálfu presta, þá held jeg mundi sækja í sama horfið, þó þetta frumv. yrði að lögum, því þessi prófdómari, sem sýslunefndin velur, kemur eigi nema hann sje kallaður til prófsins, og hver á að kalla hann, nema presturinn sjálfur? Jeg ímynda mjer, að presturinn, sem annars er hætt við að vanræki starf sitt, gæti látið vera að kalla hann; raunar á prófastur að hafa eptirlit með prestinum, en maður getur eigi búizt við meiri röggsemd af þeim en verið hefur, þó þetta frumv. verði að lögum, þar sem vanræksla á sjer stað á annað borð. En vanræksla getur æfinlega átt sjer stað, nema sektir sjeu við lagðar; þær eru það eina aðhald, sem dugir, en allt annað leggst undir fætur trassanna. Menn halda, að eigi þurfi annað en ný lög til að bæta úr því, sem nú kann að vera ábótavant í barnauppfræðslunni, en játa þó í öðru orðinu og enda í sama orðinu, að frumv. þetta geri lítinn eða engan mun frá gildandi lögum.

Jón Ólafsson: Jeg get eigi sjeð annað af ástæðum h. 1. þm. Rangv. (S. Á.), en að honum þyki þetta frumv. eigi nægilegt, en eigi að honum finnist að uppfræðing barna sje í engu ábótavant, svo að þar þurfi ekkert að laga; jeg vona því, að hvorki hann eða aðrir felli frumv. þetta frá 2. umr.; þá yrði ætíð hægt að koma með breytingar til þess að bæta úr því, sem mönnum mundi þykja þurfa umbóta við. Jeg get eigi sjeð, að það sje nein fjarstæða, þó presturinn sæti sektum, ef hann vanrækir skyldu sína; að minnsta

kosti er þörf á eptirliti með honum. En þar sem h. þm. (S. Á.) skildi ákvæði frv. svo, að prófdómarinn ætti eigi að koma nema presturinn kallaði hann, þá skal jeg játa, að það er eigi heppilegt í frumv., að presturinn til tekur stað og tíma fyrir prófin einn saman; þetta þyrfti að vera ákveðið svo, að prófdómarinn *gæti* mætt við prófin, og því held jeg væri mjög auðvelt að breyta. H. 1. þm. Rangv. (S. Á.) tók fram, að hjer vantaði sekt sem aðhald fyrir þá, sem eiga að sjá um uppfræðing barnsins; en jeg vil benda honum á, að fresturinn á fermingunni verkar að nokkru leyti sem sekt, því að það er töluverður kostnaðarauki að þurfa að láta barnið ganga til prestsins einu ári lengur; en það getur vel verið, að í frumv. ættu að vera harðari ákvæði en þetta.

H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) tók hart á mjer fyrir álas, sem jeg hefði borið á prestastjettina, en jeg sagði aldrei, að það væri almennt meðal presta, að þeir kynnu eigi að reikna, eða væru hirðulausir og fáfróðir; en þeir prestar eru til, því það er misjafn sauður í mörgu fje, eins og h. þm. Dal. (Jak. G.) kannaðist við, og þar sem jeg minntist á merkan prest í Suður-Múlasýslu, sem hefði barizt á móti barnauppfræðingarlögunum, þá var það eigi til að lasta hann, því síður sem hann er aldavinur minn og einn af þeim prestum, er jeg virði mest; hann gjörði þetta af því, að hann áleit slíka umsjón með *verzlegri* fræðslu barna liggja fyrir utan verkahring prestsins sem *sálusorgara*. H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) spurði, hvar prestar væru eptirlitslausir, og fannst óþarft að leikmenn hefðu eptirlit með þeim; en jeg vil spyrja: hvernig var eptirlitið hjá prófasti einum í Eyjafjarðarsýslu, sem sjálfur húsvitjaði eigi í hjer um bil fjórðung aldar? Dæmin eru til bæði nær og fjær, sem flestir kannast við. Jeg kannast fúslega við, að frumv. sje í ýmsu ábótavant og margir gallar á því, en þar fyrir sje jeg eigi ástæðu til að fella það frá 2. umr., en vona, að þeir, er álíta málefnið nokkurs vert, lofi því að ganga til 2. umr., þá mætti bæta það með breytingum.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 6 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um stofnun ullarverksmiðju (C. 361); 1. umr.

Friðrik Stefánsson: Jeg skal fúslega játa, að það væri framför á landi hjer, ef ull væri unnin meir en gjört er, svo vjer þyrftum að sækja minna til útlanda af álnavöru heldur en nú á sjer stað, en jeg sje ekki, að þeim tilgangi verði náð með þessu frumv.; jeg sje eigi, að það verði gjört, þó landssjóður láni stórfje vaxtalaust um 10 ár til fyrirtækis þess, sem hjer er um að ræða. Sá sem kemur þessari verksmiðju á fót, eða stofnandinn, verður að vera stórríkur maður, ríkari en nokkur maður á voru landi; því bæði þarf stórmikið fje til að kaupa inn verkefni eða ull, svo nægileg sje handa verksmiðjunni, líka þarf allmikið fje til að gjalda vinnufólki, og svo enn fremur til þess að setja þetta 80,000 kr. veð, sem er skilyrðið fyrir landssjóðsláninu, og svo hlýtur verksmiðjueigandinn að hafa mikil efni þess utan, til að geta beðið um lengri og skemmri tíma eptir að koma því í verð, sem unnið yrði í verksmiðjunni. Svo að þessu öllu aðgættu er hægt að sjá, að það hlýtur að vera útlendingur, sem við förum að lána stórfje til þessa fyrirtækis; og þá segi jeg fyrir mig, að jeg sje litla bót í því, þó hann fari að reka þessa verksmiðju með okkar hjálp. Þá finnst mjer liggja langtum nær fyrir okkur, að styðja atvinnuvegi vora í smærri stíl. Við leggjum nú að vísu töluvert bæði til landbúnaðar og sjávarútvegs, en það er þó í rauninni ekki nema kák og þyrfti að gjöra miklu betur, ef þessir aðalatvinnuvegir eiga að komast vel upp. Mjer þætti líka vel við

eiga, að leggja nokkurt fje til tóvinnu og klæðagjörðar, en eigi nema í smáum stíl fyrst um sinn, og þannig, að vorir eigin landsmenn verði þess aðnjótandi, en eigi eins og hjer er farið fram á, að það að eins renni til útlendinga. Okkar mikli maður Jón Sigurðsson taldi mestan hag fyrir oss, að framleiða sem mest af vörum frá fyrstu hendi, eða af óunnum vörum, en láta hina frekari vinnu að þeim útlendingum eptir, sem naumast sæju dagsins ljós, en væru inni byrgðir í verksmiðjum. Jeg segi fyrir mig, að jeg verð að greiða atkvæði móti frumv. þessu, þó jeg þykist vita, að það sje samið og samþykkt í góðum tilgangi, því sú góða meining getur alls ekki náð tilgangi sínum.

Jakob Guðmundsson: Jeg get eigi sjeð, að það sje algjörð ástæða á móti frumv. þessu, þó útlendingur verði til þess, að koma því á fót, enda held jeg fá stórræði verði fyrst um sinn unnin hjer á landi nema einmitt útlendingar kenni landsmönnum fyrst, hvernig þeir eiga að fara að; og að landsmenn þannig lærðu af útlendingum það, sem þeir ekki kunna, álít jeg gott. Jeg álít það líka hreint og beint hag, ef útlendir auðmenn settust að hjer í landinu og yrðu búsettir, og kenndu okkur að vinna vöru vora; en hitt gremst mönnum, að þeir græði stórfje á atvinnuvegum okkar, án þess að vera búsettir eða að láta nokkuð gott af sjer leiða.

Jón Ólafsson: Jeg skal svara h. þm. Dal. (Jak. G.) því, að jeg skyldi gjarnsamlega vera með frumv. þessu, ef 4 önnur frv. væru gengin á undan — staðfest og komin til framkvæmdar: 1. frv. til laga um, að kolin verði eins ódýr hjer á landi eins og á Englandi; 2. frv. til laga um, að vatn megi aldrei frjósa hjer á landi vetur, sumar, vor nje haust; í 3. lagi frv. til laga um, að vinnukraptur manna verði að minnsta kosti eins ódýr hjer, eins og í verksmiðjulöndunum; og í 4. lagi frv. til laga um það, að Þingeyjarsýslu-ull skuli fást jafn-ódýr á Húsavík eins og sama Þingeyjarsýslu-ull fæst keypt í Lundúnum. Þegar öll þessi lög eru út komin og í gildi, skal jeg með ánægju gefa frumv. þessu atkvæði mitt — *ef* það þarf þá á slíku frv. að halda — ; en fyrri gef jeg því ekki atkvæði!

Árni Thorsteinsson: Jeg held að mætti bæta 5. frumv. við, þess efnis, að stytta skammdegið og lengja vinnutímann; en svo jeg snúi mjer að frumv., þá miðar það til þess, að þegar verksmiðjan sje komin á fót, þá leggi landssjóður til 12 þús. kr. á ári í 10 ár sem lán; af því leiðir, að einstakir menn verða að leggja fjeð, 120,000 kr., út til bráðabyrgða, til þess að stofna verksmiðjuna, kaupa áhöld o. s. frv., en hvar eru þessir peningar, eða hvar eru þeir menn, sem leggja þá til, og hvar er staðurinn, sem verksmiðjan á að standa? Maður sjer eigi einu sinni vísir til neins af þessu. En jeg vildi taka það fram, að ef verksmiðjan borgaði sig, þá þyrfti ekkert lán úr landssjóði. Gjörum nú ráð fyrir, að fyrirtækið borgaði sig; þá vilja menn nú láta landssjóð lána til þess 120 þús. kr.; opt hefur landssjóður verið álitinn ríkur, en sjaldan sem nú; og af þessu láni á hann eigi að fá nema 4% og það fyrst eptir 10 ár; en hvernig fer, ef fyrirtækið getur eigi borgað sig? Þá fær landssjóður að vísu andvirði fyrir veð, 80 þús. kr., en fyrir 40 þús. kr. stendur verksmiðjan að veði, og menn geta ímyndað sjer, hvort það fje fæst upp úr henni, þegar hún getur eigi borið sig. Afleiðingin verður, að landssjóður bíður stórtjón og sjálfur stofnandinn líka, og annaðhvort verður þá að gjöra fyrir landssjóðinn, að láta verksmiðjuna hætta og una við þann skaða, sem hann þegar hefur liðið, eða tefla á tvær hættur og reyna, að halda fyrirtækinu áfram upp á eigin reikning. Þá mundi erfitt að halda verksmiðjunni áfram og leggja stórfje til þess, sem reynsla er fyrir, að hefur gefizt illa. Jeg

álít því eigi rjett, að samþykkja annað eins frumv. og þetta, heldur ætti að styrkja og styðja iðnað í heimahúsum öllu meira en gert er. Við ættum að reyna að komast eins langt í þeirri grein eins og Færeyingar eða Hjaltlendingar, og álít jeg betra að styðja að því, heldur en að vera að rogast með stóreflis-verksmiðju, sem nú eigi einu sinni verður sjeð í þoku og tæplega verður stofnuð, þó að frumv. yrði samþykkt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 10 atkv. móti 1.

Þrítugasti og fyrsti fundur, miðvikudag 7. ágúst kl. 1. e. h. Allir á fundi.

Frumv. til farmannalaga (C. 376); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj., og síðan afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1886 - 1887 (C. 330); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: I. Tekjur: 1.—23. liður samþ. í e. hlj., hver fyrir sig.

II. Gjöld: 1.—13. liður samþ. í e. hlj., hver fyrir sig.

3 viðaukaliðir samþ. í e. hlj., hver fyrir sig.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr.

Frumv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. 329); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í einu hlj., og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Þrítugasti og annar fundur, fimmtudag 8. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi (C. 357); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj., og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um ábyrgð yfirboðinna embættismanna (C. 408); 1. umr.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Þetta frumv. er lítið fyrirferðar, og hæfir því eigi langur formáli nje eptirmáli, svo að höfuð og hali beri ekki búkinn ofurliði. Efni þess er ljóst hjer og um land allt. Það stendur fyrir hugskotssjónum alþýðu, að lagaábyrgð yfirboðinna embættismanna sje minni en hún kannske er í raun og veru eptir gildandi lögum, og ræður hún þetta af ýmsum atvikum, sem fyrir hafa komið. Það munu því margir álíta, að eigi sje vanþörf á, að nýja upp og fullkomna þau lög, sem kunna að gilda, ef það hefur sýnt sig, að þau verða að minna liði en vera ætti. Það munu allir játa, að það er leitt, ef opinbert fje fer opt forgörðum af sjálfráðum mannavöldum, án þess nokkur beri ábyrgðina. Hitt verður að þola, að það stundum farist án þess nokkur geti að því gjört, enda er gert ráð fyrir þessu í 2. gr. frv.

Jeg vona að h. þingd. álíti þetta mál svo þýðingarmikið, að hún taki það að minnsta kosti til nákvæmari álita. Það getur verið, að frumv., eins og það liggur fyrir, hafi einhverja galla. En hjer í deildinni eru svo mörg glögg augu í lagalegu tilliti, að þeim er treystandi til að sjá misfellurnar, og treysti jeg því, að þær verði þá lagaðar svo sem bezt fari.

Júlíus Havsteen: Jeg held h. flutningsm. (Jak. G.) hafi gjört sjer óþarft ómak. Jeg veit ekki betur en að vjer höfum gildandi lög um ábyrgð þeirra embættis-

manna, sem eptirlit eiga að hafa með þeim mönnum, sem opinbert fje hafa undir höndum, og þarf ekki lengra að leita en í 137. gr. hinna almennu hegningarlaga. Reyndar er hjer í þessu frv. bætt við því nýmæli, að ef prestur misfer kirkjufje, skuli aðgangur að prófasti og biskupi. Um þetta ákvæði skal jeg að eins segja, að það er svo ósanngjart, að h. flutningsm. (Jak. G.) er varla trúandi til að hafa fundið það upp. Man h. flutningsm. (Jak. G.) ekki, að h. Nd. hefur til meðferðar frumv. til laga um innheimtu og meðferð á kirknafje, og vona jeg að það mætti nægja það er þetta atriði snertir. Það er til hinna annara embættismanna kemur eru hegningarlögin nægileg. Jeg get því alls ekki gefið þessu frumv. atkvæði mitt.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Ef svo er, sem jeg vil ekki efast um, að h. 1. kgk. þm. (J. Havst.) hafi rjett að mæla, að hjer sjeu í landi fullgild ábyrgðarlög, hvernig stendur þá á því, að þau virðast duga svo dauðans lítið í framkvæmdinni? H. þm. (J. Havst.) tók fram, að það væri hart að láta prófasta og biskup bera ábyrgð á því, ef kirknafje misfærist hjá prestum. *(J. Havst.:* Já, eins og nú er ástatt!). En þá vil jeg segja, að þá veit jeg sannarlega ekki, til hvers þeir eru frá fjárlegu sjónarmiði kirkjunnar, ef þeir eiga ekki að bera ábyrgð á því, hvernig þeirri eptirlitsskyldu er fullnægt, sem þeir hafa á hendi. Menn vita þess lifandi dæmi, að þrátt fyrir hin gildandi ábyrgðarlög hefur landssjóði tapazt fje úr embættismanna höndum, og engin leiðrjetting á því fengizt. Ómyndugra fje hefur farið forgörðum, án þess þeir, er hlut áttu að, hafi fengið nokkra leiðrjetting mála sinna. Kirknafje hefur tapazt svo, að kirkjur hafa staðið eptir fjelausar á fallandi fæti, svo að söfnuðurnir, sem goldið höfðu til þeirra, hafa eigi átt annars úrkosti, en annaðhvort að vera kirkjulausir, eða skjóta saman fje á ný. Þetta eru allt dæmi, sem enginn getur neitað, og hver sem verða örlög þessa frumv., og þó að það verði fellt nú í þetta sinn, þá er jeg þó glaður yfir því, að þessu máli hefur verið hreyft, og að það hefur komið til umræðu á alþingi 1889.

E. Th. Jónassen: Jeg er samdóma h. 1. kgk. þm. (J. Havst.) um það, að þetta frumv. er allsendis óþarft, því að við höfum gildandi lög um það atriði, sem lögin hljóða um, bæði það er snertir prófasta, biskup og aðra embættismenn. Jeg held að h. flutningsm. (Jak. G.) geti ekki talið nein dæmi upp á það, að ábyrgð hafi verið gjörð gildandi fyrir vangeymslu fjár á hendur embættismanni, að eigi hafi verið borgað, eða að minnsta kosti svo, að dómur hafi eigi fengizt. Jeg man dæmi úr einni sýslu, þar sem sýslumaðurinn hafði eytt ómyndugra fje. Honum var stefnt, og hann var dæmdur til að borga. Það sem gjörir, að menn stundum tapa fje hjá embættismönnum, er ekki það, að ákvæði vanti um ábyrgðina, heldur hitt, að menn þegja svo opt, og vanrækja að leita rjettar síns lögum samkvæmt.

Auk þess, sem frumv. þetta er óþarft, eru líka á því stórgallar, sem gjöra það óhæft, og nefni jeg til þess ákvæði þau, er það hefur um *solidariska* ábyrgð, ábyrgð prófasta og biskups öðru megin, en amtmanna, landshöfðingja og ráðgjafa hinu megin; því þessi ákvæði gætu valdið hinu mesta ranglæti, eins og jeg vona h. flutningsm. (Jak. G.) sjái, án þess jeg útlisti það nákvæmar fyrir honum. Það þyrfti að lagfæra frumv. mikið, ef það ætti að geta staðizt, en nú er svo áliðið þingtímann, og svo mörg mál fyrir hendi, að ekki er tími til, að taka þetta mál nú fyrir til nefndarmeðferðar. Jeg er h. flutningsm. (Jak. G.) samdóma um, að það

er nauðsynlegt, að embættismenn hafi ábyrgð; en það þarf ekki ný lög til að ákveða þetta. Þeir hafa hana þegar eptir gildandi lögum, eins og bent hefur verið á. Jeg skal bæta því við, að sýslumenn hafa sjerstaka ábyrgð, og þar sem svo er ákveðið, að opinber gjöld hafi fyrsta forgöngurjett í búum þeirra manna, sem opinberar gjaldheimtur hafa á hendi, er töluverð trygging fengin fyrir því, að fje glatist ekki hjá þeim.

Jón Ólafsson: Mjer finnst frumv. þetta fá allt of harðan dóm hjá h. þingd. Þótt prófastar hafi hingað til að nafninu til haft þá skyldu, að hafa eptirlit með meðferð presta á kirknafje, þá veit jeg ekki til, að sú skylda hvíli á þeim, að borga það fje, sem misferst. Það getur skeð, að þeir yrði sektaðir lítilfjörlega fyrir mikla vanrækslu á eptirlitsskyldu sinni, en þeir mundu ekki verða látnir endurborga það fje í reyndinni, er glatazt hefði.

Viðvíkjandi ómyndugra fje hefur þetta frumv. ekkert nýmæli að færa; vjer höfum ákvörðunina í norsku laga 3.—19.—32., að yfirfjárráðendur eigi að bera ábyrgð á ómyndugra fje, ef það fer forgörðum fyrir vanhirðu fjárráðamanns. Jeg get ekki annað en álitið rjett, að skerpa þá eptirlits-skyldu, sem hvílir á yfirboðnum embættismönnum, og hygg það verði bezt með því gert, að skylda þá til að bæta þann skaða, sem leiðir af eptirlitsleysi þeirra. Jeg hef nýlega sjeð á lestrarsalnum bænarskrá um, að lagt sje fram fje af landssjóði til að bæta kirkju einni þann skaða, sem hún beið af því, að presturinn strauk af landi eptir að hafa misfarið fje kirkjunnar og með kúgildi staðarins í maganum. *(A. Ó.:* Var hann ekki búinn að láta þau frá sjer aptur?). Það væri hart, ef landssjóður ætti opt að leggja fram fje í slíku skyni, án þess nein gangskör sje gjörð að því, að þess þurfi eigi. *(Landsh.:* Hann er ekki farinn að leggja mikið til þess enn!). Það er hart, segi jeg, að þess skuli *þurfa*, án þess rannsakað sje, hvort prófastar og biskup hafa gjört sitt til að koma í veg fyrir slíka meðferð á kirkjunnar fje. Þrátt fyrir þau „*góðu*“ lög, sem vjer kváðum nú hafa um gjaldheimtur sýslumanna, vita allir, hvílíkt tjón landssjóður nýlega hefur beðið fyrir vanskil sýslumanns. Mig minnir reyndar, að þegar þetta mál kom fyrir á þinginu 1885 eða 1886, lýsti landshöfðingi sá, sem þá var, yfir því, að það væri útlit fyrir, að landssjóður tapaði litlu eða engu við sjóðþurrð Fensmarks. Nú er reyndin á orðin, að landssjóðurinn hefur tapað. Málið hefur gengið frá Pílatusi til Heródesar og frá Heródesi til Pílatusar, frá amtmanni til landshöfðingja og frá landshöfðingja til ráðgjafa, og röðina niður aptur, en *ábyrgðina* hefur *enginn* borið; tapið hefur lent á landssjóðnum. Vafalaust var eptirlitið þar vanhirt, og einhver brestur virðist hafa verið á löggjöf vorri, eða einhver gloppa, sem allir hafa sloppið ábyrgðarlausir gegn um, og það er það, sem vekur óánægju almennings.

Jeg álít því vel til fallið, að h. flutningsm. (Jak. G.) hefur komið fram með þetta frumv. Jeg skal engan dóm á það leggja að sinni, hvar ábyrgðin á að vera; en það eitt virðist undarlegt, að hana sje *hvergi* að finna þegar á reynir og til þarf að taka. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að frumv. eigi það skilið, að rækt sje lögð við það. Það er rjettara, að bæta það, ef þörf gjörist, heldur en að fella það af þeirri ástæðu, að ákvæði þess sjeu óþörf. Jeg er viss um, að okkar góða stjórn hefði gjört sitt til í Fensmarks-málinu, að láta tjónið lenda á rjettum hlutaðeigandi, en eigi á landssjóði, ef lagaákvæði hefði eigi vantað. Jeg treysti því, að stjórn vor sje svo skyldurækin, að hún *fylgi* lögunum, og að það sje því lögunum að kenna, að eptirlits-misfellur hafa orðið,

sem enginn hefur orðið látinn bera ábyrgð á, og þar sem þær *hafa* orðið, þá er þörf að bæta lögin. Það er prófastana snertir, held jeg eigi að hættulegt sje, að leggja þessa ábyrgð á þá. Strangleiki þessara laga snertir þá ekki, *ef* þeir rækja skyldu sína. Þeir þurfa eigi annað til þess að firrast ábyrgð, en að uppfylla það, sem þeim er skylt.

Landshöfðingi: Það lítur út fyrir, að h. flutningsm. (Jak. G.) kannist við, að það sjeu til lög um þetta efni, því að í 2. gr. frumv. er talað um „fyrirmæli laganna um eptirlit". Ef því lög eru til um þetta, og það er ekki neitt fram komið um, að þau sjeu eigi nógu sterk, þá hlýtur það að vera þeim, sem eiga að fram fylgja lögunum, að kenna, ef þau koma ekki að notum. H. 1. kgk. þm. (J. Havst.) hefur bent á, hvar einkum er að finna lagaákvæði um þetta efni. Ef tjón hefur orðið af eptirlitsleysi, þá hlýtur það að vera því að kenna, að lögunum er ekki fylgt. Og ef svo er, hvað gagnar þá, að vera að setja ný lög? H. flutningsm. (Jak. G.) ætti að snúa sjer fyrst til þeirra, sem forsóma að beita lögunum.

Það er tvennt nýtt í þessu frumv., sem ekki er í hinum núgildandi lögum, og sem jeg vona að komist aldrei inn í nein lög. Það er í fyrsta lagi hin *solidariska* ábyrgð, sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) benti á, og sem hjer er svo dásamlega fyrir komið. Ef prófastur forsómar skyldu sína, þá á biskup að gjalda. Ef sýslumaður brýtur, gjaldi amtmaður; gjörist amtmaður sekur, bitni það á landshöfðingja eða ráðgjafa. Eptir þessu frumv. er það þannig ekki sá seki, sem á að líða fyrir brotin, heldur hinn saklausi. Mönnum er hegnt, ekki fyrir sín eigin brot, heldur annara manna.

Annað er það, að eptir þessu frumv. á sá, sem fyrir sök er hafður, að sanna sakleysi sitt. Þetta er alveg nýtt ákvæði í heiminum, því annars er reglan alveg hið mótsetta. En hjer á að innleiða þetta nýstárlega nýmæli.

Ef h. flutningsm. (Jak. G.) hefði verið kappsmál, að koma þessu ábyrgðarmáli fram, þá hefði hann átt að koma með það fyr, svo að nefnd hefði getað orðið sett; en eins og frumv. er nú, er ekki til neins að halda áfram með það.

Það hafa verið til færð 2 dæmi til að sanna nauðsyn þessara laga: 1., að prestur hafi strokið af landi burt með kirkjufje og eytt kúgildum staðarins. Ætli það væri gott að girða fyrir það með lögum, að menn strjúki af landi? Ætli menn sæju ekki einhver ráð til að komast, þrátt fyrir allt eptirlit? Hvernig ætti að fyrirbyggja, að t. d. póstmeistarinn færi með einhverju skipinu til Ameríku sama dag og hann hefði veitt móttöku einum 50—60,000 kr., með alla peningana? Það er náttúrlega hægt að *segja*, að yfirboðari hans hefði átt að vera við og gæta hans; og jafnvel þó að það sje hægra sagt en gjört, þá er þó erfitt fyrir yfirboðarann að *sanna*, að hann hafi gjört allt, sem í hans valdi stóð, til að fyrirbyggja, að þannig færi.

Hið annað atriði, sem nefnt hefur verið, er sjóðþurrð Fensmarks sýslumanns. Jeg lýsi því hjer með yfir, að það er ósatt, að landshöfðingi hafi á þinginu 1886 sagt útlit fyrir, að landssjóður tapaði engu við sjóðþurrðina, og jeg efast um, að þessi orð hafi verið töluð af landshöfðingjanum 1885, og mótmæli jeg því, þangað til það er sannað. Annars skal jeg geta þess, að það hefur aldrei verið reynt að koma fram neinni ábyrgð út af þessu máli. Það hefur verið viðurkennt, meðal annars hjer á þinginu, að landshöfðinginn hafi átt að hafa eptirlit, en hitt hefur aldrei verið rannsakað, hvort hann hefur vanrækt þá eptirlitsskyldu sína. Af þessu

máli er því ekki hægt að draga neina ályktun.

Jón A. Hjaltalín: Það hefur verið tekið fram, að það væri nóg lög til viðvíkjandi hinum verzlegu embættismönnum; en að því er snertir andlegu stjettina, er jeg hræddur um, að eigi sje vel hugsað, hvernig frumv. þetta mundi verða í framkvæmdinni. Ef prófastum væri gjört að skyldu, að ábyrgjast allt kirkjufje, er farast kynni hjá prestum, þá yrði ómögulegt að fá nokkurn prófast, nema þá prestunum væri gjört að skyldu að setja fullt og óyggjandi veð fyrir öllu, sem þeir taka á móti; en væri það gjört, mundi ef til vill stundum veita örðugt að fá prestana. Það er snertir prestinn frá Hvammi, get jeg eigi sjeð, hvernig prófastur hefði átt að fyrirbyggja misfarir hans. Um haustið var eigi ástæða til að álíta annað, en að stað og kirkju væri óhætt í hans höndum veturinn yfir. En um vorið kom það mikla áfall, er drap allar skepnur niður, og hann stóð eptir fjelaus og allslaus. Jeg sje eigi, hvað prófasturinn hefði átt að gjöra. Hann hefði ef til vill getað lagt hald á prestinn og höfðað mál móti honum; en hvað sem hann hefði gert, er eitt víst, að hann hefði engan eyri fengið frá honum. Hann hefði samt eptir þessum lögum átt að borga. En sjeu slíkar skyldur lagðar á prófasta, þá er það víst, að innan skamms verður enginn prófastur fáanlegur, og ef prestum verður gjört að skyldu að setja veðaháð veð fyrir öllu, er þeir kunna að hafa undir höndum, þá getur rekið að því einnig, að illt verði að fá presta.

Jón Ólafsson: Jeg get ekki verið samdóma hæstv. landsh. um það, að það sje óheyrt, að þeir, sem eptirlit eiga að hafa, beri allir ábyrgð, ef þeir vanrækja eptirlitið. Hann sagði, að eptir frumv. ætti prófastur að borga ef prestur vanrækti, en biskup ef prófastur vanrækti skyldu sína; jeg skal játa, að svo er; en aptur stendur í 2. gr. frumv., að sanni yfirboðari, að hann hafi gert skyldu sína og allt sem í hans valdi stóð til að uppfylla hana, þá sje hann sýkn saka fyrir sitt leyti. Ef nú t. d. biskup hefur vísiterað í biskupsdæmi sínu og prófastur haft það eptirlit í sínu prófastsdæmi, sem honum bar, þá verða þeir báðir sýknir. Jeg fæ því eigi sjeð, að það sje fjarstætt, að sje eptirlit forsómað af biskupi *og* prófasti svo árum skiptir, að þeir beri þá „solidariskt“ ábyrgðina. Þetta get jeg ekki sjeð fjarstæðu; jeg sje heldur ekki fjarstæðu í því, að landshöfðingi og ráðgjafi beri ábyrgð af gjörðum þeirra, sem eru undir þeirra umsjón, *ef* þeir hafa eigi haft eptirlit með þeim; jeg veit ekki betur en að landshöfðingi sje skipaður af ráðgjafanum, og sje ábyrgðarlaus sem stendur gagnvart þingi og þjóð. Þess háttar ákvæði, sem frumv. fer fram á, eru ekki óheyrð í núgildandi lögum; jeg veit ekki betur en að þau lög sjeu í gildi bæði í Danmörku og á Íslandi um ómyndugra-fje, að ef fjárráðamaður misfer fje ófullráða manns, sem hann hefur fjárforræði fyrir, þá beri sýslumaður — yfirformyndarinn — ábyrgðina, en ef sýslumaður getur eigi til svarað, þá skal amtmaður o. s. frv., svo þetta er ekki dæmalaust, eins og sagt hefur verið. Jeg verð að vekja athygli h. þm. á því, að ábyrgðarskyldan nær hjer að eins jafnlangt eptirlitsskyldunni, og þá sje jeg ekki, að hún sje ósanngjörn. Þar sem mönnum hefur fundizt óeðlilegt, að yfirboðari skuli eiga að *sanna*, að hann hafi rækt eptirlitsskyldu sína, ef hann vill komast hjá ábyrgð, þá finnst mjer það ekki vera nema sjálfsagt, að svo sje, því að það hlýtur jafnan að vera auðvelt fyrir hann að sanna, að hann *hafi haft* eptirlitið, *ef* hann hefur rækt þá skyldu, en jafnau mjög torvelt að sanna, að hann hafi *eigi* haft það.

E. Th. Jónassen: Jeg ætla að eins

að gera stutta athugasemd út af orðum h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.). Jeg ber á móti því, að ráðgjafinn beri ábyrgð af gjörðum landshöfðingja; það er að eins fyrir „pólitisk“ brot, sem hann gerir það.

Jeg bjóst við, að h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sannaði þann framburð sinn, að landshöfðinginn hefði lýst því yfir á þingi 1885, að landssjóður mundi ekki bíða neitt tjón af sjóðþurrð Fensmarks. En fyrst hann eigi getur það, hefði verið bezt fyrir hann að koma eigi með ærumeiðandi áburð á dauðan mann, sem ekki er sannur. Verð jeg því að lýsa orð hans ósannindi, meðan eigi sannast annað.

Sighvatur Árnason: Það kann svo að vera, að gallar sjeu á frumv. því, er hjer liggur fyrir, bæði hvað formi og efni viðvíkur; en þó vil jeg fyrir mitt leyti leggja það til, að því sje gefinn meiri gaumur en svo, að það nái ekki til 2. umr.; því, eins og tekið hefur verið fram, vaka þau dæmi fyrir mönnum, að ekki sje alstaðar nægileg trygging til, viðvíkjandi því, sem hjer er um að ræða; svo jeg held það væri gerandi, að láta frumv. ganga fram, ef það kynni að geta bætt úr þeim göllum, sem munu eiga sjer stað, hvað ábyrgð embættismanna snertir; þess vegna væri, að mínu áliti, rjettast að setja nefnd í málið, því til betri íhugunar, þó reyndar sje nú liðið á þingtímann. En þó málið fái að tefja lengur, og þó það ekki verði útrætt á þessu þingi, þá get jeg sætt mig við það, því mjer finnst málið vera svo vandasamt, að það þurfi góða íhugun og nokkurn tíma til meðferðar, og í annan stað hygg jeg, að umræðurnar um það á þessu þingi geti orðið mikið góður undirbúningur fyrir málið til næsta þings.

Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á, að í málið sje sett 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Málið fellt frá nefndarkosningu með 7 : 2 atkv.

Málið fellt frá 2. umr. með 6 : 2 atkv.

Frumv. til laga um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje, og um afnám laga 17. marz 1882 um sama efni (C. 406); 1. umr.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Eins og h. þingd. er kunnugt, höfum sjer lög um sama efni og það, er hjer ræðir um, frá 17. marz 1882. En það er athugavert við þau lög, viðvíkjandi undantekningu á banninu, að hún er bundin við skoðun dýralæknis, sem nú er enginn til hjer á landi, svo það er sama sem ekki neitt. Jeg veit að vísu, að ríkt er í huga manna fjársýkin og hinar illu afleiðingar hennar, og að sumir máske óska þess vegna, að engar undantekningar sjeu frá þessum lögum; en á hinn bóginn veit jeg, að margir eru þeir, sem vilja hafa undantekningar, en þannig, að full trygging sje fyrir, að þær hafi ekki skaða í för með sjer; og nokkuð er víst, að þegar þessi lög frá 17. marz 1882 voru gefin út, þá vakti það fyrir mönnum, að óhætt mundi vera, að gera undantekningar með vissum, ákveðnum skilyrðum. Sama vakir fyrir mönnum um, að menn vilja ekki láta sjer nægja þessar undantekningar í gömlu lögunum, með þeim skilyrðum, sem þar eru ákveðin. Jeg er ekki á móti því, ef mönnum sýnist tími sá, er gæzlan á hinu útlenda fje á að vera, of stuttur, að hann sje gerður lengri; því hjer í liggur aðaltryggingin fyrir því, að ekkert þurfi að óttast. En hvað snertir lög þau, sem vjer nú höfum, þá eru þau allsendis ónóg hvað að því lýtur, að geta átt kost á að bæta fjárkyn með kynblönduu af útlendu fje; því þau heimta sem skilyrði fyrir innflutningi á útlendu fje, að dýralæknir hafi skoðun á fjenu; en nú getur þetta eigi orðið, þar sem enginn dýralæknir er til á öllu landinu, og ekkert spor enn stigið í þá átt að fá hann. Jeg vil ekki fara

fleirum orðum um þetta mál að sinni; jeg vil að eins geta þess, að til eru menn hjer á landi, sem hafa fullan hug á að bæta fjárræktina og gera sjer sem mestan arð af henni; en þá er hart, að þeim skuli vera fyrirmunað með öllu að afla sjer kynbóta af útlendu fje; jeg er líka viss um, að sje þetta gert með varkárni, eins og frumv. gjörir ráð fyrir, þá hefur það engan skaða í för með sjer, hvað sýki snertur.

Skúli Þorvarðarson: Viðvíkjandi þessu máli, sem hjer er um að ræða, kemur mjer í huga gamall málsháttur: „til þess eru víti, að varast þau“. Jeg veit flestum muni enn í glöggu minni og full kunnugt um, hve mikið illt fjárkláðinn hefur gert hjer á landi og öll þau vandræði, er af honum hefur stafað, þar sem hann hefur í tvö skipti lagzt á landsmenn sem hin versta landplága, svo jeg þarf eigi á það að minnast; en jeg vil geta þess, að jeg hygg varla mögulegt, að setja fulla tryggingu fyrir því, að fjárkláðinn eða önnur útlend sýki ekki flytjist hjer inn, sje innflutningur á útlendu fje leyfður, og þá allra sízt með því ákvæði í frumv., að gæzlutíminn skuli að eins vera 2 mánuðir. Jeg tek því vel, er h. flutningsm. (S. Á.) kvaðst eigi vera á móti því, að lengja tímann, sem fjenaður væri í varðhaldi. Þar sem h. flutningsm. (S. Á.) áleit svo nauðsynlegt, að fá kynbótafje frá útlöndum til að bæta fjárræktina hjer á landi, þá er jeg honum ekki samdóma um það, því meining mín er sú, að kynbætur þær muni hjer á voru kalda landi Íslandi reynast farsælastar, sem gerðar eru með íslenzku fje, enda vantar menn þekkingu og reynslu á því, hve happadrjúgar kynbætur með útlendu fje eru hjer á landi; það má vel nota til kynbóta vel valið sauðfje úr beztu fjárplássum landsins og þar sem fjárræktin er í bezta lagi. Mjer fyrir mitt leyti finnst tilgangur frumv. ekki vera nauðsynlegur, og verð að halda, að það muni engin áhrif hafa, nema til þess að ónýta lögin frá 17. des. 1882, og finn jeg ekki að því, ef þetta frumv. kæmi ekki í staðinn. Þess vegna finnst mjer frumv. ekki vera til neins, og er jeg því mótmæltur.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að eins að láta það í ljósi, að það væri æskilegt, ef einhver tillaga kæmi fram um það, að veita fje til að hafa *dýralæknir* hjer á landi; því það er hreint sorglegt til þess að vita, að Ísland skuli vera dýralæknislaust. Lögin frá 17. marz 1882 eru sprottin af ótta manna fyrir innflutningi á útlendu kvikfje, og jeg held ekki sje hægt að leyfa innflutning á tryggilegan hátt, nema með þeim fyrirmælum, sem þar eru, að láta dýralæknir skoða innflutta fjeð; því þó lögregustjóri og hjeraðslæknir, sem ekkert vit hafa á dýrasjúkdómum, eigi að taka með sjer tvo kunnuga menn — kunnuga hverju? — til að skoða fjeð, — menn, sem hafa ekki heldur vit á dýrasjúkdómum, — þá getur þetta eigi verið *nein* trygging; jeg vil segja, að í engu lögsagnarumdæmi hjer á landi mun vera til maður, sem hefur nokkurt vit á þess konar; þetta hef jeg heyrt lækna sjálfa segja. Þess vegna vil jeg helzt, að lögin frá 17. marz 1882 sjeu óbreytt, en ef á að ljetta mönnum aðflutning útlends fjár, þá verður að gera það með því, að fá dýralækna í landið; en vilji menn eigi kosta fje til þess, þá sýnist þörfin eigi vera mikil á, að auka mönnum hægð á innflutningi kvikfjár.

Jakob Guðmundsson: Jeg verð sjerstaklega að taka undir með h. 1. þm. Arn. (Sk. Þ.), að kynbætur eigi helzt að vera með innlendu fje; því eptir dómi góðra fjármanna, er vandi, að nota langt að komið fje til kynbóta; það hefur ekki heppnazt vel, að fá sjer fje í fjarlægum sveitum og ætla að nota það til kynbóta í annari sveit, þar sem landslag og loptslag og öll hirðing hefur verið öðru vísi; einnig vantar menn næga þekkingu í

þessu. Auk kláðans, er dæmi til, að fje sem flutt hefur verið af öðru landshorni, hefur sýkzt af ólíkri heygjöf. Það hefur ekki þolað umskiptin og eiginlega ekki getað haldið sínu fyrra eðli. Jeg vildi því helzt óska, að landsmenn hugsuðu að eins um innlendar kynbætur, en legðu ekki hug á, að fá útlent fje flutt inn í því skyni. Það er önnur skepnutegund, sem hættuminna kynni að vera að flytja inn til kynbóta, og það eru mjólkurkýrnar; jeg veit til þess, að fluttar hafa verið mjólkurkýr af útlendu kyni hjer inn, og að af þeim eru til ættir, sem sjerstaklega hafa gefizt vel til mjólkur. Enn fremur er hjer miklu auðveldara, að láta kú af útlendu kyni fá meðferð sem líkasta því, er hún hefur áður haft; miklu auðveldara en með sauðkindina, því sauðfjárhagar og öll hirðing á sauðfje er hjer allt öðru vísi, og tíðarfar annað bæði vetur og sumar, en í öðrum löndum; en aptur á móti er hirðing nautpenings lík hjer og í öðrum löndum. Það má að vísu segja, að líka geti flutzt inn nautapest, en jeg hygg, að auðveldlega megi koma í veg fyrir hana með varúð, vegna þess, að nautpeningur er svo fár að tölunni, og optast í nákvæmari pössun en sauðfjeð. Þá er líka annað, sem flytzt hjer inn og sem stundum hefur ollað sjúkdómum á kvikfje, og það eru húðirnar; en jeg held varla verði hægt að stemma stigu fyrir innflutningi þeirra með öllu. Sem sagt efast jeg um, að útlendar kynbætur á sauðfje geti orðið oss til framfara, en aptur á móti kynnum vjer að geta bætt kúakyn vort með útlendu kúakyni, því vjer stöndum ekki heldur eins að baki öðrum þjóðum hvað sauðfje snertir og með kúaræktina.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Að vísu álít jeg, að heppilegt væri fyrir landsmenn, að hafa dýralækna, einkum með tilliti til hinna mörgu innlendu sjúkdóma, bæði í sauðfjenaði og öðrum skepnum, hverju nafni, sem þær nefnast; þess vegna hefði jeg ekkert á móti dýralæknum, ef eigi væri í kostnaðinn að horfa, því til fyrirstöðu; því til þess, að dýralæknar gætu gjört hjer verulegt gagn, yrðu þeir að vera nokkuð margir og yrði þá að leggja mikið fje í sölurnar. En hvað viðvíkur innflutningi á útlendu sauðfje, þá held jeg, að eigi þurfi lærðan læknir til þess að sjá, hvort skepna er heilbrigð á hörundi, eða ekki; í annan stað gáfust dýralæknar svo í fjárkláðanum, að eigi þótti ávallt heppilegt að fara að þeirra ráðum. Þess vegna legg jeg ekki áherzlu á það, að dýralæknar sjeu nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að innflutningar á útlendu fje sjeu leyfðir; jeg held hjer ekki útheimtist mjög mikil lærdómsleg þekking.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg er þakklátur h. flutningsm., og álít þetta mál eitt hið mesta nauðsynjamál, sem komið hefur fram á þessu þingi. Jeg er fyrst og fremst þakklátur h. flutningsmönnum fyrir, að þeir hafa komið fram með þetta frumv.; í öðru lagi er jeg þeim þakklátur fyrir að hafa sjeð, að gömlu lögin voru að engum notum; en einkum er jeg þeim þakklátur fyrir ákvæði frumv. um aðhaldið og gæzluna á fjenu; því það er miklu áreiðanlegra, að halda fjenu inni vissan tíma, en þó dýralæknir skoði það; þessi aðferð er sú eina áreiðanlega til þess að stemma stigu fyrir útbreiðslu fjársýki. Jeg held mönnum muni eigi blandast hugur um það, að hjer eru nauðsynlegar kynbætur með útlendu fje; vjer fáum annars aldrei góða ull, vjer fáum aldrei kjötmikið sauðfje. Íslenzk ull er seld á 65 aura pundið, en fyrir pund af danskri ull eru gefnar 2 kr., og jeg er viss um, að ef við fengjum hjer inn útlenda hrúta, mundi fje hjer á landi verða helmingi ullarbetra og helmingi kjötmeira. Útlent fje er miklu þyngra en íslenzkt fje; það eru dæmi til að danskt fje hefur haft 300 pd. skrokk, og veturgamalt fje undir 100 pd. skrokk. Jeg er sannfærður um, að ekkert yrði

Íslendingum til meiri framfara en kynbætur á fje, þó margt sje fleira þarflegt og mjög arðsamt, t. d. rófurækt. Jeg mun ekki fara fleirum orðum um þetta mál að sinni, en jeg mun reyna að hjálpa flutningsmönnum sem bezt með að koma frumv. fram.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er hlynntur þessu frumv., því að jeg er einnig sannfærður um, að innflutningur af fje til kynbóta getur komið að gagni; en hættan af innflutningnum virðist mjer með öllu fyrirgirt í frv. með þessum þrem atriðum:

Í fyrsta lagi er sett sem skilyrði, að leyfilegt sje að eins að flytja fjeð til þeirra 6 staða landsins, þar sem bæði lögreglustjóri og læknir eru þar báðir búsettir.

Hið annað skilyrði er, að fjenaðurinn sje ósjúkur, er hann er tekinn á skip, og hið þriðja, — og það er mest á ríður, — að skepnurnar sjeu hafðar í gæzlu og greindar frá öðru fje í 8 vikur. — Ef jeg man rjett, sagði Snorri heitinn dýralæknir að sýkingartími skepna væri eigi lengri en sex vikur, hvort heldur væri miltisdrep eða kláði, er vera munu hinir helztu sjúkleikar, sem í þessum tilfellum er um að gjöra. Jeg verð því að ætla, að hjer í frv. sje svo vel um búið, að fyrirgjörð sje öll hætta, er af þess háttar sjúknaði annars kynni að leiða.

Þótt vjer engan dýralækni höfum, höfum vjer samt hina góðu dýralækningabók Jóns landlæknis Hjaltalíns, einnig góðar bendingar ýmsar í Hirði, í ritum sjera Guðmundar o. s. frv.

Það er að sjálfsögðu hagur að flytja inn fjenað til kynbóta, en hitt er og vist, að hvaðan sem kynbótafje kemur í höndur trössum, er hafa ljett og ljeleg búfjárlönd, illt fóður, ill hús, ónýta og trössuga fjármenn, þar verður allt að hinum sama skaða, sem áður var, nema meiri sje. En jeg skal taka dæmi aptur á móti af Jóni bónda, er var á Reynistað, nú á Hjaltastöðum. Hann hefur flutt inn fje það, er einna mest tíðkast í Danmörku, — það heitir „Oxfordshire-Downs"-fje, — og er afbragð að þyngd og eins ullarvexti og gæðum. Eptir skýrslu, er etatsráð L. Jörgensen hefur gefið, er þungi þessa fjár þannig: Ær fullorðin á kjöt 198 pd., og ull hennar 8—9 pd. Að vísu þarf fje þetta meira fóður en hjer á landi er almennt gefið fjenaði, en slíkt mun þó ekki muna miklu fyrir bændur á þeim jörðum, er hafa heyskap nægan og sauðfje er að mestu gefið inni á vetrum. En að sjálfsögðu mun gjöfin kosta talsvert meira þar, er sauðfje lifir mest á útigangi og heyföng eru lítil, svo vart mundi þetta útlenda fje þar borga sig.

Jeg verð að ætla það skyldu þessarar h. þingd., að taka því þessu frv. vel; og ef mönnum virðast einhverjir smágallar á því, að bæta þá úr þeim með breyt.till. Annars virðist mjer frumv. vel úr garði gjört.

E. Th. Jónassen: Jeg er á þeirri skoðun með h. þm. Dal. (J. G.), að bezt muni hent hjer á landi að bæta fjárstofninn með hinu innlenda fje sjálfu. Útlent fje hefur hjer á landi við allt önnur kjör að búa, en það hefur vanizt, annað loptslag, aðra meðferð í öllu tilliti, svo að ekki er við því að búast, að það geti orðið hjer að góðum notum. *(A. Ól.:* Jú!). Nei, það hefur opt verið reynt; jeg þekki 2 eða 3 bændur, sem hafa reynt að fá útlent fje til kynbóta, en það hefur algjörlega misheppnazt. *(A. Ól.:* Það sannar ekkert!). Það getur vel verið, en þetta er nú reynslan samt.

En viðvíkjandi nautpeningi þá játa allir, sem til þekkja, að ef farið er vel með íslenzkar kýr, þá mjólki þær betur en danskar; þetta sjest og af því kúakyni, sem til er enn og flutt var hingað til landsins um aldamótin. Nú er og sá hugsunarháttur farinn að ryðja sjer til rúms, að betur er farið með skepnur hjer á landi en áður var títt, bæði kýr og aðrar skepn-

ur. Jeg hygg því, að gagnið af innflutningnum af útlendum búpeningi geti aldrei staðið í hlutfalli við þann skaða, sem innflutningurinn getur valdið, ef illa tekst til; og tvisvar hefur það til borið, að fjársýki hefur flutt verið inn í landið með útlendu fje.

Hvað 8 vikna gæzlutíma fjárins snertir, eptir ákvæðum frv., þá man jeg ekki betur, en skepnur þær, sem síðast fluttust frá Englandi og fjársýkin fluttist með, væru eptir að þær komu til landsins í pössun í 8 vikur. *(A. Ól.*: Nei!). Jú, mjer er þetta nokkuð kunnugt, því að jeg var hjer þá í Reykjavík í uppvexti. Jeg vil því heldur, að ekkert fje sje flutt inn í landið, en eiga það á hættu, að fá aptur aðra eins sýki eins og þá, er þá kom.

Það er heldur engin trygging fyrir heilbrigði skepna, þótt hjeraðslæknir hjer ásamt lögreglustjóra eigi að skoða þær. Vjer sjáum daglega í útlendum blöðum talað um sýki á fjenaði, sauðum, nautgripum og svínum. *(A. Ó.*: Og hundum!) — Þetta er alvarlegt mál, og því ótilhlýðilegt, að gjöra gys að því. Jeg vil því ekki breyta neitt hinum eldri lögum; ef nauðsyn virðist að flytja fje inn, þá er nauðsynlegt að tryggja sig fyrir þeim skaða, sem það getur bakað og hefur bakað, á þann hátt, að stofna dýralæknisembætti; fyrri en það er gjört, er allt of mikið haft á hættu.

Jeg greiði því hiklaust atkvæði móti þessu frumv.

Skúli Þorvarðarson: Þar sem jeg sagði áðan, að bezt mundi henta hjer á landi, að bæta fjárkynið með innlendu fje, þá vakti fyrir mjer tilraun sú, er gjörð hefur verið í Árnessýslu, af fjelagi þar, sem fengið hefur kynbótafje norðan úr Þingeyjarsýslu, þaðan sem það er þar bezt. Jeg hefði aldrei trúað því, ef jeg hefði ekki sjeð það sjálfur. hve mjög það fje tekur fram öðru fje hjer sunnanlands; og fái það fje góða meðferð, er mjer næst að halda, að eins góðar kynbætur geti orðið af því fje, eins og af útlendu fje. Jeg skal taka til dæmis, að einn lambhrútur af þessu kynbótafje var að lifandi þunga á Góu 104 pd. Þó að þetta sje að eins eitt dæmi, er það fyrir mínum augum sönnun fyrir því, að ef farið er vel með vort innlenda fjárkyn og blandað saman á skynsamlegan hátt, þá sjeu það hinar æskilegustu kynbætur fyrir oss. Hið sama hygg jeg að gildi um hesta og nautgripi. Jeg held, að það sje vankunnátta á meðferðinni og vanþekking á rjettilegri kynblöndun, sem veldur því, að fjenaður vor og gripir eru ekki betri á sumum stöðum, heldur en þeir eru, — en ekki hitt, að kynið sje ekki nógu gott í sjálfu sjer, þegar það er rjettilega valið saman.

Jeg verð því enn sem fyrri að álíta það ónauðsynlegt, að fá fje frá útlöndum til kynbóta.

Árni Thorsteinsson: Það sem kemur mjer til að gefa frumv. þessu atkvæði mitt, er einkum það, að lögin frá 17. marz 1882 skipa svo fyrir, að landshöfðingi skuli í hvert skipti setja tryggjandi reglur um innflutninginn og meðferð fjárins, — þegar það á annað borð er leyft í lögunum, að flytja fje inn. Þessi ákvæði í eldri lögunum skoða jeg því nær sem algjört bann gegn innflutningi kvikfjenaðar. En jeg vil ekki ganga í flokk með þeim, sem segja, að nauðsyn beri til, að flytja inn fje til kynbóta, — nje heldur í flokk hinna, er alls eigi álíta, að flytja beri inn útlent fje; því að jeg hygg, að ekki sje enn sem komið er fengin full reynsla fyrir því, hvort ekki megi bæta innlent fjárkyn með útlendu. Þótt jeg þekki dæmi til, að þess háttar kynbætur opt hafi misheppnazt, þá getur verið of fljótfærnislegt að álykta þar af, að ekki sje hægt að bæta innlent fjárkyn með útlendu fje, sje hyggilega farið að. En jeg

vil gjöra þá athugasemd við ræðu h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), þar sem hann minntist á hrúta þá, er fluttir voru frá Englandi sumarið 1856 og sem hann sagði, að hefðu flutt inn kláðann, þá er mjer kunnugt um, því að jeg var hjer það sumar, að þeir voru hafðir í gæzlu og tjóðraðir á túni því, sem nefnt er Landshöfðingjatún,—og hefði jeg getað haldið, að það hafi getað verið nær mánaðartíma, sem þeir voru þar. Síðan voru þeir sendir upp að Miðdal og þaðan austur að Hraungerði. En þar sem sumir h. þingdm. hafa talið víst, að fjársýkin hafi komið með þessum hrútum frá Englandi — þá verð jeg að lýsa þeirri skoðun minni, að það er mjög ólíklegt, að sýkin hafi komið með þessum kindum, þar sem þær komu í júlímánuði, en sýkin var á mjög stuttum tíma útbreidd allt frá Hvítá austur að Þjórsá. Mjer finnst það vera skylda mín, að láta þessa skoðun í ljósi, úr því að menn hafa nú í umræðunum komið með þau ummæli, að sýkin muni hafa komið með þessum kindum.

Jeg hygg, að kláðinn muni vera innlendur, sem einnig hefur sýnt sig í því, að hann hefur sýnt sig t. d. eigi fyrir mörgum árum síðan í Norðurlandi og enda víðar.

Jeg mun greiða atkvæði með þessu frumv., en jafnframt vekja athygli á, hvort ekki mætti orða betur ákvæði 1. gr. frv., þar sem talað er um vottorð það, er þar ræðir um. Eins virðast mjer ákvæðin um sektirnar heldur háar, af því að til er tekin lægsta sekt. Þessar athugasemdir hefi jeg gjört af því, að jeg er hlynntur frumv.

Jón A. Hjaltalín: Í þessu máli hallast jeg á þá hlið, sem óhultari er. Vjer munum allir, hve sorgleg reynsla fjársýkinnar er, hvílíka eymd hún bakaði mönnum og hvern kostnað og erfiðleika það hafði í för með sjer að útrýma sýkinni. Jeg hygg og, að meðmælendur þessa frv. geti ekkert sagt með fullri vissu um, hve lengi þess háttar sýki eða þá aðrar máske jafnhættulegar geta falizt í skepnunum; og þegar lögin frá 17. marz 1882 hafa orðið til þess, að engar skepnur hafa verið fluttar lifandi inn til landsins, þá segi jeg: vel er, að svo er. H. 3. kgk. þm. (L. E. Svb.) talaði um það mikla gagn, sem landsmenn gætu haft af því, að bæta fjárkyn sitt með útlendu fje. Það getur nú verið, að svo sje; jeg vil ekki þrátta um það. En jeg hef sjeð fje það, er hinn áðurnefndi Skagfirðingur kom með hingað til landsins, og þó að jeg játi það, að margar þær kindur eru vænar og allullgóðar, þá er það samt ekki líkt því hið sama fje að gæðum, sem hið danska fje. Það mun lengst loða við hjer hjá oss, að það mun ekki vera svo auðvelt, — þótt útlent fje fáist til kynbóta, — að losna við togið; en togið er það, sem mest fellir ullina í verði. Jeg er sannfærður um, að þótt haldið væri hjer óblönduðu dönsku fje og það látið æxlast koll af kolli, mundi það fje ekki reynast betra, hvorki á hold nje ull, en bezta fje úr Þingeyjarsýslu. Jeg hygg, að allvíða megi bæta hjer mjög fjárkynið með því, að velja úr hið bezta af innlendu fje voru. Það er og hægt að bæta að mun fjárkynið, að eins með því, að skera jafnan hið lakasta úr fjenu, en láta hið bezta lifa. Þetta hef jeg sjálfur reynt.

En komist fjársýki inn í landið, þá hefur reynslan sýnt, að af henni stafa þvílík vandræði og slíkir örðugleikar, að útrýma henni aptur, að jeg vil ekki fyrir mitt leyti eiga það á hættu; og því hygg jeg, að 100 kr. sekt — jafnvel hve margar þúsundir sem væru — mundi ekki segja mikið til að bæta oss allt það tjón.

Friðrik Stefánsson: Jeg er þessu frumv. meðmæltur, því að allir vita það, að fje vort og nautgripir geta tekið mikl-

um kynbótum með því að blandast útlendu kyni; en hestakyn vort hygg jeg ekki mundi bætt á þann hátt, svo það ætti þá eins vel við eðli lands vort. Bóndi sá í Skagafirði, sem flutt hefur inn útlent fje til kynbóta hjá sjer, á að miklum mun betra fje og vænna en flestir aðrir, og vigtar fje af hans fjárkyni meira en vænsta fje úr Þingeyjarsýslu. Frá því sagði mjer merkur maður á Akureyri, að bezta fje frá Mývatni væri ekki eins þungt að vigt, eins og fje frá Jóni bónda á Hjaltastöðum, því hann er sá bóndi í Skagafirði, sem jeg átti við að stórlega hefði bætt fjárkyn sitt með útlendu kyni.

En hitt er aptur á móti mín skoðun, að vjer gefum of opnar dyr í þessu frv. með því, að leyfa innflutninginn á 6 stöðum á landinu. Jeg vil, að leyfið nái að eins til Reykjavíkur, því að hægurinn er hjá, að flytja fjeð aptur í kring um land þaðan á ýmsar hafnir með strandferðaskipinu. Þegar það er búið að vera hjer frá því að vorinu, þar til að haustinu, þá hlyti það að vera hættulaust, því að yfir þann tíma mætti hafa það hjer í eyjum, og láta lækna skoða það nákvæmlega áður en það væri sent með strandferðaskipunum að haustinu. En því verð jeg að mótmæla, að leyft sje að flytja fjeð inn á öðrum stöðum eða á annan hátt.

Þar sem svo hagar til. að fje er mikið á gjöf að vetrinum, er álit manna, að þetta útlenda fje reynist betur, heldur en þar sem það lifir mest á útigangi, enda er það nú tilfellið líka með okkar innlenda fje, en af hinu útlenda fje er það ekki spursmál, að búast má við, að það verði til mikilla kynbóta. ef það hefur góða meðferð; eins og jeg hef áður tekið fram, get jeg ekki verið með því, að leyfa innflutning á þessu útlenda fje á 6 stöðum; þetta eru þó ekki 6 knerir hlaðnir mjölvi, sem hjer er um að ræða.

Jakob Guðmundsson: Það er almenn reynsla mannkynsins, að færa má fræ og plöntur frá fjarlægum stöðum og koma þeim undir ólík himinbelti og í ólíkt loptslag; en þetta dugar því að eins, að menntun sje með og kunnáttu; það dugar ekki nema jarðyrkjufróður og grasfróður maður fylgi með. sem veit það og þekkir, hvað þessu fræi, þessum plöntum hentar í sínu heimkynni og þar af leiðandi, hvaða hjúkrun og meðferð þeim muni henta og þær þurfi með í hinu nýja heimkynni sínu. Öldungis eins er háttað með hinar lifandi skepnur; það tjáir lítið að flytja þær frá fjarlægum stöðum inn undir allt önnur skilyrði lífsins, allt annað loptslag, allt annan aðbúnað í öllu tilliti — nema því að eins, að kunnátta og þekking á meðferð skepnunnar fylgi einnig með. Þetta er það, sem vantað hefur hingað til hjá oss, og þess vegna er það, að kynbætur af útlendu fje hafa ekki komið að verulegum notum. Þess vegna er það og, að jeg gjöri mjer ekki eins glæsilegar vonir um gagnið af útlendu fje til kynbóta hjer á landi, eins og sumir aðrir.

L. E. Sveinbjörnsson: Hvað sem öðru líður, virðist mjer það undarlegt, að menn, sem eiga eyjar, og geta þess vegna haft fje í þeim, án þess nokkurn tíma geti komið saman við aðrar skepnur, skuli vera með öllu útilokaðir frá að geta gjört nokkra tilraun með útlent fje. Mjer sýnist það nokkuð hart, að þeir menn skuli alls eigi mega reyna neitt í þessu tilliti, enda þótt þeir geti haldið fjenu alla æfi þess í varðhaldi út af fyrir sig.

Jón Ólafsson: Jeg hef ekki vit á kynbótum sauðfjár; en hitt liggur í augum uppi. eins fyrir mjer og öðrum, að *háskinn* með að *leyfa innflutning* á útlendu fje er mikill, úr því enginn maður er til á öllu landinu, sem hefur nokkurt vit á sjúkdómum fjenaðar eða annara dýra. Jeg veit, að menn ljetta innflutninginn með því að fá dýralækni í hvert amt, þá

er auðvelt að fullnægja tryggingarskilyrð um hinna núgildandi laga; enda er það hinn mesti ósómi fyrir landið, að enginn dýralæknir skuli vera hjer til. Ef gagnsemd kynbóta af útlendu fje er eins mikil, eins og sumir gjöra sjer í hugarlund, ættu menn ekki að horfa í það fje, sem útheimtist til þess að kosta dýralækni í landinu; en jafnskjótt sem dýralæknir er fenginn, er þetta frv. óþarft, því lögin frá 17. marz 1882 heimila innflutning á kvikfje eptir skoðun og með ráði dýralæknis. En þetta frumv. gengur út á það, að leyfa innflutning kvikfjár, *án* þess nokkur dýralæknir sje til staðar, með öðrum orðum: án þess nokkur trygging sje fyrir heilbrigði skepnunnar. Eða hver er tryggingin eptir frumv.? Umsjónin og skoðun fjárins er falin lögreglustjóra, hjeraðslækni og tveim kunnugum mönnum. Kunnugum hverju? Kunnugum lögreglustjóranum eða hjeraðslæknunum? Það er merkilegt, ef vjer erum hin eina þjóð í heimi, sem engan þarf dýralækni.

Jeg er á móti því, að rýmkva svo um, að landshöfðingi geti veitt undanþágu frá innflutningsbanninu, nema með ráði dýralæknis, því að engin minnsta trygging er fyrir heilbrigði skepnanna, ef enginn dýralæknir er til staðar: *(L. E. Svb.:* En „kvarantænen"?) Hvaða „kvarantæne"?

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 7 : 4 atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl. (C. 178, 407); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Sighvatur Árnason): Af þessu stutta nefndaráliti geta h. þingdm. sjeð, af hverri ástæðu nefndin ræður til að málið sje fellt. Jeg vil geta þess, til að afsaka nefndina, hve lengi hefur dregizt fyrir henni að koma fram með álit sitt í þessu máli, að ástæðan var sú, að hún hafði fyrir augum ýms tolla- og skattamál, sem stungið hefur verið upp á hjer á þinginu, og vildi eigi koma fram með álit sitt fyr en hún sæi, hvernig þeim reiddi af. Jeg vona því, að h. deild taki eigi hart á henni fyrir þennan drátt. Jeg vona einnig, að menn hafi eigi neitt á móti, þó jeg minnist lítið eitt á tollmálið yfir höfuð. Það er nú orðið ljóst, hvern grundvöll þingið hefur valið í þessum tollamálum, og enn fremur er það ljóst, hverjar tegundir af vörum hafa verið teknar undir tollaálögu, nefnilega þessar 3: kaffi, sykur og tóbak. Þar á móti hefur þingið kastað frá sjer öllu öðru. H. Nd. hefur kastað frá sjer frumv. um, að leggja toll á álnavöru og glysvarning. Jeg skal kannast við, að frumv. það var frá mjer, þótt það kæmi fram í neðri deildinni, þar sem tollamálin lágu fyrir. Jeg fyrir mitt leyti álít, að þar hafi h. neðri deild hafnað að tolla það, sem helzt hefði átt að leggja toll á og landsmenn hefðu minnst fundið til. Jeg iðrast eigi eptir, að jeg hef gengizt við því faðerni, því það mun sýna sig, hve þokkasælir þessir tollar verða, sem þingið hefur fallizt á, og hvort þeir tollar eigi fremur þrengja og kreppa að hag fátækra manna; og svo er þess að gæta um þessa tolla, að þeir tvöfaldast á landsmönnum; þó raunar tollur á álnavöru og glysvarningi einnig kynni að gjöra það, þá er þó sá munur á því, að hinir efnaminni og fátæklingar geta verið lausir við að kaupa slíkan varning. Jeg held líka, að landið í heild sinni hefði ekki mikinn óhag af því, þó þessi varningur flyttist minna til landsins, en nú á sjer stað. En hvað snertir útflutningstollana, þá er þó ætíð sá kostur við þá, að þeir tvöfaldast eigi í roðinu, eins og hinir, sem samþykktir hafa verið. Þegar nefndin skoðaði, hvað nú er framkomið af tollum, þá þótti henni sannarlega nóg komið, og af þessari ástæðu vill hún ráða til, að h. deild hafni frv., án þess að nefndin í raun og veru sje þessu útflutningsgjaldi frá-

hverf. heldur eingöngu af því henni fannst eigi rjett að fara að bera enn á ný í bakkafullan lækinn. Jeg skal svo eigi hafa fleiri orð um þetta frv., en vil leyfa mjer að endingu, sem flutningsmaður málsins, til að stytta umræðurnar, að *taka frumv. aptur*.

Frumv. til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins, sem og um stofnun fjórðungsráða (C. 316, 405); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Eins og nefndarálitið, sem er á þingskj. 327 (C. 405) ber með sjer, hafa forlög frv. um afnám amtmannaembættanna orðið þau hjá nefndinni, að hún ræður til, að það sje fellt, og sama er að segja um frumv. um stofnun amtsráðs í austurumdæminu, enda standa þau í nánu sambandi hvort við annað. Á hinn bóginn er það huggun fyrir þá, sem þykir meðferð nefndarinnar á frumv. þessum hörð, að þau hafa, ef jeg má svo að orði komast, endurfæðst í nýju frumv., sem er á þingskj. 328 (C. 405). Nefndin gat eigi álitið rjett, að afnema amtmannaembættin. Það er auðvitað hægðarleikur að tala um það, en allt erfiðara, þegar til framkvæmdanna kemur, enda sýndi það sig í neðri deildinni, þegar frumv. kom þar fram fyrst, að þá höfðu menn alveg gleymt, að til væri nokkuð, sem hjeti stiptsyfirvöld, og eins er um margt fleira, ef nánar væri aðgætt; en jeg skal eigi vera að fjölyrða um þetta atriði. Fyrirkomulagið um stofnun fjórðungsráða stóð í svo nánu sambandi við hitt, að nefndin gat heldur eigi aðhyllzt það. Aptur á móti gat nefndin vel fellt sig við þá hugsun, að stofnuð væru 2 amtsráð eða fjórðungsráð í norður- og austuramtinu; en hún getur eigi álitið rjett, að Skaptafellssýslurnar sjeu aðskildar. Niðurstaðan hjá nefndinni hefur því orðið sú, að fella bæði frumv., en smíða upp úr þeim þetta frumv. á þingskj. 328 og sem nú liggur fyrir til 1. umr. Það á eigi við nú, að fara út í hinar einstöku greinar, en aðalefnið er, að stofna skuli nýtt amtsráð, og svo eru nánari ákvæði um skipun þess og í annan stað sú ákvörðun, að kjósa skuli í amtsráð einn mann úr hverri sýslu. Frv. er að vísu eigi svo fullkomið sem skyldi; það vantar þannig ákvæði um, hvernig eigi að fara að, ef tala nefndarmanna skyldi vera jöfn, því það gæti vel komið fyrir, að hún stæði eigi á stöku; en þetta mætti laga, og eins ef eitthvað fleira þyrfti umbóta við.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 8 : 2. atkv.

Frumv. til laga um amtsráð í austuramtinu (C. 273, 405); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Um þetta frv. get jeg orðið stuttorður og vil að eins samkvæmt því, sem jeg hef áður tekið fram, ráða h. deild til að fella það.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt með 9 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi (C. 405); 1. umr.

Framsögumaður (Júlíus Harsteen): Jeg hef nú beztu von um, að frumv. þetta fái að ganga til 2. umr., og skal því eigi fjölyrða um það nú.

Jakob Guðmundsson: Jeg hefi eigi að eins góðar vonir um, að frumv. þetta fái að ganga til 2. umr., en vonast meir að segja til, að það komist klakklaust gegn um þingið, þó mjer reyndar sje sárt um, að 1. frv. er fallið. því jeg er hræddur um, að það ætli aldrei að eldast algjörlega af mjer þetta ógeð, sem jeg hef hef haft á amtmannaembættunum.

Þessu frumv. gef jeg samt atkv. mitt, því jeg álít það mikla bót, þó eigi sje nema til bráðabirgða.

Landshöfðingi: Jeg get vel fellt mig

við þessa breyting á sveitarstjórnarlögunum, að stofnuð sjeu 4 amtsráð og einn fulltrúi sje kosinn í sýslu hverri til amtsráðsins; en mjer þykir það á vanta, að menn hafi trygging fyrir, að þetta fyrirkomulag sje samkvæmt almennum óskum landsmanna; því þess verður að gæta, að breyting þessi hefur talsverðan kostnað í för með sjer. Hjer í suðuramtinu sitja nú 3 menn; en ef þetta frumv. yrði að lögum yrðu þeir 7; en þar sem er um slíkan kostnaðarauka að ræða, vildi jeg hafa tryggingu fyrir, að gjaldendur væru fúsir á, að leggja þessi byrði á sig. Að öðru leyti get jeg vel fallizt á, að breytingin sje heppileg, en mjer finnst að hefði verið rjettara fyrst að leita álits sýslunefnda og jafnvel hreppsnefnda líka, til þess að komast eptir, hvort landsmenn væru fúsir á, að leggja á sig þessi auknu gjöld.

Jón Ólafsson: Mjer þykir einkarvænt um að heyra hinar góðfúsu undirtektir hæstv. landsh. En jeg vil að eins geta þess, að það getur opt verið um mörg mál, að eigi liggi fyrir þinginu beinlínis óskir frá almenningi um að fá þeim framgengt og sje þó eigi ástæða til, að fresta þeim fyrir það. Jeg álít, að kunnugleiki þingmanna sje næg trygging fyrir, að þeir viti, hvað landsmenn vilja. Jeg man heldur eigi eptir, þegar sú breyting var gerð á skipun sýslunefnda eigi alls fyrir löngu, að *allir* hreppar sýslu hverrar skyldu jafnan eiga fulltrúa í sýslunefnd. þá lægi fyrir þinginu neinar bænarskrár, og hjer er eigi farið fram á annað, en að halda áfram í *sömu* átt, nefnilega, að *hver* sýsla skuli jafnan eiga fulltrúa sjer í amtsráðinu; enda er það iðulega í málum hjer á þingi, að menn verða að fara eptir kunnugleik þingmanna um vilja kjósenda, og það verð jeg að álíta næga trygging í því efni. Hvað vilja kjósenda í austuramtinu snertir, þá er mjer kunnnugt, að hann gengur í þessa átt.

Jakob Guðmundsson: Viðvíkjandi athugasemd hæstv. landshöfðingja, þá vil jeg geta þess, að það hefur einmitt hjer á þingi komið fram frumv. um, að stofna 4 fjórðungsráð, náttúrlega með kostnaðarauka, og var það samkvæmt almennum óskum, svo það er líklegt, að alþýða vilji þetta frumv., því hvort það heitir amtsráð eða fjórðungsráð, má gilda einu, ef það vinnur það sama.

Sigfvatur Árnason: Jeg vildi að eins geta þess út af athugasemd hæstv. landsh., að í mínu kjördæmi hefur komið til tals, að fjölga mönnum í amtsráðunum, nefnilega, að hafa mann úr hverri sýslu, án þess að nokkur rödd hafi risið á móti; og þegar maður sjer, hvernig kosningin gengur til amtsráðsins hjer á Suðurlandi, og hve annt mönnum er um, að koma að amtsráðsmanni úr sinni sýslu, þá held jeg að jeg geti fullyrt, að þetta sje almennur vilji manna yfir höfuð.

Mjer finnst nefndin hafa farið nokkurs konar meðalveg í máli þessu. Hún hefur tekið aðra hliðina, nefnilega, að allar sýslur geti haft hlutdeild í ráðinu með mann frá sjer, eins og farið er fram á í málinu um fjórðungsráðin. En þegar spurningin er á aðra hlið um afnám amtmannaembættanna til fjársparnaðar, þá er vitaskuld, að nefndin hefur eigi viljað fallast á það, enda er eigi hlaupið að því eptir kringumstæðunum, að aftaka þau; og jeg fyrir mitt leyti vil því hallast að frv. nefndarinnar og reyna á einstöku stöðum að lagfæra smáatriði, sem jeg get síðar gjört nánari athugun um.

Landshöfðingi: Mjer þykir vænt um, að heyra úr þremur ömtum, suður-, vestur- og austuramtinu, að menn eru fúsir á að leggja á sig þau auknu gjöld, sem hljóta að stafa af fjölgun amtsráðsmanna. Það má eigi skilja orð mín svo, að jeg álíti nauðsynlegt, að landsmenn sjeu spurðir til ráða áður en þingið samþykki lög, heldur að eins þar sem um aukin gjöld er

að ræða og málefnið er líks eðlis eins og hjer á sjer stað, þá álít jeg rjettara að taka tillit til vilja landsmanna; en úr því svo margir lýsa yfir óskum manna í þessu efni og enginn mótmælir, þá álít jeg það næga tryggingu fyrir, að það sje vilji manna, að hver sýsla eigi einn fulltrúa í amtsráðunum.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um löggilding Haukadals (C. 191, 403); frh. 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 8:3 atkv.

Frumvarp til laga um löggilding Arngerðareyrar (C. 192. 403); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Jón Ólasfson): Mjer þykir eigi þörf, að fjölyrða um þessa löggilding fyrir hönd nefndarinnar, enda býst jeg við, að hún gangi fram, hvort sem jeg segi henni til meðmælis margt eða fátt.

Jón A. Hjaltalín: Nefndin hefur verið meðmælt þessari löggilding, og jeg er sannfærður um, að ef á að löggilda nokkuð, þá ætti þessi löggilding að fá framgang. Nefndin hefur tekið fram í ástæðunum, að langt sje til kaupstaðar og góðar sveitir gætu sótt þangað. Jeg er kunnugur þar um sveitir og verð að telja 2 sýslur líklegar til að sækja þangað, því það mundi spara mönnum erfiðar og dýrar sjóferðir.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um löggilding Múlahafnar (C. 192, 403); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg skal heldur eigi vera fjölorður viðvíkjandi þessu frv.; það er nægur tími til að tala um málið við 2. umr. Ástæður nefndarinnar til að mæla fram með þessari höfn eru teknar fram í nefndarálitinu; jeg skal að eins taka fram, að Múlahöfn er gott lægi; þar er skjól fyrir flestum vindum, og má tryggja skip landfestum; skipum er þar óhættara fyrir ís en á höfnum þar í nánd á ströndinni. Auk þess hagar svo til, að mun meir er vafasamt, að hafskip geti komizt inn á Lagarfljótsós; er þá nauðsynlegt, að geta affermt á Múlahöfn; þótt landvegurinn til Múlahafnar sje eigi góður, þá gæti hún þannig samt komið að góðum notum, með því auðvelt er að flytja þaðan vörur á bátum upp í ósinn; enda má í viðlögum sækja þangað landveg, þegar torfærur banna að flytja vörur upp í Ósinn. – Þar við bætist, að úr Múlahöfn er hið eina góða útræði fyrir Fljótsdalshjeraði, og ef þar kæmist upp vörubirgðahús og vörusala, þá mundu bráðlega myndast þar sjóþorp. En sjerstaklega af því, að Lagarfljótsós getur ekki haft sína þýðingu, nema hann hafi Múlahöfn sem uppskipunarstað, vona jeg að tillaga nefndarinnar fái góðar undirtektir.

Landshöfðingi: Jeg get ekki sannfærzt af ræðu h. framsögum. (J. Ól.) um, að það sje til nokkurs hlutar að löggilda Múlahöfn sem verzlunarstað. Það er ekki hugsanlegt, að verzlunarstaður geti komið upp á þeim stað, sem ekki er mögulegt að komast að á landi, og illmögulegt á sjó. Því síður skil jeg, að þar getið verið fiskiver, því það er ekkert pláss fyrir uppsátur í þeim krika, sem höfnin er í. Jeg hef sjeð þar inn, og talað við áreiðanlega menn, sem hafa komið þar, og þeir hafa sagt, að þar væri ekkert pláss nema fjaran sjálf kring um pollinn. H. framsögumaður (J. Ól.) sagði, að það væri heppilegt, að þar yrðu lagðar upp vörur, þegar skip komast ekki inn á Lagarfljótsós; en þar sem Múlahöfn liggur fyrir opnu hafi, að því er mjer sýndist eins langt frá Lagarfljótsósi eins og hjeðan upp á Akranes, trúi jeg því naumast, að nokkur kaupmaður láti vörur sínar liggja á Múlahöfn.

— Eins og jeg hef tekið fram álít jeg, að það eigi alls eigi við að löggilda verzlunarstað þar, sem engin von er til, að verzlun geti nokkurn tíma komizt upp.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg hef að vísu ekki komið á Múlahöfn, en jeg hef haft tal af mörgum áreiðanlegum mönnum, sem þangað hafa komið. Hafi hæstv. landshöfðingi haft tal af einhverjum manni um höfnina, þá hefur sá maður verið mjög *óáreiðanlegur*. Hafi hann sagt hæstv. landsh. það sem landsh. hefur borið fram í h. Nd., að menn þurfi að síga niður að höfninni, eins og sigið er í berg, þá hefur hann sagt hæstv. landsh. hrein ósannindi. Hafi hann sagt honum, að þar sje eigi útræði, þá hefur hann sagt rangt frá. Með allri virðingu fyrir hinum óþekkta sögubera hæstv. landsh. verð jeg að trúa betur velþekktum, áreiðanlegum mönnum, sem jeg get nafngreint, og sem hafa sagt mjer hið gagnstæða. Lagarfljótsós er löggiltur sem höfn, og þarf eigi meira um hann að tala; en hann getur ekki orðið að fullum notum, nema þessi höfn sje líka löggilt. Jeg er eigi meðmælismaður *óþarfra* löggildinga, en jeg veit, að enginn af stöðum þeim, sem nú er verið að tala um að löggilda, getur bætt úr bráðari þörf í svipinn, en löggilding Múlahafnar. Jeg segi eigi, að aðrir staðir muni eigi síðar fá meiri þýðingu, af því að aðsóknin verði meiri að þeim; en í bráðina hefur það mikla þýðingu fyrir Fljótsdalshjerað, að fá þessu framgengt.

Landshöfðingi: H. framsögumaður (Jón Ól.) sýndi bók hjer í deildinni áðan með uppdrætti af Múlahöfn*. Hann hefði átt að láta svo lítið að lesa það, sem stendur um Múlahöfn í þessari bók; þar stendur: „Mulehavn er ikke beboet, *da den er saagodtsom aldeles utilgængelig fra Landsiden formedelst Fjeldenes bratte Sider*, der ere meget mörke og af forbrændt Udseende“, etc. — Önnur sönnun fyrir því, sem jeg hef sagt um hægðina á að komast þangað, er sú, að 2. þm. N.-Múlasýslu ætlaði, eptir því sem hann sjálfur hefur sagt, að fara þangað, en fór ekki nema í miðjar hlíðar. Jeg skal ekki segja upp á víst, að honum hafi verið ómögulegt að komast lengra, en aptur sneri hann. Það hefur hann sjálfur játað. Hann getur því ekki hafa upplýst hinn h. framsögumann. Eptir upplýsingum þeim, sem bók þessi, er jeg hef í höndum, gefur, og eptir sögusögn trúverðugra manna, verð jeg að álíta, að það sje í öllu falli ekki fyrir aðra en mjög brattgenga menu, að komast að Múlahöfn, og held jeg því fast við, að tilgangslaust sje að löggilda hana.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg vil að eins koma með þá upplýsingu, að 2. þm. Norður-Múlasýslu sneri aptur af því, að honum entist eigi dagur, en ekki af því, að hann hefði eigi getað komizt leiðar sinnar. Jeg verð að treysta betur öllum þeim fjölda manna, sem komið hafa á Múlahöfn landveg án nokkurs bjargsigs, heldur en þeim, sem aldrei hafa komið þar. Það virðist ætla að rætast hjer: „Þeir segja mest af Ólafi konungi, sem hvorki hafa heyrt hann nje sjeð“. Hvað hafnalýsingarnar dönsku snertir, þá mun áreiðanlegleiki þeirra meiri um *hafnirnar* sjálfar, heldur en um *hjeruðin á landi*.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 6 atkv. gegn 1.

Frumv. til laga um löggilding Vogavíkur (C. 192, 403); frh. 1. umr.

Jakob Guðmundsson: Það hefur opt verið um það talað áður hjer á þingi, og eins nú fært sem ástæða í h. Nd. móti löggilding þessa staðar, að hann liggi milli tveggja löggiltra kauptúna, og að

*) Beskrivelse af den isl. Kyst og de derværende Havne etc.

stutt sje til beggja. En þar sem jeg er kunnugur þarna syðra, skal jeg taka það fram, að í öðru þessu kauptúni, sem sje Keflavík, er höfn mjög vond, og hefur það opt valdið slysum. Það er satt, að þangað er stuttur vegur frá Vogavík, en aptur er all-langur vegur til Hafnarfjarðar. Höfnin í Vogavík er af kunnugum sögð góð og tryggileg úr flestum áttum sem vindur blæs. Jeg hygg því, að það, sem haft hefur verið á móti þessu frumv., sjeu ekki fullnægjandi ástæður til þess að fella það.

E. Th. Jónassen: Það er alkunnugt, að höfnin á Vogavík er ekki góð, því að mjög hættulegt sker er á miðri höfninni, og þar sem þessi staður er svo nærri tveimur öðrum kauptúnum, virðist engin þörf vera á, að löggilda þennan þriðja stað. Enn fremur er það kunnugt, að kaupmenn hafa salthús í Vogunum og þar í kring, svo að þeir, sem þar búa, eru ekki í neinum vandræðum að því leyti. Það er ekki rjett að fjölga að nauðsynjalausu kauptúnum, einkum þegar tollskyldri vöru er fjölgað; þeim mun óhægra verður eptirlitið. Jeg verð því nú sem áður á móti þessari löggildingu.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Eins og kunnugt er, er örstutt frá Vogavík til Keflavíkur, og einnig inn í Hafnarfjörð, að heita má. Það getur því ekki verið önnur ástæða til að löggilda Vogavík, heldur en sú, að koma þar upp brennivínsverzlun. Öll önnur not geta þeir haft af höfninni og staðnum nú, þeir sem búa þar í kring.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 8 : 3 atkv.

Frumv. til laga um löggilding Hólmavíkur (C. 192, 403); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Eins og álit nefndarinnar ber með sjer, fer frumv. þetta ekki fram á neina *fjölgun* á kauptúnum, heldur einungis að stækka það svæði, sem áður hefur löggilt verið. Það virðist því ekkert vera á móti því, að gefa þetta leyfi. Eptirlitshægðin er sú sama með tolla sem á Skeljavík, en skipalægið er betra á Hólmavík og betur tryggt fyrir vindi.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Frumv. til laga um löggilding Svalbarðseyrar (C. 192, 403); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Nefndin hefur í áliti sínu tekið fram ástæðurnar fyrir þeirri tillögu sinni, að ráða frá að samþykkja frumv. þetta. En af því að jeg er ókunnugur þar, er jeg ekki eins viss um tillögur nefndarinnar í þessu máli sem hinum öðrum. Jeg ætla að h. 1. kgk. þm. (J. Havst.) sje betur fallinn til að tala máli nefndarinnar en jeg, þar sem hann er þar kunnugri en jeg.

Júlíus Havsteen: Eins og í áliti nefndarinnar stendur, er Svalbarðseyri allskammt fyrir utan Akureyri; heldur eigi er mjög langt milli Svalbarðseyrar og og Hjalteyrar hinu megin við Eyjafjörðinn, en þar er sveitaverzlun. Jeg hygg því, að engin þörf sje á fleiri verzlunarstöðum á því svæði. Jeg hef kynnt mjer ástæður þær, er færðar hafa verið við umræðurnar í Nd. fyrir þessari löggilding, og hefur þar verið höfð sú ástæða, að gufuskip eitt hafi þurft að fara frá Svalbarðseyri inn á Akureyri til að gjöra að vjel sinni; en mjer virðist það engin ástæða vera fyrir nauðsyn löggildingarinnar. Skipið hefði eins getað gjört að vjel sinni á Svalbarðseyri, þótt hún ekki væri löggilt, eins og á Akureyri, þótt skipverjar hefðu haft mök við land, ef önnur skilyrði fyrir slíku hefðu verið fyrir hendi, Lausakaupmenn geta og notað höfnina, þótt hún ekki sje löggilt.

Aðsókn til Svalbarðseyrar gæti aldrei

orðið nema frá ytri hlutanum af Svalbarðsströndinni, sem er lítil sveit, og svo af nokkrum hluta af Fnjóskadalnum. Jeg get því ekki sjeð neina þörf á þessari löggildingu.

Jakob Guðmundsson: Jeg get ekki verið samdóma nefndinni um það, að ekki mundi sækja aðrir að Svalbarðseyri, ef hún yrði löggilt kauptún, en Svalbarðsströndin utan til og lítill hluti Fnjóskadalsins; jeg hygg, að meiri hluti Þingeyjarsýslu mundi einmitt sækja þangað. Að sönnu er það ekki vegalengdin til Akureyrar, sem mundi valda því, heldur hitt, að torfæra ein er á milli, sem sje Eyjafjarðará, sem opt, einkum á vorin og haustin, er ill yfirferðar. Það mundi því auka mjög hægð fyrir menn, sem koma með fje að norðan, og vilja leggja það inn á fæti, að þurfa ekki að fara með það yfir Eyjafjarðará, heldur geta sloppið við þá torfæru. Þetta er það, sem kemur mjer til að vera með þessu frumv., af því jeg og hygg, að margir mundu verða til að sækja að Svalbarðseyri.

Heyrt hef jeg einnig, þótt jeg viti ekki sönnur á því, að það muni helzt vera fyrir bænastað kaupmanna á Akureyri, sem þetta löggildingarmál hefur átt og á enn svo örðugt uppdráttar.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg held jeg sje eins kunnugur þessum stað eins og h. þm. Dal. (Jak. G.), og jeg er sannfærður um, að fáir mundu verzla þar; þeir sem búa þar í grennd eru flestir við sjó, og það er mjög hægt fyrir þá að sækja sjóveg á Akureyri, en norðan yfir heiði mundu fáir koma til vörukaupa. Þar sem h. þm. (Jak. G.) gerði mikið úr Eyjafjarðará, þá verð jeg að segja, að það er eigi mikil torfæra, því með fjöru er hún örgrunn, og eins er hægðarleikur að fara yfir Pollinn.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 7 : 3 atkv.

Frumv. til laga um löggilding Þórshafnar (C. 249, 403); frh. 1. umr.

Sigfvatur Árnason: Jeg held hjer sje öðru máli að gegna en um Vogavík, þó þessi höfn einnig liggi í Gullbringusýslu. Jeg vildi vekja athygli h. deildar á því, að eptir ástæðum nefndarinnar að dæma, þá hefur hún verið næsta ókunnug þessari höfn. Jeg veit eigi betur, en að innsigling sje þar bærileg og skipalega alls eigi hættuleg; hún er reyndar nokkuð grunn, en botninn er tómur ægisandur, og sjálf höfnin umgirt á alla vegu, þegar inn er komið, svo ekkert er úr því að óttast. Innsigling er að vísu allþröng, en nógu djúp fyrir seglskip að minnsta kosti. Jeg álít því þessi orð nefndarinnar öfgar að miklu leyti, og veit jeg að mönnum þar í grennd veitir erfitt að sækja allt, einkum þungavöru, til Keflavíkur. Jeg vildi leiðrjetta þetta, án þess mjer sje neitt áhugamál um þessa löggildingu.

E. Th. Jónassen: Jeg er hræddur um, að h. þm. Rangv. (S. Á.) sje eigi kunnugur Þórshöfu. Jeg þekki þar vel til; landið umhverfis er eigi annað en hraun og sandur, og leiðin milli Þórshafnar og Hafna er svo ill yfirferðar, að jeg hef aldrei farið verri veg; en hin leiðin, milli Þórshafnar og Miðness, er eigi annað en brunasandur, sem rýkur svo upp, þegar yfir hann er farið, að maður verður allur svartur og rjett að kalla blindur. Við höfnina er eigi pláss til að byggja á, nema dálítill grasivaxinn blettur, álíka stór og salurinn hjerna, og bithaga fyrir hesta er þar engan að fá neinstaðar í grenndinni. Höfnin sjálf er dágóð, en innsigling er þar þröng og eigi hættulaus; en höfnin er svo lítil, að þar geta eigi legið nema 2—3 skip í senn. Sveitir þær, er liggja þar að, Hafnahreppur og Miðnesið, eru mjög litlar og eiga alls eigi erfitt með að nálgast þungavöru, því

kaupmenn senda til þeirra salt o. fl., og sækja aptur fisk þeirra. Afleiðingin af löggildingunni yrði, að þar yrði komið á fót brennivíns- og tóbaksverzlun, sem getur eigi haft neina blessun í för með sjer fyrir þessa útkjálka, og eins yrði tolleptirlitið á jafn afskekktum stað næsta örðugt, svo jeg sje enga ástæðu til, að þessi löggilding sje samþykkt.

Árni Thorsteinsson: H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) tók af mjer ómakið, svo jeg þarf eigi að halda langa ræðu. H. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að skipin í Þórshöfn lægu á þurru, og held jeg, að það sje álíka satt, eins og þegar hann sagði, að enginn yrði var við toll á fiski og lýsi. Sem sagt, jeg held engin ástæða sje til að löggilda Þórshöfn; þar yrði lítil aðsókn og höfnin er svo lítil, að á henni geta eigi legið nema 2—3 skip, og það næsta lítil, í senn; það er á mörgum fleiri stöðum þar suður frá, sem má leggja skipum við land; það lægi þá alveg eins nærri að fara að löggilda Sandgerði eins og Þórshöfn.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Það stendur hjer í hafnarlýsingunum, að höfn sje þar lítil og þröng og eigi meir en 18 fet á dýpt, þar sem dýpst er, en strax til hliðar eigi meir en 12 fet, innsigling ill, og eigi fært að liggja þar nema með 3 akkerum. Jeg er samdóma h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), að þessi löggilding yrði að eins til þess að hleypa upp einhverri brennivínsholu.

Sighvatur Árnason: Jeg vil eigi fara að rifja upp gamla sálma eins og h. varaforseti (Á. Th.). En viðvíkjandi löggildingunum, þá er jeg eigi með þeim öllum, en vil gera mun á, hvernig til hagar, og jeg held það sjeu fáar hafnir hjer við land, sem eru með öllu vankantalausar, þó löggiltar sjeu, og það veit jeg fyrir víst, að það hafa legið skip á Þórshöfn ár eptir ár án þess að þeim hafi hlekkzt á. En hvað það atriði snertir, að þeir geti þar í grenndinni fengið nóg salt, þá er mjer spurn. með hvaða verði þeir fá það. Þeir geta auðvitað fengið það mót helmingi hærri borgun, en jeg held þeir sjeu nú fáir af bændum, sem hafa þá peningahrúgu, að þeir geti á þann hátt ausið þeim úr vösum sínum fyrir dýra vöru. Og þó einhverjir vankantar kunni að vera á höfn þessari, held jeg að jeg geti alveg eins fengið meðvitni með mjer um kosti hennar, eins og mótmælendur með sjer um ókostina.

Árni Thorsteinsson: Mjer þætti vænt um, ef h. þm. Rangv. (S. A.) gæti gefið mjer skýrslu um, hvað mikil byggð sje í kringum voginn eða í grennd við þessa höfn. Jeg segi, að það sje bæði fámennt og afskekkt. En þar sem hann sagði, að salt væri selt þar helmingi dýrara en annarsstaðar, þá leyfi jeg mjer að lýsa það ósannindi; það er vanalega með sama verði og í næsta kauptúni eða almennt í veiðistöðunum þar í grennd.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 7 : 3 atkv.

Frumv. til laga um löggilding Stapa (C. 226); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Að nefndin hefur ráðið til að löggilda þennan stað, sýnir, hve sanngjarnlega hún hefur viljað fara í löggildingamálin; því á Stapa mun höfn ekki vera góð og löggiltur verzlunarstaður í náud; en af því verzlun er lögð niður á Búðum, þá vildi nefndin ekki vera á móti þessari löggildingu, ef þar kynni að komast á verzlun til ljettis fyrir sveitirnar í kring.

Árni Thorsteinsson: Mjer er kunnugt um þennan stað, og er jeg ekki meðmæltur því, að hann sje löggiltur; það skyldi helzt vera af því, að verzlun er lögð niður á Búðum. Höfnin veit jeg er dágóð á sumrum, en ekki á öðrum tímum

ársins. Svo er og það. að jeg hef opt heyrt. að menn væru þar mjög útarmaðir af verzlunaránauð; en þess vegna held jeg, að það muni ekki bæta úr, að fleiri verzlanir sömu tegundar komist þar upp; eins og kunnugt er, geta lausakaupmenn siglt þar inn og verzlað, þó ekki sje löggilt; það held jeg sje notalegra fyrir sveitirnar í kring, en að fá löggiltan kaupstað. Enn fremur er það aðgætandi, að þó Stapi verði löggiltur, þá getur þangað ekki sótt nema ein sveit, Breiðavíkursveitin; en að Búðum getur bæði sótt þessi sveit og fleiri sveitir, svo sem Staðarsveitin. Þess vegna er jeg á móti því, að Stapi sje löggiltur. Jeg get líka ímyndað mjer, að þó svo yrði, mundu menn ekki setjast þar að.

E. Th. Jónassen: Vegna þess að mjer er kunnugt um, að sveitirnar í grennd við Stapa eru fátækar, og verzlun er lögð niður á Búðum, þá hygg jeg þörf vera á, að fá þennan stað löggiltan. Jeg get líka ímyndað mjer, að sá, sem á lóðina á Búðum, mundi ekki vilja lofa öðrum kaupmanni að setja sig þar niður, og þó eigandi Búða byrjaði þar aptur verzlun, þá væri betra vegna *konkurrencen*, að annar verzlunarstaður væri í grendinni; þá gæti Staðarsveitin líka sótt þangað. Eptir því sem sjómenn segja, hleypa menn opt inn á höfnina á Stapa, svo eptir því að dæma mun höfnin vera vel brúkanleg, þó hún sje ekki upp á það bezta. Þess vegna álít jeg rjett, að þessi staður verði löggiltur; jeg ímynda mjer, að það mundi að minnsta kosti verða til gagns, en ekki ógagns.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg held að nefndin hafi fundið gilda ástæðu til að löggild þennan stað, en reyndar mun hún ekki gera það að kappsmáli; aptur er eitt, sem mælir á móti löggildingunni, en sem enginn mun hafa minnzt á: að tolleptirlit mun vera þar mjög erfitt; því eptir því sem mjer er kunnugt, þá er mjög vafasamt, hvort þar er til maður læs og skrifandi; hef jeg þó sjeð bezta mannvalið þar úr sveitum; mun þar vandfundinn maður svo vel að sjer, að hann geti skrifað nafnið sitt skammlítið. En samt held jeg, að rjettast sje að löggilda Stapa, því þó lögin um útmælingu lóða til verzlunar nái gildi, er eigi víst, að þau geti komið að gagni á Búðum, því þar mun vera lítið um lóðir. Jeg get eigi verið samdóma h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) um það, að einokunarvaldið sje einasta ástæðan til örbirgðarinnar í hjeruðum þar; jeg held það sje eigi eina nje helzta ástæðan, heldur allt annað; en jeg ímynda mjer, að ef ný og betri kynslóð á að koma þar upp, þá sje nauðsynlegt að hafa hægan aðgang að kaupstöðum.

Árni Thorsteinsson: Út af orðum h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.). sem sagði, að á Búðum væri lítið um land til útmælingar, þá vil jeg geta þess, að þar má einmitt fá nóga lóð útmælda, og þar er miklu heppilegra að reka verzlun en á Stapa.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg get ekki verið á sama máli og h. 4. kgk. þm. (Á. Th.). Samkvæmt lögum, sem enn eru ekki sloppin gegnum þingið, er eigi nóg að lóð sje til á Búðum; hún verður að fást til útmælingar; en nú geta eigendurnir varnað mönnum þess, með því að þykjast brúka lóðina sjálfir til túnræktar eða einhverra annara afnota. Þess vegna held jeg að þetta frumv. muni koma að gagni.

E. Th. Jónassen: Jeg ætla að eins að gera stutta athugasemd. Kaupmenn á Búðum hafa þar hákalla-útveg, og þarf til þess mikla lóð, bæði fyrir lifrarílát og til bræðslu lýsisins, svo þeir geta allt af komið því svo fyrir, að ekki sje neitt pláss til að byggja á. ef aðrir kaupmenn hugsuðu til að setjast þar að.

Jakob Guðmundsson: Jeg held það mæli mest með löggildingu Stapa, að þá mundi mega fá land á Búðum til verzl-

unar, ef þar skyldi vera hentugra að reka verzlun; annars kynnu lóðareigendur ekki að vilja láta lóð af hendi á Búðum nema með óaðgengilegum kostum, þegar þeir sæju, að ekki væri í annað hús að venda.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 9 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um löggilding Búðareyrar m. m. (C. 321, 403); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Viðvíkjandi löggilding þessa kauptúns skal jeg geta þess, að alls ekki er hjer farið fram á, að fjölga löggiltum verzlunarstöðum, heldur er farið fram á, að fá kauptún við Reyðarfjörð á hentugri stað, en það nú er, því Hrúteyri getur ekki komið að neinum notum. Þegar Hrúteyri var löggilt hjer um árið, hefur það verið af ókunnugleika; því þar hagar svo til, að Hrútá flæðir á vorin yfir eyrina, sem kaupstaðarhús ættu að standa á, svo þar er næstum ómögulegt að reisa hús, enda mun þar engin *verzlun* vera núna. Frv. fer því að eins fram á, að skipta um kauptúnsstæði. Enn fremur mælir það með löggilding þessa staðar, að þegar farið er til Hrúteyrar, er vatnsfall á leiðinni, sem valdið getur farartálma; en aptur á móti liggur Búðareyri ágætlega við upp á aðsókn frá upphjeruðum. Þá mælir það enn með að fá löggiltan verzlunarstað nærri Reyðarfjarðarbotni, að þetta er sá eini staður, sem liggur svo við, að auðið er að gera akveg þaðan yfir fjallveg upp til Fljótsdalshjeraðs; það er dalur, sem heitir Fagridalur, og er þar að eins ein brekka yfir að fara, sem ekki er brattari en Öskjuhlíðin; það er auðsætt, að hjer mætti leggja bezta vagnveg. Jeg skal reyndar játa það, að snjóþungt er á Fagradal að vetrarlagi, en sumarvegur getur orðið þar einn hinn bezti á Íslandi, hvenær sem menn fá hyggni og manndáð til að leggja akveg þar; þegar líka er að því gætt, að þetta getur orðið, og verður án efa með tímanum, *aðalaðsóknarvegurinn* frá Fljótsdalshjeraði til sjávar, þá hljóta menn að sjá, hve fjarska-mikla þýðingu hann hefur, því Lagarfljót er skipgengt frá Egilsstöðum, sem vegurinn ætti að liggja að, upp í botn og niður að fossi; þannig mundi Búðareyri verða sótt af mestum hluta Fljótsdalshjeraðs; og grunur minn er, að þar rísi upp með tímanum aðalkauptún Austurlands. En þó vjer ekki lítum svona langt fram í tímann, að akvegur verði lagður, heldur lítum á ástandið, eins og það er nú, þá er óhætt að fullyrða, að fjórar, fimm eða sex sveitir, efnaðar og vöruríkar, geta langhægast sótt til þessa kaupstaðar. Hvað viðvíkur löggildingunni á Hrúteyri, sem frumv. fer fram á, að sje af numin, þá skal jeg geta þess, að þar er ekki lengur verzlun. Hins vegar hefi jeg í höndum brjef frá báðum næstu kaupmönnunum um það, að þeir mundu tafarlaust byggja á Búðareyri, ef hún yrði löggild. Þess vegna get jeg ekki annað sagt, með því jeg líka er þar nákunnugur, en að Búðareyri, verði hún löggild, hafi mesta framtíð fyrir höndum af öllum kauptúnum á Austurlandi.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um tollgreiðslu (C. 216, 403); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg þarf eigi að fjölyrða um frumv. þetta, því að ástæður nefndarinnar eru skýrt teknar fram í nefndarálitinu. Ástæðurnar eru heldur ekki nýjar, því að sams konar frumv. hefur aptur og aptur legið fyrir þinginu, fyrst og fremst, að jeg man, 1881, er jeg flutti frumv. í sömu átt í Nd., og víst einu sinni síðar.

Eins og tekið hefur verið fram í Nd. um frumv. þetta, er að vísu tvísýnt, hvort það getur komið að notum á öllum kauptúnum; en víða getur það ljett fyrir

kaupmönnum með tollgreiðslu þá, sem þeir eru skyldir að gjalda fyrir fram.

Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða um frumv., því ástæðurnar fyrir því liggja svo í augum uppi.

Jakob Guðmundsson: Jeg hefi áður á þingi greitt atkvæði með frumv., sem hafa gengið í sömu stefnu sem þetta, og jeg vona, að þetta frumv. fái betri byr en sams konar frumv. hafa fengið hingað til á þingi. Það er auðsætt, að með lögum sem þessum er mjög ljett undir með kaupmönnum, með því að þeir geta, að hættulausu fyrir þá, sem tollinum eiga að veita móttöku, fengið frest með greiðsluna, og er jeg því í alla staði frumv. meðmæltur.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Þrítugasti og þriðji fundur, miðvikudag 9. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1886 - 1887 (C. 330); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. í heild sinni samþ. í einu hlj., og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um búsetu fastra kaupmanna á Íslandi (C. 275); 1. umr.

ATKVŒÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 7 samhlj. atkv.

Kosning gæzlustjóra landsbankans:

Forseti, *Benedikt Kristjánsson*, var kosinn til gæzlustjóra með 9 atkv. Jón Ólafsson hlaut 1 atkv.

Kosning yfirskoðunarmanns landsreikninganna:

Landsyfirrjettardómari *Kristján Jónsson* var kosinn til yfirskoðunarmanns með 6 atkv. Jakob Guðmundsson hlaut 5 atkv.

Þrítugasti og fjórði fundur, fimmtudag 10. ágúst kl. 1. e. h. Allir á fundi.

Með því að hinn lögákveðni þingtími var liðinn, en mörg mál óafgreidd, þar á meðal fjárlagamálið ókomið til Ed., lengdi landshöfðingi eptir ósk forseta og samkvæmt brjefi konungs 24. maí þ. á. þingtímann um 14 daga, til 25. þ. m.

Frv. til laga um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi (C. 405, 429); 2. umr.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Við 1. umr. þessa máls gat jeg þess, að nauðsynlegt væri, að setja í frumv. þetta ákvæði um, hvernig fara skyldi að, ef atkvæði yrði jöfn í amtsráði, því að eptir þessu nýja fyrirkomulagi getur það komið fyrir, þar sem 4 menn verða í amtsráði austuramtsins og 8 í amtsráði suðuramtsins. En jeg sá þegar á eptir, að slík ákvörðun væri óþörf, því í sveitarstjórnartilsk. 4. maí 1872 er þegar ákveðið, hvernig fara skuli að í slíkum tilfellum, þar sem 50. gr. sbr. 34. gr. þeirra laga ákveður, að þegar jöfn sjeu atkvæði, skuli atkvæði oddvita ráða. En það er von mín, að þetta gáningsleysi verði mjer fyrirgefið, þegar þess er gætt, að eptir sveitarstjórnartilsk. eiga þrír menn að sitja í amtsráðinu, og er eigi lögmætur fundur nema amtsráðið sje fullskipað. Það getur því aldrei komið fyrir eptir þeim lögum, að atkvæði verði jöfn, og hef jeg því ekki tekið eptir þessu fyr en nú. En þar sem þessi ákvörðun er í lögum, sleppi jeg að koma fram með breyt.till. þá, sem jeg gerði við frumv.

Viðvíkjandi 1. gr. frumv. skal jeg geta þess, að nefndinni þótti ótiltækilegt,

að draga Austur-Skaptafellssýslu inn í austuramtið, í fyrsta lagi af því, að hún gat ekki sjeð, að það hefði neina verulega þýðingu að breyta um hjer; í öðru lagi af því, að sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu mundi þá standa undir tveimur amtmönnum; auk þess mundi sýslumaður þessi verða í mikilli fjarlægð frá forseta amtsráðsins, og mundu þar af fljóta ýmsir örðugleikar.

2. gr. hefur inni að halda ákvæði um kosningar til amtsráða, sem standa í sambandi við það, að hver sýslunefnd skuli kjósa einn mann í amtsráð. Skilyrðin fyrir kjörgengi er ætlazt til að verði hin sömu og nú eru, sem sje, að kjörgengi sje bundið sömu skilyrðum og kjörgengi til alþingis, að því viðbættu, að hlutaðeigandi hafi fast aðsetur í amtinu. Svo er fram komin frá nefndinni sú tillaga, að aptan við 2. gr. bætist ný grein um það, að til þess að fullnaðarályktun verði gjörð á amtsráðsfundi, útheimtist, að $^2/_3$ amtsráðsmanna eða fulltrúa, auk forseta, sjeu á fundi. Þessi ákvörðun kemur í stað þeirrar ákvörðunar, sem áður var, að amtsráðið skyldi vera fullskipað til þess lögleg ályktun yrði gjörð. Sú ákvörðun gat staðizt, meðan ekki sátn nema 3 menn í ráðinu; en þegar amtsráðsmönnum fjölgar þannig, er vel hugsanlegt, að forföll komi fyrir; sjerstaklega er hætt við því um fulltrúann úr Vestmannaeyjasýslu, og væri ófært, að fundur væri ónýtur, ef einn mann vantaði. Þess vegna þótti nauðsynlegt að ákveða eitthvað annað um þetta, og virtist nefndinni hæfilegt að setja $^2/_3$. Við þetta breytist greinatalan það sem eptir er frumv.

Í 3. gr., sem nú verður 4. gr., hefur nefndin stungið upp á, að fæðispeningar amtsráðsmanna skuli vera 3 kr. á dag, í stað 2 kr., er áður voru. Mjer virðist liggja í augum uppi, að þetta er rjett og sanngjarnt, því að amtsráðsmennirnir geta ekki komizt af með 2 kr. á dag, sjerstak lega þegar fundir eru haldnir í kaupstöðum, eins og nú optast á sjer stað.

Í 4. gr. — sem verður 5. gr. — er landshöfðingja falið, að skipta eignum milli norður- og austuramtsins. Jeg hefi áður, þegar frumv. um nýtt amtsráð í austuramtinu var rætt, talið upp, hverjar þessar eignir væru, svo jeg skal ekki endnrtaka það nú.

Er það von mín, að frumv. þetta fái nú sömu góðu undirtektir hjá h. deild eins og það fjekk síðast.

Skúli Þorvarðarson: Því hefur verið hreyft, að eigi væri vissa fyrir, að sýslurnar óskuðu eptir breytingu í þá átt, að hver einstök þeirra fengi fulltrúa í amtsráðinu. Jeg vil geta þess, að þetta hefur mjer vitanlega ekki komið til orða í minu kjördæmi, og jeg veit því ekki, hvort það er almenn ósk; en mjer fyrir mitt leyti virðist þetta fyrirkomulag fullkomnara, og líkindi til, að málinu sje betur borgið, ef hver sýsla hefur sinn mann í amtsráði. Það er auðvitað, að þessi breyting hefur dálítinn kostnað í för með sjer, sjerstaklega af því, að fæðispeningar amtsráðsmanna eru ákveðnir dálítið hærri en lög ákveða nú. Jeg hefði að vísu hugsað, að eigi væri ástæða til að færa þessa upphæð upp fremur hjer eptir en hingað til, og það kemur illa saman við það, að fjölgað er amtsráðsmönnum, en af því mjer er annt um málið sjálft, að það nái fram að ganga, mun jeg þó eigi koma með breyt.till. um niðurfærslu fæðispeninganna, enda mundi það ekki þýða neitt, og ekki heldur greiða atkvæði móti frumv. af þessari ástæðu.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Mjer er persónulega sama, hvort fæðispeningar eru ákveðnir 2 eða 3 krónur. En eitt af tvennu virðist rjett að gjöra, annaðhvort að borga amtsráðsmönnum það sem þeir þurfa í fæðispeninga, eða þá ekki

neitt. Annars er þetta atriði ekki mikilsvert.

Jeg vil hnýta þeirri athugasemd til skýringar við það, sem jeg sagði áðan, að þar sem svo er fyrir mælt, að skilyrði fyrir kosningu í amtsráð eða kjörgengi til þess sje, að hafa fast aðsetur í amtinu, þá er *amt* það sama sem *amtsráðsumdæmi*. Kaupstaðirnir eru ekki í amtsráðsumdæmunum, og þar af leiðir, að sá, sem er í kaupstað, á ekki kjörgengi til amtsráðsins.

ATKVÆÐAGR.: 1.—2. gr. frumv. (C. 405) samþ. í e. hlj. hvor um sig; viðaukatill. við 2. gr. (C. 429) samþ. með 10 atkv.; 3. gr. samþ. með 9 : 1 atkv.; 4.—5. gr. samþ. með 10 atkv. hvor.

Fyrirsögnin samþ. með 10 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 10 samhljóða atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp (C. 192, 403); 2. umr.

Árni Thorsteinsson: Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til h. nefndar, hvort hún vill ekki bæta inn í þetta frumv. og næstu 3 frumv. á dagskránni ákvæðum um, að ef föst verzlun er ekki reist á þessum stöðum innan einhvers tiltekins árafjölda, skuli löggildingin falla aptur úr gildi. Eins og liggur í augum uppi, eykur löggilding kauptúna talsvert allt tolleptirlit fyrir sýslumönnum, einkum þar sem nú nýjar vörutegundir hafa verið tollaðar, og hæglega getur til þess komið, að auka verði allt tolleptirlitið. Jeg vil þess vegna styðja breyt.till., er færi í líka átt eins og jeg hefi getið um, ef h. nefnd vildi koma fram með hana.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg skal geta þess, að ekki liggur fyrir nein breyt.till. við frumv. þessi um, að löggildingin skuli nemast úr gildi eptir vissan árafjölda, ef ekki er á staðnum reist föst verzlun innan þess tíma, en nefndin hefur víst ekkert á móti því, að íhuga þess konar breytingu til 3. umr. Það getur auðvitað orðið spurning um, hvert tímatakmarkið á að vera, en í sjálfu sjer er jeg hlynntur ákvæðum um löggildingar, sem fara í þessa stefnu.

Jakob Guðmundsson: Jeg get ekki fullkomlega skilið, hver tilgangur getur verið með þeim ákvæðum við löggildingar, að þær skuli nemast aptur úr gildi, ef föst verzlun er ekki reist á staðnum innan tiltekins tíma. Jeg get heldur ekki sjeð, að neinn bagi geti hlotizt af því, þótt slík föst verzlun yrði ekki stofnuð þar fyrri en eptir lengri tíma.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Mjer finnst það auðskilið, að ef föst verzlun er ekki reist innan 4—5 ára á stað þeim, sem löggiltur hefur verið, að þá hafi ekki verið eins *brýn* nauðsyn til löggildingarinnar eins og gefið var upp, þá er beðið var um hana. Vjer höfum einnig dæmi fyrir oss, að löggilding hefur ekki haft mikinn árangur, svo sem er Jökulsárós á Sólheimasandi. Þótt látið væri svo sem það væri afar-nauðsynlegt, að löggilda þann stað, hefur reynslan sýnt síðan, að sá staður muni ekki henta fyrir fasta verzlun.

Hitt liggur og í augum uppi, að það eykur mjög allt tolleptirlit, að fjölga mjög löggildingum, því að þótt engin föst verzlun verði reist á staðnum, geta skip skotizt inn á þess konar staði, af því þeir eru löggiltir, einmitt til að svíkjast undan tollgreiðslunni, og notað þá þannig eins og skálkaskjól. Jeg hygg því, að ákvæði um, að löggilding skuli falla burt, ef ekki er reist föst verzlun innan viss tíma, sje á fullum rökum byggð; því að verði það skilyrði ekki uppfyllt, hefur það sýnt sig þar með, að nauðsyn löggildingarinnar hefur ekki reynzt mjög mikil; og reynslan er beztur dómari einnig um það, hvort löggilding einhvers staðar sje nauðsynleg.

Jakob Guðmundsson: Jeg get enn ekki skilið, að nauðsyn beri til að löggildingin falli aptur burt eptir vissan árafjölda, ef þar er ekki reist föst verzlun. Það er heldur ekki neitt ákveðið um, hvað útheimtist til þess, að kalla megi að föst verzlun sje reist; slíkt getur og bundizt ýmsum þeim atvikum og skilyrðum, sem mönnum eru ekki sjálfráð, svo sem tíðarfari, hvernig lætur í ári o. s. frv. Kringumstæðurnar geta auðveldlega breytzt þannig, að föst verzlun komi á staðnum, þótt hún einhverra ófyrirsjáanlegra orsaka vegna sje ekki komin þar innan hins tiltekna tíma.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg get ekki hjálpað skilningi h. þm. Dal. (J. G.); en mjer finnst það augljóst, að sje ekki föst verzlun komin á staðnum innan t. d. 5 ára, þá mun ekki vera hundrað í hættunni, þótt löggildingin falli burtu; ef kringumstæðurnar breytast og nauðsyn löggildingarinnar kemur síðar í ljós, þá verður á þeim tíma þingið og stjórnin að líkindum ekki liðin undir lok, svo að ekki verði einhver ráð til þess að fá höfnina löggilta á ný.

Júlíus Havsteen: Það getur þó verið nokkur spurning um það, hvað til þess útheimtist, að kalla megi að föst verzlun sje reist á staðnum innan hins tiltekna tíma. Er það t. a. m. nóg, að byrjað sje að leggja grundvöll til verzlunarhúss? Jeg hygg, að einnig beri að athuga það, hvort svona löguð ákvæði eru nógu glögg og skýr til þess að vera praktisk.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg hygg, að nefndin muni geta orðað þessi ákvæði svo skýrt, að engin vandræði verði að skera úr, hvort það skilyrði er uppfyllt eða ekki. Það má t. a. m. binda löggildinguna við það, að verzlunarhús sje reist á staðnum. Það getur opt verið spurning um, hvort þetta eða hitt geti talizt föst verzlun eptir þeim lögum sem vjer höfum nú, t. a. m. hvort lausakaupmaður reki fasta verzlun í landi eða ekki; samkvæmt lögum er honum það ekki heimilt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv.greinin og fyrirsögn frumv. samþ. hvor um sig í einu hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Múlahöfn (C. 192, 403); 2. umr.

Friðrik Stefánsson: Þessu máli víkur öðru vísi við en áður, þar sem bæði fastakaupmönnum og lausakaupmönnum er leyft að sigla inn á hverja vík kringum land allt og verzla þar. En áður máttu þeir ekki verzla nema á löggiltum kauptúnum; þá gat verið full þörf á löggildingum; en nú álít jeg úr því bætt. Og þó brúkanlegar hafnir sjeu löggiltar, þá er allt öðru máli að gegna með Múlahöfn. Eins og hæstv. landsh. tók skýrt fram við 1. umr. þessa máls, er það margt, sem mælir á móti þessari löggildingu. Fyrst það, að álitið er ómögulegt að komast þangað landveg, og eru víst engir verzlunarstaðir á landi hjer þannig. Í öðru lagi eru nokkur ár síðan Lagarfljótsós var löggiltur, og hefur þó enginn byggt þar enn; en á milli Lagarfljóts og Múlahafnar eru ekki 2 milur; og þó jeg greiði atkvæði með öllum öðrum löggildingum, sem hjer eru til umræðu, þá greiði jeg atkvæði móti Múlahöfn, því það virðist líka miður eiga vel við, að verið sje að löggilda þær hafnir, sem fyrirsjáanlegt er, að enginn byggir á verzlunarhús, úr því lausakaupmannalögin eru svo, að þeir geta verzlað þar sem annarstaðar, sje það ekki allsendis ómögulegt.

Arnljótur Ólafsson: Mjer finnst nú vera mesti munur á að löggilda Múlahöfn, ef það skilyrði er látið fylgja, sem drepið hefur verið á hjer í deildinni, að löggild-

ingin skuli ónýt eptir 5 ár, ef þá er ekki komin föst verzlun og búið að reisa verzlunarhús á þeim löggilta stað. Ef það nú reynist ómögulegt, að kom upp verzlun á Múlahöfn, þá hafa þeir h. þingdm. satt að mæla, sem eru á móti þessari löggildingu; en verði þar stofnuð föst verzlun á þessum 5 árum, þá hafa h. þm. rjett að mæla, sem eru með löggildingunni. Til þess nú að þrætum um slík mál, sem þetta, verði slitið, verðum vjer að segja annaðhvort já eða nei, þó vjer engan veginn höfum næga þekkingu á málinu. Mjer finnst jeg verða annaðhvort af þessu að gera, annaðhvort að segja já eða nei, eins og jeg gerði hjer við 1. umr.; en í raun og veru ætti jeg eiginlega hvorugt að gera, því jeg get ekki af sannfæringu sagt hjer já eða nei. En nú sem skilyrðið er sett, er ekki mikið í húfi, þótt vjer segjum já, því það er eigi annað en tilraun. Vjer segjum því: Þjer getið fengið löggildinguna til reynslu; en löggilding þessi verður ónýt, ef skilyrðin verða eigi uppfyllt innan 5 ára, það er að segja: verði ekki búið að stofna fasta verzlun og reisa verzlunarhús á þessum stað innan 5 ára.

Jakob Guðmundsson: Jeg fæ enn ekki skilið, að binda þurfi löggildinguna við það, að stofnuð sje föst verzlun á hinum löggilta stað. Jeg get vel ímyndað mjer, að sumstaðar hagi svo til, að nauðsynlegt sje að hafa fastar búðir part af árinu, en að verzlunarmagnið sje svo lítið, að ekki sje gjörlegt, að hafa þar verzlun allt árið. Er þá þetta föst verzlun? Jeg get ímyndað mjer, að einmitt svona muni haga til á Múlahöfn, þó jeg reyndar sje þar ekki kunnugur, að vel sje tilvinnandi að verzla þar bæði vor og sumar, en aptur verði því eigi við komið á vetrum; því jeg get ímyndað mjer, að þar sje þá glæfralegt í þessum fjallabratta.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Viðvíkjandi orðum h. þm. Dal. (Jak. G.) vil jeg benda mönnum á það, að einmitt þetta hefur komið fyrir á einum verzlunarstað hjer: á Borðeyri; þar var eitt sinn lokað verzlun á vetrum; sama er að segja um Papós; þar er föst verzlun, en komið hefur það fyrir, að henni hefur verið lokað á vetrum; en þetta kemur líka fyrir í Reykjavík; þar er lokað búðum opt hálfan mánuð í einu, t. d. þegar tekin er „beholdning"; þetta getur, sem sagt, alveg eins komið fyrir á föstum verzlunarstöðum; jeg get því ekki sjeð, að það geri nokkuð til, þó búðum sje lokað tíma og tíma. Jeg skal bæta því við viðvíkjandi Múlahöfn, af því margir h. þm. eru þar ókunnugir, að ef nefndin tæki upp þau ákvæði, sem nú hefur verið minnzt á, þá getur reynslan sýnt nauðsyn þessarar löggildingar, svo sje hún óþörf, þá verður hún ónýt; en ef skeð gæti, að reynslan sýndi það mótsetta, þá er ísjárvert að fyrirmuna mönnum löggildinguna. Jeg skal loks geta þess, að jeg veit með vissu, að kaupmaður einn, sem og er bezti sjómaður, hefur fengizt við að mæla upp Lagarfljótsós, og hann sagði, að ef hægt væri að fá vörur lagðar upp á Múlahöfn, mundi það vera vel tilvinnandi að byggja við Lagarfljótsós.

Landshöfðingi: Jeg skal taka það fram, að mjer er ekkert kappsmál með löggildingu Múlahafnar; en jeg var mest á móti henni af umhyggju fyrir lögreglustjóranum, sem á að hafa þar tolleptirlit; jeg vildi koma í veg fyrir, að alþingi eða stjórninni yrði kennt um, ef lögreglustjórinn hálsbryti sig eða meiddi við að klifra þar niður björgin, einkum ef frv. um tollgreiðslu yrði að lögum, svo að lögreglustjóri yrði að afhenda tollskyldar vörur þar á staðnum. Annað hefur mjer ekki sjerstaklega gengið til að vera á móti frumv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík (C. 192, 403); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv.greinin og fyriririsögnin samþ. í e. hlj. hvor um sig.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Stapa (C. 226, 403); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv.greinin og fyrirsögn frv. samþ. hvor um sig með 10 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 10 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri o. s. frv. (C. 321, 403, 444); 2. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Viðvíkjandi breyt.till. (C. 444), sem komið hefur fram við þetta frumv., skal jeg geta þess, að tilgangurinn er, að ákveða nánar hið löggilta svæði á Búðareyri að austan. Orsökin til þess er sú, að einn kaupmaður hefur reist hús fyrir utan eyrina, svo það er hætt við, að ef Búðareyri verður löggilt eptir frumv., þá verði þetta hús fyrir utan það löggilta svæði; væri það að gera eigandanum óþarfa kostnað, ef hann neyddist til að flytja húsið. En sje löggildingin miðuð við Stekkjargilslæk, þá verður húsið fyrir innan það löggilta svæði, því lækurinn rennur skammt fyrir ytan eyrina. Jeg vona, að h. þingdm. taki breyt.till. vel, því hún miðar að eins til þess, að verzlun komi fyr upp á Búðareyri.

Árni Thorsteinsson: Jeg vildi gera stutta athugasemd viðvíkjandi 2. gr. frv.; þar stendur: „löggilding Hrúteyrar við Reyðarfjörð skal úr lögum numin“; allt svo jafnframt og þetta frumv. nær lagagildi, má enginn kaupmaður búsetja sig á Hrúteyri; þessi ákvæði finnast mjer eigi heppileg; því komið gæti fyrir, að einhver búsetti sig á Hrúteyri áður löggildingin er úr gildi, og þá yrði honum hús hans ónýtt til verzlunar. Að vísu er ekki mjög hætt við, að þetta komi fyrir, en jeg vildi samt vekja máls á því, ef mönnum kynni að sýnast heppilegra, að orða 2. gr. öðruvísi. Jeg skal og geta þess, að jeg gef frumv. atkvæði mitt því að eins, að ef einhver hafi búsett sig á Hrúteyri áður en löggildingin þar er úr gildi, þá fái hann að hafa sömu afnot af húsum sínum til verzlunar og áður; jeg er reyndar hjer um bil óhræddur um, að þetta komi trauðlega fyrir, en álít þó nokkra áhættu að nota frumv. eins og gjört hefur verið.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Út af orðum h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) skal jeg geta þess, að slíkar breyt. er eigi hægt að gera fyr en við 3. umr. Enn fremur held jeg sje engin nauðsyn á þeim, fyrst Hrúteyri er búin að vera löggilt í 6 ár; því reynslan hefur sýnt, að þar er ekki heppilegt að búsetja sig, af ástæðum, sem jeg hef áður tekið fram og sjá má af bænarskránum; Hrútá flæðir nefnil. svo yfir eyrina á vorin, að þar er varla hægt að haldast við. Jeg get heldur ekki skilið, að nokkur mundi fara að byggja þar, á meðan löggildingin enn er í gildi, á þessum stutta tíma, þangað til í nóvember eða desember, og það því síður, sem nýja löggildingin strax mun verða kunnug eystra í næsta mánuði, undir eins og hún er komin frá þinginu; jeg held það væri undarlegt, ef nokkur færi að búsetja sig á Hrúteyri, eptir að hann veit, að löggildingin verður af numin; og þó kostnaðurinn, sem hann með því bakaði sjer, kæmi yfir hann sjálfan, þá held jeg það mætti kalla sjálfskaparvíti.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. (C. 444) samþ. í e. hlj.; 1. gr. með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj.; 2. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.; 3. gr. samþ. í einu hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um tollgreiðslu (C. 216, 403); 2. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Með því að málið fjekk svo góðan byr við 1. umr., þá sje jeg eigi ástæðu til að vera að lengja umræðurnar að óþörfu, en vona að það fái að ganga sinn gang.

Árni Thorsteinsson: Jeg vil leyfa mjer að gjöra dálitla athugasemd. Það kann að vera af skilningsleysi fyrir mjer að mjer finnst vera ósamkvæmni, ef jeg má svo að orði komast, milli 1. og 2. gr. frv., því í niðurlagi 2. gr. stendur: „Ef lögreglustjóri þarf að takast ferð á hendur til að afhenda hinar veðsettu vörur, skal kaupmaður greiða honum ferðakostnað eptir reikningi"; en í 1. gr. er eigi gjört ráð fyrir, að hann fái nokkurn ferðakostnað þegar hann tekur við vörunum, en að mínu áliti mælir allt eins mikil sanngirni með, að hann fái þann ferðakostnað endurgoldinn. Nefndin hefur líklega álitið, að kaupmaður mundi sjaldan nota þessa ívilnun, að fá frest á að gjalda helminginn af tollinum, enda verð jeg að játa, að hún er eigi mikil, og mætti gjarnan vera meiri, eða frestur á öllum tollinum; en hinu verð jeg að halda fast fram, að lögreglustjóri fái ferðakostnað borgaðan alveg eins þegar hann tekur á móti vörunum, eins og þegar hann afhendir þær; að öðrum kosti get jeg eigi gefið frumv. atkvæði mitt.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Það er auðvitað, að lögreglustjóri ætti einnig að fá ferðakostnað sinn endurgoldinn, ef hann þarf að takast ferð á hendur til þess að taka móti vörunum. Það mun hafa vakað fyrir þeim, sem sömdu frv., og sömuleiðis nefndinni, að hann gæti tekið á móti þeim um leið og hann veitti helmingi tollsins móttöku.

Júlíus Havsteen: Jeg held það sje eigi meining frumv., að lögreglustjóri sjálfur þurfi að taka við vörunum, enda stendur í frumv., að *kaupmaður geymi* vörurnar á þann hátt, sem lögreglustjóri álítur fulltryggjandi, og það gæti umboðsmaður lögreglustjóra sjeð um; og því er eigi gjört ráð fyrir, að lögreglustjóri þurfi að takast ferð á hendur fyr en hann afhendir vörurnar og gætir að, hvort þær sjeu ósnertar.

Árni Thorsteinsson: Sje það meiningin, að lögreglustjóri sjálfur skuli eigi taka vörurnar í löghald, þá gef jeg eigi mikið fyrir frv., því það er miklu meiri ástæða, enda nauðsyn til, sökum tollleptirlitsins, að hann sjálfur taki móti þeim, heldur en að hann afhendi þær.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg verð að vera á sama máli og h. varaforseti (Á. Th.). Jeg held það sje eigi minna áríðandi, að lögreglustjóri sjálfur *taki við* vörunum, en að hann sje viðstaddur þegur þær eru *afhentar*, og eins finnst mjer hitt eðlilegt, að hann geti gjört kröfu til ferðakostnaðar, hvort sem hann þarf að gjöra ferðina til að afhenda vörurnar eða taka við þeim. Þess vegna skal jeg vera með breyt.till. í þá átt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal láta ósagt um, hvort jeg skil frumv. þetta rjett eða eigi; en mjer finnst meiningin samkvæmt 1. gr. vera sú, að kaupmaður segir lögreglustjóra til um hinar tollskyldu vörur, þegar hann hefur skipað þeim upp. Hann á þá að þorga að minnsta kosti helminginn af tollinum strax, en getur fengið leyfi til að draga borgun hins helmingsins, ef lögreglustjóri trúir honum fyrir að geyma þær, sem hann tekur að veði fyrir tollunum, „á þann hátt, sem lögreglustjóri álítur fulltryggjandi", svo sem segir í frumv. Hve mikið af tollskyldum vörum kaupmaður hafi fengið, það á lögreglustjóri að afgjöra þegar hann tekur á móti fyrri helming tollsins, og samkvæmt 3. gr. á hinum helmingi tollsins að vera lokið innan þriggja mánaða. En þegar lögreglustjóri hefur fengið þennan síðari helming tollsins, og hefur játað, að hon-

um sje að öllu lokið, til hvers þarf hann þá að takast ferð á hendur? Hvers vegna þarf *hann* að afhenda vörurnar, sem honum hafa aldrei verið afhentar sjálfum? Jeg get eigi sjeð, að það sje hin minnsta ástæða til að banna kaupmanni að taka til fullra umráða sínar eigin vörur, sem hann sjálfur geymir, þegar hann hefur greitt allan þann toll, sem honum ber að gjalda.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg vil benda h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) á, að það er eigi sjálfsagt, að kaupmaður greiði allan helming tollsins eða allt það sem eptir stendur af honum í einu, heldur t. d. helming þess eptir hálfan mánuð, því í 3. gr. er að eins svo fyrir skipað, að tollinum skuli að fullu lokið innan þriggja mánaða.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil biðja h. þm. S.-Múl. (J. Ó.) að lesa 2. gr. betur; þar stendur, að vilji kaupmaður fá umráð yfir vörunum, þá geti hann krafizt þess, „en jafnframt er hann skyldur til að greiða að **fullu** *eptirstöðvar tollsins*“. Það getur engum kaupmanni dottið í hug, að geyma vörunar eptir að hann er búinn að borga tollinn af þeim.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. (C. 216) samþ. með 10 samhlj. atkv.; báðar breyt.-till. (C. 404) við 2. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv. hvor; 2. gr. frv. með áorðinni breyt. samþ. með 10 samhlj. atkv.; 3. gr. samþ. óbreytt með 10 samhlj. atkv.; breyt. við 4. gr., 4. gr. með áorðinni breyt., breyt. við 5. gr., 5. gr. með áorðinni breyt. samþ. hvað um sig með 10 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. og frumv. vísað til 3. umr. með 10 samhlj. atkv.

Þrítugasti og fimmti fundur, laugardag 10. ág., kl. 5 e. h. Allir á fundi, nema L. E. Sveinbjörnsson, er hafði leyfi forseta.

Frumv. til laga um hundaskatt o. fl. (C. 327, 363, 428); frh. 2. umr.

Framsögumaður (Sighvatur Árnason): Eins og sjá má af nefndarálitinu (C. 428) hefur nefndin tekið til greina í breytingum sínum nokkrar af þeim breytingum, sem eru á þingskj. 300 (C. 363), og að sumu leyti hafa þær breyt.till. samþýðzt breyt.till. nefndarinnar, svo að jeg sem uppástungumaður breyt. á þingskj. 300 tek þær breyt.till. aptur.

Viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar, skal jeg geta þess, að við 1. gr. er það að eins orðabreyt., sem nefndin stingur upp á. nema að því leyti, sem sett eru takmörk fyrir því, að skattskyldir geti ekki orðið ónýtir hundar, nefnilega hvolpar, og er það í samræmi við tilsk. frá 25. júní 1869. Við 3. gr. er að eins orðabreyting. Breytingin við 4. gr., og sem einkennd er með „a“, er fólgin í því, að binda ekki 10 kr. skattinn við vissa staði, nefnilega kaupstaði, með því að einnig getur átt sjer stað, að menn sem eru í sveitum hafi hunda sjer til gamans, er geti ekki talizt nauðsynlegir.

Breyt. við 3. gr., einkennd með „staflið „b“, er sprottin af því, að nefndin komst til þeirrar niðurstöðu, að það væri ruglingsminnst, að skatturinn rynni í sveitarsjóð. Nefndin áleit sem sje, að úr því skatturinn væri í sjálfu sjer ojafnaðargjald, lægi þá beinast við, ef hann rynni í sveitarsjóð, að taka hann til greina við niðurjöfnun aukaútsvars, þannig, að hægt væri að láta það taka sig út eða vinna sig upp í útsvörum, ef mönnum þætti, að sumir skattgreiðendur yrðu of hart eða of ljett úti tiltölulega við aðra gjaldendur, og jafna á þann hátt ójöfnuðinn. Nefndin hafði og það fyrir augum, að ljetta innheimtum á hreppsnefndum, því að þær hafa, eins og

menn vita, nógar innheimtur samt, og nóg að starfa borgunarlaust, og mun því koma sjer vel. Þessi skattur mun á flestum stöðum gjöra talsvert meira en borga sýslusjóðsgjaldið, og mun þá koma sjer vel, að eiga dálítinn afgang upp í sýsluvegagjaldið, þar sem það á einnig að greiðast í peningum og er miklu þyngra gjald en hitt, að því leyti, sem jeg þekki til.

Að svo stöddu skal jeg svo ekki fjölyrða um frumv. þetta, en jeg skal þó geta þess, að þar sem nefndin leggur til, að fella 5. gr., þá legg jeg fyrir mitt leyti litla áherzlu á það, hvort ofan á verður, að hún stendur eða fellur.

Árni Thorsteinsson: Eins og kunnugt er, hefur tilskipun frá 25. júní 1869 um hundahald átt því láni að fagna að standa óbreytt í 20 ár, en það er líka hið eina, sem hægt er að telja henni til gildis; henni hefur aldrei verið fullkomlega hlýtt, og sakir þess áhugaleysis hefur hún ekki borið þann ávöxt, sem hún annars mundi hafa getað. Vjer mættum því óska, að ef farið er nú að breyta þessari tilsk. eða setja ný lög um sama efni, þá verði svo vandlega um búið, að meira gagn og meiri framkvæmd fáist en reynzt hefur með nýnefnda tilsk., og að þessi nýju lög verði ekki þýðingarlaus bókstafur.

Þegar jeg ber nú frumv. þetta saman við tilskipunina frá 25. júní 1869, þá verð jeg að játa að sönnu, að nefndin hefur gjört ýmsar umbætur á henni á sumum stöðum, en þó virðist mjer, — og jeg hygg hverjum sem les, — að 1. gr. sje skýrari og betur orðuð í tilsk., heldur en í frv. Háttv. nefnd vill gjöra þá breyt. á frumv. — eins og það kom frá Nd. — að í stað orðanna í 1. gr.: „alla hunda, sem eru á heimili hans“, komi: „alla heimilishunda sína“ o. s. frv. Jeg hygg, að það sje ekki svo ljóst, hvað til þess útheimtis, að hundur geti kallast heimilishundur; það mun erfitt fyrir hundafróðari menn en mig, að ráða fram úr því. Úr því nú nefndin valdi þennan veg hefði átt vel við til að skýra þetta orð nákvæmar, að setja inn í greinina einhver ákvæði um aðra hunda en heimilishunda, t. d. flækingshunda, *(J. Ól.:* „búahunda“!), hvernig með þá ætti að fara; það hefði átt vel við, að nefndin hefði komið með ákvæði um þá, að þeim mætti lóga án saka eða eitthvað þess háttar, — þótt jeg sje ekki mikið fyrir harðar ákvarðanir í lögum, mundi jeg betur geta fellt mig við ákvæði í þessa átt, en að sleppa því atriði beinlínis úr frv.

Þar sem h. framsögumaður (S. Á.) talaði um lögaldur hunda, — ef svo má að orði kveða —, sem nefndin hefur álitið, þá er aldurstakmarkið áður sett í tilskipuninni „fullra 4 mánaða“, en í breyt.till. nefnd. „eldri en 4 mánaða“, svo að það er ekki mikill munur.

Viðvíkjandi 4. gr. hef jeg það að athuga — en skoðanir mínar þykja nú máske nokkuð ellilegar — að jeg álít, að hver bóndi hafi og eigi rjett til þess að hafa skattlausa á heimili sínu þá hunda, sem hann nauðsynlega þarf til búsýslu sinnar; þessi rjettur hygg jeg sje fastgróinn í meðvitund manna, heldur en þetta nýmæli að tolla hunda til þess að útvega sjer tekjur.

Jeg er þakklátur nefndinni fyrir þá tillögu, að fella burt 5. gr. frumv. Mjer sýnist engin ástæða til, að gjöra þann mun á aðfluttum útlendum og innlendum hundum, að þeir útlendu skuli jafnan ganga með múl, en hinir innlendu múllausir, hversu grimmir sem þeir kunna að vera, og opt af útlendu kyni eða kynblendingar.

7. gr. frv. inniheldur nýmæli um lækning hunda; en við það vil jeg gjöra þá athugasemd, að þar sem ákveðið er, að sýslunefnd og bæjarstjórn geti með samráði hjeraðslæknis samið reglur fyrir lækningunni o. s. frv., og lagt sektir við, ef út af er brugðið, — þá hygg jeg, að þetta

geti ekki látið sig gera. Það er verk löggjafarvaldsins, en annara ekki, að leggja við sektir, og reglugjörðaefni getur það því að eins verið, að til sje tekið í lögunum, innan hverra takmarka sektirnar skuli vera; að löggjafarvaldið þannig sleppi rjetti sínum er alveg fjarstætt. Afleiðingin af fyrirmælum frv. yrði einnig sú, að engin samkvæmni gæti orðið í ákvæðum hinna ýmsu reglugjörða á landinu, því að á sumum stöðum yrðu sektir ef til vill sem svaraði ljelegum hundsbótum, en á öðrum stöðum hæstu sektir. Fyrir þessa sök mun vera nauðsynlegt að ákveða í lögunum, innan hverra takmarka sektirnar skuli vera.

Það var að heyra á orðum h. framsögum. (S. Á.), að talsvert mundi muna um það, sem fengist inn með þessum hundaskatti. Jeg skal ekki spá neinu um það, en ekki hefur munað mikið um það, sem inn hefur komið eptir tilskipun frá 25. júní 1869, og verði þessum lögum eigi betur hlýtt, heldur en þeirri tilskipun, verður vöxturinn ekki mikill, jafnvel þótt gjaldið sje hækkað; það sem ætti að muna um, eru þær 2 kr., sem nú eru lagðar á heimilishunda eða búhunda, en sá skattur kemur niður á bændum, ef hann gelzt á annað borð, og þótt hann sje ekki hár, getur hann orðið óbærilegur fyrir fátæklinga, því að opt mun það, að menn þiggja styrk af sveit og eru því ekki gjaldbærir, sem búa á fleirum en einu hndr. í jörðu, og eiga því að greiða 2 kr. fyrir hvern hund.

Um 10 króna gjaldið skal jeg ekki fást. — En jeg hygg, að eigi muni verða svo mikill ávinningur að því, að gjöra frv. þetta að lögum, eins og það nú er; en svo mætti þó laga það og bæta úr göllum þess, að jeg ekki greiddi atkv. móti því.

Júlíus Havsteen: Jeg álít mikla rjettarbót að þessu frumv. og vel viðunanlegt, að samþykkja það eins og það liggur fyrir nú með breytingum nefndarinnar.

Þar sem h. varaforseti (Á. Th.) sagði, að tilskipuninni frá 25. júní 1869 hefði ekki verið hlýtt, þá er það satt; en orsökin til þess liggur í sjálfri tilskipuninni, þar sem þarfir hundar eru samkvæmt henni skattlausir. Afleiðingin af þessu hefur orðið sú, að allir hundar í sveitum eru taldir þarfir, og sleppa menn fyrir þá sök við, að greiða nokkuð fyrir þá; það hefur því að eins verið í kaupstöðunum, sem hægt hefur verið að kalla hunda óþarfa og ná gjaldi fyrir þá. Svona hefur árangurinn verið af viðleitni þeirri, sem gjörð hefur verið í Norður- og Austuramtinu á síðustu árum. Eptirlitið verður fyrst mögulegt, þegar skattur er lagður á alla hunda, og að því leyti er frv. þetta rjettarbót. En hitt virðist mjer, að skatturinn sje ákveðinn of hár í sveitum; 1 kr. mætti nægja; en það er rjett, að setja hann 10 kr. af hverjum hundi í kaupstöðum, því að þar eru hundar ekki til annars en ama.

Jeg vil gjöra þá athugasemd, að mjer finnst 7. gr. ekki vera þörf í raun og veru, og mætti sleppa henni úr.

E. Th. Jónassen: Jeg er samdóma h. 1. kgk. þm. (J. H.) um það, að ef þetta frv. verði að lögum, fáist nauðsynleg og góð rjettarbót; við vitum allir, hve voðalegur sá sjúkdómur er, sem af hundunum stafar, og hve mikla ógæfu hann hefur gjört og gjörir enn í dag; þetta hafa vísindin leitt í ljós. Viðvíkjandi frumv. sje jeg ekki, að breytingar þær sjeu til bóta, sem nefndin hefur stungið upp á; því jeg álít, að lögreglustjóri geti skipað fyrir að drepa alla flækingshunda, svo ekki þurfi nein vandræði af þeim að stafa. Sumir eru á móti því, að skattur sje goldinn af hundum; en jeg álít það einmitt nauðsynlegt og þá einustu aðferð, sem möguleg er, til þess að stemma stigu fyrir sullaveikinni. Þetta vakti líka fyrir mönnum 1869, þó það næði þá ekki fram að ganga. Bæði í kaupstöðum og sveitum er mikið af óþarfahundum; það mun ekki óalmennt til sveita, að krakkar að gamni

sínu eiga hunda; en þetta mundi hætta, ef skattur kæmi á hundana. Eins álít jeg það rjett, að skatturinn sje hár í kaupstöðum og þurrabúðum, því hundar eru þar bara til óþarfa og ama. 5. gr. frv. finnst mjer vera þörf, því margir útlendir hundar eru slæmir með að bíta, einkum fje; annað er raunar vont við hana, að eptirlitið mun vera mjög örðugt, svo jeg held hún muni eigi koma að nægilegu liði; en samt vil jeg ekki að greinin sje tekin burtu, því útlendir hundar gera hjer opt tjón á fje manna; jeg veit dæmi til þess hjeðan úr Reykjavík. 7. gr. líkar mjer ekki vel; en jeg vildi bera mig saman við hina h. nefnd um að laga hana; því mjer finnst það ekki geta borið sig, að sýslunefndir leggi á sektir; það mun hvergi vera í lögum; jeg held vald til þess eigi að vera í höndum annara. En vegna þess, sem jeg álít, að þetta frv. snerti mjög áríðandi mál, þá vona jeg að það verði að lögum; því það er nauðsynlegt að gjörð sjeu ákvæði til að stemma stigu fyrir hinu illa hundahaldi hjer á landi.

Framsögumaður (Sighvatur Árnason): Einkum hefur h. varaforseti (Á. Th.) talað á móti frv., en aðrir þm. hafa stutt það. Þar sem hann minntist á flökkuhunda, þá er það satt, að þeir eru ekki teknir fram í frv.; en jeg held það sje óþarfi; því eptir því sem jeg þekki til, eru menn ekki vanir að þola þá lengi á heimilum sínum, og jeg hygg, að þó þetta frv. verði að lögum, þá muni menn ekki vilja taka flækingshunda með í framtalið, heldur gjöra þeim önnur og eindregnari skil, ef á liggur.

H. varaforseti (Á. Th.) minntist einnig, á að lögunum frá 25. júní 1869 hefði verið sljólega fylgt; því menn hefðu eigi hagað hundahaldinu eptir þörfum sínum; jeg skal játa, að það er nokkuð hæft í því; en hann hefur ekki gáð að því, að eptir þeim lögum eru allir þarfir hundar gjaldfríir, og svo annað það, að mjög lítið hefur verið um óþarfa hunda að tala sökum hundapestar, sem gengið hefur aptur og aptur, svo menn munu eigi hafa haft mikið af hundum fram yfir þarfir. En þar sem h. varafors. (Á. Th.) vildi taka lögin frá 25. júní 1869 fram yfir þessi lög, sem hjer liggja fyrir, þá hlýtur hann að sjá, hvað h. flutningsm. í Nd. hefur gengið til að koma fram með þetta frv., nefnilega það, að fá sterkari ákvæði fyrir því, að menn hefðu eigi óþarfa hunda; því allir, sem augun hafa opin, hljóta að sjá það, að þegar gjalda verður af hverjum þörfum hundi 2 kr., en af hverjum óþarfahundi 10 kr., þá munu menn hætta að hafa óþarfa hunda. Jeg vil setja dæmi, að bónda er álitið nauðsynlegt, að hafa 4 hunda, þá ímynda jeg mjer, að margur bóndi mundi reyna að komast af með 3 hunda; til þess að mega borga 2 krónum minna. Sem sagt held jeg, að tilganginum verði með þessu móti miklu betur náð, en annars; en tilgangurinn er, að koma í veg fyrir óþarfa hunda.

Þar sem h. varafors. (Á. Th.) sagði, að skatturinn af hundunum mundi verða minni en áður, þá skil jeg það ekki; því jeg hygg, að tíundarsvik geti hjer ekki orðið, þar sem vanalega mun vera kunnugt, hve margir hundar eru á hverju heimili í sveit, því þeir leyna sjer ekki. Eins er með þennan háa 10 kr. skatt á óþarfahundum; jeg hygg, að hverjum og einum manni sje svo kunnugt um hundahald nábúa síns, að honum gefist ekkert undanfæri undan skattinum. Aptur á móti er það rjett athugasemd, sem h. varafors. (Á. Th.) gjörði viðvíkjandi sektunum; þau ákvæði þarf helzt að laga, en það mætti gjöra til 3. umr.

H. varafors. (Á. Th.) þótti skatturinn þungbær, einkum fyrir fátæklingana; jeg skal játa, að svo er. En þegar skatturinn rennur í sveitarsjóð, þá verður hann ekki þungbærari en þau gjöld, sem menn hafa; því hann kemur upp í gjöld, sem annars

þyrfti að borga og eru árlega borguð, svo hann eykur ekki gjaldabyrðina um einn eyri. Þetta er auðsætt; jeg vil biðja menn að gá vel að því. Og þegar svo er, finnst mjer það ekki vera áhorfsmál, að halda þessum 2 kr. skatti; þar sem mjer áður þótti þessi skattur of hár, þá var það af því, að mjer þótt hann koma ójafnt niður. Nú get jeg aptur sætt mig við hann, þegar hann á að renna í sveitarsjóð, því þá þarf hann ekki að verða ójafnaðargjald, ef rjett er að farið.

Jón Ólafsson: Jeg hugsaði að frv. og nefndarálitinu mundi byrja vel hjer í deildinni, en þó hafa mætt því ýms mótmæli.

H. 4. kgk. þm. (Á. Th.) þykir nefndin ekki hafa breytt til batnaðar, þar sem hún setur orðið „heimilishundar hans“ í staðinn fyrir: „hundar þeir, sem eru á heimili hans“; en jeg get ekki skilið, að þetta fyrra sje verra að skilja, en það síðara; því allir þeir, sem vita, hvað „heimilismenn“ eru, geta þar af ályktað, hvað meint er með „heimilishundar“; að minnsta kosti munu flestir, sem þekkja mismuninn á heimilismönnum og gestum, kunna að aðgreina „heimilishunda“ og „búahunda“. Tilgangur frv. er, að gjalda skuli af heimilishundum, en ekki af búahundum; enda veit jeg, að við búahunda er ekki svo mikið haft; h. þingm. munu víst þekkja, að menn hafa einhver ráð með að losna við þá.

Viðvíkjandi því, að ekki muni verða meiri skatturinn eptir þessum lögum, en gömlu lögunum, þá er jeg á öðru máli; því *í gömlu lögunum stóðu þau slæmu ákvæði*, allir „þarfir“ hundar skyldu vera skattfríir; af þessu leiddi, að *allir* hundar urðu allt í einu *þarfir;* en þegar skattur er lagður á *alla* hunda, þá mun mönnum trauðlega auðið að komast undan skattinum eða draga undan; því ekki þarf annað, til að komast eptir hundaeign manna, en koma til kirkju; þá munu þeir *„melda“* sig sjálfir; eins eru hundar vanir að segja til sín, þegar riðið er hjá garði. Af þessu gæti reyndar leitt það, að hundar sæktu síður messu; en jeg sje eigi að það gæti skaðað, því kirkjurækni hunda hjer á landi er helzt of mikil. Sumum h. þm. hefur þótt tveggja kr. skattur of hár; en nefndin áleit, að ef skatturinn yrði ekki svo hár, að munaði um hann, þá mundu þessi lög naumast ná tilgangi sínum: að stemma stigu fyrir óþörfum hundum; aptur á móti duldist nefndinni það eigi, að skatturinn leggst þyngst á fátæklingana, því hundahald fer ekki einungis eptir fjárfjölda, heldur líka eptir örðugleik jarðanna; en til þess að ráða bót á þessu hefur nefndin komið fram með 3. breyt.till. á þingskj. 348, undir staflið *„b“*, að skatturinn skyldi renna í sveitarsjóð, en þó þannig, að sýslumaður skyldi taka af skattinum sýslusjóðsgjald hreppanna, að því leyti sem hann hrekkur til. Afleiðing af þessu yrði sú, að hreppar nir losnuðu við sýslusjóðsgjaldið, og meira að segja mundi það verða til mikils ljettis fyrir hreppsnefndir, að losna þannig við að svara út sýslusjóðsgjaldi í peningum. Nú hlýtur hverjum manni að vera auðsætt, að þetta hlýtur að verða mönnum til hagnaðar og koma mönnum notalega. Í annan stað er það viðvíkjandi afganginum af skattinum, að frádregnu sýslusjóðsgjaldinu, að því meiri sem afgangurinn verður, því meira kemur í sveitarsjóð, og því minna þarf að jafna niður á hvern búanda til hreppsþarfa, enda minnkar útsvarið á sveitarmönnum alveg um sömu upphæð, sem hundaskattinum nemur; því að sýslusjóðsgjaldið hefur tekið verið af sveitarsjóði. Hreppsnefndum er auðgefið að taka við niðurjöfnunina tillit til þess, hve mikið hver gjaldandi hefur goldið í hundaskatt, svo að gjöldin á hinum fátækari þurfa ekki að verða ein-

um eyri meiri en ella mundi. Með þessu móti hjelt nefndin, að hundaskatturinn mundi verða mönnum ljettbærari, þótt hann yrði 2 kr. Nefndin vildi breyta ákvæðunum í 4. gr. stafl. „a“, þar sem í frv. stendur: „Af hverjum hundi skal greiða í skatt 2 kr. á ári, nema í kaupstöðum, verzlunarstöðum og þurrabúðum utan kaupstaða og verzlunarstaða 10 kr. á ári af hundi hverjum“. Ástæðan til þess er sú, að nefndinni er kunnugt um, að menn, sem hafa búið í verzlunarstað, hafa stundum haft ábúð á jörð jafnframt, og þurft hund til að verja hana; hún sá þess vegna ekki ástæðu til, að menn, sem svona byggju, en þyrftu hund, skyldu verða að borga 10 kr. toll, af því þeir væru *búsettir* í verzlunarstað; aptur er það kunnugt, að í sveitum eiga bæði lausamenn, þurrabúðarmenn og fleiri *hunda*, þó þeir hvorki eigi nje hafi á leigu svo mikið sem eina *hunda*-þúfu. Jeg vil spyrja: er nokkur ástæða til, að þessir menn sleppi undan 10 kr. tolli? Þess vegna þótti nefndinni þetta fyrirkomulag heppilegra, að miða við ábúð, þannig, að allir ábúendur, sem búa á meiru en einu hundraði úr jörðu, skulu gjalda 2 kr. af hverjum heimilishundi, en hinir 10 kr.; með þessu er lagður sá eðlilegi grundvöllur undir skattinn, nefnilega hvort hundurinn er þarfur eða eigi. Nefndin hefur komið fram með þá tillögu, að fella burtu 7. gr. frumv., af því hún sá ekki meiri nauðsyn á, að grimmir útlendir hundar gengju með múl, heldur en grimmir íslenzkir hundar; það ætti að vera það, hvort hundurinn er *grimmur* eða *meinlaus*, en eigi hitt, hvort hann er útlendur eða íslenzkur, sem ætti að ráða því, hvort hund skyldi mýla eða ekki; hins vegar hjelt nefndin, að erfitt mundi vera að ákveða, hverjir hundar skyldu ganga með múl og hverjir ekki, og því hjelt hún það mundi vera heppilegast, að sleppa gr.; jeg get eigi ímyndað mjer, að það geti orðið að skaða; en ef til vill mætti bæta inn í frumv. nýju ákvæði um að, það lögreglustjóri eða hreppstjóri hefðu rjett til, að heimta grimma hunda mýlda; þetta held jeg væri eina ráðið: að fela lögreglustjóra og hreppstjóra það á hendur; önnur lagaákvæði, sem að haldi koma, mun ekki vera hægt að gjöra hjer. Jeg er samþykkur hinum h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) viðvíkjandi breytingunum á 7. grein. Jeg vildi upphaflega, að í lögunum væri ákveðið takmark sektanna, en að sýslunefndirnar væru ekki látnar ákveða þær; þetta vildu meðnefndarmenn mínir eigi, svo jeg fjekk því ekki breytt. Þess vegna held jeg, að heppilegast sje, að samþykkja breyt.till. nefndarinnar, en koma svo fram með nýja breyt.till. til 3. umr.

Skúli Þorvarðarson: Jeg skal ekki lengja umr. um þetta mál, því þær eru orðnar nógu langar; en mjer getur ekki dulizt það, að eðlilega er meining frumv. sú, að koma í veg fyrir óþarfa hunda; þess vegna finnst mjer fyrir mitt leyti efni málsins gott að því leyti, og í öðru lagi að því er snertir meðferð á sullameinguðu slátri og enn fremur um lækning hunda. Aptur finnst mjer það vera óviðkunnanlegt og ósanngjarnt, að skattur skuli liggja á þörfum hundum; það eru þó dýr, sem menn geta eigi án verið, og mönnum eru alveg nauðsynleg; því ómögulegt eiga menn, sem stunda landbúnað, að verja slægjulönd sín og hirða og hagnýta búpening sinn, nema hafa fleiri og færri hunda eptir ástæðum. Jeg gæti þó sætt mig við að hafa dálítinn skatt á þeim; en 2 kr. skattur þykir mjer of mikið. Jeg get eigi sjeð annað, en að það sje sama að borga skatt af hundi, og af verkfæri, sem maður vinnur með jörðina, til að ná af henni arði. Þó mjer þess vegna ekki líki þetta sem bezt, þá vil jeg samt ekki fella frv. af þeirri ástæðu, en jeg vil færa skattinn niður í 1 kr. Sumir hafa mælt með 2 kr. skatti, af því hann rynni í sveitarsjóð og kæmi svo notalega í þarfir sveitarinn-

ar; jeg skal játa, að svo er; en mönnum má vera sama, hvort helmingur skattsins rennur í sveitarsjóð og helmingur í sýslusjóð, eins og ákveðið er í frv.; því báðir þessir sjóðir þurfa síns með; annars skal jeg eigi gjöra það að ágreiningsefni, ef menn ekki vilja lækka skattinn, og felli jeg mig við álit nefndarinnar í 4. gr., því eins og h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) tók fram, er það ekki rjett, að lausamenn sleppi undan skattinum í sveitum, en að menn, sem búa í verzlunarstöðum, en hafa þó á-búð, skuli gjalda skatt eins og af óþarfa hundum.

Jeg get ekki verið nefndinni samdóma um 5. gr.; sú gr. vil jeg ekki að falli burt, því jeg þekki til þess, að útlendir hundar eru opt grimmir og til mesta skaðræðis; það hefur reyndar eigi komið fram við mig persónulega, en jeg veit til þess, að þeir hafa leikið sauðfje illa, enda varasamir við menn líka; er það slæmt, ef þetta kemur opt fyrir. Það kann raunar að þykja hart, að múlaðir sjeu meinlausir útlendir hundar; en kostnaðurinn er ekki mikill fyrir eigandann; en samt vil jeg ekki, að gr. sje sleppt, heldur vil jeg fá henni breytt. Yfirhöfuð finnst mjer nefndin hafa lagfært frumv. með orðabreytingum og einnig held jeg efnisbreytingar hennar sjeu á rökum byggðar. Að öllu samanlögðu greiði jeg atkvæði með frv. við þessa umr.

Jakob Guðmundsson: Við 1. umr. var jeg á móti þessum hundaskatti af því, að mjer fannst það ójafnaðargjald við fátæklinga, en jeg verð að játa, að með þessari tilhögun, sem nefndin ræður til, er talsvert bætt úr því. Samt finnst mjer hann vera of hár, og mundi heldur vera með 1 kr. á hverjum þarfa hundi en 2; raunar er mjer ekkert kappsmál um það. Eins og jeg gat um við 1. umr., þá finnst mjer það vera aðalatriðið, að gengið sje ríkt eptir, að lækningar sjeu viðhafðar og gef jeg frumv. því að eins atkvæði mitt, að 7. gr. sje löguð í þá átt, að vanræksla á lækningatilraunum sje látin sæta þungum sektum. Jeg játa, að skatturinn er dálítil bót að því leyti, að fækka hundunum, en engan veginn einhlítur, því einn hundur getur hleypt sullaveiki í 100 manns; þess vegna held jeg að lækningatilraunir sjeu heppilegri og praktiskari. Eitt er það, sem sættir mig við hundaskattinn, að þó jeg sjái, að hann sje ójafnaðargjald og margir geti eigi goldið hann, svo aðrir verði að gjöra það fyrir þá, þá munu einmitt þessir menn hafa vakandi auga á að fátæklingurinn haldi eigi óþarfa hunda. Enn fremur munu lækningarnar eigi verða kostnaðarlausar, og með hundaskattinum fæst einmitt fje til þess að bera þennan kostnað. Sem sagt, jeg gef því frv. eigi atkv. mitt, nema í 7. gr. sjeu sett ákvæði viðvíkjandi lækningum og þungar sektir lagðar við, ef út af bregður. En hve háar sektirnar eiga að vera í hverju einstöku tilfelli, það verða yfirvöldin að ákveða, þegar kært er.

Friðrik Stefánsson: Það er búið að ræða þetta mál mikið og rækilega, svo jeg skal eigi fjölyrða mikið um það, en jeg skal taka það fram, að jeg álít frv. gott og hagfellt og get jeg eigi sjeð, að það sje slíkt ójafnaðargjald, sem þeir h. þingmenn, þm. Dal. (J. G.) og þm. Rangv. (S. Á.), gjöra svo mikið veður af. Því sjeu 5 lausafjárhundruð til jafnaðar á hverjum 10 jarðarhundruðum, sem mun láta nærri nú sem stendur, og setjum nú svo, að þeir sem minnst tíunda hafi 2 hundruð lausafjár á 10 jarðarhundruðum, þá mundi sá búandi komast af með 1 hund, og sje þess gætt, hve lítill hluti af öllum gjöldum þessa manns skattur af 1 hundi eða 2 kr. eru, þá væri það sem næst $^1/_{30}$ hluti, sem gjöld þessa búanda hækkuðu við 2 kr. skatt, þegar þess er gætt, að 10 jarðarhundruð munu til jafnaðar vera leigð

fyrir 5 kr. hvert hundrað og eptir því 10 hundruð fyrir 50 kr., svo að öll gjöld þessa bónda verða í það minnsta 60 krónur, og þá eru eigi nein ósköp til að býsnast yfir, þó hækkunin nemi hjer um $^1/_{30}$, eins og jeg nú hefi tekið fram. En hvað því viðvíkur, að sumar jarðir sjeu erfiðari og því hundfrekari en aðrar, svo þessi skattur kæmi ójafnt niður, þá held jeg við gætum aldrei búið til svo hnífjöfn skattalög, þó við sætum hjer ár eptir ár, því þá ættu öll önnur gjöld, ekki fremur þessi skattur en þau, að vera miðuð við erfiðleika á jörðum, svo jeg hirði eigi grand um þess konar mótbárur. Jeg verð líka að telja það sjerstakan kost við þennan skatt, að sveitarstjórnir geta brúkað hann til borgunar sýslusjóðsgjalda, sem sveitarstjórnunum hefur opt veitt næsta erfitt að svara, en fyrir sýslumenn verður þessi skattur eigi erfiðari að innheimta en önnur þinggjöld, því menn borga þau skilvíslegar en gjöld þau, sem sveitarstjórnir þurfa að innheimta hjá sveitungum sínum í peningum, og það getur því eigi gjört stóra fyrirhöfn, að innheimta þetta gjald með þinggjöldunum. Viðvíkjandi 7. grein, þá er nauðsynlegt, að hafa ákveðnar reglur í lögunum um lækning á hundum, því það geta eins þarfir hundar, eins og hinir óþörfu, breitt út sullaveikina, og væri áríðandi, að koma skýrum ákvæðum um það inn í frumv. til 3. umr. Þegar alls er gætt, álít jeg frumv. þetta hagfelt, og sje ekki að það leggi nein ný útgjöld á landsmenn því það kemur í staðinn fyrir þau sýslugjöld, sem menn nú hljóta að svara.

Arnljótur Ólafsson: Það væri að bera í bakkafullan lækinn, að auka umræðurnar í þessu máli; en jeg vildi að eins gjöra nokkrar athugasemdir við þá skoðun þeirra þm. Dal. (Jak. G.) og þm. Árn. (Sk. Þ.), að rjett sje að færa skattinn úr 2 kr. niður í 1 kr. Jeg held að þeir hafi eigi gáð að því, að með því mundu þeir auka þá hættu, sem af hundunum stendur. með því að gjöra mönnum hægra fyr ir. að halda fleiri hunda. Það tjáir ekki að stara sig blindan á einstök atriði í hverju máli sem er, heldur verður að líta á aðaltilganginn. og aðaltilgangur þessa frv. er sá, að fyrirgirða svo mjög sem unnt er, að mergð hunda sje haldin í landinu. Ef fara ætti að færa niður þennan skatt vegna fátæklinganna. þá væri sjálfu sjer samkvæmt, að færa eins niður sektir allar og sakagjöld fyrir fátæklingana. því að þeim hlýtur að vera fullt eins erfitt, að greiða háar sektir. eins og háa skatta. Jeg tek þetta fram fyrir h. þm. Dal. (J. G.) til þess að sýna, að hann er stundum allt of brjóstgóður, og álítur, að allt eigi að gjöra fyrir slóða og trassa og þess háttar menn.

Jeg skal viðurkenna, að nefndinni hefur yfirsjezt í sektarákvæðunum í 7. gr.; en það er auðlagað með því, að taka upp ákvæði úr 3. og 4. gr. í tilskipun 25. júní 1869, sem er nauðsynlegt af því, að sú tilskipun er alveg numin úr gildi í 9. gr. þessa frumv.

Viðvíkjandi 5. gr. hafa margir mælt skörulega með því, að rjett væri, að mýla einnig grimma hunda innlenda. — H. þm. Sunnmýlinga (J. Ol.) gat þess, að hann vissi til, að fullt eins margir bithundar væru meðal íslenzkra hunda eins og útlendra, sem full þurf væri á að mýla. En þar sem ætlunarverk hunda er það, að reka úr túnum og högum og hlaupa fyrir búsmala með gelti og gjammi, tjáir ekki að mýla þá svo, að þeir komi ekki upp einu bofsi; ef hundarnir eru mýldir þegar menn vilja, að þeir gelti sem mest, þá eru þeir ekki til neins. — Jeg held, að það væri alveg óhætt að sleppa þessu ákvæði um mýlingarnar, því Lögbók hefur nóg ákvæði um hunda, sem bíta, og vil jeg sjerstaklega benda h. þm. Dal. (Jak. G.) á, að lesa þessi ákvæði, og vita svo,

hvort hann vill koma og stinga upp á múl í staðinn fyrir skaðabætur. *(Jakob Guðmundsson:* Jeg hefi ekki talað eitt orð um að mýla hunda). Já, en h. þm. Dal. les langbezt Lögbókina.

H. þm. Árn. (Sk. Þ.) sagði, að hundar væri eigi annað en verkfæri fyrir bændur, og það er satt. En það má líka segja um hestana, að þeir sjeu verkfæri. Jafnvel jörðin er verkfæri, verkfæri til að gefa hey, og heyið aptur verkfæri til að ala fjenað. Ef fátæklingar gjalda að minnsta kosti 50 kr. í landskuld og leigur, þá eru þessar 2 kr. sannarlega ekki háskaleg viðbót, og ef sveitarsjóðurinn auðgast við þessi gjöld, getur hreppsnefndin lagt því minna á fátæklinginn í staðinn.

Það er eigi auðið að komast hjá því, að skattur þessi komi ójafnt niður, og er það því eigi fremur ástæða móti þessum skatti, heldur en móti kaffitolli, ábúðar- og lausafjárskatti og öðrum sköttum og skyldum.

Árni Thorsteinsson: Jeg er enn á sömu skoðun sem fyrr, að bændur ættu að mega hafa nauðsynlega hunda án skatts. En af því að jeg sje, að h. deild er mjer ekki samdóma, vona jeg mjer leyfist að taka upp 2. staflið af breyt.till. á þingskj. 300, sem h. þm. Rangv. (S. Á.) hefur tekið aptur, að komi 1 kr. í stað 2 kr.

Jeg tek það aptur fram, að það, sem í 1. gr. frumv. er sagt um heimilishunda, kæmi skarpar fram, ef eitthvað væri sagt um flækingshunda einnig. Ýmsar aðrar veikar hliðar á frumv. hafa komið fram, t. d. það, að 2. gr. ákveður að vísu sektir fyrir rangt framtal; en aptur á móti vantar ákvæði um sektir fyrir þá, sem hafa á heimili sínu hunda, sem eigi er goldið fyrir.

Þar sem h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) talaði um, að taka upp ákvæði úr 3. og 4. gr. tilsk. 25. júní 1869, vona jeg, að nefndin verði svo víðtæk, að þau nái yfir frv. í heild sinni.

H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) hjelt, að þörf væri á 5. gr. frumv.; en jeg verð að álíta, að lögreglustjóri eigi rjett á að láta mýla og yfir höfuð gjöra óskaðlega alla hunda, sem hætta stendur af. En eigi þetta ákvæði að vera, þá er betra að hafa það sem almenna reglu, heldur en einskorða ákvörðunina við þjóðerni hunda.

En yfir höfuð álít jeg, að kjarni frv. sje 7. gr., og álít jeg frumv. óþarft, ef ákvæði þeirrar greinar eru ekki gjörð svo skýr og nákvæm, sem auðið er. Skal jeg svo ekki orðlengja þetta framar, en enda með þeirri ósk, að h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) takist að finna einhvern heppilegri mælikvarða fyrir sektum, sem sjeu jafnar fyrir fátæka og ríka.

Framsögumaður (Sighvatur Árnason): Þar sem h. þm. Árn. (Sk. Þ.) sagði, að nefndin hefði eigi breytt til batnaðar, þar sem hún hefði skipt um gjaldstofn til sýslusjóðs, skal jeg benda honum á, að ef frumv. er fylgt svo, að skatturinn rennur hálfur í sveitarsjóð en hálfur í sýslusjóð, þá getur verið, að hluti sýslusjóðs verði óþarflega mikill eptir þörfum hans. Jeg veit t. d. í minni sýslu, þar sem eru 70 til 80 búendur í sveit, þar mundi gjaldið verða yfrið nóg, og meira en nóg, og er ekki ástæða til að hrúga í sýslusjóð meiru en hann hefur þörf fyrir. Eptir breyt.till. vorum á skatturinn allur að renna í sveitarsjóð, og þá getur það, sem fram yfir er, komið sveitunum til góðra þarfa, bæði upp í sýsluvegagjald, þurfamannaflutningsgjald o. fl. Það er snertir sýsluvegagjald, veit jeg, að það er ekki minna hjá neinum, sem hangir við bú, en 2 kr. Nú geri jeg ráð fyrir, að fátæklingur hafi eigi meira en einn hund, og þá borgar hann fyrir þann eina hund 2 kr. eptir frumv. Hreppsnefndin veit þá, að hann hefur borgað 2 kr. í þennan skatt, og er það þá á hennar valdi, hvort hún lætur hann borga meira til sýsluvegagjalds eða annars, og kemur þetta þá alveg í sama stað

niður. Yfir höfuð finnst mjer þeir, sem fundið hafa að þessu gjaldi, skilja miður vel breyt.till. og samband þeirra við sýslusjóðsgjald og sýsluvegagjald.

Þar sem h. varaforseti (Á. Th.) var að finna að 2. gr., álít jeg þó, að ákvæði frumv. megi duga. Það gildir sama um þetta sem um annað framtal; hreppstjóri hefur heimild til að færa framtalið upp, ef honum þykir það tortryggilegt. Þar er auðvelt í sveitum að vita, hve marga hunda hver búandi hefur. Þeir leyna sjer ekki, og fara naumast svo dult, að næstu nábúar verði ekki varir við þá.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að gjöra þá athugasemd út af því, sem h. þm. Árn. (Sk. Þ.) sagði, að nauðsynlegt væri að hafa múl á *útlendum* hundum, að jeg álít, að það sje nauðsynlegt að mýla *grimma* hunda yfir höfuð. H. þm. (Sk. Þ.) sagðist þekkja dæmi til þess, að útlendir hundar hefðu lagzt á fje; en jeg vil minna hann á vísu Bólu-Hjálmars:

> Ólafur mjer í augum vex,
> illa hjá þjóðarvegi settur,
> hefur í búi hunda sex,
> hver þeirra er gesta-djöfull rjettur.
> Rífa þeir bæði fólk og fje,
> freyðir grimmdin úr opnum ginum
> o. s. frv.

Þessir 6 hundar, sem einn maður hafði í búi sínu og Hjálmar hefur lýst svo vel, hafa þó sjálfsagt ekki verið útlendir hundar.

Út af orðum h. varafors. (Á. Th.) skal jeg taka fram, að það var með ásettu ráði, að nefndin setti ekki nein sjerstök ákvæði um það, hvernig farið skyldi með búahunda eða flækingshunda; því að um það eru glögg og góð lög hjer á landi. Lög eru, eins og allir vita, tvenns konar: *lex scripta* og *lex non scripta*, þ. e skrásett lög eða skrifuð, og óskrásett lögmál, sem jafnvel heiðingjarnir hafa skrifað í sínu hjarta. Skrifuð lög eru að vísu ekki til um þetta atriði, en óskrifuð lög því glöggari, svo glögg og skýr, að óþarfi er að vera að búa til ný lög um þetta á þingi. Það lögmál er skrifað fast í hjörtu allra Íslendinga, að hin rjetta meðferð á búahundum sje sú, að taka hrútshorn eða þorskhaus eða baunablöðru og hnýta í snæri, binda það í skott búarakkanum, og siga honum svo á stað. Þetta þótti nefndinni svo þjóðleg og góð lög, þótt óskráð sjeu, lög, sem ekki þarf dóm eða lagaflækjur til að framfylgja, að hún gat ekki fengið af sjer að grípa fram fyrir hendur þjóðar sinnar í þessu atriði.

Jakob Guðmundsson: H. 4. kgk. þm. (A. Ó.) bar það hrós á þm. Dal., að hann væri of brjóstgóður. En það er nokkuð líkt ástatt með hann; hann tekur alla til bæna, jafnt sjúka sem ósjúka, heila sem vanheila, en heila telur hann alla, sem hafa sömu skoðun og hann, en hina sjúka. Ræða mín gekk út á að hrósa nefndinni og þá náttúrlega sjerstaklega h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) sjálfum, því að hann mun eiga mestan og beztan þáttinn í nefndarálitinu. Jeg var því heilbrigður frá hans sjónarmiði í þessu tilliti, og hefði hann því ekki þurft að taka mig til bæna í þetta sinn. En söm er hans gerðin og góðsemin. Hann hefði getað sparað sjer að bendla mig við múlana, því jeg hef ekki neinn hundmýlingur verið, og ekki nefnt múla á nafn. Ræða mín gekk út á, að aðalatriðið í þessu máli væri, að gefa ákvæði um lækning á sjúkum hundum; en hann kemur með langa ræðu um, að jeg vilji að eins mýla rakka. Jeg álít, að tímanum væri betur varið þannig, að við bæðum hver fyrir öðrum og hver með öðrum, að frumv. þessu mætti byrja sem bezt. og það hafa sem beztan árangur.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. (C. 428) við 1. gr. frv. (C. 327) samþ. í einu hlj.; 1. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 2. gr. samþ. óbreytt í e. hlj.; 2. breyt.till. á þingskj. 349 (C. 428) samþ. í e. hlj.; 1. breyt.till. á þingskj. 300 (C. 363), sem

var aptur tekin af flutningsmanni, var tekin upp af Á. Th., en felld með 6 : 3 atkv. Þá var breyt. nefnd. (C. 428) við 4. gr. samþ., stafl. *a* með 8 samhlj. atkv., og stafl. *b* í e. hlj.; 4. gr. með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj. Þá var 4. breyt. nefnd. (C. 428) — að fella 5. gr. — samþ. með 8 samhlj. atkv., og 5. breyt. samþ. í e. hlj., og 6. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 7. gr. samþ. óbreytt með 7 samhlj. atkv.; 8. gr. samþ. í e. hlj.; 9. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um sölu nokkurra þjóðjarða (C. 425); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg skal leyfa mjer að vekja athygli h. þingdm. á einu atriði í frumv., nefnil. því, að í 2. gr. er vitnað í lög 8. nóv. 1883 og sagt, að skuli farið eptir ákvæðum þeirra um söluna á þessum jörðum. En að mínu áliti eru lögin frá 8. nóv. 1883 og ákvæði þeirra eigi gild lengur en til ársloka 1890, og því þyrfti að taka söluskilmálana upp í þetta frumv.

Jeg skal svo eigi fjölyrða um þetta meir á þessu stigi málsins, en vildi gjarnan heyra álit h. þingdm.

Árni Thorsteinsson: Sje svo, sem h. þm. Rangv. (S. Á.) segir — jeg hef eigi gætt að því sjálfur — þá held jeg, að það sje nóg, að fyrirmælin í lögunum 8. nóv. 1883 sjeu ítrekuð á þann hátt, sem gjört er í frumv. þessu; það getur aldrei orðið að vandræðum, þó frv. þetta verði að lögum.

Sighvatur Árnason: Út af því sem h. varaforseti (Á. Th.) sagði, þá er það þó að minnsta kosti 2. gr., sem eigi getur vel átt við, þar sem landshöfðingi á á að gjöra ráðstöfun á sölu viðvíkjandi allt öðrum jörðum en hjer er um að ræða. Jeg vildi ráða mönnum til að aðgæta þetta nákvæmar.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um að meta til dýrleika yrkta lóð í kaupstöðum (C. 425); 1. umr.

Jón Ólafsson: Mjer þykir undarlegt, að frumv. þetta skuli vera komið fram án þess að það sje lagt undir álit bæjarstjórna. Þetta mál hlýtur að varða kaupstaðina miklu. Hjer í Reykjavík er mikið, sem mætti meta til dýrleika samkvæmt 1. gr., því þar stendur, að sá, sem á lóð með túni og kálgörðum svo stórum, að bæjarstjórnin álítur að megi meta hana til hundraðatals, eigi heimting á að hún sje metin á hans kostnað. Það hlýtur að vera hverjum manni ljóst, að það þarf eigi mikið, eigi stóran túnblett til þess, að hann verði metinn til dýrleika, til hundraðatals. En með því mundu gjöld bæjarins rýrna að mun og húsaskatturinn hyrfi algjörlega á sumum húsum. Það væri auðvitað gott fyrir þann, sem hefði túnblett eða kálgarð, ef hann gæti bjargað sjer með honum undan húsaskattinum. Það ætti þó eigi að vera tilgangur frv. þessa; en jeg get eigi sjeð neinn annan.

E. Th. Jónassen: Það er misskilningur hjá h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að þeir, sem hafa tún, geti losnað undan húsaskattinum eptir frumv. þessu. Það eru nú flest tún hjer í bænum metin til dýrleika, og verða eigendurnir fyrir það að borga skatt af húsum sínum; og alveg eins mundi verða eptirleiðis. Jeg sje enga ástæðu á móti frumv. þessu, heldur sýnist mjer það vera ósköp meinlaust. Reglur frumv. mundu helzt koma til framkvæmda þar, sem líkt hagar til eins og hjer í Gullbringusýslu og upp á Akranesi, þar sem mörg smábýli eru við sjó með túnblettum. Jeg veit til, að mörgum tómthúsmönnum hefur leikið hugur á því, eigi til þess að losna undan gjöldum, — því það mundi verða hrein undantekn-

ing að það ætti sjer stað, — heldur af því sú skoðun er ríkjandi hjá þeim, að þeir ættu þá hægra með að selja býlin, ef þau væru metin til dýrleika. Jeg skal alls eigi bera um, hvort þessi skoðun er rjett, en hún er almenn. Mjer er raunar alls ekkert kappsmál, að fá frumv. framgengt, en jeg ímynda mjer, að það geti heldur orðið til gagns heldur en hitt, svo jeg sje enga ástæðu til að fella það.

Jón Ólafsson: Jeg get eigi sannfærzt um, að maður, sem býr í húsi og hefur tún eða garð. sem metinn er til dýrleika, verði að borga húsaskatt; það getur vel verið, að sumir slíkir menn borgi nú, en þeir *þurfa* þess eigi, því að það stendur í 1. gr. í lögum um húsaskatt, að skattinn skal greiða af húsi, sem eigi er notað við ábúð á jörð þeirri, sem metin er til dýrleika; et svo er, sleppur eigandinn við skattinn. Jeg get eigi sjeð, að frumv. sje til nokkurs gagns fyrir nokkurn mann, ef eigi væri til að losna undan húsaskattinum. Hitt, að blettirnir seljist betur, ef þeir eru metnir til dýrleika, held jeg sje tóm ímyndun.

E. Th. Jónassen: Jeg vildi að eins gjöra stutta athugasemd. Þetta getur eigi komið fram nema við fá býli, en eigi við hvert hús, eins og h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, því hver, sem á hús í kaupstað, sem er fullra 500 kr. virði, getur eigi losnað við húsaskatt, þó að hann hafi tún til afnota.

Arnljótur Ólafsson: Jeg held það sje misskilningur hjá h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ó.), er hann segir, að þeir. sem fengju tún sín metin til dýrleika, gætu sloppið við húsaskatt, því í 1. gr. húsaskattslaganna stendur: „Af *öllum* húseignum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, sem eru fullra 500 kr. virði, skal greiða skatt til landssjóðs“, og í 2. málsgrein stendur: „Sama skatt skal greiða af öðrum húsum ..... þótt eigi standi þau í kaupstað eða verzlunarstað, ef þau eru eigi notuð við ábúð á jörð þeirri, er metin sje til dýrleika“. Eptir 1. málsgrein skal greiða skattinn af *öllum* þeim húsum, sem þar ræðir um, *undantekningarlaust*, en 2. málsgrein snertir að eins hús fyrir utan kaupstaðina. Þetta frumv. snertir að eins kaupstaðarlóð, og sá sem býr á henni eða í kaupstaðnum, getur eigi, hvort sem þetta frumv. verður að lögum eða eigi, sloppið við að borga skatt af húsi sínu, nema það sjeu skepnuhús. fjós eða hesthús eða slík hús, sem eingöngu eru notuð af því fólki, sem vinnur að búinu á jörðinni. Jeg veit, að í Eyjafirði er borgaður húsaskattur af timburhúsum, sem notuð eru að nokkru til annars en ábúðar.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 6 : 3 atkv.

Tillaga til þingsályktanar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu (C. 426); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á, að hafa eina umræðu um málið.

Sighvatur Árnason: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á 2 umræðum um málið.

ATKVÆÐAGR.: Uppást. um 2 umræður felld með 7 : 2 atkv.

Uppástunga forseta um eina umræðu samþ. með 7 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar í reikningsmáli Arnarstapaumboðs (C. 426); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og þar eð enginn mótmælti, kvaðst hann álíta það samþykkt.

Þrítugasti og sjötti fundur, mánudag 12. ágúst kl. 1. e. h. Allir á fundi, nema Jón A. Hjaltalín, er hafði leyfi forseta.

Frv. til laga um breytingar nokkrar

á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi (C. 444); 3. umr.

Árni Thorsteinsson: Áður en gengið er til atkvæða um frumv. þetta, vil jeg færa stuttlega ástæður fyrir því, hvers vegna jeg greiði atkvæði á móti þessu frumv.

Jeg álít frumv. þetta í fyrsta lagi of snemma upp borið, þar sem í svo mörg ár hefur verið á dagskrá hjá oss frv. um að af nema amtmannaembættin, og það mál er alls ekki til lykta leitt til fullnustu.

Í annan stað get jeg ekki sjeð, að störf amtsráðanna sjeu svo yfirgripsmikil, að ekki sje nægilegt, að í þeim sitji eins og hingað til 2 menn auk amtmannsins, og að þess vegna sje engin nauðsyn til þess, að fjölga amtsráðsmönnum, eins og gjört er í frumv. þessu, svo að einn mæti fyrir hvert sýslufjelag.

Í þriðja lagi álít jeg kostnað þann, sem þetta fyrirkomulag hefur í för með sjer, of mikinn bæði í sjálfu sjer, og eins fyrir amtsjóðina, því að á þeim hvíla mörg önnur útgjöld, svo að þessi viðbót hlýtur að verða þeim nokkuð þungbær.

Þetta eru þær helztu ástæður, sem jeg hef á móti frumv. þessu, og sem valda því, að jeg gef því ekki atkvæði mitt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 8 : 1 atkv., og afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp (C. 192, 403, 449); 3. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Nefndin hefur komið með breyt.till. við frumv. þetta á þingskj. 371 (C.449) og er það gjört samkvæmt því, sem ráðgjört var við 2. umr. Jeg vona, að h. þingd. taki því betur breyt.till. þessari, þar sem hún er gjörð af tillátssemi við h. þm. hjer í heildinni.

Til þess að spara mjer ómak, skal jeg taka fram nú þegar, að breyt.till. þessi nær til allra 4 löggildingarfrumv. þeirra, sem fylgja hjer í röð á dagskránni; til hins 5. frumv. nær hún ekki, með því að sams konar ákvæði, sem breyt.till. inniheldur, var áður komin inn í það frumv.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 449) samþ. með 9 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj., og afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Múlahöfn (C. 192, 403, 449); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 449) samþ. með 9 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 6 atkv. og afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík (C. 192, 403, 449); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 449) samþ. með 9 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj., og afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Stapa (C. 226, 403, 449); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 449) samþ. með 9 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 9 atkv., og afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri o. s. frv. (C. 445); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj., og afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um tollgreiðslu (C. 445, 449); 3. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Nefnd-

in hefur komið með breyt.till. á þingskj. 370 (C. 449) samkvæmt bendingum h. varaforseta (Á. Th.) við 2 umr. þessa frv., og er breyt. fólgin í því, að heimila lögreglustjóra að fá ferðakostnað borgaðan, ef hann þarf að takast ferð á hendur til þess að taka við umráðum yfir hinum tollskyldu vörum, sem settar kunna að verða að veði fyrir eptirstöðvum tollsins. Nefndin varð að kannast við að fyrir gæti komið, að lögreglustjórinn þættist þurfa að takast ferð á hendur í þessu tilliti, og ætti því rjett til að fá ferðakostnaðinn endurborgaðan.

Fleira er ekki komið fram við frv. þetta frá því að það var við 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 370 (C. 449) samþ. í e. hlj,

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og endursent Nd.

Frumv. til laga um sölu nokkurra þjóðjarða (C. 425); 2. umr.

Árni Thorsteinsson: Frumv. stjórnarinnar um að að selja þjóðjörðina Á í Kleifahreppi hefur orðið h. Nd. undirstaða til að byggja á sölu þriggja annara jarða. Að vísu hefur komið til orða í Nd. að selja fleiri jarðir, en þessum þremur jörðum einum hefur hlotnazt að ganga í gegn.

Viðvíkjandi fyrstu jörðinni, Á í Kleifahreppi, hef jeg ekki mikið að athuga. Þó ímynda jeg mjer, að ekki sje neitt sjerstakt, er mælir með sölu hennar. Jeg hef ekki átt kost á að kynna mjer sjerstakar skýrslur um verð hennar. En mjer er kunnugt um, að landskuldin hefur verið 150 ál. og leigur 80 pd. smjörs, og er eptir því 850 kr. of lágt kaupverð, ef engin sjerstök áföll hafa komið fyrir, sem jörðin hefur rýrnað af.

Um Meiðastaði í Rosmhvalaneshreppi, sem nefndin í Nd. hefur lagt til að væri seld fyrir 2500 kr., skal jeg taka fram, að það er ágæt jörð, vel fallin til sjávarútvegs. Núverandi ábúandi hefur eigi búið þar lengi, og er jörðin öllum byggileg. Það er kunnugt, að menn streyma til sjávarins til að leita sjer atvinnu, og er mjög erfitt að fá verstæði við sjóinn, og opt svo dýrt, að það keyrir fram úr öllu hófi. Jeg held því, að þessi jörð megi verða miklu meira virði, ef hún er ekki seld nú. Ein ástæða, sem hjer á þingi hefur verið borin fyrir því, að selja þjóðjarðir, er sú, að nokkuð af afgjaldinu gangi í borgun til umboðsmanns; en hjer fellur þessi ástæða burt, því sýslumaðurinn í Gullbringusýslu fær ekkert fyrir innheimtuna eða umboð sitt yfir þjóðjörðum. Nd. hefur ekki tekið fram neinar ástæður fyrir því, að fallast á þetta verð, sem hjer er sett, og veit jeg ekki til, að neinar skýrslur sjeu fram lagðar. En jeg þykist viss um, að jörðin sje meira virði, og að það sje ekki rjett að selja hana, sízt fyrir þetta verð.

Hin þriðja jörð, sem frumv. nefnir, er Feigsdalur í Dalabreppi, og er hún 30 hndr. að fornu mati, en 28 hndr. að nýju. Eptir jarðabók Á. M. er landskuld talin $2^1/_2$ hndr., og lítur eptir því svo út, að jörðin sje eigi slæm jörð, en nú hefur h. Nd. samþ. að selja hann fyrir 1700 kr., og þingm. Barðstrendinga gjörði jafnvel tilraun til að útvega einum kjósenda sinna hana fyrir 1600 kr. Afgjaldið hefur verið 64 kr., og eru þar eigi heldur goldin umboðslaun. Álít jeg það of lágt verð, að selja hana fyrir 1700 kr.

Þá kemur loks Þykkvibær í Kleifahreppi. Nefndin segir, að það hafi áður komið til tals á þinginu, að selja hana fyrir 1800 kr., en jeg held þó ekki, að það hafi orðið að lögum. Nú ber svo við, að þetta er að eins ein hálflenda, sem talað er um að selja. Kirkjubæjarklaustur á aðra hálflenduna, en Þykkvabæjarklaustur hina. Það sjest eigi af neinum skjölum, hver hálflendan það er, sem hjer er farið fram á að selja; en af atburði

hef jeg frjett, að það væri Þykkvabæjarklausturs-hálflendan. Jeg verð að telja það mjög iskyggilegt, að selja aðra hálflenduna, ef hin er óseld, sjerstaklega ef svo er, að útjörð er óskipt, sem jeg álít að sje víst. Jeg fyrir mitt leyti er ekki svo hugaðar, að jeg vilji selja jarðir svona út í bláinn. Það ætti nákvæmlega að rannsaka, hvers virði hver jörð er, og hver ástæða er til að selja hana. Jeg sje að vísu eigi til neins að stinga upp á nefnd, en vil að eins óska þess, að hver jörð sje borin upp fyrir sig.

Þar sem talað hefur verið um, að efasamt væri, hvort 2. gr. væri tryggilega orðuð, álít jeg að hún sje samkvæm lögum 4. nóv. 1887, og ekkert athugavert við að hafa hana eins og hún er.

E. Th. Jónassen: Jeg er samdóma h. varaforseta (Á. Th.), að söluverðið á Meiðastöðum, eins og það er ákveðið undir tölul. 2 hjer í frumv., er mikils til of lágt. Enn fremur skal jeg geta þess, að það hefur ekki komið einn einasti stafur frá sýslumanni til amtmanns um, að jörð þessi væri föluð til kaups, en jeg hef raunar sjeð, að beiðni um að fá jörðina keypta hefur verið lögð fram á lestrarsalinn; allt fyrir það álít jeg það skyldu mína, að vera á móti að hún sje seld fyrir þetta umrædda verð, því jeg er viss um, að margir mundu vilja gefa helmingi meira fyrir hana, eða fullar 5000 kr. Jörðin er mikil útvegsjörð og allt útlit fyrir, að hún muni fremur stíga í verði heldur en hitt.

Viðvíkjandi Feigsdal, undir tölul. 3., þá er mjer kunnugt um, að sú jörð hefur orðið fyrir töluverðum skemmdum af skriðuhlaupum, svo eptirgjaldið var fyrir nokkrum árum sett niður í 100 álnir úr 120; það hefur að vísu verið hækkað aptur frá síðustu fardögum, en eptir skýrslum, sem hafa komið fram áður, þá eru þessar 1700 kr., sem frumv. ákveður, nóg fyrir jörðina, því hún hefur orðið fyrir miklum skemmdum á síðustu 30 árum.

Jarðirnar í Skaptafellssýslunni álít jeg rjett að selja fyrir þetta verð, sem frumv. getur um, því það eru ýmsir ókostir við þessar jarðir, og þær eru allt af að ganga úr sjer fyrir sandfok, sem þær liggja undir, svo það er lítil von um að fá hærra verð fyrir þær en hjer er farið fram á.

Jeg vildi að síðustu leyfa mjer, þó jeg viti þess þurfi eigi, að óska, að forseti leyfi, að hver jörð yrði borin undir atkvæði út af fyrir sig.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, af því að jeg er kunnugur Meiðastöðum síðan jeg var sýslumaður í Gullbringusýslu og umboðsmaður, að þetta verð, sem frumv. til tekur, 2500 krónur, nær engri átt, og jeg er viss um, að það mætti fá fyrir jörðina 4—5 þús. kr., svo það væri mikið óráð að samþykkja þessa grein eða greinarlið frumv.

Jón Ólafsson: Viðvíkjandi 4. tölul. vildi jeg benda h. deild á, að það mundi að mínu áliti horfa til vandræða fyrir stjórnina, hvernig hún ætti að haga sölunni, ef báðir ábúendurnir eða annarhvor óskaði að kaupa aðra hálflenduna eða báðar. Það stendur ekkert um það í þessu frumv., *hvora* hálflenduna á að selja, og það fylgja heldur eigi neinar skýrslur með því, sem það verði ráðið af. Jeg ímynda mjer, að stjórnin gæti selt hvora sem hún vildi eða báðar, því gæti hún það eigi, mætti hún hvoruga selja, eða máske hún ætti að fara að leita sjer upplýsinga hjá umboðsmanninum í Skaptafellssýslu og það eigi að vera á hans valdi, hvora hálflenduna megi selja? Jeg treysti mjer ómögulega að svo stöddu, að gefa þessum tölul. atkvæði mitt.

Sighvatur Árnason: Út af orðum h. varaforseta (Á. Th.) við 1. umr. þessa máls viðvíkjandi 2. og 3. í lögum 8. nóv.

1883, þá vil jeg geta þess, að jeg get eigi álitið, að það sje nægilegt, að frumv. þetta vitni í þau lög, að því er snertir framkvæmd sölunnar og söluskilmálana, einkum og sjer í lagi þegar litið er til þess, hvernig 2. gr. í lögum þessum er orðuð; þar er nefnil. ákveðið, að landshöfðingi skuli ráðstafa sölunni á *áðurgreindum* jörðum, er *þá* var gefin heimild til að selja, en þar er eigi sagt, að það skuli einnig gilda fyrir þær jarðir, sem síðar yrðu seldar. 3. gr. get jeg fremur fellt mig við, með því ætla má, að hún geti staðið, ef þetta frumv. vitnar í hana, þó lögin að öðru leyti falli (31. jan. 1890), en jeg álít, að 2. gr. þurfi að taka upp í lög þessi, og jafnvel líka 3. gr.

Jakob Guðmundsson: Jeg skal geta þess, að umboðsmaður Skaptafellssýslu hefur gefið mjer þær upplýsingar, að það sje Kirkjubæjarklausturs hálflendan, sem hjer er átt við, og hann sagði, að verðið væri nógu hátt.

Jón Ólafsson: Jeg skal geta þess, að þar sem þess er getið í nefndaráliti neðri deildar, að samþykkt hafi verið af alþingi 1887, að selja Þykkvabæjarhálflenduna fyrir 1800 kr., þá er það alls eigi rjett; slíkt hefur aldrei verið samþykkt.

E. Th. Jónassen: Jeg vil bæta því við athugasemd h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að salan mun eigi hafa verið samþykkt í báðum deildum 1887, heldur að eins í neðri deild, en hefur líklega fallið hjer í deildinni.

ATKVÆÐAGR.: Formáli 1. gr. og 1. tl. samþ. með 8 samhlj. atkv.; 2. tl. felldur með 9 samhlj. atkv.; 3. tl. samþ. með 8 samhlj. atkv.; 4. tl. felldur með 6 : 4 atkv.; 1. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 9 samhlj. atkv.; 2. gr. samþ. með 9 atkv.; 3. gr. samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um að meta til dýrleika yrkta lóð í kaupstöðum (C. 445); 2. umr.

Sighvatur Árnason: Það hefur verið tekið fram við hinar fyrri umræður málsins, að töluverð ástæða væri til að hafna þessu frv.; er jeg því samþykkur, svo jeg þarf ekki að taka þær ástæður upp aptur, sem þá voru teknar fram. En það er einnig önnur ástæða í huga mínum, sem kemur mjer líka til að hafna frv.; hún er sú, að hjer hefur komið fram í deildinni fyrir nokkru frv. til laga um að meta til dýrleika jarðir nokkrar í Skaptafellssýslu; en frv. þetta var felllt af þessari h. deild; áleit jeg það þó hafa við góð rök að styðjast. Ef því þetta frv., sem hjer liggur fyrir, nær fram að ganga, þá álít jeg það vera mjög ósamhljóða fyrir deildina.

E. Th. Jónassen: Mjer finnst ástæður h. þm. Rangv. (Sig. Á.) ekki vera góðar; því jeg fæ ekki sjeð, þó að frv. um að meta jarðir í Skaptafellssýslu hafi verið felllt, þá sje ástæða til að fella þetta frv; jeg get vel ímyndað mjer, að sumir, sem voru á móti fyrra frv., verði með þessu frv. Mjer finnst frv. vera svo meinlaust, að ekkert sje athugavert við að samþykkja það. Hjer getur heldur eigi legið fiskur undir steini, því í frv. sjálfu stendur, að þeir sem vilja fá matið verði að borga kostnaðinn sjálfir. Eins og jeg hef tekið fram við síðustu umr. um þetta mál, finnst mjer eigi vera ástæða til að fella frv. vegna þess, að það hafi áhrif á húsaskattinn; jeg held sem sagt, að það muni verða að gagni, en eigi ógagni.

Jón Ólafsson: Jeg er enn sömu skoðunar og við 1. umr. þessa máls, að frv. þetta muni ekki gera gagn, heldur ógagn. Það getur eigi verið neinum efa undirorpið, að þetta frv., verði það að lögum, hlýtur að hafa áhrif á gjöld til landssjóðs og kirkju; það hlýtur að breyta þeim; það er engin efi á því, að við það mundu

ýmsir menn losna við húsaskatt og kirkjugjald. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) og h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) lásu við 2. umr. meira upp úr 2. gr. húsaskattslaganna, en jeg hafði tilfært; en jeg var þá „dauður", svo jeg gat eigi svarað þeim. Jeg skal játa það. að þeir hafa rjett fyrir sjer í *því*, að þetta frv. nái að eins til kaupstaðanna; en þeir gá ekki að því, að í lögsagnarumdæminu Reykjavík, er ekki nema þriðji parturinn Reykjavík, því jeg veit ekki betur, en að takmörk kaupstaðarins að austan sje lína dregin frá lækjarósnum gegnum hús Einars trjesmiðs að Skálholtskoti; en takmörkin að vestan eru úr Merkissteini gegnum hús kaupmanns Geirs Zoëga og þaðan í Tjörnina; hjer á milli er kaupstaðurinn; en öll önnur hús í Reykjavík eru ekki í kaupstaðnum. Þannig búum við báðir, 2. h. kgk. þm. og jeg, fyrir utan kaupstaðarlóðina, því að húseignir okkar eru fyrir utan takmörk, kaupstaðarins. Allt svo losna þeir, sem búa fyrir utan þessi takmörk vafalaust við húsaskatt og kirkjugjald, ef þeir hafa kálgarð eða blett undir, sem meta má til dýrleika. Ennfremur er það viðsjárvert, að bera fram frv., sem sjerstaklega snertir Reykjvík, án þess bæjarstjórninni sje gerður kostur á að gefa upplýsingar um gjaldbreytingar þær, er af frv. geta stafað; jeg fyrir mitt leyti hefi ekki getað aflað mjer neinna upplýsingu um það; tíminn er of lítill til þess. Jeg vil þessvegna ráða h. deild til þess að samþykkja eigi frv. að þessu sinni; en þó einhverjir gagnsmunir sjeu í frv., sem huldir sjeu fyrir manna sjónum, þá sje jeg eigi hvaða nauðsyn ber til þess að samþykkja það nú; þeir sem vilja fá svona mat ættu að gefa bæjarstjórninni glöggar upplýsingar um hagsmuni þá, sem það hefur í för með sjer.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal einungis taka það fram, að hætta sú, sem h. þm. Sunnmýl. (J. Ól.) fann í frv., hún er ekki svo stór, sem hann sagði; því í 1. gr. stendur: Hver sá er á lóð í *kaupstað* o. s. frv.; af þessu leiðir, að þeir sem búa fyrir utan kaupstaði geta eigi haft gagn af frv. Þeir geta ekki sloppið undan skatti, því þó maður eigi hús fyrir utan kaupstað, en lóð og tún og jafnvel kálgarð í kaupstaðnum, þá getur hann ekki sloppið; honum tjáir eigi að segja: þetta mitt hús fyrir utan kaupstaðinn nota jeg til ábúðar, til þess að rækta tún mitt inn í kaupstaðnum. En jeg skal játa h. þm. Sunnmýl. því, að frv. er svo óheppilega orðað, að það mun ekki ná tilgangi þeim, sem í því liggur; og verið getur, að tilgangurinn sje sá, sem hinn h. 1. þm. Sunnmýl. sagði. Þessvegna mun vera skaðlaust að fella frv.

E. Th. Jónassen: Jeg vil vekja athygli h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) á því, að þarsem þann sagði, að sjer líkaði það ekki við frv., að bæjarstjórnin væri ekki spurð um gjaldabreytingar þær, sem af því gætu leitt, þá stendur þó í 1. gr., að lóðina má ekki meta nema hlutaðeigandi bæjarstjórn álíti. að hún hafi stærð til þess o. s. frv., matið er því eingöngu komið undir bæjarstjórninni; hún getur neitað hvenær, sem hún vill. Jeg vildi aðeins vekja athygli h. þm. að þessu.

Jón Ólafsson: Jeg játa það, að h. 5. kgk þm. (A. Ól.) hefur rjett að mæla; frv. er ekki heppilega orðað til þess að ná tilgangi sínum. En þó geta tilfellin, sem jeg benti á, komið fyrir. Jeg vil taka til dæmis; jeg tek Austurvöll á leigu til heyskapar, en hús mitt er ofarlega í Bankastræti og því utan kaupstaðar-takmarka, þá fæ jeg eigi annað skilið, en að jeg sleppi við húsaskatt og kirkjugjald eptir skýlausum fyrirmælum laganna, því jeg nota það til ábúðar við Austurvöll, sem auðgefið yrði að fá metinn til dýrleika. Að matið geti eigi fram farið án samþykkis bæjarstjórnar, get jeg ekki sjeð að sje ákveðið í frv.; jeg sje ekki, að hún geti neitað því eptir 1. gr. Bæjarstjórnin

skal á það eitt líta, hvort bletturinn er nógu stór til að metast; en sje það, þá getur hún eigi neitað að matið skuli fram fara; bæjarstjórnin á að tiltaka býli, sem matsmenn eiga að hafa sjer til fyrirmyndar við matsgjörðina; en hún hefur alls eigi vald til að fyrirmuna mönnum matið. Jeg skal enn þá taka undir með h. 5. kgk. þm. (A. Ó.), að frv. er nærri gagnslaust til þess að ná tilgangi þeim, sem til var ætlazt.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. felld með 9 : 1 atkv.; 2.—3. felldar með 9 samhlj. atkv. hvor. Þar með var frv. allt álitið fallið.

Frv. til fjárlaga fyrir 1890 og 1891 (C. 434); 1. umr.

Jón Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því að fimm manna nefnd sje sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Samþykst var í einu hljóði að sitja nefnd í málið og hlutu þessir kosningu:

Árni Thorsteinsson	með	8 atkv.;
L. E. Sveinbjörnsson	—	8 —
Arnljótur Ólafsson	—	7 —
Sighvatur Árnasson	—	7 —
Jón Ólafsson	—	7 —

Fyrsta umr. málsins var frestað.

Þrítugasti og sjöundi fundur, þriðjudag 13. ág. kl. 1. e. h. Allir á fundi.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 347, 445); frh. 1. umr.

Framsögum. meiri hl. (Jón A. Hjaltalín): H. deild hefur nú fyrir sjer álit nefndarinnar (C. 445); held jeg að aðalstefna nefndarinnar sje þar svo ljóslega fram tekin, að jeg þurfi eigi að fara mörgum orðum um málið að þessu sinni. Frá því er þessi stjórnarbarátta hófst, hefur konungkjörnum þingmönnum verið borið á brýn, að þeir vildu enga sammvinnu reyna, og skal jeg ekki bera af þeim, að þeir hafa ekki komið fram með beinar uppástungur. En ef jeg á að geta til, af hverju það kemur, er að minnsta kosti ein ástæðan sú, að þeir hafa þótzt sjá, að enginn árangur mundi verða af uppástungum í þessu máli, enda hefur enginn árangur orðið af tilraunum þingsins enn, hvorki 1885 eða 1887.

Eins og h. deildarmenn sjá, höfum við í þetta sinn reynt miðlunarveg, og skil jeg eigi aunað en að það hljóti að vera hverjum manni ljóst, að þar sem tveir aðilar eru, og annar aðillinn hefur allt afl til að neita, þá verða aldrei nein úrslit máls nema svo, að hinum aðilanum takist að sannfæra hann, svo að hann vilji veita honum bæn hans. Jeg skil eigi annað en að allir sjái, að það er enginn árangur hugsanlegur af því að eins að heimta og heimta. Við þekkjum að eins hjá óþekkum börnum þetta sífellda: „Jeg vil fá, jeg vil fá“; og við þekkjum einnig mæður, sem kaupa á sig frið með því að láta eptir þeim það sem þau heimta; en við teljum ekki slíkar mæður í tölu hinna vitru, og veit jeg eigi til, að ástæða sje til að líkja stjórninni við óvitra móður, sem láti eptir heimtingunni tómri, ef hún er nógu opt endurtekin. Jeg skil eigi, að nokkur maður geti haft þá samfæringu, að það eitt leiði til heppilegra úrslita, að halda til streitu þeim kröfum, sem fela í sjer þau meginatriði, er stjórnhefur lýst yfir, að hún geti með engu móti gengið að.

Jeg skal eigi að svo stöddu segja, hvort þetta, er nefndin hefur stungið upp á, getur átt von um framgang, eða hvort það eru hin heppilegustu úrslit; en það hefur að minnsta kosti eitt til síns ágætis, að það höggur ekki í sama farið. — Um ágreiningsatriðin er ekki ástæða til að tala fyrst um sinn, en hún getur komið síðar við umræðurnar.

Skúli Þorvarðarson: Jeg finn ekki

ástæðu til að verja nú löngum tíma til að færa ástæður fyrir þessum fáu línum, sem jeg á í nefndarálitinu, þingskj. 369 (C. 445). Jeg vil einungis segja fyrir mína sannfæringu, að mjer finnst tillögur meiri hluta nefndarinnar sjúga allan merg úr meginatriðum frv. þess, sem nefndin hafði til athugunar, og gat jeg því eptir sannfæringu minni ekki haldið saman við meðnefndarmenn mína, af því að mjer fanst hann ganga allt of langt í því, að upphefja þær meginreglur, sem samþykktar hafa verið á þingunum 1886 og 1887, og sem h. N d. nú síðast hefur samþ. með öllum þorra atkvæða. Auk þess virðist mjer þjóðkjörna þingmenn bresta umboð þjóðarinnar til að snúa svo stórvægilega aptur, eins og hjer er gjört af meiri hluta nefndarinnar. Jeg álít mjög vafasamt, að það sje heppilegt að samþykkja þessar, að mínu áliti óaðgengilegu breytingar á þessu þingi að þjóðinni fornspurði. Jeg vil ennfremur segja um þessar breytingartill. meiri hl., að jeg álít þær þannig, að ef þær yrðu teknar til greina, þá væri jeg í stórvafa um, að það yrði til nokkurs góðs eða umbóta því stjórnarfyrirkomulagi, sem nú er. Jeg skil ekki, að þessi umskiptingur í frumvarpsformi til stjórnarskipunarlaga sje svo aðgengilegur, að leggjandi sje verk upp á hann. Og jeg vil segja, að af tvennu mjer andstæðu, vildi jeg heldur kjósa þann kost, að búa við þá stjórnarskrá sem við nú höfum frá 5. jan. 1874 ennþá nokkur ár, heldur en aðhyllast þetta fóstur meiri hluta nefndarinnar.

Jakob Guðmundsson: Jeg virði mikils þann tilgang h. nefndar, sem framsögumaður meiri hlutans (J. A. Hj.) gat um, að reyna að fara miðlunarveg í þessu máli; því að sá tilgangur er góður; en aptur á móti finnst mjer, að nefndin hafi á sumum stöðum valið þau miðlunarmeðul, sem jeg álít, að hún hefði ekki átt að velja, þótt jeg að hinu leytinu geti fellt mig nokkurn veginn við sumar breytingar hennar. Jeg vil því reyna, að bera mig saman við nefndina og aðra háttv. þingmenn, til þess að vita, hvort mjer getur ekki komið saman við hana um ýmsar breytingar á uppástungum hennar. Þess vegna gef jeg atkv. með frv., og vil ekki fella það frá 2. umr.

Jón Ólafsson: H. framsögum. meiri hlutans (J. A. Hj.) tók fram það, er nefndinni hefði gengið til með breytingar sínar á frumv., en það væri það, að nefndin gæti ekki búizt við, að það mundi vinnast með tómri *heimting*, að fá framgengt breytingum á stjórnarskipun vor Íslendinga. Jeg er honum samdóma um það, að tómar heimtingar muni ekki ávinna það, ef þær eru á engu byggðar; en ef heimtingarnar styðjast við fullgild rök og eðlilegan rjett, þá hef jeg þá trú, að málið muni fá framgang fyr eða síðar. Jeg er þess vegna ekki samdóma honum um það, að allar tilraunir hlytu endilega að verða árangurslausar, þótt þessi vegur hefði ekki verið valinn, sem meiri hlutinn hefur nú valið.

Hins vegar hafa í þessu máli vakað fyrir mjer orð þess manns, sem vjer allir virðum mikils, Jóns Sigurðssonar, er hann sagði: „Ef jeg gæti sjeð, að vjer gætum þokað rjetti vorum, þó ekki sje nema eitt hænufet áfram, þá þætti mjer viðsjárvert að hafna því“. Því þykir mjer og viðsjárvert, að hafna þeim vegi, sem meiri hlutinn hjer hefur farið, af því að jeg tel víst, að sje laglega á haldið, megi á þeim vegi þoka rjetti vorum fram um stórt stig. Jeg vil heldur stuðla til, að ná fram þetta stig, þótt ekki sje með því allt fengið, sem æskilegt og nauðsynlegt er að fá fram, heldur en að bíða í sömu sporum enn um langa hríð, þó að jeg þykist um sigurinn víss á endanum. Náum vjer nokkuð áleiðis nú, þá stöndum vjer þó ekki á eptir ver að vígi, heldur en ef vjer stæðum í sömu sporum. — Jeg hef því kosið það,

að aðhyllast breytingar meiri hlutans; ekki af því, að jeg álíti þær allar hagfelldari en ákvæði frv., eða sumar einu sinni eins hagfelldar, — jeg álít þvert á móti sumar þeirra óhagfelldari —, heldur af því, að jeg vil ekki varna því, að málið í þessari nýju mynd kynni að fá framgang á þinginu, svo að þjóðin gæti sagt álit sitt um þessi ákvæði.

H. þm. Árnes. (Sk. Þ.) sagði, að sig skorti umboð frá kjósendum sínum til að samþykkja þetta frumv. *(Sk. Þ.:* Jeg sagði: frá þjóðinni). Hver þingmaður getur ekki haft umboð frá öðrum en kjósendum sínum. Jeg get ekki verið bundinn við skoðanir kjósenda í Reykjavík nje kjósenda í Gullbringu- og Kjósarsýslu, heldur að eins við skoðanir kjósenda minna. Þeir einir og engir aðrir kjósendur í landinu hafa fengið *mjer* umboð í hendur. — H. þm. Árnes. (Sk. Þ.) kvaðst þess vegna vilja ráða til að hafna þessum breytingum meiri hlutans. Ef svo hefði verið, að konungur hefði strax getað undirskrifað þetta lfrv. jafnskjótt, sem það yrði samþykkt af alþingi, og það hefði þar með orðið að lögum, þá hefði jeg getað skilið þessa röksemdaleiðslu hans, — en nú er ekki svo varið. Þótt konungur vildi af öllum huga staðfesta þetta frv., yrði það ekki lög að heldur að svo komnu máli. Þjóðinni gefst, ekki síður en stjórninni, kostur á, að segja álit sitt um málið. Jeg vil leyfa mjer að setja dæmi fyrir h. þm. (Sk. Þ.). Ef hann er sendur á sáttafund með umboð frá einhverjum manni, og svo kemur það í ljós á fundinum, að kostur er á, að sættast upp á kjör, sem umbjóðanda hans hafa eigi áður boðizt og hann því ekki vissi neitt um, þá er hann gaf honum umboðið, en kjörin eru þó svo löguð, að honum kann að virðast álitsmál um, hvort þau sje ekki vænlegri, heldur en hinn úrkosturinn, sem hann hefur, sem sje að fara í mál —, þá vil jeg spyrja: er þá rjett af honum að hafna þessu boði, af því hann gat ekki áður en tilboðið kom, vitað vilja umbjóðanda síns? Gjörir hann ekki rjettara í því, að fá frest, ef hann getur, til að leita vilja umbjóðanda síns, heldur en að hafna boðinu?

Hvort er þá rjettara nú hjer á þingi, að hafna þessum breytingum, sem fram eru komnar við frumv. þetta, og banna þjóðinni með því, að geta látið í ljósi álit sitt um það, — eða þá hitt, að aðhyllast breytingarnar? Því að afleiðingin af því er ekki önnur heldur en sú, að þjóðin fær að segja álit sitt. Verði niðurstaðan sú, að frumv. reynist of ljett á metunum hjá þjóðinni, þá þarf engan kvíðboga að bera fyrir því, að hún aðhyllist það, — hún hafnar þá við nýjar kosningar mjer og öðrum þeim þingmönnum, sem gefið hafa því atkvæði sitt, eða gjörir það að skilyrði fyrir kosningu, að þeir greiði atkv. móti því. Jeg er ekki formyndari minna kjósenda, heldur umboðsmaður þeirra; jeg vil því ekki taka af þeim ráðin, heldur láta þá hafa veginn og vandann af frv. og leyfa þeim að segja álit sitt um það. Það þykir mjer ábyrgðarminnst fyrir mig.

H. þm. Árnes. (Sk. Þ.) segir í ágreiningsatkvæði sínu: „Með breytingunum er gengið æði langt í því, að raska grundvelli þeim, er Íslendingar hafa fyr og síðar byggt á stjórnarkröfur sínar. Hjer er því að mínu áliti horfið frá þeirri stefnu, sem þjóðin í heild sinni og undanfarin þing hafa fylgt í þessu máli.

En álit minni hlutans er svo stutt, að jeg ekki segi stuttaralegt, og sömuleiðis var ræða hans áðan svo efnislítil og ótiltekin í ummælum sínum, að hann hefur ekki bent á, í hverju grundvellinum er raskað og í hverju breytingarnar fara í aðra stefnu en frumv. fer. Það er nærri því eins og hann hafi ekki lesið nje heyrt álit meiri hlutans áður en hann samdi sitt ágreiningsálit. Það er þó í sjálfu sjer ávallt mjög æskilegt, að minni hluti yfir höfuð taki enn ýtarlegar heldur en meiri

hlutinn fram ástæðurnar fyrir sínu máli. Vjer fengum heldur aldrei í nefndinni að heyra, í hverju það væri fólgið, sem þessi h. þm. (Sk. Þ.) finnur svo mjög að við meiri hlutann. Vjer fengum þar aldrei annað hjá h. þm. (Sk. Þ.), en að hann gæti ekki verið okkur samdóma. Hin einstöku atriði og rökin fyrir þeim ræddi hann aldrei við okkur. En eptir því, sem jeg hef heyrt utan að mjer síðan, lúta aðfinningar þeirra, sem hann mun vera málgagn fyrir, fyrst og fremst að fyrirkomulagi staðfestingarvaldsins. Því er svo fyrir komið í breyt.-till. meiri hlutans, að landsstjóri, sem nú er nefndur jarl — nafnið finnst mjer ekki gjöra neitt til — verður að segja til innan mánaðar, hvort hann staðfestir eitt lfrv. eða neitar því staðfestingu, eða í þriðja lagi: geymir sjer rjett til að leita vilja konungs í því efni. — Jeg hef heyrt eptir minni hlutanum eða þeim, sem hans málstað halda, að þessi ákvæði geti verið álitleg í fyrsta bragði, en mætti teygja eins og hrátt skinn; það væri þó spurning um, hvort þessi ákvæði væru oss til nokkurra hagsmuna í framkvæmdinni; þetta væri miklu fremur voðaleg ákvæði og í þessu væri eiginlega hopað á hæl frá því sem nú er. En jeg skal reyna að sýna og sanna, að hjer er *hvorki* hopað á hæl frá því, sem *nú er*, eða því, *sem fram á hefir farið verið á undanförnum þingum*. Eins og nú stendur, er *allt* staðfestingarvaldið hjá konungi og hans ráðgjafa í Kaupmannahöfn, og það alveg *takmarkalaust synjunarvald*. Þetta ástand er svo lagað, að aptur frá því er ekki unnt að hopa, nema með því, að veita konungi einveldi, svipta þingið sínu atkvæði. Það er fjarri því, að tillögur meiri hlutans stefni að þessu, heldur þvert á móti.

Berum svo saman við undanfarin þing. Þegar jeg opna alþingistíðindin 1885 og sje, að í frumv. því, sem þá var samþ. af báðum deildum alþingis, er svo ákveðið, að undirskript konungs eða landstjóra þurfi til að gefa frumv. alþingis lagagildi, þá getur engum dulizt það, að hjer í þessum breyt.till. eru alveg hin *sömu* ákvæði, alveg hin *sama* meining, þótt orðin sjeu önnur. Meira að segja, ákvæðin um framkvæmd staðfestingarvaldsins eru miklu skýrari og ákveðnari hjer, heldur en þetta nafnkunna: „konungur eða landsstjóri“ í frumv. frá 1885, 86 og 87. Það er því ekki hopað á hæl frá því, sem samþ. var 1885 og 1886 og 1887; og það sem var og þótti í alla staði æskilegt 1885, 1886 og 1887, getur ekki verið með öllu óhæfilegt 1889. Þessi breyting stendur því alveg á hinum sama grundvelli, sem byggt hefur verið á í báðum þingdeildum undanfarin ár.

Þegar jeg held nú lengra áfram og gizka mjer til, í hverju sje vikið frá grundvelli fyrri ára í frumv. þessu, þá verður þessu næst fyrir mjer annað grundvallaratriði málsins: færsla framkvæmdarvaldsins inn í landið og ábyrgð þess fyrir alþingi. En í þessu tilliti er heldur ekki vikið frá grundvelli hinna fyrri ára í breytingunum. Það stendur enn fast, að framkvæmdarvaldið skuli fara fram í landsráðinu, og að ráðgjafarnir skuli hafa ábyrgð fyrir alþingi á öllum stjórnarathöfnum. Hjer er því byggt á alveg hinum sama grundvelli sem 1885, 1886 og 1887. Og þetta hygg jeg vera tvö ein hin verulegustu atriði frumv.: færsla framkvæmdarvaldsins inn í landið og full ábyrgð þess fyrir alþingi.

Hið 3. aðalatriðið í frumv. er fjárforræðið. Það stendur enn óhaggað; og jeg vil jafnvel segja, að eptir þessu frv. með breytingunum er alþingi í fjárforræði sínu meira óháð, en eptir frv. frá 1885, 1886 og 1887. — Ef vjer undanskiljum Noreg einan, þá hefur engin þjóð í heimi, ekkert þing í heimi jafnörugglega tryggt sjer að lögum fullt fjárforræði, sem alþingi hef-

ur eptir þessu frumv. Eins og menn vita hafa Englendingar enga skrifaða stjórnarskrá, og spyrji maður Englending: hvernig getið þið verið öruggir um frelsi ykkar, þið sem hafið enga stjórnarskrá? — þá svarar hann: Stjórnarskráin mín er í buddunni minni! Og meiningin er sú: meðan jeg má sjálfur ráða fjármálum vorum, hef jeg mjer tryggt það frelsi, sem jeg get á kosið.

Þegar því Íslendingar hafa fengið meira fjárforræði en nokkur þjóð, sem útlendum konungi lýtur, já, meira fjárforræði en flestallar þjóðir, sem eru sjálfstæð ríki, þá er með því fengin sú framför, að þótt ekki væri nema það eina atriði unnið, þá væri vel viðunandi. Þetta eru þau 3 stóru grundvallaratriði sjerhverrar stjórnarskrár; þau standa öll óhögguð í þessu frumv.; og það vona jeg, að hver maður verði að játa með mjer, að það sje mikil umbót á stjórnarfari voru í þessum 3 grundvallaratriðum: Færslu framkvæmdarvaldsins inn í landið, ábyrgð fyrir alþingi og fullu fjárforræði.

Í ákvæðum vorum er heldur ekki, eins og jeg áður hef minnzt á, nein apturför frá því, sem nú er, með staðfesting laga frá alþingi. Nú þarf *hvert* frumv. frá alþingi að fara út fyrir hafið til að öðlast undirskript konungs, en eptir frumv. er hvert frumv. fyrst borið undir samþykki jarlsins; þyki honum þá frumv. eitthvað ísjárvert, getur hann borið það undir konung. Allt svo: hið *ýtrasta* tilfelli eptir frv. þessu er eins lagað og *öll* tilfelli eru eptir stjórnarfarslögum vorum nú.

Menn kunna að svara mjer: Það er ekki mikið unnið með þessu, úr því konungur hefur vald til að nema sjerhvert lagaboð úr gildi, sem jarl hefur samþykkt. Já, að vísu *getur* hann það eptir bókstafnum, en þó að eins innan ákveðins tíma; en hvernig mun slíkt reynast í framkvæmdinni? Eins og menn vita, mun það regla á þingi, að segja heldur nei en já, þegar menn eru í vafa um eitthvert mál. Það er nefnilega svo, að þegar breyting er gjörð á því sem er, er slíkt ábyrgðarhluti, ef maður er ekki handviss um, að breytingin sje til batnaðar, en ábyrgðarminna að halda því óbreyttu sem er; hinum sömu reglum mun vor núverandi stjórn fylgja; henni mun þykja ábyrgðarminna, þegar hún er í vafa, að synja lögum staðfestingar, en að staðfesta þau; en sje jarlinn *búinn* að staðfesta lög frá alþingi, mun hún hugsa sig *tíu sinnum* um, áður en hún fer að *nema þau lög úr gildi*. Hver yrði líka afleiðing þess, ef hún beitti því valdi mjög? Sú, að með því hryndi hún jarlinum meir og meir frá sjer og knýði hann til að laða sig meira að þinginu, en fjarlægjast stjórnina í Danmörku; svo að jeg viðhafi útlent orð: það yrði til að *consolidera* jarlsins *interesser* við þingsins. Það mundi einmitt styðja að því, að neyða jarlinn til að leita trausts hjá þinginu, heldur en útlendri stjórn, og ætti því það ekki að vera skaðlegt fyrir landið og stjórn þess. Þetta getur því í versta tilfelli aldrei orðið fet aptur á bak, heldur talsvert áfram, hvernig sem það er skoðað.

Jeg skal játa það, að það er eitt atriði í breyt.till., sem jeg ekki er ásáttur með, og sem jeg hef geymt mjer þangað til síðast að tala um, og það er samsetning efri deildar. Jeg hef tekið það fram í ástæðum mínum í nefndarálitinu, að jeg álít ekki þær breytingar hagfeldar, og vildi hafa þá tilhögun öðru vísi. Jeg hygg, að það muni eins dæmi í heiminum, að efri deild sje þannig skipuð; að ytra áliti er þessu svipað fyrirkomulagið í Canada; þar er efri deildin einnig stjórnkosin. En sá stóri munur er þar á, að stjórnin sjálf er þar í *rauninni* kosin af neðri deild, svo að það má álíta efri deild þar eins og kosna tvöföldum kosningum af neðri deild. Svo eru og þau ákvæði í Canada, að þar má enginn embættismaður

nje sýslunarmaður sæti hafa, nje heldur neinn, sem hefur laun fyrir verk sitt af opinberu fje. — En hjer er einnig í breyt.-till. sett ýms takmörk, svo sem það, að ekki megi vera nema 4 af þingmönnum efri deildar konunglegir embættismenn og 3 skuli vera úr hverjum landsfjórðungi, o. s. frv. En ef jeg sæi nokkurn mögulegleika til þess, að frumv. þetta gæti fengið framgang á þinginu með öðrum ákvæðum um samsetning efri deildar, þá skyldi jeg glaður vera með því; en þrátt fyrir þetta vil jeg ekki fella frumv. og afskera með því þjóðina frá að segja álit sitt um það; það þykir mjer of mikill ábyrgðarhluti.

Jeg get annars ekki bundizt þess, að minnast hjer á, hvað Stuart Mill segir um þetta atriði; hann, sem svo opt hefur verið vitnað í í þessari deild. Hann segir svo í bók sinni *Um þingstjórn*: „Sjerhver efri deild á þingi mun verða magnlítil til mótspyrnu, nema hún hafi stoð í sjálfri þjóðinni, að minnsta kosti talsverðan minni hluta á bak við sig. Það er minnst komið undir því, hvernig deildin er samsett, mest undir hinu, hvert bolmagn hún hefur í þjóðinni á bak við sig.“ — Sú var tíð, að lávarðadeildin á Englandi var mestu ráðandi á þinginu, þegar neðri málstofan var enn ekki vaxin upp í það, sem hún síðar varð; en þetta hefur breytzt; eptir því sem þýðing aðalsins hefur orðið minni, því voldugri hefur neðri málstofan orðið. Eins mun fara hjer að sínu leyti. Ef efri deildin hefur enga talsverða stoð hjá neinum hluta þjóðarinnar, mun hún ekki til langframa geta veitt mótstöðu ályktunum neðri deildar þingsins; en eigi hún stoð í þjóðinni, eða talsverðum hluta hennar, þá mun hún hafa áhrif og þá á hún það líka skilið.

Að öllu vel íhuguðu og þegar jeg veg galla þessara breytinga, einkum skipun efri deildar, móti þeim kostum, sem þær hafa í móts við það sem nú er, þá blandast mjer ekki hugur um, að hjer er stigið eigi alllítið spor áfram, og jeg álít það undir öllum kringumstæðum meiri ábyrgðarhluta, að afskera þjóðina frá því, að segja álit sitt um þetta, heldur en að gefa henni kost á, að taka það til álita.

Sjeu þessar tillögur felldar, er þar með þjóðinni með öllu varnað að láta skoðanir sínar í ljósi, því hinn einasti löglegi vegur fyrir þjóð til að gefa úrskurð eru *kosningar*.

Skúli Þorvarðarson: Mjer kom í hug gamall málsháttur undir ræðu h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.): „Hverjum þykir sinn fugl fagur, þó hann sje bæði rýr og magur“. Jeg get eigi láð h. þm. það, að hann lýkur lofsorði á tillögur meiri hlutans, því ætið er vissast það sem hver veitir sjer sjálfur; en þar sem hann sagðist ekki vita, hvaða umboð jeg hefði meint, þá var það umboð frá þjóðinni, sem jeg meinti, fyrst ákvæði Þingvallafundarins í fyrra sumar og svo áskoranir úr flestum kjördæmum landsins um að halda þessu máli fram á þessu þingi í sama efni og undanfarin þing. Jeg skal bæta því við, að jeg átti líka við umboð frá kjósendum mínum; því þó þeir hafi áður verið nokkuð reikulir í framhaldi málsins, einkum fyrir síðasta þing, þá er áhugi almennings í mínu kjördæmi nú fastur og gengur í sömu stefnu og sömu átt og að undanförnu. Þar sem h. þm. fann að því, að jeg hefði eigi fært miklar ástæður fyrir skoðun minni, þá hefur hann víst eigi getað ætlazt til, að jeg færi að tala um einstök atriði málsins við þessa fyrstu umr. *(J. Ól.*: En í nefndinni?). En jeg vil að eins benda honum og öðrum h. þm. á breyt. meiri hluta nefndarinnar við fyrsta kafla frumv., og ímynda jeg mjer, að þó h. þm. hafi haldið snjalla ræðu þeim til varnar, þá muni fleirum þm. en mjer þykja þær viðsjárverðar.

H. þm. (J. Ól.) tók það fram, að sjer sýndist vera varhugavert að aðhyllast eigi frumv. með breyt. meiri hlutans, til þess, að ef það með því móti gæti komizt í gegn um þingið, þá gæti þjóðin látið skoðun sína í ljósi og áttað sig á málinu fyrir næstu kosningar. En jeg sje ekki, að þetta sje sú eina aðferð til þess þjóðin láti skoðun sína í ljósi, einkum er hún nýtur hinnar góðu aðstoðar þm. S.-Múl. (J. Ól.); því ræður hans og rit um málið milli þinga, fyrst hann er svo alvarlega búinn að snúa sjer að miðlunarmáli milli þings og stjórnar, myndu ekki lítið gagn gjöra, enda kynnu fleiri góðir rithöfundar að styðja að sama; en auðvitað misstist eitt aukaþing, hvernig sem þjóðin þyldi það. Jeg skal játa það, að hjer liggur skynsamleg meining til grundvallar; en mjer finnst þjóðin hafa hugleitt málið og tekið sjer fasta stefnu fyrir þetta þing, sem nú stendur yfir; og við næstu kosningar getur hún látið í ljósi, hvort hún þá vill fylgja þessum vegi eða taka sjer nýja stefnu. Jeg verð að segja það, án þess að fara út í einstök atriði, að mjer finnst lítill munur á synjunarvaldi stjórnarinnar nú á hinu íslenzka löggjafarvaldi og apturkallsrjettinum ótakmörkuðum í öllum löggjafarmálum Íslands, sem meiri hlutinn leggur til; sje jeg ekki annað, en að þó jarlinn samþykki, þá standi löggjafarvaldið undir ráðum hins danska ráðgjafa, sem konungurinn skipar; þetta bætir eigi úr því, sem nú er; það er máske ekki verra, en það er að minnsta kosti lítið betra.

H. þm. S.-Múl. (J. Ól.) lagði mikla áherzlu á það, að með frumv., eins og h. meiri hluti vill breyta því, fengjum vjer alinnlenda umboðsstjórn með ábyrgð; jeg skal eigi neita því, að svo er fljótt á að líta að nafninu. Þó h. þm. hefðu ráðið til að aðhyllast frumv. óbreytt, þá hefðum við ekki fengið það síður. Jeg verð að segja, að mjer finnst framkvæmdarvaldið vera þröngt haldið eða rjettara sagt bundið við löggjöfina, þar sem það ekki má framkvæma neitt, nema það sje samkvæmt gildandi lögum, sem, eins og jeg hef áður minnzt á, liggur undir áliti ráðgjafa konungs í Danmörku, hvað öll ný lög áhrærir; svo að jeg hygg, að það geti ekki orðið að eins miklu gagni fyrir landið, og h. þm. vonar. Jeg finn eigi ástæðu til, að taka meir fram ástæðurnar fyrir skoðun minni, sem jeg hef svo fasta, að jeg get eigi vikið frá henni, nema jeg tali og greiði atkvæði móti sannfæringu minni, og vel jeg mjer ekki þann kost, hvorki í þessu máli nje öðrum.

Jón Ólafsson: Jeg vil beina einni spurningu að h. þm. Árn. (Sk. Þ.); hann áleit, að þjóðin gæti áttað sig á þessu máli og látið skoðun sína í ljósi, án þess frumv. þetta yrði samþykkt. Hvernig á þjóðin að láta skoðun sína í ljósi? Jeg þekki eigi nema einn lagalegan veg til þess, kosningarnar. Þm. (Sk. Þ.) hjelt, að þó þetta frumv. fjelli, þá mundi það ekki skaða; þetta getur verið, en það er tvísýnt; setjum, að þjóðin ljeti þá skoðun í ljósi, að hún vildi heldur fá þetta en það sem nú er. Hvað þá? Hefur hún *þá* jafnmikla trygging fyrir því, að frumv. gangi *þá* í gegn, og hún hefur miklar líkur til þess *nú?* Það er eigi víst, að afstaða þingmanna verði sú sama og nú er. H. þm. (Sk. Þ.) getur sjeð, að ef hinir þjóðkjörnu hjer í deildinni styddu frumv. nú, mundi það geta gengið hjer í gegn; en svo er það á valdi neðri deildar, hvað hún gerir við það.

Í annan stað áleit h. þm. (Sk. Þ.), að framkvæmdarvaldið væri of þröngt haldið, þar sem það væri „bundið við löggjöfina“. En hvaða löglegt og löghlýðið framkvæmdarvald getur framkvæmt annað en það, sem með lögum er staðfest? Jeg þekki það eigi; jeg vildi óska, að slíkt framkvæmdarvald fengjum vjer aldrei. H. þm. hefur víst meint, að löggjafarvaldið mundi geta komið litlu til leiðar, ef efri

deild alþingis væri svona samsett, sem meiri hlutinn fer fram á; en þetta kemur eigi framkvæmdarvaldinu við. H. þm. getur verið viss um, að þó lög verði eigi samþykkt frá þinginu í 10 ár, þá verðum við samt eigi lagalausir; jeg fæ eigi sjeð, að hvort sem afrek löggjafarvaldsins verða meiri eða minni, þá hafi það nein áhrif á starfsemi framkvæmdarvaldsins; það er víst vangá hjá h. þm. Árn. (Sk. Þ.).

Sighvatur Árnason: Jeg vil eigi gefa tilefni þess, að hristingur komi á hin gömlu holsár, eða að við þeim sje hreyft. Þau hafa að eins hrúðrað síðan 1874, en ekki þarf mikið til að rífa ofan af þeim, þó að eins hrúðruð sjeu. Jeg hef ekki haft tíma til að yfirvega breyt.-till. meiri hlutans en jeg leit sem snöggvast á þær í morgun, og þá rak jeg augun í efri-deildar-kjörið; þá flaug í huga minn, að jeg væri orðinn nærri því konungkjörinn; en er jeg yfirvegaði þetta betur, fann jeg, að ekki var svo; en mjer finnst, að ef breytingar meiri hlutans fengi fram að ganga óhaggaðar, að þá gæti jafnvel h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) orðið jarl. Jeg vil segja meira: mjer finnst minn h. sessunautur (Fr. St.) muni verða konungkjörinn, því svo er kjörinu hyggilega skipt í hina fjóra landsfjórðunga landsins, að slíku má vel við koma; þegar nú líka er litið til þess, að helzt muni verða fyrir jarlskjörinu ráðnir menn og reyndir, og þegar þess er líka gætt, að þessir jarlkjörnu menn til efri deildar eiga þar sæti um aldur og æfi, þá má ímynda sjer, að Jón jarl muni helzt kveðja roskna og á vissan hátt reynda menn til Ed.; því ef svo óliklega kynni að takast til, að Jóni jarli líkaði eigi við hinn konungkjörna Friðrik, þá er betra, að maðurinn sje roskinn, svo meiri von sje til, að fá tækifæri til að geta skipt um, því „ungur má, en gamall skal“. Jeg verð yfir höfuð að taka mjer málið svo ljett, sem jeg get. Satt að segja lít jeg svo á þetta mál, einkum þegar jeg skoða breyt. meiri hlutans, að við í þeim atriðum stöndum ver að vígi en áður; og jeg get ekki ímyndað mjer annað en að þjóðin muni verða mjög óánægð með þá skipun efri deildar, sem meiri hlutinn fer fram á, fyrst hún er óánægð með skipun hennar eins og hún nú er, sem alkunnugt má vera. Sannfæring mín er sú, þegar jeg lít til baka, og sje, hvernig aðal-landsmál hafa gengið, þau hafa hafzt fram eptir langa mæðu, og þar sem mjer finnst hjer vera um þjóðarnauðsyn að gera, og þjóðin hafa á rjettu að standa, að við þá ekki hopum á hæl, og þar með spillum fyrir sjálfum okkur, að minnsta kosti ættum við að geta haldið meðalveginn, en hjer er hopað á hæl; þó jeg á hinn bóginn álíti það rjettara, eðlilegra og sjálfsagðara, að halda fast við kröfur, sem eru sanngjarnar og á óhaggandlegum grundvelli byggðar, í þeirri von, að þær muni vinnast með tímanum, og að hin háttv. ráðgjafastjórn muni á endanum sjá og kannast við, að þær eru á góðum rökum byggðar.

Jeg skal eigi fara lengra út í þetta mál á þessu stigi, og það því síður, sem jeg eigi vil gefa að óþörfu tilefni til baráttu hjer í deildinni. Jeg ætla að geyma mjer að vekja athygli á öðrum breytingum h. nefndar; en jeg vil geta þess, að jeg er viss um, að því leyti, sem jeg þekki til, að fáir af mínum kjósendum og fáir landsmenn yfir höfuð mundu vilja skrifa undir svona lög, sem meiri hlutinn fer fram á, og munu menn álíta þau apturför frá því sem vjer höfum, í staðinn fyrir framför.

Jón Ólafsson: Jeg ætla eigi að svara spaugsyrðum h. þm. Rangv. (S. Á.) um stjórnarkosningarnar, því jeg held, að þar mundi hann standa nær en jeg, og fá fremur hlotið það hnoss, að komast í tölu hinna konungkjörnu.

H. þm. Rangv. (S. Á.) tók það fram, að mikill ókostur væri að skipun efri

deildar, og hann áleit það skipulag verra en það, sem nú er; jeg hef einmitt látið sömu skoðun í ljósi; jeg skal játa það, að mjer þykir þessi skipun Ed. verri en sú, sem nú er.

En á einu vil jeg vekja sjerstaka athygli; það er það, að báðir h. þm. Árn. og Rangv. (Sk. Þ. og S. Á.) hafa að eins minnzt á gallana á breyt. meiri hlutans, en ekki kostina; þetta verður þó að gera í hvívetna; þegar um einhverjar breyt. er að gera, verða menn allt af að vega hvað á móti öðrn, hvað menn vinna og hverju menn tapa. Þetta kemur opt í lífinu, að menn verða að vega hvort á móti öðru, til þess að sjá, hvers virði það er, sem menn vinna, og hvers virði það er, sem menn tapa; að þessu hafa h. þm. eigi gáð. H. þm. Rangv. (S. Á.) sá að eins galla á frumv., en hann sá ekki kosti þess; hann sá ekki, hve mikil bót er í frumv., þrátt fyrir þennan eina galla. Jeg vil spyrja h. þm., ef honum gæfist kostur á að kaupa lóð, sem gefur af sjer í hreinan ágóða t. d. 50 kr. á ári, fyrir eitt eða tvö hundruð krónur einu sinni fyrir allt, en hann ætti von um að fá hana ókeypis að arfi, ef hann lifði eigandann, væri þá hyggilegt að hafna kaupinu og bíða eptir meiri vinningnum, í stað þess að taka minni vinninginn strax? Hygginn búmaður segir víst *nei!* Það er engin vissa fyrir því, að hann vinni meira með því að bíða eptir meiri vinningnum, sem hann máske fær einhvern tíma seint og síðar meir, og það þótt hann eigi víst að fá hann.

Höfum vjer enga ábyrgð á því, að baka oss og næstu eptirkemendum vorum það tjón, að vjer og þeir verðum um ófyrirsjáanlegan tíma að fara á mis við það hagræði, sem þetta frumv. vafalaust mundi veita, að eins til að bíða eptir, að löngu síðar vinnist enn meira *í einu?*

Jakob Guðmundsson: Þegar jeg lít á breyt.till. nefndarinnar við frumv. þetta, þá verð jeg að segja, að jeg álít þær næsta ískyggilegar, og er að því leyti samdóma þeim, sem hafa andæft þeim; en jeg verð þó að álíta breyt.till. við 1. kafla enn þá meiri gallagripi heldur en nokkurn tíma breytingarnar á samsetning efri deildar, sem jeg er þó fráhverfur; því breytingarnar á 1. kafla hafa dregið úr honum allan merg, dregið úr honum það, sem við höfum verið að berjast fyrir um mörg ár, sem er að fá framkvæmdarstjórnina óskerta inn í landið og alveg óháða. Þó það sje mikið áhugamál, að fá löggjöf um þau mál, sem stjórnin sjálf hefur játað, að sje sjerstakt málefni Íslands, dregna inn í landið, þá er hitt miklu meira áhugamál, og jeg veit eigi nema jeg geti sætt mig við uppástungur nefndarinnar um samþykkt eða neitun jarls og konungs á lagafrumvörpum, ef jeg fengi bægt burtu eða umskapað breytingarnar við 1. kafla viðvíkjandi framkvæmdarstjórninni; jeg vil, sem sagt, bera mig saman bæði við nefndina og aðra deildarmenn um þetta atriði.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón A. Hjaltalín): H. sessunautur minn (J. Ól.) hefur tekið af mjer ómakið með að svara h. andmælendum meiri hluta nefndarinnar, og jeg get eigi fundið annað en hann hafi fullkomlega hrakið mótmæli þeirra. Þar sem h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) sagðist eigi vera búinn að lesa nema eina grein í nefndarálitinu, þá álít jeg heldur eigi rjett að svara honum *á þessu stigi málsins*, og gamlir þingmenn ættu að vara sig á, að fara út í einstakar greinir frv. *á þessu stigi málsins.*

Sigfvatur Árnason: Mjer dettur eigi í hug að fara út í einstök atriði á þessu stigi málsins, og skal því eigi fara að elta ólar við h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.); en jeg skal taka það aptur fram, að jeg hef og sagðist hafa veitt eptirtekt einni grein í nefndarálitinu, og get jeg eigi

gjört að því, þó hann taki skakkt orð mín. Jeg sje því síður ástæðu til að fjölyrða um þetta mál nú, þar sem er auðsætt, hvert sök horfir með það, og það mundi lítið duga, að fara að mæla móti meiri hlutanum. Það getur verið, að jeg tali meir um málið seinna, þó það hafi líklega litla þýðingu. En jeg vil segja h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) það, að jeg bjóst eigi við, að hann tæki orð mín svo skakkt, en vera má, að mjer hafi misheyrzt; maður getur vel lesið 1. grein, þó maður hafi eigi lesið 2., og jeg tel það lítinn sóma, að rangfæra orð manna, þó það hafi komið fyrir áður hjer í deildinni.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón A. Hjaltalín): Jeg skil eigi, hvernig h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) getur sagt, að jeg rangfæri orð hans, þar sem jeg einmitt hafði eptir honum þau sömu orð, sem hann sjálfur segist hafa sagt, *að hann hafi að eins verið búinn að lesa eina grein í nefndarálitinu.* Þetta sagði jeg að hann hefði sagt, og þá er mjer óskiljanlegt, hvað hann meinar með, að orð hans sjeu rangfærð.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. 423); 2. umr.

Jón A. Hjaltalín: Mig furðaði á, þegar frumv. þetta gekk til 2. umr. með miklum atkvæðamun, því jeg skil eigi, hvernig menn geta hugsað sjer, að frumv. þetta geti orðið til nokkurs gagns, þó að það verði að lögum. Það er auðvitað hægt að búa til lög um, að kaupmenn skuli vera búsettir hjer á landi, en þegar til framkvæmdanna kemur, þá held jeg annað verði ofan á. Jeg held að aldrei verði hægt að banna kaupmönnum að fara með vörur sínar til þess að selja þær erlendis, og það verður þá líklega ómögulegt að banna þeim með lögum að taka með sjer konuna og krakkana; og það gæti líka komið fyrir, að þegar hann ætlaði heim að vorinu, þá hefðu krakkarnir kvef, svo hann gæti hvorki tekið þá með sjer eða konuna frá þeim, svo heila hyskið ílengdist fyrir utan pollinn. En hvaða árangur hefðu þessi ákvæði, ef þau yrðu að lögum, þegar svo stæði á? Engan annan en þann, að kaupmaður yrði að hafa hjer 2 herbergi og vinnukonu að gæta þeirra. Í annan stað leggur frumv. band á verzlunina, og vjer höfum þó barizt fyrir frjálsri verzlun, eins og rjett er, en eigi fyrir að hafa hana frjálsa á öðrum endanum, en tjóðraða á hinum. Öll verzlunarbönd eru til bölvunar, og þó auðug ríki hafi getað staðizt um stund þrátt fyrir slík bönd, þá eru þau eigi betri fyrir það. Jeg teldi það mikla ógæfu fyrir þetta land, ef farið væri að hnekkja og skerða verzlunarfrelsið, því þó agnúar kunni að vera á verzluninni, þá væri mikil fásinna, að ætla sjer að bæta úr þeim með því, að leggja bönd á hana. Verzlunin mun lagast með tímanum, og það er eigi að eins kaupmenn, sem eiga að breyta og munu breyta henni, heldur einnig viðskiptamenn þeirra, landsmenn vorir, áður en verzlunin getur orðið svo hagfelld sem æskilegt er. Það eru þessir tveir flokkar, sem sjálfir eiga og geta bætt verzlunina. Lögin eiga ekki að eiga við hana fremur en orðið er.

Júlíus Havsteen: Það hefur ætíð verið mín skoðun, að alþingi ætti eigi að fara að kippa vexti úr verzluninni með óeðlilegum lögum, heldur ætti að efla hana sem mest með því, að gjöra hana frjálsa. Þessari reglu hefur hingað til verið fylgt, en nú sýnist uppi gagnstæð stefna; nú eru eins og að rísa upp gagnfræðingar, sem hafa aðra skoðun. Ef frumv. þetta yrði að lögum, kippti það burtu hinu fyrsta skilyrði fyrir hagfelldri verzlun, sem er samkeppnin; því það bolar burtu, eða að minnsta kosti er tilgangur þess sá, að

bola burtu fjölda kaupmanna, sem annars mundu geta skipt við oss. Mjer er sama hvort kaupmaðurinn er innlendur eða útlendur, ef hann gefur góða prísa og hefur góðar vörur. Þó það væri Kínverji eða Tyrki, þá mundi jeg verzla við þann kaupmann, ef hann gæfi bezt kjör. Jeg álít, að það yrði stórskaði, ef þetta frumv. næði að verða að lögum. Í hitt ið fyrra voru menn menn að rýmka rjett lausakaupmanna; nú er komið annað hljóð í strokkinn; nú ætla menn að gjöra þeim ómögulega alla verzlun hjer við land. Verzlun við norska timburkaupmenn hefur hingað til verið talin hagfelld fyrir landsmenn; með þessu frumv. á að veita henni banahöggið; ef t. d. efnalítill maður vill kaupa nokkur borð hjá lausakaupmanni, þá er það ómögulegt. Hvernig fer með eptirlitið, hver á að hafa gætur á, að lög þessi verði eigi brotin? Jeg sje eigi, að því yrði við komið, svo fulltryggt væri, nema lögreglustjóriun væri allt af út á skipi lausakaupmannsins. Enn fremur mundi frumv. þetta, ef það næði svo langt, að verða lög, verða í tölu þeirra lagaboða, sem hægt er að fara í kringum. Svo er hægt að segja: þú skalt vera búsettur hjer; en jeg hefði gaman af að heyra, hvernig höfundar frumv. vildu útlista, hvað þeir álíta að útheimtist til búsetu.

Jeg er alls eigi í neinum efa með, að jeg greiði atkvæði móti frumv., því það getur eigi orðið til neins gagns, heldur að eins til stórskaða.

ATKVÆÐAGR.: Eptir ósk eins þm. bar forseti undir atkvæði, hvort skipta skyldi 1. gr.; en það var fellt með 6 : 2 atkv. Síðan var 1. og 2. gr. felld hvor um sig með 9 samhlj. atkv., og var þá frumv. álitið allt fallið.

Frumv. til laga um uppfræðing barna (C. 361, 457); 3. umr.

Sighvatur Árnason: Við 1. umr. þessa máls, ljet jeg í ljósi að jeg áliti litla framför í frv. þessu frá þeim lögum, sem við höfum. En nú eru, eins og menn sjá, komnar fram nokkrar breytingar við það (C. 457), sem jeg álít til bóta, og jeg get nú gefið því atkvæði, ef breytingarnar komast að. Jeg skal eigi tefja fyrir málinu með því, að tala mikið um þessar breytingar, því þær liggja opnar fyrir, og jeg held mönnum muni vera það ljóst, að þær eru heldur til að tryggja, að kennslan sje vel af hendi leyst, og þar með er fengin nokkur umbót á frv., því það, sem að minni meiningu helzt mátti að því finna, var, að eptir því var allt of lítið aðhald og trygging fyrir, að gjört yrði það, sem lögin skipa. 1. breyt.till. gerir prófdómaranum hægra fyrir með að láta hann í samverkum með prestinum ákveða prófdaginn; hann gæti þá, ef hann þyrfti að fara í mörg prestaköll, ákveðið prófdagana svo, að hann þyrfti að taka á sig sem minnsta króka; þar á móti gæti þessum manni verið óhagfellt að taka á sig ferðalög sitt í hverja áttina, sitt í hvert sinn. Enn fremur er prófdómaranum undir tölulið 3 gefið vald til að kvarta, ef hann álítur prest eða aðra, sem hlut eiga að máli, hafa vanrækt skyldu sína, og jafnvel að kæra þá til sekta. 5. tölul. er dálítil efnisbreyting til þess að bæta úr vankvæðum, sem eru á frumv. þessu, þar sem prófdómaranum nú er ætluð þóknun eins í sínum eigin hreppi eins og fyrir utan hann; því það má ekki minna vera, en að hann njóti þessarar litlu þóknunar í hvert skipti.

ATKVÆÐAGR.: Forseti bar undir atkvæði, hvort breyt.till. þær (C. 457), er útbýtt hafði verið í fundarbyrjun, mætti taka til greina, og var það samþ. með 10 samhlj. atkv.

Síðan var 1. gr. frv. (C. 361) samþ. með 9 samhlj. atkv.; 2. gr. samþ. með 8 atkv.; breyt.till. við 3. gr. allar samþ.

(C. 457) með 9 atkv. hver, og 3. gr. þannig breytt sömul. samþ. með 9 samhlj. atkv.; breyt.till. við 4 gr. samþykktar, hin fyrri með 9 samhlj. atkv., hin síðari með 9:1 atkv.; 4. gr. þannig breytt samþ. með 9 samhlj. atkv.; 5. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.; 6. gr. samþ. með 7:1 atkv. Fyrirsögnin álitin samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumv. vísað til 2. umr. með 8:2 atkv.

Frv til laga um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje o. s. frv. (C. 406, 429); 2. umr.

Sighvatur Árnason: Út af því sem fram hefur komið við fyrri umr. málsins, að rjettara mundi að tiltaka eigi svo marga aðflutningsstaði, hefur sú breytingartill. nú komið fram, að hafa einungis Reykjavík, og virðist það vera töluverð trygging, með því ætla má, að hjer sje jafnan einna skarpast lögregluvaldið. 2. og 3. breyt. eru afleiðingar af þessu. Í 4. tölul. er að eins tekið fram, hvert sektirnar skuli renna, og ímynda jeg mjer að þessar framkomnu breytingar sjeu yfir höfuð þannig, að þeir, sem annars eru málinu hlynntir, sjeu eigi móti þeim.

Árni Thorsteinsson: Jeg hafði búizt við miklu meiri breytingum heldur en þeim, sem fram eru komnar, og kann jeg eins vel við upprunalega frv., eins og þó þessar breytingar kæmust á. Það er undarlegt, að eigi hefur verið stungið upp á meiri breytingu við 4. tölul. en þessari, að sektirnar renni í landsjóð. Mig minnir, að það kæmi fram í umræðunum umkvörtun yfir sektarupppæðinni, að hún skuli vera miðuð við 100 kr. að neðan, en hinumegmegin við ekkert annað en heiðan himininn.

Júlíus Havsteen: H. varaforseti (Á. Th.) man það eigi rjett, að talað hafi verið um sektarupphæðina hjer í deildinni. Hann hefur einungis minnzt á þetta atriði við mig privat. Jeg get ekki sjeð neitt á móti því, að hafa sektirnar eins og í hinum eldri lögum um þetta efni, og man jeg ekki að stjórnin hefði á sínum tíma neitt á móti að staðfesta þau. Hjer er sjerstök ástæða til að tiltaka lægsta stig sektanna, af því hættan er mikil, ef lögin eru brotin. Jeg get því ekki fallizt á privat-till. h. varaforseta (Á. Th.) í þessu tilliti. Hin verulegasta breyting er, að innflutningur er að að eins leyfður til Reykjavíkur, og er gjörð samkvæmt tillögu eða uppástungu h. þm. Skagf. (Fr. St.), en við flutningsmennirnir komumst að þeirri niðurstöðu, að það væri full nóg, að innflutningsstaðurinn væri einn, og að þetta fyrirkomulag veitti meiri trygging í alla staði.

ATKVÆÐAGR.: Allar breyt. tillögurnar (C. 429) við 1. gr. frv. (C. 406) samþ., sú 1. með 6:3 atkv., hinar tvær með 8 atkv. hvor; 1. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 6:5 atkv.; breyt.-till við 2. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.; 2. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 8 atkv.; 3. gr. samþ. með 8 atkv.; fyrirsögn frv. samþ. með 7 atkv. Málinu vísað til 3. umr með 6:5 atkv.

Tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1886 og 1887 (C. 427); hvernig ræða skuli.

Eptir till. forseta var samþ. ein umr. með því enginn óskaði að nefnd væri sett.

Tillögur til þingsálykt. um skilyrði fyrir landsjóðsstyrk til barnakennslu. (C. 426, 450); ein umr.

Sighvatur Árnason: Jeg hef leyft mjer að koma fram með nokkrar breyt.till., sem að vísu eru ekki stórvægilegar (C 450), en sem jeg þó vona, að sjeu heldur málinu til bóta. Viðvíkjandi 1.

tölulið skal jeg taka það fram, að skóli, sem hefur 12 nemendur, geti verið eins verðugur fyrir styrk eins og skóli með 15 nemendum, og eptir því sem jeg ímynda mjer um slíka skóla, hvað gagn þeirra snertir, að það sje ekki að öllu leyti komið undir nemandafjöldanum; því legg jeg það til, að þeir skólar, sem hafa 12 nemendur, geti einnig átt kost á að fá styrk, ef þeir að öðru leyti hafa gott orð á sjer. Á hina töluliðina legg jeg eigi svo mikla áherzlu, en álít þó betur við eiga, að það sje tekið fram, að áhöld skuli eigi skorta, með því það spillir kennslunni, ef nauðsynleg áhöld eru ekki fyrir hendi. Viðvíkjandi 3. tölul. er eðlilegt, að skýrsla fylgi yfir kennslu-áhöld skólans, svo að menn eigi hægra með að vita, hvort áhöldin eru nægileg.

Júlíus Havsteen: Jeg vil einungis beina þeirri spurningu til h. þm. Rangv., hver áhöld hann álítur helzt þörf á að kaupa, því að hjer er talað eigi einungis um skóla, heldur einnig sveitakennara.

Sighvatur Árnason: Meiningin er, að breyt.till. stefni mest að barnaskólum, eins og greinin sjálf ber með sjer. Allir vita, að skólar þurfa að minnsta kosti nauðsynlegar bækur, og þó að eigi kunni að vera venjulegt að kalla þær áhöld, þá væri þó gott að það sæist í skýrslunum, hvað fyrir hendi er af því, sem nauðsynlega þarf til kennslunnar. — Viðvíkjandi bókum álít jeg enda gott, að setja líkt ákvæði við umgangskennara; menn vita þess dæmi, að þeir hafa ekki getað orðið að því gagni sem skyldi, af því að vantað hefir bækur.

Jón Ólafsson: Jeg þykist skilja, að 2. breyting h. þm. Rangv. (S. Á.) eigi við 1. tölul. þingsályktunartill., og ætlaði jeg að greiða atkvæði með henni, eins og jeg skildi hana, ef hann hefði ekki sjálfur skýrt, hvað *hann* meinar með henni. Því ef bækur eru kennslu-áhöld, og það er meiningin að verja styrknum til bókakaupa, þá ættu eins umgangs-kennararnir að koma til greina. Jeg hjelt, að meiningin væri að kaupa t. d. hnött, uppdrætti af dýrum og af byggingu mannsins o. fl., og hefði svo verið, hefði jeg greitt atkv. með till. En ef átt er við bækur, þá get jeg ekki verið með; því að skólarnir hafa enga meiri þörf á bókum heldur en umgangs-kennaranir.

Árni Thorsteinsson: Jeg kann einmitt vel við, að hafa till. þannig; það er engin hætta á því, að keyptar væri óþarfabækur. Við „kenslu-áhöld“ verða að skiljast áhöld, sem þarf við kennsluna, en eigi bækur, enda gæti enginn skóli risið undir því að kaupa og leggja til allar þær bækur, sem þar eru notaðar.

E. Th. Jónassen: Þessi breyting gjörir kannske ekki mikinn skaða, en jeg álít hana með öllu óþarfa. Það stendur í 2. lið, að semja skuli reglugjörð fyrir skólana, er stiptsyfirvöldin samþykki, og í þá reglugjörð álít jeg sjálfsagt að tekin verði ákvæði um nauðsynleg kennsluáhöld, svo sem hnött, landabrjef, uppdrætti o. s. frv. Jeg held því að bezt væri að fella þessa till., svo að ákvæði hennar valdi eigi misskilningi.

Jón Ólafsson: Mín meining var að eins sú, að það sæist í umræðurum um þetta mál, að það væri ekki einasti skilningur sem látinn væri í ljósi, að það sem meint væri með kennsluáhöld, væru bækur, eins og h. þm. Rangv. hjelt fram. Jeg tel það t. d. ekki með kennslu-áhöldum latínuskólans, þótt skólinn eigi guðsorðabækur, svo sem sálmabækur, hugvekjur, húspostillu, og jafnvel *bænakver*.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. (C. 450) samþ. með 6 atkv. samhlj.; 2. breyt. felld með 7 : 4 atkv.; fyrri málsgr. 3. breyt. þar með fallin; síðari málsgr. felld með 6 : 5 atkv.

Tillagan þannig breytt samþ. með 10 atkv. samhlj.; og afgreidd aptur til Nd.

Tillögur til þingályktunar í reikningsmáli Arnarstapaumboðs (C. 426); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. orðalaust með 10 samhlj. atkv. og afgreiddar síðan til landsh. sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Frv til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889 (C. 431); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. orðalaust vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Þriðji fundur í sameinuðu þingi, þriðjudag 13. ágúst kl. 5 e. h. Allir á fundi.

Nefndarkosning til að úrskurða ferðakostnaðar-reikninga alþingismanna 1889, samkvæmt 37. gr. laga um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Samþykkt var að hafa 5 manna nefnd, og hlutu þessir þingmenn kosningu:

Jón Jónsson, þm. N.-þing	með	21 atkv
Þorvarður Kjerulf	—	21 —
Páll Ólafsson	—	18 —
Júlíus Havsteen	—	16 —
Skúli Þorvarðarson		16 —

Lögð fram skýrsla og reikningur um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“ (C. 267, 360).

Skýrsla gefin um „Þjóðhátíðarsjóðinn“, af Árna Thorsteinsson.

Kosin verðlaunanefnd samkvæmt 3. gr. í reglum um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“ 22. ágúst 1881.

Kosning hlutu:

Eiríkur Briem prestaskólakennari með 23 atkv., Steingr. Thorsteinsson kennari við latínuskólann, með 23 atkv., Kristján Jónsson yfirdómari, með 18 atkv.

Kosning framkvæmdarstjóra fyrir Söfnunarsjóð Íslands, samkvæmt lögum 10. febr. 1888, 7. gr.

Kosning hlaut Eiríkur Briem prestaskólakennari, með 29 atkv.

Þrítugasti og áttundi fundur, miðvikudag 14. ágúst kl. 1. e. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um eyðing refa (C. 322, 433); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): H. deild sjer, að nefndin hefur eigi getað fallizt á frv. það frá h. neðri deild, er hingað hefur komið, um eyðing refa. Nefndin hefur leyft sjer að taka fram ýmsa galla á frumv., og þá fyrst og fremst þann galla, að eptir 3. gr. skal kostnaðurinn við „eitrun“ ýmist greiddur úr sýslusjóði eða úr hreppssjóði, en aptur í 5. gr. er heitið verðlaunafje, en þess eigi getið, hvaðan eigi að taka það, og í einu orði hefur frumv. engin ákvæði um, hvaðan taka skuli kostnað við eyðing refa, nema þeim sje eytt með *eitrun*, og það þó með þeim takmörkum, að það sje gjört með saltpjeturssúru stryknin, en ef eitrað er fyrir refina með annars konar eitri, t. d. kransaugum, þá veit jeg eigi hvaðan ætti að taka kostnaðinn. Önnur aðfinning nefndarinnar snertir 7. gr. frumv., þar sem talað er um að leggja 5—100 kr. sektir á hreppsnefnd, ef hún vanrækir þær skyldur, sem henni eru á herðar lagðar í reglugjörðinni, í staðinn fyrir þau lagaákvæði, sem nú gilda og sem eru töluvert viðtækari. að þrýsta má hreppsnefndinni til hlýðni með aðhalds- eða þvingunarsektum. Enn ein aðfinning nefndarinnar er það, að henni fannst ákvæðin í 3.—9. gr. vera þess efnis, að betur ætti við að hafa þau í reglugjörð en í lagaboði, því það hagar svo ýmislega til í hverri sýslu og um land allt, að það er eigi auðið að búa til lög, sem eigi við alstaðar, og þess vegna eru reglugjörðir fyrirskipaðar í sveitastjórnarlögum vörum. Það er kunnugt, að sýslunefndum er skipað að semja reglugjörðir eptir tilsk. 4. maí 1872, 30. gr. 2. tölul., en eigi að

eins um refi, þó þeir sjeu hátt settir, heldur einnig um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, og svo koma ráðstafanir til þess að eyða refum o. fl. Jeg skal játa, að jeg er eigi kunnugur um land allt, og jeg held h. neðri deild sje það eigi heldur, en jeg hygg, að í Norðlendingafjórðungi sjeu refir eigi til stórskaða; heldur kann það að vera á Auturlandi, þar sem frumv. þetta mun eiga upptök sín. Jeg veit heldur eigi til, að nokur krakki, hvað þá heldur fullorðnir menn á Norðurlandi, ali upp refi; svo langt eru Norðlingar eigi enn komnir í framförunum; þann heiður munu Sunnlendingar eiga. Til þess nú að sameina í eitt það, sem 39. gr. 2. tölul. í tilsk. 5. maí 1872 tiltekur, höfum vjer leyft oss að koma með frumv. á þingskj. 361 (C. 433), og höfum snúið okkur sjerstaklega að því, er lá fyrir: refunum, fyrirkomulaginu um kostnaðinn, hvaðan hann skuli taka, og að fyrirskipa sektir og ákveða, hve háar þær skuli geta orðið, og að því leyti höfum vjer fylgt því, er stendur í 1. gr. frumv., að ákveða sektirnar allt að 200 kr., til þess að þóknast höfundum frumv. Jeg álít h. deild ætti að fallast á ráð nefndarinnar og fella frumv., því í rauninni er ekkert annað en ákvæðin um sektirnar unnið með því, þótt það yrði að lögum, með því að heimild er til í núgildandi lögum eða reglugjörðum að eyða refum á hvern hátt, sem þykir við eiga, hvort heldur er með kransaugum, dýrabogum eða skotum, og svo þessu „stryknini“, sem jeg veit ekki hvort fæst í nokkurri lyfjabúð á landinu; að minnsta kosti er mjer til efs um, að það fáist í lyfjabúðinni á Akureyri.

E. Th. Jónassen: H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) rjeð deildinni til að fella frumv. neðri deildar, og er jeg honum samdóma um það; en jeg vil líka ráða deildinni til að fella frumv. nefndarinnar á þingskj. 361 (C. 433); því mjer finnst óþarfi að vera að búa til lög um það, sem við höfum lög um, því samkvæmt 17. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar hefur hreppsnefndin vald til að jafna niður gjöldum, sem leiða af eyðing refa, og samkvæmt 39. gr. sbr. 52. gr. útheimtist samþykki amtsráðs til þess, að reglugjörðir sýslunefnda sjeu gildar. Það stendur reyndar í nefndarálitinu, að lagaheimild vanti til þess að leggja við sektir, ef reglugjörðir þessar eru brotnar, og það mun vera svo í norður- og austuramtinu, að reglugjörðir sýslunefnda hafi eigi samþykki amtsráðs, en hjer í suður- og vesturamtinu eru þær sendar amtsráði til staðfestingar, og þar er ákveðið, að sektir liggi við, ef út af er brugðið, og með brot móti reglugjörðunum skuli fara sem almenn lögreglumál, og þar höfum við fengið allt, sem með þarf. Rangárvallasýsla er hin eina sýsla í suðuramtinu, sem hefur eigi fengið reglugjörð sína staðfesta af amtsráði, og það er einmitt h. þm. þeirrar sýslu, sem situr í nefndinni, svo það var máske eigi við að búast, að honum væri kunnugt um þetta. Jeg álít því, að við þurfum engin ný lög; því við höfum eptir áður sögðu nóg lög um þetta efni; og ef hreppsnefndir vanrækja að gegna skyldu sinnu, má leggja á þær sektir. Hjer er því farið fram á, að koma með lög um það efni, sem við höfum fullskýr ákvæði um í núgildandi lögum. Það er því alveg ónauðsynlegt, að láta þetta frumv. ganga lengra, þó eigi sje hægt að segja, að það sje skaðlegt.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg skal játa að það sje rjett, sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði, að í 17. gr. seitarstjórnartilsk. 4. maí 1872 er heimild fyrir að jafna niður gjöldum, sem leiðir af notkun afrjetta, fjallskilum, fjárheimtum og ráðstöfunum við eyðing refa. En mjer er þó spurn, hvort hreppsnefndum er með þessari grein gefin heimild til að breyta gildandi lögum um niðurjöfnun á kostnaðinum við eyðing refa. Eða með

öðrum orðum: er hreppsnefndum gefið löggjafarvald? Eptir Jónsbók skal greiða refagjöld öðruvísi en að jafna þeim niður á hreppinn. Skoðun mín er sú, að 17. gr. geti veitt hreppsnefndum heimild til að jafna niður hinum öðrum kostnaði, en hvorki sú grein nje 39. eða 52. gr. gefur heimild til að jafna niður hinu tiltekna gjaldi til melrakkaveiða öðruvísi en Lögbók ákveður, eða heimild til að breyta gildandi lögum, og reglugjörð sýslunefnda getur, eptir tilsk. 4. maí 1872, eigi fremur numið lög úr gildi, þó amtsráð samþykki hana, en án þess. Það er heldur eigi til neins að ákveða í reglugjörðunum sektir þannig, að þeim verði náð eða þær afplánaðar, ef sá neitar, sem á að greiða. Jeg hef talað við lögfróða menn um þetta efni, og að þeirra áliti geta sektir samkvæmt slíkum reglugjörðum eigi verið svo gildar, að þær verði dæmdar með dómi eða afplánaðar. Nefndin kom með þetta frumv., af því henni fannst, að samþykki amtsráðs gæti eigi veitt reglugjörðunum nægilegt gildi í þessum atriðum.

E. Th. Jónassen: Jeg get eigi verið samdóma h. 5. kgk. þm. (A. Ó.), eða fallið frá skoðun minni á því, að samkvæmt 32. gr. sveitarstjórnartilsk. 4. maí 1872, tölul. 1, útheimtist samþykki amtsráðs til þess, að ályktanir sýslunefndar fái gildi, en það er líka nóg. Þessari reglu er allt af fylgt í suður- og vesturamtinu. Sektirnar ákveður sýslumaður, eða rjettara sagt dómarinn, þegar kært er fyrir honum, og því get jeg eigi sjeð af ræðu h. 5. kgk. þm. (A. Ó.), að frumv. sje óþarft, þar sem við höfum nóg ákvæði um þetta efni í lögum.

Júlíus Havsteen: Jeg get eigi verið samdóma h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) um skilning hans á sveitarstjórnarlögunum, tilskipun 4. maí 1872; þar er í 17. gr. talað um útgjöld þau, sem leiðir af eyðing refa, en ekki minnzt á sektir, og í 52. gr. er eigi tekið skýrt fram, að amtsráðið eigi að samþykkja reglugjörðir. Það eru enn lög eptir Jónsbók, að kostnaðinum við eyðing refa skuli jafnað niður á fjáreign; þessum lögum er ekki hægt að breyta með reglugjörðum; þess vegna hefur það vakað fyrir nefndinni, í fyrsta lagi að fá því slegið föstu, að kostnaðinum skyldi jafna niður á sveitarsjóðina, sem nú er orðin venja víðast hvar; í öðru lagi, að fá því slegið föstu, að amtsráð ætti að samþykkja reglugjörðirnar; og í þriðja lagi, að sýslunefndum sje heimilt í reglugjörðum að ákveða sektir fyrir brot gegn löggiltri reglugjörð; án slíkra lagaákvæða, sem heimila sektir í reglugjörðunum, er eigi með nokkru móti hægt að beita sektum, eða dæma menn í sektir.

Af þessum ástæðum er þetta frumv., sem nú er á dagskrá, nauðsynlegt; en fyrsta frumv. um eyðing refa er vafningssamt.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg vil bæta því við, að í sveitarstjórnartilskipuninni, 52. gr., 1. tölul., stendur ekki eitt orð um það, að amtsráðið skuli samþykkja reglugjörðirnar. Í fyrstu málsgrein stendur, að amtsráðið eigi að rannraka og úrskurða alla reikninga sýsluanna og með tilliti til yfirstjórnar á sveitamálefnum sýslunanna hafa á hendi það vald, sem getið er um í 39. gr. En í 39. gr. stendur, 1., 3. og 5. málsgrein, að ekki megi gera það, sem þar er tiltekið, án samþykkis amtsráðs, t. d. að sýslunefndin má eigi leggja niður lögferju án þess amtsráð leyfi; aptur er í 2. og 4. málsgrein ekki nefnt á nafn, að samþykki amtsráðs þurfi, og þó eru í 2. málsgrein einmitt ákvæði um reglugjörðirnar um eyðing refa og fleira. Af því nú að í sveitarstjórnartilsk. vantar lagaheimild til að ákveða dómtækar sektir, fæ jeg eigi betur sjeð en að nauðsyn sje á að fá slíkar lagaheimildir.

Jakob Guðmundsson: Jeg fæ eigi

annað skilið en að reglugjörðir, sem hafa verið samdar af sýslunefnd og samþykktar af amtsráði, hafi lagagildi; jeg veit, að þetta á sjer stað; eru menn ekki skyldir til að hlýða slíkum reglugjörðum? Jeg veit til þess, að í Dalasýslu hafa slíkar reglugjörðir tíðkazt og verið samþykktar af amtsráði; í þessum reglugjörðum hafa verið ákveðnar sektir fyrir brot, og svo kært fyrir sýslunefnd, þegar á móti var brotið.

Landshöfðingi: Mjer þykir það verstur ókostur á þessu nefndaráliti, að jeg sje, að frumv. nefndarinnar getur eigi fengið framgang nú, vegna þess, hve langt er liðið á þingtímann; frumv. getur ekki komizt í kring, ef það á að ganga hina venjulegu leið gegnum þingið. Afleiðingin af þessu verður sú, að frumv. frá Nd., sem eptir mínu áliti hefur í sjer ýmsar rjettarbætur, fellur niður, án þess nokkuð komi í staðinn. H. flutningsm. (A. Ó.) verður að játa það, að sumar aðfinningar nefndarinnar eru ekki á rökum byggðar. Í fyrsta lagi fann nefndin það að við 3. gr. frumv., að kostnaðurinn við eitrun skuli sumpart greiðast úr hreppssjóði og sumpart úr sýslusjóði; en þetta er eigi meiningin; seinni liður 3. gr á við hverjar þær ráðstafanir, sem gjörðar eru til að eyða refum; í Nd. hefur verið tekið fram, að nefndin þar hafi sjerstaklega hugsað sjer, að fengin væri refaskytta til að eyða refum í sýslunni, og þótti henni fara vel á því, að skyttunni væri borgað úr sýslusjóði. Þar næst fann nefndin það að, að í frumv. vantaði ákvæði um, hvaðan ýmsan kostnað við eyðinguna skyldi borga; en í sveitarstjórnarlögunum eru til ákvæði um það. Jeg skal aptur á móti játa það, að h. framsögum. (A. Ó.) hefur á rjettu að standa, þar sem hann sagði, að eptir fornum lögum, sem eru í fullu gildi, ætti að jafna kostnaðinum af eyðing refa niður eptir fjáreign; en nú er farið að tíðkast að jafna kostnaðinum niður í ýmsum hreppum eptir efnum og ástæðum; þetta er að eins venja, og eptir landshöfðingjabrjefi er það leyfilegt, en það er ekki byggt á fyrirmælum laganna.

Þá hefur frumv. nefndarinnar þetta tvennt fram yfir frumv. Nd., að kostnaðurinn við eyðing refa skal borgaður úr sveitarsjóði, og í öðru lagi, að reglugjörðir sýslunefnda verða yfir höfuð víðtækari; loksins eru í frumv. nefndarinnar veitt heimild til að ákveða í reglugjörðum sýslunefnda sektir fyrir brot gegn þeim. Í sveitarstjórnartilskipuninni er hvergi veitt heimild til að ákveða slíkar sektir, og þó það hafi verið tíðkað í suður- og vesturamtinu, og því máske verið hlýtt þar, þá er sjálfsagt nauðsynlegt að fá lagaheimild fyrir því. Að þessu leyti er frumv. nefndarinnar betra en frumv. Nd.; svo ef fyrirsjáanlegt væri, að það gæti fengið framgang, þá næðist með því allt það, sem frumv. Nd. fer fram á, og enn fremur fengist skýlaus lagaheimild fyrir tvennu, sem hingað til hefur verið tíðkað, en eigi að lögum.

ATKVÆÐAGR.: Eptir skriflegri ósk 5 nafngreindra þingm. var samþ. með atkv., að hætta umræðum, og málið síðan fellt frá 2. umr. með 10 : 1 atkv.

Frumv. til laga um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda (C. 433); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg leyfi mjer að leggja það til, að málið gangi til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 9 : 2 atkv.

Frumv. til laga um sölu nokkurra þjóðjarða (C. 425); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv., og afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum (C. 453); ein. umr.

Jón Ólafsson: Frumv. þetta kemur frá Nd. eins og það fór hjeðan, nema hvað h. Nd. hefur leiðrjett stýlinn hjá okkur með því að setja á einum stað orðið „háð“ í staðinn fyrir „undirgefin“. Jeg vona því, að frumv. nái einnig nú samþykki deildarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj., og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um viðauka við tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi (C. 453); 1. umr.

Friðrik Stefánsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að þriggja manna nefnd sje sett í mál þetta, með því að jeg álít það viðtækt og áhrifamikið, en frumv. á hinn bóginn breytingu þurfa, og eigi heppilegt, að það verði að lögum þannig óbreytt.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 6 : 5 atkv.

Júlíus Havsteen: Það er sannast að segja, að frumv. þetta er nýmæli; í fyrsta lagi af því, að það setur nýjar reglur, og er það eðlilegt; en í öðru lagi af því, að það umturnar öllum grundvallarreglum fyrir stjórn yfir höfuð; og í þriðja lagi af því, að það umturnar sjerstaklega öllum grundvallarreglum fyrir sveitarstjórn. Hreppsnefndirnar eiga eptir þessu frv. að ganga fyrir bændur og spyrja þá, hvað þær eigi að gjöra. En til hvers er þá að kjósa hreppsnefndir, ef þeim er ekki trúandi fyrir því, sem þær eiga að gjöra? Sama á að vera um sýslunefndir; þær eiga eins að leita úrskurðar og skipana þeirra, sem undir þær eru gefnir. Auk þessarar hugsunarvillu í frumv. mundi það hafa í för með sjer ýmsa vafninga og rekistefnu, sem naumast mundi auðið að komast fram úr. Það mundi jafnvel gera mjög mikinn skaða, því að aukútsvörin hafa þótt nógu þung, þótt þau sjeu eigi aukin um allan helming, til þess að koma fram ýmsum svonefndum framfarafyrirtækjum, sem samþykkt væri á hreppaskilafundum. Á slíkum fundum er opt ýmislegt lítt yfirvegað, og gæti jeg vel ímyndað mjer, að innan handar væri fyrir einstaka menn að róa undir bændum, að samþykkja þar vanhugsað ýms fyrirtæki, sem þeir iðruðust eptir eptir á.

Aðalætlunarverk sveitarstjórna er að sjá um uppeldi fátækra, og aðaltekjurnar til þess er fátækratíundin, og stendur í lögunum, að því sem á vantar megi nefndin jafna niður eptir efnum og ástæðum á þá, sem lögheimili eiga í hreppnum. Sveitastjórnir mega ekki greiða nein gjöld sem ekki eru ákveðin í lögum, sbr. 21. gr. sveitarstjórnartilsk., en sýslunefndum og amtsráðum er aptur á móti eptir 42. gr. nefndrar tilskipunar eigi fyrirmunað að leggja fram fje til ýmsra fyrirtækja. Þetta sýnir verulegan og skynsamlegan mun, og er ekki vert að raska að óþörfu þeim góða grundvelli, sem sveitarstjórnarlögin gefa. Jeg er því ekki í neinum vafa um, að hið einasta, sem þetta frumv. er fallið til, það er, að það sje fellt frá 2. umr.

Jón Ólafsson: Jeg get ekki verið samdóma h. 1. kgk. þm. (Júl. H.). Jeg fæ ekki sjeð, að það sje eðlilegt að leyfa sýslunefndum og amtsráði að leggja gjöld á menn, án vilja þeirra, en leyfa mönnum eigi að leggja sjálfum gjöld á sig. Jeg hef þá skoðun, að það sje eðlilegt, að menn ráði sjálfir þeim málum, sem eigi snerta aðra, og vilji einhver leggja fram fje til einhvers fyrirtækis, þá er það sjálfs hans sök. Það á ekki við, að vera að setja fullveðja mönnum formyndara.

Í þessu frumv. er ekki í neinu rýrt vald sýslunefnda og amtsráða, því þess valds get jeg að engu, að gjöra að engu vilja hinna undirgefnu í því, sem að eins snertir þá sjálfa. Jeg verð því að vera

frumv. þessu meðmæltur, og mun jeg greiða atkv. með því.

Arnljótur Ólafsson: Jeg játa, að það sje rjett og að jeg sje því meðmæltur, að hjeraðsstjórnirnar fái meira vald eptir því, sem tímar líða fram, enda er fyrirheiti um það í stjórnarskránni. *(J. Ól.:* 15 ára gamalt fyrirheiti!) En þegar jeg lít á þetta frumv., get jeg þó ekki verið með þessu frumv. — Samkvæmt 2. gr. er engin trygging fyrir því, að meiri hluti hreppsbúa vilji leggja á sig þessi auknu gjöld, sem leiðir af þeim fyrirtækjum, sem þar er talað um. — Áætlunina fyrir hreppsgjöldin er hreppsnefndin venjulega ekki búin að semja fyr en undir hreppaskilafund, og verður hún þá að koma með hana í vasanum á fundinn, án þess hreppsbúar hafi kynnt sjer hana áður hið minnsta. Þá er kannske ekki nema helmingur hreppsbúa til staðar á fundi, og svo segir hreppsnefndin: Viljið þjer fallast á þessa áætlun? Viljið þið kaupa nótabát, eða nafar, til að kanna mó í jörðu? „Já“ segja þeir, er gagn vilja hafa af nótnabátnum eða af nafrinum, og þá er gjaldinu fyrir þetta jafnað niður á menn, og sje þeir, sem not vona að hafa af þessu, í meiri hluta, svo er allt búið, jafnvel hversu margir hreppsbúar sem vera kunna fyrirtækinu mótfallnir. — En hvern rjett hefur hreppsnefndin að heimta þessi gjöld inn? Hún getur ekki tekið þau lögtaki svona út í loptið. Menn geta því samþykkt allra handa bollaleggingar, en það er ekki hægt að þrýsta þeim til að gjalda, ef þeir ekki gjöra það góðfúslega. — Jeg hygg því, að þetta frumv. sje svo vanhugsað og standi svo utan við vor sveitarstjórnarlög, að eigi sje unnt að bjarga því við, úr því nefndarkosning var felld. Það er eins og semjendur frumv. hafi forðazt eins og heitan eld, að líta nokkuð í sveitarstjórnarlögin.

Júlíus Havsteen: Út af því, er h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, skal jeg geta þess, að jeg skyldi ekki hafa móti því, að hreppsbúar gætu á hreppaskilaþingum ráðið því, til hvers verja skuli því fje, sem þeir inna sjálfir af hendi, en þá verður að vera einhver trygging fyrir því, að þeir mæti á þingunum, er mest greiða af gjöldunum. Það er ætíð hægðarleikur, að rista breiða lengju úr baki náungans, samþykkja að gjöra þetta og þetta, hugsandi sem svo: Það kemur ekki niður á mjer, sá ríki bóndi borgar.

Jón Ólafsson: Jeg fæ ekki sjeð, að í frumv. þetta þurfi nokkur ákvæði um innköllun fjár, þótt h. 5. kgk. (A. Ól.) virtist svo, með því að hjer í frumv. er ekki að tala um neitt nýtt gjald; gjaldið, sem ræðir um í frumv., er hið sama gjald eða partur hins sama gjalds, sem áður er til, sem sje útsvarið til sveitar. Jeg fæ ekki sjeð, að þetta sjeu gild rök á móti frumv.

Öðru máli er að gegna um það, er h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) sagði um það, að þeir, er greiddu mest til sveitarþarfa, ættu að fá að ráða því tiltölulega, hvernig því fje væri varið. Þetta er á gildum rökum byggt, en jeg get samt ekki sjeð, að fyrir þetta sje ástæða til að fella frumv. nú við þessa fyrstu umræðu þess, því að þetta mætti laga með breyt.till. í þá átt, að til þess, að ákvörðunin sje gild um þá umframgreiðslu, er frumv. fer fram á, þurfi t. d. svo margir af hreppsbúum að greiða atkvæði með, að útsvar þeirra hafi numið síðastliðið ár meira en helmingi allra útsvara hreppsins. Með þessum eða þvílíkum ákvörðunum væri nægileg trygging sett. Jeg get því ekki sjeð, að ástæða sje vegna þessa að fella frumv nú frá 2. umr.

Jakob Guðmundsson: Jeg hygg, að til grundvallar fyrir þessu frumv. liggi sú reynsla, að þótt hreppsnefnd vilji koma einhverju fram, sem hún hefur álitið að miðaði til velfarnaðar fyrir sveit sína, þá hefur hún öldungis ekki getað það, ef einhverjir fáir, jafnvel einn einasti maður,

hefur verið á móti því. Til þess veit jeg ef til vill dæmi, að fáeinir menn hafa getað spornað við þess háttar fyrirtækjum. jafnvel þótt öllum hafi verið ljóst, að þau mundu horfa til hinnar mestu gagnsemi.

En hitt þykir mjer galli á frumv., að ekki þurfi meira heldur en meiri hluta þeirra manna, sem á fund koma, til að samþykkja þess konar mál, hversu fámennur sem fundurinn er. Þetta hygg jeg, að búa þyrfti betur út, svo sem á þann hátt, að til samþykkis útheimtist meiri hluti allra þeirra, er gjalda útsvar til sveitar.

Sighvatur Árnason: Jeg vildi bæta nokkrum orðum við ræðu þeirra h. þm., sem talað hafa móti þessu frumv. Jeg verð að segja, að jeg get heldur ekki fallizt á frumv. Mjer virðist það of víðtækt, enda þótt jeg viðurkenni, að það gæti átt vel við, að rýmkva dálítið heimastjórn hjeraða.

Í öðru lagi verð jeg einnig að segja, eptir þeirri þekkingu, sem jeg hef á efnahag manna: hvaða gagn geta menn hugsað sjer af slíkum lögum sem þessum í framkvæmdinni? Eru menn ekki nú sem stendur í mestu vandræðum með að borga þau útgjöld, sem á hreppasjóðunum hvíla, og er nokkur líkindi til, sem stendur, að menn geti borið hærri sveitarútsvör, en menn þegar hafa að bera? Jafnvel allmargir hreppar munu vera í eigi alllitlum skuldum. — Jeg hygg því, að þótt þetta frumv. væri brúkanlegt í sumum atriðum sínum, — sem jeg þó jafnvel verð að efast um —, þá er það í heild sinni svo vanhugsað, að mjer virðist enginn tími til þess nú á þessu þingi, að breyta því svo, að það geti orðið nokkurn veginn viðunanlegt.

Jeg verð því að taka í sama strenginn, sem þeir h. þm., sem ekki vilja láta frumv. ganga lengra heldur en það nú er komið.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 7:4 atkv.

Frumv. til laga um hundaskatt o. fl. (C. 349, 357); 3. umr.

Framsögumaður (Sighvatur Árnason): Mál þetta er nú komið á þann rekspöl, að jeg vona að ekki þurfi að efast um framgang þess nje heldur að þurfi að mæla margt með því. Jeg get heldur ekki ætlað, að það muni verða óvinsælt, þótt það yrði að lögum, í því formi sem það er nú orðið, því að það leggur ekki á neinn nýjan skatt, eins og jeg hef tekið fram áður, heldur gjörir það að eins breytingu á grundvellinum undir tekjugrein til sveitarsjóðs.

Breytingartillagan, sem liggur fyrir, er framkomin eptir þeim athugasemdum, sem gjörðar voru við 2. umr., að í frumv. vantaði að taka fram, innan hverra takmarka sektirnar skyldu vera. Úr þessu er nú bætt með breyt.till. á þingskj. 389 (C. 457).

Jón Ólafsson: Jeg vildi leyfa mjer að vekja athygli h. þm. á muninum á orðum breyt.till.: „*liggja* við sektir“, og þeim orðum, sem sumir kunna að hafa búizt við, sem sje: „*leggja* við sektir“. Munur inn er sá, að ef breyt.till. verður samþykkt, þá eru það lögin, sem *leggja* sektirnar á; þær *liggja* þá við samkvæmt lögunum; en annars hefðu það verið sýslunefndirnar, sem lögin hefðu heimilað að leggja sektirnar við í reglugjörðum sínum.

Arni Thorsteinsson: Áður er lokið verður umr. um þetta mál, vil jeg láta þá skoðun í ljósi, að jeg er mótfallinn því, sem h. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að hjer væri eigi lagður á nýr skattur, en breytt grundvellinum undir borgun til sýslusjóðs. Jeg vil biðja h. þm. að sanna það, að skattur af framtöldum hundum sje betri gjaldgrundvöllur, en skattur af lausafjár- og fasteignarhundruðum eða að skattur af

hundum sje rjettari en gjald jafnað á eptir efnum og ástæðum. Jeg veit vel, að það getur verið, að jeg verði í minni hluta, en jeg vil skora á þá, sem óánægðir eru, að láta eigi undan með gjaldstofn þenna, þegar þeir verða varir við almenna óánægju kjósenda sinna, því jeg efast um, að þeir gjöri það, og verði þá leiðitamari en við mig. Jeg tók það fram hjer við hinar fyrri umræður, að 2. gr. er það athugaverð, að þar eru að eins lagðar sektir við rangt framtal, þar sem jeg vildi að gjörð væru sektarákvæði viðvíkjandi flækingshundum eða öðrum hundum en heimilishundum.

Framsögumaður (Sighvatur Árnason): Viðvíkjandi orðum h. varaforseta (Á. Th.), að ósannað væri af nefndinni, að þessi gjaldagrundvöllur væri hagfeldur, þá skal jeg játa það, að mjer þykir þessi skattur út af fyrir sig ójafnaðargjald, eins og jeg hef áður tekið fram; en jeg hef sýnt fram á, að úr því er hægt að bæta í framkvæmdinni; því eins og frumv. ber með sjer, á skatturinn að renna í sveitarsjóð, og þá er auðvitað, að hreppsnefndinni hlýtur að vera svo kunnugt um, hvað hver búandi geldur í hundaskatt, að ef henni finnst einhver verða þar hart úti, eða of vel úti, þá getur hún bætt það upp og jafnað þá gúla á báða bóga, þegar hún jafnar niður öðrum peningagjöldum, svo sem vegasjóðsgjaldi, þurfamannaflutningsgjaldi o. fl., svo hjer er ekkert að óttast í tilliti til ójafnaðar, ef rjett er á haldið.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefndarinnar við 6. gr. (C. 457) samþ. í e. hlj.

Frv. með áorðinni breyt. samþ. með 8:3 atkv. og afgr. síðan til forseta Nd.

Tillaga til þingsályktunar um að einungis hinn íslenzki texti laganna verði staðfestur af konungi (C. 445); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. í e. hlj.

Þrítugasti og níundi fundur, fimmtudag 15. ág. kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um uppfræðing barna (C. 460, 468, 470); 3. umr.

Jón Ólafsson: Jeg leyfi mjer að taka aptur breyt. till. á þingskj. 420 (C.470).

Sighvatur Árnason: Þá liggur eigi fyrir nema ein breyt. till. í þessu máli, breyt. till. á þingskj. 412 (C. 468). Þar er um litlar breyt. að ræða; fyrri liður breyt. till. er að eins orðabreyt, en seinni liðurinn er nauðsynlegur viðauki, sem mönnum hefur gleymzt, af vangá, nefnil. að setja ákvæði um það, hvar sektirnar eiga að lenda. Jeg álít því óþarft að fara fleirum orðum um þetta mál.

Arnljótur Ólafsson: H. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að fyrri liður breyt.till. væri aðeins orðabreyt., að setja „hlutaðeigandi yfirvald“ í staðinn fyrir „dómara“; en jeg hefi skilið þessa breyt. till. á allt aðra hlið. Ef breyt. á að vera orðabreyt. það er, að yfirvald þýði hjer sýslumaður eða bæjarfógeti, þá skil jeg eigi, hvernig svo hálærðir menn, sem höfundar breyt. till. eru, og sjerstaklega h. framsögumaður, geta fengið af sjer að vera að leika sjer að tómri orðabreyt. Jeg get aptur á móti vel skilið, að hjer sje við orðið yfirvald að eins skilið amtmaður. En þessi skilningur getur átt vel við einungis þá, er um presta er ræða; því eptir hinum núgildandi kirkjurjetti mun eigi vera hægt, að leiða prest fyrir dóm sýslumanns eins saman. En nú er mjer spurn: á amtmaðurinn og að ákveða sektir fyrir „aðra þá, er í hlut eiga“? Jeg get vel skilið, að amtmaður eigi að ákveða sektir prestinum, en jeg fæ ekki skilið, að hann skuli ákveða sektir öðrum þeim mönnum, er hafa uppfræðsluskylduna á hendi, svo sem foreldrum, fósturforeldrum eða húsbændum. Mjer hefði því þótt heppilegra, að breyt. atkv. á þingskj. 420 (C. 470) hefði eigi verið tekið aptur, heldur látið eiga við aðra en presta.

En jeg læt mjer þetta liggja í ljettu rúmi eins og frv. allt, því jeg veit, að verði það að lögum, þá muni það verða skilið á rjettan hátt. Mjer liggur líka í ljettu rúmi, hvað um frv. verður; því sannfæring mín er sú, að hjer á landi eigi sjer ekki stað sjerleg vanræksla á uppfræðingu barna í skript, reikningi og bóklestri, og víst er um það, að eptir skýrslum frá öðrum löndum, t. d. Ítalíu og jafnvel frá Englandi, þá eru þar miklu fleiri börn og fullorðnir menn, sem aldrei læra að lesa eitt orð, hvað þá heldur að skrifa, heldur en hjer á landi. Ef vjer nú förum þangað, sem næst er, og fáum skýrslur hjá biskupnum, þá munum vjer sjá, að það eru örfá börn hjer á landi, sem eigi hafa lært að lesa og lært kverið, þó þau hafi máske eigi öll lært allt kverið. Það er undarlegt að búa til lög um einstök dæmi; jeg vil vona, að þau dæmi sjeu fá hjá Sunnmýlingum, þó helzt sje ástæða til að halda að þau eigi sjer þar stað, eptir framsókn h. þm. Sunnmýl. (J. Ól). í þessu máli. Því þó einstök dæmi sjeu til um vanhirðing á barnakennslu, þá munu og engu síður þau dæmi gefast, ef til kæmi, að sýslunefndir mundu eigi vilja góða eða nýta prófdómendur, og án þess jeg vilji lasta nokkurn, þá get jeg ekki álitið, að sýslunefndir standi hærra en prestar hjer á landi að menntun og skyldurækt, og til hvers er þá að setja sýslunefndir sem vökumenn yfir uppfræðingarskyldu presta? En látum nú svo vera að sýslunefnd velji allnýtan prófdómanda, en til þess að nokkurt aðhald sje í honum, þá verður hann að vera svo vel að sjer, að hann geti dæmt um, hvert barn sje hæft til fermingar, eða eigi. Ennfremur segir í frv., að prófdómandi af sýslunefndar hendi eigi að koma sjer saman við prestinn um tímann, sem prófið á að fara fram á. Þetta hygg jeg geti orðið ærið vandasamt, þar sem einungis þrír prófdómendur eiga að vera í hverri sýslu; en sýslur hjer á landi eru margar næsta víðlendar. Prófdómendurnir mega eigi vera fleiri en þrír, því að í 4. gr. stendur: „Eigi skal sýslunefnd fleiri prófdómendur til kveðja en þrjá“. Má vera, að þetta ákvæði sje sprottið af því, að í stjórnarskránni mega ráðgjafarnir eigi vera fleiri en þrír, eða þá af því, að þrenningarlærdómurinn sje orðin svo fastur í huga h. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að hann geti eigi slitið hann frá hversdagslegri hugsun. Svo jeg nú víki aptur að málsefninu sjálfu, þá mun vanalega vera alstaðar fermt um sama leyti árs í hverri kirkjusókn; það getur munað viku eða hálfum mánuði. En nú vil jeg segja, að enginn getur dæmt um, hvort barn er fært til fermingar, fyr en presturinn er búinn að yfirheyra fermingarbörnin sjerstaklega að vorinu til. Jeg er vanur að yfirheyra fermingarbörnin þrisvar sinnum í öllu kverinu, áður en jeg fermi þau, og er jeg vanur að leyfa fleirum börnum að koma með til þessarar yfirheyrslu en jeg er viss með að ferma. Jeg segist ekki geta vitað fyrir fram með vissu, hvort jeg geti fermt þau, en jeg skuli hlýða þeim yfir með hinum börnunum. Nú ætti prófið að fara fram seint í yfirheyrslutímanum, þegar presturinn er kominn að raun um, hvort hann álíti að barnið sje hæft til fermingar eða eigi; en þá er í viðlendum sýslum ómögulegt, að próf geti farið fram í hverju prestakalli, ef að eins eru þrír prófdómendur fyrir sýsluna. Þetta kann að vera gjörlegt í sumum sýslunum, en það er engan veginn í öllum. Þar af leiðir, að það er ómögulegt fyrir prestinn að tiltaka þann tíma til prófsins, sem prófdómandinn geti gegnt eður gengið að. Þess vegna er árangurinn af frv. í raun rjettri enginn nema sá einn, að prófdómandi fær dagpeninga fyrir hvern dag, sem hann er burtu í prófdómanda erindum, hvort sem nokkuð verður af prófi eða ekki Þetta hygg jeg vera *aðaltilgang* frv.

Jón Ólafsson: Jeg veit eigi hvers vegna h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) einkum beindi ræðu sinni að mjer; jeg hef ekki verið flytjandi þessa frv.; og engar breyt. till. liggja fyrir frá mjer við þessa umr. Jeg hygg að ekki sje þörf á að vera að ræða upp aptur breyt. till. þær, sem samþykktar voru við 2. umr. Jeg get eigi verið samdóma h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) um það, að jeg eigi hjer að fara eptir því, hvort börnin í *mínu* kjördæmi þurfa svona laga við. Jeg held barnauppfræðing í mínu kjördæmi sje í betra lagi, eptir því sem hjer gerist. Engu að síður ætti hún betri að vera, og lög þessi mundu verka þar vel; en jeg lít á það, hvort *landið allt* þarf þeirra, og á því, að svo sje, er mjer enginn vafi. En sje svo að h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) að eins taki tillit til *sinna* kjósanda, landstjórnarinnar og konungsins, þá furðar mig eigi þó hann álíti frv. óþarft, því kjósendur hans munu hafa bæði efni og áhuga á því, að fræða börn sín. En jeg álít engu miður nauðsynlegt að tryggja það, að *alþýðu*-börn fái fræðslu.

Þarsem h. þm. (A. Ó.) skaut því til mín, að í Múlasýslum mundu víst gefast mörg dæmi uppá vanrækslu á barnauppfræðingu, þá skal jeg segja honum það, að þau hafa verið þar til, og eru víst til enn þar, en þó líklega tiltölulega færri en víða annarstaðar; jeg get sagt h. þm. það, að jeg hef verið dvölum í öllum fjórðungum landsins og komið í allar sýslur nema Dalasýslu og Vestmanneyjar, og hefi ferðazt svo mikið um mína daga, að jeg hef lært að hafa opin augu og eyru, svo að jeg mun vera ekki miklu miður kunnugur en hann uppfræðingar-ástandi manna víðsvegar um land, og er því óþarfi að vera að núa mjer nokkru kjördæmis-þröngsýni um nasir. En jeg þekki ekki nein lög, nema ef vera skyldi hundaskattslögin, sem er eins slælega fylgt, sem lögunum um uppfræðing barna í skript og reikningi.

H. þm. (A. Ó.) hjelt, að prófið þyrfti að fara fram um líkt leyti sem börnin væru staðfest; en jeg sje ekki neina þörf á því, og það hvort sem barnið hefur lært stóra eða smáa stýlinn. Fyrst prófdómandi prófar eigi barnið í kristindómi, þá er engin nauðsyn á að prófið sje samfara fermingunni; í lögunum er heldur ekkert um þá kennslu, heldur hvað börnunum eigi að vera kennt fyrir ferminguna; en jeg sje ekkert á móti því, þó liði nokkuð á milli prófsins og fermingarinnar.

H. þm. (A. Ól.) minntist á, að þrenningarlærdómurinn mundi víst vera fastur í hugsunum mínum, fyrst jeg vildi ekki hafa prófdómendur sýslunnar fleiri en þrjá. Jeg skil ekki, að það komi þessu máli við, hvort jeg trúi á „þrenninguna“ eða ekki; en jeg álít að heppilegast væri, að prófdómendurnir væru sem fæstir, og jafnvel væri ekki nema einn prófdómandi í sýslu, ef því væri hægt við að koma fyrir fararerfiðleikum. Þar sem eigi hefur komið fram önnur breyt. till. en á þingskj. 412, þá vona jeg að frv. fái atkv. deildarinnar, að minnsta kosti þeirra, er gáfu því atkv. við 2. umr.

Landshöfðingi: Út af orðum h. þm. S.-Múl. (J. Ó.) skal jeg geta þess, að mjer er ómögulegt að skilja frv. öðruvísi, en að prófið eigi að ná yfir allar þær námsgreinir, sem nefndar eru í 1. gr., skript, rjettritun og reikning, og auk þess kristindóm og bóklestur. Í 2. gr. stendur líka, að kenna skuli börnunum allt, sem sagt er í 1. gr., og í 3. gr. segir, að börnin skuli prófuð í námsgreinum þeim, sem nefndar eru í 1. gr., og loks stendur í sömu grein, að nái barn eigi einkunninni „hæfur“, þá megi þó ferma það, ef vankunnátta í skript, rjettritun og reikningi stendur barninu fyrir fermingu. Með þessu finnst mjer vera sýnt, að prófið eigi líka að ná yfir kristindóm og bóklestur, svo ef barnið fær einkunnina „hæfur“ í þeim greinum, þá má það fermast. Einmitt af þessum ástæðum, að prófið nær

yfir kristindóm og bóklestur, finnst mjer óeðlilegt, að prófdómandi sýslunefndar megi kæra hvort heldur fyrir amtmanni eða sýslumanni, eða hlutaðeigandi yfirvaldi. Auk þess sje jeg ekki, hvers vegna einungis prófdómandi sá, er sýslunefndin kýs, má kæra, en ekki prófdómandinn, er sóknarnefndin kýs; jeg sje eigi, að sá fyrri sje rjetthærri en sá síðari, ef uppfræðingin er vanrækt. Mjer finnst frumv. hafa versnað svo við breyt., að það er naumast frambærilegt, þó breyt.till. (412) komist að.

Jón Ólafsson: Út af orðum hæstv. landsh., að prófandi sýslunefndar sje gjörður rjetthærri en prófdómandi sóknarnefndar, þá skal jeg taka það fram, að það er óþarfi að heimila þeim síðari rjett til að kæra prestinn; hann hefur sjálfur rjett til þess að sjálfsögðu sem hver annar sóknarmaður; en aptur þurfti að heimila það prófdómanda sýslunefndar, því það verður optast maður, sem býr utansóknar, og hefur því annars ekki rjett til að kæra prestinn. Jeg skal játa það, að 1. grein *má* skilja þannig, að prófið eigi að ná líka yfir kristindóm og bóklestur, en það *þarf* ekki að skilja frumv. svo, og liggur fjarri hlutarins eðli og tilgangi frumv., að sá skilningur sje í lagður; satt að segja skildust mjer svo þau ákvæði í 3. gr., að vankunnátta í skript, rjettritun og reikningi eigi megi standa barni fyrir fermingu síðara árið, að þetta væri einmitt það, sem þessi lög fyrirskipuðu að próf skyldi fara fram í, en að hjer væru eigi gjörð nein ný ákvæði um uppfræðslu í kristindómi.

ATKVÆÐAGR.: Báðar breyt.till. (C. 468) samþ. með 8 samhlj. atkv. hvor.

Frumv. með áorðnum breyt. fellt með 6 : 5 atkv.

Frumv. til laga um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje (C. 462); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 7 : 4 atkv., og afgreitt til Nd.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889 (C. 431, 463); 2. umr.

Arnljótur Ólafsson: H. þm. Dal. (Jak. G.) og jeg höfum leyft okkur að koma fram með tvær viðaukatill. við frv. á þingskj. 403 (C. 463). Eins og eðlilegt er, er jeg betur kunnugur ástæðum þeim, sem mæla með till. stafl. „a", það er að segja, að prestinum í Laufásprestakalli veitist uppgjöf á 400 kr. árgjaldi af tjeðu brauði árin 1883—1888, samtals 2000 kr.; en jeg veit, að h. meðuppástungumaður minn (Jak. G.) mun sjerstaklega taka fram ástæðurnar fyrir hinni uppbótinni, til prests þess, er þjónað hefur Gufudalsprestakalli frá fardögum 1884 til fardaga 1889. Ástæðurnar til að mæla með uppgjöf á afgjaldi af Laufásbrauði get jeg sagt að sjeu tvenns konar; aðrar eru sanngirnis- og rjettlætis-ástæður, en hinar vil jeg kalla ástands-ástæður, og eru þær þessar: að í raun og veru er það ekki nein greiðsla úr landsjóði eða tap fyrir hann, þó þessar 2000 kr. sjeu gefnar upp, því það mundi sannast, að þó þær ætti að taka lögtaki, þá fengist ekki neitt. Þetta hygg jeg vera nægar ástandsástæður til þess að gefa árgjaldið upp. En hvað hinum ástæðunum viðvíkur, þá er það lengra mál. Öllum er það kunnugt, að prestinum, sem nú er í Laufási, var veitt brauðið 21. marz 1883, og átti hann þá, eptir stöðugri og gamalli reglu, að njóta að eins hálfs varpsins vorið 1883, er hann kom til brauðsins; Neshólmi var þá um vorið ekki genginn undan Laufási; en hann gekk undan þegar sama haust í hjeraðsdómi 20. sept. 1883, og fyrir fullt og fast þá er fullnaðardómur var í málinu uppkveðinn 18. janúar 1886. Þegar presturinn í Laufási hafði misst Neshólmann um stund í hjeraðsdómi 20. septbr. 1883, þá kom frá stjórninni frv.

um breyting á nokkrum prestaköllum fyrir þingið 1885, og var þá í Ed. bætt við frv. nýrri grein, þess efnis, að prestinum í Laufási skyldi gefið upp árgjaldið, ef hann missti Neshólma með fullnaðardómi. Þetta var eigi hægt þá að tiltaka öðruvísi, því ef hjeraðsdómurinn hefði orðið ónýttur, þá fjekk presturinn aptur það, sem hann hafði misst. Að vísu fjell þessi viðauki við frumv. í Nd., en það var engan veginn af því, að Nd. væri mótfallin uppgjöfinni í sjálfri sjer, ef Neshólminn gengi undan Laufási, því fór fjarri, heldur eingöngu af því, að það þótti óviðkunnanlegt, að gjöra það áður útsjeð var um, hvort þess væri þörf eða eigi. Jeg skal leyfa mjer þessu til sönnunar, að taka upp ummæli nokkurra þingmanna, og þá einkum orð landshöfðingja, sem þá var. Í A-deild alþingistíð. 1885, bls. 45, segir landsh.: „Þessa breytingu álít jeg fyllilega nauðsynlega undir því skilyrði, sem til er tekið í till. (að Neshólmi missist). Þó hefði jeg kunnað betur við, að breyt.till. þessi hefði komið þá fyrst,, er búið er að afgjöra til fulls, hvort prestakallið missir hólmann til fulls eða ekki". Seinna segir hann: „sjálfsagt er nauðsynlegt að þessi breyt. komist á, ef hólminn verður dæmdur undan prestssetrinu með fullnaðardómi". Tóku þá allir þm. í Ed. í sama strenginn. Í Nd. segir hæstv. landsh. (alþ.tíð. B., bls. 428): „Það hefur líka komið fram í umræðunum í dag og verið fyllilega sýnt, að mínu áliti, að breyt. á Laufásbrauði, sem Ed. hefur bætt við, sje nauðsynleg og æskileg"; og bls. 430 seghann enn fremur: „og einkum held jeg, að breyt. sú, sem farið er fram á að gerð verði á Laufásbrauði, sje mjög nauðsynleg". Sömuleiðis var þá og hið sama tekið fram af öðrum h. þm. í Nd. Einn af mörgum sagði: „Það er sjálfsagt fyllsta sanngirnis- og rjettlætiskrafa fyrir því, að allt árgjaldið frá brauðinu falli niður, ef Laufásprestakall missir Neshólma, og fari svo, tel jeg sjálfsagt, að þetta gjald verði gefið eptir á fjáraukalögunum, þegar þingið kemur saman næst". Þó var þessi grein í frumv. felld, en eingöngu af því, að ekki þótti við eiga, að setja lagaákvæði á meðan ekki væri sjeð, hvernig fara mundi um Neshólmann. Þennan agnúa á tjeðri grein frv. viðurkenndi og landshöfðingi, sem þá var, og þess vegna fjell frv.greinin í Nd.; en, vjer getum sagt, eingöngu með því yfirlýsta skilyrði, að ef presturinn missti hólmann, þá skyldi uppbótin vera tekin upp í fjáraukalögin næst á eptir. Jeg vitna til hæstv. landsh., sem nú er, er þá var 3. kgk. þm.; þá kvaðst hann harma það mjög, að Laufási hefði verið sleppt (alþ.tíð. 1885 A., bls. 257), og tóku þá allir þm. í Ed., þeir er töluðu í málinu, einmitt í sama strenginn, og sögðu, að stjórnin væri siðferðislega skuldbundin til að efna loforð sitt um uppgjöfina á afgjaldinu.

Á þessu heiti beggja deilda alþingis 1885 og einkum á orðum landshöfðingja þess, sem þá var, og þess, sem nú er, hefur Laufásþresturinn byggt þá von sína, að sjer mundi verða árgjaldið eptirgefið; en þessi von hans hefur brugðizt. Hann hefur lagt fyrir alþingi beiðni sína um þetta bæði 1886 og 1887, en það mál hefur í hvorttveggja sinn fallið í Nd., en verið samþykkt í Ed. Af umræðunum um þetta mál er auðsjeð, að þingmenn hafa ekki vitað, hvernig það í raun rjettri var vaxið; þeir hafa þá eigi kynnt sjer, hver ummæli voru höfð um það á þingi 1885 og hvert loforð þá var gefið. Þingmenn hafa þá heldur eigi athugað nægilega, hvernig málinu vjek við frá upphafi. Nú er það kunnugt, að þá er h. konungl. nefnd hafði brauðamatið til meðferðar 1878, var arðurinn af varpinu metinn 1200 kr.; þá stakk hin konungl. nefnd upp á því, að af brauðinu skyldi greiða 200 kr., þá er Svalbarðssókn væri lögð við það. En þingnefndin 1879 færði ár-

gjaldið upp í 400 kr. Þegar nú presturinn, sem nú er, sótti um Laufás og fór þangað, þá vissi hann alls ekkert um, að nokkur vafi ljeki á því, að Neshólmi fylgdi eigi brauðinu með fullum rjetti. Málinu var hreyft seinna í hjeraði en hann sótti um brauðið. Og það sem vjer hljótum að álita mest um vert, það er, að þá er prestakallalögin frá 27. febr. 1880 voru samin, samþykkt og staðfest, þá vissi hvorki hin konungl. nefnd 1878 nje þingið 1879, er færði árgjaldið úr 200 kr. upp í 400 kr., nje heldur stjórnin 1880, er hún gaf út lögin, annað, en að Laufás nyti að lögfullu og mundi svo njóta hlunninda af öllu varpinu. Nú vitum vjer allir, að til eru þau lög manna á milli, að selji maður öðrum fasteign, skal seljandi svara til lagariftinga og vanheimilda. Allir játa, að þetta sjeu rjettlát og sjálfsögð lagaákvæði. Áð vísu ætla jeg mjer eigi að heimfæra þessa lagareglu beinlínis til sambandsins milli veitingarvaldsins og embættismannsins; en hitt get jeg fullyrt, eptir ritum lögfróðra manna um landsstjórnarrjettinn, að stjórnin er ekki talin skyldu minni gagnvart embættismönnunum, heldur en seljandi er gagnvart kaupanda við fasteignarsölu.

Jeg skal nú eigi tjölyrða meira um þessa málavöxtu, því krafa sú, sem hjer er gerð um uppgjöf árgjaldsins, er sanngjörn og rjettlát. En jeg vil þó leyfa mjer að bæta því einu við, að hver sá h. þm. í þessari h. deild, sem veit, hve miklu fje og fyrirhöfn þessi fátæki prestur í Laufási hefur varið til að útbreiða bindindi, einkum með sinni löngu og fróðlegu bók um bindindið, sem hann hefir gefið út á sinn kostnað, hann verður að kannast við, að þessi maður, hann er sannarlega eigi ómaklegur maður, en því meiri ábyrgðarhluti er það fyrir oss, sem eins og hann viljum stunda heill þjóðar vorrar, blessun heimilanna; siðgæði sjerhvers, að vera á móti honum, sem hann á betra skilið af oss, af landi og lýð.

Skúli Þorvarðarson: Jeg er samþykkur h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) um ástæður þær, er hann hefur fært fyrir eptirgjöf á 400 kr., er greiða bar árlega af Laufásprestakalli; mjer virðast nægileg rök leidd að því, að sá prestur sótti um brauðið án þess að hann vissi þá, að varphólminn mundi ganga undan prestakallinu. Það mælir því bæði sanngirni fyrir þessari tillögu, og eins hitt, að hann er vitanlega fjelaus maður.

En það er eitt, sem jeg vildi minnast á og sem jeg er ekki fróður um, sem sje það, að jeg hygg, að þessi prestur hafi haft óskertar tekjur sínar fyrir árið 1883—1884, og að þannig sje reiknað einu ári of mikið í þessari viðaukatill. (*Á. Ó.*: Nei!). Jeg vil þá biðja h. flutningsm. tillögunnar (A. Ó.) að færa mjer heim sanninn fyrir því, enda sýnist mjer að presturinn hafi getað haldið óskertum arði af hólmanum þangað til lögfullur dómur var fallinn í málinu, og hefði hann þá notið hólmans, ekki einungis 1884, heldur 1885 líka.

Jeg mun, eins og síðast, þegar þessi bæn prestsins í Laufási lá fyrir atkvæði mínu, gefa tillögu þessari atkvæði mitt; en viðvíkjandi viðaukatill. undir stafl. „b“ er jeg enn þá ekki eins ákveðinn, fyr en jeg heyri þær ástæður, sem hún byggist á.

Jakob Guðmundsson: H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hefur nú talað svo vel fyrir viðaukatill., að jeg þarf þar engu við að bæta, og öllum mun það kunnugt, að ástæður þær, sem hann hefur fært fyrir henni, eru öldungis rjettar í alla staði.

En viðvíkjandi tillöguuni undir stafl. „b“, sem sje uppbótinni til prests þess, er þjónað hefur Gufudalsprestakalli, skal jeg taka fram, að þegar núverandi prestur að Stað var settur til að þjóna Gufudalsprestakalli, muni meiningin hafa verið sú, að hann skyldi hafa allar tekjur prestakallsins fyrir þá þjónustu sína, og

bar honum því eins þessi 200 kr. uppbót eins og aðrar tekjur brauðsins. Allir sem vita, hve örðugt og kostnaðarsamt það er fyrir prestinn að Stað, að þjóna Gufudalsprestakalli, verða að viðurkenna, að hann er ekkert of sæll af því, þótt hann fái einnig nefndar 200 kr., þegar einnig er tekið tillit til þess, hve bágt ástand sveitarinnar var.

Með þennan prest var og líkt farið sem prestinn að Laufási, að árgjaldið af Staðarbrauðinu, 400 kr., sem ákveðið var í prestakallalögunum, var því skilyrði bundið, að Garpsdalur yrði þá sameinaður Stað, eins og lögin gjöra ráð fyrir. Þegar nú reynslan sýndi, að sú sameining var ómöguleg í framkvæmdinni, — því að svo mátti að orði kveða, að hlutaðeigendur gjörðu upphlaup á móti því, — þá mátti og búast við því, og öll sanngirni mælti með því, að þingið tæki betur í bæn þessa prests um, að árgjaldið fjelli niður, þar sem skilyrðið, sem sje sameining Garpsdals og Staðar, var fallið burt.

Sú reynsla hefur samt á orðið, að neitað hefur verið að gefa eptir árgjaldið, og er því fyllsta ástæða til, að þingið sýni nú þá sanngirni, að unna prestinum óskertra tekna Gufudals, og að hann því fái 200 kr, uppbót þá, er Gufudal ber á ári frá fardögum 1884.

Jeg verð því að vona, að h. þingd. taki vel þesssari viðaukatill., sem stendur undir stafl. „b“.

Árni Thorsteinsson: Jeg vil leyfa mjer að mæla lítið eitt móti því, er h. 5. kgk. þm. (Á. Ó.) sagði, að það væri rjettlætis- og sanngirniskrafa, sem presturinn að Laufási hefði til þess, að fá gefnar upp þær 2000 kr., sem farið er fram á að gefa honum upp á viðaukatillögu stafl. „a“. Jeg hygg, að menn megi ekki gleyma því, að landssjóður hefur fengið dóm yfir þessum presti, þar sem hann er skyldaður til að greiða nefndar 2000 kr. til landssjóðs, og þessum landsyfirrjettardómi hefur ekki verið skotið lengra. Rjettur landssjóðsins er því skýr. Rjettlætisástæða er því engin fyrir hendi, og sú ástæða getur því ekki fengið mig til að greiða till. atkvæði.

Sanngirnisástæða er heldur ekki mikil, þar sem prestur þessi hefur neytt landssjóðinn til að fara laganna veg til að fá rjett sinn viðurkenndan, og með því bakað honum 300—400 kr. kostnað.

Það eru því ekki þessar ástæður, sem koma mjer til að gefa þessari tillögu atkvæði mitt, heldur fátækt prestsins, og hitt, að jeg get ekki búizt við, að nokkuð geti fengizt hjá honum upp í skuldina. Jeg þekki og prestinn sem sómamann og heiðursmann, og mun af þeim ástæðum greiða atkvæði með tillögunni.

Jeg skal einnig fúslega greiða atkv. með tillögunni undir stafl. „b“, ef hæstv. landsh. lýsir því yfir, að full ástæða sje til, að veita þessa uppbót, sem um ræðir. Uppástungan er, sem kunnugt er, ekki komin fram frá stjórninni, heldur frá þingmönnum.

Jeg vil einnig minnast á þær 1000 krónur, sem ætlaðar eru hæstarjettar málafærslumanni Octav. Hansen fyrir aðstoð hans í Fensmarksmálinu í þarfir alþingis. Jeg lýsti því yfir á alþingi 1887, að jeg áliti slíka málshöfðun árangurslausa, svo að það er ekki nein ástæða fyrir mig málsins sjálfs vegna, að gefa þessari fjárveiting atkvæði. En af því að jeg álít, að sómi þingsins heimti það, að greiddur sje sá kostnaður, sem það sjálft hefur bakað með atkvæði sínu, mun jeg gefa þessum 6. tölul. atkvæði mitt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal fús gefa h. þm. Árn. (Sk. Þ.) þær upplýsingar, er hann beiddi um; að sönnu gat jeg þessa atriðis í ræðu minni áðan, en ef til vill eigi nógu skýrlega.

Presturinn í Laufási nú fjekk veiting fyrir því brauði 21. marz 1883, og tók

því við brauðinu í næstu fardögum 1883. En eptir þeim reglum, er giltu þá um dúntekjur, átti hann eigi, sem viðtakandi, að fá nema helming dúnsins þá í fardögum. Að sönnu fjekk hann þá einnig hálfan dúninn af Neshólma, en 20. sept. s. á. fellur hjeraðsdómurinn, svo að hann fjekk engan dún eptir hólmann árið 1884 nje síðan.

Jeg skal ekki þræta við h. varforseta (Á. Th.) um það, hvort prestur þessi hafi rjettlætiskröfu eða eigi til uppgjafarinnar, enda hefur mjer eigi komið til hugar að efast um, að dómur yfirdómsins sje rjettur. En hitt er allt annað mál, hvort lögin 27. febr. 1880 voru rjettlát, að því er Laufásbrauð snertir, frá þeim degi, er Neshólminn gekk undan brauðinu. Mín skoðun er sú, að presturinn hefði þá fengið, er málið nú var sótt, rjettlætiskröfu til landssjóðsins fyrir tap það, er hann hefur beðið við missi Neshólmans, og eins hitt, ef hann vildi höfða skaðabótamál á hendur landssjóði fyrir það, að brauðið hefur tapað þeim hlunnindum, er því fylgdu, þá er hann fjekk veitingu fyrir því. En hitt þykir mjer líklegt, þó jeg sje enginn lagamaður, að presturinn geti eigi gjört sinn rjett gildandi, síðan yfirrjettardómur er genginn honum í móti. En að brauðið hafði þessar rjettlætiskröfur þá er þrætan hófst um dómhlunnindin, sjest glöggt af því, að þá er prestur leitar úrskurðar stiptsyfirvalda og landshöfðingja um, hvort hann skuli þegar láta Neshólma af hendi, þá svara bæði stiptsyfirvöld og landshöfðingi, að hann skuli ekki gefa hólmann upp, heldur halda honum unz dómstólarnir skeri úr þrætunni. Þetta skal jeg láta nægja um rjettlætiskröfu prestsins.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að mæla fram með báðum viðaukatill. frá hinum tveimur velæruverðugu uppástungumönnum. Jeg álít, að hvor þeirra um sig hafi fært góð og gild rök fyrir því, að full ástæða sje til að veita það, sem farið er fram á. Jeg skal ekki taka upp aptur ástæður þær, sem færðar eru fram, en einungis geta þess, að þótt svo sje í orði kveðnu, að með þessu sjeu veittar 3000 kr. úr landssjóði, þá eru þetta ekki nein fjárútlát í sjálfu sjer, heldur að eins uppgjöf á ófáanlegum skuldum. Landssjóður hefur fengið dóm fyrir því, að Laufásprestur eigi að greiða honum 3000 krónur, og eptir sátt, sem gjörð hefur verið við prestinn á Stað, ber honum að greiða 1400 kr.; en öllum, sem þekkja hag þessara tveggja presta, mun vera það ljóst, að þessar kröfur eru víst því nær einskis virði. Auk þessa skuldar presturin í Laufási 3—400 kr. í málskostnað, og presturinn á Stað á að greiða árlega af brauði sínu 400 kr., auk áðurnefndra 1400 kr. Báðum þessum prestum mun vera með öllu ómögulegt að láta landssjóði þessar skuldir sínar, og einasta afleiðingin yrði, ef farið væri að krefja þær inn með hörku, að þeir yrðu báðir öreigar, mundu þurfa að flæmast burtu frá brauðum sínum, og ef til vill komast á sveitina. Jeg hygg því, að engum þingmanni geti verið nein ánægja að þeirri hörku, þegar þeir sjá, að það er ekki til neins tekjuauka fyrir landssjóðinn.

Í Nd. hefur verið samþykkt þingsályktun í þá átt um þjóðjarðalandseta, að þegar viðkomandi umboðsmaður og hreppstjóri gefi vottorð um, að lögtak jarðarafgjaldsins yrði árangurslaust, skuli krafan falla niður. Hjer stendur því líkt á. Að sönnu er hjer farið fram á, að veita þetta á fjáraukalögum, en meiningin er alveg hin sama.

Það þarf enginn að óttast, að þessar upphæðir verði borgaðar út úr landssjóði, heldur varða þær að eins teknar upp í ófáanlegar skuldir.

ATKVÆÐAGR.: 2.–4. gr. frumv. 37 (16. okt.).

(C. 431) samþ. í e. hlj. hver um sig; viðbót við 4. gr. (C. 463) samþ., stafl. *a* í e. hlj. að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 4 nafngreindra þm., og stafl. *b* með 10 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, þar sem allir sögðu *já* nema Jón Ólafsson einn *nei*. Þá var 4. gr. þannig breytt samþ. með 10 : 1 atkv. með nafnakalli, þar sem J. Ól. einn sagði *nei*, en hinir allir *já*. 5.—6. gr. samþ. í e. hlj. hvor. 1. gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um innheimtu og meðferð á kirknafje (C. 459); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Frumv. þetta hefur að mínu áliti í sjer fólgna góða rjetttarbót. Það er kunnugt, að meðferð á kirknafje hefur ekki ávallt verið góð. og til þess liggur sú ástæða ein með öðrum, að allir eru ekki jafnvel fallnir til að varðveita fje. Reynslan hefur sýnt, að sumum prestum hefur orðið mjög erfitt að svara aptur því fje, er lög leyfa þeim að hafa undir hendi, og hefur orðið að því talsvert tjón. Hjer eru reglur gefnar, er ljetta af þeim innheimtu á kirkjutekjunum, og er það mjög gott fyrir þá presta, sem ekki er lagin fjárgeymsla. Í öðru lagi er hjer svo fyrir mælt, að leggja skuli fje í sjóð, og er ekki vafasamt, að það er nytsamlegt, að hafa slíka sjóði, og væri að eins æskilegt, að slíkt væri komið á fyr. Meðal annars góðs, sem leiðir af því. að fje kirkna á sjer óhultan stað, er það, að þá verður hægra fyrir presta að fá lán til að byggja kirkjur upp, með góðum kjörum; og annað heppilegt nýmæli í þessu frumv. er það, að þeir prestar. sem átt hafa fje hjá kirkjum, geta átt vissa von um. að fá það aptur. Menn vita þess dæmi, að prestar, sem átt hafa inni hjá kirkjum, hafa opt ekki getað fengið neitt, eða þá að eins á mjög löngu tímabili. En hjer eru ákvæði, sem bæta úr þessum vankvæðum. Að öllu þessu samtöldu virðist vera svo mikil rjettarbót í frumv., að jeg vona h. þingd. sje mjer samdóma um, að það eigi skilið að fá góðan byr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Frv. til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum (C. 451, 463); ein umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Nefndin hefur athugað aptur breyt. h. Nd. og var hún einhuga um það, að hún gæti eigi aðhylzt að öllu leyti breytingar þær, sem gjörðar hafa verið á 3. grein. Jeg vildi óska að breytingar þær, sem nefndin hefur stungið uppá, fengi eins góðar undirtektir eins og breyt. okkar h. þm. Dal. (Jak. G.) við fjáraukalögin fengu áðan, því við erum báðir í þessari nefnd, og eigum því líka þessar breytingar hvor með öðrum.

Eptir því sem orð liggja til í 3. gr., stendur þar fyrst, að *ef* móðir óskilgetins barns er ekki **einfær** um að annast framfærslu og uppeldi barns síns. þá sje henni heimilt o. s. frv. Af því leiðir *e contrario* þá ályktun. að sje hún einfær um það, þá hefir hún enga heimild til þess, sem greinin ræðir um. — Hver er þá ástæðan til þess, að henni er veitt í greininni heimild til að krefjast þess sjálf eða fyrir milligöngu sveitarstjórnarinnar, að **öll** meðgjöf föðursins sje greidd af vistarsveit hans? Eingöngu sú, að hún er *ekki einfær* til að framfæra barnið og ala það upp sjálf. En svo sem það er gefið, að sé hún einfær um að framfæra barn sitt, að hún á engan heimturjett gegn vistarsveit föðursins, svo ætti og eptir sömu reglu að fylgja, að ef hana vantar ekki til framfærslunnar nema svo sem 2—3 krónur, þá ætti hún ekki að eiga heimtingu til vistarhreppsins á meiru en þessari upphæð, en ekki öllu meðlaginu, t. d. 30 kr. Eptir byggingu 3. greinar er það þannig auðsætt, að móðirin skuli fá hjá

sveitinni svo mikið, sem hún nauðsynlega þarf til uppeldis barninu; því ef hún er einfær um að ala önn fyrir því, á hún engan kröfurjett. Þetta áleit og nefndin samkvæmt þeim grundvallarreglum, sem fylgt er í ómagalöggjöf vorri. Móðurinni veitist sá rjettur, að faðirinn á að borga að sínu leyti, eins og hún, bæði þann kostnað, sem um ræðir í 1. gr. og uppeldiskostnað barnsins, og eðlileg afleiðing af þeim rjetti er það, að þetta fje telst honum til skuldar, en ekki henni.

Einmitt eptir þessari stefnu hefur nefndin orðað þessar breytingar sínar. Aðalbreytingin er sú, að hún eigi ekki heimtingu á meiru en hún þarfnast; þær breytingar, sem þar fara á eptir, eru eigi nema afleiðslu-breytingar samkvæmt þessari höfuðbreyting, til þess að girða fyrir, að það verði talið sem sveitarstyrkur henni veittur, þó að hún fái bráðabyrgðalán frá vistarsveit sinni, af því meðlag föðursins kemur ekki nógu snemma. Aðalhugsun nefndarinnar er því sú, að sveitin veiti hjer sem annarsstaðar eingöngu *nauðsynlegan* styrk en eigi meira.

Jeg skal leyfa mjer, að skýra einnig frá annari ástæðu, sem nefndinni gekk til, að halda eigi svo fast við frumvarpsgreinina. Jeg set, að barnsuppeldi kosti 60 kr.; þar af á móðirin að borga helminginn, en faðirinn helminginn. Nú þarf móðirin svo sem 5 krónur til þess að komast af, og fer í sína hreppsnefnd, og segir: „Heimtaðu fyrir mig 30 krónur af vistarhreppi föðursins, og sjáðu um, að jeg fái þær borgaðar þegar". Það er nú vitanlega óþægilegt fyrir oddvitann, ekki sízt, ef hann skyldi vera háæruverðugur og jafnvel þótt hann sje ekki nema velæruverðugur, að þurfa að gjörast skuldheimtumaður og prókúrator fyrir hverja stelpu, sem dettur í hug að eiga krakka í lausaleik, og því kann hann að segja: „Jeg álít 5 krónur nóg fyrir þig; þú þarft ekki meira". En stelpan segir: „Jú, jeg veit vel hvað lögin segja, þú ert skyldugur til, að útvega mjer meðlagið allt saman. Mjer var sagt það 9 mánuðum áður en barnið fæddist, að jeg gæti grætt á því, að eignast króa, af því að faðirinn er skyldugur til að borga mjer svo og svo mikið, og hreppsnefndin væri skyldug til að ábyrgjast mjer, að jeg fengi það skilvíslega. Annars hefði jeg aldrei látið til leiðast að ganga út í þessi viðskipti". Þannig gæti lögin gefið tilefni til mannfjölgunar, en jeg hef aldrei heyrt getið um, að hörgull væri á þess háttar mannfjölgun hjer á landi. Mjer þykir líklegt, að menn taki þessa ástæðu til greina, þótt eigi sjeu um of siðvandir. Eitt er víst, að vegna þess, hve barnsfeður opt og tíðum eru fátækir, mundi þetta gjald opt leggjast á hrepp föðursins, og vera allþungt gjald á honum. Allir tapa við þessi lög, nema móðirin; hún ein græðir peninga. Með frumv. er þá brotin sú grundvallarregla, að veita eigi styrk meir en nauðsynlegt er, og er illt að innfæra slíka reglu, því að það hefur komið fram, að hreppsnefndir eru einatt allt of fúsar til að veita styrk, og það jafnvel fólki, sem á fje í sparisjóði. — Frá öllum hliðum skoðað álít jeg því, að breytingar nefndarinnar sjeu tiltækilegri og æskilegri, heldur en ákvæði frumv., og auk þess felast þær í fyrstu orðum 3. greinar.

Landshöfðingi: Mjer fellur illa að mjer kemur eigi eins vel saman við hina velæruverðugu nefndarmenn um breyt. till. þá, sem nú er til umræðu, eins og um viðaukatill. þá við fjáraukalögin, sem var til umr. áðan. Jeg held það sje árangurslaust að við h. framsögum. (A. Ó.) og jeg sjeum að þrátta um breytingaruppástungu nefndarinnar; það hefur sýnt sig að við getum eigi sannfært hvor annan; jeg get eigi sannfært um, að hjer sje að ræða um sveitarstyrk, heldur um meðgjöf, en h. fram-

sögum. (A. Ó.) getur eigi skilið, að hjer sje að ræða um annað en framfærsluskyldu og sveitarstyrk; jeg held að þó þingið væri lengt enn um nokkra daga og málið væri daglega til umr., þá mundi það eigi duga til þess, að við fengjum skilið hvorn annan. Það sem mjer þykir lakast við breyt.till. er, hve ákvæði hennar eru óákveðin; h. framsögum. (A. Ól.) byggði á því, að þegar móðirin væri einfær um að annast barnið, ætti hún eigi heimting á að fá neitt hjá dvalarsveit föðursins, og þar af leiddi, að ef hún væri eigi einfær um að standa straum af barninu, þá ætti hún eigi að fá meir en hún þyrfti; og þar sem hann var að tala um, að móðirin ef til vill þyrfti að eins 2 eða 5 kr., þá skil jeg eigi, að svo reyndur og greindur maður, eins og h. framsögum. (A. Ól.) er, skuli láta sjer slíkt um munn fara. Jeg held, að það sje kunnugt, að meðgjöf föðurs með óskilgetnu barni sje venjulega mjög svo lág, og því veiti móðurinni eigi af öllu meðlaginu frá föðurnum, ef hún á annað borð þarf nokkurs. Það getur líka verið spurning um, hvað útheimtist til þess, að móðirin geti talizt einfær um, að annast barnið; þó hún kynni að geta haldið lífinu í því með 5 kr., þá er ekki þar með sagt, að þær nægi til þess, að annast uppfóstrun þess forsvaranlega. Í breyt.till stendur: „svo mikið, sem hún þarfnast“; en þar stendur ekkert um, hver eigi að ákveða, hversu mikið hún þarfnast. Það gæti verið um þrjá málsaðila að tefla, sem úrslit þeirrar spurningar ætti að bera undir: í fyrsta lagi móðirin sjálf, í öðru lagi dvalarsveit hennar, og loks dvalarsveit barnsföður; og ef hinn síðastnefndi málsaðilinn væri Glæsibæjarhreppur, þá held jeg að hann vildi hafa hönd í bagga með, svo að þótt dvalarsveit móðurinnar segði að hún þyrfti að fá 30 kr., þá mundi Glæsibæjarhreppur telja 20 kr. nægilegt. Það veitti víst eigi af að hafa skýlaus ákvæði um, hver ætti að ákveða, hvort móðurin þyrfti meðgjafarinnar að nokkru eða öllu; en jeg fyrir mitt leyti álít, að ef hún væri eigi fær um, að annast barnið ein, þá mundi henni eigi veita af allri meðgjöf barnsföður. Jeg get eigi sjeð, að frumv., eins og það kom frá neðri deild, komi í bága við ómagalög vor, og jeg get heldur eigi skilið, á hvaða auðfræði það byggist, að með því „drýgist tala lausaleiksbarna“; jeg þekki hana eigi.

H. framsögum. (A. Ól.) sagði, að meðlag með barni mundi vera 60 kr., og fyrir hvort foreldranna 30 kr.; þá skil jeg eigi að það sje gróðavegur fyrir móðurina, að leggja til 30 kr. til þess að fá aðrar 30. Jeg get eigi sjeð, að frá þeirri hlið hafi frumv. neðri deildar neinar illar afleiðingar; það var samþykkt þar með miklum atkvæðamun, og jeg held h. deild geti vel verið þekkt fyrir að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Mjer fellur þungt, að h. landsh. getur eigi verið samdóma nefndinni, og að hann, svo skarpskyggn sem hann annars er, skuli eigi sjá neinn sannleika í því, sem nefndin hefur komið fram með.

H. landsh. fann mest að því, að það væri ótiltekið, hve mikið móðirin þarfnaðist; en þörfin er æfinlega ótiltekin; og þegar þess er gætt, að vistarsveit móðurinnar skal hjer sem í öllum öðrum tilfellum, bera um og meta þörfina, þá er engin ástæða til, að hún muni hjer fremur en annars staðar þrýsta þörfinni niður fyrir rjett takmörk. Menn vita af reynslunni, að fáir eru ófúsir á að vera örlátir á annara vasa, og því síður eru hreppar það á aðra hreppa, sem þeir vita fyrir fram, að eru skyldugir til að endurgjalda styrkinn. Það gæti verið, að þeir væri tregir til að lána upp á framfærsluskyldmenni, en aldrei á hreppa. Hjer er það vistarsveit móðurinnar, sem lánar upp á vistarsveit barnsföður, svo það getur varla verið hætt við, að vistarsveit móðurinnar tregðist við að

lána og síðan að ganga eptir styrk þeim, sem móðirin þarfnast, því það má sannarlega bera sveitarstjórnum vorum annað á brýn, en að þær sjeu of harðar, eins og á sjer stað í útlöndum. Þess vegna er það skiljanlegt, þó frumv. stjórnarinnar gjöri vistarsveit móðurinnar að prókúrator fyrir hana; en hjer er engin ástæða til þess. Nefndinni fannst það undarlegt, að skylda vistarsveitina til þess að fara í málarekstur við vistarsveit barnsföður, án þess að nokkur þörf sje á því; því vjer höfum nóg lög, sem tryggja svo örugglega sem verða má, rjett mæðra að óskilgetnum börnum gagnvart barnsfeðrum. Það er hægt, að ganga fullhart að þeim með meðlagið. En þessi regla, sem á að innleiða með frumv. þessu, kemur í bága við þá frumreglu ómagalaga vorra, að vistarsveit skuli eigi eða megi eigi láta í tje meiri styrk en nauðsynlegt er. Jeg er sannfærður um, að ef frumv. þetta yrði að lögum, mundu hreppsþyngslin vaxa að miklum mun; því þó barnsfeður losni eigi við að greiða þá meðgjöf, sem amtmaður tiltekur, þá verður þó hægra fyrir þá að skjóta sjer undan því. Svo kemur nú allur þessi endalausi málarekstur: fyrst á vistarsveit móður að krefja vistarsveit föður og hún svo aptur framfærsluhrepp hans o. s. frv. Það er óefað sá lengsti málarekstur eptir ómagalögum vorum. *(Landsh.:* Hann er eins langur eptir breyt.till.). Jú, en hann stafar þó eigi af því, að vistarsveitin sje sjálfkjörinn eða sjálfneyddur prókúrator fyrir hverja stelpu, sem hefur unnið sjer það til ágætis, að eignast króa í lausaleik, hvort sem hún þarf allrar meðgjafarinnar með eða eigi, heldur sprettur málareksturinn af hinni sömu skyldu sveitarstjórna, sem þær nú hafa fyrir einn og sjerhvern þurfamann í sveitarfjelaginu.

Jón Ólafsson: Jeg get eigi verið samdóma h. velæruverðugu höfundum að breyt.till., einmitt af hinni sömu ástæðu, sem hefur knúið þá til að koma með hana. Jeg sje eigi annað en ef breyt.till. þessi yrði samþykkt, mundi hún styðja að mannfjölgun með lausaleiksbörnum fremur en hitt. Breyt.till. gengur út á að gjöra feðrum hægra fyrir að komast undan að greiða barnsfúlguna; móðirin hefur eigi aðgang til að heimta meir af vistarsveit sinni en *nauðsynlegt er til að halda lífinu í barninu*, og ef hún nær meðlaginu eigi frá föðurnum, þá kemst hún engan veg, ef sveitin þarf eigi að vera meðalgöngumaður. Í mínum augum stendur á litlu, hvort mannfjölgun eykst í sjálfu sjer eða ekki; en það, sem er mest um vert, er, að sem minnst fæðist af börnum, sem foreldrarnir eru eigi færir um að forsorga. En mjer dylst eigi, að sú mundi verða afleiðing af breyt.till. þessari, ef hún yrði að lögum, að mannfjölgun mundi aukast af þeirra völdum, sem eigi sjálfir vilja standa straum af afkvæmum sínum. Höfundarnir halda, að það verði freisting fyrir kvenmenn, að eiga börn, ef þeir geti fengið meðgjöfina fyrir milligöngu vistarsveitarinnar, og lítur svo út af þessu að dæma, að þeir hafi lífsreynslu fyrir því, að kvenmaðurinn fremur en karlmaðurinn sje frumkvöðull að þessum viðskiptum. En jeg held að Adamssynir ekki síður en Evudætur eigi þar upptökin, og þess vegna mun jeg greiða atkvæði með frumv. neðri deildar.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Viðvíkjandi því, sem h. þm. Sunnmýl. (J. Ól.) sagði, að það mundi eigi verða minni tala lausaleiksbarna, þó breyt.till. kæmist að, þá vil jeg geta þess, að það var eigi aðalástæðan fyrir höfunda breyt.till., að koma í veg fyrir slíka mannfjölgun, heldur var höfuðástæða þeirra sú, að með frv. eins og það er, sje breytt frá frumreglu framfærslulaga vorra með því, að gjöra vistarsveitina að málaflutningsmanni til að heimta alla meðgjöf með óskilgetnum börnum. Jeg skal eigi fara út í, hvor málsaðilanna sje jafnaðarlega frumkvöðull að

viðskiptum þeim, er hjer um ræðir; jeg læt mjer nægja, að beygja mig fyrir reynslu og þekking h. þm. Sunnmýl. (J. Ól.) í þessu efni. En hitt finnst mjer auðsætt, að hreppsþyngslin hljóti að vaxa, því eptir frumv. á að greiða úr sveitarsjóði alla barnsfúlgu föðursins, hvort sem hún næst hjá honum aptur eða eigi; en eptir núgildandi lögum skyldi eigi goldið meira af henni en móðirin þarf með; hitt af meðgjöfinni fellur niður, ef það næst eigi með öllu því aðhaldi sem lög heimila. Það er nú sjálfsagt á valdi h. þingd., hvort hún vill sinna tillögu nefndarinnar eða eigi; hún áleit það skyldu sína, að vekja athygli h. þingd. á því að með frumv. þessu er innleidd ný regla og nýrri byrði slengt upp á sveitirnar að ástæðulausu.

Landshöfðingi: Mjer finnst h. framsögumaður (A. Ó.) með varnarorðum sínum fyrir breyt.till. alveg eins beinast að henni, eins og að frumv.; því vistarsveitin er alveg eins prókúrator fyrir móðurina, hvort sem hún heimtar 5 kr. inn fyrir hana eða 30 kr., og þar sem hann var að tala um hina löngu krókaleið, sem yrði að fara, ef frumv. yrði að lögum, þá vil jeg benda honum á, að hún yrði engu skemmri, þó breyt.till. kæmist að, heldur alveg hin sama. Mesti gallinn á breyt.till. er sá, að þar er verið að binda greiðslu barnsmeðgjafarinnar til móðurinnar við það, hversu mikils hún þarfnist barninu til framfæris, en svo ekkert sagt um, hver eigi að dæma um það; það er ómögulegt að sjá, hvort það eigi að vera vistarsveit móðurinnar eða föðursins eða máske móðirin sjálf.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg vil skýra orð mín betur. Þar sem jeg sagði, að vistarsveit móðurinnar væri í 3. gr. frv. gjörð að prókúrator hennar, átti jeg eigi við það, að sveitin væri gjörð það, þótt hún gegndi þeim skyldum, sem á henni hvíla nú að lögum, að láta móðurina hafa það sem hún þarfnast og ganga eptir því aptur hjá hreppnum eða föðurnum; en jeg átti við það, að vistarsveitin væri gjörð að prókúrator móðurinnar, ef hún ætti að ganga út fyrir þetta takmark, og heimta 30 kr. þegar móðirin þarfnaðist eigi meir en svo sem þriggja kr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 463), felld með 8:3 atkv. Frv. samþ. óbreytt (C. 451) með 9 samhl. atkv. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi*.

Fertugasti fundur, fimmtudag 15. ágúst, kl. 9 e. h. Allir á fundi.

Tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikninginn 1886 og 1887 (C. 427, 462); ein umr.

Árni Thorsteinsson: Sem Reykvíkingur gæti jeg og ætti jeg að taka því með gleði, að gefið væri eptir af skuld dómkirkjunnar við landssjóð, hvort sem það væri höfuðstóll eða vextir. En á hinn bóginn kann jeg þó ekki við, að draga þá upphæð af viðlagasjóði, sem aldrei hefur í hann komið, nje heldur ekki í landssjóð. Jeg hygg, að þessi uppástunga um að færa skuld Reykjavíkurkirkju niður um 966 kr. 85 a., sje fram komin af því, að menn hafi hugsað, að þessi upphæð hafi verið borguð inn í landssjóðinn. En það er alls ekki svo. Eins og landshöfðinginn hefur tekið fram í svörum sínum upp á athugasemdir yfirskoðunarmanna landsreikninganna, er þetta gömul innborgun, er kirkjan hefur borgað sem tekjuafgang, er hún hefur haft umfram útgjöldum sínum. Þessi innborgun hennar hefur átt sjer stað á tímabilinu frá 1830—1840, og er greidd í ríkissjóð, en ekki í landssjóð. Sem dæmi upp á það, hvort kirkjan hefur ekki aptur fengið þessa upphæð, eða getur talizt eiga hana inni enn, þá skal jeg skýra frá, að 1834 er útborgað handa henni til skrúða 446 kr., 1835 3. sept til sama 240 kr., 8. ág. 1836 til sama 80 kr.

og á árunum 1835 og 1836 til kirkjugarðs 1200 kr., allt úr ríkissjóði. Enn fremur er 1847 gjört við kirkjuna fyrir 60 þús. kr. eptir áætlun, en í raun og veru miklu meira, og 1854 sömuleiðis fyrir 2200 kr. Það virðist því ekki nein sjerleg ástæða til, að fara nú að draga þessar 966 kr. 85 aura frá skuld hennar til landssjóðs, eða fjárhæð, sem borguð er inn í ríkissjóð fyrir 50 árum síðan. Það liggur langt um nær, að nema þessa upphæð burtu úr kirkjureikningunum, og það getur umboðsvaldið og þess endurskoðandi gjört, án þess að löggjafarvaldið komi til, því að upphæðin virðist vera færð kirkjunni tekjumegin, — jeg vil ekki segja af monti, heldur af einhverjum ruglingi af fjárhaldsmönnum kirkjunnar. Ríkissjóður hefur heldur aldrei viðurkennt, að dómkirkjan eigi þessa upphæð inni, því síður landssjóður, og því getur það alls eigi átt við, að draga hann frá skuld kirkjunnar nú við viðlagasjóð.

Þar næst hefi jeg stungið upp á því, að sú tillaga falli burt, að öllum landssjóðslánum til einstakra manna verði smámsaman eptir atvikum breytt í afborgunarlán. Mjer virðist þetta orð: „smámsaman“ nokkuð hæpið, því að með því er ekkert verulegt ákveðið. Það getur valdið mikilli óánægju og miklum ójöfnuði, ef einum er sagt upp láni, en öðrum er leyft að halda því með þessum góðu kjörum, sem landssjóðurinn gefur. En þetta er þó að eins smáathugasemd á móti því, sem jeg skal nú segja á eptir.

Eins og allir vita, er fjárhagur landsins nú ekki sjerlega glæsilegur. Nú á landssjóður í lánum með hálfs árs uppsagnarfresti 350 þús. krónur, og beri það bráðlega að, að landssjóður þurfi á sínu fje að halda, þá má svara: þessum öllum lánum má segja upp með $^1/_2$ árs fyrirvara. En sje lánunum breytt í t. d. 28 ára afborgunarlán, er þar með bundinn höfuðstóllinn og ekki hægt að fá inn nema hina umsömdu afborgun árlega og svo vexti. Með þessu væri því enn þá bundnara fje viðlagasjóðsins, heldur en nú á sjer stað. Jeg skal einnig geta þess, að sje lánunum allt í einu breytt í afborgunarlán, er enginn hægðarleikur að sjá um skilvísa greiðslu þeirra. Það gæti enda auðveldlega farið svo, að landssjóður yrði að sitja uppi með mörg af veðunum og líða við það að minnsta kosti stundartjón. Jeg get því ekki álitið þessa aðferð heppilega.

Jeg get ekki lyktað ræðu mína svo, að jeg ekki minnist á síðari hluta 3. tillögunnar, þar sem mælt er fyrir um, að ekki skuli lána framvegis önnur lán en afborgunarlán og ekki til lengri tíma en 28 ára. Fjárhagur vor er ekki svo glæsilegur nú, að spurning geti verið um það, að lána fje af viðlagasjóði nema í einstökum og sjerstökum tilfellum, enda hefur það ekki átt sjer stað á síðustu árum, að lán hafi verið veitt nema stöku embættismönnum eða þá til kirkna og sýslu- eða sveitarfjelaga. Jeg álít þannig þennan síðari hluta 3. tillögunnar sjálfsagðan, en jafnframt óþarfan fyrir umboðsvaldið og hef því ekki viljað kljúfa 3. till. í sundur.

Landshöfðingi: Jeg er samdóma h. varafors. (Á. Th.) viðvíkjandi 2. tölulið um skuld Reykjavíkurdómkirkju, og hefur hann fært svo ljós rök fyrir því, að engin ástæða sje til að færa skuldina niður einmitt um þessa tilteknu upphæð, heldur sje rjett að nema hana burt úr reikningum kirkjunnar, að jeg þarf engu þar við að bæta. Jeg ímynda mjer, að það hafi ekki verið ljóst fyrir þeim, sem komið hafa fram með þessa uppástungu nú og fyr, — því þetta er ekki nýkomið — hvernig á þessum 966 kr. 85 aur. stóð, en þegar mönnum er orðið það ljóst, held jeg engum blandist hugur um, að þær geta ekki komið til skuldajafnaðar móti skuld kirkjunnar.

Aptur á móti get jeg ekki verið h. varafors. samdóma um 3. tölulið, að það

sje ísjárvert, að koma á þeirri reglu, að landssjóðslánum til einstakra manna skuli smám saman eptir atvikum breytt í afborgunarlán; tillagan fer ekki fram á annað en það, sem einnig hefur verið tekið fram í Nd., að skora á landsstjórnina að hlutast til um, þegar lántakandi deyr og erfingjar koma í staðinn, eða þegar eigendaskipti verða að veðinu, svo að nýr maður gengur inn í skuldina, að þá sje lánið því að eins látið standa, að áskilin sje afborgun, og er landsstjórninni falið að ákveða frestinn. Hann gæti orðið ákveðinn mismunandi, bæði með tilliti til þess, hve stór skuldarupphæðin er, og með tilliti til gæða veðsins. Jeg verð sjerstaklega að fallast á þá athugasemd yfirskoðunarmanna, að það er eigi tryggilegt, að láta lán gegn veði í húsum í Reykjavík standa lengi án afborgunar, því að það er vitanlegt, að veðið hlýtur að rýrna í flestum tilfellum.

Þótt svo sje, sem h. varafors. (Á. Th.) sagði, að landssjóður hefur í hendi sinni að segja upp lánum með hálfs árs fyrirvara, þá er það úrræði, sem í síðustu lög er grípandi til, með því að það getur orðið að miklu óhagræði, eigi að eins fyrir skuldunaut, heldur einnig fyrir landssjóð sjálfan, því að það gæti opt rekið að því, að hann neyddist til að gjörast eigandi að veðunum í stað borgunar. Jeg held því að það sje bezt, að 3. töluliður standi, og landsstjórninni sje falið að gjöra í þessu efni það sem hún álítur heppilegast.

Móti síðari hluta 3. töluliðs hafði h. varafors. ekkert, enda mundi ekki koma til þess, að lán verði framvegis veitt, nema gegn árlegri afborgun, þegar alþing hefur látið í ljósi, að það sje mótfallið öðru vísi lánum. — Jeg legg því til, að 3. töluliður standi, en 2. tölul. falli burt.

Jakob Guðmundsson: Hæstv. landsh. hefur útlistað einmitt skoðun mína í þessu efni, svo að jeg hef eigi miklu við að bæta. Þó skal jeg að eins bæta því við, að eptir því, sem menn vita um hag viðlagasjóðs, held jeg enginn geti gjört ráð fyrir, að allt í einu verði gripið til, að brúka allt að helmingi þeirrar upphæðar, sem í honum er. — Hæstv. landshöfðingi tók fram, að það gæti verið tjón, eigi að eins fyrir lántakanda, heldur einnig fyrir landssjóð, ef lánunum væri sagt upp með hinum ákveðna fyrirvara, og er jeg honum að öllu leyti samdóma um þetta. Þess utan hef jeg þá skoðun, að afborgunarlán yfir höfuð sjeu hollust fyrir lántakandann. Það er kunnugt, að sá, sem lán tekur, er ekki nema 17—18 ár að borga höfuðstólinn í rentum, og hann og hans eru miklu betur farnir, ef smámsaman er afborgað. Jeg mun því greiða atkvæði með 3. lið þingsályktunartill.

Árni Thorsteinsson: Jeg hef eigi getað skilið 3. tölulið öðru vísi, en að meiningin væri, að breyta öllum lánum til einstakra manna með hálfs árs uppsögn smám saman í afborgunarlán eptir atvikum. En eptir orðum hæstv. landsh. hef jeg eigi skilið töluliðinn rjett, og er það þá því að kenna, að sjálf orðin hafa afvegaleitt mig. Jeg efast ekki um, að skilningur hæstv. landshöfðingja sje rjettur; að minnsta kosti má ganga út frá því vísu, að hann fari eptir þeim skilningi, sem hann hefur lýst yfir, að hann leggi í orðin, nfl. að breyta skuli lánunum þegar skuldunautaskipti verða. Fyrst töluliðurinn er þannig skilinn, tek jeg aptur till. mína við staflið 3. En því get jeg ekki fallið frá, að eptir orðunum liggur skilningur minn beinast við.

Viðvíkjandi staflið 2. láðist mjer að taka fram, að þessar 966 kr. 85 aurar Reykjavíkurkirkju eru í reikningum kirkjunnar, að minnsta kosti fyrir mjög langan tíma, færðar innandálks sem minnisatriði, en alls ekki í höfuðreikninginn utan dálks.

ATKVÆÐAGR.: Fyrri tölul. breyt.-till. (C. 462) samþ. með 8 samhl. atkv.

atkv., en hinn síðari tekinn aptur. Tillögurnar í heild sinni þannig breyttar samþ. með 10 atkv. samhl. og síðan afgreiddar til landshöfðingja sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Fertugasti og fyrsti fundur, föstudag 16. ágúst, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda (C. 433); 2. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Af því máli þessu var tekið svo vel við 1. umr., sje jeg enga ástæðu til, að mæla með því nú, enda mun h. deild vera fullkunnugt um efni frumv., og hefi jeg svo engu við það að bæta.

Sighvatur Árnason: Út af því, sem kom fram við 1. umr. og sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) gat um, að allar reglugjörðir sýslunefnda í Suðuramtinu væru staðfestar af amtsráði, að reglugjörð sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu undanskilingi, þá efast jeg eigi um, að það sje satt, en jeg vil taka það fram, af því mjer er kunnugt um, af hverri ástæðu hún er eigi staðfest. Hún var búin til á sínum tíma og staðfestingar leitað hjá hinum þáverandi amtmanni Bergi Thorberg; en þegar til kom, vildi hann eigi staðfesta hana, af því það voru í henni sektarákvæði, og að hans áliti höfðu sektir í slíkum reglugjörðum eigi lagaheimild við að styðjast; þess vegna fórst fyrir staðfesting á henni, og kemur það saman við það, sem landshöfðingi tók fram um daginn, að sektir væru þýðingarlausar eptir slíkum reglugjörðum, þó þær væru staðfestar af amtsráði. Einmitt þetta sýnir, að frv. er nauðsynlegt. Jeg skal geta þess, að það vakti fyrir þeim, sem bjuggu til reglugjörðina fyrir Rangárvallasýslu, að slíkar reglugjörðir væru þýðingarlitlar, ef eigi væru í þeim gildandi sektarákvæði, og því tek jeg það fram aptur, að það er nauðsynlegt, að frumv. þetta verði gjört að lögum, og mun jeg gefa því atkvæði mitt af þessari ástæðu.

E. Th. Jónassen: Jeg ætla að standa upp til þess að leiðrjetta misskilning hjá 1. þm. Rangv. (S. Á.). Það er rjett, sem hann sagði, að amtmaður vildi eigi staðfesta reglugjörðina úr Rangárvallasýslu; en það kom af því, að í henni stóð, að sýslunefnd ætti að ákveða sektirnar, en í hinum öðrum reglugjörðum stendur, að sektirnar skuli borgaðar eptir ákvæði sýslumanns, sem ber að meðhöndla brot gegn reglugjörðunum sem almenn lögreglumál. Þessi ummæli vantaði í reglugjörð Rangárvallasýslu, og því var henni neitað staðfestingar. En jeg vil geta þess, að jeg mun gefa frumv. atkv. mitt, bæði fyrir þær upplýsingar, sem fram hafa komið, og einkum er jeg hef heyrt ummæli hæstv. landsh. Jeg stóð upp að eins til að leiðrjetta skekkjuna hjá h. 1. þm. Rangvellinga (S. Á.).

Sighvatur Árnason: Ef það er rjett, sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) segir, þá er það af misminni mínu, sem jeg tók fram áðan, og á jeg þó bágt með að skilja það, af því þetta er svo ríkt í huga mínum og jeg persónulega átti tal um þetta við þáverandi amtmann, og minnir eigi betur, en það var einmitt þetta, eins og jeg sagði, sem hann fyndi að.

ATKVÆÐAGR.: Frv. allt samþ. í e. hlj., grein fyrir grein, og fyrirsögnin sömuleiðis.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um sveitarstyrk og fúlgu (C. 464); 1. umræða.

Arnljótur Ólafsson: Þegar jeg ber frumv. þetta saman við 7. gr. í lögum um sveitarstyrk og fúlgu 4. nóv. 1887, þá sýnist mjer það eigi vera nein eiginleg bót

á 7. gr., heldur hjer um bil orðrjett eins og sú grein. *(J. Ól.:* 3 orð öðruvísi). Jú, en sem hafa enga sjerlega þýðingu í framkvæmdinni. Jeg get því eigi sjeð neitt gagn að frumv. Auk þess vantar dagsetning á lögum þeim, er 7. gr. þeirra á að fella úr gildi, svo sem jeg vona allir h. þingdm. sjái.

Landshöfðingi: Það er, eins og h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) sagði, lítill munur á frv. þessu og 7. gr. í lögunum um sveitarstyrk og fúlgu 4. nóv. 1887; en það er þó dálítill munur. Í 7. gr. þessara laga segir svo, að þegar maður vill flytja af landi burt, skal hann skyldur að setja sveit *sinni* trygging fyrir, að vandamenn hans verði eigi til þyngsla. Hjer sýnist gjört ráð fyrir því almenna tilfelli, að sá, er á sveit lendir, eigi sömu sveit og sá, er flytur af landi burt; en ef hann á aðra sveit, þá er öðru máli að gegna. Ef sá, er flytur af landi burtu, og vandamenn þeir, er honum ber fram að færa, eiga sömu sveit, þá er engin hætta á, að sveitarstjórnin muni eigi ganga eptir nægilegri tryggingu; en ef vandamenn burtflytjanda eru sveitlægir annarsstaðar, þá er engin sjerleg ástæða til, að sveit hans gangi eptir, að trygging sje sett. Jeg get nefnt sem dæmi, að ef foreldrar 16 ára gamals barns flyttu af landi burt, þá er barnið sveitlægt í fæðingarhreppnum, en hreppur foreldranna getur verið allt annar, og eins getur komið fyrir, að barn flytji af landi burt og skilji eptir ósjálfbjarga foreldra, sem sjeu sveitlægir í öðrum hreppi en barnið. Neðri deildin hefur viljað ráða bót á þessu með frumv. því, sem hjer liggur fyrir, með því að veita framfærsluhreppi vandamanna þeirra, er eptir verða, rjett til að heimta tryggingu fyrir, að þeir verði honum eigi til þyngsla, því sveit sú, er burtflytjandi flytur úr, kærir sig eigi ávallt um, að trygging sje sett, eða hefur neina sjerlega *interesse* fyrir, að það sje gjört.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. var vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um samþykktir um silungsveiði í ám og vötnum (C. 464); 1. umr.

Landshöfðingi: Þó jeg álíti frumv. það, er var til umræðu næst á undan, nytsamlegt, og góða rjettarbót, þá get jeg eigi verið á sömu skoðun með þetta frv., er hjer liggur fyrir. Jeg ímynda mjer, að það sje hrein og bein undantekning, að ástæða sje til að setja samþykktir um silungsveiði, enda játaði flutningsmaður frv. í neðri deild, að hann hefði að eins eitt vatn í huganum, og jeg get því eigi sjeð neina nauðsyn á, að sýslunefndum sje veitt slík heimild, sem hjer er farið fram á, og í annan stað treysti jeg sýslunefndum eigi til að hafa nægan kunnugleik og þekking til þess að setja reglur um þetta efni. Jeg skal taka sem dæmi vatn eitt í Árnessýslu, Þingvallavatn; jeg ímynda mjer, að fáir sýslunefndarmenn í Árnessýslu beri það skynbragð á silungsveiði, að þeir gætu sagt og fyrirskipað, hvernig veiði skyldi haga, og því síður ef um minni vötn er að ræða, ár eða læki. Jeg skal játa, að silungsveiði geti stundum verið arðsöm, en eigi eins og laxveiði, og mjer finnst því eigi ástæða til að fara að takmarka atvinnufrelsi og rjett manna fyrir silungsveiðina eina, og verð því að álíta frumv. þetta óþarft.

Skúli Þorvarðarson: Jeg get ímyndað mjer, að flutningsmaður frumv. þessa í neðri deild hafi sjerstaklega haft fyrir augum veiði í Mývatni og álitið samþykktir um silungsveiði þar nauðsynlegar, og jeg ætla mjer nú ekkert að bera um það, því þar er jeg alveg ókunnugur, en þar sem hæstv. landsh. minntist á veiðivatn í Árnessýslu, þá get jeg skilið, að það væri eigi þýðingarlaust að hafa samþykktir um veiði þar; jeg held það væri heppilegt að hafa reglur um, að menn skyldu viðhafa hent-

ugustu veiðiaðferð og ef til vill líka takmarka veiðitímann nokkuð; jeg held líka, að það mundi eigi verða ómögulegt fyrir sýslunefndir, að fá svo miklar upplýsingar, að þær gætu náð talsverðum kunnugleik á málinu. Það eru líka fleiri vötn í Árnessýslu en Þingvallavatn, t. d. Apavatn. Það sem vakir helzt fyrir mjer, er, að það geti verið bæði nauðsynlegt og gagnlegt, að þessum samþykktum yrði komið á, þar sem um talsverða silungsveiði er að gjöra, bæði til þess að banna veiði á þeim stöðum, sem silungurinn helzt notar til að gjóta, og eins til þess að koma í veg fyrir veiði á vissum tíma árs, ef ungviði eða hrognbúum sýnist hætta búin af ádráttarveiði. Þó jeg sje eigi veiðimaður sjálfur, þá hef jeg heyrt menn, sem hafa góða þekkingu á þeim efnum, kvarta undan, að silungsveiði sje opt eigi hagað svo hyggilega sem skyldi, og að einstakir menn spilli henni með of mikilli og óhagkvæmri veiði, bæði fyrir sjer og öðrum, svo jeg held, ef frumv. yrði að lögum, að það gæti orðið að góðu gagni fyrir silungsveiðina, og þó hún sje eigi jafn-arðsöm og laxveiði, þá gæti hún þó sumstaðar verið mikils virði, ef hún væri stunduð með ráðdeild og fyrirhyggju, og því vil jeg gefa frv. atkvæði mitt.

Jakob Guðmundsson: Tilgangur allra friðunarlaga er að friða um þær skepnur, sem mönnum getur orðið arður af að veiða eða afla sjer á ýmsan hátt, en þó svo, að lögin eða samþykktirnar geri eigi skaða þeim, sem nú lifa. Í þeim tilgangi eru skepnur friðaðar, að þær geti líka orðið eptirkomendunum til gagns, að þær tímgist, svo þær eigi upprætist með öllu, og verði til engra nota fyrir þá eptirkomandi kynslóð. Í fornsögum vorum segir, að þegar land hjer byggðist, hafi hver lækur og hver á verið full af silungi. Silungsveiði var þá í hverju vatni, og jafnvel í bæjarlækjum, svo menn þurftu þá eigi lengra en rjett út fyrir bæjarvegginn til þess að geta aflað sjer þeirrar lífsbjargar. Ef menn nú hefðu borið sig skynsamlega að og eigi eyðilagt þessar skepnur, svo þær urðu að litlum notum fyrir eptirkomandi kynslóðir, þá mundi nú vera hjer á landi meiri silungsveiði en er. Jeg get eigi annað en verið meðmæltur öllum þeim lögum, sem miða til þess að friða þær skepnur, sem að notum geta komið, og jeg verð að álíta þau nauðsynleg. Hjer á landi er fleira en lifandi skepnur, sem gagnlegt hefði verið og væri að friða, t. d. skógarnir; ef þeir hefðu verið friðaðir, þá væri landið eigi svo skógsnautt og upp blásið, sem það er nú; en nú er komið sem komið er, af því mönnum voru eigi sett nein takmörk í gegndarlausri eyðslu þeirra.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg er alveg samdóma hæstv. landsh. um það, að þetta frumv. sje óþarft; en jeg vil fara lengra en hann; jeg vil segja, að það sje skaðlegt. Að vísu hefur þingið ekki látið í ljósi, að sjer væri annt um að friða laxinn, þar sem það ekki vill láta selinn vera ófriðhelgan og rjettdræpan, og meira að segja: gefur út peninga til þess að ala upp lax, handa selnum; en menn vita það með vissu, að sumar silungstegundir eru skaðlegar fyrir laxinn og verstu laxhrognaætur; og líka mundi það koma í bága við laxfriðunarlögin, þegar ákveða ætti vissa möskvastærð á silungsvörpum o. fl. þar að lútandi.

Þess vegna er jeg algjörlega á móti þessu frumv.

Skúli Þorvarðarson: Út af orðum h. 3. kgk. þm. (L. E. Svb.), að silungur sje til skaða fyrir laxveiði, skal jeg geta þess, að varla mun um laxveiði vera að ræða í hinum helztu veiðivötnum landsins, svo sem Mývatni, Þingvallavatni og enda víðar. Í veiðiám má fremur ætla, að bæði sje lax og silungur, og þar sem svo á

stæði, mundi samþykktir um veiðar verða samdar með tilliti til þess, svo jeg held, að þessu þurfi eigi að beita sem ástæðu á móti frumv.

Landshöfðingi; Jeg vil minna h. þm. Árn. (Sk. Þ.) á það, að einmitt í því vatni, sem hann þekkir bezt, hefur verið reynt að koma upp laxveiði bæði með laxaklaki þar á staðnum, og með því að þangað hefur verið flutt ungviði og hrogn úr laxaklakinu á Reynivöllum, eptir ráði Feddersens og manns, sem með honum var. Jeg hef líka heyrt menn frá Þingvallavatni segja, að urriðinn væri hættulegur fyrir laxaklak, að hann æti öll ungviðin; eins veit jeg það, að í Elliðaánum er sjóbirtingur álitinn mjög skaðlegur fyrir laxinn; hann gengur upp í árnar einmitt um það leyti, sem laxinn hrygnir. Varhugaverðast þykir mjer það við þessar samþykktir, að jeg treysti eigi sýslunefndum til þess að hafa þá þekkingu, sem þarf til að semja slíkar samþykktir; til þess þarf fiskifræðislega kunnáttu; en ef þær setja þær samþykktir, sem spilla, í stað þess að verða að liði, þá hygg jeg betra sje að hafa engar samþykktir.

Jakob Guðmundsson: H. 3. kgk. þm. (L. E. Svb.) tók það fram í ræðu sinni, að silungur væri til skaða fyrir laxveiðina, af því hann æti hrognin, og að þess vegna væri nauðsynlegt að eyða honum. Jeg hef heyrt, að að eins urriði væri skaðlegur fyrir laxinn, en ekki annar silungur; jeg hef líka heyrt þetta af mönnum fyrir vestan, sem hafa fengizt við laxaklak, að það væri nauðsynlegt að veiða smásilunginn sem mest, og jeg hef sjeð það, að til þess að geta náð silunginum, draga þeir á hvern hyl, þar sem silungurinn heldur sig; en einmitt með þessu hafa þeir skaðað laxveiðina, því laxinn heldur sig helzt í hyljunum og hefur þar sín hrognabú, en við ádráttinn hafa þeir spillt hrognabúunum með þessum þungu og smáriðnu dráttarnetum, og þess vegna hygg jeg, að þessi aðferð muni verða meir til að spilla laxveiði en auka hana. Jeg vil meira að segja bæta því við út af orðum hæstv. landsh., að ef sýslunefndum eigi er trúandi fyrir því, að semja slíkar samþykktir, þá efa jeg, að sjálft alþingi hafi betra vit á því. *(Landsh.:* Jú, miklu betra vit).

ATKVÆÐAGR.: Málið fellt frá 2. umr. með 5 : 5 atkv.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 434, 470, 472); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Í nefndarálitinu (C. 470) eru teknar fram ástæðurnar fyrir hinum verulegustu breytingum, sem nefndin hefur ráðið til að gjörðar verði, svo að jeg finn ekki ástæðu til að fara út í þær við þessa umr. Að eins skal jeg geta þess, að af vangá hefur fallið úr — nefndin hafði svo nauman tíma til nefndarálitsins — ein breyt., sem nefndin hefur gjört við 11. gr. 2. f., og er í því fólgin, að fella burtu hið fyrirhugaða aukalæknishjerað í Norður-Þingeyjarsýslu, og mun það verða leiðrjett með breyt.till. til 2. umr.

Landshöfðingi: H. nefnd byrjar álit sitt með því, að lúka lofsorði á Nd. fyrir það, hvernig frumv. þetta sje leyst af hendi: að það sje betur úr garði gjört en að undanförnu. Þegar jeg las þessi orð nefndarinnar, hugði jeg því, að hún mundi ekki hafa gjört miklar breytingar við frv.; en þegar jeg fletti nefndarálitinu við, sá jeg þó, að breytingar hennar eru samt sem áður 28. Í hitt eð fyrra, þegar samkvæmt þessu nefndaráliti fjárlagafrv. Nd. hefir verið ver úr garði gjört, voru þó breyt.till. nefndarinnar ekki nema 30, svo að munurinn virðist ekki vera mjög mikill. Af þessum 30 breyt.till., sem gjörðar voru af nefndinni hjer í Ed. 1887, voru 16, sem fengu eigi framgang, 14 voru samþykktar, og ef líkt gengur nú í ár, munu

eigi allar þessar 28 breyt.till. nefndarinnar eiga löngu lífi að fagna.

Það erú ýmsar af breyt.till. þessum, sem jeg get ekki fellt mig við; en af því að nú er 1. umr. frumv., verð jeg að bíða með það til 2. umr. að gjöra grein fyrir, hverjar þær eru, sem jeg get mælt með, og hverjum á móti.

Að eins er það eitt atriði í nefndarálitinu, er jeg finn ástæðu til að tala um, og er það þar sem nefndin finnur við eiga að ráðast persónulega á einstakan mann. Mjer finnst þess konar eiga ekki við; nefndin gat komið með breyt.till. sínar án þess að ráðast á mann, er almennt mun viðurkennt að hafi unnið landinu mikið gagn. Jeg hygg, að mönnum muni líka það mjög illa, að þessi nefnd skuli senda þessum manni hnútur, sem er í miklu áliti, og það verðskulduðu, af þeim sem þekkja til.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Hæstv. landsh. gat þess, að nú væru 28 breyt.-till. við frumv. þetta og að það væri mótsetning við þau orð nefndarinnar, að venju fremur væri vel gengið frá frumv. eptir aðalstefnu þess hjá h. Nd. Jeg get ekki sjeð, að rjett sje að leggja svo mikla áherzlu á *tölu* breytingartillagna, að hægt sje í þessu efni að meta eptir þeim, heldur verð jeg að álíta, að meira sje komið undir hinu, *í hverja átt* breyt.till. ganga, hvort þær ganga í mótsetta átt við þá aðal-stefnu, sem Nd. hefur fylgt. Ef breyt.till. nefndarinnar fara *í sömu stefnu*, sem frumv. Nd., þá getur ekki *tala* breytingartillagnanna verið nein röksemd á móti þessum orðum nefndarinnar, jafnvel þótt nefndin gangi hjer og hvar feti lengra í þessa *sömu* stefnu.

Hæstv. landsh. gat og þess, að af 30 breyt.till. í hitt eð fyrra hefðu að eins 14 fengið framgang, en 16 fallið. Það er ekkert sorgarefni fyrir nefndina að minnast þess. Það er ekki sá *einasti* tilgangur með breyt.till., að fá þeim framgengt þegar í stað; því að opt getur það verið gott, að fá þeim skoðunum hreyft, sem breyt.till. eru sprottnar af og gefa tilefni til. Enda er svo gott að vita, að sumar af þeim breyt.till. Ed., sem felldar voru á þingi síðast, eru nú teknar upp í frumv. þetta í Nd. Nefndinni hjer í Ed. er því ekki svo sárt um allar breyt.till. sínar; hún veit það og, og viðurkennir, að Nd. hefur meiri rjett en Ed. til að ráða fjármálunum, enda hefur Ed. ekki afl á móti Nd., ef til skarar skríður með skoðanamun þeirra. En einmitt fyrir þá sök getur Nd. ekki tekið það illa upp, þótt Ed. láti í einhverju frábrugðna skoðun í ljósi um fjármálin. — En hitt er víst, að sumar þær breytingar eru nú komnar inn í frumv. þetta, sem ætíð hafa verið á dagskrá á hverju þingi síðan 1881, en hafa loks borið ávöxt í ár. Þetta sýnir, að ýmsar tillögur geta grafið um sig og komizt að á endanum, þótt þær eigi örðugt uppdráttar í fyrstu og komist ekki að á fyrsta ári.

Þar sem hæstv. landsh. talaði um, að nefndin hefði gjört árás á einstakan mann, þá veit jeg ekki, við hvern eða hvað hann hefur átt; jeg kannast ekki við, að nefndin hafi í áliti sínu ófrægt nokkurn mann. Jeg get því ekki svarað þessum ummælum, fyr en jeg veit, við hvað og hvern hæstv. landsh. á.

Landshöfðingi: H. framsögum. (J. Ól.) vildi skýra hrós nefndarinnar um h. Nd. í þá átt, að það væri fyrir aðalstefnu frv. Í nefndarálitinu stendur: „og verður hún (ɔ: nefndin) að láta uppi það álit sitt, að frá frumv. sje yfir höfuð að tala *venju fremur* vel gengið frá h. Nd. í ár“. Með þessu er þannig óbeinlínis sagt, að undanfarin ár hafi ekki verið vel gengið frá frumv. í Nd. En um aðalstefnu frv. verð jeg að segja, að jeg er ekki svo fróður, að jeg geti sagt, hver hún er; og sje frumv. borið saman við stjórnarfrumv., sje jeg ekki, að stefna Nd. sje önnur nú

í ár, heldur en hún var 1887. Jeg sje þannig enga nýja stefnu í ár. Ef tala skyldi um tvær stefnur, þá mætti t. a. m. segja, að Nd. hafi ætlað meira fje til skóla en að undanförnu; þessu er nefndin hjer ekki samþykk; hún hefur minnkað styrkinn til kvennaskólanna. Ef h. nefnd meinar hjer með aðalstefnu, að spara fje landsins, þá er það ekki nein ný stefna, því að það lá einnig í stjórnarfrv.

Hvernig sem jeg velti þessu fyrir mjer, get jeg því ekki sjeð neinn stefnumun á frumv. þessu og fjárlagafrv. síðustu ára; en sje um nokkurn stefnumun að tala, virðist hann vera helzt á þann veg, að breyt.till. Ed. nú sýni aðra stefnu en Nd. að því er snertir fjárhag landsins.

Júlíus Havsteen: Jeg stend að eins upp til að votta nefndinni innilegt þakklæti fyrir, að hún hefur ekki komið með fleiri breytingar en hún hefur gjört.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Hæstv. landsh. sagði, að nefndin gæti ekki sagt þau orð, sem hún segir um frumv. Nd., án þess óbeinlínis að lasta frumv. undanfarinna ára. Það væri undarlegt, ef menn gætu ekki gjört eitthvað vel, og þó á síðan gjört það betur og betur. Það er lítið hrós fyrir h. Nd., ef hún á sjer engra framfara von. Hæstv. landsh. skilur eigi, hvað nefndin meinar með aðalstefnu Nd. Jeg get þá sagt honum, að sú stefna, sem nefndin einkum átti við, er sparnaðarstefnan. Í hitt eð fyrra byrjaði Nd. að spara meira en áður, og lauk fjárlaganefnd þessarar deildar þá lofsorði á hana fyrir það, en nefndin hjer var að eins eigi á sama máli og Nd. um, að sparnaðurinn kæmi alstaðar rjett niður, t. d. þar sem hún tók af hálfan styrkinn til gufuskipsferða kringum landið. Þótt h. Nd. gjörði þannig vel í hitt eð fyrra, hefur hún samt gjört enn betur nú, þar sem hún t. d. hefur aukið aptur fjárveitinguna til strandferðanna. Í þessu get jeg ekki sjeð að felizt nein mótsögn.

Þegar menn telja saman þessar breyt.-till., sem nefndin hefur komið fram með — þær verða 29, þegar sú breyting bætist við, sem jeg gat um að úr hefði fallið — þá verður ekki sagt, að aðal-fjárbreyting sú, sem þær fara fram á, sje stórkostleg, og er meira um *það* vert, en *tölu* tillagnanna. Það eru að eins 2800 kr., sem nefndin leggur til, að veitt sje fram yfir frumv. Nd., og 13,130 kr. minni útgjöld. Tillögur nefndarinnar um 10,330 kr. ganga þannig í sömu stefnu, sem er aðalstefna fjárlaganefndarinnar í Nd., sparnaðarstefnuna, en að eins feti lengra, og þessi deild þekkir svo vel afstöðu sína í fjármálum, að það er ekki gefið, að hún gjöri allt það að kappsmáli, sem hún hefur lagt til. En um þetta verður nákvæmar rætt við 2. umr.

Jakob Guðmundsson: Þar sem h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að hann vissi ekki, við hvern hæstv. landsh. hefði átt, er hann sagði, að nefndin hefði ráðizt á ónefndan prívatmann, þá held jeg þó, að hver maður, sem getur lesið, og skilur mælt mál, skilji, hver það er, sem nefndin beinist að. Ólafsdalsskólinn er nefndur og forstöðumaður hans er einnig nefndur. Allir vita hver hann er. Hann heitir Torfi og er Bjarnason. Allir, sem þekkja hann, vita, að hann er enginn óstands- eða óhófsmaður, heldur skynsamlega sparandi reglumaður, og á hann alls ekki skilið, að honum sje brigzlað um óráð eða óspilsemi. En hitt getur verið, að hann hafi ekki verið nógu eigingjarn til að græða af fje því, sem lagt hefur verið til skólans, heldur hefur hann varið því öllu til hans, svo að skólinn gæti orðið sem fullkomnastur og beztur. Þetta er samhuga álit allra, sem þekkja manninn, og því kemur árás h. nefndar mjög illa við.

Annað er það, sem hneixlar mig, þar sem nefndin segir, að Ólafsdalsskólinn hafi fáa lærisveina. Það er vitaskuld, að

lærisveinatalan kemst ekki í samjöfnuð við tölu lærisveina í slíkum skólum í fjölmennum löndum. En þar sem á skóla þessum hafa verið 10—13 lærisveinar, verður ómögulega sagt, eptir hag og ástandi lands vors og í samanburði við nemendatölu á öðrum búnaðarskólum hjer, að það sje tiltölulega fátt. Mjer er kunnugra um þennan skóla en mörgum öðrum, því að jeg er úr sömu sýslu, og hef verið við próf í skólanum nokkur ár; er mjer því kunnugt um bóklega þekkingu lærisveina að minnsta kosti. Jeg hlýt að vera hæstv. landsh. samdóma um, að nefndin hefði getað fært niður tillagið til skólans, ef það er sannfæring hennar, að það sje rjett að færa það niður, án þess að koma með þessi hálfmeiðandi ummæli um alkunnan heiðursmann.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Hæstv. landsh. og h. þm. Dal. (Jak. G.) vilja halda því fram, að ummæli nefndarinnar um búnaðarskólann í Ólafsdal sje persónuleg árás á forstöðumannninn. Nefndin segir, að hann sje nýtur maður. Það er þó eigi árás? Enn fremur segir hún, að þó að þessum nýta manni sje ekki lagið að sníða gjöld sín eptir tekjum sínum, svo að heima standi, þá geti landssjóði ekki borið nein skylda til að sníða tillag sitt eptir efnum og ástæðum forstöðumannsins, fremur en eptir árangri og gagni kennslunnar. Jeg sje ekki, að *þetta* sje nein árás á forstöðumanninn. (*Jak. G.*: Það eru fínar skammir!). Já, þær eru víst „fínar"! — Sje nokkur sneið í þessum orðum, þá er hún ekki til forstöðumannsins, því að það eru engin ósannindi um hann sögð í þessu; það skyldi þá vera heldur sneið til þingsins, að það skuli kasta fje landsins út til þessa *privat*-skóla, svo miklu, að það stendur ekki í neinu hlutfalli við gagnsemi skólans, eða hæfileika jarðarinnar, sem skólinn er á. Það kemur öllum saman um, að skólinn sje óheppilega settur, og veit jeg ekki, hvort það getur orðið álitið vítavert verk, að *geta um* það. Hann kostar landið árlega 4000 kr., og þótt 8 útskrifist þaðan og lærisveinar sjeu 12, að meðtöldum vinnumönnum forstöðumannsins, getur það sannarlega ekki kallazt mikið. Það er ekkert leyndarmál, að til þess að geta látið áætlunina standa heima, þ. e. notað allt hið veitta fje, hefur forstöðumaður Ólafsdalsskólans orðið að fá vinnumenn sína til að gjörast lærisveinar á skólanum; og hvort sem það er árás eða ekki, verð jeg að segja, að sá styrkur, sem veittur hefur verið til Ólafsdalsskólans af landssjóði, hefur að miklu leyti verið persónuleg styrkveiting til forstöðumannsins. Hann hefur verið veittur meira af því, að forstöðumaðurinn er í mörgu ágætur maður, heldur en vegna gagns þess, sem er að fyrirtæki hans, eða af því, að menn hafi haft svo mikið álit á *skólanum*. Til hvers er að leyna því, sem allir vita? Væri menn svo heppnir, að Torfi Bjarnason væri kominn á einhvern annan stað, t. d. að búnaðarskólanum á Hólum eða Hvanneyri, þá mundi engum manni detta í hug að stofna búnaðarskóla í Ólafsdal eða veita einn eyri til skóla þar. Þetta sýnir ljóst, að styrkurinn er veittur Torfa Bjarnasyni, en ekki Ólafsdalsskólanum. Þetta er álit nefndarinnar og margra annara. Hún vildi gjarnan óska, að Torfi væri kominn á aðra hentugri jörð, af því hún álítur hann mjög nýtan og duglegan mann; en hún getur ekki fundið, að skólinn gjöri, þar sem hann er, það gagn, er samsvarar fjárframlagi landssjóðs. — Ef þetta er persónuleg árás, þá fer að verða vandi að segja skoðun sína um almenn málefni. Það fer að verða vandlifað, ef menn mega ekki með allri kurteysi og virðing segja álit sitt um útgjöld á landsins kostnað eða meðferð á almanna-fje.

E. Th. Jónassen: Jeg ætlaði að vísu ekki að tala við þessa umræðu, en orð h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hafa neytt mig

til að standa upp. Jeg er alveg samdóma hæstv. landsh. og h. þm. Dal. (J. G.) um það, að ummælin í nefndarálitinu um forstöðumann Ólafsdalsskóla sjeu með öllu ótilhlýðileg; skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um það. Í annan stað finnst mjer vera nærri mjer höggið, sem formanns amtsráðsins í vesturamtinu, þar sem h. þm. (J. Ól.) sagði, að amtsráðið hefði ausið út fje eptir þörfum forstöðumanns Ólafsdalsskóla; þessu verð jeg að mótmæla að fullu og öllu. Það er heldur ekki satt, sem h. framsögum. (J. Ól.) sagði, að búnaðarskólajörðin væri óbrúkandi; jeg hef að vísu eigi komið þangað, en það hefur hann eigi heldur, og mjer er fullt eins vel kunnugt eins og honum um jörðina. Enn fremur er það hrein og bein ósannindi, að aðsóknin að skólanum sje lítil; það er þvert á móti; miklu fleiri hafa sótt að skólanum en í hann hafa getað komizt fyrir húsnæðis sakir; miklu fleiri væru í skólanum, ef húsakynni leyfðu, og þó hefur þar verið miklu kostað til bygginga, enda er þar snilldarlega byggt, eptir því sem í sveitum er vant; en h. framsögum. (J. Ól.) verður að kannast við, að slíkt er ekki hægt að gera án peninga. Þess vegna mótmæli jeg ummælum hans sem tilhæfulausum, og neita því algjörlega, að fjárveitingin til þessa skóla sje óþörf.

Jeg skal ekki fara fleiri orðum um þetta nú, því síðar mun verða tækifæri til þess.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg vil leiðrjetta það, sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði; hann sagði, að jeg hefði haft þau orð, að útgjöldin til Ólafsdalsskóla væru sniðin eptir þörfum forstöðumannsins. Þetta sagði jeg ekki; en jeg sagði, að hinar áætluðu tekjur væru auðsjáanlega gefnar, en að forstöðumaðurinn ljeti aptur útgjöldin allt af standa heima við tekjurnar; við þessu getur amtsráðið ekki gert; amtsráðið getur að eins áætlað tekjurnar, en getur ekki gert við því, þó þær sjeu brúkaðar upp. H. þm. (E. Th. J.) segir, að húsnæði sje til handa 12 nemendum; hvers vegna hefur þá amtsráðið ákveðið styrk handa fleirum? H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði enn fremur, að jeg hefði sagt, að skólajörðin væri óbrúkandi; þetta sagði jeg ekki, heldur, eins og af nefndarálitinu má sjá, að hún væri óheppileg og óheppilega sett; það er allt annað, að segja, að einhver jörð sje óbrúkandi, en að segja, að hún sje óheppileg; jeg vil segja það enn, að jörðin er óheppileg til búnaðarskóla, og jeg efast um, að h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) legði með því, að þar væri skóli stofnaður, ef það lægi nú fyrir. Svo skal jeg við næstu umræðu tala betur um, hvernig útgjöldunum til Ólafsdalsskóla hefur verið varið.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina (C. 457, 470); ein umr.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): H. Nd. hefur gert breyt. á 3. gr. frumv., sumpart eptir tillögum nefndarinnar, er þar var sett í málið, og sumpart eptir ráðum hæstv. landsh. Í frumv., þegar það fór úr þessari deild, stóð: „Í samþykktina má eigi setja nein ákvæði um það, er ræðir um í 2. gr., og hafa í för með sjer útgjöld fyrir bæjarsjóðinn, ef bæjarstjórnin mótmælir“. Í stað þess hefur í Nd. verið sett: „Nú gjörir amtmaður eða landshöfðingi breytingar við frumv., og skal þá leggja þær fyrir bæjarstjórnina til álita. Þær breytingar, sem bæjarstjórnin fellst ekki á, má ekki setja í samþykktina“. Þessi breyting, sem nú er gerð á ákvörðun frumv., eins og það kom frá Nd., stendur í sambandi við helzta ágreiningsefnið milli deildarmanna, er frv. var hjer til umræðu áður, svo jeg þarf eigi að

fjölyrða um það. Jeg skírskota til nefndarálitsins á þingskj. 419 (C. 470), sem leggur það til, að það sje samþykkt eins og það er komið frá h. Nd.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj., og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Fertugasti og annar fundur, laugardag 17. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 327, 445, 473, 499); 2. umr.

Landshöfðingi: H. nefnd, sem kosin var hjer í deildinni til að íhuga mál þetta, á viðurkenningu skilið fyrir að hún hefur gjört sjer far um að taka til greina mótbárur stjórnarinnar móti frumv. því til stjórnarskipunarlaga, er samþykkt var hjer á alþingi 1885. Jeg fæ eigi betur sjeð, en að breyt.till. nefndarinnar miði til þess, að gjöra frumv. aðgengilegra fyrir stjórnina. Frumv. neðri deildar og álit nefndar þeirrar, er þar var kosin í málið, ber með sjer, að hún hafi verið sjer þess meðvitandi, að aðalstefna frumv. frá 1885—87, og sjerstaklega fyrirkomulagið á hinni æðstu stjórn landsins, gæti eigi samrýmzt við hina stjórnarlegu stöðu þess í ríkinu. Deildin hefur kannazt við, að nauðsynlegt væri að breyta frá hinum fyrri frumv. í þessu efni, og stigið spor í þá átt, en eigi haft þrek og djörfung til þess að stíga sporið til fulls. Deildin hefur sett ákvæði í frumv. um, að konungur taki sjer ráðgjafa fyrir Ísland, og undirskript konungs undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veiti þeim gildi, þá er ráðgjafi hans fyrir Ísland skrifi undir með honum, en deildin hefur einskorðað þetta svo, að ákvæðið kemur að litlu eða engu haldi, því hún hefur bætt við: „með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari"; og hverjar eru þessar takmarkanir? Þær eru að minni ætlun svo lagaðar, að ályktanir þær, sem fá gildi með undirskript konungs og ráðgjafa hans, verða næsta fáar. Aptur á móti hefur nefndin hjer stigið sporið mun lengra. Nefndin hefur með breyt.till. sínum undir tölul. 3, 4, 5 og 8 gjört þær breytingar á frumv., sem eru í fullu samræmi við 1. gr., þannig, að framkvæmdarvaldið sje hjá konungi í raun og veru og eigi að eins á pappírnum, og að landsstjóri geti að eins framkvæmt stjórnarstörfin eptir umboði frá konungi. Að því er snertir löggjafarvaldið, þá fara breyt.till. nefndarinnar töluvert lengra en frumv. neðri deildar, því eptir því var konungi að eins veitt vald til að fella úr gildi lög, sem honum þættu viðsjárverð sakir sambandsins við Danmörku, en eptir breyt.till. nefndarinnar nær þessi rjettur til allra laga, hvort sem þau snerta samband Íslands við Danmörku eða hin sjerstaklegu málefni þess eingöngu. Þetta tvennt eru þýðingarmiklar breytingar, og ef þær komast að, er frumv. sjálfsagt betur fallið til samkomulags en eins og það kom frá neðri deild. Hvort stjórnin vildi samþykkja svona lagað frumv., get jeg eigi sagt um; það hefur aldrei fyr legið fyrir, og hún hefur því eigi haft tækifæri til að kynna sjer það, enda er eigi komið til hennar kasta, hvort hún vilji samþykkja það nú, því þó þessi nýja stefna hafi meðhald meiri hluta nefndarinnar, þá er eigi víst, að deildin í heild sinni vilji aðhyllast hana, og því síður er vissa fyrir, að neðri deildin, þegar til hennar kemur, vilji fallast á þessar uppástungur. Að vísu þykist jeg skilja, að nokkrar líkur sjeu til, að uppástungur þessar sjeu eigi alveg gagnstæðar vilja manna í neðri deild, er jeg sje nafn h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) undir nefndarálitinu, sem, eins og kunnugt er, hefur verið einn af helztu forvígis-

mönnum stjórnarskrármálsins í sambandi við forvígismenn þess í neðri neild, og vona því, fyrst hans nafn stendur undir breyt.till. þessum, þá sjeu að minnsta kosti eigi fáir í neðri deild þeim sinnandi. Þess vegna áliti jeg mikið gott, ef deildin vildi samþykkja breyt.till. þessar, til þess að neðri deild gæti tekið til íhugunar, hvort hún vildi fallast á þær eða ekki; og þó málið næði eigi fram að ganga á þessu þingi, þá gæti þetta orðið undirstaða, þegar málið yrði síðar rætt út um landið, og landsmenn gætu þá kynnt sjer uppástungur þær, er fram hafa komið, og gætu gefið fulltrúum sínum það umboð, er þeir álitu hæfilegt. Eins og málið stendur nú, er eigi ástæða til að segja, hvort það gæti öðlazt samþykki stjórnarinnar; en með þeim breytingum, sem nefndin stingur upp á, er frumv. betur fallið til þess en eins og það kom frá neðri deild.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón A. Hjaltalín): Jeg finn ástæðu til, að lýsa gleði minni og nefndarinnar yfir undirtektum hæstv. landsh. undir viðleitni nefndarinnar, og vona, að þetta fyrsta spor verði til að leiða til meira samkomulags hjer eptir en áður hefur verið. Við 1. umr. komst einn h. þingdm. svo að orði, að með breytingum nefndarinnar væri frv. orðið *umskiptingur;* jeg þakka fyrir þetta orð, og held, að það sje fram komið af innblæstri, og vona, að það viti á, að stefna þessa máls sje að skiptast. En jeg skal nú leyfa mjer, að fara fáeinum orðum um breyt.till. nefndarinnar.

1. breyt.till. við 2. gr. frumv. fer fram á þá viðbót, að tilfæra stöðulögin, og er gjörð grein fyrir því í nefndarálitinu, hvernig á því stendur: að það var önnur aðalmótbára stjórnarinnar móti frumv. 1885, að það var eigi gjört. Hins vegar finnst mjer ómögulegt að neita, að vjer höfum viðurkennt þau lög; því á hverju byggjum vjer heimild vora til að taka móti tillaginu frá Dönum, ef eigi á þessum lögum? Jeg veit eigi, hvað annað heimilar oss það; og fyrst vjer viðurkennum þau í verkinu, hvernig getum vjer þá í alvöru neitað þeim í orði?

Breyt.till. undir tölulið 2 er að eins orðabreyting, að jarl komi í staðinn fyrir landsstjóra. Landshöfðingi er betra orð; en af því það er svo bundið við það fyrirkomulag, sem nú þyrfti að breyta, þá vildum við heldur hafa jarl; það er gamalt orð og alkunnugt, og það hefur komið fram hjá Íslendingum, að þeim geðjast vel að því nafni.

3., 4. og 5. breyt.till., *getur látið* í staðinn fyrir *lætur*, er þýðingarmeiri, og er ein af þeim breytingum, sem jeg ímynda mjer að ef til vill vekji mest mótmæli; því menn segja, að rjettur okkar sje innlend stjórn og þann rjett mundum vjer eiga, hvort sem vjer hefðum krapt til að framfylgja honum eða eigi. Ef menn vilja gá að, þá er til margs konar rjettur; jeg get nefnt lagarjettinn, þann rjett, er dómstólarnir tryggja; en það er víst, að vjer *höfum* eigi slíkan rjett, sem vjer getum farið í mál út af og fengið okkur til dæmdan. En það eru til fleiri rjettir, siðferðisrjetturinn eða náttúrurjettur, sá rjettur, sem vjer höfum til innlendrar stjórnar eptir voru ásigkomulagi; jeg kannast við, að við höfum hann. 3. rjetturinn, sem vjer höfum, er nefndur sögurjettur, og skal jeg játa, að mjer er eigi svo ljóst um sögurjettinn, og held jeg, að þar mætti segja bæði með og móti, og jeg held mætti segja, að hann hefði breytzt og vjer hefðum með ódugnaði vorum á umliðnum öldum meir eða minna afsalað oss þeim rjetti. En hvað snertir báða þessa rjetti, siðferðisrjettinn eða náttúrurjettinn, og sögurjettinn, hvernig eigum vjer að ná þeim hjá þeim málsaðila, sem vjer ekki höfum krapt á móti? Jeg sje eigi, að vjer getum það með öðru en að fá málsaðila til að kannast við rjettinn og gefa hann með góðu;

jeg sje eigi, að vjer getum fengið rjettinn með öðru en að sannfæra mótpartinn og gjöra hann viljugan og fúsan á, að veita oss hann. Og hvernig hefur það gengið í stjórnarbaráttu vorri? Höfum við eigi hvað eptir annað reynt að ná þessum rjetti, og hefur stjórnin eigi neitað aptur og aptur? Jeg vil biðja menn að muna eptir vorri fyrri stjórnarbaráttu; það var heimtað og heimtað, og hvað kom? Ekkert fyr en 1873. Mjer finnst, að þingið hafi þá horfið frá þessari heimtingastefnu; þá var lagt á vald konungs, að veita stjórnarbót, með bendingum um óskir manna, hvernig henni skyldi haga; þá fyrst varð nokkur árangur; þá fyrst fengum við stjórnarbót, þó hún ef til vill væri eigi í öllu að óskum manna. Ef vjer höfum eigi afl til að framfylgja kröfu vorri, þá verður árangurinn enginn, nema við fáum sannfært mótpartinn, og vjer vitum, að mannlegu eðli er þannig varið, bæði hátt og lágt, að flestir láta fremur undan, þegar vel er að þeim farið, og vex hver við velkveðin orð, eins og máltækið segir. Eins fæ jeg eigi betur ætlað, en þegar konungsvaldið er látið óskert og konungi gefið á vald, að afsala sjer því valdi, er hann vill, og leggja inn í landið, þá muni hann fúsari á að gjöra það, og fúsari á, að leggja meira vald og fleiri mál inn í land vort, en ef það er heimtað með harðneskju. — Þessar athugasemdir eiga líka við 6. tölulið, að því er snertir löggjafarvaldið. Eptir frumv. neðri deildar getur konungur að eins ógilt þau lög, er snerta sambandið milli Íslands og Danmerkur, og þætti mjer þá eigi ólíklegt, að þegar konungur er útilokaður frá, að synja eða apturkalla önnur lög, þá vilji hann draga sem flest lög undir þetta ákvæði, og segja: þetta er sambandsmál; því menn vita, að öllum þjóðum og öllum löndum, sem eiga yfir öðrum að ráða, er sárt um sambandið, sárt um, að því sje eigi raskað, að minnsta kosti á pappírnum. Við þekkjum það frá Englandi og löndum þeim, sem það á yfir að ráða, þó Englendingar framfylgi eigi rjetti sínum eða valdi sínu strangt í framkvæmdinni. Eins er jeg viss um, að Danastjórn og fleiri Dönum er sárt um, að sambandinu sje raskað, og jeg er hræddur um, að ef sambandinu væri slitið í sjerstöku málunum, mundu fleiri verða talin sambandsmál en annars, þar sem aptur á móti, ef fyrirkomulagið væri eins og nefndin hefur lagt til, væri engin ástæða fyrir stjórnina til þess að draga meir undir ráð almenna ríkisins en eðlilegt er. Með tilliti til breyt.till. frá nefndinni á þingskj. 410 og frá 2 h. þm. á þingsk. 424, þá er breyt.till. nefndarinnar þýðingarlítil, og 1. breyt.till. á þingskjali 424 að nokkru leyti það sama sem ákveðið er í 1. gr. frv. 2. breyt.till. staflið *a* og *b* sje jeg eigi frá nefndarinnar sjónarmiði neitt á móti; og loks kemur 3. breyt.till. við 8. gr.; á þingskj. 450 er komin breyt.till. við þennan tölulið, og ef sú breyting kæmist að, sje jeg ekkert á móti þessum breyt.till. frá 2 h. þm.; að minnsta kosti finnst mjer þær aðgengilegar. Skeð gæti, að konungur væri hjer á ferð, og mætti þá þykja undarlegt og óviðfeldið, ef hann gæti eigi framkvæmt neina stjórnarathöfn.

Þá er breyt.till. nefndarinnar við 9. gr., að í staðinn fyrir landsdómur komi landsyfirdómur. Það sem oss kom til, að koma fram með þessa breyt.till., var, að oss þótti eigi næg trygging fyrir, að landsdómurinn yrði með öllu óhlutdrægur; því þar sem þingmenn eru kallaðir í slíkan dóm, eða aðrir, sem við eru riðnir þau mál, er dæma skal, eiga sæti í dómnum, þá er ætið mjög hætt við nokkurri hlutdrægni.

10.—13. breyt.till. eru að mestu áframhald þeirra, sem um hefur verið talað.

14.—19. breyt.till. veit jeg að mörgum kann að þykja ísjárverðar, að mörg-

um mun þykja það apturför frá því, sem nú er, að efri deildin öll sje konungkjörin. Jeg skal fyrst víkja að ákvæði neðri deildar; þar er ákveðið, að 12 skuli eiga sæti í efri deild, þar af 8 kosnir af neðri deild; en mjer getur eigi skilizt að sje nein meining með þessari tviskipting, ef eigi hvor deildin á að vera óháð hinni; þá fyrst gæti myndazt það jafnvægi milli deildanna, sem nauðsynlegt er, þar sem þingræði á að fara í lagi; þá fyrst gætu menn búizt við, að það væri vel úr garði gjört, sem deildirnar báðar hefðu fjallað um. En jeg get eigi sjeð, að þessa sje gætt í frumv. neðri deildar. Það er að vísu nokkur bót í máli, að þeir, sem kosningu hljóta, hafa þar sæti til sjötugs; það er nokkur trygging fyrir sjálfstæði þeirra. En svo má eigi kjósa í efri deild aðra en þá, sem hafa verið í neðri deild; það get jeg eigi sjeð að sje til annars, en að fá vissu fyrir, að þeir hafi komizt inn í hugsunarhátt neðri deildar eða súrsazt í henni, ef jeg má svo að orði komast. Þetta kom nefndinni til að stinga upp á annari skipun efri deildar; en jeg vil alls eigi segja, að því mætti eigi koma fyrir á annan hátt.

Skipun efri deildar í öðrum löndum er ýmislega fyrir komið, svo sem að binda kjörgengi eða kosningarrjett eða hvorttveggja við vissa upphæð af eign; en nefndinni fannst það eigi geta átt við hjer á landi. Sem sagt, við sáum engan veg til þess, að binda svo kosninguna, að trygging yrði fyrir, að efri deild gæti orðið fyllilega sjálfstæð. Við sáum þá eigi annað ráð betra, en að fara að dæmi þeirra landa, sem einnig hafa þá skipun efri deildar, sem hjer er farið fram á, eins og á sjer stað í mörgum löndum Englendinga, sem menn þó verða að kannast við að sjeu fullkomlega frjáls. Af þeim ríkjum, sem hafa þingræði, eru 4, Qveensland, New South Wales, Canada og New Zealand, þar sem efri deildin öll er stjórnkosin, en í Tasmaníu og Viktoríu eru menn valdir til efri deildar og bæði kosningarrjettur og kjörgengi bundið við eignir, og þær miklar. Viðvíkjandi því, sem h. sessunautur minn sagði, að stjórnin í Canada mætti eigi kveðja til efri deildar embættismenn, þá er það misskilningur, eða hann hefur meint, að eigi mætti velja embættismenn til neðri deildar. Þessa 12 menn efri deildar ætti að velja án tillits til hinna pólitisku strauma. Það ættu að vera menn, sem gætu og vildu fylgja fram þörfum landsins, og þá menn held jeg að stjórnin væri eins fær um að velja, eins og kjósendurnir. Auðvitað mundi stjórnin við það val mest fara að ráðum hinnar innlendu stjórnar; en val stjórnarinnar er eigi óbundið. Oss fannst ráðlegt, að binda kosninguna til efri deildar við búsetu í hjeruðum, því að þá mætti fremur segja, að í efri deild sætu fulltrúar fyrir allt landið, þegar 3 þingm. ættu að vera úr fjórðungi hverjum; þá er miklu fremur vissa fyrir, að þeir sjeu kunnugir landsháttum öllum, heldur en ef sumir fjórðungar landsins máske ættu engan þingm. í efri deild; eins er sjeð fyrir, að stjórnin geti eigi kosið tóma embættismenn, svo það er langt frá, að það sje á valdi stjórnarinnar, að taka hvern sem hún vildi.

Breyt.till. nefndarinnar undir tölulið 15, að í staðinn fyrir, að þingmaðurinn haldi þingmennsku til sjötugs, komi, að hann skuli halda henni æfilangt, verð jeg að telja heppilega. Það er einmitt líklegt, að þingmaðurinn geti eptir sjötugt orðið að sem mestu og beztu liði; þá er hann að því leyti á bezta skeiði, að hann hefur fengið mikla lífsreynslu og það má búast við hyggilegum ráðum, og hyggilegri en hjá þeim, sem yngri eru. Sje þm. eigi orðinn fær um, að gegna þingstörfum, þá held jeg að eigi þyrftu að verða nein vandræði að því. Þeir mundu þá sjálfir líklega finna til þess, og ef þeim dytti það eigi sjálfum í hug, þá mundu vinir þeirra geta haft vit fyrir þeim og ráðið þeim til

að segja af sjer þingmennskunni. Það mætti alveg eins segja um embættismenn, að þeir mættu eigi halda embættinu lengur en til sjötugs, af því það sje eigi gott, að hafa ellihruma menn í embættum, en jeg held, að það sjeu aldrei miklir erfiðleikar á, að fá þá til að segja af sjer.

Þær breyt.till., sem hjer fara á eptir, eru eigi annað en beinar afleiðingar af breyt.till. hjer á undan, svo jeg skal eigi orðlengja meir um nefndarálitið.

Jakob Guðmundsson: Eins og mönnum er kunnugt og eins og hæstv. landsh. hefur nýlega tekið fram, hefur stjórnin sjerilagi álitið það hingað til standa í vegi fyrir því, að hún gæti tekið til greina óskir vorar um breyting á stjórnarfyrirkomulagi voru, eins og líka konungleg auglýsing frá 2. nóv. 1885 ber með sjer, — að tilraun væri gjörð í hinum eldri stjórnarskrárfrumv. frá síðustu þingum, að raska sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og hefur stjórnin byggt þetta álit sitt sjerstaklega í því, að tilvísun til stöðulaganna frá 2. jan. 1871 hefur ekki verið tekin upp í fyrri ára stjórnarskrárfrumv. Jeg get því eigi annað en verið þakklátur h. nefnd fyrir það, að hún hefur nú bætt úr þessum galla með því, að gera þá tillögu, að tekin verði upp í frv. nú tilvísun til þessara laga, og er það mjög hyggilega gjört. — Yfir höfuð er jeg nefndinni mjög þakklátur fyrir miðlunartilraunir hennar í þessu máli, og álít þá tilraun miða til samkomulags, sem allar breytingar hennar bera vott um, og eru því allrar viðurkenningar verðar. Jafnvel þó máltækið segi: „góð meining enga gjörir stoð", þá er hitt þó víst, að hún gjörir opt stoð og styður gott mál, svo að jeg þykist þess fullviss, að orðtak þetta rætist ekki hjer.

Það gladdi mig og, að heyra þau velvildarorð, sem hæstv. landshöfðingi talaði, og mjer var kært að heyra, að hann ljet þá ósk í ljósi, að miðlunarvegur nefndarinnar mundi geta leitt til samkomulags, og vona jeg af heilum hug að það rætist.

Jeg er einnig h. framsögum. (J. A. Hj.) þakklátur fyrir, hve hlýlegum orðum hann fór um breyt.till. okkar 2 þingm. á þingskj. 424, þar sem hann viðurkenndi, að sú breyting væri samkvæm stefnu nefndarinnar, og að hún hefði ekki fremur en breyt. nefndarinnar þann tilgang, að rýra í minnsta máta vald konungsins. Hann kvaðst heldur ekki hafa neitt á móti breyt.till. okkar við 8. gr., ef breyting sú kæmist einnig að, sem nefndin hefur gjört við þessa breyt.till. á þingskj. 450. Jeg hef því ekki meira að segja um þessar breyt.till. okkar 2 þingm. Komist þessar breyt. inn, munu menn að nokkru leyti sættast við nefndina í þessu atriði.

Um breyt. nefndarinnar við 7. grein munu allir verða að viðurkenna, að hún hefur að geyma mikilsvert atriði. Þar er fyrirkomulagið mjög hið sama, sem nú er, og breyt. nefndarinnar nokkurs konar meðalvegur milli ákvæða frumv. og þess ákvæðis, sem stendur í stjórnarskrá vorri. Það liggur í augum uppi, að það eru minni líkur til, að konungur muni ekki beita valdi sínu til að nema þau lög úr gildi aptur, er jarlinn hefur staðfest, nema einhverjar tilknýjandi ástæður sjeu fyrir hendi til þess, og ef þau lög ekki snerta ríkissambandið eða rýra ríkisheildina. Þótt því þessi h. þingd. fallizt á breyt.till. nefndarinnar, má með sanni segja, að alls ekki er neitt spor stigið aptur á bak. Og það get jeg sagt eptir minni sannfæringu, að þótt jeg hefði kunnað að vilja koma þessu fyrir á annan hátt, vil jeg samt ekki láta það spilla hinu góða samkomulagi, sem nú er milli beggja flokkanna.

En nú er að minnast á hið 3. aðalatriði, sem sje samsetning hinnar tilvonandi efri deildar undir stjórn jarlsins. — Jeg veit, að nefndin hefur haft góðan tilgang með þessum nýju tillögum sínum. En að öll efri deild skuli eiga að verða

konungkjörin, getur aldrei orðið annað en þyrnir í mínum augum, og jeg held í augum allrar þjóðarinnar. En það skal jeg segja nefndinni til hróss, að kosning efri deildar er samt bundin svo miklum takmörkum undir þessu formi, sem unnt er, án þess að skaða þjóðmál vor. En samt get jeg ekki sætt mig við þetta fyrirkomulag, sem fyrirhugað er, og jeg er viss um það, að það verður þyrnir í augum allrar þjóðarinnar, sem hún mun aldrei nokkurn tíma geta sætt sig við, eptir allar þær umræður, er hafa orðið um samsetning efri deildar nú, og allar þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til að fá því fyrirkomulagi breytt. Þessi samsetning efri deildar eptir breyt. nefndarinnar mun í augum þjóðarinnar varpa skugga á alla þá kosti, sem fólgnir eru í breyt. nefndarinnar, og menn munu verða svo æfir af þeim skugga, að þeir munu ekki gæta kostanna, heldur einblína á þennan ókost.

Þá er jeg las þessa tilhögun á samsetning efri deildar, datt mjer í hug, hvort ekki mundi auðið að finna einhvern miðlunarveg milli uppást. Nd. og breyt. nefndarinnar, því að vel er hugsandi, að hægt sje að koma þeirri samsetning svo fyrir, að þm. efri deildar verði að einhverju leyti þjóðkjörnir, þótt þeir ekki verði kosnir af Nd.

H. framsögum. (J. A. Hj.) tók fram mjög heppilega, að líkur væru til, að efri deild yrði betur samsett, þegar til hennar væru kosnir 3 menn úr hverju amti, heldur en ef Nd. kysi 8 til hennar, og sem allir gætu ef til vill verið úr hinu sama amti. Það er og takmörkun, að ekki mega vera fleiri en 4 konungl. embættismenn. En samt sem áður get jeg ómögulega fellt mig við þessa tilhögun. En ef mönnum gæti komið saman um einhverjar breytingar á þessu fyrirkomulagi, svo sem að amtsráðin skyldu kjósa 2 hvert úr sínu amti, — ef fram kæmi lík uppást., þá mundi jeg heldur geta sætt mig við aðrar breyt. nefndarinnar. En jeg get ómögulega látið mjer lynda þá tilhögun, sem jeg veit, að landsmenn munu verða óánægðir með daginn eptir að hún er komin á.

Arnljótur Ólafsson: Í þessu vandamáli höfum vjer tvennt til samanburðar; það er frv. Nd. og tillögur h. nefndar hjer í deildinni; þetta tvennt eigum vjer að bera saman með gögnum sínum og gæðum og vega síðan á vog, hvað helzt vjer skulum afráða. En það er eigi eingöngu þetta tvennt, er vjer verðum að bera saman, heldur og stjórnarlag það, er vjer nú höfum. Eg vil því reyna að bera saman öðru meginn frv. þetta við breyt.till. nefndarinnar, og hins vegar stjórnarfyrirkomulag vort nú.

Í fyrsta lagi verð jeg að játa, að till. nefndarinnar hafi þann kost, að þær ásælast eigi hátignarvald konungsins, og eru því að mun aðgengilegri fyrir þann málsaðila, er vjer eigum við, eins og hæstv. landshöfðingi tók fram.

Eg sje eigi betur en að aðalbreyt. nefndarinnar sjeu því nær orðrjett þýðing tekin út úr stjórnarskipunarlögum Kanada. Þetta kalla eg kost við breytingarnar; og hví það? Af því eg veit eigi betur en allir verði að játa, að Kanada hafi blómgazt mjög með þessu stjórnarfyrirkomulagi; að það ríki (The dominion of Canada) hefur þrifizt svo vel, að engum af oss getur blandazt hugur um að óska, að land vort fái hinn sama viðgang sem Kanada fengið hefur síðan það hlaut þessa stjórnarskipun. Eg skal bæta því við, að þótt vjer sjeum konunghollir Íslendingar, þá erum vjer það ekki til jafns við Kanadamenn; eg veit ekki til, að nokkur þeirra hafi hneyxlazt á því, að yfirstjórnara ríkisins hafi verið sýnd virðing með ljósagangi. Það er jafnvel í frásögur fært, að Kanadamenn sjeu enn þá drottninghollari en sjálfir þegnarnir heima á Englandi.

Þetta eru í stuttu máli þeir yfirburðir, sem till. nefndarinnar hafa fram yfir frv.

Nd.; og get því sagt það fyrirfram, að eg gef þeim nú atkvæði mitt við þessa umr.; lengur vil eg ekki binda mig nú þegar.

Höfuðatriði eru 3 í öllum stjórnarskrám. Í fyrsta lagi *mannrjettindin;* en um þau er ekki neitt talað hjer í breyt. nefndarinnar; þær ná ekki til þess kafla frv. Í öðru lagi er *löggjafarvaldið* og í þriðja lagi *framkvæmdarvaldið.* Þessi tvö atriði eru opt í ræðum og ritum nefnd einu nafni stjórn. — En þá er eg athuga þessi tvö meginatriði málsins, verð eg einnig að líta á stjórnarskrá vora til samanburðar.

Tek eg þá fyrst löggjafarvaldið. Þar er hin mesta nýungin, og verð jeg að játa, að fyrirkomulag þess er alls eigi aðgengilegra fyrir mikinn hluta þjóðarinnar, heldur en það, er vjer nú höfum. Staðfestingarvald jarlsins er skipað sem í Kanada; en samsetning efri deildar er svo mjög frábrugðin því, sem vjer nú höfum — þótt hún sje og sniðin eptir Kanada — að jeg verð að spyrja: er þetta fyrirhugaða fyrirkomulag löggjafavaldsins nær óskum þjóðarinnar heldur en það sem við nú höfum? Með þessari spurningu hef eg fyrir augum mjer ræðu h. þm. Dal. (J. G.), er verið hefur einn meðal þeirra, er mest hafa fylgt fram þjóðfrelsi voru. Eg verð að segja, að ef nokkur breyting er í till. nefndarinnar gjörð með skipun jarlsins og ráðgjafa hans á valdi landshöfðingja í löggjafarmálum frá því sem nú er, þá er sú breyting helzt nafnbreyting á pappírnum, en ekki í raun og veru. *(J. Ól:* Jú*).* Nei, jeg sje í hverju einasta brjefi, þar sem ráðgjafinn tilkynnir að hann hafi ráðið frá því, að staðfesta lög frá alþingi, að hann kveðst hafa gjört það eptir tillögum landshöfðingja. (*J. Ól.*: Er það allt af?). Já, að minnsta kosti stöðugt á 3 síðustu árum.

Nú á samsetning efri deildar að verða svo, að allir þm. verði þar konungkjörnir og síðan jarlkjörnir. Reynslan hefur sýnt — reyndar nær mín reynsla hjer í deild að eins til 3 þinga — að í flestöllum málum blandast tillögur, umræður og atkvæði konungkjörinna og þjóðkjörinna þingmanna hjer hvort innan um annað, svo að eg get eigi fundið, að hjer eigi sjer nokkur föst flokkaskipun stað. Þetta vona eg að allir verði að játa með mjer. Að því er mig sjálfan snertir, votta eg það hátíðlega, að mjer hefur aldrei komið til hugar, að gefa stjórninni atkvæði mitt ofan í samfæring mína og samvizku, og það kemur af því, að eg veit og er sannfærður um, að stjórnin vilji engu að síður en eg og aðrir hag og heill þjóðarinnar; — það er að eins þekkingarmunur, en eigi tilgangs-munur, er ræður atkvæðum hjer í deildinni. Frá þessu sjónarmiði get jeg því ekki sjeð neitt ægilegt, þótt stjórnkjörnir sjeu allir þm. efri deildar, með þeim nánari ákvörðunum og takmörkunum, sem settar eru hjer í frv., að 4 skulu vera embættismenn, talsmenn þeirrar stjettar, 4 embættislausir menn, talsmenn hinna embættislausu, og svo 4, sem eigi eru í háum embættum, eða í svo litlum embættum, að til þeirra þurfi eigi konungleg staðfesting. Þetta kalla eg stjettakosning, og er hún í miklum álitum nú víða; vil jeg í því efni vitna til rits eptir Alex. Prince. Þegar nú þm. efri deildar eiga, í öðru lagi, að hafa þar setu æfilangt, þá verða þeir óháðir á sama hátt og dómarar, er verða ekki settir frá embætti nema með dómi. Það hefur mikla þýðingu, að þeir sjeu óafsetjanlegir. Ef þeir hafa sannfæringu — og allir verða að álíta, að sjerhver þm. verði að hafa hana — verða þeir að fara eptir sinni eiginni sannfæringu og þekking fremst af öllu, og það án tillits til sjerstakra skoðana þjóðarinnar fyrir neðan og stjórnarinnar að ofan. Þeir eru því nokkurs konar hlutamiðlingur milli byltingarstraumanna að neðan og breytingaleysisins að ofan. Jeg verð því að telja þetta fyrirkomulag betra en það, sem

nú er. Englar eru lærðir í stjórnmálum og stjórnaraðferðum; þeir hefðu því ekki tekið upp þetta fyrirkomulag og haldið því fram heima og í nýlendum sínum, ef þeir væru eigi sannfærðir orðnir um það af margra alda reynslu, að það væri hollt og gott og rjett stjórnarfar.

Svo er nú að athuga framkvæmdarvaldið í frumv. og tillögum nefndarinnar. Jeg verð að segja: Í raun rjettri er ekkert framkvæmdarvald með þessum tillögum Nd. flutt inn í landið, nema ráðgjafarnir; því að í breyt.till. stendur: „Konungur *getur*“ o. s. frv., en í 2. gr. stjórnarskrár vorrar er sagt: „Konungur ákvarðar verksvið landshöfðingja“. Konungi er þannig í breyt.till. nefndarinnar heimilað það vald, sem hann hefur samkvæmt stjórnarskrá vorri frá 1874. Meira að segja: tillögur nefndarinnar við 19. gr. slá stryki yfir það, að landsstjóri eða jarl geti náðað menn. En það eru 2 atriði, sem talsverð þýðing felst í, og í því tilliti eru tillögur nefndarinnar samkvæmar frv. Jeg kann betur við jarlsnafnið, — það er tignara heldur en landsstjóri — en líklega þyrfti þá að hækka laun hans meira en forðum á alþingi 1886, þá er landsstjóranafnið átti að nægja.

En svo eru þessir 3 ráðgjafar; um þá er gott samkomulag hjá báðum, bæði frv. og till. nefndarinnar. Báðum kemur saman um, að innflytja skrifvjelabáknið. En er nokkur þörf á þessu bákni? Berum það ástand, sem nú er, saman við þetta báku. Nú eru á skrifstofu landshöfðingja auk ritarans 2 fullkomnir skrifarar. Í stað þess eiga nú að koma 3 ráðgjafar, líklega eigi sem eintómir skrifarar jarlsins, heldur að þeir hafi skrifstofu undir sjer. (*J. Ól.*: Það stendur ekki, að þeir skuli vera 3). Það stendur allt að 3; og líklega verður mikil umsókn um þau embætti, svo að þau verða fljótt skipuð; slík embætti eru útgengileg vara. En er nú nokkur þörf á þessari skrifara-halarófu? Nei, ekki hin minnsta. Enginn hefur, svo eg viti, kvartað um, að ekki sje nóg skriffinnskan; engin hefir klagað, að málin sje eigi nægilega skriflega afgreidd frá landshöfðinga. En þetta er skriffinnska í þriðja veldi. Allt á að gjöra með skriptum; þjóðinni er neitað um að stjórna sjálfri, — nei, skrif, skrifa og senda í allar áttir skipanir og reglur um, hvað hver landsmanna gjöra skuli, og þá, — líklega hve mikið hver megi jeta. Jeg er hissa á hinum svokölluðu þjóðfrelsismönnum — en ekki á nefndinni —, sem hljóta eigi að eins að elska, heldur einnig að virða þjóðfjelagið, að minnsta kosti fyrir það, hve viturlega þeir hafa kosið þá sjálfa til þings, að þeir skuli nú segja við kjósendurna: Þjer eruð allir ónýtir, þjer eruð daufir og dumbar, jeg verð að setja upp skrifvjel til þess að skrúfa yður upp, til að setja í yður líf, til þess að eitthvað gangi.

Þá er jeg nú að lyktum lít á frumv. Nd., sem jeg hygg að sje fram komið í þeim tilgangi, sem verið hefur aðalatriðið í stjórnarskrárbaráttu vorri, einkum að því er blöðin segja, að gjöra stjórnina í hinum sjerstöku málum *alinnlenda*, þá verð jeg að játa, að í þá átt er talsvert stig stigið í frumv. Nd.; en alinnlend verður stjórnin ekki eptir frumv. og langt frá eptir breyt.till. nefndarinnar; því alinnlend getur stjórnin ekki orðið nema sambandinu sje með öllu slitið við Dani í hinum sjerstöku málum. Fyrir því virði jeg mikils grein í einu af þjóðfrelsisblöðum vorum, eptir frægan þjóðfrelsishöfund, og sömuleiðis opið brjef, er gengið hefur út um landið, og sem birt hefur verið í „Lögbergi“, um það, að slíta beri öllu stjórnarsambandi við Dani, geta þeim að líkindum hin sameiginlegu mál, en fá sjálfir alveg hin sjerstöku. Það er öldungis víst og satt, að þessar greinir og brjefið er hugsunarrjett afleiðing (logisk Conseqvens), að því, er sjerstöku málin snertir, af því, sem staðið hefur í blöðunum um, að gjöra stjórnina alinnlenda.

Nú gleður það mig, að þessi sami þjóðfrelsishöfundur virðist, eptir þær daufu undirtektir, er nefnt opið brjef hefur fengið hjá öllum almenningi, vera kominn að þeirri niðurstöðu, að ekki dugi að fara svona flassalega í þetta mál, og hefur hann því slegið undan svona nú, til að frelsa sig af þessu skipbroti. Það er því meðfram af virðingu fyrir honum, að jeg gef breyt.till. nefndarinnar atkvæði mitt við þessa umræðu.

Jeg skal að lokum geta þess, að jeg get ekki að öllu leyti gefið breyt.till. á þingskj. 424 atkvæði mitt. Jeg fellst á breyt.till. við 3. gr., en ekki við 6. gr. „a" og „b". Það stendur nefnil. undir tölul. „a": „Í öðrum málefnum en þeim, sem um ræðir í 3. gr., 6. gr. b., 7. gr., 17. gr. og 71. gr." o. s. frv.; mjer virðist þetta vera í mótsögn við 19. gr. samkvæmt 12. tölul. í nefndarálitinu, þar sem stungið er upp á, að í stað landsstjóra komi konungur. Þessi breyt.till. kemur og í bága við ýmsar aðrar greinar frumv. Flestar greinar í 1. kafla frumv. eru orðaðar svo, að konungur geti gefið jarlinum umboð sitt til að framkvæma ýmsar stjórnarathafnir. En ef hann nú gjörir það ekki í einhverri grein, hvernig á hann þá að framkvæma allt þetta vald sitt eingöngu í landsráðinu? Jeg vil benda h. uppástungumönnum til þessa.

Framsögumaður minni hlutans (Skúli Þorvarðarson): Jeg ætla eigi að þreyta h. þingd. á langri ræðu, enda mundi það hafa lítinn árangur, þar eð skoðun mín er svo sjerstök af annara skoðunum hjer í þessari h. deild. Jeg verð þó að geta þess, að jeg hef ekki breytt skoðun minni enn, þrátt fyrir hinar snjöllu ræður þeirra, er talað hafa. Jeg skal því ekki fara mörgum orðum um breyt. meiri hlutans, en jeg vil að eins minnast á nokkur atriði í þeim. Jeg ætla ekki að tala um þau atriði, sem litla þýðingu hafa, en jeg vil fyrst og fremst minnast á 3. breyt.-till. meiri hlutans, þar sem hann vill, að í staðinn fyrir „*lætur* konungur" o. s. frv. komi „*getur* konungur". Jeg legg einmitt mikla áherzlu á þessa breyt.; jeg fyrir mitt leyti er á máli þeirra, sem segja, að þetta ákvæði, sem meiri hlutinn vill hafa, hafi svo mikil áhrif á aðalmeining málsins, að með því sje engin trygging fyrir, að innlend stjórn hjer á landi hafi nokkra þýðingu til þess að geta náð tilgangi þeim, sem til er ætlazt og eptir þráð af landsmönnum. Þess vegna er þetta atriði eitt af þýðingarmestu atriðum, sem farið er fram á í frumv.; setjum svo, að breyt.till. meiri hlutans verði að lögum; þá getur konungurinn sagt hvort sem hann vill já eða nei, án þess nokkuð verði raskað gildi orðsins *getur*. Af því skilningur minn á þessu orði er þannig, þá getur mjer ekki fundizt annað, en að með því sje snúið við þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið hingað til í stjórnarbaráttunni og fótunum hreint kippt undan henni. Jeg skal eigi fara meir út í, hvernig þetta orð skuli skilja; en jeg verð enn að halda mjer við þann skilning, sem jeg hef látið í ljósi, og jeg hef ekki enn sannfærzt um, að hann væri rangur, hvorki af hinni snjöllu ræðu h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) eða af orðum annara h. þm., sem talað hafa. Nú kemur 5. breyt.till. meiri hlutans, að í stað orðanna „er snerta löggjöf og stjórn" komi „er snerta stjórn landsins og konungur hefur gefið honum umboð til að framkvæma". Mjer hefði hjer þótt æskilegra, að löggjöf og stjórn væru höfð saman, af því jeg fyrir mitt leyti vildi styðja að því með atkvæði mínu, að hin löggefandi og framkvæmandi stjórn gæti orðið innlend, eins og farið er fram á í frv. Nd., því þetta er það sem flest hefur hingað til strandað á. Jeg fæ ekki sjeð, að með breyt. meiri hlutans við 6. og 7. gr. fáist hóti betri

trygging fyrir framkvæmd löggjafarvaldsins en nú er, því jeg skoða apturkallsrjettinn, sem með breyt. er veittur, engu betri en synjunarrjettinn, sem konungur hefur nú. Við verðum þó allir að játa, að synjunarvaldinu hefur verið beitt stranglega síðan við fyrst fengum löggjafarvaldið í vorar hendur. Jeg gæti ímyndað mjer, að hjer kæmi synjunarvaldið að eins fram í annari mynd, sem apturköllunarrjettur, en á líkan hátt og áður. Þess vegna finnst mjer ekki, að með þessum tveimur breytingaratriðum sje nokkur bót unnin á hinu núgildandi löggjafarástandi alþingis, sem mörgum virðist þó æði hart haldið af synjunarvaldinu, og er ekki þörf á að leiða rök að því; *dæmin sanna bezt.* Á 7. breyt.till. legg jeg eigi eins mikla áherzlu; þó verð jeg að segja, að jeg hygg, að landsdómur, eins og ákveðið er í frumv. að hann sje skipaður, sje tryggari heldur en landsyfirrjettardómurinn, sem meiri hlutinn leggur til, bæði vegna þess, að landsdómur á að hafa 9 dómendur, og þar í dómi skulu landsyfirrjettardómendur sitja; auk þess hefur landsdómur þann kost, að málsaðilar mega ryðja 5 menn úr dómi, og er því varla að ætla þurfi, að hlutdrægni sje við höfð af dómendum.

Þá kemur 8., 9., 10., 11., 12. og 13. breyt.till.; jeg vil ekki þreyta menn á að tala um þær; því þó mjer ekki líki þær, þá hef jeg samt ekki eins mikið á móti þeim og hinum.

Þá er 14. breyt.till., kosningarnar til Ed.; þar vil jeg taka undir með h. þm. Dal. (Jak. G.), að þetta fyrirkomulag, að öll Ed. sje konungkjörin, muni verða mjög óvinsælt á meðal landsmanna, og verði breyt. að lögum, þá er sízt bætt úr því fyrirkomulagi á skipun Ed., sem nú er, og er þó alkunnugt, að menn almennt una illa konungkjöri á 6 mönnum í þá deild þingsins, enda sýnist mjer, að stjórnin þurfi þess ekki, því hún hefur hjá sjer synjunarvaldið þegar hún vill beita því. Að landsmenn gjöri sig nú ánægða með alskipaða efri deild konungkjörnum mönnum, er mjer óskiljanlegt. Þó sumum þyki það bæta mikið úr skák, að þessar kosningar eiga að vera fyrir alla æfi, þá get jeg eigi fallizt á það; því jeg get ímyndað mjer, að þó konungurinn eða jarlinn kjósi, þá geti sú kosning eins misheppnazt eins og hjá öðrum, og þá er ekki til bóta, að þær gildi æfilangt.

Það eru einkum þessi 2 atriði (3. og 14. breyt.till.), sem fæla mig frá því, að halda saman við meðnefndarmenn mína. Breyt.till., sem hjer koma á eptir, skal jeg leiða hjá mjer að tala um; en jeg lýsi yfir því, að jeg get á enga þeirra fallizt. Jeg virði það vel hjá meiri hluta nefndarinnar, að hún hefur tekið þennan veg, og hagað till. sínum þannig, að þær gætu sem mest miðað til þess, að samkomulag kæmist á við stjórnina, í þeirri hugsun, að ef breytingar sínar kæmust að, mundi stjórnin fremur fallast á þær en frumv., eins og það kom frá Nd. En jeg verð að segja það, að eptir minni sannfæringu finnst mjer við eigi betur komnir með þeirri stjórnarskrá, sem meiri hluti nefndarinnar hefur smíðað, heldur en eptir þeirri, sem við nú höfum. Í öðru lagi lít jeg svo á kringumstæðurnar, að mjer finnst Íslendingar hafa fullan rjett til að biðja um þá stjórnarbót, sem farið er fram á í frumv. Nd., og legið hefur hjer fyrir á fyrri þingum. Ísland er engin nýlenda, svo að það eina rjetta sje, að setja því nýlendulög, enda ber margt til þess, að jeg efast um, að þau lög, sem koma að góðum notum í nýlendum Englendinga, geti komið Íslendingum að eins miklum notum; hjer hagar allt öðruvísi til en þar að mörgu leyti.

H. framsögum. meiri hlutans (J. A. Hj.) var sömu skoðunar og jeg um það, að við hefðum rjett til stjórnarbótar; en hann kvaðst efa, að við gætum náð þess-

um rjetti. Jeg hef eigi á móti því, að h. þm. (J. A. Hj.) kunni að vera getspakur um það atriði málsins; en ef við höfum rjettinn og förum eigi óráðlega að því að mælast eptir honum, þá vona jeg, að stjórnin og konungur vor muni, þegar tímar líða fram, líta svo á þetta mál, að neita oss eigi um beiðni vora, og það styður mig til þess að halda við meiningu mína, að jeg hef þessa góðu von.

Jeg skal nú eigi fjölyrða meir um þetta mál, einkum þar sem skoðun mín á því er svo einstök hjer í deildinni, en jeg lýsi því yfir, að jeg mun gefa atkvæði mitt með því, að málið gangi til 3. umr., þó mjer ekki líki aðgjörðir meiri hlutans; því jeg vil, að það komist þangað, þar sem hinn þjóðkjörni flokkur getur bætt það og lagað, og látið skoðun sína í ljósi um það. En jeg vil eigi standa málinu í vegi, í hvaða mynd sem það er.

Sighvatur Árnason: Það má segja, að hjer er komið fram með stórkostlegt nýmæli í þessu máli, og þess vegna vil jeg gera grein fyrir atkvæði mínu.

Jeg efast ekki um það, að h. nefnd með breyt. sínum hafi viljað reyna að synda á milli skers og báru í þessu máli; en þegar jeg yfirvegaði betur breyt., fór mjer sem h. 5. kgk. þm. (A. Ó.), að mjer datt í hug, að bera þær saman við stjórnarskrá þá, sem vjer nú höfum; jeg sá strax, að þetta mundi betur eiga við, en að bera þær saman við frumv. frá Nd. En þegar jeg fór að bera þetta saman og fór að leita að framförum þeim í löggjöf og stjórn, sem breyt. gætu gefið oss — jeg efaðist ekki um, að h. nefnd hefði fullan vilja á því, að afla oss framfara í þessu —, en jeg leitaði og leitaði, og fann satt að segja enga framför; aptur á móti fann jeg annað; jeg fann mikinn apturkipp, og jafnvel fleiri en einn og fleiri en tvo, frá því sem nú er, eptir þeirri stjórnarskrá, sem vjer nú höfum.

Í fyrsta lagi er breyt.till. frá nefndinni — jeg þykist viss um, að hún er ekki frá minni hlutanum — á þingskj. 410 við 3. gr. frumv. Nd.; þá breyt.till. álít jeg stórkostlega breyt. á stjórnarskrá þeirri, sem vjer nú höfum, eptir 2. gr. hennar; því verði þessi breyt. að lögum, sem h. meiri hluti hjer fer fram á, þá missum við algjörlega úr grundvallarlögum vorum alla takmörkun á valdi konungs; að minnsta kosti get jeg þá hvergi fundið neina takmörkun í lögunum. Afleiðingin af þessu yrði sú, að allt kæmist í gamla horfið, sem það var í áður, þegar hin æðsta stjórn rjeð öllu, bæði innan lands og utan.

Í öðru lagi vil jeg benda á breyt.till. við 6. gr. frumv.; hún er sú, að orðin *„getur látið“* komi í stað orðsins *„lætur“*; um þetta hefur raunar verið talað, svo jeg skal ekki tyggja það upp aptur, sem aðrir hafa sagt; en jeg verð að segja það, að nú sjest, hvað sök horfir; því með orðinu „getur“ er ekki sagt, að konungur *geri*; nefnil. hann *getur* þá líka látið það og það ógjört. Þetta álít jeg líka beina apturför frá þeirri stjórnarskrá, sem vjer nú höfum; hjer vitna jeg líka í 2. gr. stjórnarskrár vorrar, og við það fyrirkomulag, sem þar er, finnst mjer betur mega una, eins og nú stendur; mjer finnst vera óþarfi og óráðlegt, að kaupa jarl með ráðgjöfum dýrum dómum, til þess að hafa stjórnina á hendi einungis að nafninu, og ekkert vinnst við það nema aukinn kostnaður; konungur getur látið landshöfðingja framkvæma hið æðsta vald í hinum sjerstöku málefnum landsins, ef hann vill; honum er eins í sjálfs vald sett um það; það liggur í hlutarins eðli; slíkt þarf ekki að taka fram um þann, sem völdin hefur. Þess vegna virðist mjer vera með þessari breytingu á stjórnarskránni að eins komið til vegar apturför og auknum kostnaði.

Þá er í þriðja lagi breyt.till. við 7. grein, þessi einkennilegi vegur synjunarvaldsins; eins og sjá má af nefndarálitinu, verður árangurinn af þessari breyt. ekkert annað en leiðinlegir vafningar, og þegar öllu er á botninn hvolft, er hjer alveg höggið í sama farið og er með synjunarvaldið, og ekkert annað hefst upp úr breyt., en fyrirkomulag, sem er enn þá óheppilegra og óviðunanlegra en það, sem nú er.

Loksins kemur eða í fjórða lagi hin margþráttaða breyt. á 20. gr. frumv., það er að segja konungkjörið eða jarlkjörið til Ed.; hjer kastar nú fyrst tólfunum. Það vakir það sama fyrir mjer eins og allt af hefur vakað viðvíkjandi þeim konungkjörnu, nefnil. það, að allir kjósendur leita að þeim manni, sem hefur líkar skoðanir og þeir sjálfir, og einmitt þann mann velja þeir, til þess að koma fram þeim málum, sem þeir álíta nauðsynjamál; nú er eins varið með stjórnina, eins og eðlilegt er, að þar sem hún á að kjósa, leitar hún helzt að þeim mönnum, sem hafa líkar skoðanir og hún sjálf; allt svo mundi hún þannig velja alla þá í efri deild., svo að þeir væru alveg á hennar bandi. Afleiðingin af þessu yrði eptir minni meiningu sú, að ekki jykist þjóðlegt þingræði í efri deild, heldur þvert á móti, þegar hún er svona skipuð; og þó mun mönnum varla þykja það of mikið nú, auk heldur ef svona væri háttað; að minnsta kosti mundi þá vera betra fyrir landsmenn, að hafa hagfeldari stjórn, en nú er, sem hefði góða þekkingu á þeim sjerstöku landsstjórnarháttum, sem hjer eiga við, og vorum sjerstöku þjóðarþörfum; það mætti ekki minna vera, ef þetta fyrirkomulag ætti að fara vel. Það kann að vera, að jeg skilji eigi gjörla orðið þingræði; en eptir því sem mjer skilst, er það í því fólgið, að meiri hluti á þingi getur rutt sjer til rúms, gegn um allt þingið, með skoðun sína, og að sá meiri hluti hafi að sjálfsögðu áhrif á löggjöf og stjórn; en þegar Ed. er svona skipuð, þá er ómögulegt, eins og dæmin hafa sýnt, að koma þeim málum í gegnum Ed., sem stríða í móti stjórninni, þrátt fyrir það, þó meiri hluti alls þingsins sje þeim fylgjandi; þessi mál kafna í Ed.; þau komast ekki lengra.

Jeg verð yfir höfuð að lýsa því yfir, að jeg get eigi gefið nokkurri af breyt.-till. meiri hlutans atkvæði mitt.

H. framsögum. (J. A. Hj.) minntist á þrenns konar rjett: lagarjett, náttúrurjett og sögurjett, og mjer heyrðist eigi betur, en að hann játaði í öðru orðinu, að við hefðum þessi rjettindi; en hann sagði, að við værum svo máttlitlir, að við gætum eigi rekið þau; þetta veit jeg vel að er satt, og því fer sem fer, að málum vorum gengur erfitt að komast fram; en jeg vil heldur biðlund en bráðræðið, því jeg vona, að kröfur tímans muni, eptir því sem stundir líða fram, hjálpa oss, og að sá tími muni koma, að þessar kröfur verði svo sterkar, að jafnvel máttur þeirra, sem eru meiri máttar en vjer, verði að beygja sig fyrir þeim. Jeg hefði máske látið mjer það lynda, að ganga inn á einhvern meðalveg í þessu máli; en þegar jeg finn, að ekki einu sinni er höggið í sama farið og áður, nefnil. það sem vjer höfum, heldur jafnvel stigið spor aptur á bak, þá get jeg alls ekki, eptir minni sannfæringu, gefið því atkvæði mitt.

Jón Ólafsson: Þegar jeg lít yfir starf nefndarinnar í þessu máli, og á hinn bóginn sje hinar misjöfnu undirtektir, einkum hjá tveimur h. þm., þá mun ekki til vonar, að jeg geti sagt, að allt, sem nefndin hafi gjört, sje „harla gott“; en jeg held þó, að nefndin hafi komið mjög mikilsverðu til leiðar og hrundið þessu máli í betra horf en það nokkurn tíma hefur haft síðan það var vakið fyrir alvöru árið 1885.

Mjer þykir vænt um hinar góðu undirtektir hæstv. landsh.; en, sem eðlilegt er,

sagði hann, að eigi væri gott að segja, hve álitlegt *stjórninni* þætti fyrirkomulag nefndarinnar; en hann kvaðst álíta, að þetta fyrirkomulag mundi þó vera samkomulagi munum nær en áður. Loksins sagði hæstv. landsh. það, sem mesta áherzlu ber að leggja á, að hann vonaði, að þetta gæti orðið sá grundvöllur, sem upptöku málsins síðar væri hægt að byggja á. Þetta skil jeg svo, að hæstv. landsh. vilji styðja að því, að alþingi fái að heyra, að hverju stjórnin gæti gengið í líka átt og þessa. Hæstv. landsh. sagði, að þetta mál mundi víst fá góðan byr í Nd., þar eð nafn mitt stæði meðal annara undir nefndarálitinu, en jeg hefði hingað til verið helzti forvígismaður stjórnarskrárbarátttunnar í þessari deild. Þetta er of mikið í lagt; jeg hefi viljað reynast *liðsmaður* eptir megni í flokki þeim, er jeg hefi jafnan fyllt. En því miður hefir nafn mitt hjer eigi neina aðra nje meiri þýðingu en nafn hvers annars þar; það bendir eigi á annað, en að jeg muni liðsinna hverjum þeim flokki, sem vill vinna að því, að styðja framgang málsins á tiltækilegasta hátt. En þótt jeg sje þannig enginn forvígismaður, heldur óbreyttur liðsmaður í málinu, þá er mjer þó svo mikið kunnugt, að jeg vil fullyrða, að í Nd. sjeu margir málsmetandi þm., sem mundu vilja styðja til samkomulags í flestum aðalatriðum, að jeg vona í líka átt, sem vjer meiri hluta menn hjer höfum farið fram á; hvort þeir kunna að vera fleiri eða færri, get jeg enn eigi með vissu sagt, en vona, að þeir verði í meiri hluta þar; og jeg treysti svo hyggindum þessara manna, og vona, að þeir hafi svo fyrir augum, hvað þjóðinni er fyrir beztu, að þeir stuðli af fremsta megni til samkomulags, þótt þeir kunni að vera á móti stökum atriðum í þessu frumv., sem hjer hefur verið smíðað af nefndinni.

H. framsögumaður (J. A. Hj.) sagði, að við hefðum í vorri fyrri stjórnarbaráttu ekkert annað gert en heimtað og heimtað, en ekkert orðið ágengt, þangað til við fórum bónarveg að konungi; þá hefðum fyrst hlotið ósk vora, 1873; mjer fannst hann með þessu leggja eins konar fordæmingu á að heimta. Jeg get eigi verið honum samdóma um það, því alþingi hefur eigi annan veg til þess að láta ósk sína í ljósi, en að gjöra það í frumv.-formi; og það er engin ástæða til að kalla það, sem fram kemur í því formi, *heimtingu*, fremur en annað; en það er ekki annar vegur til að láta hjer vilja sinn í ljósi, en í frumvarpsformi, og frumvarpið er ekkert annað en í-ljós-látning þess, sem manni þykir rjett, gott og nauðsynlegt. Þó breyt. nefndarinnar á frumv. verði samþykktar, þá er frumv. allt eins „heimting“ í þessum skilningi; en jeg held enginn setji það fyrir sig að *heimta*, ef heimting hans er á gildum rökum byggð, og nauðsynleg. Jeg er samdóma þeim h. þm., sem þykir skipun Ed. óaðgengilegasta atriðið við breyt. nefndarinnar; en, eins og jeg hefi áður sagt, vil jeg samt heldur gefa frv. atkv. mitt, þó Ed.-kjörinu sje svona háttað, en fella frumv. fyrir það atriði; af því jeg vil með engu móti missa af því, að þetta frumv. komist í gegn um þessa deild.

En fyrst jeg minnist á Ed., þá vil jeg vekja athygli manna á því, að samsetning hennar eptir frumv. Nd. er líka aðgæzluverð, því þar er farið fram á, að af Ed. þingm. skuli Nd. velja alla þá þjóðkjörnu. Til hvers er að vera að tvískipta þinginu í tvær deildir, ef báðar deildirnar hvíla á *sama* kjör-grundvelli? — Á hverju byggist þingræði? Á því, að þingið sje *tryggileg* fulltrúa-stofnun þjóðarinnar, þar sem bæði komi fram framsóknarþrá þjóðarinnar, breytingar-fýsn og umbóta-hugur, sem er grundvöllur alls frelsis, — og hins vegar aðgætni hennar, fastheldni við fornar venjur, varhygð sú, sem er nauðsynleg seglfesta til þess, að hver

þytur beri eigi stjórnarskipið af rjettri leið eða kollhvolfi því. Framsóknin á heima í neðri deild. Mótspyrnan í efri deild. Því eiga deildirnar að vera svo skipaðar, að þetta komi fram, en jafnframt eiga lögin að leggja aðaláhrifin í hönd neðri deildar, eins og stjórnarskráin gerir með fjárlögunum. Þar við tryggist henni yfirhöndin, er til lengdar lætur. Nú er krafan um þingræði, þ. e. um það, að stjórnin eigi að hafa aðalstoð sína í neðri deild og hvíla á trausti hennar, byggð á því, að hin nauðsynlega festa eða íhald sje í efri deildinni. Sje það ekki, verður stjórnin að vera íhaldið, en þá er krafan um þingræði ekki lengur eðlileg. Skilyrðið fyrir, að þingræðis-krafan sje rjettræð, er það, að nægt apturhaldsefni sje í efri deildinni.

Allir frelsis-forsprakkar munu nú óska þess, að stjórnin færist sem næst þingræði; en menn verða að gá að því, að ef báðar deildirnar hvíla á sama kjör-grundvelli, þá er þar með fótum kippt undan þingræðiskröfunni.

Þetta er engin nýung frá mjer eða nein apturhaldsskoðun. Hinn frægi rithöfundur, sem opt er til vitnað hjer og hvervetna um víðan heim, þar sem um frelsi er rætt, *John Stuart Mill,* vekur í bók sinni, sem heitir „Hugleiðingar um þingræði“ (*„Considerations on Representative Government“*) í 13. kap. hennar, þessa spurningu: Hvers vegna hafa þjóðirnar 2 málstofur á þingum sínum? Af sömu ástæðu, segir hann, sem í Róm voru hafðir 2 ræðismenn; af því Rómverjar vildu ekki láta einn mann geta svimað af óháðu valdi, svo að hann freistaðist til að beita valdi sínu eptir eigin geðþótta, en misbrúka það; alveg eins er með tvær málstofur; þær eru til þess, að þingið misbrúki ekki vald sitt, af því að þingbundin stjórn er ekki mótsetning við þingið, heldur afkvæmi þess. En hins vegar getur Ed. aldrei orðið hættuleg frelsinu, ef Nd. og stjórnin eru á einu bandi. Jeg get því eigi að eins sætt mig við, að Ed. sje *öðruvísi* samsett, en farið er fram á í frumv. Nd., heldur álít nauðsynlegt að svo sje. Eptir því sem kosningar til Ed. eru ákveðnar í frumv. Nd., þá er enginn eðlismunur á efri og neðri deild, og tvær málstofur því óþarfar, en þá höfum við heldur eigi rjettmæta kröfu til þingræðis, ef málstofan væri ein, og þá kemur til stjórnarinnar kasta að vera *conservativ*, þegar *conservative* flokkurinn er útilokaður af þinginu. Eina ráðið til þess, að vjer fáum þingræði, er, að deildirnar sjeu hvor á sínum kjör-grundvelli, og hvor annari óháðar. En jeg sje eigi, að betra sje að Ed. sje stjórnkjörin, en komin af Nd.; því ef hún er komin af stjórninni, verður hún stjórninni háð, ef af Nd., þá Nd. háð; en hún á að vera hvorumtveggju alveg óháð.

Jeg þykist vita, að h. framsögum. (J. A. Hj.) muni svara mjer því, að Ed. muni eigi verða eins háð stjórninni, þar eð kjörið er æfilangt. Jeg skal játa, að þetta er talsverð bót í máli; þá hefði eins mátt sætta sig við ákvæði Nd.-frumvarpsins, að Nd. kysi Ed., en láta kosninguna vera æfilanga. Nei! Sannleikurinn er sá, að þegar menn einu sinni hafa verið kosnir með einhverri vissri skoðun, þá munu menn eigi breyta þeirri skoðun, þó menn sjeu kosnir æfilangt.

Það gladdi mig, þegar h. framsögum. (J. A. Hj.) sagði, að máske mætti koma kosningunum fyrir á einhvern annan hátt; jeg tek þessi orð hans svo, að hann mundi verða tilleiðanlegur til að samþykkja annað skipulag á kosningunum, ef það væri byggt á góðum grundvelli. Satt að segja er mjer jafnókært, að Ed. sje stjórnkjörin og kjörin af Nd. En af því svo margar af breyt. nefndarinnar á frv. eru til bóta, þá treysti jeg því, að ef frumv. kemst hjer í gegu um deildina til Nd., þá muni h. þm. þar verða fundvísari en við, og ber jeg þá von til þeirra, að þeir geti fundið

einhvern veg til skipunar Ed., sem fullnægi óskum beggja deildanna. Hins vegar er það rjett, að takmarkanir þær, sem nefndin hefur lagt á kosningarnar, hafa talsverða þýðingu. Þýðingarmestar eru takmarkanir við vissar stjettir, svo sem, að þriðjungur þingm. skuli vera af þessari stjett og annar þriðjungur af annari o. s. frv. Enn fremur hafa takmarkanir við vissa landsfjórðunga talsverða þýðingu, að svo og svo margir þm. skuli vera úr hverjum landsfjórðungi; með þessu er tryggging fyrir, að málstofan verði samsett af mönnum frá ólíkum hlutum landsins, og um leið trygging fyrir „lokal"-þekkingu. Þetta skal jeg játa að er mikil trygging; en hún er ekki nægileg.

Þessum stjórnkosningum á Ed. hefur verið talið til gildis, að eins væri í Canada. Jú! En ef við hefðum tryggingu fyrir því, að fá á eptir sams konar stjórn sem þeir hafa þar, þá skyldi jeg sætta mig við það; en þá tryggingu höfum við eigi. Ef jeg vissi, að sama tízkan væri í Danmörku og á Englandi, að stjórnin ljeti í ljósi, að ráðgjafar þeir, sem misst hefðu traust þingsins, legðu niður völdin, þá skyldi jeg ganga að þessu fyrirkomulagi. Sem sagt, þó mjer þyki þetta atriði í breyt.-till. nefndarinnar óaðgengilegt, þá vil jeg þó vinna það til, að láta mjer það lynda, ef frumv. gæti þá komizt í gegn. Viðvíkjandi orðum h. framsögum. (J. A. Hj.), að í flestum nýlendum Englendinga sje Ed. stjórnkosin, þá skal jeg taka það fram, að í Victoria, þar sem Ed. er þjóðkjörin, þar hefur komið upp mikill ágreiningur á milli málstofanna, sem aldrei hefur borið á í hinum nýlendunum. Þetta er vissulega eptirtektavert.

H. 5. kgk. þm. (A. Ól.) og h. þm. Rangv. (S. Á.) báru báðir breyt. nefndarinnar saman við stjórnarskrá þá, sem vjer nú höfum. Eins og við var að búast komust þeir eigi báðir að sömu niðurstöðu, af því skoðanir þeirra eru byggðar á mismunandi grundvelli; en báðum þótti margt að breyt. En eins og jeg tók fram við 1. umr. eru þrjú undirstöðuatriði í hverri stjórnarskipun: Löggjafarvaldið, fjárráðavaldið og framkvæmdarvaldið.

Nú skal jeg bera saman það sem farið var fram á 1885 í stjórnarskrárfrumv. og sem nú er farið fram á eptir breyt. nefndarinnar á frumv.

Hvað löggjafarvaldið snertir, var það eptir frumv. frá 1885 í höndum alþingis og „konungs *eða* landsstjóra" (samanber 7. gr. frv.); en eptir till. nefndarinnar er það í höndum konungs og alþingis í sameiningu; en svo, að konungur *getur* látið landsstjóra framkvæma sinn hlut af því, og *hlýtur* í öllum almennum málum að gera svo; með öðrum orðum: hjer er farið fram á *alveg sama*, hvað löggjafarvaldinu viðvíkur, og á alþingi 1885. Eptir frumv. frá 1885 var óákveðið, hvort konungur eða landsstjóri skyldi staðfesta lögin; en konungur gat áskilið sjer rjett til staðfestingar á þeim lagaboðum, er hann vildi. Þá verður munurinn á þessu frv. nú og nefndartill., að eptir þeim getur konungur látið staðfestinguna vera í landinu sjálfu og verður í öllum almennum málum að gera svo; með þessu er mögulegleiki fyrir því, að flest mál verði staðfest í landinu sjálfu.

Þar sem jarlinum er heimilað að skjóta til úrskurðar konungs, þá held jeg að það sje eigi lakara en það, sem nú er; með því getur jarlinn í vafamálum komið í veg fyrir, að apturköllun eigi sjer stað; alveg sama er í Canada; jeg skal þó eigi fullyrða það. Viðvíkjandi löggjafarvaldinu er þó unnið það fram yfir það, sem áður var, að vegur er greiddur fyrir því, að staðfestingarvaldið komi inn í landið, og er þetta þýðingarmikið atriði. Hvað fjárráðavaldið snertir, þá verður það *alveg* í landinu sjálfu, og þar er stigið langt spor fram yfir það, sem farið var fram á 1885, og ef við berum það saman við það,

sem nú er, þá sjáum vjer þar stórkostlega framför. Ákvæði frumvarpsins um þetta efni eru frjálslegri en nokkurs annars lýðlands. Nú kemur til framkvæmdarvaldsins; jeg er þakklátur h. framsögumanni (J. A. Hj.) fyrir þau orð hans, að nefndin mundi taka vel breyt.till., sem komið hafa frá 2 þingm. hjer í deildinni við þetta mál, og fari svo, að þessar till. nái fram að ganga, þá er með þeim tryggt, að framkvæmdarvaldið verður í landinu sjálfu. Nú sje jeg ekki, hvernig þeir, sem leggja einmitt mikla áherzlu á það, að hafa framkvæmdarvaldið í landinu sjálfu, sjá eigi neina framför í þessu; þeir fá með frumv. meira en þeir hafa fengið nokkurn tíma áður, og þykir þetta þó engin framför. Nei! H. 1. þm. Rangv. (S. Á.), hann finnur engar framfarir fram yfir það sem er; ekki í því, að löggjafarvaldið kemst inn í landið, og ekki heldur í því, að fjárráð þingsins verði ótakmörkuð, nje í því, þótt framkvæmdarvaldið komizt inn í landið. Þetta fann hann ekki; en hann fann einn galla, sem varð svo stór í augum hans, að hann kastaði skugga á allt það góða við frumv.; þessi galli er samsetning Ed. Nú skulum við líta betur á þetta mál; við skulum taka t. d. þá verstu skipun á Ed., sem hugsazt getur, og hver getur orðið afleiðingin? Að deildin af stjórnfylgi ekki lofar þeim málum að komast gegn um þingið, sem konungur hvort sem er getur neitað staðfestingar!! Allt svo verður afleiðingin engin önnur en sú, að neitunarvald konungs verður tvöfalt. Með þessu gæti stjórnin eigi komið öðru til leiðar en því, sem hún þegar hefur í valdi sínu, hvort sem er.

H. 1. þm. Rangv. (S. Á.) fannst háski vera að breyt.till. við 3. gr. á þingskj. 410; en jeg get eigi sjeð, að það sje. Jeg get ekki haldið, að meining hans sje sú, að ef orðin: „með takmörkunum“, o. s. frv. sjeu felld, þá sjeu þar með felldar allar takmarkanir í hverri gr. (!!!); það hlýtur hver heilvita maður að sjá, að ekki er; annars stendur mjer alveg á sama um þessa breyt.till., hvert hún fellur eða eigi. Einasta ástæða nefndarinnar held jeg að sje sú, að henni þótti orðin *superflua* — óþörf og þýðingarlaus. Sje svo, að sumir þingm. gjöri það að *kapítal-spursmáli*, að halda þeim, þá skil jeg eigi, að nefndin leggi mikla áherzlu á þetta; en jeg fyrir mitt leyti skil eigi annað, en að hver maður, sem les gr. með gaumgæfni, hljóti að sjá, að orðin eru þýðingarlaus.

H. 5. kgk. þm. (A. Ól.) tók sjer að endingu góðan sprett á „kepphesti“ sínum, skrifvjelabákninu, „til skemmtunar fyrir fólkið“. Jeg verð að játa, að jeg veit ekki fyllilega, hvað hann meinar með „skrifvjelabákni“. Hann hældi mjög stjórnarfyrirkomulaginu í Canada; en jeg get fullvissað hann um, að það er engin grein í stjórnarskrá Canadamanna um það, að ráðgjafarnir megi ekki vera skrifandi. Það stendur ekki í þessu frumv., að ráðgjafarnir eigi að vera 3; það segir að eins, að eigi megi vera fleiri en þrír, og jeg vona, að h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) telji það ekki galla, að þessi takmörkun er sett; og að þeir sjeu skrifandi, skil jeg eigi að skaði. H. þm. (A. Ó.) fór fögrum og hjartnæmum orðum um samband vort við Danmörku. En með því, að jeg er ekki sá rithöfundur, sem hann vitnaði til, tek jeg ekki til mín ummæli hans um hann. Ef hann heldur, að höfundur umburðarbrjefsins sje hinn sami eins og sá þjóðfrelsismaður, sem er hjer í deildinni, þá skjátlast honum, og af því, að þessu hefur verið lýst yfir áður, skil jeg ekki, hvernig hann fer að álíta það enn.

Jeg skal taka fram, að það er rjett, að í breyt. á þingskj. 424 við 6. gr. *a* hefur fallið úr „19. gr.“ á milli „17 gr.“ og „71. gr.“ — Jeg veit eigi, hvar framkvæmdarvaldið á að vera háð, ef það á eigi að vera í landsráðinu. Breyting okkar tveggja þm. gengur út á það, að úti-

loka konunginn ekki frá landsráðinu, ef hann kynni að vera hjer staddur, því að það er óviðkunnanlegt, að umbjóðandinn hverfi fyrir umboðsmanninum. Jeg man eigi betur en hæstv. landsh. tæki það fram í Nd., að það væri undarlegt, ef H. H. konungurinn ætti að vera útilokaður frá landsráðinu, ef hann kynni að vera hjer á ferð; þetta er rjett, og höfum við hagað breyttill. eptir því.

H. þm. Árn. (Sk. Þ.) fann að því, að nefndin hefur lagt til, að fella úr 7. gr. orðin: „er snerta löggjöf og stjórn", og setja í staðinn: „er snerta stjórn landsins og konungur hefur gefið honum (jarli) umboð til að framkvæma". Það leiðir af sjálfu sjer, að þessa breyting varð að gjöra, með því nefndin hefur á öðrum stað sett ítarleg ákvæði um staðfesting laganna.

Sami h. þm. (Sk. Þ.) fann það að nefndarálitinu, að nefndin vildi sníða stjórn Íslands eins og nýlendustjórn, af því Ísland væri eigi nýlenda. Mjer er nú ekki fullljóst, hvað hann meinar með nýlendu. Ef hann við það skilur land, sem byggt er frá öðru landi, þá er Ísland óneitanlega nýlenda frá Noregi. Í því liggur alls eigi, að vjer þurfum að standa undir Noregi. Ef hann hefur haft fyrir augum einhverja vissa stjórnfræðislega hugmynd, þá veit jeg ekki, hver hún er. Í íslenzku máli veit jeg ekki til, að neitt stjórnfræðislegt felist í orðinu nýlenda. Hann mun hafa heyrt talað um nýlendur Englendinga; og ef það hefur vakað fyrir honum, skil jeg eigi, að það sje hræðilegt. Englendingar hafa fyrir meir en 50 árum lýst því yfir, að með „nýlendu" meini þeir hvert það land utan Evrópu, sem lýtur Englandi, en hefur fullt sjálfs-forræði, og skil jeg eigi, að það sje svo ægilegt fyrir Ísland, að vera land utarlega á hnettinum, sem lýtur Danakonungi, og hefur fullt sjálfsforræði. Yfir höfuð ætti h. þm. eigi að láta orðin tóm skelfa sig. Það tjáir ekki að vera að veifa þessari nýlendu-hræðu, án þess að hafa hugmynd um, hvað maður meinar með því.

H. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að framsögumaður meiri hlutans (J. A. Hj.) hefði viðurkennt, að til væri þrenns konar rjettur, náttúrurjettur, lagarjettur og sögurjettar. Já, hann játaði, að vjer hefðum náttúrurjettinn með oss; um sögurjettinn var hann í vafa; en um lagarjettinn er það að segja, að ef vjer hefðum hann, þá þyrftum vjer nú ekki að vera að berjast fyrir að fá hann. — En það er líka til hinn 4. rjettur, og það er hnefarjetturinn.

H. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að kröfur tímans mundu smámsaman færa oss rjett vorn. Ætli hann hafi meint með því, að oss mundi smámsaman aukast svo hnefarjettur, að vjer yrðum færir til að sækja rjett vorn sjálfir, án þess að leita friðsamlegs samkomulags. Kröfur tímans er fallegt orð; en ekki verða kröfur tímans sterkari við það, að liggja aðgjörðalausar í 50 ár, ef vjer gjörum eigi neitt sjálfir. Hvaða meðul ímyndar þm. sjer, að kröfur tímans hafi til að færa oss rjett vorn, ef vjer gjörum ekkert? Jeg sje eigi önnur meðul en þau, fyrst að reyna að sannfæra málspartinn, og í öðru lagi, að taka skynsamlegt tillit til mót-ástæðna hans. Jeg vildi óska, að h. þm. (S. Á.) gæti skýrt það fyrir mjer, hvernig kröfur tímans eiga að fara að afla oss rjettar vors, ef vjer ekki tökum neitt tillit til þess, sem þeir segja, er vjer verðum að sækja rjettinn til.

Það er vafalaust, að með því að gjöra ekkert annað en samþykkja frumv. ár eptir ár, vinna menn að minnsta kosti mjög seinlegt verk. Og jafnvel þótt h. þm. (S. Á.) ætti víst að fá einhverju framgengt eptir 50 ár með því að berja í sífellu höfðinu við steininn og heimta, er þá ábyrgðarlaust, að láta alla þá menn, sem lifa hjer á landi þennan tíma, fara á mis

við þau gæði, sem hefðu getað unnizt miklu fyr með annari aðferð? Þessi ábyrgð er svo mikil, að mjer fyrir mitt leyti blandast alls ekki hugur um, að framfylgja þessu frumv., þótt jeg, eins og jeg hef tekið fram, ekki sje alls kostar ánægður með öll fyrirmæli þess.

Fertugasti og þriðji fundur, laugardag 17. ágúst kl. 6 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 347, 445, 465, 468, 473, 499); frh. 2. umr.

Skúli Þorvarðarson: Mjer fannst h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) misskilja orð mín, er jeg sagði móti h. 5. kgk. þm. (A. Ó.). Jeg man eigi betur en að jeg segði, að Ísland væri eigi nein nýlenda frá Danmörku, og að þess vegna væri eigi víst, að oss væri hentug sömu lög gagnvart Danmörku, sem nýlendum Englendinga eru hentug gagnvart þeim. Ástæðurnar fyrir þessu tók jeg fram í dag, og þarf því ekki að endurtaka þær nú. Jeg vona, að okkur þm. S.-Múl. (J. Ól.) komi saman um, að fyrstu 400 árin stjórnaði Ísland sjer sjálft, og þá, meðan sú blómatíð stóð, var það sannarlega engin nýlenda frá öðrum löndum. Síðan kom breyting á, og næstu 600 árin dundu yfir landið sóttir, eldur, ís og harðstjórn. En jeg held, að ekki verði með sögulegum rökum sannað, að Íslendingar hafi nokkurn tíma sleppt sjálfstjórnarrjetti sínum til útlendra konunga svo, að eigi væri áskilið, að maður væri hjer í landinu, skipaður af konungsvaldi því, er landsmenn voru háðir, sem framfylgdi íslenzkum lögum og verndaði íslenzkan rjett þjóðarinnar, þ. e. innlend stjórn. Þetta kemur vel heim við frumv. fyrri þinga og h. Nd., er byggja á þeim rjetti, sem er helgur menjagripur og arfur Íslendinga, er þeir eiga að geyma og fara vel með. Jeg vona, að bræður vorir í Danmörku líti svo á, að hjer er ekki farið fram á neitt ósanngjarnt nje óþarft, og því er von mín, að þótt nokkuð langt kunni að líða, þá fáum vjer þó á endanum kröfum vorum framgengt, og er mjer þá spurn, hvort rjettara er, að bíða hins meira, eða gjöra sig ánægðan með hið minna, sem fyr kynni að fást.

Jeg vona h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) skilji meiningu mína í þessu efni nú, ef hann hefur ekki getað það fyr; og skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni.

Sighvatur Árnason: Jeg hafði ásett mjer að tala ekki meira á þessu stigi málsins, en af því h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) skoraði á mig, verð jeg að segja nokkur orð.

Með allri virðing fyrir frelsisframsókn og festu h. þm. (J. Ól.) bæði á þingum og utan þings, í ræðum og ritum, í þessu máli, og með allri þeirri virðing, sem jeg hef fyrir gáfum hans, lærdómi og lífsreynslu, get jeg ekki annað en furðað mig á því, að hann, sem er öllum þessum kostum prýddur, skuli hafa verið eins lengi, eins og hann hefur verið, að finna hið bezta í þessu máli. Jeg tók svo eptir í dag, að nú væri loksins hið bezta fundið með þessum breyt.till. Sje þetta ekki hans eigin orð, hefur mjer misheyrzt. *(J. Ól.*: Líklega hið síðara!). Að minnsta kosti þykist hann finna mörg gullkorn í þessum breyt.till., þar sem jeg get engin fundið; en það er líka auðvitað, að munurinn mannanna er mikill hjer í heimi. Jeg er nú svo skilningslítill, að jeg hef ekkert gullkorn fundið í nefndarbreytingunum til móts við það stjórnarfyrirkomulag, sem vjer þegar höfum, auk heldur meira. H. þm. sagði, að það dygði eigi að heimta og heimta. *(J. Ól.*: Nei, það var framsögum. meiri hlutans!). Þeir eiga það þá báðir; en auk þess beindi h. þm. (J. Ól.) því að mjer sem sneið, að jeg

ætlaðist til, að tíminn færði oss allt þegjandi, án þess neitt væri heimtað. Þetta er ekki rjett hermt. Hann viðurkenndi þrenns konar rjett: náttúrurjett, lagarjett og sögurjett, en mjer fannst hann gera nokkuð lítð úr því, að um nokkurn rjett væri að tala fyrir oss. Aptur á móti bætti hann við 4. rjettinum, þnefarjettinum, og fannst mjer það vera í þeim anda, að hann gerði gys að öllum rjetti vorum í þessu máli. Hinn gamli forseti alþingis, riddari Jón Sigurðsson, hefði átt að vera risinn aptur upp úr gröf sinni til að heyra þessa ályktun. En hans þarf nú eigi lengur við, því upp er risinn annar Jón, frelsis- og framsóknarmaður og forvígismaður þjóðarinnar. H. þm. (J. Ól.) spurði, hverjar krðfur tímans væru. Eigi spyr hann svo af því, að hann viti það ekki. Hann er svo skynsamur, að hann þarf ekki upplýsingar frá mjer um það efni. En þó get jeg sagt honum, hvað að mínu áliti er stefna og krafa tímans. Stefna og krafa tímans er það, að þjóðirnar sækja fast fram, til að ná meiri og meiri þroska og framförum til sjálfstjórnar og gengis, og jafnframt því, sem þær ná þessu sjálfar, viðurkenna þær einnig jafnan rjett annara. Þótt vjer sjálfir sjeum máttlitlir, álít jeg alls eigi lítið í það varið, að aðrar þjóðir játi rjett vorn til að ráða oss sjálfir, án þess ráðgjafastjórn suður í Danmörku blandi sjer inn í alinnlend mál vor. Jeg þykist vita, að h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefur hjá forseta fengi það frelsi, sem honum samkvæmt þingsköpunum að vísu alls eigi ber, að geta svarað mjer nú, þó að hann sje búinn að tala tvisvar. *(J. Ól.*: Jeg hef ekki talað nema einu sinni!). En jeg læt mjer þá liggja í ljettu rúmi, þótt jeg setjist dauður niður undir þá dómadagsræðu, sem jeg vænti frá honum. H. þm. (J. Ól.) sagði, að jeg uppástæði, að vjer fengjum allt, sem vjer vildum, þegjandi. En það sannast hjer sem sagt er, að „illt er satt mál að verja". *(Margir:* Svo?). Þ. e. þegar málið er satt, þá er illt að verjast því frá hinni hliðinni — og þá gripið til óyndisúrræða, eins og h. þm. (J. Ól.) hefur hjer gjört. Hann hefði, h. þm., heldur átt að sjá nær sjer, og hugsa um umræðurnar hjer í deildinni í dag, þar sem hver lofaði annan, framsögumenn breytinganna á aðra hliðina og landshöfðingi á hina; það kalla jeg að fá sínu máli framgengt þegjandi. Annað mál er það, hvort þjóðin þegir við því, sem hjer er nú bollalagt. Þó jeg þyki ef til vill nokkuð harður í dómi, þá koma fleiri til að dæma um þessar tillögur meiri hluta nefndarinnar en jeg; en hvernig sem þeir dómar verða, mun jeg samt ekki greiða atkvæði með neinni einustu af breyt.till. nefndarinnar. En styðja mun jeg að því, að málið gangi til 3. umr., í von um umbót á því. Lengur bind jeg mig ekki við málið svona lagað.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón A. Hjaltalín): Jeg er þakklátur fyrir það, að tillögur nefndarinnar hafa fengið góðar undirtektir hjá allflestum þeim, sem talað hafa. Einkum þakka jeg mínum h. sessunaut (J. Ól.) fyrir það, að hann hefur tekið af mjer ómakið að svara mótbárum þeim, sem komið hafa. Það var einkum eitt, sem hann hafði á móti í ræðu minni, þar sem jeg sagði, að það dygði ekki að heimta og heimta. En hann kom sjálfur með alveg hið sama í niðurlagi ræðu sinnar, að það dygði ekki að heimta og heimta, án þess að taka neitt tillit til hins málsaðilans. Það var einmitt það, sem jeg meinti.

Mest fótakefli var honum skipun Ed. Hann skýrði nauðsynina á því, að hafa tvær deildir, og að efri deild þyrfti að hafa í sjer apturhalds-atriði, sem rjetti og lagfærði það, sem Nd. gerði með of miklli fljótfærni. Jeg er honum samdóma

um, að svo þurfi að vera, og höfum við dæmi þess í mörgum málum hjer á þinginu, að menn vildi eigi, að málin gengi fram óbreytt frá annari deildinni, frá hvorri sem er. Það þarf eigi að fara lengra en í þetta mál, sem nú er til meðferðar. Ef enginn konungkjörinn þingmaður hefði verið hjer í deildinni, þá hefði málið gengið orðalaust gegnum deildina, eins og það kom frá Nd., og árangurinn sjálfsagt orðið jafnlítill eins og að undanförnu. En jeg vil spyrja minn h. sessunaut (J. Ól.), hvar sjer hann þann flokk kjósenda hjer á landi, sem hann er viss um, að velji þetta nauðsynlega *ihalds*atriði í Ed.? Ef slík stjett finnst, þá skal jeg ekki standa fast á till. nefndarinnar. En þangað til slíkur flokkur er fundinn, sje jeg ekki, að nein trygging sje fyrir, að *ihalds*flokkur verði í efri deild, nema með því einu móti, að efri deild sje konungkjörin.

Jeg skal ekki fara út í athugasemdir þær, sem 2 h. þingdm. hafa komið fram með móti tillögum nefndarinnar, því að minn h. sessunautur (J. Ól.) hefur svarað þeim flestum svo rækilega, að þess þarf ekki. Jeg skal einungis athuga lítið eitt viðvíkjandi því, sem h. þm. Rangv. (S. Á.) sagði um þingræði; hann sagðist ef til vill ekki skilja, hvað þingræði væri, og um það skal jeg ekki segja af nje á. En hann sagðist þó álíta, að það væri það ástand, að meiri hluti þingsins gæti rutt sjer til rúms. Þetta getur verið að nokkru leyti rjett, en því þarf að minnsta kosti að bæta við, að sá meiri hluti hlýtur að vera í *báðum deildum* þingsins. Það er ekki nóg, að hann sje í annari. H. þm. bæru breytingar nefndarinnar eigi saman við frumv., eins og það kom frá Nd., heldur við það ástand, sem er, og hefði hitt þó verið náttúrlegra, því að nefndin tók ekki upp hjá sjálfri sjer, að breyta því, sem er, heldur var hún að bæta það, sem henni var í hendur fengið. Þeir töluðu minnst um það, hverra heillavænlegra afleiðinga eða hve fjótra þeir vænti sjer af uppástungum Nd. En h. þm. Árn. (Sk. Þ.) sagði að eins, að það frumv. ætti heldur fram að ganga óbreytt, og byggði hann það að eins á *von*. En von er vakandi manns draumur. Hann hjelt, að stjórn og konungur mundi smátt og smátt viðurkenna kröfur frumv., en hins gat hann eigi, hvenær það mundi verða, eða hvað mundi verða veitt fyrst og hvað seinast. Allt hans álit á málinu byggðist á tómri von. H. þm. Rangv. (S. Á.) byggði ekki á von, heldur *kröfum tímans*. H. sessunautur minn (J. Ól.) svaraði orðum hans þar að lútandi, og skal jeg að eins bæta við, að til þess að hrinda nokkru máli í lag eru ekki nóg ný orðatiltæki og orðin tóm, heldur þarf krapt, sem kemur fram líkamlega, svo að hægt sje að benda á hann og segja: þarna er hann og hjerna er hann. H. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að kröfur tímans væru þær, að aðrar þjóðir játuðu, að við hefðum rjett á að stjórna okkur sjálfir. En jeg held við getum lítils vænt af kröfum tímans, ef þær eru að eins bundnar við aðrar þjóðir, sem standa í engu sambandi við okkur, og ekki geta annað en að eins látið skoðun sína í ljósi. Og þess utan held jeg, að þessar kröfur tímans, þ. e. aðrar þjóðir, láti sig fyrst um sinn ekki miklu skipta okkar hagi.

Jeg efast ekki um, að báðir þessir h. þm. tali af sannfæringu. En jeg vil spyrja þá: hvernig geta þeir varið það fyrir kjósendum sínum og landinu, að halda þing á hverju ári upp á von, og hafa ekkert að bjóða nema *von* fyrir allan þann kostnað. Jeg fyrir mitt leyti gæti ekki forsvarað það eptir minni sannfæringu, og efast um, að þeir geti það.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að eins að leiðrjetta misskilning h. 1. þm. Rangv. (S. Á.). Hann bar mjer á brýn, að jeg hefði sagt, að hjer væri fundið hið bezta, sem

hægt væri að finna. Jeg skal lofa honum því, að jeg skal eigi stryka út eitt orð af því, sem skrifararnir hafa skrifað eptir mjer í dag, og jeg veit, að hann mun eigi finna það hjá þeim, því jeg hef hvorki talað það nje hugsað það. Jeg byrjaði ræðu mína í dag með því, að þegar jeg liti yfir starf nefndarinnar, þá gæti jeg eigi sagt, að það væri allt harla gott, eða með öðrum orðum alveg gagnstætt því, sem h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) hermdi eptir mjer. Hitt sagði jeg, að þessar tillögur nefndarinnar færu fram á betra og mun betra skipulag á stjórn vorri en það, sem nú er, og það er sannarlega annað en að það sje hið bezta. H. þm. (S. Á.) sagði, að jeg hefði tekið upp þá þrenns konar rjetti, sem h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) hefði talað um, og hefði sjer skilizt á mjer, að vjer hefðum engan af þessum rjettum til sjálfstjórnar. En því fór fjarri; jeg sagði, að siðferðisrjettinn hefðum vjer, og væri jeg að því leyti samdóma h. 5. kgk. þm. (J. A. Hj.); sögurjettinn bæri mönnum eigi saman um, en mjer væri sama, hvort væri, því að jeg teldi *hann* ávallt næsta þýðingarlítinn; en *laga*-rjettinn sagði jeg, að við hefðum *eigi*; og jeg held þingmaðurinn verði að játa það, því að ef við *hefðum* hann, þá værum við eigi að berjast fyrir því þing eptir þing að *fá* hann; vjer værum eigi að berjast fyrir að fá það, sem við höfum. H. þm. (S. Á.) sagði einnig, að *nú sem stendur* hefðum við eigi afl til að framfylgja rjetti vorum, en jeg vil spyrja hann, hvað hann meinar með *nú sem stendur?* Er það annað en orðaglamur? Býst hann við, að við fáum þetta afl — hnefarjettinn — t. d. að nokkrum árum liðnum? Jeg held hann meini hreint ekkert með þessum orðum — það sje bara tómur hljómur, sem hann hefur til að setja hellu fyrir eyrun á sjálfum sjer og öðrum með. H. þm. (S. Á.) sagði líka, að jeg ætlaðist til að fá stjórnarbótina þegjandi. Það er eins og hitt, sem hann sagði, fjarstætt öllum sanni. Jeg sagði í dag, að það væri eigi til neins að stagast allt af á því sama, *án þess að taka nokkurt tillit til þess, sem hinn málsaðilinn segði.* Allt constitutionelt stjórnarfyrkomulag er byggt á málaleitun, á því að reyna að *sannfæra* mótpartinn og *semja* við hann. Það er því svo langt frá, að jeg ætlist til, að við öðlumst stjórnarbót þegjandi, að jeg vil reyna að taka svo mikið tillit sem frekast er unnt til þess, hvað stjórninni þykir óaðgengilegast; þá fyrst get jeg búizt við að verði nokkur árangur af stjórnarbaráttu vorri. Jeg held h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) sjái það sjálfur, að það mundi eigi horfa til sátta og samkomulags milli tveggja málsaðila, sem eigi tækju neinum sönsum, en tyggðu upp í sífellu sömu orðin, án þess að skeyta hinu minnsta hvað hinn segði; en aptur á móti ef þeir færu hvor um sig að taka til íhugunar það sem hinn segði, þá fyrst kæmist rekspölur á málið og mögulegleiki til þess að komast að einhverri niðurstöðu. Þá sagði þingmaðurinn, að „tímans kröfur" mundu færa oss stjórnarskrárbreytingu. Jeg spurði hann í fyrri ræðu minni, hvað hann meinti með þessu, og hann hefur nú reynt að skýra það með alllangri ræðu, sem reyndar snerist út í annað líka, af því hann hjelt jeg væri „dauður". Mjer er það samt eigi vel ljóst; en af því h. þm. (S. Á.) er nú „dauður", skal jeg reyna að lesa í málið, reyna að gizka á, hvað hann hefur meint. Hann hefur líklega átt við, að aðrar þjóðir og stjórnir kynnu að hafa áhrif á þá stjórn, sem við eigum að sækja rjett vorn undir, eða að þær mundu fara að taka í strenginn. Þá væri fyrst að athuga, hvort frumv. vort væri svo undir búið frá vorri hendi, að líklegt væri að *nokkur* stjórn mundi taka það óbreytt, og hvort oss væri að öllu vel hent, að það væri óbreytt. — Til þess, að aðrar þjóðir taki í strenginn fyrir oss,

eru *engin* líkindi. En þm. hefur máske álitið, að dæmi annara þjóða mundi verka á *stjórn* vora. Það vona jeg og; en ætti eigi dæmi annara þjóða einnig að verka á *oss?* Ef h. þm. (S. Á.) vildi líta til annara þjóða, þá þarf hann að hafa þekking og skilning til þess, að hafa gagn af þeirra dæmi. Þá mundi hann verða þess áskynja, að þær berjast eigi á þann hátt, að vilja enga málamiðlun hafa; tökum t. d. baráttu Íra; ef hann þekkti þá baráttu, mundi hann sjá, að Írar eru *opportunistar;* þeir reyna að laga kröfur sínar eptir því, sem framkvæmanlegt þykir; þeir hafa opt leitað fyrir sjer með málamiðlun og sleppt í bráð því meira, ef þeir hafa haft sennilega von um hið minna. Það væri sannarlega óskandi, að h. þm. og fleiri hans sinnar vildu kynna sjer sögu Íra betur. Hún er lærdómsrík. H. 1. þm. Rangv. (S. Á.) sagði í dag, og endurtók það áðan, að engin bót væri í því, sem hjer er farið fram á, heldur í sumu apturför. Jeg svaraði honum í dag; og jeg get víst eigi sannfært hann, þó jeg endurtaki orð mín nú. Hann sjer enga framför í því, þó vjer fáum greitt fyrir því, að mestallt löggjafarvaldið færist inn í landið; heldur eigi, þó vjer fáum ótakmörkuð fjárráð á alþingi, og framkvæmdarvaldið inn í landið. Ef hann vildi lesa frumv. það, er hann gaf atkvæði sitt 1885, þá gæti hann sjeð, að það eru sams konar ákvæði í tillögum nefndarinnar um löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið, en stigið feti lengra hvað fjárráðin snertir; hann hlýtur því nú að álíta, að það sem hann greiddi atkvæði fyrir 1885 og 1886, sje fánýtt og einskisvert. Jeg tek það fram aptur: þetta, sem hjer liggur fyrir, er eigi það bezta, sem vjer mættum á kjósa; en það er betra en það, sem við samþykktum 1886, og miklum mun betra en það, sem við höfum nú. Jeg skal játa, að mjer eru sumar breytingar nefndarinnar ógeðfelldar, en þar sem er svo mikið unnið í þessum þremur atriðum, sem jeg hef þegar minnzt á, þá finnst mjer það vera stór ábyrgðarhluti að hafna frumv. Þegar þessi grundvöllur er unninn, má ávallt síðar þoka málinu áfram í þá átt, sem þjóð og þing álítur æskilegast.

Jakob Guðmundsson: Það hafa nú spunnizt allmiklar umræður út af samsetning efri deildar. Það hefur komið fram í þeim umræðum, að nauðsynlegt væri að hafa íhaldsflokk hjer á þingi; en meðan yfirstjórn vorri er eins fyrir komið og nú er, meðan hún situr í Danmörku, álít jeg þennan íhaldsflokk með öllu óþarfan; þingið væri alveg eins gott, þó eigi væri einn einasti konungkjörinn á því. Mjer finnst það vera nægilegt *constitutionelt* íhald, að bæði þarf samþykki konungsins og þingsins til þess að nokkur lög fái gildi, að þingið getur eigi gjört neitt að lögum án samþykkis konungs, og konungur eigi án samþykkis þingsins. Ef aptur á móti fleiri lög yrðu samþykkt innanlands og færri þyrftu að sigla út yfir pollinn, og ef við fengjum full fjárráð, þá kynni að sýnast meiri þörf á íhaldi; en þetta fyrirkomulag, sem nefndin hefur stungið upp á, finnst mjer vera nær ógjörningur að ganga að. Það er miklu betra, eins og neðri deild hefur stungið upp á, að konungur eða jarlinn kjósi $^1/_8$ og þingið hinn hlutann; en jeg vildi óska, að menn gætu fundið einhverja nýja aðferð til kosningar efri deildar, t. d. að kosningunni væri hagað svo, að kosið væri í ömtum eða af amtsráðum eða á einhvern annan hátt. Það mætti vera með tvöföldum eða þreföldum kosningum, og ef svo kosningin gilti æfilangt, held jeg, að á þann hátt mætti fá til efri deildar skynsamlega og happalega íhaldssama menn. Það hefur verið talinn kostur, að stjórnin kveddi menn til æfilangrar setu í efri

deild, af því þeir yrðu þá henni alveg óháðir; en það ætti þá alveg eins að gilda um æfilanga kosningu þjóðarinnar til efri deildar; efri deild ætti að vera sem óháðust bæði stjórninni og þjóðinni. Jeg held nú reyndar, að hvort sem það væri þingið eða stjórnin, sem kysi til efri deildar, þá mundi hvor um sig helzt velja þá menn, er væru þeim fylgjandi að málum; mjer finnst það vera rjett ályktun eptir mannlegu eðli. Jeg vona, að við hjer í deildinni með tilhliðrunarsemi á báða bóga getum á einhvern hátt komizt út úr skipun efri deildarinnnar, en þó eigi með því að hafa hana konungkjörna, því það verður ætíð þyrnir í augum og broddur í hjarta þjóðarinnar.

Jón Ólafsson: H. þm. Dal. (J. G.) áleit enga nauðsyn á, að gjöra efri deildina að sjerstaklegum íhaldshluta, af því neitunarvald konungs vær nægilegt *íhaldselement* í löggjöfinni. En álítur þingmaðurinn það æskilegt, að stjórnin *þurfi* að að vera íhaldsstjórn? Það yrði eðlileg afleiðing af því, ef menn hefðu eigi conservativa efri málstofu, þá yrði stjórnin ávallt að vera það. Til þingræðis þarf 3 *factora:* stjórn, efri málstofu og neðri málstofu; en um samsetningu efri deildar er jeg samdóma h. þm. Dal. (J. G.), og þó mjer hafi eigi getað dottið í hug nein sjerstök uppástunga, vona jeg að neðri deildin verði hugvitssamari en nefndin og geti fundið einhvern veg, sem mönnum geti geðjast að. Jeg get bent á ýmsa tryggingarvegi til þess að fá íhaldssama efri deild. Stjórnkosning er alls eigi þess eðlis, því ef einhvern tíma sæti framgjörn stjórn við stýri, þá gætu menn búizt við, að fá radikala efri deild. Bezta trygging fyrir góðri skipun efri deildar er að kveðja menn til æfilangrar setu þar, og að þar sje skipað mönnum af ýmsum stjettum, annaðhvort þannig, að þeir sjeu sjálfkjörnir til efri deildarinnar, eða það sje sett sem skilyrði fyrir kjörgengi þeirra; opt heimta menn einnig háan aldur og mikið ríkidæmi og ýms fleiri skilyrði.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón A. Hjaltalín): Jeg ætla mjer eigi að fara að lengja umræðurnar; en þar sem h. þm. Dal. (J. G.) sá enga þörf á íhaldsflokki, þá held jeg hann verði samt að kannast við, að öll mál hafi gott af því, að vera rædd frá meir en einni hlið; það er allt of lítið af því hjer hjá oss, bæði utan þings og á þingi, einkum að því er snertir þetta mál. Jeg hef eigi sjeð þetta mál rætt í einstökum atriðum fyr en núna, og nú er það einkum rætt að því er snertir samsetningu efri deildar; en það er margt fleira, sem þyrfti að ræða frá fleiri hliðum. Það hefur verið sá galli á sókn þessa máls, að það hefur eigi verið nógu sterk *kritik* móti aðalstraum almenningsálitsins.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. (C. 347) samþ. í e. hlj.; 1. breyt.till. nefnd (C. 447), við 2. gr., samþ. með 9 : 2; 2. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 9 samhlj. atkv.; breyt. 2 þm. (C. 473) við 3. gr. felld með 6:4 atkv.; breyt. nefnd. (C. 465) við 3. gr. samþ. með 7:2 atkv.; 3. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 9 samhlj. atkv.; 4.—5. gr. samþ. í e. hlj. hvor; breyt. 2 þm. (C. 473) við 6. gr., staflið „a", felld með 9:2, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Jón Ólafsson	Jón A. Hjaltalín
Jakob Guðmundsson	Arnljótur Ólafsson
	Árni Thorsteinsson
	E. Th. Jónassen
	Friðrik Stefánsson
	Júlíus Havsteen
	L. E. Sveinbjörnsson
	Sighvatur Árnason
	Skúli Þorvarðarson;

staf. „b" í sömu breyt.till. álitinn þar með fallinn; 2. breyt.till. nefnd. (C. 447), við 6. gr., samþ. með 9. samhlj. atkv.; 3. breyt. nefnd., við sömu gr., samþ. með 7:4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín	Jón Ólafsson
Arnljótur Ólafsson	Jakob Guðmundsson
Árn Thorsteinsson	Sighvatur Árnason
E. Th. Jónassen	Skúli Þorvarðarson
Friðrik Stefánsson	
Júlíus Havsteen	
L. E. Sveinbjörnsson;	

4. breyt. nefnd., við 6. gr., samþ. með 7:2 atkv.; 6. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 7:2 atkv.; 5. breyt.till. nefnd., við 7. gr., samþ. með 7:1 atkv.; 6. breyt. nefnd., við 7. gr., samþ. með 7:2 atkv.; 7. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 7 samhlj. atkv.; breyt. J. Ól. (C. 499), við breyt.till. 2 þm. (C. 473), samþ. með 9:1 atkv., og breyt. 2 þm. þannig breytt samþ. með 7:2 atkv.; 8. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 9 samhlj. atkv.; 7. breyt.till. nefnd (C. 448), við 9. gr., samþ. með 6:1 atkv.; 9. grein með áorðinni breyt. samþ. með 6 samhl. atkv.; 8. breyt.till. nefnd., við 10. grein, samþ. með 7:2 atkv.; 10 gr. með áorðnum breyt. samþ. með 7 samhlj. atkv.; 9. breyt.-till. nefnd., við 11. gr., samþ. með 7:1 atkv.; 11. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 7 samhlj. atkv.; 12. gr. samþ. óbreytt með 7 atkv.; 13., 14. og 15. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv. hver; 10. breyt.till. nefnd., við 16. gr., samþ. með 7:1 atkv. 16. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 7 samhlj. atkv.; 17. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.; 11. breyt.till. nefnd., við 18. grein, samþ. með 7:1 atkv.; 18. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 7 samhlj. atkv.; 12. breyt. till. nefnd., við 19. gr., samþ. með 7 : 2 atkv.; 13. breyt.till. nefnd., við 19. grein, samþ. með 7 atkv.; 19. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 7 samhl. atkv.; 14. breyt.-till. nefnd., við 20. gr., stafl. „a“, samþ. með 7;1 atkv., en stafl. „b“ felldur með 6:5 atkv.; 20 gr. með áorðnum breyt. felld með 7:1 atkv.; 15. breyt.till. nefnd., við 21. gr., stafl. „a“, samþ. með 6:1 atkv.; 15. breyt.till. nefnd., við 21. gr., stafl. „b“, samþ. með 6:2 atkv.; 21. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 7:1 atkv.; 22. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.; 16. breyt.-till. nefnd., við 23. gr., samþ. með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín	Jakob Guðmundsson
Arnljótur Ólafsson	Júlíus Havsteen
Árni Thorsteinsson	Sighvatur Árnason
E. Th. Jónassen	Skúli Þorvarðarson
Friðrik Stefánsson	
L. E. Sveinbjörnsson;	

Jón Ólafsson greiddi eigi atkv. og var því talinn með meiri hlutanum; 17. breyt.-till. nefnd., við 23. gr., samþ. með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín	Jakob Guðmundsson
Jón Ólafsson	Júlíus Havsteen
Arnljótur Olafsson	L. E. Sveinbjörnsson
Árni Thorsteinsson	Sighvatur Árnason
E. Th. Jónassen	Skúli Þorvarðarson
Friðrik Stefánsson;	

18. breyt.till. nefnd., við 23. gr., samþ. með 7:2 atkv.; 23. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 6:1 atkv.; 24., 25., 26., 27. og 28. gr. samþ. í e. hl.; viðaukatill. nefnd. við 29. gr. samþ. með 7:1 atkv.; 29. gr. með viðaukanum samþ. með 8 samhlj. atkv.; 30.—33. gr. samþ. í e. hlj.; 20. breyt.till. nefnd., við 34. gr., samþ. með 9 samhlj. atkv.; 34. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 9 samhlj. atkv.; 35.—47. gr. samþ. í e. hlj.; 21. breyt.till. nefnd., við 48. grein, samþ. með 7:3 atkv.; 22. breyt. nefnd., við 49. gr., samþ. með 7 samhlj. atkv.; 49. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 8 samhlj. atkv.; 50.—57. gr. samþ. í e. hlj. hver; 23. breyt.till. nefnd., við 58. gr., samþ. með 7 samhlj. atkv.; 58. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 8 samhlj. atkv.; 59.—72. gr. samþ. í e. hlj.; 24. breyt.till. nefnd., við ákvæði um stundarsakir, samþ. með 7:2 atkv.; ákvæði um stundarsakir með áorðinni breyt. samþ. með 8 samhlj. atkv.; fyrirsögn frumv. samþ. með 9 samhl. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Frumv. til laga um innheimtu og meðferð á kirknafje (C. 459, 498); 2. umr.

Friðrik Stefánsson: Jeg hef ásamt 2 öðrum h. þm. leyft mjer að koma fram með breyt.till. (C. 498) við frv. um innheimtu á kirknafje; því eptir frumv. væri sóknarnefndirnar skyldar að takast innheimtuna á hendur, hvort sem þeim væri það leitt eða ljúft, svo framarlega sem kirkjuráðendur vilja losna við hana. En þau ákvæði álít jeg í mesta máta ósanngjörn; það er allt öðru máli að gegna, vilji sóknarnefndir taka að sjer innheimtu, þá er þeim það frjálst, en þær sóknarnefndir, sem ekki vilja taka að sjer innheimtu á kirkjugjöldum, geta líka verið fríar við það, ef breyt.till. kemst að. Sömuleiðis höfum við gjört þá breytingu við 2. gr. frumv., að innheimtmenn kirkjugjalda sjeu skyldir að taka þá landaura, sem þar eru til greindir, eptir verðlagsskrá, þar sem það eru að eins beztu vörutegundirnar, sauðfjenaður, hvít ull, smjör, fiskur og dúnn, sem þeir eru skyldir til að taka. Við 7. gr. frumv. höfum við gjört þá breytingu, að fella úr orðin „sem söfnuður hefur eigi tekið að sjer“, því við álitum frumv. óbreytt geta gengið þar nærri eignarrjettinum, og svo tel jeg mjög óvíst, að sóknarnefndir, sem tekið hafa við bændakirkju, mundu hafa gjört það, ef þær hefðu vitað, að þær yrðu síðar með lögum skyldaðar að greiða kirkjugjöldin í peningum til stiptsyfirvaldanna, eins og frumv. þetta fer fram á. En eptir því sem greinin er orðuð, getur fje bændakirkna komið til yfirráða stiptsyfirvaldanna án vilja kirkjuráðanda, ef hann er fjarverandi, og söfnuðir eða sóknarnefndir hafa til bráðabirgða tekið að sjer fjárhald og umsjón kirkjunnar, eða þar sem ómyndugir erfingjar eiga hlut að máli, og umráðamaður þeirra hefur samið við söfnuðina að taka við umsjón kirkjunnar, til þess tíma, að eigandinn gæti sjálfur tekið við fjárráðum sínum. En þetta getur orðið skerðing á eignarrjettinum, því jeg álít, að bændakirkjueigendur eigi kirkjurnar og sjóði þeirra eins frjálslega, sem hverjar aðrar eignir sínar, og álít jeg skyldu löggjafarvaldsins, að stuðla eigi til þess gagnstæða, því að eignarrjetturinn er einn af fyrstu rjettindum manna, og vona jeg því, að h. þingd. verði mjer samdóma um, að samþykkja þessar breytingar á frumv.

Sighvatur Árnason: Jeg vil að eins geta þess, í viðbót við það, sem h. þm. Skagf. (Fr. St.) tók fram, að ákvæði 2. gr. um að víkja megi frá ákvæðum verðlagsskrár, ef gangverð er hærra á gjalddaga, gáfu mjer tilefni til að skrifa undir þessar breyt.till. Það getur komið fyrir, og hefur komið fyrir út af sama ákvæði í skattalögunum, að gjaldheimtumaður segi gangverð hærra en verðlagsskrárverðið, án þess gjaldandi geti fallizt á, að svo sje, og gæti risið af því ágreinur og vafningar. Slík ákvæði í skattalögum álít jeg óheppileg, enda álít jeg, að verðlagsskrá sje til þess ætluð, að fara eptir henni með opinber gjöld.

Jakob Guðmundsson: Jeg held, að orð h. þm. Skagf. (Fr. St.) um 7. gr. sje spottin af misskilningi á þessum orðum frumv.: „er söfnuður hefur eigi tekið að sjer“. Söfnuður getur ekki tekið að sjer bændakirkju, nema með samkomulagi við kirkjueiganda. Og sje það samkomulag á komið, sje jeg ekkert eignarán í því, þótt fjeð sje lagt á vöxtu, hvorki fyrir kirkjueiganda sjálfan nje erfingja hans. Sú ráðstöfun, að kirkjurnar gangi til umráða sókna, verður eðlilega ekki gerð nema af fullveðja mönnum.

Landshöfðingi: Jeg tel vafasamt að rjett sje, að tala um bændakirkjur, sem söfnuður hefur tekið að sjer. Þegar söfnuður hefur tekið kirkju að sjer, er hún ekki lengur bændakirkja. Söfnuðurinn

hefur þá veg og vanda af kirkjunni, og því eiga þessi orð í 7. gr.: „er söfnuður hefur eigi tekið að sjer“, ekki við, og ættu að falla burt.

Friðrik Stefánsson: Jeg er hæstv. landsh. þakklátur fyrir það, sem hann lagði til þessa máls, og skal því að eins við bætt, að 7. gr. virðist líka fara allt eins vel, og betur, eptir breyt.till., þótt þessum orðum „er söfnuður hefur eigi tekið að sjer“ sje sleppt; að öðru leyti hef jeg áður látið í ljósi álit mitt um þessa breytingu á frumv., og hef þar engu við að bæta.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. 3 þm. (C. 499) samþ. með 9 : 1 atkv; 1. gr. (C. 459) þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 2. breyt. 3 þm. samþ. með 8 : 1 atkv.; 2. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv.; 3. gr. samþ. með 10 atkv.; 4. gr. samþ. með 9 atkv.; 5. gr. samþ. með 9 atkv.; 6. gr. samþ. með 10 atkv.; 3. breyt. 3 þm. (C. 499) samþ. með 9 atkv.; 7. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 10 samhljóða atkv.

Frumv. til laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl. (C. 464, 491, 498); ein umr.

Framsögumaður (E. Th. Jónassen): Eins og h. deild sjer, leggur nefndin til, að frumv. sje samþykkt eins og það kom frá Nd.; hún hefur að eins gjört litla breyting við 2. gr., þar sem hún hefur sett „rekstur verzlunar eða iðnaðar“ í stað „atvinnu“, og játar nefndin, að sú breyting fari fullt eins vel.

Jafnframt skal jeg geta þess, að á 11. stundu hafa 2 h. þm. komið fram með breyt.till. við 4. gr. (C. 498). Meiningin er hin sama, og getur skeð, að greinin sje eins liðlega orðuð þannig; en hitt held jeg þó ekki geti valdið misskilningi. Og væri þessi breyting samþykkt, gæti það orðið til þess, að frumv. næði ekki að verða afgreitt frá þinginu, þar sem svo mjög er liðið á þingtímann, og væri það mjög slysalegt, þar sem öllum hefur komið saman um, að frumv. þetta væri gott og þarft. Jeg vona því, að deildin taki ekki þessa breyt. til greina, til þess að hún stofni ekki frumv. í neinn háska.

Sighvatur Árnason: Jeg vil ekki verða orsök í því, að málið falli hjer á þinginu, en jeg skal að eins geta þess, að það sem kom mjer til að koma fram með breytinguna, var það, að jeg áleit, að orðið „bryggjuafnot“ mundi ef til vill verða misskilið og misbrúkað, og vildi jeg því skýra það með þessari orðabreytingu. En það er á deildarinnar valdi, hvort hún álítur hana nauðsynlega.

Jakob Guðmundsson: Jeg sje enga nauðsyn á þessari breytingu, því að það er jafnt komið undir áliti, hvort menn „koma í bága við“ eða „fyrirbyggja og tálma“ afnot af bryggjunum. Jeg legg því til, að breyt. sje felld.

Jón Ólafsson: Að svo miklu leyti sem jeg stend á breytingaratkv. þessu, gjörði jeg það eingöngu fyrir h. þm. Rangv. (S. Á.), og er mjer alveg sama, hvernig fer um það.

Arnljótur Ólafsson: Jeg veit, að meiningin í þessari breyt. á að vera hin sama eins og í frumv., en mjer finnst breyt. vera talsvert meiri vafa undirorpin. Orðið „að fyrirbyggja“ er sterkara en frumv. „koma í bága við“, en svo kemur strax á eptir „eða tálmar þeim afnotum að nauðsynja-*lausu*“. Þetta er aptur miklu linara en ákvæði frumv. Það er svo mikið svifrúm milli þess „að fyrirbyggja“ og „tálma að nauðsynja-*lausu*“, að það opnar vítt svið fyrir vafa. Jeg mun því greiða atkv. móti þessari breyt.till.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 498) felld með 9 : 1 atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. óbreytt í

e. hlj., og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda (C. 433); 3. umr.

Að fengnu leyfi landshöfðingja samþykkti þingd., að mál þetta væri tekið til 3. umr., þótt það væri til 2. umr. í gær.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj., og afgreitt til Nd.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889 (C. 492); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Tillaga til þingsályktunar um að einungis hinn íslenzki texti laganna verði staðfestur af konungi (C. 445); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. með 6 : 4 atkv., og afgreidd til landshöfðingja sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Fertugasti og fjórði fundur, mánudag 19. ágúst kl. 9 f. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um breyting á lögum um sveitarstyrk og fúlgu (C. 464); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Báðar gr. frumv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin álitin samþ. án atkvæðagr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á 3. og 8. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun (C. 489)); 1. umr.

Arnljótur Ólafsson: Jeg get ímyndað mjer, að það sje líkt ástatt fyrir fleirum en mjer með þetta mál. Jeg hef engan tíma haft til að íhuga það, svo jeg get eigi dæmt um það. Jeg held því væri ákjósanlegt að setja nefnd í málið, þó tíminn sje orðinn stuttur, því ef það er eigi gjört, neyðist jeg til að greiða atkvæði á móti málinu. Jeg veit hvorki, hversu heppilegt það er, sem það fer fram á, nje hvort það sje eigi of hátt tillag eptir þeim launum, sem embættismenn vorir eiga að hafa. Þess vegna leyfi jeg mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. að kjósa nefnd með 7 atkv., og kosningu hlutu þessir:

Arnljótur Ólafsson	með	8 atkv.
L. E. Sveinbjörnsson	—	6 —
Jón Ólafsson	—	5 —

Fyrstu umr. frestað.

Frumv. til laga um skyldu embættismanna til að safna sjer ellistyrks (C. 490); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Af því þetta mál er skylt því, sem var til umræðu næst á undan, þá vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að því verði vísað til nefndar þeirrar, er kosin var í það mál.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með 8 samhljóða atkv., að vísa málinu til nefndarinnar í eptirlaunamálinu.

Frumv. til laga um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala- og Barðastrandarprófastsdæmum (C. 490, 499); ein umr.

Framsögumaður (Friðrik Stefánsson): Þar sem h. neðri deild hefur engar breytingar gjört hvað brauðaskipuninni viðvíkur, leggjum við nefndarmennirnir það til, að frumv. sje samþykkt óbreytt, þó oss virðist miður sanngjarnt, að af nema það lítilfjörlega tillag til Skarðsstrandar og Hjarðarholts brauðanna, sem eru mjög tekjulág án uppbótar.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv., og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Fertugasti og fimmti fundur, mánudag 19. ágúst kl. 5 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 432, 470, 472, atkvæðaskrá 516); 2. umr.

Fyrri kafli, 1.—6. gr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Við þennan kafla frumv. hefur nefndin komið með að eins eina breyt.till., að síðasta málsgrein 3. gr. falli niður. Það kom fram við umræðurnar í neðri deild, þegar lánsins var leitað, að formælendur þess hjetu því, að eigi skyldi þurfa að kvíða vanskilum frá Húnvetninga hálfu; nú er það samt komið á daginn, að þeir *hafa eigi staðið í skilum* þótt um það sje þagað af fjárlaganefnd Nd. — og fannst nefndinni hjer eigi ástæða til að lögheimila frekari vanskil. Nú er líka farið að batna í ári, og nefndin áleit, að það mundi vera Húnvetningum sjálfum hollast, að gengið væri eptir afborgun lánsins, eins og skilmálar standa til. Jeg vil enn fremur geta þess, að þessi málsgrein gekk fram í neðri deild með örlitlum atkvæðamun.

Júlíus Havsteen: Það er sjálfsagt samkvæmt þeim sparnaðaranda, sem ráðið hefur hjá nefndinni, að hún hefur eigi viljað veita Húnvetningum eins árs frest — segi og skrifa eins árs frest — á borgun upp í hallærislán sín; það er eigi farið fram á neina eptirgjöf eða útborgun úr landssjóði, og held jeg það væri hyggilegt, að veita þennan frest, því þá mundi Húnvetningum veita hægra að standa í skilum framvegis. H. framsögum. (J. Ól.) tók fram, að nú væri að batna í ári, og því skal jeg engan veginn neita; en það vita allir, sem nokkuð þekkja til búskapar, að hann tekur eigi við sjer á fyrsta ári eptir annað eins óár og dundi yfir Húnavatnssýslu 1887; hann þarf að minnsta kosti 3 ár til þess að rjetta við, og því finnst mjer einmitt hæfilegt, að veita Húnvetningum eins árs frest; það eru engin útlát fyrir landssjóð; og vildi jeg því mæla með, að þessi breyt.till. nefndarinnar yrði felld.

Jakob Guðmundsson: Jeg get eigi verið samdóma h. 1. kgk. þm. (J. Havst.), er hann sagði, að tillagan mundi vera sprottin af sparnaðaranda. Því fer fjarri að svo sje, heldur er hún sprottin af óskynsamlegum ósparnaðaranda, því sje málið skoðað frá rótum, þá stendur landssjóður í fleiru tilliti í sambandi við Húnavatnssýslu, en í þessu. Mjer finnst landssjóð megi skipta það litlu, hvort hann fær afborgunina einu ári seinna; en Húnavatnssýslu gæti staðið það á miklu, hvort hún væri nauðbeygð til að greiða afborgunina nú áður en ávöxturinn af góðærinu er eiginlega kominn í gagnið, ef þær sveitir, sem lánið hafa tekið, neyddust til að hnekkja bústofninum til þess að geta staðið í skilum. Húnavatnssýsla stendur í sambandi við allt landið og alla búendur á landinu, því að þess meir sem búendur þar tíunda, þess meir gefur lausafjárskatturinn af sjer. Jeg tek það því upp aptur: þessi breyt.till. nefndarinnar er eigi sprottin af sparnaðaranda, því það er ekkert sparað með henni, heldur verð jeg að telja hana mjög óhyggilega fyrir hag landsins.

Árni Thorsteinsson: Jeg held þvert á móti, að nefndin eigi þakkir skilið fyrir að hafa hreyft þessu máli. Það hefur að minnsta kosti gefið þeim h. þingm., 1. kgk. þm. (J. Havst.) og þm. Dal. (J. G.), tilefni til þess að láta í ljósi skoðun sína, sem eru hinar sömu, þó ástæðurnar sjeu mismunandi. Þeir vilja báðir láta Húnvetninga hafa frestinn, en jeg held það hefði verið nær fyrir Húnvetninga, að biðja um umlíðun á því, sem þeir eiga eptir að borga fyrir umliðin ár, heldur en að fara að biðja um frest á því, sem fyrst fellur í gjalddaga á ókomnum tíma. Jeg

hefði vel getað gefið atkvæði fyrir að taka upp á fjáraukalög frest á þessari afborgun, sem þeir eru nú komnir í óskil með, og þó h. deild vildi veita þeim þann frest, sem frumv. neðri deildar fer fram á, þá finnst mjer rjett að hreyfa því, hvort menn vildu láta Húnvetninga safna fyrir skuldum með nýjum fresti.

Júlíus Havsteen: Það er til málsháttur á latínu, sem segir: *Quicquid delirant reges plectuntur Achivi*, sem þýðir: grísir gjalda en gömul svín valda; því það gekk út yfir mig hjá h. þm. Dal. (J. G.), sem hefði átt að ganga út yfir nefndina; það var eigi um minn sparnaðaranda, sem jeg var að tala, heldur nefndarinnar. H. 4. kgk. þm. (Á. Th.) fannst það varasamt að láta Húnvetninga safna fyrir skuldum, en hjer er alls eigi að tala um neina skuldasöfnun, heldur að eins um frest á afborgun um eitt ár. Það getur einnig hugsazt, að þessi dráttur á borgun lánsins frá Húnvetningum hafi stafað af því, að þeir voru eigi krafðir um skuldina fyr; ef sagt hefði verið til vangreiðslunnar þegar í stað, er hún var til komin, má vera, að hægt hefði verið að ná því, sem þeir áttu að borga.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal fyrst skírskota til þeirrar mildu reglu nefndarinnar, að þó vjer allir nefndarmenn skrifuðum undir nefndarálitið til þess að það kæmi fram í einu lagi eða í einni heild, þá áskildu margir af oss sjer rjett til að ráða fyrir og gjöra grein fyrir atkvæði sínu í vissum ágreiningsatriðum. Þar á meðal var jeg einn. *(J. Ól.:* Ekki í þessu atriði). Ef til vill eigi upp hátt svo berlega, en með sjálfum mjer. *(J. Ól.: Reservatio mentalis!)*

Jeg skal fyrst víkja að orðum h. varaforseta (Á. Th.). Húnavatnssýsla skuldar nú, eptir orðum hans, 2000 kr. fyrir árið 1888. Enginn mælir þá undan að greiða þessa upphæð nú þetta ár, nje heldur það, er þeir greiða skulu þetta ár. En er þá ekki ástæða til að umlíða þá með það, sem þeir eiga að greiða fyrir 1890, til þess að þeir geti staðið í skilum með það, sem þeir eiga að gjalda fyrir árin 1888 og 1889? Um þetta fje biðja þeir engrar umlíðunar, og þeir hafa heldur eigi tekið sjer frest á afborguninni, heldur kemur það af mildi landsstjórnarinnar, að þeir hafa eigi lokið það enn. Um hvað vottar nú þessi mildi? Hún vottar eigi um hirðuleysi frá landsstjórnarinnar hálfu, heldur að hún trúir og treystir Húnvetningum fyrir láninu, þó það dragist með greiðsluna fram yfir gjalddaga. Jeg vil nú spyrja h. deild, hvort hún vilji eigi trúa Húnvetningum fyrir láninu, þó afborgunin á því dragist um eitt ár? *(J. Ól.:* Nei!). Jeg vona að meiri hluti nefndarinnar verði samt með því. Frá landssjóðsins hálfu er eigi annað lagt í sölurnar, en að fje, sem ætti að vera búið að greiða, er á vöxtum hjá þeim einu ári lengur. Eins og það er engin hætta fyrir banka, að lána áreiðanlegum lántakendum, eins getur það eigi verið nein hætta fyrir landssjóðinn, að eiga hjá öruggum gjaldendum. Það er satt, sem h. þm. Dal. (J. G.) sagði, að þó eitt gott ár komi, þá er fjárstofninn eigi búinn að ná nægum þroska fyr en eptir 2 til 3 ár. Fyrst er nú lambið, svo gemlingurinn og síðan tvævetri sauðurinn eða ærin. Þess vegna er það mikill hagur fyrir bóndan að fá umlíðun, svo hann þurfi eigi að taka ærnar úr kvíunum og lömbin að haustinu og skera, þó hann hafi nóg hey til fóðurs. Jeg er viss um, að h. framsögum. (J. Ól.) er mjer samdóma um þetta, og allir, sem nokkuð þekkja til búskapar. Af því jeg er sannfærður um, að það er enginn skaði og engin hætta fyrir landssjóð, þó Húnvetningum sje trúað fyrir þessu láni, en stór hagur fyrir þá, ef þeir fengju frestinn, þá verð jeg að greiða atkvæði á móti

þessari breyt.till. nefndarinnar, sem hjer liggur fyrir.

Árni Thorsteinsson: Þar sem svo var að skilja af orðum h. 1. kgk. þm. (J. Havst.) eins og hefði þurft að minna Húnvetninga á, að borga lánið, en að sú áminning hafi eigi komið fyr en um vorið, þá skal jeg leyfa mjer að taka fram, að gjalddagi á aðallániinu var við árslok, og þá var skylda þeirra að borga, eins og umsamið var. Það er auðvitað leiðinlegt, ef borgunin hefði dregizt hjá þeim, af því þeir hefðu verið áminntir of seint, en það er víst eigi tilfellið, því þeir eru enn eigi búnir að greiða vexti og afborgun fyrir árið 1888, þó þeir hafi verið minntir á að greiða hið umsamda gjald.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): H. þm. Dal. (J. G.) tók hart á nefndinni af því hún vildi eigi veita Húnvetningum eins árs frest á hallærislániinu, og þó h. 1. kgk. þm. (J. Havst.) hafi eigi tekið undir hinn þunga dóm þm. Dal. (J. G.), þá var honum mikið niðri fyrir. Þar sem h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) þóttist eigi geta verið nefndinni samdóma um þetta, þá ljet hann engan efa í ljósi á fundum nefndarinnar, heldur var svo hjartanlega samþykkur henni. *(A. Ó.:* Ekki hjartanlega). Það hefur þá verið *reservatio mentalis* hjá honum. En jeg segi það, að það er vandasamt að vera framsögumaður í nefnd, þar sem nefndarmennirnir falla frá því, sem þeir hafa haldið fram eða greitt atkvæði fyrir á nefndarfundum, eða fyrir þá nefnd, sem sem öll dettur í sundur; það er óþakklátur starfi. Þessi h. þm. (A. Ó.) mælti svo fyrir eptirgjöf á gjaldinu fyrir árið 1890, að því Húnvetningar hefðu staðið í skilum 1888, og af því landsstjórnin hefði eigi gengið hart að þeim, þá hefðu þeir með því unnið tiltrú hennar og allra skynsamra manna. Jeg held, að ef h. þm. (A. Ó.) hefur unnizt nokkuð með röksemdaleiðslu sinni, þá hefur það verið, að sannfæra menn um það gagnstæða við það, sem hann vildi sannfæra menn um, og hann rökstuddi þannig nefndina, þó hann ætlaði sjer að vera á móti henni. H. 1. kgk. þm. (J. Havst.) áleit, að óskilsemin væri komin af því, að Húnvetningar hefðu eigi verið krafðir; en þeir *hafa verið* krafðir; og *skyldir* voru þeir til að borga ókrafðir; en jeg get upplýst hann um það, að það hefur komið fyrir ekkert að krefja þá, því að allt fram á þennan dag er Húnavatnssýsla í talsverðum vanskilum með vexti og algjörlega með afborganir. Það hefði heldur verið ástæða til að taka þetta til greina á fjáraukalögum, eins og h. varaforseti (Á. Th.) gat um, og gefa þeim frest á afborguninni fyrir 1888. Mig furðar líka á, hvernig menn vita nú fyrir fram, að Húnvetningar verði svo bágstaddir 1891, að þeir geti eigi borgað eins og samningar standa til; mjer finnst hjer svo hugsunarlaust og óskynsamlega spáð fram í tímann, að engin ástæða sje til að aðhyllast þessa tillögu neðri deildarinnar.

Jakob Guðmundsson: Þó margir sjeu góðir búmenn hjer í deildinni, þá held jeg þeim sje eigi vel ljóst, á hverju stigi búnaðarins vjer erum staddir. Það er opt talað hjer um, að maður ætli sjer að tala lítið eða langt á þessu stigi málsins, eins held jeg við ættum ekki að vera harðir í kröfum við bændur á þessu stigi búnaðarins. Jeg held, að með eins árs fresti gefum vjer skuldunautunum tækifæri til að uppskera margfaldan ágóða; ef þeir þyrftu eigi að láta skepnur sínar upp í skuldir, mundu sveitamenn að minnsta kosti vinna marga *procent*. Það hefur í sumar víðast heyjazt vel, og ef bændur í Húnavatnssýslu fengju frest á láninu, mundu þeir geta sett meira á og haft af því margfaldan hag. Þetta vita þeir, sem vita, á hvaða stigi búnaðarins vjer erum staddir.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að geta þess út af þessu atriði, að þegar

Húnvetningar voru krafðir um afborgun á hallærisláninu, þá báðu þeir um, að því yrði breytt í 28 ára afborgunarlán eða sem lengstan frest. Landsstjórnin svaraði þá, að hún hefði enga heimild til að veita neinn frest fram yfir það, sem lög lög stæðu til; til þess að fá frestinn lengdan, þyrfti að leita til fjárveitingarvaldsins. Þetta svar hafa Húnvetningar skilið svo, að þeim væri með því gefið undir fótinn með að leita til þingsins, og hafa nú sent bænarskrá í þessu skyni. Fjárlaganefnd neðri deildar hefur að eins að litlu leyti tekið þessa bæn til greina, með því að leggja til, að Húnvetningar fengju frest á afborgun fyrir árið 1890. Neðri deild fannst eigi ástæða til að fara að veita þeim frest á því, sem þeir áttu að borga fyrir 1888—89, með því að taka það upp á fjáraukalög; því deildin bjóst við, að þeir yrðu búnir að borga þegar þau lög næði gildi. Mjer finnst Húnvetningar ekki eiga skilið, að farið sje mjög hörðum orðum um vanskil þeirra, þó þeir vildu bíða úrslita þingsins; en þegar þeir heyra þau, er vonandi, að þeir vindi bráðan bug að því, að borga það, sem þeir eiga óborgað. Þar sem h. framsögumaður (J. Ól.) hjelt, að hjer væri að ræða um afborgun þá, er fjelli í gjalddaga 1891, þá hef jeg skilið frumv. svo, að fresturinn væri vættur á afborgun þeirri, er fjelli í gjalddaga 1890, eða á því, sem ætti að borgast fyrir 1889—90. Jeg skal játa, að Húnavatnssýsla er komin í eigi litla skuldasúpu, og jeg veit eigi, hvort það er svo hægt fyrir hana að standa í skilum, einkum þar sem það voru að eins 2 hreppar, sem urðu hluttakandi í mestum lánunum, og þeir hreppar eru víst enn mjög bágt staddir. Frá landssjóðsins hálfu sje jeg ekkert á móti því, að fresturinn sje gefinn; hann munar það engu, þó afborgun lánsins dragist einu ári lengur, og ef sýslubúum kæmi það vel að fá frestinn, þá vildi jeg eigi leggja á móti þeim. Það kom fram við umræðurnar í neðri deild, að þeir sem þekktu bezt til í Húnavatssýslunni, sögðu, að fresturinn mundi verða mikið hagræði fyrir sýsluna.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil að eins segja fáein orð, einkanlega út af orðum hæstv. landsh. Jeg vil leyfa mjer að taka fram, að þar sem Húnavatnssýsla á ógoldna afborgun fyrir þrjú ár, 1888, 1889 og 1890, þá er hagur fyrir hana, til þess að hún geti staðið í skilum, að fá frest með afborgun fyrir eitt af árunum; en fyrir hvert af þessum þremur árum eptirgjöfin er kölluð, kemur alveg í sama stað niður fyrir gjaldendur. Fengi þeir eigi frest, yrðu þeir að greiða fyrir þrjú ár 1890, en ef gefið er eptir fyrir það ár, þurfa þeir eigi að borga nema fyrir tvö ár.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Viðvíkjandi orðum hæstv. landsh. skal jeg geta þess, að jeg hafði skilið svo og skil enn svo, að það sje afborgunin fyrir árið 1890, sem talað er um að gefa eptir. En jeg veit ekki betur en að afborganir þeirra sýslna, sem fengið hafa hallærislán, eigi að fara fram fyrir 31. des. ár hvert, og þær sýslur borga í rauninni ekki fyr en með vorinu, svo að eptirgjöfin lendir *faktiskt* á árinu 1891. H. þm. Dal. (J. G.) talaði um yfirborðs-vit á búskap, og vil jeg að eins svara honum því, að maður, sem eins og hann segist hafa sett á lömb í fyrra, og talar um, hve mikill skaði sje fyrir sig að skera sömu lömb veturgömul haustið 1891, hann ætti að reyna sjálfur að vita, hvar hann er staddur, og skilja eitthvað í því, sem hann sjálfur segir. Það er ómögulegt að svara öðruvísi annari eins endaleysu og þvogli, eins og ræða hans var, sú sem hann nú hjelt.

ATKVÆÐAGR.: 2. gr. frv. (1.—13.

tölul.) samþ. í e. hlj. Formáli gr. með samtölu samþ. í e. hl. Greinin í heild sinni samþ. í e. hlj. 3. gr. samþ. í e. hlj. Breyt. nefnd. við 4. gr. felld með 7 : 4 atkv. 4.—6. gr. samþ. í e. hlj. 1. gr. á- samt samtölu sömuleiðis samþ. í e. hlj.

Annar kafli, 7.—12. gr.

Framsögumaður (Jón Ólafson): Fyrsta breyt. nefnd. við þennan kafla er við 10. gr. C. a. 1—4, sem sje styrkinn til búnaðarskólanna; sú breyt. olli þegar við 1. umr. allmiklum umræðum. Nefndinni er ekki kappsmál sú tillaga hennar, að þeir verði allir gjörðir jafnir, þessir búnaðarskólar; en hún vildi vekja umræður og athuganir á þessum búnaðarskólum yfir höfuð og fje því, sem til þeirra er varið, því að til þess virðist fullkomin ástæða. Nefndin hefur beðið um reikninga yfir tekjur og gjöld Ólafsdalsskólans, en hefur ekki getað fengið þá; hið sama er að segja um áætlun fyrir hinn fyrirhugaða skóla á Hvanneyri, og sætir slíkt þó firnum, að nefndin skuli ekki hafa getað fengið nauðsynleg skjöl þessum skólum viðvíkjandi.

Aptur á móti hafði nefndin í höndum yfirlit yfir tekjur og gjöld Hólaskóla og sömuleiðis Eyðaskóla, en þó mjög ófullkomið yfirlit fyrir Eyðaskóla; og ef sá reikningur er samhljóða frumriti sínu eða hinum eiginlega reikningi skólans, þá er sá reikningurinn svo vaxinn, að ekki er hægt að verða klókur af honun.

Viðvíkjandi skólanum í Ólafsdal þótti nefndinni það nokkuð undarlegt, að þar kostar hver námspiltur langtum meira en á öðrum búnaðarskólum. Þannig kosta námspiltar á skólanum á Hólum 100 kr. hver á ári, en á Ólafsdalskóla kosta 8 hinir eldri 150 kr. hver, en 4 þeir yngri 250 kr. hver. Þegar þess er gætt, að þetta eru allt fullvaxnir menn og fullvinnandi og þetta er með þeim lagt auk vinnu þeirra, og einnig eiga þeir samkvæmt reglugjörð skólans að fá lagt sjer til eins og önnur hjú sokka, skæði og vetlinga o. s. frv. — þá leynir það sjer ekki, að þetta er gífurlegt meðlag. Þarna hefur skólastjóri 12 fullfæra vinnumenn með þessu litla meðlagi, auk sinna eigin launa, svo að það lítur mjög út til þess, að það sje að mun dýrara að lifa í Ólafsdal en annarsstaðar og að skólinn sje þar mjög óheppilega settur, þar sem hann er svo miklu dýrari en t. d. Hólaskóli. Skólinn hefur þó ekki svo litlar tekjur; hann kostar um 4000 kr. á ári.

Jafnvel þótt það sje till. nefndarinnar, að jafna tillagið til allra búnaðarskólanna, þá er samt skoðun nefndarinnar sú, að hlynna beri helzt að einhverjum einum búnaðarskóla. Vjer höfum hvorki kennslukrapta nje fjármagn til að kosta alla þessa búnaðarskóla, og enda mjög tvísýnt, að gagn þeirra geti á nokkurn hátt svarað til þess fjár, sem til þeirra er eytt. Það er því að áliti nefndarinnar enginn spurning um, að rjettara væri að hafa einn búnaðarskóla góðan fyrir land allt, heldur en svo marga; enda virðist og hið sama hafa vakað fyrir bæði stjórninni og Nd., þar sem þeim kemur báðum saman um, að leggja mest tillag til skólans á Hólum, að þar ætti að vera aðalskólinn. Nefndin er eigi á móti þessari stefnu; en hún vildi vekja umræður um þetta, til þess að komast að því, hvort þetta væri í raun og veru tilgangur stjórnarinnar og Nd. með því að veita Hólaskóla ríflegastan styrk. En sje þetta tilgangurinn, þá er brýn hvöt til þess að auka ekki tekjur hinna búnaðarskólanna líka, og allra sízt að stofna nýja búnaðarskóla, sem enda er óvíst hvort nokkurn tíma kemur að nokkrum notum, sem og á sjer stað með þennan fyrirhugaða skóla á Hvanneyri. Í vetur 19. marz er gefin út auglýsing um, að 6 nemendur geti frá 14. maí fengið aðgang að skólanum, en í júnímánuði hefur þó ekki heppnazt að krækja í nokkurn einn einasta námsmann; en nú er mælt að búið sje að fiska

einn, og einhver lítil von kvað vera um að fá annan til, og hefur þó kennarinn gengið eins og grár köttur um allar trissur til þess að reyna að smala sjer lærisveinum. Það virðist því nokkuð vafasamt, hvort það er rjett af þinginu að leggja yfir höfuð nokkurt fje út handa skóla, sem aðeins hefur einn mann til náms og einhverja litla von í öðrum til. Það virðist einnig undarlegt, ef Hvanneyri er hentug jörð, — hversu góð sem hún er í sjálfu sjer, — fyrir búnaðarskóla í *Suðuramtinu*, þar sem hún liggur vestur á horni á amtinu. Það getur þó ekki orðið til að ljetta aðsóknina að skólanum. Ef þetta fyrirkomalag væri hentugt, gæti vel farið svo, að búnaðarskóli fyrir Vesturamtið yrði settur út á amts-hala líka, og svo gætu skólarnir staðið hvor við hliðina á öðrum.

Sje það því tilgangurinn með að veita Hólaskóla hæsta styrk, að gjöra eigi hann að aðal-búnaðarskóla fyrir landið, þá virðist mótsögn vera í því, að ausa svo miklu fje í hina búnaðarskólana, og jafnvel stofna nýjan búnaðarskóla. Um þetta vildi nefndin því vekja umræður, til þess að fá að heyra, hver tilgangurinn væri.

Eptir þeim skýrslum, sem nefndin gat fengið um Eyðaskólann, er mjög örðugt að fá nokkra hugmynd um ástand hans.

Fullkomnar skýrslur um skólann er víst ekki hægt að fá þema fyrir norðan, en af reikningi, er nefndin fjekk hjá prívat-manni, er ekki gott að verða klókur, því að í honum agar öllu saman í einni bendu: búsafrakstri, skuldum, styrkveitingum o. s. frv., og þó er reikningseptirrit þetta áteiknað um að það sje samhljóða skólareikningunum.

Næsta breyt. nefnd. er við C. 4. b. til búnaðarfjelaga ofl. 8240 kr. Þetta er sama upphæð, sem stendur undir staflið-um C. 4. b. og C. 4. c., og er aðeins stungið uppá að draga báðar upphæðirnar saman í eitt. Svo leggur nefndin til, að 400 kr. af þessu fje sje varið til eflingar garðyrkju. Eins og nefndarálitið ber með sjer, eiga þessar 400 kr. að takast af fje því, sem ætlað hefur verið búnaðarfjelagi Suðuramtsins, en skerða ekki styrkinn til annara búnaðarfjelaga. — Jeg minnist þess, að þá er rætt var í Nd. um styrk til kvennaskólanna, þótti það ekki tilhlýðilegt, að veita mjög mikið fje til skóla, sem safnaði árlega fje í sjóð. Jeg veit ekki, hvort mönnum er það ljóst, að einmitt þetta búnaðarfjelag Suðuramtsins safnar árlega fje í sjóð; síðast nú 1887 hefur það lagt upp meira en hálfan landsjóðsstyrkinn, sem sje 755 kr., og á síðustu 8 árum, frá ársbyrjun 1880 til ársloka 1887, hefur fjelagið lagt upp því nær 5000 kr., eða nákvæmlega talið: 4868 kr. 85 au. Þetta bera hinar prentuðu skýrslur fjelagsins sjálfar með sjer. Er það nú meiningin, að veita þessu fjelagi svona ríflegan styrk til þess, að það geti lagt svo og svo mikið fje í sjóð árlega? Eða er það ekki öllu heldur gjört til þess, að það fje komi búnaðinum í landinu til eflingar? Gagnvart öðrum búnaðarfjelögum og með hliðsjón á því verki, sem fjelagið lætur vinna árlega, er þessu fjelagi án efa veittur árlega óþarflega mikill styrkur. Það er enda einkennilegt, hvernig fjelagið brúkar fje sitt. Samkvæmt auglýsingu frá lögreglustjóranum í Gerðiskoti dags. 5. júníp. á., um styrk frá búnaðarfjelagi Suðuramtsins, er það tekið fram, að engvir fái hann aðrir en þeir, sem eru meðlimir fjelagsins; allir aðrir eru útilokaðir. Þegar nú þess er gætt, hve marga meðlimi fjelagið á í Arnessýslu, má efast um, hve margir hafi styrkinn, auk lögreglustjórans sjálfs, sem mun nýlega hafa verið orðinn fjelagsmaður. Jeg vona því að menn sjái, að tillögur nefndarinnar um þetta atriði eru á fullum rökum bygðar, og að háttv. deild sjái, að þær eru ekki teknar úr lausu lopti. Jeg sje, að h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) hristir höfuðið. Jeg vil spyrja hann

að, hvort ekki megi reiða sig á þá reikninga, sem nafn hans sjálfs stendur undir? Það stendur undir reikningum búnaðarfjelagsins, sem jeg hefi hjer prentaða í höndum.

Næsta breyt. nefndarinnar er, að stafl. C 4 d falli burtu; það er styrkur til Edílons Grímssonar til að útvega sjer verkfæri til þilskipasmíða. Bænarskrá sú um þetta efni, sem lögð hefur verið fram á lestrarsalnum, fer fram á 300 kr. hjálp til að borga ferðakostnað fyrir ferð, sem þessi maður hefur farið til útlanda. Hann hefur áður kallað sig stórskipasmið, fór nú þessa ferð á síðastliðnum vetri og vill nú fá styrk til að borga þær skuldir, sem ferðin hefur bakað honum, og meðfram til verkfærakaupa. Nefndin getur ekki álitið, að mikið af þess háttar verkfærum geti fengizt fyrir 300 kr. og enn þá minna þó, ef nokkuð gengur af þessu fje til að greiða óborgaðan ferðakostnað. Og úr því h. Nd. hefur neitað um að borga fyrir hann ferðakostnaðinn, gæti svo farið, þótt verkfæri yrðu keypt fyrir þessar 300 kr., að þau yrðu þá aptur tekin og seld upp í ferðakostnaðarskuldina. Það eru þannig litlar líkur til, að þessi styrkveiting geti komið að tilætluðu gagni.

Því næst er till. nefndarinnar, að styrkurinn undir staflið C. 5. d., til Erlendar Zakaríassonar, falli burt. Um till. þessa var ekki nefndin öll samdóma, og þar sem jeg var þar á öðru máli en meiri hluti nefndarinnar, hygg jeg að það standi h. 5. kgk. (A. Ól.) næst, að tala fyrir þessum breyt.till. Jeg get ekki mælt fyrir þeirri till., sem jeg er ekki samþykkur, og það vona jeg að meðnefndarmenn mínir muni, að jeg tók fram í nefndinni, svo að þetta er ekki reservatio mentalis, eins og nýlega kom fyrir hjá h. 5. kgk. (Á Ól.). Jeg þekki þenna hlutaðeiganda og veit, að það er mjög duglegur maður og efnilegur til vegagjörðar. Nú er hann settur verkstjóri yfir Mosfellsheiði undir yfirumsjón hins norska vegfræðings, sem lítið getur komið þar að. Hann hefur unnið mörg ár að vegagjörðum hjer, og fengið góðan vitnisburð frá öllum þeim, er yfir hann hafa boðnir verið.

Svo leggur nefndin til, að C 6, stafl. b og c, sje dreginn saman í einn. Það er styrkur til aukinna strandferða 9000 kr. og til Ísfirðinga til að halda uppi gufubátsferðum á Vestfjörðum 3000 kr. Það vakti fyrir nefndinni, að Ísfirðingar hafa nú í mörg ár haft þenna styrk í fjárlögunum, án þess að hafa notað hann, svo að engin vissa er fremur fyrir, að þeir muni heldur nota hann nú. En skyldi þó svo fara, að beiðendur nú notuðu hann, væri þeim hentugra, að styrkurinn væri ekki eins takmarkaður, eins og gjört er í frumv., heldur eins og nefndin hefur stungið upp á. Ef fjeð yrði veitt eins og í frumv. stendur, þá hugði nefndin, að þessar 9000 kr. mundu ganga orðalaust og líklega skilyrðislaust allar til hins danska gufuskipafjelags; en áleit neyðarúrræði, að þurfa að vera bundin við það fjelag. Nefndin vildi því ekki skjóta loku fyrir, að ef aðrir kynnu að byrja á að láta skip ganga fram með ströndum landsins, hvort sem það kynnu að verða Ísfirðingar eða aðrir, að styrkurinn til þeirra þyrfti ekki að miðast við 3000 kr., heldur við þörfina og gagnið, sem slíkar ferðir gjörðu. Hún áleit þess vegna einnig bezta tryggingu, að fjeð væri undir umsjón landsh.; honum er bezt treystandi til að vita, hvað veita ætti og hvert gagn slíkar ferðir gætu gjört. Nefndin vonar því, að þessi breytta tilhögun fái meðhald í deildinni; og hún hefur enda ástæðu til að ætla, að þessi till. muni eigi mæta slæmum undirtektum hjá mörgum í h. Nd.

Þessu næst leggur nefndin til, að styrkurinn til Prestsbakkakirkju undir C 10 verði felldur. Nefndinni fannst þessi till. nokkuð undarleg, þar sem hún er komin inn á 11. stundu við 3. umr. í Nd., enda

er ekki gott að sjá, á hverju þessi styrkstillaga er byggð. Nefndin hefur kynnt sjer skjöl þau, sem þetta mál varða, og bera þau með sjer, að gjöra þurfi við þaklista á kirkjunni og tjarga þakið, en ekki er farið fram á einn einasta eyri til járnþaks á hana. Það var fyrst farið fram á 1000 kr. til að mála kirkjuna, einkum tjarga þakið og svo gera við nokkra þaklista, og sjest það, að Nd. hefur þótt þessi krafa svo dýr, að hún hefur ráðið til að fresta þeirri fjárveiting, þangað til Skaptfellingar sjeu orðnir svo röskvir að mála, að ekki þurfi að kaupa 2 menn í mánuð til þessa verks. Fjárlaganefndin í Nd. gerir auðsjáanlega skop að þessari fjárbeiðni. Það lítur þannig út fyrir, að þessi málarakrafa hafi dáið, en á 11. stundu, við 3. umr. frv., hafi svo flutningsmaður till. þessarar fengið þá góðu „Idé“, að biðja um 750 kr. til járnþaks. Það er auðsjeð á öllu, að um hefur verið að gjör að ná í einhverja peninga; en hitt hefur verið mikið vandaverk, að finna, til hvers skyldi verja þeim. Þegar því fjárlaganefndin ekki vildi bíta á krókinn með málninguna, þá myndaðist járnþakshugmyndin.

Úr því svona er, að mönnum virðist ekki enn ljóst, til hvers skuli brúka þetta fje, er enginn skaði skeður, þótt þetta bíði næsta þings; enda mun mega gjöra við lista og tjarga þak kirkjunnar fyrir minna en 750 kr.

Við 11. gr. 3. hefur nefndin gjört breyt., að hækka 1200 kr. upp í 1300 kr. En með því að komin er sams konar breyt.till. síðar í fjárlögunum, tekur nefndin þessa breyt.till. aptur.

Frá nefndinni eru svo ekki fleiri breyt.till. við þenna kafla.

Landshöfðingi: Það lítur svo út, sem h. nefnd hafi fundið ástæðu til að gera miklar breytingar á fjárveitingum þeim til búnaðarskólanna, sem bæði stjórnin og Nd. hafa stungið upp á. Jeg hef eigi getað sannfærzt um það enn af orðum h. framsögum. (J. Ól.), að styrkur sá, sem til Ólafsdalsskóla er veittur, og sem samþykktur hefur verið í Nd., sje of hár. Síðan jeg var amtmaður yfir Suður- og Vesturamtinu, er mjer nokkuð kunnugt um þenna skóla, og álít, að hann muni eigi geta komizt af, nema hann fái þennan styrk, sem farið er fram á í frumv. Mjer virðist stefna h. nefndar vera sú, að láta alla búnaðarskólana fá jafnháan styrk, og um leið hinn minnsta styrk, sem veittur var í neðri deildinni. En þó er ástæða til að styrkja meir einn skólann en annan; hún er sú, að þessir skólar fá mismunandi tekjur annarsstaðar frá. Þeir skólar, sem Nd. hefur ætlað minnstan styrk, eru skólarnir á Eyðum og Hvanneyri; orsökin til þess, að Eyðaskólanum hefur ekki verið ætlaður hærri styrkur, er, að hann nýtur 1000 kr. styrks af eldgosasjóði Múlasýslnanna, svo að verði honum veittar 2000 kr. af opinberu fje, hefur hann í tekjur 3000 kr., auk búnaðarskólagjaldsins og styrks, sem honum er veittur af sýslufjelögunum. Styrkurinn til Hvanneyraskólans er heldur ekki meiri en 2000 kr., bæði af því, að skólinn er óreyndur enn, og af því, að hann nýtur búnaðarskólagjalds alls Suðuramtsins, sem er meira fje en nokkur annar búnaðarskóli hefur til umráða. Jeg hef getið þess áður viðvíkjandi styrkveitingunni til Ólafsdalsskóla, að hún er byggð á því, að þessi styrkur hefur verið lagður skólanum um undanfarin ár og að full þörf er á honum; enn fremur hefur stjórnin sjeð, eptir skýrslum frá skólanum, að þessu fje hefur verið vel varið, enda hefur það sýnt sig í því, að af honum hafa komið nýtir menn. Þegar h. framsögum. (J. Ól.) minntist á Hólaskóla, virtist svo sem hann gengi út frá því, að hjer væri styrkurinn til hans hækkaður, frá því sem áður er; en það er ekki svo; þessi styrkur er ekkert hækkaður frá styrkveiting-

unni í hinum núgildandi fjárlögum. Orsökin til þess, að styrkurinn var hækkaður 1887, var sú, að þinginu þótti næg rök vera leidd að því, að skólinn þyrfti þess með; því þessi skóli nýtur eigi búnaðarskólagjalds nema úr 2 sýslum, og þá virðist vera ástæða til, að honum sje lagður meiri styrkur af opinberu fje en hinum búnaðarskólunum, sem njóta styrks af heilu amti og af sjóðum. Ekki er nein ástæða til þess, sem h. framsögum. (J. Ól.) minntist á, að það sje tilgangur stjórnarinnar eða neðri deildar, að efla þenna skóla svo, að hann verði landsskóli, og jafnvel eigi amtsskóli; því ekki hefur komið nein beiðni um það frá amtsráðinu, sem hefur með skólann að gera; en styrkurinn var nú ákveðinn svona hár af sömu ástæðum sem á þingi 1887. Eins og kunnugt er, kom þá fram sú uppástunga, að styrkveitingin væri bundin við það, að skipt yrði um skólastjóra; uppástungan var eigi samþykkt, en um skólastjóra var skipt; hafa menn líka búizt við, að nú mundi skólinn taka framförum; en það hefur ekki getað sýnt sig enn, því svo stutt er síðan nýi skólastjórinn tók við skólanum; þess vegna held jeg að nauðsynlegt sje, að skólanum verði lagður sami styrkur og áður, til þess skólastjóranum gefist kostur á að hefja upp skólann. Jeg vil því stinga upp á, að styrkveitingin til þessa skóla sje látin óhögguð, eins og hún kom frá stjórninni og h. Nd.

Viðvíkjandi 10. gr. c 4. b.: 400 styrk til landlæknis Schierbecks, til garðyrkju, þá er fullkomlega þörf á því, að sýna þessum manni sóma fyrir það, hve vel hann hefur gengið fram í því, að útbreiða garðyrkju hjer á landi, með því að útbýta fræi, kenna mönnum nýjar aðferðir, og með upphvatningum, bæði í ræðum og ritum; en einmitt sökum fjárskorts hefur hann ekki getað gjört allar þær tilraunir með sáðjurtir hjer á landi, sem æskilegt væri. Það er auðsætt, hve garðyrkja getur verið þýðingarmikil fyrir landsbúa, einkum í hörðum árum, og að þessu hefur Schierbeck reynt að styðja með því, að kenna mönnum að nota vermireiti, og á þann hátt fá fullþroskaða ávexti úr görðum sínum, þó hart sje í ári; þess vegna álít jeg vera mikið í það varið, að honum verði veittar þessar 400 kr.

Í 10. gr. C. b. þykir mjer h. nefnd sýna landsh. mikið traust, með því að fá honum til umráða 12000 kr. til að styrkja auknar strandferðir; en jeg held samt, að þetta traust sje sjálfsagt oftraust, því jeg skil eigi, hvernig h. nefnd getur búizt við því, að maður, sem er hjer á landi, geti samið við erlend gufuskipafjelög um gufuskipsferðir; því það mun hann verða að gera munnlega, en eigi skriflega. Þess vegna þyrfti hann að vera á staðnum, ef hann ætti að geta það. Af þessari ástæðu álít jeg, að með tilhögun h. nefndar verði engu öðru komið til vegar, en að þetta fje verður eigi brúkað og sparist, af því landsh. er ómögulegt að semja um þetta. Það lítur svo út, sem nefndin hafi hugsað sjer, að hjer mundi koma upp nýtt gufuskipafjelag á fjárhagstímabilinu; en sú von get jeg ekki ætlað að rætist, því þó svo kunni að verða með tímanum, þá koma svoleiðis fjelög eigi upp eins og gorkúlur á haugi og munu að minnsta kosti ekki koma hjer upp á næsta fjárhagstímabili. Það vakti fyrir h. Nd., að nú er útrunnin samningurinn á milli stjórnarinnar og hins sameinaða danska gufuskipafjelags, og því mundi verða gerður nýr samningur við það eða önnur gufuskipafjelög; en þá vildi deildin, að stjórnin hefði meira fje til umráða en áður, til þess ferðirnar gætu orðið fleiri; einkum lagði hún áherzlu á það, að ferðirnar byrjuðu fyr á árinu og enduðu seinna en að undanförnu, til þess vörur gætu komið fyr til landsins að vorinu og síðasta ferðin yrði notuð til þess, að koma með henni kjöti og tólg frá norðurlandinu til vesturlandsins og suðurlands-

ins. Jeg held, að h. Nd. muni verða það framgengt, að koma þessari síðustu ferð á; eins þarf eigi að efa það, að ferðirnar verða fleiri, þegar stjórnin hefur 18000 kr. til þeirra, í stað 9000 kr. að undanförnu, svo jeg get eigi ímyndað mjer annað, en að trygging sje fyrir því, að hin aukna fjárveiting, sem h. Nd. hefur stungið upp á, muni koma að tilætluðum notum. En ef fjárveitingin verður eins og h. nefnd hefur stungið upp á, þá munu strandferðirnar verða eins og hin tvö undanfarin ár, og aukaveitingin sparast, þar að landshöfðingi, en ekki stjórnin, á að hafa meðgjörð með fjeð, og einkum þar sem nefndarálitið ber það með sjer, að fjenu skal sjerstaklega verja til innlendra strandferða.

Viðvíkjandi 10. tölulið, fjárstyrk til að leggja þak á Prestsbakkakirkju, veit jeg eigi, hvort h. framsögum. (J. Ól.) hefur tekið eptir því, að h. fjárlaganefnd í Nd. hafði lagt það til í áliti sínu, að veita 200 kr. til Prestsbakkakirkju, sjerstaklega til þess, að gera við þakið á henni. Þessi fjárveiting var samþykkt við 2. umræðu í Nd. á öðrum stað: í 13. gr., A, b; en seinna, þegar nefndin hafði fengið ýmsar upplýsingar um kirkjuna, t. d. að þakið læki, þá komst hún að þeirri niðurstöðu, að betra mundi verða til langframa, að lagt væri járnþak á hana; ef það væri gert, mundi um mörg ár ekki þurfa að hugsa um viðgerðir á þakinu, og þá mundi kirkjan eigi skemmast af leka; en ef veittar væru að eins 200 kr. til *viðgerðar* á þakinu, þá mundi á fárra ára fresti þurfa að halda þeirri viðgerð áfram, ef kirkjan ætti eigi að leka, og kostnaðurinn við það mundi bráðum verða eins mikils eins og ef sett væri járnþak á kirkjuna. — Nefndinni hefur aldrei dottið í hug, að gera við kirkjuna að innan, heldur að eins setja á hana nýtt þak. Jeg ímynda mjer, að það sje búhnykkur, að láta leggja járnþak á kirkjuna, í stað þess að láta káka við aðgerð á henni ár frá ári; því til þess þyrfti sjálfsagt að bika hana árlega; en það er dýrt að sækja tjöru þessa löngu leið austan úr Skaptafellssýslu og til Eyrarbakka eða Vestmannaeyja, og það á öðru hverju ári eða jafnvel á hverju ári, svo járnþakið mundi ekki verða lengi að borga sig. Af þessum ástæðum held jeg það sje rjett, að h. deild veiti kirkjunni þessar 750 kr., sem Nd. hefur samþykkt.

Júlíus Havsteen: Jeg get að mestu leyti fallið frá orðinu, eptir að jeg hefi heyrt orð hæstv. landsh.; mjer fannst þau vera fyllilega sannfærandi fyrir h. deild. Jeg vil að eins bæta við nokkrum athugasemdum viðvíkjandi tillögu nefndarinnar við 4. tölulið (10. gr., C, 4 a), að fjárveitingin til búnaðarskólanna skuli vera bundin því skilyrði, að skilmerkilegir reikningar skólanna verði árlega birtir í Stjórnartíðindunum.

Í fyrsta lagi er mjer eigi ljóst, hvaða reikninga skólanna á að birta í Stjórnartíðindunum, því bæði eru til reikningar yfir tekjur og gjöld skólanna, og enn fremur svo kallaðir búnaðarreikningar, sem mundu taka ærið rúm upp í Stjórnartíðindum. Í öðru lagi held jeg, að nóg sje í Stjórnartíðindunum, þó ekki sje farið að fylla þau með þessum reikningum, og loksins eru búnaðarreikningarnir lagðir undir úrskurð amtsráðs, eptir að þeir hafa verið endurskoðaðir af þeim mönnum, sem þar til eru kosnir, en útborgun styrkveitinga úr landssjóði til skólanna er ávallt samkvæmt tillögum amtsráðsins bundin við það, að reikningarnir sjeu komnir áður til amtsráðsins. Einnig kemur það hjer til greina, að ef reikningarnir skyldu prentast í Stjórnartíðindunum áður en styrkurinn er útborgaður — en þeir verða eigi prentaðir fyr en búið er að endurskoða þá og úrskurða á amtsráðsfundi, sem venjulega ekki er haldinn nema einu sinni á ári. — þá yrði þess lengi að bíða, þangað til styrktarfjeð yrði útborgað, og jafnvel gæti farið svo,

að styrkurinn fengist ekki útborgaður vegna biðarinnar. Jeg sje ekki neina bót í breyt.till., svo jeg vil ráða h. deild til að fella hana.

E. Th. Jónassen: H. framsögum. (J. Ól.) fór mjög óvægum orðum um búnaðarskólana, þó einkum um Ólafsdalsskóla, og meira að segja þóttist hann gera þetta í nafni h. fjárlaganefndar. Um daginn mótmælti jeg því, að fáir væru á skólanum, og jeg geri það enn; þá vissi jeg ekki tölu þeirra, sem á skólann hafa sótt, en síðan hef jeg aflað mjer upplýsinga um það, og jeg skal láta h. framsögum. (J. Ól.) vita, að 1882, 1883 og 1884 voru 10 nemendur á skólanum, 1885 11, 1886 og 1887 12 og 1888 10 nemendur; með öðrum orðum: á skólanum hafa allt af verið eins margir og komizt hafa fyrir í húsunum, og stundum hafa sótt um hann fleiri. Framsögumaðar (J. Ól.) sagðist eigi hafa getað fengið upplýsingar um skólann eða skýrslu um hann; en jeg verð að segja það, að beiðni í þá átt hefur aldrei komið til mín frá fjárlaganefndinni, hvorki skrifleg, sem nefndir eru vanar að gera, eða munnleg, svo þetta er eigi af neinni forsómun frá minni hálfu; enn fremur vil jeg benda h. framsögum. (J. Ól.) á það, að til þess, að fá upplýsingar um skólann, þarf hann ekki annað en fletta upp í Stjórnartíðindunum; þar getur hann fengið þær.

Aptur skal jeg kannast við það, að einhver af nefndarmönnunum bað mig munnlega um skýrslu yfir Hvanneyraskólann; en hann hefur víst ekki fengið hana, því jeg gleymdi henni; en jeg er fús til þess, að gefa allar þær munnlegar upplýsingar um skólann, sem h. framsögum. æskir.

H. framsögum. (J. Ól.) taldi upp ýmsa ókosti á Ólafsdal; hann sagði meðal annars, að jörðin væri ljeleg; þessu mótmæli jeg alveg, enda hygg jeg, að hann muni vera einn um þessa skoðun. Eitt fann hann það að Hvanneyrarskóla, að hann væri „á hala umdæmisins"; en jeg held að vanalega skipti litlu, hvar skóli er settur, heldur hvernig hann er settur, hve vel honum er í sveit komið o. s. frv.; og hvað þessum skóla viðvíkur, þá má segja, að hann sje vel settur: allir aðflutningar á Hvanneyri eru mjög hægir, allt má flytja sjóveg heim að túni; fyrir allt, sem búið framleiðir, er hinn bezti markaður hjer í Reykjavík, og flutningur þaðan og hingað sem sagt hægur. Þó lærisveinar sjeu þar fáir enn þá, er það eðlilegt, þar eð skólinn byrjaði fyrst í vor; en mjer er ekki kunnugt um það, sem framsögum. (J. Ól.) staðhæfir, að skólastjóri „hafi gengið eins og grár köttur" um allan Borgarfjörð til þess að safna lærisveinum á skólann, enda mun hann hafa haft nægilegt annað að gera; hjer lýsir sjer vel hin einstaklega velvild framsögumannsins til búnaðarskólanna, sjerstaklega til skólanna í Ólafsdal og á Hvanneyri.

Jeg get eigi sjeð annað en að upphæðir þær, sem Nd. hefur samþykkt að veita búnaðarskólunum, sjeu hæfilegar. Hvað Hólaskóla snertir, þá held jeg, að 3500 kr. styrkur sje eigi of mikið; þar þarf miklu að kosta til bygginga, en erfiðir allir aðflutningar, svo byggingar hljóta að verða mjög dýrar þar. Það dugir ekki að koma upp búnaðarskóla, ef hann er látinn vanta allar nauðsynlegar byggingar og öll nauðsynleg áhöld; þá getur aldrei orðið lið að honum. Það kynni máske að vera gott, ef einn búnaðarskóli gæti verið fyrir land allt; en eins og til hagar hjer, verða þeir að minnsta kosti fyrst um sinn að vera fleiri, og þá verður að hjálpa þeim af landsfje, ef þeir eiga að verða að nokkrum notum. Þó sumir, sem af skólunum koma, kunni að misheppnast, þá er það svo um alla skóla, og því verður eigi neitað, að frá Ólafsdalsskóla hafa komið margir duglegir menn. Auðvitað er það, að sumir af búnaðarskólunum eru í barndómi, og þá er eigi við öðru að búast, en

að þeir sem frumbýlingar eigi erfitt uppdráttar.

Að því leyti, sem h. framsögum. (J. Ól.) minntist á búnaðarfjelag Suðuramtsins, og sagði, að það ætti talsvert í sjóði, þá vil jeg vekja athygli hans á því, að hann tók ekki síðustu reikninga fjelagsins. Þó fjelagið leggi stundum upp dálítið fje, þá á það fullkomlega skilið, að því sje veittur styrkur; því það er óhætt að segja, að það gjörir mikið gagn; fjelagið hefur um nokkur undanfarin ár t. a. m. allt af haldið 2 ferða-búfræðinga; það útvegar góð búnaðarverkfæri, sem meðlimirnir og aðrir geta fengið með miklu betri kjörum en á nokkrum öðrum stað á landinu, og yfir höfuð hefur fjelagið stutt mörg gagnleg búnaðarfyrirtæki; svo jeg held, að það sje ekki rjett, að klípa af styrknum til þess; einkanlega er það leiðinlegt, að sú uppástunga skyldi koma frá þessari nefnd, þar sem varaforseti fjelagsins situr í henni og hefur getað gefið þær upplýsingar um fjelagið, sem nefndin hefði átt að taka til greina.

Jeg sje, að nefndin hefur viljað fella í burtu málsgr. „d“ úr 5. lið, stafl. „C“ í 10. gr.: styrk til Erlendar Zakaríassonar til að læra vegagjörð í Noregi. H. framsögum. (J. Ól.) sagðist eigi vera samdóma nefndinni í þessu; en jeg verð að segja, að jeg er það. Jeg skal að vísu játa það, að þessi maður er duglegur og góður verkmaður, enda hef jeg ráðið hann til að standa fyrir vegagjörð á Mosfellsheiði á þessu sumri; en jeg álít, að hann geti hjer á landi lært allt það, sem hann þarf að kunna til þess að geta staðið fyrir vegagerð undir lærðum verkstjóra, og að svo muni ferð til útlanda verða honum gagnslaus, þar eð hann vantar nægja undirbúningsmenntun; í öðru lagi er það aðgætandi, að styrkurinn (400 kr.) er of lítill til utanferðar. Jeg held sem sagt, að utanferð mundi verða þessum manni að svo litlu gagni, að eigi sje kostandi til þess fje; hann hefði þar heldur eigi kost á að læra annað en það, sem hann getur lært hjer, og má nú þegar nota hann til að standa fyrir vegagjörðum, ef hann hefur annan yfir sjer. Jeg þekki vel manninn, og það er misskilningur af honum, að vilja fara þessa ferð til þess, að geta orðið „meistari“ í sinni iðn; það mundi hann eigi geta, og þess vegna er jeg á móti þessari hjer greindu fjárveitingu til Erlendar, af því jeg er sannfærður um, að honum kæmi ferðin að litlu gagni; annars skyldi jeg vera manna fúsastur til að mæla með honum. Jeg vil helzt, að b. tölul. (10. gr. C.) standi eins og hann kom frá Nd.

Þá er 10. töluliður (10. gr. C.) Hæstv. landsh. tók fram ástæðurnar fyrir þessari fjárveitingu, svo jeg hef þar eigi neinu við að bæta; jeg skal þó taka það fram, að öllum mun vera kunnugt, hve landssjóði verða dýrar smáviðgerðir og kák, svo sem viðgerðir við lista og tjörgun á landssjóðskirkjum, eins og t. d. Vestmanneyjakirkju; viðgerðir við þakið á henni hafa víst kostað fullt eins mikið og járnþak. Þess vegna álít jeg, að þessi fjárveiting sje hyggileg; enn fremur er það aðgætandi, að Prestsbakkakirkja er stórt og vandað hús, sem mundi þurfa mikla viðgerð, ef þakið fúnaði.

Svo skal jeg að svo stöddu eigi fara fleiri orðum um þetta mál.

Framsögum. (Jón Ólafsson): Viðvíkjandi orðum hæstv. landsh. um breyt.till. nefnd. á málsgr. b og c (10. gr., C. b) um gufuskipaferðir, þá skal jeg geta þess, að 9000 kr. er fullnóg til að leigja skip í 3 mánuði á ári; en hvort það svari kostnaði, að fá tveimur ferðum fleira, kynni heldur að vera vafi á. Októberferðina álít jeg að vísu gagnlega og jeg vil styðja að því, að hún fáist. Aptur á móti er tvísýnt, hvort aprílferðin verður að notum, því eins og við vitum, kemur það opt fyrir, að skip komast eigi kring um landið á þessum

tima árs fyrir hafiss sakir; enda yrði sú ferð helzt til gagns fyrir fáeina kaupmenn. Fyrir 9000 kr. mætti sem sagt fá skip til þess að fara kring um landið; gætu menn með því fengið nægilegar strandferðir, og þó yrði allur kostnaðurinn við þær fyllilega borgaður með þessum 9000 kr. Þó það kunni að vera örðugt fyrir mann, sem hjer er, að semja við gufuskipafjelög, þá get jeg ekki haldið, að það sje ókleyft; jeg ímynda mjer, að hæstv. landsh. gæti falið einhverjum, sem er á staðnum, á hendur að semja fyrir sig, eða þá boðið fjelögunum að gera tilboð. Mjer liggur jafnvel við að halda, að þegar þetta fje sje veitt, þá muni engin ekla vera á skipum; gufuskipafjelögin munu sjálf bjóða fram skip sín, og jafnvel mundi verða kostur á skipum fyrir enn minna verð; jeg veit af 2 skipum af hæfilegri stærð, sem mætti fá á leigu fyrir minna en 9000 krónur.

Viðvíkjandi Ólafsdalsskóla tók hæstv. landsh. fram, að ástæðurnar fyrir styrkveitingunni, eins og stjórnin og Nd. hefur stungið upp á, væru þessar: að styrkurinn hefði verið veittur áður, og að hans væri þörf. Þessar ástæður þótti nefndinni eigi eins gildar eins og hæstv. landsh. og h. Nd. Nefndin var eigi fulltrúa á það, að í Ólafsdal þyrfti að borga með hverjum nemanda 150 kr. til 250 kr., þar sem á Hólum er ekki borgað nema 100 kr. með hverjum nemanda eptir skýrslum þaðan að dæma. Orsökin til þess gat nefndinni eigi skilizt, og er henni það jafnvel óskiljanlegt enn, eptir allar umr., sem um það hafa orðið. Á Hólum, sem jeg gat um áðan, eru borgaðar 100 kr. með hverjum nemanda, en í Ólafsdal 150 kr. með 8 af nemendunum og 250 kr. með fjórum þeirra. Hvernig getur á þessu staðið? Þetta hlýtur einhvern veginn að eiga rót sína í því, að skólinn sje illa settur og dýrt að lifa þar vestra; jörðin lítil og ljeleg, svo hún eigi geti tekið á móti vinnunni, eða þá einhverjir erfiðleikar við hana, sem gera nemendunum dvölina á skólanum svona dýra, og þó er þeim lagt, samkvæmt reglugjörð skólans, bæði skór og sokkar, svo þessi kostnaður bætist við auk styrksins. H. 1. kgk. þm. (J. H.) gat eigi skilið, hvers vegna nefndin vildi, að reikningar skólanna væru birtir skilmerkilega; enn fremur kvaðst hann eigi vita, hvort nefndin meinti búnaðarskólareikninga eða búreikninga; en mjer finnst, eptir skýrslum frá Eyðaskóla að dæma, að semjendunum hafi skilizt furðanlega vel að blanda þessum tvenns konar reikningum saman. Nefndin meinti, að birta skyldi svo skilmerkilega reikninga yfir hag skólanna, að af því væri bæði hægt að sjá, í hverju tekjur þeirra og útgjöld væru fólgin. Reikningurinn frá Eyðum er að vísu eigi úrskurðaður af amtsráði, nje saminn af búnaðarskólastjóranum; en hann mun vera samin af þeim sama sem að undanförnu, nefnil. 2. þm. N.-Múl. (Þ. Kj.), og hann er svo snilldarlega úr garði gerður, að ómögulegt er að verða fróðari af honum.

Viðvíkjandi Eyðaskóla minntist landsh. þess, að 1887 hefði styrkveiting til hans verið bundin því skilyrði, að skipt væri um skólastjóra. *(Landsh.:* Jeg sagði að styrkveitingin til Hólaskóla hefði verið bundin því skilyrði). Það mun vera rjett, það mun að eins hafa verið með Hólaskóla; en það skilyrði er upp fyllt, og nefndin er ekki föst á breyt. sinum á fjárstyrk til þessa skóla, af þeirri ástæðu, að henni þykir það virðingarvert, að svo virðist, sem þessi skóli geti kennt fleirum lærisveinum með minna kostnaði en Ólafsdalsskóli; að minnsta kosti verður ekki annað sjeð af meðlögunum, sem lærisveinarnir leggja með sjer. Hvað Hvanneyrarskólann snertir, skildi nefndin ekki, hvernig styrknum ætti að verja til hans, því hún hefur ekki getað fengið neina áætlun um brúkun þess fjár. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagðist aldrei hafa verið beðinn um reikn-

inga Ólafsdalsskóla; þetta hlýtur að vera gleymska af honum, ef hann eigi man eptir því, að jeg bað hann sjálfur um reikningana inn á lestrarsal strax að afloknu framh. 1. umr. þessa máls; en hann sagðist eigi hafa þá; hann kvað skólann þá vera prívat-eign og skólastjóra eigi skyldan að gera neina reikninga. Þá gat jeg eigi haldið annað en að reikningarnir mundu eigi vera til. Sami h. þm. (E. Th.J.) sagði, að reikningurinn, sem jeg hefði komið með, yfir tekjur og gjöld hús- og bústjórnarfjelagsins, hefði ekki verið sá nýasti; þá veit jeg ekki til þess, að nokkur nýrri reikningur sje til en frá 1889; fjelagið mun eigi hafa gefið út *meir en eina* skýrslu í ár; en reikningarnir, sem jeg hefi hjer enn, eru gefnir út *í ár* — 1889! En svo er annað: fjelagið hefur ekki lagt upp fje í *eitt ár* að eins, heldur í *8 ár samfleytt*, svo það sem fjelagið hefur nú í sjóði er 4868 kr. og nokkrir aurar; þetta getur maður kallað að safna í sjóð, og af þessu er auðsætt, að fjelaginu hefur verið lagður meiri styrkur en það hefur getað torgað.

Enn fremur sagði sami h. þm. (E. Th. J.), að jeg hefði farið hörðum orðum um Ólafsdalsskóla; jeg vil eigi kannast við það; en hafi svo verið, þá er það ólukkans tölunum að kenna, því mjer getur ómögulega skilizt annað, en að 150 eða 250 sje meira en 100; þess vegna vil jeg eigi kannast við, að jeg hafi farið harðari orðum um skólann eða lagt þyngri dóm á hann en sannleikurinn gaf tilefni til; en hitt sagði jeg, að nefndinni væri eigi ljóst um ástæðurnar fyrir þessum mikla fjáraustri til hans; ástæðurnar virðast að líkindum vera í því fólgnar, að dýrt sje að lifa þar í sveit eða að skólinn sje illa settur.

H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði, að eigi væri að furða, þó fáir væru á Hvanneyrarskólanum, þar eð hann væri nýbyrjaður; en jeg veit eigi heldur til, að sótt hafi nema einn um skólann og von sje á öðrum, og mætti það varla minna vera; enn fremur sagði hann, að það skipti litlu, *hvar* skólinn væri settur, heldur *hvernig* hann væri settur; hvar er þá óhaganlegt að hafa búnaðarskóla, ef hann er alstaðar vel settur? Það er mjer ekki ljóst. Og hvers vegna vilja menn þá hafa fjórðungsskóla? Jeg skal ekki neita því, að bújörðin sje góð og aðflutningar hægir, og jeg vil segja, að skólinn væri þarna vel settur, ef hann ætti að vera einn, bæði fyrir Suður- og Vesturamtið; en nefndin áleit, að sem búnaðarskóli fyrir Suðuramtið eitt væri hann heppilegar settur austanfjalls, nær miðju amtinu. Nefndin er ekki á því, að rjett væri að vera að stofna nýja búnaðarskóla, og meira að segja, flestir í henni, og þar á meðal var jeg einn, vildu helzt engan Hvanneyrarskóla hafa, og að minnsta kosti liggur mjög nærri að halda, að skólinn sje eigi fram kominn af þörf almennings, ef ekki verður nema einn lærisveinn á honum.

Árni Thorsteinsson: Jeg er svo skapi farinn, að jeg fagna fjárveitingum til eflingar búnaði, enda hefur talsvert fje verið lagt fram til þess, 20000 kr. einstöku sinnum á undanförnum árum. En það er skylda þingsins, að sjá um, að fjeð verði að tilætluðum notum, og vil jeg gjöra grein fyrir, hvers vegna jeg greiði atkv. með því, að setja niður tillagið til Ólafsdals-skólans um 500 kr. Ástæðan er sú, að meðgjöfin með námspiltum er svo há, þar sem hún er 250 kr. fyrra árið, og 150 kr. síðara árið. Þar sem piltarnir koma fullþroska, frá 18—28 ára gamlir á skólann, virðist auðsætt, að þótt gengið sje út frá, að dýrara sje að lifa á Vesturlandi en annarstaðar, ætti 150 kr. að vera nóg. Á Hólum er meðgjöfin að eins 100 kr. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) hefur eigi leitt nein rök að því, hve þörf sje á að hafa meðlagið 100 kr. meira fyrra árið; að það sje af því þeir sjeu ekki vinnufærir, skil jeg

ekki, að dæma eptir þeirri vinnu, sem áskilin er af þeim í reglugjöðinni, sem þar tíðkast, og þeirri vinnu, sem þeir allflestir eru vanir áður. H. 1. kgk. þm. (Júl. H.) fann að því, að nefndin hefur dirfzt að fara fram á, að reikningar skólanna sjeu birtir í Stjórnartíðindunum; en jeg held þetta sje misskilningur hjá h. þm., því að jeg tel víst, að honum sje kært að sjá reikninga yfir það, hve hinu opinbera fje sje varið. Meiningin er sú, að gott væri að geta haft hliðsjón af reikningum þessum, þegar talað er um að veita almannafje til skólanna, og er vorkunn, að menn vilji fá þá, þegar menn annars hafa ekki annað en t. d. aðra eins áætlun og áætlunina fyrir Hólaskólann, sem ekki er hægt að botna í.

Viðvíkjandi því atriði, að veita 400 kr. til garðyrkju af því fje, sem veitt er búnaðarfjelagi Suðuramtsins, tók h. framsögum. (J. Ól.) fram, að það ætti illa við, að veita 1500 kr. á ári til þess fjelags, sem á mikið í sjóði og á síðustu 8 árum hefur lagt upp um 5000 kr. Þetta eitt er næg ástæða; en svo er einnig annað. Fjelagið hefur 10 síðustu ár varið fje til að láta ferðabúfræðinga fara um amtið, og það talsverðu, t. d. árið 1887 1200 kr. — En nú er svo komið, eptir að bæði margir Íslendingar hafa lært búfræði í Noregi, og margir útlærðir búfræðingar eru komnir úr innlendum skólum, að eigi er eins mikil þörf á ferðabúfræðingum þessum. Í hverri sýslu amtsins eru nú einn eða fleiri búfræðingar, nema ef til vill Skaptafellssýslunum. Það er þó eigi meining mín, að fjelagið eigi að hætta alveg að senda þá, heldur þarf nú minna til þess að kosta ferðir þeirra í einstaka sýslu, t. a. m. Skaptafellssýslu. — En þó verð jeg að segja, að jeg hefði verið fús á að falla frá þessari uppástungu, ef hús- og bústjórnarfjelagið hefði lagt sjerlega stund á að auka garðyrkju. En úr því að það gjörir það ekki, álít jeg það rjett, að fara þessa leið.

Skúli Þorvarðarson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með þá breyt.till., að aptan við 10. gr. B. 3. c. bætist inn nýr stafliður d., að veita 200 kr. til að fullgjöra fangaklefa á Eyrarbakka. Það liggur fyrir þinginu bænarskrá hjer að lútandi frá sýslumanninum í Árnessýslu og hreppstjóranum í Stokkseyrarhreppi; en jeg skal geta þess til skýringar, að bænarskráin barst ei hingað fyr en eptir aðra umr. um fjárlögin í Nd., og gat því ekki komizt fyrir fjárlaganefndina þar. Þess vegna leyfi jeg mjer að koma með þessa tillögu nú í þessari h. deild. Það er tekið fram í bænarskránni, að það vanti í klefann innrjetting til að fá hita, rúm o. fl. Bænarskránni fylgir reikningur frá smiðum, sem hafa unnið að bygging fangaklefans, sem sýnir, að til hans hefir verið varið 381 kr. 35 aur. Sömu menn áætla, að vanta muni 119 kr., og verður þannig kostnaðurinn við bygginguna 500 kr. 35 aur. En jeg skal einnig geta þess, að sýslunefnd Árnessýslu veitti fyrst 200 kr. til þess, og amtsráð Suðuramtsins hefur lofað 100 kr., en báðar þessar fjárveitingar eru bundnar því skilyrði, að landssjóður leggi fram tiltölulegan hluta. — Þetta fje hafa sýslumaður og hreppstjóri lagt út fyrirfram, og sýnir það, að þeim þykir þörfin mikil. — Þótt jeg sje búsettur í Árnessýslu, kem jeg ekki á Eyrarbakka nema tvisvar á ári að jafnaði, og er mjer því ekki kunnugt, hversu mikil þörfin er fyrir klefa þenna; eptir því sem bænarskráin er orðuð, þykir sýslumanni Árnesingar tiltölulega drýgja marga glæpi, einkum þjófnað, og eru það hans orð, *en ekki mín.* Þegar um svona litla fjárveiting er að ræða, vona jeg h. þingd. álíti eigi ókleyft að styrkja fyrirtæki þetta. Það liggur í augum uppi, að það er nauðsynlegt fyrir dómara í sakamálum, að hafa eitthvert af-

drep til að geyma ákærða og grunaða menn í, meðan á rannsókninni stendur. Jeg vona því, að h. þingd. fallist á, að veita þessa litlu upphæð.

Jakob Guðmundsson: Það er orðið allmargrætt um þessa búnaðarskóla í dag. Hæstv. landsh. sagði, að stjórnin og þingið hefði lagað uppástungur sínar eptir þeim styrk, sem skólarnir fá annarsstaðar frá. H. framsögum. (J. Ól.) sagði líka, að það væri rjett að miða fjárveitinguna við þörf skólanna. Þetta er rjett; en það er enn hið þriðja, sem gott er að hafa fyrir augum, og það er það, að miða upphæðina við það gagn, sem skólarnir gjöra.

Sá skóli, sem sjerstaklega hefur verið talað um, er Ólafsdalsskólinn, og hneixlaðist framsögum. (J. Ól.) mest á því, hve meðlögin með lærisveinum eru há. Það er satt, að þau eru há í samanburði við meðgjöfina á Hólaskólanum. En það verður að gjöra sjer rjetta hugmynd um orsökina til þessa. Meðan skólinn var privatskóli, hafði skólastjóri engin laun; en þessi prívatmaður var styrktur af opinberu fje, af því að allir viðurkenna, hve gagnleg stofnun hans var. Nú þegar skólinn varð búnaðarskóli, voru skólastjóra ákveðin laun, 800 kr., en þau eru svo lítil, að margur mundi ekki kalla það laun, heldur að eins lítilfjörlega þóknun. Þar sem forstjóri skólans er slíkur maður, sem hann er, að þekking og bókviti og dugnaði, þá mun engum koma til hugar, að álita þessa upphæð lagi nærri. Jeg held þetta sje aðalástæðan fyrir því, hve hátt meðlagið með lærisveinunum er ákveðið.

Ef hann hefði átt að hafa laun tiltöluleg við aðra, hefði hann átt að hafa að minnsta kosti 2400 kr., og þá hefði meðgjöfin verið of mikil; en eins og er, álít jeg þetta vel fallið. Menn hafa einnig hneixlazt á því, að meðgjöfin er meiri fyrra árið; en það kemur til af því, að unglingar, sem komið hafa til skólans, hafa verið svo illa undirbúnir, að þeir hafa haft lítt vit á að leggja út í búfræði. Menn hafa ekki nauðsynlegar bækur á íslenzku, og hefur því orðið að verja tímanum fyrra árið til að læra útlend mál, og fer þannig mikill tími fyrra árið í bókleg fræði. Af hinum eldri hefur skólastjóri meiri vinnuafnot, af því að þeir geta gefið sig meira við hinu verklega.

Hverjar eru nú þarfir búnaðarskólanna? Þær eru í fyrsta lagi byggingar; meðan þetta er að komast í lag, vita menn, að þörfin á fje er mikil. Hið þriðja, sem miða á tillagið við, er hinn sýnilegi árangur, og ef saman eru bornir skólarnir, verður því ekki neitað, að arðurinn af Ólafsdalsskólanum er mestur. Þaðan eru útskrifaðir fleiri en frá öðrum búnaðarskólum á landi hjer, og það er einmitt hið eina, sem arður af skóla sjest á, hvort fleiri eða færri fá þar góða og holla þekkingu og fastan undirbúning undir það, að verða góðir og nýtir menn í landsins þjónustu. Þegar á þetta er litið, vona jeg menn viðurkenni, að ekki sje rjett, að setja Ólafsdalsskólann á hakann.

Ólafsdalsskólanum hefur verið fundið það mjög til foráttu, að jörðin væri eigi opinber eign. En jeg vil biðja menn að gæta að því, hve miklu eigandinn hefur kostað upp á jörðina skólans vegna. Hann hefur reist þar kostbærar byggingar. *(J. Ól:* Já, upp á opinberan kostnað!). Nei, að eins með styrk; þessar byggingar verða honum ónýtar og að engu, ef skólinn hættir þar á jörðinni. Þessi maður leggur árlega mikið í sölurnar í þeirri meiningu, að gjöra landinu gagn, og það er hans dugnaði að þakka, að svo margir hafa útskrifazt af skóla hans, eins og h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) taldi upp fyrir nokkur ár.

Jeg vona, að meiri hluti h. deildar

líti á þessar sanngjörnu og sönnu ástæður, og felli till. nefndarinnar.

E. Th. Jónassen: H. framsögum. (J. Ól.) fann Hvanneyrarskólanum margt til áfellis, og einkum það, að hann væri stofnaður á óhentugum stað í suðuramtinu; mundi því aðsóknin að honum vera minni en hún væri, ef hann væri á hentugri stað. Þessar mótbárur h. framsögum. (J. Ól.) fæ jeg eigi fullkomlega skilið. Skóli þessi var stofnaður eptir tillögum sýslunefndanna og amtsráðsins, er álitu, að brýna þörf bæri til þess, að fá búnaðarskóla fyrir suðuramtið, og að hann mundi gjöra mikið gagn. Þegar um staðinn er að ræða, virtist fremur bera að taka tillit til þess, að jörðin, sem skólinn stæði á, væri hagfeld og auðvelt að koma afurðum búsins á markað, heldur en til þess, hvort námsmenn ættu einni eða tveimur dagleiðum lengra á skólann. Virðist því eigi annar staður hentugri í öllu suðuramtinu en einmitt Hvanneyri.

Þar sem h. varaforseti (Á. Th.) tók það fram, að búnaðarfjelag suðuramtsins legði fje upp árlega, og væri því rjett, að styrkurinn til garðyrkju væri tekinn af tillagi því, er það fengi, einkum þar eð fjelagið eigi legði beinlínis stund á garðyrkju, skal jeg geta þess, að fjelaginu hefur aldrei borizt beiðni um styrk til garðyrkju, og jeg er viss um, að ef sótt hefði verið, hefði styrkurinn verið veittur. Búnaðarfjelag suðuramtsins hefur mikið fyrir stafni og þarf því á miklu fje að halda. Svo er og þess að gæta, að 500 kr. af styrk þeim, er það í ár nýtur úr landssjóði, er beinlínis veittur til þess að reyna að rækta sandana í Skaptafellssýslunum, með því að veita vatni yfir þá. Fengju Skaptfellingar eigi styrkinn þaðan, mundi hann verða veittur þeim úr landssjóði. Þá eru eptir einar 1500 kr. til búfræðinga, verkfærakaupa o. fl.

Sem sagt, jeg hef eigi getað sannfærzt um það af orðum h. framsögum. (J. Ól.), að rjett sje að færa styrkinn til búnaðarskólanna niður, og að mínu áliti er hann eigi of hár. Til þess að geta gjört verulegt gagn, þurfa búnaðarskólarnir mikið fje. Ef styrkurinn væri færður niður, mundi það hafa skaðleg áhrif á kennsluna, og því að mínu áliti eigi vera neinn búhnykkur. Það hefur verið upplýst, að skólarnir á Hvanneyri og Ólafsdal hafa varið miklu fje til bygginga, er eigi hefur verið hægt að koma upp nema með styrk af landssjóðsfje, því sýslusjóðirnir eru eigi svo stöndugir, að þeir hefðu getað staðizt þann kostnað.

Arnljótur Ólafsson: Jeg stend upp að eins til þess, að gjöra eina athugasemd út af samanburðinum milli skólans á Hólum og í Ólafsdal, og til þess að sýna, að Ólafsdalsskólinn, að kennslunni til, sje engu dýrari en Hólaskólinn, þegar rjett er álitið.

Eptir áætluninni um útgjöld Hólaskólans á fyrsti kennarinn að hafa 1600 kr. í árleg laun og 2. kennari 800 kr.; það eru til samans 2400 kr. um árið fyrir kennsluna. Eptir áætluninni eiga þar að vera 16 lærisveinar; en jeg ætla að gjöra ráð fyrir, að þeir verði að eins 10, eins og í Ólafsdal; er hverjum þeirra ætlaður 100 kr. styrkur. Kostnaðurinn við nám þessara 10 lærisveina verður þá með kennslulaununum samtals 3400 kr. Jeg sleppi hjer 300 kr., sem ætlaðar eru til skólastjórnar, prófa o. fl., sem þó er að nokkru leyti kennslukostnaður. Kennarinn í Ólafsdal hefur 800 kr. í árleg laun, og til aðstoðarkennslu er varið 350 kr. á ári. Meðgjöfin með 10 lærisveinum er reiknuð 150 kr. með helmingnum, en 250 kr. hinum helmingnum, alls 2000 kr. Kostnaðurinn við nám 10 lærisveina í Ólafsdal verður þá eigi meiri en 2950 kr. eða 450 kr. minni en kostnaðurinn við jafnmarga lærisveina á Hólum, þótt þess-

um 300 kr., sem ætlaðar eru til skólastjórnar o. fl., sje sleppt.

Þetta sýnir, að það er eigi rjett að taka einstaka liði út úr reikningunum, svo sem gert hefur verið með meðlagið með lærisveinunum í Ólafsdal og á Hólum, bera þessa einstöku liði saman, og fella svo harðan áfellisdóm yfir Ólafsdalsskólanum, eins og h. framsögum. (J. Ól.) hefur gjört. Því miður eru reikningar þessara skóla eigi svo skýrir, að þeir verði bornir saman til fullnustu.

Eins og tekið hefur verið fram, er nefndinni ekkert kappsmál, að breyt.till. hennar um þetta efni nái fram að ganga að þessu sinni. En jeg get eigi skilizt svo við þetta mál, að jeg láti eigi skoðun mína á því í ljósi, og er hún sú, að allir búnaðarskólarnir sjeu sannkallaðar vandræðastofnanir. Til þeirra er varið stórfje á ári hverju; og þótt gagn það, er þeir gjöra, kunni að vera nokkurt, er það þó mun minna en menn vonuðust eptir þegar þeir voru settir á fót. *(Á. Th.:* Sama má segja um alla skóla). Nei! Landið fóstrar eigi neina aðra skóla á sama hátt og búnaðarskólana. Latínuskólinn er sá eini, ef vjer undanskiljum lækna- og prestaskólann, af hinum öðrum skólum, þar sem ölmusur eru veittar lærisveinum, en þó veit jeg eigi til, að hver hræða, er gengur á hann, fái 100 kr. ölmusu, eins og á sjer stað um þá, sem ganga á búnaðarskólana. Það fer fjarri því, að áhuginn á búnaðarskólunum sje eins mikill utan þings eins og hann er hjer innan þings; væri svo, þyrfti eigi að knýja menn með fullri meðgjöf og með því, að klæða þá á höndum og fótum, til þess að ganga á búnaðarskólana, eins og nú á sjer stað. Vantraust landsmanna almennt á búnaðarskólunum er meira en svo, að jeg vilji breiða það út hjer í deildinni. Látum oss í þetta sinn gjöra það sem Nd. býður, en ár eptir ár megum vjer eigi kasta út svona miklu fje til búnaðarskólanna; þeir eiga að standa á sínum eigin fótum. Gefum heimild til að hækka megi upp að tilsettu takmarki búnaðarskólagjaldið í tilsk. 12. febr. 1872, veitum amtsráðunum, sem yfirstjórn skóla þessara, vald til þess að leggja meiri gjöld á amtsbúa, þá er þess gjörist þörf, svo að þau geti staðizt kostnaðinn við skólana; munu menn þá fremur finna til þess, hve mikið þeir kosta, og eigi verða bruðlað út eins miklu fje til þeirra, eins og gjört hefur verið hingað til.

Friðrik Stefánsson: Jeg skal viðvíkjandi búnaðarskólunum lýsa því yfir, að jeg er alveg á sömu skoðun og h. Nd., og mun jeg því fylgja frumv. hennar fram óbreyttu hvað fjárframlögum til búnaðarskólanna viðvíkur, og furðar mig því, að fjárlaganefndin í þessari h. Ed. skyldi færa niður styrkinn til búnaðarskólanna á Hólum og í Ólafsdal, því jeg álít það í mesta máta ósanngjarnt. H. framsögum. (J. Ól.) flögraði nú í ræðu sinni yfir búnaðarskólunum eins og örn yfir laxi; en það líkaði mjer þó vel í ræðu hans, að Hólaskólinn bar mesta virðingu úr býtum hjá honum af búnaðarskólunum. En það er aptur skoðun mín, og í því er jeg h. framsögum. (J. Ól.) samdóma, að svo mun fara, þegar fram í sækir, að búnaðarskólarnir munu verða að eins 2 á landinu, en ekki 4, þó þeir sjeu það nú; en reynslan verður að sýna áður, hverjir bezt þrífast af þeim, sem við höfum nú. Ef einn búnaðarskóli væri fyrir suður- og vesturamtið, get jeg eigi hugsað mjer hann betur settan en á Hvanneyri, en fyrir norður- og austurland á Hólum. Um Ólafsdalsskólann skal jeg leyfa mjer að geta þess, að ef hinn ötuli og framtakssami forstöðumaður hans hefði eigi sett hann á stofn á eignarjörð sinni, þá mundu Vestfirðingar hafa orðið að bíða talsvert lengi þangað til sjerstakur búnaðarskóli hefði verið stofnaður fyrir þá.

Viðvíkjandi samanburði h. 5. kgk.

þm. (A. Ó.) á Hólaskólanum og Ólafsdalsskólanum, skal jeg leyfa mjer að minna hann á, að hann gleymdi að geta þess, að Hólaskóli verður að verja miklu fje. nær 1000 kr. árlega til þess að borga afborganir og vexti af skuld sinni fyrir jörðina; og sömuleiðis gleymdi hann að geta þess, að sýslufjelögin eiga að öllu búnu jörðina Hóla og bú það, sem þar verður þá, en Ólafsdalur og búið þar er einstaks manns eign. Hólaskóli hefur varið miklu fje til að efla skólabúið, auk annars, og til skamms tíma hefur hann eigi notið annars styrks en þess, er 2 sýslufjelög hafa getað látið af hendi rakna við hann. Það er því sannfæring mín, að tillagið til hans sje eigi of hátt sett í frumv., og vona jeg að h. deild komist að sömu niðurstöðu, þrátt fyrir hina miklu mælsku h. framsögum. (J. Ó.), og verður hann að huggast, þó sú verði reyndin á, að mælska hans hafi eigi eins mikið að segja í þessu máli nje öðrum breyt. fjárlaganefndarinnar, eins og hann ef til vill vonast eptir og óskar.

Hvað gufuskipaferðirnar áhrærir, þá skil jeg eigi í þeim vafningum, sem nefndin vill koma þessu máli í, með því að slá fjártillagi því saman í eitt, sem ætlað er til hinna vanalegu strandferða og gufubátsfjelagsins á suður- og vesturlandi; því sumir hlutar landsins, einkum Norðurland, hlytu þannig að verða á hakanum, og missa nokkrar af þeim strandferðum, sem það annars hefði getað fengið eptir fjárlagafrv. h. Nd.; því ef meira er veitt til gufubátsfjelagsins en Nd. fer fram á af því fje, sem ætlað er til strandferða, þá hlyti það að verða afleiðingin. Að mínu áliti á þingið að veita tiltekna upphæð til hvers fyrirtækis fyrir sig. Jeg mun því greiða atkvæði móti nefndinni um þetta atriði. Eins álít jeg að kvennaskólarnir þurfi nauðsynlega að fá þann styrk, sem h. Nd. hefur ákveðið, og mun jeg því greiða atkvæði móti nefndinni í því tilliti. Hinar aðrar fjárupphæðir, sem nefndin hefur breytt og hjer er um að ræða, ætla jeg eigi að eyða orðum um, en held þó, að þær muni flestar við atkvæðagreiðsluna falla nær því, sem h. Nd. hefur ákveðið, og læt jeg svo úttalað um þetta mál.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): H. þm. Dal. (J. G.) er sá eini af þeim, sem talað hafa um Ólafsdalsskólann, sem hefur *reynt* að skýra það, hvers vegna ómagaframfærið er svo miklu hærra þar en á hinum búnaðarskólunum.

Á Hólum er ómagaframfærið ekki meira en 100 kr. á ári. Jeg reikna þetta eptir því, sem núna er, þetta er nú síðast á skólaárinu 1888—1889. Laun kennarans á Hólum eru 1390 kr., og meðlagið með piltunum er 100 kr. fyrir hvern.

Allir sjá, að mismunurinn á skólunum á Hólum og í Ólafsdal er mikill, þótt maður ekki reikni þar nema 10 pilta; munurinn er 100 kr. á ári, þar sem piltarnir fá þar meðlag fyrra árið 150 kr. og síðara árið 250 kr.

Svo jeg taki Eyðaskólann með, þá eru þar 1000 kr. laun til kennara, og ómagameðlagið talsvert undir 100 kr. Munurinn er því miklu meiri á fæðispeningum piltanna en launamunurinn.

Að þessu leyti er þessi eina skýring á hinu háa meðlagi piltanna, sem fram hefur verið reynt að færa, alls engin skýring. H. þm. (J. G.) verður að gera betur, finna nýja og rjettari átyllu. H. 2. þm. Árn. (Sk. Þ.) minntist á breyt.till. sína, um 200 kr. til að fullgjöra fangaklefa á Eyrarbakka; en þessi breyt.till. kom svo seint fram, að nefndin gat ekki borið sig saman um hana. Jeg held, að óhætt sje að segja, að meiri hluti nefndarinnar sje með þessari breyt.till., og jeg mun gefa henni atkvæði mitt, með tilliti til þess, að á Akureyri hefur áður verið byggður fangaklefi á kostnað landssjóðs.

Að því er snertir styrkveitinguna til Erlendar Zakaríasarsonar, er h. 2. kgk.

þm. (E. Th. J.) mjer samdóma um það, að þessi maður sje duglegur vegalagningarmaður, og gæti staðið fyrir vegagjörð undir umsjón annara. Nú er það meiningin, að veita manninum styrk til að verða betur að sjer, svo hann geti staðið einn fyrir vegagjörð, og það hefur einnig verið tilgangur neðri deildar. H. 2. kgk. þm. þm. (E. Th. J.) sagði einnig, að hann hefði svo litla kunnáttu, að hann hefði ekkert gagn af ferðinni. Þetta held jeg sje engin ástæða; því mjer er kunnugt um, að hann kann dönsku og hefur not af dönskum bókum. Þar að auki treysti jeg áliti þeirra vegfræðinga, sem hafa gefið honum vottorð um, að hann væri fær um þetta, og byggi álit mitt á því. Hvað það snertir, að hann sje svo fátækur, að hann geti ekki farið, þá er engin hætta við það fyrir landssjóð, því að þá verður honum ekkert útborgað.

H. 5. kgk. þm. (A. O.) var svo fróður, að hann sagði, að hann væri svo mikill ómagamaður, að honum væri ómögulegt að fara. Jeg get þá frætt h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) á því, að hann á engan lífserfingja og engan skyldu-ómaga.

Landssjóður er líka vel tryggður, þar sem helmingurinn af styrknum ekki verður útborgaður fyr en hann er byrjaður á náminu, og hinn helmingurinn þegar hann er búinn, og ef hann eigi fer, þá fær hann engan styrk.

Viðvíkjandi Hvanneyrarskólanum, get jeg ekki neitað því, að mjer þykir 2000 kr. allt of mikið handa skóla, sem ekki er nema einn lærisveinn á og óviss von í öðrum. Jeg vil helzt greiða atkvæði móti því, að hann fái nokkuð, og helzt ekki verja einum eyri til hans að svo stöddu.

ATKVÆÐAGR.: 8.—10. gr. A. samþ. hvað um sig í einu hlj.

Breyt.till. við 10. gr. B. 3. d. samþ. með 8 samhlj. atkv.

10. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 1. 3. samþ. í e. hlj.

10. gr. 4. a. 1. felld með 6 : 3 atkv.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. 4. a. 2. felld með 6 : 4 atkv.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. 4. a. felld með 6 : 5 atkv.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. 4. b. felld með 6 : 5 atkv.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. c. tekin aptur.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. d. samþ. með 9 atkv.

10. gr. í heild sinni samþ. án atkv.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 5. d. samþ. með 9 : 1 atkv.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. b. og c. felld með 6 : 4 atkv.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 10. felld með 7 : 3 atkv.

Frumv. 10. gr. C. 4. a. 1. samþ. með 7 : 2 atkv.

Frumv. 10. gr. C. 4. a. 2. samþ. með 9 samhlj. atkv.

Frumv. 10. C. gr. 4. a. 3. samþ. með 10 samhlj. atkv.

Frumv. 10. gr. C. 4. a. 4. samþ. með 7 : 1 atkv.

Frumv. 10. gr. C. með áorðinni breyt. samþ. í e. hlj.

Frumv. 10. gr. i heild sinni samþ. i e. hlj.

Breyt.till. við 11. gr. 3. a. tekin aptur.

Fumv. 11.—12. gr. samþ. hvor um sig í e. hlj.

Fertugasti og sjötti fundur, þriðjudag 20. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi, nema L. E. Sveinbjörnsson; hann hafði leyfi forseta.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 434, 470, atkvæðaskrá 516); frh. 2. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg er sjálfsagt sem framsögumaður þessa máls í þeirri einstökustu afstöðu hjer í deildinni, af því að nefndin, sem jeg er framsögumaður í, er sjálf í þeirri einstökustu afstöðu, sem nokkur nefnd að líkindum hefur nokkru sinni í verið á nokkru þingi; ástæðan er sú, að nefndin var svo gálaus, að taka eingöngu tillit til sannfæringar sinnar, og lagði til í hverju atriði það eitt, sem hún áleit rjettast, sanngjarnast eða bezt við eiga, en henni gleymdist að taka tillit til hugðmála, hagsmuna og kjördæmis-kepphesta einstakra þingm. hjer í deildinni, og því var hún beitt því bragði, sem fá dæmi munu vera til, að skipuð var yfirfjármálanefnd, af öllum þeim þingmönnum hjer í deildinni, sem fyrir utan nefndina voru. Og með því við erum eigi nema 5 í hinni upphaflegu fjármálanefnd, og einn þeirra þar að auk fjarverandi í dag, en hinir eru 6, sem samblásturinn hafa gert mót oss, þá eru þessir 6 menn meiri hluti í deildinni; býst jeg við, að h. yfirfjármálanefnd láti uppi röksemdirnar fyrir áliti *sínu*, sem sjezt hefur hjer í deildinni á sundurlausum blöðum. Væntanlega mun h. framsögumaður yfirfjármálanefndarinnar, hinn 1. kgk. þm., halda uppi orðum fyrir yfirfjármálanefndina; en þar eð það er sama eins og að slá vatni á gæs, að færa fram ástæður eða röksemdir andspænis yfirfjármálanefndinni, sem hefur sýnt, að hún gengur alveg frá að fást við þær, þá er það ekki nema að eyða tíma og kröptum til einskis, að vera að verja málstað fjármálanefndarinnar, og þykir oss nefndarmönnunum ekki taka því, að halda uppi svörum fyrir hana. Allt er dæmt og úrskurðað fyrir fram; menn hafa bundizt samtökum um að neyta aflsmunar og taka ekki tillit til ástæðna; og til hvers er þá að eyða orðum að þeim? Jeg vona, að h. 1. kgk. þm. (J. Havst.) haldi uppi framsögu af hendi *sinnar* nefndar, og sjerstaklega geri grein fyrir atkvæðagreiðslu hennar, sem virðist ganga út á það, að láta ekki standa eitt orð af því, sem nefndin lagði til.

Svo skal jeg ekki eyða fleirum orðum um þetta.

E. Th. Jónassen: Jeg ætla að gera nokkrar athugasemdir við greinarnar, sem hjer koma á eptir í dag; orðum h. framsögum. (J. Ó.) um yfirfjármálanefnd ætla jeg ekki að svara; jeg þekki hana ekki, og jeg get heldur ekki sjeð, að það sje neitt óvanalegt eða til að reiðast af, þó ekki sje samþykkt allt, sem fjármálanefndin leggur til; jeg veit ekki betur en að svona gangi á öllum þingum.

Þá er fyrst 13. gr. A. b. 4. Þar stendur, í frumv. Nd., að veita skuli 300 kr. sem bráðabirgðaruppbót á Gufudalsprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi til húsabygginga á staðnum. Nefndin hefur lagt til, að þessi grein sje felld, en jeg get ekki verið því samþykkur. Eptir skýrslum, sem komið hafa fram í Nd., á að verja styrknum til þess að flytja bæjarbúsin á hentugri stað, sem eptir sögn prófasts og kunnugra manna kvað vera nauðsynlegt; svo það er ekki rjett, að leggja ekki fje til þess; það mælir líka með uppbót til þessa brauðs, að öðru brauði er hjer veitt uppbót, Kvíabekksprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi; svo eru og þessar báðar uppbætur bundnar þeim skilyrðum, að nýir prestar komi að brauðunum.

Því næst er 13. gr. B. I. b., tölul. 1; hefur nefndin lagt til, að honum yrði breytt þannig, að í staðinn fyrir: „húsaleigustyrkur handa 20 lærisveinum 80 kr. handa hverjum“, komi: „húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 80 kr. handa hverjum“. Jeg get ekki sjeð neina ástæðu til að gera þessa breyt., því ef eigi koma 20 lærisveinar á skólann, verða eigi allir peningarnir notaðir; en á hinn bóginn er varhugavert, að binda töluna við 12, því

vel getur farið svo, að fleiri komi á skólann, og þá hljóta þeir að missa af styrknum, sem fram yfir eru. Þá er 4. tölul.; þar hefur nefndin lagt það til, að í stað 300 kr. kæmu 200 kr. hvort ár. Undanfarin ár hefur prestaskólanum verið veitt til bókakaupa 300 kr., en á síðasta fjárhagstímabili var styrkurinn lækkaður niður í 200 kr.; svo sóttu kennarar skólans nú um það, að styrkurinn væri hækkaður aptur í 300 kr.; þetta fje er brúkað ekki að eins til bókakaupa, heldur einnig til að binda inn bækur þær, sem safnið á, en til þess eru 200 kr. árlega of lítið; enn fremur er það ein ástæða til að hafa styrkinn ríflegan, að þetta er sá eini staður, þar sem er safn af *theologiskri litteratur* hjer á landi; landsbókasafnið hefur að eins fáar bækur í þeirri grein, enda hefur það eigi efni á að kaupa þær, svo jeg vona, að h. deild verði mjer samdóma um það, að færa tillagið ekki niður frá því, sem stendur í frumv. stjórnarinnar.

Viðvíkjandi 13. gr. B. II., 7. tölul., sem hljóðar svo: „til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis „klinik“ 100 kr.“, skal jeg geta þess, að jeg og annar h. þm. höfum leyft oss að koma fram með þá breyt.uppást. (C. 448), að tillagið sje hækkað upp í 200 kr., eins og það er í stjórnarfrumv. Mjer er það kunnugt af skýrslu frá forstöðumanni læknaskólans, að 100 kr. hrökkva ekki fyrir meðulum og umbúðum handa fátæklingum. Mjer er einnig kunnugt, að margir fátæklingar sækja þessa „klinik“, og auk þess er það mjög fróðlegt og gagnlegt fyrir nemendur á læknaskólanum, að þeim við „klinikina“ gefst færi á að sjá margs konar sjúkdóma, og læra, hvernig þá skuli meðhöndla; svo mjer finnst eigi vera ástæða til að klípa af styrknum, enda er 100 kr. svo lítið, að ekki er vert að horfa í þær.

Loksins vil jeg leyfa mjer að minnast á kvennaskólana. H. nefnd hefur lagt það til, að styrkurinn til skólans á Ytri-Ey og skólans á Laugalandi sje færður úr 1000 kr. niður í 700 kr.; þessu get jeg ómögulega verið meðmæltur; því þó styrkurinn sje 1000 kr., er hann mjög lítill, en þingið hefur eigi ráð á að veita þeim meiri styrk; enn fremur vitum við það, að á Ytri-Ey eru húsakynni ljeleg og áhöldum skólans talsvert ábótavant, svo hvorttveggja þyrfti að bæta, ef kostur væri á því, og það gæti því munað skólann miklu, ef 300 kr. væru dregnar af honum. Yfir höfuð finnst mjer kvennaskólarnir fullkomlega þurfa þess styrks með, sem þeim er ákveðinn í frumv.

Þá er 13. gr. C. 1., stafl. b; við þennan lið hefur nefndin komið fram með þá breyt.till., að minnka styrk þann, sem veittur er til aðstoðarmanns við landsbókasafnið, með því að færa hann úr 700 kr. niður í 400 kr. Þetta eru svo lítil laun, að þau eru eigi boðleg þeim manni, sem trúandi er fyrir slíkum starfa, og að hann hafi ekki nema tveggja tíma vinnu á dag við safnið, held jeg að jeg þori að fullyrða að eigi sje rjett. Sem sagt, fyrir þennan starfa er minni borgun en 700 kr. ekki boðleg, enda hefur þingið látið þá upphæð standa óhaggaða síðasta fjárhagstímabil.

Þá hef jeg og h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) leyft oss að koma fram með breyt.uppást. við 2. tölul. (13. gr. C.), að styrkurinn til amtsbókasafnanna á Akureyri og í Stykkishólmi sje úr 200 kr. færður upp í 400 kr. hvort árið, eins og hann hefur verið lengi að undanförnu. Ef söfnin eiga að geta útvegað sjer góðar bækur, og til bókbands, veitir þeim ekki hvoru þeirra fyrir sig af 200 kr. árlegu tillagi; annars verða þau almenningi að litlum notum. Jeg hef leyft mjer að leggja fram á lestrarsalnum sýrslu yfir amtsbókasafnið í Stykkishólmi; af henni má sjá, að safnið

hefur margar góðar bækur; enn fremur hef jeg sjeð það á útlánsbókunum, að notkun safnsins er talsverð og fer í vöxt ár frá ári; ef nú tillagið yrði minnkað til safnsins, þá mundi af því leiða, að ekki væri lengur hægt að útvega safninu nauðsynlegar bækur, og mundu um leið afnot þess fara minnkandi; þess vegna vil jeg ráða h. deild til að hækka styrkinn upp í 400 kr. fyrir fjárhagstímabilið, eins og hann hefur verið að undanförnu; því að slík söfn, sem þessi, eru eigi til neins gagns, ef þau geta eigi keypt helztu bækur, sem út koma á ári hverju.

Fyrst jeg er einu sinni staðinn upp, þá vil jeg enn fremur leyfa mjer að minnast á breyt.till., sem komið hefur fram við 15. gr. frumv., að umboðsmanni Árna Thorlacius veitist 200 kr. styrkur hvort árið. Þessi maður er nú kominn fast að níræðu að aldri; hann var umboðsmaður í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði í 40 ár, og þótti hann allt til hinna síðustu ára vera sjerlega duglegur umboðsmaður og stóð í beztu skilum með gjöld þau, er landssjóður átti að hafa af umboðinu, og má geta þess, að hann af konungi fyrir dugnað sinn sem umboðsmaður hefur verið sæmdur riddarakrossi á þjóðhátíðinni 1874; en 1880, þegar hallæri dundi yfir allt land, þá kolfelldu margir búendur á þjóðjörðum í umboði hans fjenað sinn, eins og víðar, og sumir flosnuðu upp; við þetta beið umboðið mikið tap; Árni var þá orðinn gamall og gat ekki fyrir þá sök haft nægilegt eptirlit með þjóðjarðalandsetum, svo honum fórst umboðsstjórnin úr hendi miður en skyldi; en jeg skal annars ekki fara lengra út í það efni, því það er öllum þingmönnum kunnugt af umræðum þeim, er fram hafa farið hjer á þinginu um Arnarstapaumboð síðustu árin; en jeg vil að eins bæta því við, að Árni Thorlacius hefur borgað landssjóði allar þær skuldir, sem honum voru gerðar að borga út af umboðsstjórn hans. Enn fremur vil jeg taka það fram, að Árni Thorlacius hefur mikið álit á sjer sem *meteorolog*, eða fyrir veðurathuganir sínar, bæði á Þýzkalandi og Englandi og víðar; hann hefur um mörg ár haft veðurfræðislegar rannsóknir og gefið út skýrslur um þær, sem opt er citerað í af útlendum þjóðum og þykja mjög áreiðanlegar og merkilegar; þegar enn fremur er tekið tillit til þess, að opt hefur áður verið veitt *pension* mönnum, sem haft hafa á hendi sýslanir eða störf fyrir hið opinbera í mörg ár og leyst þau vel af hendi, þá virðist mikið mæla með því, að þessum manni sje veittur 200 kr. styrkur þann stutta tíma, sem hann að líkindum á eptir ólifað; hann er, eins og jeg gat um áðan, nú níræður að aldri, efnahagur hans er mjög þröngur, og hann hefur þess vegna fulla þörf fyrir styrkinn, svo jeg fyrir mitt leyti gef því hiklaust atkvæði mitt, að hann fái þennan styrk.

Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál að sinni.

Júlíus Havsteen: Jeg bjóst eigi við því, að h. framsögum. (J. Ól.) mundi láta króa sinn, nefndarálitið, svona sigla sinn eiginn sjó; því hvað verður þá af „Sjálfsfræðararanum“? *(J. Ól.*: Hann er ekki mitt barn). Það er nú ekki meining mín með að standa upp, að taka hann að mjer, heldur vil jeg að eins gjöra nokkrar athugasemdir um fjárveitingarnar til kvennaskólanna á Ytri-Ey og á Laugalandi, og til amtsbókasafnanna. Það gladdi mig mjög, þegar h. Nd. jók fjárveitinguna til kvennaskólanna; en sú gleði var skammær, því h. fjármálanefnd hjer í deildinni þóknaðist að stinga upp á því, að styrkurinn til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi væri færður niður úr því, sem h. Nd. hafði samþykkt. Nú vil jeg geta þess, að þessir skólar eru eigi *privat-eign*, heldur tilheyra sýslufjelögum, og hafa sýslufjelögin, þar á meðal Húnavatnssýsla, sem sumum er svo vel við

vegna hallærislánanna, orðið að taka lán til þess að koma skólunum á fót, en þessi lán eru ekki borguð enn. Laugalandsskólinn, sem lengur hefur staðið en skólinn á Ytri-Ey, þarfnast nú bráðum aðgjörðar, og þarf að leggja honum ýms áhöld. Jeg bið h. deild að taka eptir því, hve vel þessir skólar þrífast og hve mikil aðsókn er að þeim; þetta eru mikil meðmæli. Samt vil jeg geta þess, að h. nefnd var að því leyti betri við kvennaskólana en við búnaðarskólana, að hún eigi heimtaði kvennaskólareikningana prentaða í Stjórnartíðindunum. *(J. Ól.:* Þess þarf ekki; þeir eru prentaðir annarsstaðar). Jeg vona þess vegna fastlega, að sú tillaga mín fái fram að ganga, að tillaga nefndarinnar um lækkun á kvennaskólastyrk verði felld.

Í annan stað vil jeg þá minnast á styrkinn til amtsbókasafnanna á Akureyri og í Stykkishólmi, og sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) hefur talað um. Þetta atriði nær ekki beinlínis til h. nefndar, heldur voru styrkupphæðir þær, sem bókasöfnunum voru ætlaðar í stjórnarfrumv., færðar niður í neðri deild; h. nefnd hefur samt eigi hugkvæmzt að bæta úr þessu. Það hefur verið svo að undanförnu, að þessum söfnum hefur verið veittur 200 kr. styrkur hvoru um sig, og er það sannarlega eigi of mikið. Jeg hef afhent h. fjárlaganefnd tvær prentaðar skrár yfir bókasafnið fyrir norðan; en þær komu reyndar ekki fyr fram, en nefndin hafði látið uppi álit sitt. Auk þess, sem samning og prentun bókaskrárinnar hefur verið samfara allmiklum kostnaði, hefur amtsráðið keypt húsnæði handa safninu fyrir 1000 kr., sem verið er að afborga; enn fremur hefur kostnaður gengið til þess, að setja upp nýjar hyllur, sem nauðsyn var á að koma upp, af því að bókunum var nú raðað niður eptir allt annari reglu en áður. Safninu er að vísu lagðar 200 kr. árlega af jafnaðarsjóði amtsins, en þar af verður að borga 100 kr. á ári til afborgunar húsverðinu, og svo á að borga bókband, lóðargjald, kirkjugjald og vátryggingargjald, svo ekki getur verið mikið afgangs til bókakaupa. Safnið er allmikið notað, og ekki einasta á Akureyri, heldur úr Eyjafirðinum og öðrum sveitum, sem sje úr Mývatnssveit, og jafnvel úr Norður-Þingeyjarsýslu; mjer er ekki svo kunnugt um bókasafnið í Stykkishólmi; svo mikið veit jeg um það, að bókaskrá er nýlega út komin; og ætla jeg, að bæði söfnin sjeu þess makleg, að þau fái þann litla styrk, sem stungið hefur verið upp á í stjórnarfrumv.

Jakob Guðmundsson: H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) hefur tekið allt það fram, sem þörf var á, og þarf jeg ekki að taka þau atriði upp aptur, því jeg er honum að öllu leyti samdóma; það er að eins eitt atriði, sem hann reyndar minntist á, en sem jeg vildi fara um fáum orðum. Þetta atriði er nýgjörfingur hjer í deildinni; það er hinn lítilfjörlegi styrkur til Árna Thorlaciusar, umboðsmanns í Stykkishólmi. Bænarskrá mun hafa komið frá honum, og er hana að sjá á lestrarsalnum, en í h. Nd. hefur hún eigi verið tekin til greina; mun ástæðan hafa verið sú, að mjög fáum er kunnugt hjer um hans kringumstæður, og menn munu hafa haldið þær betri en þær í raun rjettri eru; enn fremur mun h. Nd. eigi vera kunnugt um, hvílíkur sómamaður Árni Thorlacius er, og hve sómasamlega og heiðarlega honum hefur farizt umboðsstjórnin úr hendi í mörg ár, og loks mun henni hafa verið ókunnugt um, hve mikill vísindamaður hann er; hann hefur ekki að eins samið rit og skýrslur um veðurfræði, heldur hefur hann einnig samið sögulegar og *topografiskar* ritgjörðir, sem mundu þykja mjög mikilsverðar, ef þær væru gefnar út. Eins og áður hefur verið minnzt á, hefur hann í mörg ár

fengizt við veðurfræðislegar athuganir, sem talað hefur verið um í útlendum bókum; jeg vil taka t. d. í veðurfræðisbók hins skozka veðurfræðisfjelags er ritgjörð um veðurfræðislegar athuganir Árna Thorlaciusar á loptþyngd, þrumum, regni og snjó í 23 ár og á regnvatni og bræddu snjóvatni í 12 ár. Um þessar athuganir segir Alexander Buchan, einn af hinum nafnfrægustu veðurfræðingum, sem nú eru uppi:

„Síðan í nóvbr. 1845 hefur Árni athugað veður þrisvar á dag með loptþyngdarmæli, hitamæli og rakamæli, aðgætt vindstöðu og vindafl, skýbólstra og regn. Hann hefur og haldið dagbók um veður, og getið í henni sjerstaklega um norðurljós og þrumur, hvenær stormar hafi byrjað og endað, og jafnframt athugað breytingu loptþyngdarmælisins í stormunum. Árni hefur eptir veðurbókum sínum leitað að mánaðar meðal-loptþyngd og jafnframt ýmsum athugunum reiknað út töflur þær, sem hjer fara á eptir, ýmist *in extenso*, eins og hann samdi þær, eða þá útdrátt af þeim". — Að lokum kemst þessi höfundur svo að orði: „Veðurbækur Árna eru hinar dýrmætustu, fyrir áhuga þann og nákvæmni, er hann hefur sýnt árafjölda þann, er þær ná yfir, og einnig fyrir þá sök, að öll áhöld hans hafa verið borin saman við þau áhöld, sem fjelagið sendi honum fyrir þrem árum síðan".

Eptir þessum vitnisburði að dæma, verða menn að álíta svo, að veðurbækur og veðurathuganir Árna sjeu ekki gjörðar út í bláinn; hann hefur meira að segja í samfleytt rúm 40 ár samið skýrslur yfir veðurathuganir, svo menn verða að sannfærast um það, að þessi maður er sannkallaður vísindamaður, þó hann ekki sje kallaður lærður; þegar þess vegna er gáð að því, hve lengi hann hefur starfað í þessari vísindagrein, þó það hafi ekki komið opinberlega út, þar eð kringumstæður hans hafa verið svo tæpar, og að hann er nú nær því níræður að aldri, svo að líkindum er eigi langt eptir af æfi hans, þá vona jeg að h. deild verði eigi á móti því, að honum veitist þessi litli styrkur, sem að líkindum verður að eins til skamms tíma.

Jón A. Hjaltalín: Jeg á eina litla viðaukatillögu við frumv. þetta. Jeg sendi h. fjárlaganefnd bænarskrá, sem fór í þessa sömu stefnu, því að mjer getur ekki fundizt annað en að Möðruvallaskólinn sje nokkuð afskiptur í fjármálum, er jeg lít til hinna annara mentunarstofnana vorra, er landssjóður kostar, og sem eru — í góðri merkingu — skyldu-ómagar hans, svo sem eru t. d. prestaskóli, læknaskóli, lærði skólinn. Við sjerhvern af skólum þessum hafa námsmenn meiri eða minni styrk til náms síns; en alls engan á Möðruvallaskólanum. Og þar með er ekki nóg. Þingið hefur einnig fleri skóla, sem það styrkir, en sem ekki eru skyldu-ómagar þess; það leggur einnig fje til kvennaskóla og búnaðarskóla; allir þeir skólar hafa líka einhvern ölmusustyrk handa nemendum sínum; og þó kosta þeir eigi til — þeir sem á búnaðarskóla ganga — öðru en sinni eigin vinnu; að öðru leyti er þeirra skólavist þeim kostnaðarlaus. Jeg fæ því eigi skilið, að aferð þings og stjórnar, þegar þau hafa á annað borð sett á stofn skóla fyrir menn til að nema á það, er til almennrar menntunar heyrir, að þau skuli þá afskipta einn af þessum skólum gjörsamlega. Á búnaðarskólunum er þó að sumu leyti kennt hið sama sem á Möðruvallaskóla, og þeir skólar hafa nemendastyrk, jafnvel þó jeg ekki hafi heyrt, að almælt sje, að þeir nemi betur og meira þær fræðigreinir, heldur en hinir, er Möðuvallaskólann sækja.

Mjer getur eigi annað en dottið í hug eitt dæmi, sem þessu líkist. Eins og menn muna, voru fyrir nokkrum árum síðan teknar 10 þús. krónur til láns af viðlagasjóði til að veita vatni á Staðar-

byggðarmýrar, og mest af því vatni var tekið úr Þverá. En einu ári síðar var því næst bóndanum á Þverá veittur styrkur til að veita Þverá í aðra átt, svo að enginn dropi fæst úr henni til Staðarbyggðarmýra. Á líkan hátt er nú hjer farið að. Menn stofna einn skóla, en setja jafnframt slagbrand fyrir, að menn geti notað hann, með því að veita slíka fjárstyrki öðrum skólum, að þeir geta gefið nemendum betri kjör en þessi eini skóli. Mjer finnst, að það eigi almennt heima einnig hjer á landi, að menn þurfi að læra meira en að lesa og skrifa, og úr því að mönnum þykir það tilvinnandi að kaupa það nám á búnaðarskólum og kvennaskólum fyrir talsvert fje, virðist mjer það hljóta einnig að ná til Möðruvallaskólans. Mjer sýnist þetta eigi vera annað en jafnrjettiskrafa. En hefðu hinir aðrir skólar ekki fengið þennan nemenda styrk, mundi jeg að líkindum heldur ekki hafa komið fram með þessa kröfu.

Sighvatur Árnason: Jeg ætlaði í gær að tala nokkur orð í þessu máli, en jeg gaf það þá frá mjer, þegar jeg sá, hverju fram vatt; enda verð jeg og að taka undir með h. framsögum. (J. Ól.), að það er þegar orðið ljóst, að umræður í þessu máli frá nefndarinnar hálfu hafa ekki mikla þýðingu, því að hinir aðrir h. deildarmenn, sem ekki voru í nefndinni, eru miklu skynsamari og glöggskygnari heldur en nefndin.

En jeg vil þó í fám orðum lýsa afstöðu minni í fjármálum á þessu þingi.

Það var meining mín, þá er jeg kom til þings, að jeg vildi nokkuð sinna tollmálum, vegna nauðsynar þeirrar, sem fyrir hendi var, en vildi þó fara varlega í allar tollálögur. En í því og í sambandi við það vakti fyrir mjer, að reyna að spara allt það, er spara mátti útgjaldamegin, án þess þó að halda of mjög til baka því, sem óhjákvæmilegt þykir. En jeg sje nú, hvert sök horfir: að þeir, sem hafa nú á þingi haldið fram háum tollum, hafa þótzt á þeim þurfa að halda til þess, að þurfa ekki að spara, enda er auðsætt, að ekki á að gjöra mikið úr sparnaðarhugmyndum nefndarinnar; það sjest og, að h. utannefndarþingmenn eru skynsamari en jeg og aðrir nefndarmenn mínir fyrir sjálfa sig, því að þeir fara nú með sinn fiskinn hver heim úr fjörunni.

Árni Thorsteinsson: Jeg býst ekki við að geta sannfært h. þm. um gagnsemi á uppástungum nefndarinnar, en jeg vil þó reyna að rjettlæta dálítið gjörðir hennar fyrir öðrum.

Jeg vil fyrst geta þess, að breyt.till. við styrkinn til Gufudalsprestakalls hefur nefndin gjört til þess að vekja íhugun manna á honum. Í hinu upprunalega frv. var þessu prestakalli ætlaðar 200 kr. sem bráðabirgðaruppbót, en er nú í Nd. orðið að 300 kr. og ákveðið til húsabyggingar á staðnum. Eins og kunnugt er, var fyrir nokkrum tíma síðan frv. fyrir þessari h. deild um, að ef embættismenn gættu eigi eigna þeirra, er þeir hefðu ábyrgð á, skyldu yfirboðarar þeirra, svo sem prófastur og biskup fyrir presta, endurgjalda það tjón. Að sönnu komst þetta frv. ekki fram, en nefndinni þætti samt gott að fá upplýsingar um, hverjum það muni vera að kenna, að bygging staðarins er svo fallin, að fje þarf að veita af landsjóði til að reisa hann aptur. En engum af nefndarmönnum mun breytingartill. þessi vera kappsmál. Nefndin hefur stungið upp á því, að húsaleigustyrkir lærisveina prestaskólans skuli aðeins vera 12. Þetta hefur áður verið álitið nægilegt, enda virðist það vera í öllu tilliti mjög skynsamlegt og ekki oflangt gengið, því að óþarft virðist að leggja fram svo ríflega húsaleigustyrk, að nemendur, sem eiga efnaða foreldra, eða foreldra búsetta hjer í Reykjavík, hafi aðgang til hans, eins og fyrir hefur komið. Þegar líka þess er gætt, að læknaskólanum er látið nægja að hafa húsaleigustyrk handa 6

nemendum, virðist ekki oflangt farið að ákveða þá 12 handa prestaskólanum.

Jeg hygg að nefndin hafi heldur ekki gjört sig seka í neinu ódæði, þótt hún hafi lækkað styrkinn til bókakaupa fyrir prestaskólann um 100 kr. Nefndinni gekk ekkert illt til þess; aðeins það, að gefa deildinni með atkvæðagreiðslu tækifæri til að hækka hann aptur upp í þá upphæð, sem veitt hefur verið á undanfarandi fjárlögum, og þá var álitin nægja.

Jeg er sjálfur samdóma þeim 2 h. þm., sem komið hafa með breyt.till. við 13. gr. B, II. b. 7.

Áður hafa kvennaskólarnir ekki fengið nema 700 kr., svo að nefndin áleit rjett að gefa h. deild ástæðu til þess að heyra ástæður fyrir hækkuninni og tækifæri til að greiða atkvæði um það.

Jeg vil mæla með því, að Flensborgarskólinn fái þær 200 kr., sem nefndin stingur upp á; skólinn er fátækur, og er það mjög áríðandi að geta eignazt þessi áhöld, sem styðja að aukinni aðsókn í skólann. Jeg vil því mæla sem bezt með þessari breyt.till.

Um styrkinn til aðstoðarbókavarðar hefur mig greint á við nefndina, og mun jeg því ekki greiða með till. hennar atkvæði mitt.

Jeg er einnig meðmæltur breyt.till. tveggja h. þm. um styrkinn til amtsbókasafnanna.

Jeg vil einnig hið bezta mæla með breyt.till. h. þm. Dal. (J. G.) um að Á. O. Thorlacius fái 200 kr. eptirlaun á ári. Eins og tekið hefur verið fram, hefur hann verið umboðsmaður í rúm 40 ár, og meðan kraptar hans entust rækti hann það starf vel. Sjerstaklega verðskuldar hann þetta fyrir hin vísindlegu störf sín, og þegar ástæðurnar eru eins og hjer, virðist í alla staði rjett að láta þennan mann njóta þessa litla fjárstyrks; en þótt hann sje ekki hár, getur hann orðið honum til gleði sem viðurkenningarvottur á elliárum fyrir langt og velunnið lífsstarf. Allt sem h. þm. Dal. (J. G.) mælti um störf þessa manns, var í alla staði rjett. Jeg vil því mæla hið bezta með þessari tillögu.

Landshöfðingi: Viðvíkjandi húsaleigustyrknum til prestaskólans er jeg samdóma h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) um það, að enn sje eigi kominn tími til að lækka tölu þeirra, sem geta fengið hann. Það eru eigi enn þá svo mörg prestsefni til, að nóg sje handa öllum þeim brauðum, sem auð eru og auð hafa staðið, sum í mörg ár. Það þarf því enn að uppörfa námsmenn til að ganga á prestaskólann og verða prestar. Þeir eru svo margir, er útskrifast af lærða skólanum, fara síðan af landi burt, og sjást hjer aldrei framar, að full ástæða er til laða menn til þess að ganga á menntastofnanir hjer. Á síðustu árum hefur helmingur þeirra siglt, sem útskrifazt hafa eða nær því, en eptirtektarvert er það, að þótt 6, 8, eða 10 sigli á ári, er það í hæsta lagi 1 af þeim, sem kemur aptur hingað upp, að afloknu embættisprófi. Skeð getur að þetta kunni að breytast, en það sýnir þó, að full ástæða er til að laða námsmenn að mentastofnunum hjer, því að sá styrkur, sem varið er til þeirra, er fara út úr landinu og aldrei koma aptur, — þeim styrk er ekki varið í landsins þarfir.

Um styrkinn til bókakaupa fyrir prestaskólann gat h. formaður nefndarinnar (Á. Th.) þess, að nefndin hjeldi ekki fast við breyt.till. sína um, að lækka hann, og hefði að eins viljað gefa mönnum tækifæri til, að færa hann upp aptur. Jeg vona því að nefndin verði fyrst til að greiða atkvæði með því.

Nefndin hefur stungið upp á, að 13. gr. B. V. e., 1800 kr., falli burt síðara árið. Mjer finnst þessi till. óþörf; það liggur í 18. gr. að ef lögin um stofnun stýrimannaskóla ná gildi á fjárhagstímabilinu, og geta komið til framkvæmda á því, fellur styrkur þessi niður af sjálfu sjer; en

nái lögin ekki gildi eða komist ekki til framkvæmda, er nauðsynlegt að halda þessum 1800 kr. síðara árið líka.

Mig furðar á þeirri tillögu nefndarinnar, að færa styrkinn til aðstoðarbókavarðar o. s. frv. úr 700 kr. niður í 400 kr.; það var þó einmitt fjárlaganefndin hjer í efri deild 1887, sem stakk upp á því, að hækka styrkinn upp í þessa upphæð. Fjárlaganefndin hjer þá hefur álitið þessar 700 kr. mátulegar og nauðsynlegar, og skil jeg ekki, hver sú breyting á er orðin nú, er rökstutt geti, að færa þennan styrk aptur niður. Í nefndarálitinu stendur, að þetta sje borgun fyrir tveggja tíma vinnu á útlánsstofu landsbókasafnsins. En landsbókasafnið er opið 3 daga vikunnar 2 tíma á dag, og 3 dagana 3 tíma, svo að það er þá að minnsta kosti opið til útlána að jafnaði $2^1/_2$ tíma daglega. Auk þessa tíma er aðstoðarbókavörður á safninu, þegar færi er á, og kunnugt er að hann er hjer á sumrin mestan hluta dagsins, enda er svo mikið starf við niðurröðun bóka og samning bókaskrár, að ekki mun veita af 2 mönnum við það í fleiri ár.

Breyt.till. kemur líka illa heim við ummælin í nefndarálitinu. Í ástæðum nefndarálitsins stendur: „en bókaskrársamning ætlum vjer vera verk, sem sjálfsagt hvíli á bókaverðinum sem embættisskylda“, en þó kæmi liðurinn, eptir tillögu nefndarinnar, til að hljóða svo: „til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og *við samning á skrá yfir handrit og bækur* 400 kr.“ Þrátt fyrir orð nefndarálitsins viðurkennir nefndin þó, að hún vilji styrkja bókavörð við samning bókaskrár. Formaður nefndarinnar (Á. Th.) hefur einnig lýst yfir því, að hann sje ekki samþykkur þessari breyt.till. og gladdi mig að heyra það.

Af breyt.till. þeim, sem komið hafa frá einstökum þingmönnum, vil jeg mæla með þeim, sem standa á þingskj. 448 og 446. Jeg álít mikla ástæðu til, að veita styrk til námspilta á Möðruvallaskólanum, bæði af því, sem h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) tók fram, og sjerstaklega af því, að úr því ekki hefur þótt tiltækilegt, að flytja hann burtu eða leggja hann niður er full ástæða til að reyna, hvort hann getur ekki náð fullkomnum þrifum með því, að veita honum þenna styrk. Ef það sýnir sig samt sem áður, að skólinn verður ekkert betur sóttur, þá getur komið til umræðu, hvort ekki væri ástæða til að leggja hann niður eða flytja hann burtu. Þetta hefur komið til umræðu í Nd., og er skynsamlegt, úr því þótt hefur nauðsynlegt, að bæta Norðlingum með þessum skóla upp þann skóla, sem þeir misstu úr amtinu, og sem lengi var þar, enda hefur það einnig verið sagt, að námfýsi væri meiri í Norðurlandi, heldur en hjer á Suðurlandi.

E. Th. Jónassen: Það lítur svo út af ummælum h. varaforseta (Á. Th.) um Gufudal, að hann sje ekki því máli kunnugur. Það eru mörg ár síðan, að stiptsyfirvöldin gáfu leyfi til þess að flytja bæinn út fyrir túnið, en nú hefur það, eptir um 40 ár, komið í ljós, að þetta hefur verið mesta óhagræði, svo að nú vilja menn flytja bæinn aptur til baka, og byggja hann upp í túninu. Síðasti prestur þar er dáinn fyrir 6 árum síðan, og var hann alveg fjelaus maður, svo að ekkert álag fjekkst úr búi hans á hús staðarins, enda munu húsin hafa verið ljeleg, þegar hann tók við þeim. Það er því ekki annað ráð fyrir hendi, en að leita styrks af landssjóði til þess. Ekki er við því að búast, nokkurn tíma geta fengizt þangað sjerstakur prestur án þess, að húsin fái þessa aðgjörð og breytingu, en mjög örðugt, að þjóna þar fyrir nábúapresta.

Það er fram komin ein viðaukatill. frá nefndinni, sem jeg vildi minnast á. Hún er við 13. gr. B, III., að nýr tölul. bætist við, um að veita 200 kr. til að gefa út þýzka málmyndalýsing. Þessi till. er

komin frá yfirkennara lærða skólans, og kann það að þykja nokkuð skrítið, að nú þurfi að fá þýzka málmyndalýsing á íslenzku, og ekki sje hægt, að láta sjer nægja að fá hana á dönsku. Viðvíkjandi þessu skal jeg taka fram, að fyrir nokkrum árum síðan þótti það alveg nauðsynlegt, að allar kennslubækur við skólann væru á íslenzku, og þá var þessi málmyndalýsing samin. Hún mun fyrir það mesta vera þýðing á Bresemann. *(J. Ól.:* Nei, hún er frumsamin). Þessi bók er nú uppseld fyrir löngu. En ef það virðist nauðsynlegt, að sem flestar kennslubækur sjeu á íslenzku, þá er nauðsynlegt, að styrkja þessa útgáfu af landsfje, því að slíkar bækur seljast seint, og eru forleggjarar því tregir til, að gefa slíkar bækur út, því að þeir þurfa lengi að bíða eptir að fá peninga sína aptur. Yfirkennarinn kveðst hafa reynt, að fá forleggjara til að gefa bókina út, en kveðst ekki hafa getað það.

Jeg vil mæla með breyt.till. við 13. gr., B., V, c, 2, sem eru 200 kr. í eitt skipti fyrir öll til Flensborgarskólans; skólinn er fátækur; en til þess að geta veitt nemendum sínum heimavist í húsinu, þarf hann nauðsynlega dálítil áhöld, og þar sem farið er fram á svona litla upphæð, vona jeg, að menn verði skólanum svo velviljaðir, að greiða atkvæði með till.

Árni Thorsteinsson: Jeg skal eigi verða langorður, en jeg stend að eins upp til þess, að verða eigi tvímælismaður. Jeg gleymdi að minnast á C. 8, styrkinn til Þorvaldar Thoroddsens, og skal nú geta þess, að jeg í nefndinni geymdi mjer rjett til, að greiða atkvæði móti tillögu nefndarinnar, að afnema hann. Mjer finnst rjett, að veita þenna styrk um næsta fjárhagstímabil. Jeg álít, að þessi styrkur hafi mikið að þýða í vísindalegu tilliti, bæði geografísku og geológísku. Þessi maður hefur í ritum sínum gert grein fyrir störfum sínum, og hann hefur látið í ljósi, að ætlan hans væri að semja rit um Ísland, sem jeg vildi óska að yrði eins til sóma fyrir nítjándu öldina og ferðabækur þeirra Eggerts og Bjarna voru fyrir 18. öldina, og að því vildi jeg feginn styrkja. Enn fremur er það, að þó landsuppdráttur Íslands hafi verið álitinn góður, þá er hann mjög ónákvæmur um miðbik landsins og þarf leiðrjettingar við. Því vil jeg mæla fastlega með, að styrkur þessi yrði veittur um næstu 2 ár.

Þar sem nefndin lagði til, að styrkurinn C 7, til náttúrufræðisfjelagsins, breyttist í 500 kr. fyrra árið og 300 kr. hið síðara, þá kom það af því, að hún áleit hentugra fyrir fjelagið, að fá meiri styrk nú í upphafi, og rjettara fyrir þingið, að binda styrkinn eigi við 400 kr. árlega, fyr en sæist hvernig því reiddi af.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Það var að eins lítil athugasemd við það, sem h. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, sem jeg vildi gera; hann sagði, að það mundi vera skoðunarmunur í þessu máli milli nefndarinnar og þeirra, sem fyrir utan nefndina eru; en jeg vil fullyrða, að atkvæðagreiðsluna þarf alls ekki að skoða sem vott um *skoðana*-mun, því að sumir af yfirfjárlaganefndinni hafa sagt mjer, að þeir hafi bundið sig til að greiða atkvæði gegn sumum tillögum fjárlaganefndarinnar, sem þeir annars sjeu samdóma, allt svo lofað að greiða atkvæði þvert á móti sinni eigin sannfæringu.

Jakob Guðmundsson: Jeg vil eigi tefja tímann, en jeg verð að lýsa því yfir, að mjer þykir undarlegur áburður sá, sem h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) ber á suma utannefndarmenn. *(J. Ól.:* Það var ekki þm. Dal.).

Júlíus Havsteen: Jeg skora á h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að segja, hverjir þessir þm. eru, sem hann átti við áðan. *(J. Ól.:* Þeir þekkja sig sjálfir, og flestir hjer í deildinni þekkja þá líka). Ef hann eigi gjörir það, þá hef jeg mitt álit á orðum hans.

Skúli Þorvarðarson: Jeg fyrir mitt leyti vil svara ummælum þm. S.-Múl. (J. Ól.), sem hann mælti nýskeð, að þau eru hvað mig snertir alveg ósönn; jeg er alveg sjálfráður og óháður öðrum með mitt atkvæði við sjerhvert atriði þessa máls, og læt jeg svo hjer með úttalað.

Friðrik Stefánsson: Hafi h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) viljað benda orðum sínum til mín, þá lýsi jeg því yfir, að orð hans eru, ósannindi. Líka vil jeg geta þess, að við höfum eigi verið svo tiltakanlega liðlegir hvor við annan á þessu þingi, að miklar líkur sjeu til, að hann hafi þetta eptir mjer.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefnd. við 13. gr., A. b. 4., tekin aptur.

13. gr. óbreytt samþ. í e. hlj.

Breyt.till. við 13. gr., B. I. b. 1., felld með 6:3 atkv., en töluliðurinn í frv. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. nefnd., við 13. gr. B. I. b. 4, felld með 6:3 atkv., en tölul. frv. samþ. óbreyttur í e. hlj.

13. gr. B. I. í einu lagi samþ. í e. hlj.

Breyt.till. nefnd., við 13. gr. B. II. b. 7. tekin aptur; breyt. 2 þm. á þingskj. 448 (C. 498), við sama tölul., samþ. með 9 samhlj. atkv.

13. gr. II. þannig breytt samþykkt í einu hlj.

Breyt.till. nefnd. 457 (C. 515) við 13. gr. B. III. c. samþ. með 7 samhlj. atkv.

13. gr. B. III. í einu lagi samþ. í e. hljóði.

Breyt.till. 446 frá J. A. Hj. (C. 498), við 13. gr. B IV. b. samþ. með 7 samhlj. atkv.

13. gr. B. IV. í einu lagi samþykkt í einu hlj.

Breyt.till. nefnd. við 13. gr. V. a. 2. felld með 7:3 atkv.

Breytt.till. nefnd. við 13. gr. V. a. 3., felld með 7:1 atkv.; og við b. 2. felld með 6:4 atkv.; breyt. nefnd. við V. c. samþ. með 9 samhlj. atkv., en við e. felld með 6:3 atkv.

13. gr. V. þannig breytt samþ. í e. hlj.

Breyt.till. nefnd., við 13. gr. C. 1. b. felld með 7:3 atkv., en sú við C. 2., frá 2 þm., samþ. með 8:1 atkv.; breyt. nefnd. við C. 6. samþ. í e. hlj., en sú við C. 7. felld með 5:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Ólafsson	Jón A. Hjaltalín
Arnljótur Olafsson	E. Th. Jónassen
Árni Thorsteinsson	Friðrik Stefánsson
Sighvatur Árnason	Jakob Guðmundsson
Skúli Þorvarðarson	Júlíus Havsteen.

Breyt. till. nefnd., við 13. gr. C. 8., samþ. með 6:2 atkv.

Viðaukatillögur nefnd. við 13. gr. b., nýir tölul. 12 og 13, báðar felldar með 6 gegn 4 atkv. hvor.

13. gr. C. þannig breytt samþ. í e. hlj.

13. gr. öll með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj.

14. gr. samþ. óbreytt í e. hlj.

Breyt.till. J. G., við 15. gr. (C. 491), samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín	Jón Ólafsson
Árni Thorsteinsson	Arnljótur Ólafsson
E. Th. Jónassen	
Friðrik Stefánsson	
Jakob Guðmundsson	
Júlíus Havsteen	
Sighvatur Árnason	
Skúli Þorvarðarson.	

15. gr. þannig breytt samþ. með 9 samhlj. atkv.

16. gr. óbreytt samþ. í e. hlj.

17. gr. (að áskildri upphæðarbreytingu) samþ. í einu hlj.

18.—19. gr. samþ. í e. hlj. hvor.

Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um innheimtu og meðferð á kirknafje (C. 526); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og endursent Nd.

Frv. til laga um eignarrjett á sömdu máli (C. 495); ein umr.

Jón Ólafsson: Breyting sú, sem Nd. hefur gjört á frumv., er að eins lítilfjörleg orðabreyting til þess að leiðrjetta skakkt mál á einum stað í frumv., svo að það er vonandi, að deildin veiti málinu sama fylgi sem áður, þegar það var samþykkt með öllum atkvæðum.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um sölu nokkurra þjóðjarða (C. 498); ein umr.

E. Th. Jónassen: Jeg sje, að frumv. hefur verið breytt þannig síðan það fór hjeðan frá deildinni, að verðið á jörðinni Meiðastöðum undir tölul. 3 í 1. gr. hefur verið hækkað um 500 kr., úr 2500 kr. upp í 3000. En jeg verð að vera sömu meiningar og áður, að þetta verð sje of lágt; jeg er sannfærður um, að það má fá meira fyrir þessa jörð, svo jeg verð að leggja til, að þessi tölul. verði felldur.

Landshöfðingi: Það sem liggur hjer fyrir til atkvæðagr., fyrst engar breyt.till. eru framkomnar, er eigi einstök atriði frv., heldur frumv. allt; en mjer finnst það of mikið, að fella frumv. allt fyrir þá sök, að verðið á Meiðastöðum þyki of lágt ákveðið; því menn verða að gá að því, að ráðgjafanum fyrir Ísland er að eins *veitt heimild* til að selja jörðina fyrir þetta verð, svo það er eigi hætt við, að hún verði seld fyrir þetta verð, ef það reynist of lágt. Jeg get eigi sjeð, að það sje nein áhætta að samþykkja frumv. eins og það er; það má reiða sig á, að það mun verða rannsakað, hve mikils virði jörðin er.

Jón Ólafsson: Þegar frumv. þetta var hjer áður til umr. voru það 3 háttv. og kunnugir þm., sem álitu, að jörð þessi væri að minnsta kosti helmingi meira virði, en það verð, 2500 kr., sem neðri deild þá vildi selja hana fyrir. Nú hefur neðri deild hækkað verðið lítið eitt, en það hlýtur enn að vera of lágt, og mjer sýnist óleyfilegt af þinginu, að samþykkja sölu á jörðinni með verði, sem vitanlega er langt of lágt. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg vantreysti ráðgjafanum til að ráða bót á þessu, en jeg sje eigi til hvers alþingi er að tiltaka nokkurt verð, ef það fer fjarri öllum sanni og ætlar eingöngu að treysta því, að ráðgjafinn fari ekki eptir því vitlausa verðlagi, sem þingið miðar við. Jeg sje heldur eigi, að það þurfi að verða nein vandræði úr því, að fá þessu breytt; það mætti setja nefnd í málið, sem gæti komið með álit sitt á morgun. Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

(Jón Ólafsson tók aptur uppástungu sína um nefndina, af því forseti kvaðst fús á að taka málið út af dagskrá, og var því umr. frestað).

Frumv. til laga um breyting á 14. og 15. gr. stjórnarskrárinnar og 15. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis (C. 514); 1. umr.

Jón Ólafsson: Án þess að vilja fara langt út í efni frumv. þessa, þá vil jeg taka fram, að sjerstaklega eitt atriði þarf vandlega að athuga, þ. e. skipting kjördæmanna; því vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að sett sje í málið 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning felld með 5:5 atkv., og frumv. sjálft síðan *fellt* frá 2. umr. með 6:4 atkv.

Frumv. til laga um samþykktir um heyásetning o. fl. (C. 515); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Vjer þekkjum mál þetta frá síðasta þingi, og get jeg ekki vikið frá þeirri skoðun, sem jeg hafði þá, að rjettast sje að slíkar samþykktir, sem

frv. hljóðar um, komist á af eigin hvötum og frjálsum vilja manna, án þess lögum sje beitt til að þvinga menn um þessa hluti. Jeg ímynda mjer og að amtmenn, mundu verða ófúsir á að staðfesta slíkar samþykktir, því það er vafasamt hvort þær mundu eigi koma í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarrjettinn. — Auk þess háttar svo misjafnt til í sveitum, að varla mundi hægt að hafa nema eina samþykkt fyrir hvert byggðarlag. Eptir því sem framfarir aukast, verður hægra að fá menn til þess með góðu að hafa nógar byrgðir af heyi fyrir skepnur sínar, og mundi það verða affarasælla. Það er illt að fá trassa til þess með lögum, að verða reglumenn. Jeg held því, að þótt slíkar samþykktir kæmust á, mundu þær ekki gjöra það gagn, sem í skjóta bragði sýnist; og þótt jeg sje samdóma uppástungumönnum um, að það sje mikið tjón, er einhver vanrækir að hafa forða handa skepnum sínum, þá sje jeg ekki ráð til að leiðrjetta slíkt með lögum, og gef þessu frumv. því ekki atkv. mitt.

Jakob Guðmundsoon: Jeg er samdóma háttv. 2. kgk. þingm. (E. Th. J.), að það væri bezt að það þyrfti engin lög, en allt gott væri gjört með frjálsum samtökum; en reynslan sýnir, að mennirnir eru ekki eins góðir og þeir ættu að vera, og gildir það eins um heyásetninginn, eins og aðra bjargræðisvegi, sem þingið hefur leyft að setja samþykktir um. Menn segja að þetta frumv. gangi of nærri þessum heilaga eignarrjetti, en jeg held, að það sje ekki svo. Þessi takmörkun er nauðsynleg af þeirri ástæðu, að sveitarstjórnirnar hafa ekkert vald yfir þeim, sem ekki eru á sveit, en margur setur sig á sveitina með því að horfella skepnur sínar. Þetta er því verndarreglur fyrir sveitafjelögin, er eiga að hamla því, að menn komist á vonarvöl. Það álít jeg aðalmeining frumv.

H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði, að amtmenn mundu verða tregir til að staðfesta slíkar samþykktir, af því hætt væri við, að þær gengju of nærri eignarrjettinum; en það er einmitt það, sem jeg treysti, að amtmennirnir gæti þess, að samþykktirnar gjöri það ekki. Hitt er ekki ólöglég takmörkun á eignarrjettinum, að menn megi ekki fara svo með fje sitt, að menn gjöri öðrum beinlínis tjón.

Jeg get ekki ímyndað mjer, að þetta frumv. geti gjört nokkurn skaða, því síður, sem amtmennirnir eiga að vaka yfir samþykktunum með sínu rjettlætis- og sanngirnisljósi. Jeg get því eigi verið með því, að þetta frumv. sje fellt.

Jón A. Hjaltalín: Jeg greiði óhikað atkvæði móti þessu frumv., af því að það er ómögulegt, að framkvæma slíkar samþykktir. Hver sem vill getur svikið þær. Jeg veit dæmi til, að karl, sem allt af var sett á hjá, fór í kring um ásetningarmennina með því, að fylla tóptina með torfi, og bera svo heyið þar ofan á. Jeg hefði eigi viljað láta þm. Dal. (J. G.) setja á hjá mjer í fyrra, og komst þó allt af. Það getur eigi nokkur maður sett á hjá öðrum. Það kemur ekki undir þeirri heyupphæð, sem menn hafa, hvort skepnurnar þrífast og komast af, heldur eins mikið undir gæðum heysins, undir fjármanni, fjósamanni og hestamanni, og þeim matarruðum, sem skepnunum eru gefnar.

Jeg get ekki skilið, að mögulegt sje að gjöra þær samþykktir, er að notum geti komið, því að eiginlega þyrfti sjerstakar reglur fyrir hvern fjármann.

Jón Ólafsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 5:4 atkv.

Sighvatur Árnason: Jeg er mótfallinn þessu frumv., sjerstaklega af því, að jeg álít það óframkvæmanlegt. Ef leyfðar væru samþykktir um þetta efni, þá

mundu þær kannske komast á og verða með dálitlu lífi fyrsta sprettinn, en svo mundu erfiðleikarnir og kostnaðurinn á öllu saman fljótt fæla menn frá slíku og öll sú fyrirhöfn og kostnaður brátt verða að engu. Mundu þær líka fremur spilla en bæta ásetning hjá skussunum, því þeir í huga sínum settu í og með á heyforðabúrin. Einnig mundi verða mikill kostnaður við að byggja kornhlöður og heyhlöður og kaupa og draga að korn og hey, heimta inn aptur útlánin og annað því um líkt. Jeg vil alls ekki leggja til að varpa slíkum kostnaði bæði á sýslu- og sveitarsjóði. Ef þingið gefur lagaheimild til slíkra samþykkta, má búast við að menn þjóti upp til handa og fóta að búa til þessar samþykktir. Menn geta ekki búizt við, að þjóðin verði skynsamari en þingið.

Skúli Þorvarðarson: Jeg fellst á það, að margt sje því til fyrirstöðu, að slíkar samþykktir geti orðið framkvæmdar; en gæti þær orðið framkvæmdar, væri það auðvitað mjög gagnlegt. Kostnaðarviðbárunа tel jeg ekki mikilsverða, því að vilji menn taka sig saman um að kaupa forða handa mönnum og skepnum, er það aldrei nema gagnlegt og ekkert hefst án ómaks og að öllum jafnaði með meiri eða minni kostnaði.

Hugsunin í frumv. er skynsamleg; og þó samþykktir verði erfiðar í framkvæmdinni, sje jeg eigi, að þær geti orðið hættulegar eða nein vandræði stafað af því, þótt heimild sje veitt til að setja slíkar samþykktir. Jeg geri ráð fyrir, að þær mundi ekki verða settar víða, vegna ýmislegra örðugleika á því; en þar sem þær yrðu settar, mundu þær koma að góðum notum. Jeg get því ekki fallizt á, að frumv. þetta sje óþarft, því síður skaðlegt. Þess vegna greiði jeg atkvæði með því í þetta sinn.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal eigi endurtaka þau mótmæli, sem komið hafa fram gegn frumv., en að eins lýsa yfir því, að jeg er þeim samdóma. Jeg vil spyrja: Hvað skilja menn við frelsi? Jeg vil sjerstaklega spyrja h. þm. Árn. (Sk. Þ.), sem fæst hjer við að verja stjórnfrelsi og þar fram eptir götunum, hvað skilur hann við frelsi? Jeg segi svo, að þeir menn, sem hafa munninn fullan af stjórnfrelsi, en niðurníða mannfrelsið í öðru orðinu, þeir menn eru ekki frjálslyndir menn. Við mannfrelsi skil jeg það, að mega hugsa það sem maður vill og aðhafast það, sem maður vill og álítur rjettast og bezt, að svo miklu leyti, sem það kemur ekki í bága við frelsi og velgengni annara manna. En þetta frumv. bannar mönnum að heyja, setja á og vera fjármenn eptir eigin viti og vilja, heldur skulu þeir fara eptir viti og vilja fjöldans, meiri hlutans. Jeg er og hræddur um, að h. þm. Árn. (Sk. Þ.), blandi því saman, sem almennt er kallað mannkostir eða dyggð, og lögunum. Jeg vil, eins og hann, að allir setji vel og skynsamlega á, en jeg vil ekki neyða neinn til þess. Það á að vera hans eigið mannvit og dyggð, sem leiðir hann. Það er ekki auðið að berja siðgæði inn í menn með lagastöfum. H. þm. Dal. (J. G.) þekkir mismuninn á lögmálinu og evangelium. *(Jak. Guðm.:* Lögmálið er nauðsynlegur typtunarmeistari!). Jeg vil spyrja h. þm. Árn. (Sk. Þ.), hvort hann hefur ekki þekkt matforðabúr, sem hafa þótt góð meðan út var verið að lána, en allill. þegar átti að borga aptur? Ef hann þekkir slíkt ætti hann að geta dregið af því þá ályktun, að eins mundi fara með heyforðabúrin. Þau mundu vera skussunum og horfellismönnunum allkær til lántöku, en þykja ill, þegar kæmi til endurgjaldsins. Það tjáir ekki fyrir þingið, að vilja fara að búa fyrir alla menn. Ef þetta frumv. væri samþykkt, þá lægi beint við á næsta þingi, að setja lög um, hvað menn megi jeta, og hvað láta skuli í askana, svo jeg ekki tali um bannið, sem sjálfsagt mundi koma út gegn því, að taka í nefið. Það

mundi eigi verða hætt fyr en búið var að setja lög og samþykktir um föt og fatasnið: „Svona búinn skaltu vera, þenna tíma skaltu vakna, þenna tíma sofna; þú ert ekki frjáls maður heldur þræll, bundinn undir þau lög, sem háttv. alþingi þóknast að setja“.

Einkum er það gott við þetta heyásetningsfrumv., að það kemur frá mönnum, sem aldrei hafa búið, aldrei hirt hey af einni dagsláttu. — Þegar þetta allt er komið í kring, þá fyrst verður alþingi frægt; þá fyrst fá menn verðugt traust á verðleikum þess.

Jakob Guðmundsson: Mig furðar á því, að jafn hugsunarglöggur maður eins og h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) skuli byggja á öðru eins og því, að alþingi setji samþykktirnar. Hann veit það vel, að það er ekki meiningin, að alþing búi þær til, heldur að það gefi leyfi til, að sveitirnar og sýslunefndirnar búi þær til fyrir sig sjálfar. H. þm. (A. Ó.) lagði þá spurning fyrir þm. Árn. (Sk. Þ.), hvort hann vissi eigi til, að matforðabúr hefðu þótt góð meðan verið var að lána út úr þeim, en all-ill þegar átti að borga. Jeg skal svara þessari spurningu. *(A. Ó.*: Hann svarar fyrir sig sjálfur!). Jeg get svarað líka, því að jeg hef reynslu fyrir mjer. Þau 12 ár, sem jeg var í Rípurhreppi, var ástand manna fremur bágt, verzlunarskuldir fyrstu árin miklar, og kaupmenn tregir til lána, og vildu fara að ganga hart að mönnum. Þá tóku menn sig saman um, að stofna kornforðabúr til að forðast að menn þyrftu að bindast kaupmönnum með lántöku á vorin; forstjórarnir sömdu um borgun á skuldum á vissum árafjölda; allt gekk vel; korn var lánað út úr forðabúrinu upp á borgun í korni aptur, og þetta hafði þann árangur, að menn voru komnir úr öllum kaupstaðarskuldum eptir 3 ár, og yfir höfuð gerði forðabúrið mikið gagn. Þetta sýnir, að forðabúr geta haft góðan árangur.

(Þegar hjer var komið umræðunum, beiddust 4 þingmenn, Jón Ólafsson, Friðrik Stefánsson, Jón A. Hjaltalin og Arnljótur Ólafsson, þess, að umræðunum væri hætt, en sú till. var felld með 5 : 5 atkv. Umræðunum var því haldið áfram).

Skúli Þorvarðarson: Mjer fannst h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) dæma allhart um mig og frumv. Hann sagði, að það væri mótsögn hjá mjer, að jeg mælti fram með þjóðfrelsi, en vildi hjer innleiða harðstjórn og kúgun. Jeg sje ekki, að í þessu frv. sje neitt ófrelsi, hvorki í orði þess nje meining, heldur er landsmönnum gefin lagaheimild til að gjöra og afráða það, sem þeir álíta rjett og gagnlegt fyrir sjálfa sig, með því að setja samþykktir um heyásetning og fleira. Einasta harka, sem um getur verið að tala í frumv., er það ákvæði, að taka megi lánin lögtaki, en jeg sje ekki, að það sje ægilegra um þetta en önnur gjöld, sem lögtaksrjett hafa. Jeg tek það upp aptur, að jeg óttast fyrir, að samþykktirnar verði örðugri í framkvæmdinni, helzt hvað heyforðabúr snertir, en höfundar frumv. hafa hugsað sjer, en þó finnst mjer h. þm. (A. Ó.) fara um það allt of hörðum orðum.

Viðvíkjandi spurning h. þm. (A. Ó.) skal jeg svara því, að jeg veit til þess, að stofnað hefur verið eitt matarforðabúr, og það er viðurkennt, að það gerði mikilvægt gagn í mörg ár. H. þm. (A. Ó.) sagði, að forðabúrin þyki góð, meðan verið er að lána úr þeim, en ill þegar á að borga aptur. En mjer getur ekki skilizt, að það sje verra að borga þessar skuldir heldur en annað, sem maður brúkar, og verður náttúrlega að borga aptur. Það er eins með öll lán, að einhvern tíma rekur að skuldadögunum. Þetta er því eigi vel íhugað hjá h. þm. (A. Ó.), og kalla jeg, að hann hafi rifið í þetta svo mikið, sem hann mátti mest, en vantað ástæður.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 5 : 5 atkv.

Frumv. til laga um hundaskatt (C. 516, 529); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 9 : 1 atkv., og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til farmannalaga (C. 500, 529); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj., og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Fertugasti og sjöundi fundur, miðvikudag 21. ágúst kl. 1 f. h. Allir á fundi.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 519, 527, 528); 3. umr.

Forseti úrskurðaði, að breyt.till. á þingskj. 465 gæti eigi komizt að, þótt 2 nefndarmenn væru undirskrifaðir. Þá var leitað samþykkis landshöfðingja og leyfis þingdeildarinnar til þess, að breyt.till. kæmist að. Átkvæðagr. var óglögg, og var því viðhaft nafnakall. Sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín	Júlíus Havsteen
Jón Ólafsson	Sighvatur Árnason.
Arnljótur Ólafsson	
Árni Thorsteinsson	
E. Th. Jónassen	
Friðrik Stefánsson	
Jakob Guðmundsson	
L. E. Sveinbjörnsson	
Skúli Þorvarðarson	

Breyt.till. komst þannig að með 9 : 2 atkv.

Formaður og framsögumaður í nefndinni (J. Ól. og J. A. Hj.) báðu þá forseta að taka málið út af dagskrá til morguns, en hann neitaði því, enda væri till. eigi nógu snemma fram komin. En eptir till. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) leitaði forseti samþykkis landshöfðingja til þess, að tillaga nefndarinnar mætti berast upp, og veitti hann það; var þá tillagan borin undir deildina og viðhaft nafnakall. Sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín	Arnljótur Ólafsson
Jón Ólafsson	Jakob Guðmundsson
Árni Thorsteinsson	Júlíus Havsteen.
E. Th. Jónassen	L. E. Sveinbjörnsson.
Friðrik Stefánsson	
Sighvatur Árnason	
Skúli Þorvarðarson.	

Með því að eigi urðu $^2/_3$ hlutar atkv. fyrir till., var hún fallin. Þá var lagt til, að málinu yrði aptur vísað til sömu nefndar, og var það samþ. með 6 : 4 atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum um sveitarstyrk og fúlgu (C. 464); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. umræðulaust, og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um breytingar nokkrar á 3. og 8. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun (C. 529, 531); ein umr.

E. Th. Jónassen: Eins og nefndarálitið á þingskj. 472 (C. 531) ber með sjer, hefur nefndin lagt til, að frumv. yrði samþykkt eins og það kom frá neðri deild. Það hefur að vísu orðið á því lítilfjörleg breyting, að Vestmannaeyjar sendi engan mann í amtsráð, og það getur nefndin aðhyllzt, af því að frá Vestmannaeyjum eru erfiðar ferðir, og því getur vel komið fyrir, að það sje ómögulegt að komast þaðan á amtsráðsfund í tæka tíð.

Árni Thorsteinsson: Jeg ætla að lýsa því yfir enn að nýju, að jeg er á móti, að frumv. þetta verði að lögum. Það eykur kostnaðinn við amtsráðin að miklum mun, og leggur á meiri kostnað en amtssjóðirnir geta borið, og nú, eins og það kemur frá neðri deildinni, er jeg því enn fráhverfari. Mjer finnst það naumast geta borið sig, að útiloka Vestmannaeyjar

frá hluttöku í amtsráði, og efast um, að það sje rjettlátt.

Sighvatur Árnason: Mjer finnst eigi næg ástæða á móti frumv., þó neðri deild hafi breytt því á þennan hátt, að undanskilja Vestmannaeyjar; því þó þetta eina kjördæmi kynni að verða óánægt, sem er alveg óvíst, þá mætti laga það seinna, svo það þyrfti eigi að verða frumv. að fótakefli nú. Jeg veit eigi betur en frumv. þetta muni verða landsmönnum kærkomið, þó það hafi kostnaðarauka nokkurn í för með sjer. Það er svo með margt fleira, sem menn vilja hafa fram, að við má búast, að því fylgi nokkur kostnaður.

Árni Thorsteinsson: Því vilja menn vera að taka þennan rjett af Vestmannaeyjum með lögum? Mjer finnst megi láta þær sjálfráðar, hvort þær senda mann í amtsráð eða eigi. Eptir 3. gr. þarf eigi að vera meir en $^2/_3$ amtsráðsmanna á fundi, til þess að hann sje lögmætur, svo það gjörir eigi neitt til, þó enginn komi frá eyjunum.

Jakob Guðmundsson: Einmitt sú ástæða h. varaforseta (Á. Th.) á móti frv. þessu, að að eins þyrftu að koma á amtsráðsfund $^2/_3$ amtsráðsmanna, til þess að fundurinn væri lögmætur, kemur mjer til að fylgja frumv. sem fastast fram, því það er ábyrgðarhluti að hafa þetta kjördæmi með, sem eptir kringumstæðum náttúrunnar jafnvel um hásumar er útilokað frá öllum samgöngum við land.

Jón Ólafsson: Jeg skal leyfa mjer að benda h. þingd.m. á ástæður þær, er neðri deildin hafði til þess að gjöra þessa breytingu á frv. Hún áleit, að amtinu væri gjörður óþarfa-kostnaður með því, að hafa mann í amtsráði úr Vestmannaeyjum, og það var einmitt þingmaður eyjanna, sem var með því, að undanskilja eyjarnar, enda eru þær afskekktar og þurfa sjaldan til amtsráðs að leita, og ferðir þaðan mjög erfiðar og kostnaðarsamar. Jeg fyrir mitt leyti hefði samt heldur óskað, að þessi breyting hefði eigi á orðið, því að mjer finnst vesalmannlegt af Vestmanneyingum, að afsala sjer rjetti þessum, og ófrjálsmannlegt að taka hann af þeim með lögum, þó sýslufjelagið raunar sje svo lítið, að það sje eigi stærra en vænn hreppur; jeg er líka viss um, að alþingi yrði eigi ófúst á að breyta þessu aptur, ef Vestmannaeyjar óskuðu þess. En þó jeg hefði heldur kosið, að neðri deild hefði eigi gjört þessa breytingu, þá álít jeg frv. samt svo *mikilsverða* rjettarbót í *öðru* tilliti, að jeg hika eigi við að gefa því atkvæði mitt, og mjer finnst, að *við* eigi þurfum að bera meiri umhyggju fyrir Vestmannaeyjum en þingmaður þeirra sjálfur.

Sighvatur Árnason: H. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefur tekið allt fram, sem jeg ætlaði að segja, svo jeg fell frá orðinu.

Arnljótur Ólafsson: Jeg þykist vita, að neðri deild muni hafa gengið það til, að undanskilja Vestmannaeyjar frá því að hafa mann í amtsráði, að það er opt örðugt að komast þaðan, og gæti því amtsráðsfundur farizt fyrir, af því eigi gæfi úr eyjunum; en jeg get eigi álitið það gilda ástæðu, þar eð segir í 3. gr. frumv., að að eins þurfi $^2/_3$ amtsráðsmanna að vera á fundi til þess að hann sje lögmætur. Og mjer finnst h. deild einnig hafi yfirsjezt annað; hún hefði átt jafnframt að undanskilja Vestmannaeyjar frá kostnaðinum sem af amtsráðanum leiðir. Það er eigi rjettlátt að útilykja eyjarnar frá að senda mann í amtsráð; en því meiri órjettvísi er það, að þær skuli verða að bera kostnaðinn engu að síður með öðrum sýslufjelögum. Þetta hefur víst verið gleymska, og þykir mjer illt, að eigi skuli mega bæta úr þessari órjettvísi, því jeg þykist sjá, að h. deild vilji eigi fella frv. Enn fremur hygg jeg, að í þessu máli geti annað verið þingvilji en þjóðvilji; jeg veit eigi til, að til þingsins sjeu komnar neinar bænarskrár um þetta mál, og mjer

finnst hart að demba stórum kostnaði á jafnaðarsjóðina, án þess að gjaldendur fái nokkuð um það að segja. Þjóðfrelsismennirnir ættu eigi að vera að demba á sköttum, án þess að gildar ástæður sjeu til. Það dugir eigi að vera að blása sig upp sem þjóðvilja- og frelsismenn, ef enginn hugur fylgir máli. Mjer finnst frumv. þetta ætti eigi að verða að lögum fyr en þjóðviljinn hefur gefið sig fram. Málið ætti að berast upp fyrir hreppsnefndum og einkum fyrir sýslunefndum, áður en lög eru sett. Slík aðferð væri svo samkvæm sveitarstjórnarlögum vorum um samkynja málefni.

Skúli Þorvarðarson: Jeg tók það fram við 2. umr. þessa máls, að jeg gæti eigi sagt, hver væri vilji kjósenda minna í þessu efni; en þar eð jeg nú verð annaðhvort að vera með eða móti málinu, þá tek jeg þann kost, að fylgja minni eigin sannfæringu. Mjer finnst frumv., eins og það nú er komið til h. deildar, hafa í sjer verulega rjettarbót; að vísu hefur það líka í för með sjer aukinn kostnað, en jeg get eigi haldið, að menn telji hann eptir sjer, þegar svo mikið fæst í aðra hönd. Jeg tek það upp aptur, sem jeg sagði áðan, að jeg veit eigi til, að nokkur ósk, í þessa átt, hafi komið frá kjósendum mínum, svo jeg greiði atkvæði eingöngu frá mínu eigin brjósti, og eptir því, sem sannfæring mín segir mjer.

Hvað snertir breyt.till. Nd., þá sje jeg ekki ástæðu til að fella frumv. eingöngu hennar vegna. Vestmannaeyjar eru ekki nema einn hreppur og eitt prestakall, svo jeg held að ef þeir vildu koma einhverju fyrir amtsráðið, þá gætu þeir það með hjálp sýslunefndarmannanna í næstu sýslum, Rangárvallasýslu eða Árnessýslu.

H. 5. kgk. þm. (A. O.) komst svo að orði, að á Vestmannaeyjum væri með frv. lagður mjög ranglátur kostnaður; fyrst og fremst er það hjer aðgætandi, að það er einungis aukni kostnaðurinn, sem kemur niður á þeim; nú verða þeir að borga í amtsjafnaðarsjóð, eins og aðrar sýslur, þó þeir ekki noti mann úr sinni sýslu í amtsráðinu, og mun sá kostnaður ekki vera talinn ranglátur; það er því að eins sá aukni kostnaður, sem kemur ranglega niður á þeim, að áliti h. 5. kgk. þm. (A. Ó.), en sem er lítilsvirði, þar eð þeir verða eptir frumv. að borga fleirum amtsráðsmönnum, en fá ekki þann sama hag og aðrar sýslur, að fá að senda mann frá sjer í amtsráðið; en ef Vestmannaeyjar fengju sama leyfi og aðrar sýslur, að senda mann í amtsráð, þá mundi af því stafa drjúgur kostnaður. Jeg þekki svo vel til ferða á milli eyjanna og lands, að amtsráðsmaðurinn kynni að neyðast til að eyða mjög löngum tíma til ferðarinnar, þar eð svo torveldar eru samgöngur á milli eyjanna og lands, svo á þessu er líka annmarki; þess vegna held jeg, að eins miklum vandræðum hafi verið afstýrt með breyt.till., eins og þó á Vestmannaeyjar leggist tiltölulegur kostnaðarauki.

Af þessari ástæðu gef jeg frumv. atkvæði mitt.

Jakob Guðmundsson: Hvað því viðvíkur, að á Vestmannaeyjar leggist kostnaður við þetta nýja fyrirkomulag, þá leggst kostnaður sá ekki á Vestmannaeyjar nema tiltölulega, og hlýtur því lítill kostnaður að koma á þær. Ef nú enn fremur Vestmanneyingum þætti það ókostur, að fá eigi að senda mann í amtsráð, og ef þeir koma fram með bæn um það á næsta þingi, þá vona jeg að h. þingm. mundu fallast á það. Ef þeir segðu: „við borgum meiri kostnað en að undanförnu við amtsráðið, en fáum þó eigi sama rjett og aðrar sýslur að senda mann í það“, þá efa jeg það ekki, að þeir mundu verða bænheyrðir. Enn fremur er það aðgætandi, sem h. 1. þm. Árn. (Sk. Þ.) minntist á, að ef Vestmanneyingar fengju að senda

mann í amtsráðið, þá mundi stafa af því miklu meiri kostnaður, sakir örðugra ferða á milli lands og eyja, og það væri hin versta ósanngirni, ef einslítið kjördæmi og Vestmannaeyjar eru, jykju mönnum helmings kostnað, t. d. með því, ef Vestmanneyingurinn sæti í landi margar vikur þegar hann væri í amtsráðsfundarferð.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli h. þm. Dal. (Jak. G.) á því, að kostnaðurinn til amtsráðanna greiðist úr amtsjafnaðarsjóði, en tekjur til hans eru lagðar á eptir lausafjárhundruðum, svo þessi aukni kostnaður getur ekki lagzt þungt á Vestmannaeyjar, þar eð þar eru svo fá lausafjárhundruð, og því lítið tillag goldið til amtsjafnaðarsjóðs; en þó svo væri, að þyngri gjöld legðust á þær til amtsjafnaðarsjóðs, þá er þeim það engin vorkunn, því þær hafa hingað til sloppið svo vel undan öðrum gjöldum.

E. Th. Jónassen: Jeg skal að eins leyfa mjer að bæta því við orð hæstv. landshöfð., að Vestmannaeyjar gjalda nú 7 til 8 krónur árlega í jafnaðarsjóðsgjald, en eyjabúar eru 600 manns að tölu, svo þeim mundi eigi geta orðið það tilfinnanlegt, þó það væri dálítið meira.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 8 atkv. gegn 1, og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til lagu um söla nokkurra *þjóðjarða* (C. 498, 531)); frh. einnar umr.

E. Th. Jónassen: Jeg hef ásamt 2 h. þm. leyft mjer að koma með breyt.till. (C. 531), um, að 3. liður frumv., Meiðastaðir, falli burtu; okkur þykir söluverð jarðarinnar enn of lágt sett. Ástæðurnar fyrir því hafa verið teknar fram við umræðurnar um frumv. þetta um daginn, og síðan hefur söluverðið verið fært upp að eins um 500 kr., svo það er enn of lágt sett, og getum vjer því ekki gefið þeim tölulið atkvæði.

Jakob Guðmundsson: Kunnugustu menn álíta verð þessarar jarðar sett of lágt, og get jeg því ekki annað en trúað þeim til þess, þó að jeg sje því sjálfur ókunnugur. Mjer þætti leitt, ef 3. liður yrði til þess, að frumv. yrði allt fellt, og þar sem allir hafa viðurkennt, að verðið sje ekki rjett ákveðið, legg jeg til, að þessi töluliður verði felldur, og sala þeirrar jarðar látin bíða næsta þings.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 531) samþ. með 8 samhlj. atkv. Frv. (C. 498) með áorðinni breyt. samþ. með 10 samhlj. atkv., og afgreitt til sameinaðs þings.

Fertugasti og áttundi fundur, fimmtudag 22. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til fjárlagu fyrir árin 1890 og 1891 (C. 533, 544, 545); 3. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg hef ásamt 2 h. þingdm. leyft mjer að koma fram með breyt. á þingskj. 483 (C. 544), að við 10. gr. C. 4. bætist nýr stafliður, um að veita sjera Oddi Gíslasyni 300 kr. hvort árið, til þess að halda áfram að leiðbeina mönnum í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum. Jeg skal fyrst geta þess, að stafvilla hefur komizt inn í tillöguna, þar sem stendur stafl. *c*, en á að vera *e*, því stafliðirnir eru þegar 4.

Það er öllum kunnugt, að sjera Oddur Gíslason hefur hin síðari árin gjört mikið til að leiðbeina mönnum í öllu, sem að sjósóknum lýtur, í ræðum og ritum, og hefur verið gjörður að því góður rómur af öllum þeim, sem vit hafa á, og álíta þeir bendingar hans miða til verulegra framfara. Fyrir þetta hefur hann fengið mjög lítið. Hann hefur úr jafnaðarsjóði suðuramtsins fengið ofurlítið upp í kostnað við ferðir og útgáfu smápjesa, samtals 7—800 kr. í 2 ár, en það gerir eigi

betur en borga útlagðan kostnað. Í sumar sendi hann bænarskrá til þingsins um 500 kr. styrk, og fjellst fjárlaganefnd neðri deildar á að veita honum það, en það var fellt í deildinni með litlum atkvæðamun. Jeg hafði því ætlað mjer að koma með till. um þetta við 2. umr., en gleymdi því þá, og þess vegna höfum við leyft okkur að koma fram með till. nú. Jeg held öllum h. þingdm. komi saman um, að þinginu er skylt að styðja sjávarútveginn, sem er einn aðal-atvinnuvegur landsins. En á þessum fjárlögum er litlu fje varið í þessum tilgangi, nema ef menn telja það fje, sem veitt er til sjómannaskóla. Það er því eigi til mikils mælzt, að bæta við þessum 300 kr., og vona jeg, að hver þingmanna geti forsvarað fyrir sjálfum sjer og þjóðinni, að greiða atkvæði með því. Skal jeg svo eigi orðlengja þessi meðmæli mín, því að málið mælir bezt með sjer sjálft.

Sighvatur Árnason: Eins og h. þingm. er kunnugt, hef jeg ekki lengt þingræðurnar mikið í þessu máli, enda hefur afstaða mín og annara nefndarmanna verið þannig, að ekki hefur verið til mikils að rökstyðja tillögur sínar. En jeg skal ekki fara lengra út í þá sálma, enda eru þeir ekkert fallegir. Upprunaleg hugsun mín á þessu þingi var sú, að fara varlega í öll tollmál og skatta, og þar af leiðandi einnig hægt í öll útgjöld. En þegar jeg nú sje, hver niðurstaðan hefur orðið í þinginu, að allháir tollar hafa verið lagðir á land og þjóð, verð jeg að álíta það skyldu mína, að stuðla að því, að það sjáist á, að eitthvert gagn verði að því á hinn bóginn. Liggur því næst fyrir það, sem mest er um vert, að efla atvinnuvegi og samgöngur í landinu. Jeg hreifði því í fjárlaganefndinni, að mjer þætti of lítið lagt til vegabóta á póstvegum landsins, en hvarf frá því aptur, af því mál mitt fekk daufar undirtektir hjá mínum h. meðnefndarmönnum. En jeg get ekki breytt þeirri skoðun minni, að það er lagt allt of lítið til þessa, í móts við það sem með þarf, og í samanburði við þann tekjuauka, sem ætlað er til að tollalögin gefi af sjer. Úr því póstvegir á annað borð liggja á landssjóði, má það sannarlega ekki heita mikið gjald, að leggja til þeirra einar 1600 kr.; hvað vinnst með þeim af öllu því sem ógjört er við póstvegina? Svo að segja ekki neitt. Því auk þess kostnaðaðar, sem þarf til að gjöra eitthvað nýtt, þarf og talsvert fje til að viðhalda því, sem er, og þegar er búið að gjöra; það má alls ekki eyðileggjast. En það er að vísu ótímabær burður, að tala um þetta nú, fyrst engin breyt.till. liggur fyrir í þessa átt; en jeg vildi þó láta þessa skoðun mína í ljósi, að jeg álít, að samgöngumálið ætti að vera fyrsta mál þingsins, bæði það er snertir samgöngur á landi og sjó; búnaðarmál hið annað. Hvað eru afurðir af búskap margra manna með vondum vegum nema hálfvirði? Og sama má segja með verzlun alla yfir höfuð. Hvað eru ferðalög með vondum vegum annað en tjón og tímaspillir frá heimaverkum og allri búsýslu? Þeir, sem til þekkja, vita og kannast við, að aðdrættir á suðurlandi eru ekki lambið að leika sjer við. Hefði breyt.till. legið fyrir í þá átt að veita meira fje til vega og búnaðar, hefði jeg verið manna fúsastur til að gefa þeim atkvæði mitt.

En það vill svo vel til, að þær fáu breyt.till., sem komnar eru, hníga þó í sömu átt, þar sem fyrst er farið fram á að styrkja innlendar gufuskipaferðir kringum landið. Samkvæmt framansögðu mun jeg því gefa þeirri till. atkv. mitt. Sömuleiðis aðhyllist jeg þá till., sem h. 2. kgk. (E. Th. J.) ásamt 2 öðrum þingdm. hefur komið fram með, því að það er nauðsynlegt fyrir efling eins aðalatvinnuvegs þjóðarinnar, sjávarútsvegins, að gefa gaum að bjargráðum þeim, sem síra Oddur Gíslason hefur fundið upp, og sem hann hefir rækilega breitt út á ýmsum stöðum; en

þótt þau sjeu nú þegar orðin mörgum kunn, hafa þau enn þá eigi náð æskilegri útbreiðslu austan fjalls, þar sem þó mest er þörfin á þeim, í brimveiðistöðunum, því svo má að orði kveða, að í Árnessýslu, fyrir Rangársandi og í Skaptafellssýslunum sjeu tómar brimlendingar. Það er því nauðsynlegt, að hann haldi starfsemi sinni áfram, og er ekki til mikils mælzt, þar sem eru þessar 300 kr. hvort árið. Það er ekki til þess ætlandi, að hann haldi áfram og verði eingöngu að leggja fje til þessa úr sínum eigin vasa.

Jakob Guðmundson: H. þm. Rangv. (S. A.) hefur mælt með þessum breyt.till., sem hjer liggja fyrir, svo mikið sem ýtrast var mögulegt á þessu stigi málsins, svo að jeg þarf ekki miklu við að bæta. Jeg er fyrir mitt leyti báðum tillögunum meðmæltur, og skal jeg taka það fram, að það er því meiri ástæða til að styrkja síra Odd í hinum heillaríka starfa sínum, svo að hann þurfi ekki að hætta, sem hann þarf eigi að eins að kosta ferðir sínar og bein útgjöld við verk sitt, heldur þarf hann líka að kaupa þjónustu í embætti sínu þegar hann fer heiman að.

Viðvíkjandi breyt.till. 486 skal jeg bæta því við meðmæli h. þm. Rangv. (S. Á.), að það vakti fyrir oss flutningsmönnum þess, að ef hún fengi framgang, þá mundi þeir tveir flokkar manna, á Ísafirði og hjer syðra, sem tekið hafa að hugsa um gufuskipsfyrirtæki, sameina verk sitt, er sameinaðar væru styrkveitingarnar. Ef þau fjelög legðust bæði á eitt, er líklegt að það með þessu fje, samtals 10,000 kr., hefði einhvern árangur.

Menn hafa tekið fram, að *trafik* væri eigi mikil milli suðurlands og vesturlands. En menn verða þó að gæta að því, að það eru sveitirnar þar á milli sem þurfa samband við hvorutveggja staðinn, og hefðu því mest gagnið af þessu fyrirtæki.

Arnljótur Ólafsson: „Örhæfin mætast", datt mjer í hug, þegar jeg sá breyt. till. á þingskj. 486 (C. 545), sem er viðbót við styrkinn til Ísfirðinga til gufubátsferða, og bar hana saman við síðustu fjárlög. Í síðustu fjárlögum eru að eins veittar 9000 kr. til allra strandferða, en nú eru til hins sama ætlaðar 18,000 kr., að viðbættum 3000, og 7000 kr. síðara árið.

Er nú þessi fjárveiting sprottin eingöngu af því, að síðustu ársfjórðunga hafi verið svo miklar vörur að flytja, að svona mikils þurfi með? Hafa h. tillögumenn reynslu fyrir því, að ef auknar eru strandferðir kringum landið og ferðir milli Íslands og annara landa, sje þörf í meira en helmingi meiru en undanfarin ár? Það væri vit í þessari fjárveiting, ef þeir geta sagt, að meðan lagðar voru 18,000 kr., hafi það sýnt sig, að þær ferðir hefði eigi verið nægilegar, og einkum að það hefði komið fram á síðari árum, að eigi veitti af að tvöfalda styrkinn, til þess að nægði. Því að það liggur í augum uppi, að það er ekki til neins að hafa ferðirnar meiri en þörf er á. Jeg skal vekja athygli manna á því, að flutningur á alþingismönnum, kaupafólki og skólapiltum komst allt mjög vel af þau árin, sem styrkurinn var 18 þúsundir, og mætti þá ætla, að eins gæti verið enn, nema svo sje að komnar sjeu upp einhverjar nýjar vörutegundir, sem flytja þurfi, svo sem fisk frá suðurlandi til norðurlands, sem jeg að vísu veit ekki að sje fáanlegur til. Eða skyldi þurfa að flytja smjör frá norðurlandi til suðurlands? Þess þarf nú ekki, fyrst sunnlendingar mega hafa tilberasmjörið tollaust. Hverjar eru þessar vörur? Hvað á að flytja? Vjer vitum að Ísfirðingar sem eru nafnfrægir fyrir sjómennsku og aðra framkvæmdarsemi, hafa enn ekki komið sjer upp gufubát, þó að 3000 kr. hafa verið veittar til þess árlega. Enn kannske gufuskipsfjelag komist þá upp í Dalasýslu í staðinn, því að þar eru nógir

peningarnir; síður í Rangárvallasýslu, því að lendingarnar eru ekki vel góðar. Aptur á móti er hugsanlegt, að gufufjelag komist á í Skagarfjarðarsýslu, því nú á allt að ganga með gufu. Skrifvjelabákn og gufa á að gjöra allt saman.

En setjum nú svo, að þetta innlenda gufufjelag komist á, sem jeg vil gjöra ráð fyrir, af því að það eru svo miklir menn, sem standa fyrir breyt.till., þá vil jeg spyrja: Er meiningin, að þvinga stjórnina til að láta landshöfðingjann hafa þetta fje til umráða? Eða er meiningin sú, að stjórninni skuli heimilt að láta landshöfðingja hafa þetta fje til meðferðar? *(Jón Ól:* Hún gjörir það með staðfestingu laganna!). Er stjórnin skyldug til að veita þetta fje til hvers innlends gufuskips, sem upp kynni að koma, þótt ekki væri nema bátur með 10 hesta krapti eða minna, eða á þetta að eins að vera leyfi, eins og leyfi til að selja þjóðjarðir? Um þetta vildi jeg mega æskja úrlausnar.

Jakob Guðmundsson: Jeg get með engu móti skilið sumt af ræðu h. 5. kgk. þm. (A. Ó.), þó honum sje vanalega lagið að tala svo það geti skilizt. Þar sem hann sagði, að eigi mundi þörf á auknum gufuskipaferðum kringum landið, af því flutningar væru svo litlir, þá vil jeg minna hann á, að öll þau ár, sem gufuskipafjelagið hafði 18 þús. kr. úr landssjóði, kvörtuðu bæði landsmenn og þingið um, að þær ferðir, sem fengust, væru ónógar, af því gufuskipin neituðu að fara inn á suma firði, sem þó var álitið bráðnauðsynlegt. Jeg get nefnt sem dæmi Borðeyri. Þar hafa þó ensk skip farið inn bæði fyr og síðar, og þau stærri en nokkur af þeim skipum, sem gufuskipafjelagið hefur í förum hjer við land. H. þm. (A. Ó.) verður að gæta að því, að það er eigi að eins útlendar vörur, er verður að flytja hjer til lands og kringum strendur þess, heldur einnig innlendar vörur frá einum stað á annan, svo landbændur og sjávarbændur nái höndum saman og geti skipzt á vörum. H. þm. (A. Ó.) sagði, að slíkir flutningar gætu að eins átt við smjör og fisk; eins og eigi sjeu aðrar vörur til hjer á landi en fiskur og smjör, og fyrir þessar tvær vörur eigi þörf á auknum flutningum, af því að fiskur fengist eigi! Það er þó skrítið, að hann skuli koma með aðra eins lokleysu; að minnsta kosti hef jeg keypt saltfisk og átt kost á að fá eins mikið af honum og jeg hefði viljað hjer sunnan að. Það er eins gott og betra en að kaupa harðfisk vestan undan Jökli; en þar sem hann sagði, að eigi væri þörf á að flytja smjör, af því menn hefðu leyfi til þess að kaupa og jeta *tilberasmjör*, þá er jeg viss um, að menn mundu þakka fyrir að geta fengið betra smjör með sama verði eða ódýrara; og víst er um það, að á Ísafirði mundi það koma sjer vel á vorin, þegar þeir eru þar tilberasmjörslausir. *(L. E. Svb.*: Hafís!). Það er eigi æfinlega hafís, allra-sízt milli suður- og vesturlands, og ef skipið kæmist eigi norður um, gæti það farið að sunnanverðu. Ef það væru fleiri ferðir, mundu meiri vörur bjóðast til að flytja. *(L. E. Svb.*: Nei!). Það dugar eigi að neita því, að margir vildu selja miklu meira, ef þeir gætu, en kostnaðurinn við flutninginn á hestum er svo mikill, að það er ógjörningur fyrir kaupandann, að nálgast vöruna, fyrir dýrleik. Það væri heppilegt, ef þessar tvær gufubátshreyfingar, hjer og fyrir vestan, breyttust í eina hreyfingu; þá væru meiri líkindi til, að þær fengju afl til þess að ryðja sjer braut. Það er eigi af framkvæmdaleysi, að Ísfirðingar eru eigi komnir lengra áleiðis með áform sitt, heldur af því, að þeir hafa staðið einir uppi, og þá hefur vantað fje. Þessi 3000 kr. styrkur, sem þeim hefur verið ætlaður á fjárhagstímabilinu, hefur verið of lítill. Jeg skal taka sem dæmi, að nú liggur ósköpin öll af hval á Vesturlandi, sem verður þar ónýt-

ur og að engu, af því það vantar gufuskip til þess að flytja hann í aðra landshluti, til þess að koma honum í verð; þannig getur verið gnægð matvæla, og svo að þau liggi við skemmdum, í einni sveit, en matarleysi og sultur í hinni, af tómu samgönguleysi, alveg eins og hjá skrælingjum. Vjer vitum líka, að það getur verið mokfiski á einum firði en aflalaust á hinum næsta, en engu verður komið á milli fyrir samgönguleysið. H. 5. kgk. (A. Ó.) hjelt, að eigi væri um annað að gjöra en fisk og smjör, sem mætti flytja með þessum strandferðum; en eins og jeg sagði áðan, þá er um margar fleiri vörur að gjöra. Hvað segir hann um kjöt? Ætli væri eigi hægt að flytja það? Jeg er alveg sannfærður um, að það væri betra fyrir okkur að flytja minna út af lifandi sauðfje, en selja meira af kjöti og tólg til sjávarbænda; og þó jeg viti, að það sje mikill hagur, að selja til útlanda, þá veit jeg, að h. þm. (A. Ó.) er svo góður hagfræðingur, að hann veit, að innanlands-verzlunin er eigi síður til hagnaðar fyrir landið en verzlunin við önnur lönd, heldur opt og tíðum enn meira hagræði. Háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) sagði, að það gæti eigi staðizt, að þingið veitti landshöfðingja til umráða fje til þess að styrkja gufubátsferðir hjer við land; en því getur það eigi eins staðizt, eins og að hann á að sjá um útbýtingu á því fje, sem veitt er til búnaðarskóla og annara búnaðarlegra framfara? Það er eigi meiri ástæðu til að stjórnin sje því mótfallin, að landshöfðingi hafi þetta fje til umráða, og þegar fjárlögin eru staðfest af konungi, er landshöfðingja fengið fjeð til löglegra umráða, og því getur enginn haft á móti, hvorki stjórnin, þingið eða h. 5. kgk. (A. Ó.) sjálfur.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 483 (C. 544) samþ. með 10 samhlj. atkv.

Breyt.till. 486 (C. 545) samþ. með 8 samhlj. atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj., og sent til Nd.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 519, 527, 528, 543, 545); 3. umr.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón A. Hjaltalín): Eins og menn muna eptir, fór svo við atkvæðagr. síðast, að það misstist úr frumv. þessu nauðsynleg grein, um skipun efri deildar. Nú höfum við 2 úr meiri hluta nefndarinnar, sem nú er orðinn minni hluti, leyft oss að koma með sömu grein aptur á þingskj. 465 (C. 527), sem var í nefndarálitinu, því við fundum eigi annað, sem við gætum sett í staðinn og verið ánægðir með. Aptur hefur meiri hluti nefndarinnar, sem nú er orðinn, og einn h. þm. að auki komið með aðra till. á þingskj. 466 (C. 528), sem nú liggur fyrir deildinni að segja álit sitt um með ræðum og atkvæðagreiðslu.

Jeg vil heldur mæla með breyt.till. okkar tveggja á þingskj. 465; en mjer finnst engin frágangssök að ganga að breytingartillögunni á þingskj. 466, ef okkar fellur. Enn fremur hefur einn h. þm. komið með breyt.till. á þingskj. 478 við breyt.till. á þingskj. 466, og skal jeg benda mönnum á, að 2. liður fer að eins fram á að leiðrjetta það, sem átti að standa í breyt.till. meiri hlutans, og er því sjálfsagður, ef hún kemst að, en breyt.till. undir tölul. 1 og 3 finnst mjer þýðingarlitlar, en meinlausar. Jeg skal og geta þess, að orðin: „með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari“, sem samþykkt var að fella úr 3. gr. frumv, við 2. umr., hafa verið tekin úr á öðrum stað en átti að vera.

Jakob Guðmundsson: H. framsögum. (J. A. Hj.) hefur tekið fram aðaltilgang breyt.till. minnar; hún er ekkert annað en leiðrjetting og skýring á breyt.till. nr. 466, en jeg álít samt, að hana verði að bera upp til atkvæða á undan.

Friðrik Stefánsson: Við þessa síðustu umræðu þessa máls hjer í deildinni vil jeg láta í ljósi skoðun mína um það, sakir afstöðu minnar við það.

Eptir afdrif þess á þingi 1887, þá komu fram beiskar raddir í sumum dagblöðum vorum um hina svo kölluðu minni hluta menn, bæði mig og aðra; en meir voru það harðyrði en skýring á málinu, og hef jeg eigi og mun eigi láta það neitt á mig fá, eða breyta stefnu minni nje sannfæringu í þessu máli. Jeg skal einnig geta þess, að á þingmálafundi, sem vjer þingmenn Skagf. höfðum boðað í Skagafirði á næstl. vori, mættu: sýslumaðurinn og 12 bændur, og einn einhleypingur eða lausingi, og auk þess nokkrir af Sauðárkróksbúum, því þar var fundurinn haldinn. Fundurinn mátti því heita mjög fámennur, í jafnfjölmennu kjördæmi sem Skagafjarðarsýslu, og af þeim 12 bændum, sem jeg nefndi, voru 7 sýslunefndarmenn, því sýslunefndarfundur var haldinn á undan þingmálafundinum sama daginn. En hefðu nú kjósendur mínir verið óánægðir með framkomu mína í þessu máli á síðasta þingi, þá hefðu þeir fjölmennt á fundinn, til að láta vilja sinn í ljósi, því það er mjög víða óhægra að fjölmenna til funda heldur en í Skagafjarðarsýslu. Jeg segi þetta eigi af því, að Skagfirðingar vilji vera eptirbátar annara, sem fylgja máli þessu fram á hyggilegan hátt, heldur af því, að flestir hinna beztu manna þar vilja fara hófsleiðina, enda mun sú leiðin, að leita samkomulags, vera farsælust og affarabezt fyrir oss, fyrir þá þjóð, sem eigi getur rekið rjettar síns eða vilja með öðru bitrara vopni. Mjer sýnist eigi ráðlegt, að ætla sjer að stökkva frá hinu lægsta stigi til hins hæsta; hitt mun affarabetra, að feta sig áfram, og það kann þá að takast að stika stórum á milli. Þess verður ætíð að gæta, að „traustir skulu hornsteinar hárra sala", áður en farið er að hreykja byggingunni hátt í lopt upp, því allir loptkastalar hrynja. Og það rjeð Friðrik konungur 3. Kristjáni 5., syni sínum, um Peter Schumacher, að gjöra hann að miklum manni, „en smátt og smátt". Mín skoðun er það, að litlu mundi nú muna í reyndinni, eptir því sem hjer er farið fram á, frá því, ef við hefðum fengið sjerstakan ráðgjafa, sem hefði að eins vor sjerstöku mál til meðferðar og sem mætti á alþingi með fullri ábyrgð gjörða sinna. Það hefði jeg álitið töluverða bót, og að við þannig mundum hafa náð takmarki því, sem þetta stjórnarskrárfrumv. fer fram á að miklu leyti; í öllu falli er það mitt álit, að þannig nái maður fyr takmarkinu, heldur en með þeirri aðferð, sem höfð hefur verið, því sje hófsvegurinn haldinn, treysti jeg því, að allt stjórnarfar vort breytist til þeirra bóta, sem þörf er á. Bæði h. framsögum. (J. A. Hj.) og fleiri h. þm. eru búnir að taka fram kost og löst á frumv. þessu, og skal jeg eigi fara að taka það upp aptur; en jeg verð þó að geta þess, að jeg skil eigi, hvað á að gjöra með þessa 3 ráðgjafa, sem eru í hverju stjórnarskrárfrv.; því öðruvísi verða þau ekki skilin, þó 3 ráðgjafar sjeu ekki beinlínis nefndir. Mjer er óskiljanlegt, að þeir þurfi að koma 3, í staðinn fyrir einn landritara. *(Sighvatur Árnason* stakk einhverju að ræðumanninum í hálfum hljóðum). Jeg heyri eigi, hvað h. þm. Rangv. (S. Á.) er að mögla, enda skiptir það litlu; því hann má, mín vegna, í þessu máli, vefja sig í gyllini-skýjum hugmynda sinna upp í 7. himni fyrir mjer; jeg ætla mjer eigi að fylgja honum þangað; en tek það fram aptur um ráðgjafana, að ef menn vilja af nema óþörf embætti, eins og rjett er, þá finnst mjer vjer ættum eigi að vera að stofna ný óþarfa-embætti. Jeg er hræddur um, að þjóðin mundi segja nei við þeirri ráðsmennsku.

Það sem jeg nú hef tekið fram, er skoðun mín á þessu máli, sem jeg vildi

láta í ljósi áður en frumv. yfirgæfi þessa h. deild og færi til neðri deildar. Að öðru leyti vona jeg, að sú miðlunarstefna, sem hjer í deildinni hefur verið tekin í málinu, geti orðið farsæl, og stuðlað að góðu samkomulagi milli beggja deilda alþingis og milli þjóðar og stjórnar.

Jakob Guðmundsson: Mjer kom á óvart, að h. þm. Skagf. (Fr. St.) skyldi fara að rifja upp gamalt ósamkomulag. Það ætti að varast eins og heitan eld á þessu stigi málsins. Það er eigi til annars en að setja gremju í fólk og gjöra allt samkomulag ómögulegt. Jeg kann eigi við, þegar verið er að tala um, að þjóðin hafi barið þetta mál blákalt áfram og barið höfðinu við sama steininn, því það vita allir, að það er eigi sannleikur. Því þingið og þjóðin hefur allt af verið að smá breyta og hliðra til. Það var náttúrlegt, að fyrst væri komið með það, sem menn helzt óskuðu, en svo hafa menn verið að laga það eptir því, sem stjórnin eða hinir svo kölluðu stjórnarþingmenn hafa fundið að því, sem fyrst kom fram; við höfum allt af verið að miðla málum, og jeg veit og vona, að stjórnin verði svo sanngjörn, þegar hún sjer að við erum að fikra oss til samkomulags við hana, að hún breiði út sinn móðurlega faðm móti okkur. Það er ómögulegt, að henni geti verið það geðfellt, að við sjeum allt af að bisa við þennan Sisyfus-stein, sem allt af veltur af brún ofan í fang oss, og að við eyðum þannig efnum vorum til ónýtis. Jeg get eigi ætlað stjórninni svo illt, að hún eigi óski, að Íslendingum líði vel; en annað mál er það, hvort hún sjer það, sem er oss fyrir beztu; það sjáum vjer betur sjálfir, af því við þekkjum betur til, en jeg efast eigi um hinn góða vilja stjórnarinnar, og að með hennar góða vilja hafist eitthvað áfram, þó stjórnarskráin verði að nátttrölli á þessu þingi og dagi uppi. Jeg er sannfærður um, að þessi tilraun leiðir til samkomulags fyr eða síðar milli þings og stjórnar. Það getur eigi verið stjórninni geðfellt, að vita af þessum spenningi milli þeirra, sem eru hennar hjer á landi, og þjóðarinnar, manna, sem allir mundu elska, hvað sem þeir heita, hvort sem þeir heita Lárus eða Havsteen eða annað, ef þeir stæðu eigi svo ófugir við þetta Sisyfusbjarg, sem við höfum nú um hálfa öld verið að bisa við; því það játa allir, að þessir menn standa vel og sómasamlega í stöðu sinni sem embættismenn. Mjer finnst því allir ættu að leggjast á eitt, hvaðan sem þeir koma, hvort sem þeir koma að sunnan, norðan, austan eða vestan, hvort sem þeir eru þjóðkjörnir eða konungkjörnir, og af fremsta megni að stuðla að samkomulagi; það mundi verða þjóðinni fyrir beztu.

Jón Ólafsson: Jeg ætlaði mjer alla eigi að tala um mál þetta nú, því jeg hugði það mundi vera útrætt um það að þessu sinni. Þess vegna kom mjer á óvart, þegar h. 2. þm. Skagf. (Fr. St.) reis upp til að beinast á móti frumv. þessu, sem hann hefur þó talizt að vera með þangað til nú. Það verð jeg að segja að sje á 11. stundu ráðið, eða seinna, að ráðast nú á móti eða lýsa óánægju sinni yfir sínum eigin handaverkum, og get jeg eigi skilið, að það verði til þess að greiða framgöngu málsins. En vegir þm. Skagf. (Fr. St.) eru löngum krókóttir. Eins og h. framsögum. (J. A. Hj.) gat um, þá fjell burt úr frumv. við 2. umr. þess ein nauðsynleg grein, sem nú á að reyna að bæta úr með breyt.till. þeim, sem hjer liggja fyrir. Tveir af meðnefndarmönnum mínum hafa lagt til, að taka þá grein nefndarinnar upp aptur, sem felld var um daginn; en jeg ásamt þremur öðrum h. þm. hefi komið með aðra breyt.till., sem fer miðja vegu milli frv.gr., eins og hún var, og breyt.till. nefndarinnar, af því mjer finnst eigi líklegt, að deildinni væri geðfeldara að samþykkja þá sömu breyt.till. *nú*, sem hún felldi um daginn. Við uppá-

stungumennirnir vonum, að deildinni muni eigi þykja óaðgengileg þessi skipun efri deildar, sem breyt.till. *vor* fer fram á. Hún heldur þeirri frumreglu, sem hingað til hefur gilt um skipun efri deildar, bæði meðan alþing var ráðgefandi og síðan, að deildin sje að nokkru leyti þjóðkjörin, en að nokkru leyti stjórnkjörin. og jeg ímynda mjer, að það geti eigi orðið neinn sjerlegur ásteytingarsteinn. Annars væri æskilegt að heyra álit hæstv. landsh. um, hvort hann muni álíta, að það skipulag efri deildar, sem tillaga mín fer fram á, geti orðið nokkur þröskuldur á vegi frv. í augum stjórnarinnar. Jeg þykist raunar vita, að hann geti eigi sagt annað en sjálfs sín skoðun, en jeg áliti næsta mikilsvert að heyra hana. Eins og jeg þegar hef tekið fram, hefur þessi breyt.till. okkar það til síns ágætis, að hún fer meðalveginn milli þeirra uppástungna, sem hafa verið felldar; en jeg vona, að hvora breyt.till., sem menn nú vilja aðhyllast af þeim tveimur, sem hjer liggja fyrir, þá muni þær samkomulagstilraunir, sem menn hafa gjört hjer í deildinni í sumar, hafa góðar og heillaríkar afleiðingar. Jeg þakka þeim af h. meðnefndarmönnum, sem sýnt hafa samkomulags-viðleitni, fyrir hinn góða vilja, sem þeir hafa sýnt, og fyrir það drenglyndi og einlægni, sem jeg hefi átt að mæta af þeirra hendi, einkum h. 2. og 6. kgk. þingmönnum (E. Th. J. og J. A. Hj.), sjerstaklega mínum h. sessunaut (J. A. Hj.), sem öllum öðrum fremur í þessari deild á heiðurinn skilið fyrir, að málið er komið á þann rekspöl, sem það nú er. En jeg verð að segja það, að árangurinn væri eigi nema hálfur af einlægri viðleitni og allmiklu starfi vor allra í sumar, ef málið fjelli nú hjer í deildinni, því þá fyrst væri verulega mikið unnið, ef stjórnin hefði til álita samþykkt frumv. hvorrar deildar um sig; hún gæti þá látið í ljósi, hverju hún vildi ganga að og hverju eigi. Og það vona jeg, að ef frumv. kemst nú niður í neðri deild aptur, þá muni sú deild finna svo mikið og verulegt nýtilegt af því, sem deildin hjer hefur komið fram með, að ágreiningsatriðin í þessu máli milli deildanna verði færri eptir en áður, og vjer þannig samkomulagi nær en nokkru sinni áður hefur verið. Ef svo færi, þá tel jeg mikið unnið og sumarstarfið gott, þó eigi yrði meira í þetta sinn. Jeg hef heyrt, að okkur þjóðkjörnu mönnunum hjer í deildinni hefur verið legið á hálsi úr sumum áttum fyrir þessa viðleitni vora að ná samkomulagi; en jeg læt mig það litlu skipta. Jeg sagði hjer í deildinni 1887, að svo lengi, sem jeg fyndi enga samkomulagsviðleitni frá andmælendum vorum, mundi jeg halda hinni sömu stefnu beint áfram, án þess að víkja til hægri eða vinstri; en svo framarlega sem þeir sýndu nokkra samkomulagsviðleitni, skyldi enginn verða fúsari og einlægari en jeg til að rjetta höndina til samkomulags *svo langt sem framast væri auðið*. Þetta voru mjer engin látalæti þá, heldur einlæg alvara; um það vona jeg að framkoma mín í sumar beri mjer vott. Eins sýna þessi orð mín 1887, að mjer er það ekki nýtt, að óska samkomulags, sem gæti leitt til heillarikra málalykta. Jeg er einnig að því leyti samur nú sem þá.

Landshöfðingi: Það er einungis eptir áskorun h. þm. S.-Múl. (J. Ól.), sem jeg vil gjöra stutta athugasemd.

H. þm. (J. Ól.) spurði, hvort jeg áliti breyt. 4 þingm. við 20. gr. frv. á þingskj. 466 þess eðlis, að hún út af fyrir sig — ef frumv. að öðru leyti væri aðgengilegt — gæti orðið þess valdandi, að frv. næði ekki staðfestingu. Eins og jeg hef tekið fram áður, hef jeg ekki getað leitað álits ráðgjafans um breytingar þær, sem gjörðar hafa verið á frumv. þessu, svo að jeg get ekki sagt neitt af eða á um, hvern byr þær muni geta fengið. En jeg ímynda mjer, að stjórnin muni leggja

mesta áherzlu á, hvernig löggjafarvaldinu er komið fyrir í frumv., en minni áherzlu á það, hvernig efri deild þingsins er samsett, ef hún að eins er ekki samsett á sama hátt, sem neðri deild. Jeg álít því, að ef ekki væru aðrir agnúar á frumv. þessu, heldur en þessi samsetning efri deildar, sem breyt.till. á þingskj. 466 fer fram — en jeg neita því ekki, að aðrir agnúar kunni að vera á frumvarpinu — þá hygg jeg, að þessi tilvonandi 20. gr. muni ekki verða ásteytingarsteinn fyrir frumv.

Arnljótur Ólafsson: Frumv. þetta hefur áður rætt verið, bæði í heild sinni og einstökum greinum þess; það liggur því eigi annað fyrir nú, en að bera saman till. meira og minna hlutans um hina tilvonandi 20. gr. þess. og í öðru lagi: hver árangur vjer getum hugsað oss að verði af því, að mál þetta er svo undirbúið nú, að það kunni að hafa betri vonir um framkvæmd síðar meir.

Þegar jeg nú í fyrsta lagi ber saman breyt.till. á þingskj. 465 og 466, þá finnst mjer hvor þeirra um sig hafa sinn kost og einnig hvor sinn galla. Það tel jeg kost við till. á þingskj. 466 — frá 4 h. þm. — að kosningin til efri deildar er þjóðlegri eptir hugsun þjóðarinnar nú, og venju þeirri, sem nú er hjer hjá oss, þar sem eptir henni eigi eiga að verða nema 4 þingmenn deildarinnar konungkjörnir og síðan jarlkjörnir, en 8 þjóðkjörnir með þreföldum kosningum, þar sem fyrst er kosin sýslunefnd, er aptur kýs amtsráðsmenn, sem svo enn aptur kjósa þingmenn. Þetta kalla jeg kost við þá tillögu.

Aptur á móti munu menn eigi una því vel, að öll efri deild sje jarlkjörin, svo sem farið er fram á í þingskj. 465. Vjer Íslendingar erum eigi vanir því, að lesa stjórnarskrár annara þjóða ofan í kjölinn. Menn vita það, að efri deildin í þingi Engla er öll konungkjörin. *(J. Ól.:* Nei!). Jú, hvenær sem Englakonungur vill, getur hann „creerað", eða búið til lávarða. og fá þeir þá þegar sæti í efri deild. *(J. Ól.:* Það mæta á þinginu einnig kosnir lávarðar frá Írlandi og Skotlandi). Jú, að vísu, en þeir eru kosnir af stjettarbræðrum sínum og fyrir því fulltrúar þeirra æfilangt. Ef vjer nú vildum taka upp þetta fyrirkomulag Engla með samsetning efri deildar, þá ættum vjer og að taka eptir þeim, að alþingi hafi eigi frv.-rjett í fjármálum; neðri málstofan á Englandi — um efri málstofuna er eigi að ræða í fjármálum — getur eigi stungið upp á tollum, sköttum nje öðrum álögum, nje heldur fjárbeiðslum fram yfir það, sem stjórnin biður um sjálf. Þar koma eigi frá þingmönnum fram bitlingar, svo sem til að flytja smjör, fisk og annað þess háttar.

Ef vjer og berum saman hið þriðja atriði, um löggjafarvaldið, þá hefur málþing Engla og æðsta vald yfir allri löggjöf nýlendnanna; það getur bæði numið úr gildi öll lög nýlendnanna og sett lög svo, að öll lög nýlendnanna, er koma í bága við þau lög, sjeu úr gildi felld.

Þetta eru þau þrjú atriði, er þjóðmálagarpar vorir hafa eigi tekið upp í frumv.. og getur ekki þótt þau viðunandi, enda þótt þeir verði að játa, að nýlendur Engla hafa blómgazt undir þessu stjórnarfyrirkomulagi öllu betur en Ísland. Nei, en vjer viljum þó fegnir fara til Kanada, og vjer höfum farið það svo mjög á síðustu árum, að innbúar landsins fjölga eigi, heldur fækka.

Jeg hef það á mót till. á þingskjali 465, að jeg hygg, að það sje ekki til neins að taka upp eitt einasta atriði úr stjórnlögum Engla; það getur aldrei orðið vinsælt hjer nje heldur orðið oss til framfara. *(Jak. G.:* Heyr!). Þó vil jeg heldur gefa þeirri breyt.till. atkvæði mitt; en það gjöri jeg eingöngu í því skyni, að

gefa h. neðri deild tækifæri til að breyta frumv. í þjóðlega stefnu. Eitthvað verður hún að hafa til að breyta, því ekki getur hún verið þekkt fyrir að samþykkja frumv. efri deildar óbreytt. Með allri virðingu fyrir þeim þjóðfrelsismönnum hjer, er fjallað hafa um frumv., munu þjóðfrelsismenn Nd. þurfa að hafa bróðurpartinn af breytingunum í þjóðlega stefnu. Vegna þessa ætla jeg að gefa breyt.till. á þingskj. 465 atkvæði mitt. *(Jak. G.*: Ljeleg ástæða!). Það getur verið, en það er nú svona fyrir mjer. Jeg hef sagt það og segi það enn, að ekkert gagnlegt sje unnið með frumv. þessu í heild sinni, hvort sem breyt.till. 465 verður ofan á hjer eða hin 466. Að því er löggjafarvaldið snertir, sje jeg ekki annan mun á því, sem nú er, en þann, að þá getur landshöfðingi gjört það án sjerstaks brjefs í hvert skipti, sem hann gerir nú með sjerstöku umboðsbrjefi í hvert sinn, svo sem t. a. m. að setja þing, lengja þing og slíta því.

Og hvernig sem fer, verður efri deildin eptir frumv. þessu, hvor breyt.till. sem tekin er, íhaldssamari en nú. *(J. A. Hj.*: Það er nú kostur). Já, frá voru sjónarmiði, en ekki skoðað frá þjóðfrelsismanna sjónarhæð. Jeg veit því ekki, hvað það getur verið í þessu frumv., er veldur því, að frumv. þetta gengur í augu Nd. Það skyldi vera þetta svo kallaða bákn. Á jeg að ætla, að þessi tróverski trjehestur, báknið, gangi svo í augu Nd., að hún fallist á frumv.? því að ekkert þjóðfrelsi nje mannrjettindi gefur frumv. fram yfir það, sem vjer höfum nú. Það eru aptur á móti stofnuð þrjú ný embætti, allt að því þrír ráðgjafar settir á laggirnar, eins margir skrifstofustjórar og svo fjöldi skrifara. En jarlinn, hann er settur sem dýrðarkóróna upp yfir bákninu, svífandi í loptinu eins og Seifur, og skrifar að eins nafn sitt undir lagaboð og hallærislán. Eptir lagaboði, sem kom fram á þingi 1886, átti þessi konungsímynd að hafa 14 þús. króna laun bara fyrir það, að gera ekki neitt. Þetta er nú framförin. Menn svara mjer: ráðgjafarnir hafa fulla ábyrgð fyrir þinginu. En engin ábyrgð er í frv., ábyrgðin er ófædd, og hvenær kemur hún? Hún á að verða sett með lögum, er konungkjörin eða jarlkjörin svo og amtsráðskjörin efri deild samþykkir. Mikil er tryggingin!

Nú vantar og launalög handa skrifstofum, ráðgjöfum og jarli, sem einnig verða að ganga í gegnum sama hreinsunareld. Í frumv. stendur, að einn af ráðgjöfunum skuli vera æðstur; æðstur af tveimur er ekki rjett mál, fyrir því hljóta ráðgjafarnir að verða minnst 3, en fleiri mega þeir ekki verða.

Jeg er á því, að þjóðframfarir sjeu minnst komnar undir prentuðum stjórnarskrám. Frakkland hefur skipt um stjórnarskrá svo tugum skiptir á síðustu og þessari öld; sama er að segja um Spán. Deilur skapast; tilraunir og barátta um að reka ráðgjafana frá og að ná sætum þeirra; sumir fá eptirlaun, aðrir tignarsess. Englar hafa byggt sín stjórnarlög á mannrjettinum: 1., að allir eru jafnir gagnvart lögunum, hvort sem þeir eru æðri eða lægri, og 2., að hver verður að svara til þess, sem hann hefur afbrotið, en enginn getur borið fyrir sig skipun annara.

H. þm. Skagf. (Fr. St.) talaði um, að vjer værum ekki fleiri en 70 þús. manns. Vjer þykjumst því góðir, ef vjer getum tekið einn fleyg upp úr stjórnlögum Kanadamanna, sem eru um 5 miljónir að tölu, og erum vjer þannig $^1/_{70}$ partur þeirra. Vorar árstekjur nú nema eigi fullum 400 þús. króna árlega, en þeirra árstekjur hafa verið 30 miljónir, og líklegast töluvert meira nú. Þeir hafa ráð á því, að hafa bákn og kosta gullhálsa; þar er fylkjastjórn og margbrotin hjeraða-

stjórn, og meira en hallærislán eingöngu, sem ráðgjafarnir hafa um að vjela.

Jeg vil nú að síðustu vitna til mjer vitrari manna og sem eru eins lærðir eins og h. þm. í þessari deild. Það er þá fyrst hinn nafnfrægi sagnfræðingur Englendinga Henry Thomas Buckle. Þegar hann er búinn að sýna, að allt verk stjórnarinnar, hversu ágætt sem vera kann, sje til einskis, ef þjóðin sjálf fylgir ekki með, þá segir hann: „Það væri axarskapt, það væri tál við alla heilbrigða skynsemi, að tileinka löggjöfinni nokkra hlutdeild í framför þjóðarinnar". Síðan segir hann: „Menn þekkja nú almennt þann mikla sannleika, að það sje eitt af aðalskilyrðunum fyrir þjóðheillinni, að stjórnendurnir hafi næsta lítið vald, og að þeir skuli fara mjög gætilega með þessu valdi sínu".

Í annari bók: Sögu stjórnfræðinnar og siðfræðinnar, eptir frægan franskan mann, Paul Janet, er hlaut verðlaun fyrir það rit sitt af vísindafjelaginu franska — segir svo: „Það tjáir lítt að setja upp þetta eða hitt stjórnarlag, ef menn byrja eigi á því, að tryggja hið eðlilega frelsi hvers landsmanns gegn ofvaldi (harðstjórn) landsvaldsins, hvert skipulag sem landsvaldið svo hefur". Hinn sami maður segir og: „Landsvaldið er einveldi, hver svo sem er höfðinginn, hvort heldur hann heitir konungur, lendir menn eða alþýða, ef vilji hans eins skapar lögin, veitir rjettinn, leggur á skyldurnar".

Að síðustu skal jeg tilnefna heimspekinginn H. Spencer; hann segir: „Hið hugsýnilega hlutverk (Ideal) landsvaldsins er það, að gjöra sem minnst, en að landsmenn gjöri sjálfir sem mest".

Ef vjer í löggjöf vorri byrjum sem Englendingar á mannrjettinum og mannfrelsinu, en þröngvum eigi rjetti manna með þurrabúðarmannalögum, ellistyrkslögum, heyásetningasamþykktum o. s. frv., þá er rjetti vorum og frelsi betur borgið, heldur en þótt vjer samþykkjum stjórnarskrárfrv. á hverju þingi.

Friðrik Stefánsson: Öll hin langa og snjalla ræða h. þm. Dal. (J. G.) var um samkomulag; en honum líkaði miður, að jeg skyldi minnast á „gamalt ósamkomulag"; en það er öllum ljóst, að það átti sjer fullkomlega stað; en þar sem jeg nefndi það samkomulag, sem nú væri, líkaði honum vel; með öðrum orðum: h. þm. Dal. (J. G.) vildi ekki hafa nema hálfan sannleika þessu máli viðkomandi.

H. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að jeg hefði beinzt að frumv. Jeg skal svara því svo, að ef jeg hefði ætlað mjer að ráðast á frumv., þá mundi jeg hafa gjört það með öðrum orðum heldur en jeg viðhafði í ræðu minni.

Að öðru leyti er það árangurslaust, að þingmenn sjeu að setja hver öðrum reglur um, á hvern hátt þeir láti í ljósi skoðun sína. Jeg læt engar reglur setja mjer, og tala jafnt eptir sem áður, með fullri einurð og hreinskilni, skírt og skorinort. Eins og jeg hef áður tekið fram, að ef jeg hefði ætlað mjer að ráðast á frumv. þetta, hefði jeg gjört það á allt annan hátt en orð mín fjellu áðan. Þetta var því óþarfa-viðkvæmni frá hálfu h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) fyrir þessu fóstri hans og okkar annara nefndarmanna.

Sighvatur Árnason: Jeg get tekið undir með h. þm. Skagf. (Fr. St.) að því leyti, að jeg hef eiginlega úttalað um þetta mál; en af því hann gaf tilefni til þess, þá vil jeg minnast á það fáum orðum. Skoðun mínni á þessu frv., sem má heita ný stjórnarskrá, af því aldrei hefur komið fram svona lagað frv., henni hef jeg lýst; en þar sem h. þm. talar um hófstefnu í þessu máli, sem hann rjeð mönnum til að fylgja, og sem hann sagði að gerði muninn á þessu frv. og frv. Nd., þá vil jeg biðja hann um að skoða betur þessa hófstefnu, og vita hvort hann eptir ná-

kvæma íhugun finnur eigi rjettara að gefa stefnunni nafn gagnstætt því, sem hann ætlar; nefnil. að stefna þessa frv. sje allt annað en millivegur milli frv. Nd. og þeirrar stjórnarskrár, sem við höfum; frv. þetta er apturfararstefna frá því sem vjer höfum; einkum vil jeg biðja hann um að gá vel að 6. og 7. gr. frv., hverja hófstefnu hann finnur þar. Jeg held að bæði kjósendur h. þm. Skagf. (Fr. St.) og aðrir landsmenn muni ekki verða honum þakklátir fyrir framkomu hans hjer í þessu máli; að minnsta kosti mun honum koma bezt að breyt.till. sú komist að, sem hann ásamt með fleirum hefur skrifað undir; annars er jeg eigi viss um, hvaða viðtökur hann kann að fá hjá kjósendum sínum. Sendingu þá, sem h. þm. sendi mjer, kannast jeg ekki við, og leyfi jeg mjer því, að senda honum hana aptur og leggja á hans eigin disk, í þeirri von, að honum muni heppnast, að renna henni niður. Af því að jeg er ekki viss um, að málið strandi hjer í deildinni, sem jeg helzt óska, eins og það nú er orðið, þá mun jeg gefa atkv. með breyt.till. á þingskj. 466, því þær gera talsverðar lagfæringar á frv. á þeim stað, sem þær eiga við, en samt er langt frá því, að jeg aðhyllist frv. sjálft; til þess vantar það miklar lagfæringar bæði á 6. og 7. gr. o. fl. Í þessum tveimur gr. frv. er fólgið hið mótsetta því, sem landsmenn um undanfarin ár hafa farið fram á, og í þeim liggur allt annað en er í hinu upphaflega stjórnarbótarfrv. Nd., sem fer fram á að fá yfirstjórnina inn í landið, sem einhverja þýðingu hefði; en eins og þessar gr. líta núna út, þá er alveg vikið út af þessari stefnu, og með þeim fæst ekkert annað en stjórn, sem að vísu er í landinu sjálfu, en sem ekki hefur nokkra þýðingu í þá átt, að fá vissu fyrir því, að hin æðsta yfirstjórn verði meir en áður í landinu sjálfu, en að eins dregur eptir sjer mikinn kostnað fyrir landsmenn. Sem sagt, jeg mun gefa breyt.till. á þingskj. 466 atkv. mitt, svo og breyt.till. við þessar breyt.till., sem eru á þingskj. 478.

Læt jeg fyrir mitt leyti svo úttalað um þetta mál, og vona, að öllum sje ljóst, hvernig afstaða mín er í því gagnvart sumum öðrum.

Jón Ólafsson: Jeg ætla ekki að svara orðum h. þm. Skagf. (Fr. St.), því jeg get með engu móti skilið hvað hann fór; orð hans fóru öll fyrir ofan mig og neðan. Hann heldur langa ræðu fyrst um það, að það væri eiginlega nóg stjórnarbót, að fá sjerstakan ráðgjafa — og sjálfsagt þá, að öll endurskoðunarviðleitni á stjórnarskránni að öðru leyti sje óþarfur hjegómi. Og samt er hann með frv. voru! Beri menn þetta saman við framkomu þessa þingmanns 1885, 1886, jafnvel 1887 og síðast nú í nefndinni, og skilji hann svo hver sem skilið getur. Eg leiði minn hest þar frá; það mun naumlega vera annara færi en h. 1. kgk. þm. (J. Havst.)

En hvað snertir ræðu h. 5. kgk. þm. (Á. Ól.), þá skildi jeg hana, en vissi þó naumlega, hvaðan á mig stóð veðrið; mjer lá við að halda, að hann væri fæddur annaðhvort 100 árum of snemma, eða þá 60 árum of seint; að minnsta kosti má eitt segja, að hann er ekki barn síns tíma. Þar sem hann var að tala um jarl eða landstjóra, sem „svifi í loptinu“ og „hefði ekkert að gjöra“, þá verð jeg að minna hann á, að jarlinn er *umboðsmaður konungs*; hann hefir því alveg það sama að gera, sem konungur hefði, ef hann væri hjer, og svífur ekki meira í loptinu en hans hátign konungurinn sjálfur. Sje svo, að hann álíti jarlinn *inutile pondus terrae* (eða gagnslausan ómaga), þá hlýtur hann að álíta konunginn það líka. Mjer lægi nú við að halda, ef h. þm. (A. Ól.) væri ekki *konung*-kjörinn, að hann væri orðinn að rauðum *„Republikaner“*, sem væri að berjast fyrir afnámi konungdómsins. Sje svo, þá er jeg hræddur um, að h. þm. sje

100 árum of snemma fæddur. En má vera hitt sje meining hans, að hann sje óánægður með stöðu konungsvaldsins nú, og þyki það helzt til rýrt; þess vegna er hann ár eftir ár að stagast á þessu skrifvjelabákni, og vill helzt enga ráðgjafa hafa. Hann er máske einmitt óánægður með að hafa *constitutionellan* konung, en vill helzt hafa *einvaldan* konung; sje svo, þá er hann fæddur 60 árum of seint í heiminn, því ekki dugir að breiða þá skoðun út nú. Eitthvað vona jeg þó h. þingm. meini annað en að hafa upp fyrir okkur gömul orðskrípi sín, sem einhvern tíma kunna að hafa verið fyndin, en allir eru nú löngu hættir að hlægja að.

En svo framarlega sem *constitutionel* konungur hefur þýðingarmikla stöðu, þá hlýtur staða jarlsins að vera ekki þýðingarlítil, þar sem hann á að koma í konungsins stað, taka ráðgjafa og víkja þeim úr völdum, staðfesta lög, og í fjarveru konungs yfir höfuð að tala hafa öll hans störf á hendi.

H. þm. endaði ræðu sína með því, að lesa upp falleg „citöt“ eftir merka menn, sem ganga út á það, að frelsi væri ekki komið undir stjórnarskrá einni saman. Þetta legg jeg ekki mikið mark á; jeg get meira að segja lesið upp *citat* í sömu átt og það einmitt eftir höfund, sem sjálfur gekkst þó fremstur manna fyrir því, að útvega þjóð sinni stjórnarskrá; höfundurinn er Franklín. Hann hefir sagt: „Frelsi er eigi svo mjög undir frjálslegri stjórnarskrá komið, sem undir frjálslyndum mönnum“. En þó að allir viti, að stjórnarskrá ein er ónóg til að tryggja frelsið, ef þeir, sem við hana eiga að búa, eru eigi menn til að nota hana, þá er eigi þar með sagt, að góð stjórnarskrá sje eigi nauðsynleg. Allar þjóðir og allir frjálslyndir menn þekkja og kannast við, hve þýðingarmikið það er, að hafa góða stjórnarskrá, þó að auðvitað þurfi eins fyrir því góða menn henni til framkvæmdar.

Skúli Þorvarðarson: Jeg sje ekki þört á því að tala mikið um þetta mál; það er orðið svo margrætt; en jeg vil þó geta þess, að þó jeg greiði atkv. með frv., þá finnst mjer, frá mínu sjónarmiði, það samt ekki vera sem ætti. Jeg verð að taka það fram, að jeg get eigi fellt mig við neina breyt.till., nema þá sem jeg og þrír aðrir h. þm. höfum leyft oss að koma fram með. Þessi breyt.till. finnst mjer vera miklu betri en sú á þingskj. 465, því hún er alveg það sama og fellt var úr frv. við 2. umr. Jeg vil jafnframt taka það fram, að þar sem jeg gef málinu atkv. mitt, þá er ástæðan sú, að jeg vil ekki spilla fyrir því að það komist til h. Nd.; þar eð sú deild er skipuð helmingi fleiri þm. og þeim þjóð-kjörnum, þá vil jeg að þessir menn geti látið meiningu sína í ljósi um málið, og ráðið því til þeirra lykta, sem heppilegastar eru; þess vegna greiði jeg nú atkv. með málinu; og þó það eigi að heita samþykktaratkv., þá legg jeg ekki svo mikla áherzlu á það, að jeg vilji hepta gang málsins út úr deildinni; enda er skoðun mín á því hvort sem er fullljós.

Árni Thorsteinsson: Jeg finn ekki ástæðu til að fallast á breyt.till. á þingskj. 465, að í Ed. skuli einungis konungkjörnir þm. eiga sæti; því með henni er takmarkað það þingræði, sem vjer nú höfum, en sem vjer alls eigi ættum að gjöra minna eða takmarka. Aptur er breyt.till. á þingskj. 466 ef til vill álitlegri; en áður en jeg greiði atkv. um hana, vil jeg gjöra nokkrar athugasemdir. Í fyrsta lagi er það athugandi, að frv. það, er alþing hefur samþykkt, um nýja skipun amtsráðanna, hefir ekki enn fengið lagagildi; til þess að breyt.till. geti verið möguleg, þarf þá þetta frv. fyrst að fá lagagildi, svo heldur meiri trygging verði fyrir, að í kosningum ráði vilji þjóðarinnar, heldur en í amtsráði með 3 mönnum. Ennfremur er hjer í till. hvorki tekið tillit til Vestmannaeyja, kaupstaðanna nje Reykja-

víkur, sem þó er höfuðstaður landsins og hefur 3500 íbúa Í gær voru að vísu felldar í deildinni athugasemdir þær, sem jeg gerði viðvíkandi útilokun Vestmannaeyja frá amtsráðinu; en jeg ímynda mjer, að áður en kaupstaðirnir eða Reykjavík er útilokað frá politískum rjettindum, þyrftu menn að líta í kringum sig. Þarnæst skal jeg taka það fram, að samjöfnunin á milli amtanna er ekki sem hún ætti að vera. Suður- og Austur-amtið með 26000, eða að frátaldri Reykjavík 22000 íbúum, á að kjósa 2 menn til Ed., Vesturamtið með 18000 íbúum 2, en Norður-og Austuramtið með 27000 íbúum 4 til Ed., í stað þess að Suðuramtið, sem hefur næstum eins marga íbúa, á aðeins að kjósa 2; Suður- og Vesturamtið með 44000 manns 4, eða jafnmarga og Norður og Austuramtið með 27000 manns. Jeg sje ekki neina ástæðu til þess, að skipta kjörinu á þennan hátt; mjer finnst þetta vera gjört af handa hófi. Jeg vek athygli h. þm. á þessu, til þess, þeir geri sjer ljósari grein fyrir, hvernig till. í raun rjettri er úr garði gerð, ef betur er á hana litið.

Enn þá skarpar kemur ósamjöfnuðurinn fram, ef við tökum nýju lögin, sem í vændum eru, um amtsráðaskipanina; þá verður niðurstaðan sú, að Austfirðir með 8000 íbúum, verða kjördæmi sjer og eiga að kjósa 2 menn til Ed., með öðrum orðum: þessir 8000 íbúar þar fá sama rjett, eins og 26,000 íbúar í Suður- og Austuramtinu, eða 22,000 að frádreginni Reykjavík. Aðra athugasemd vil jeg einnig gjöra; í fyrsta áliti sýnist fara vel á því, að amtsráðin kjósi til Ed.; en þegar betur er að gáð, verður ekki annað sjeð, en að kosningarnar verði í höndum svo fárra manna, að ekki er snefill af tryggingu fyrir því, að í kosningunum komi fram sannur vilji landsmanna allra. Að svo miklu leyti sem mjer er kunnugt, eru í Suðuramtinu 6 sýslufjelög; og eptir nýja sveitarstjórnarlögunum eiga þau að kjósa í amtsráð 6 menn; alltsvo verða í amtsráði Suðuramtsins 6 menn, ásamt einum amtmanni, sem eiga að kjósa einn mann til æfilangrar setu í Ed. Í Vestur-amtinu munu að líkindum verða 7 menn í amtsráði og í Norðuramtinu 7 menn með amtmanni, og þegar nú Austuramtið fær amtsráð sjer, með svo sem 2 eða 3 mönnum úr sýslunefndunum, þá eru það 3 eða 4 menn, sem ráða kosningu tveggja Ed.-manna. Þetta fyrirkomulag finnst mjer eigi vera tryggilegt; jeg tek þetta ekki fram til þess, að spilla fyrir því, að betra fyrirkomulag fáist á kosningunum, heldur öllu fremur af því, að mjer virðist þetta ekki geta staðizt eins og það er. Jeg er á þeirri skoðun, að svo framarlega sem amtsráðin eigi að vera grundvöllur fyrir kosninguna, verði að bæta við, og taka einhverja aðra kosningaraðferð með; það er svo margt, sem gæti gjört breyt. uppást. betri; en jeg skal ekki ræða það ýtarlegar nú, meðan byggt er á svo lausum grundvelli sem þessum. Samt skal jeg játa það, að verði breyt. uppást. á þingskj. 466 bætt, þá liggur fremur í henni vísir til þess, að komast út úr hinni vandasömu spurningu um skipun Ed.; þess vegna mun jeg með öllum fyrirvara gefa henni atkv. mitt.

Jeg skal ekki vera langorður um málefnið sjálft; jeg ætla aðeins í fáum orðum að lýsa skoðun minni. Fyrsti kafli frv. er að vísu betri en áður, en þó þarf hann enn lagfæringar við að mörgu leyti; samt skal jeg ekki fara lengra út í það, því síður sem jeg get ekki fært til neinar nýjar ástæður, sem ekki hafa verið teknar fram áður. Það sem mjer þykir helzt að fyrsta kaflanum, er, að eptir honum fáum við of kostnaðarsama stjórn; eins líkar mjer ekki þau ákvæði 13. gr., að jarlinn megi eigi rjúfa Nd., án hennar samþykkis, nema hún hafi staðið 10 vikur.

Auk þessa þykir mjer margt annað athugavert við frv., svo jeg get ekki feng-

ið mig að svo komnu til að gefa því atkv. mitt.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Það sem mjer hefur þótt gott við þetta mál, og sem bæði kom fram við 1. og 2. umr., er, að það hefur verið miklu ýtarlegar rætt í einstökum atr. en áður af þinginu; af þessu ímynda jeg mjer að sá árangur fáist, að málið verði utanþings betur rætt í einstökum atr., en að undanförnu. H. deild hefur verið mótfallin báðum þeim uppást. sem komið hafa fram í stað 20. gr. frv. H. 5. kgk. þm. (A. Ól.) sagði, að báðar uppást. hefðu kosti og galla, en kvaðst mundi heldur gefa þeirri uppást. atkv., sem jeg og annar h. þm. höfum komið fram með; en það þótti honum að henni, að þar sem hún væri sniðin eptir lögum Englendinga, þá væri sá galli á, að ekki hefði um leið verið tekið upp allt úr lögum þeim. Þessi mótbára finnst mjer ekki vera á neinum rökum byggð; má jeg máske ekki jeta skozkt brauð, þó jeg drekki ekki skozkt *Whisky*?, og má jeg því ekki taka upp atriði, efþað á vel við, án þess að taka um leið upp fleiri? H. þm. sagði, að Englendingar hefðu enga stjórnarskrá, og að þess vegna þyrftum vjer enga. En þá verður hann að setja Ísland í sömu spor og England var í á 13. öld, og láta það svo feta sig áfram, og þá efa jeg ekki, að Íslendingar komist í sömu sporin og Englendingar, ef þeir fara eins að.

H. varaforseti (Á. Th.) fann það að uppást. okkari, að með henni væri ekkert þingræði; en það er ekki nema annarar deildarinnar; við þingræði skil jeg að uppástungur beggja deildanna fái framgang, eptir að hvor hafi hliðrað til við hina. H. varaforseti fann margt fleira uppást. okkar til foráttu. Það tel jeg mikinn skaða, að hann kom með þessar aðfinningar svona seint, að hann getur ekki komið að uppást. sínum þeim til lagfæringar. Hefði honum þóknazt að láta okkur fyr verða aðnjótandi hans ágætu ráðlegginga, þá efast jeg ekki um, að h. varaforseti hefði komið með þær till. í þessu máli, sem allir hefðu hlotið að fallast á og viðurkenna hagfeldastar. Að minnsta kosti vona jeg, að h. varaforseti hafi þessar till. sínar á reiðum höndum á næsta þingi.

Jeg gat þess áður, þegar jeg í fyrra sinni tók til máls, að orðin „með þeim takmörkunum, sem sett eru í stjórnarskrá þessari", sem samþykkt var að fella úr 3. gr., hefðu verið tekiun út á öðrum stað; vil jeg nú með samþykki h. deildar leyfa mjer að setja þau inn þar, sem þau voru úrfelld, en aptur fella þau úr þar, sem áður var samþykkt, að það væri gert.

Forseti gat þess, að það mætti álíta misgreininginn leiðrjettan, þó ekki væri það borið undir atkv. deildarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nr. 465 (C. 517) felld með 7 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eftir ósk 5 nafngreindra þm. (A. Ó., Á. Th., J. Havst., L. E. Svb., og F. Stef.), og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín	Jón Ólafsson
Arnljótur Ólafsson	Árni Thorsteinsson
E. Th. Jónassen	Friðrik Stefánsson
L. E. Sveinbjörnson	Jakob Guðmundsson
	Júlíus Havsteen
	Sighvatur Árnason
	Skúli Þorvarðarson.

1. breyt.till. (478) samþ. með 6 : 1 atkv.; 2. breyt.till. samþ. með 9 samhlj. atkv.; 1. breyt.till. 466 samþ. með 9 samhlj. atkv. 3. breyt.till. 478 við breyt.till. 466 við 20. gr. frv. samþ. með 10 samhlj. atkv.; 2. breyt. till. 466 við. 20 gr. með áorðnum breyt. samþ. með 8 samhlj. atkv.; 3. breyt.till. 466 við 21. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.; 4. breyt.till. við 22. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv. Frv. með áorðnum breyt. samþ. með 7 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*
Jón A Hjaltalín	Arnljótur Ólafsson
Jón Ólafsson	Árni Thorsteinsson
E. Th Jónassen	Júlíus Havsteen
Friðrik S. Stefánsson	Sighvatur Árnason
Jakob Guðmundsson	
L. E. Sveinbjörnsson	
Skúli Þorvarðarson.	

Kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðsins. Gæzlustjóri var kosin amtmaður E. Th. Jónassen með 9 atkv.

Forseti skoraði því næst á nefndina í löggildingamálinu að koma fram með álit sitt; en formaður nefndarinnar (J. Ól.) gat þess. að nefndin biði eptir *einu* frv., sem væri á ferðinni, aðeins ókomið frá h. Nd.

Fertugasti og níundi fundur, föstudag 23. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi, nema 4. kgk. þm., Árni Thorsteinsson, sem hafði tjáð forföll.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889 (C. 543, 548); ein umr.

Arnljótur Ólafsson: Tveir h. þingm. og jeg höfum leyft oss að koma fram með breyt.till. (C. 548) við frumv. Þessi breyt.till. er alveg eins og sú, sem hjer var samþykkt í deildinni með öllum atkvæðum með nafnakalli, þegar fjáraukalögin voru rædd síðast. Jeg vona nú, að h. þingdm. sjeu á sama máli og áður, og láti það ekki standa fyrir, þótt málið þurfi að fara í sameinað þing. Það gjörir enga töf, því það er komið eitt mál áður, sem á að fara í sameinað þing, og þarf því eigi að halda það sakir þessa máls eingöngu. Jeg skal ekki endurtaka ástæðurnar fyrir þessari breyt.till., því að þær eru kunnar; einungis skal jeg bæta því við, að þar sem annar prestur, sem líkt stóð á fyrir, var samþykktur í neðri deild, er enn ósanngjarnara að þessi prestur komist eigi einnig inn á frumv., og njóti sömu hlífðar frá þingsins hálfu eins og hinn.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. samþ. með nafnakalli í e. hlj. Frumv. með breyt. samþ. í e. hlj.

Málið síðan afgreitt til forseta sameinaðs þings.

Tillaga til þingsályktunar viðvíkjandi búnaðarskólanum á Hólum (C. 545); hvernig ræða skuli.

Jón Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að spyrja að því, hvort það getur álitizt rjett, að leggja fyrir deildina tillögu, sem er fyrir fram samþykkt. Það er eins og ef stjórnin fyndi upp á því, að leggja fyrir þingið lög í staðinn fyrir frumvörp. Slíkt er að eins til að hafa minni hlutann að leiksoppi, að bjóða honum til umræðu um mál, sem sýna má svart á hvítu, að afgjört er fyrir fram.

Júlíus Havsteen: Jeg er alveg hissa á orðum h. þm. (J. Ól.). Það er alveg ný kenning, að flutningsmenn að tillögum megi ekki vera eins margir og vera vill, enda er ekki víst, að allir, sem á slíkum tillögum standa, greiði atkvæði með þeim. Það þarf ekki að fara lengra aptur en til fjárlaganna hjer í deildinni. Þá voru ýmsar till., sem 5 menn stóðu undir, og greiddu þó opt sumir af þessum 5 mönnum atkvæði móti tillögunum.

Forseti: Jeg sje ekki neitt á móti þessu í þingsköpunum, og verður þessi þingsályktunartill. að sæta sömu meðferð og aðrar tillögur, hvað sem undirskriptafjöldanum líður. Undirskriptafjöldinn snertir að eins hinar „fínni tilfinningar", en ekki þingsköpin, og álít jeg því skyldu mína að láta þessa till. hafa sama gang og aðrar tillögur.

Jón Ólafsson: Það sem jeg hef sagt, er ekki neitt óheyrt. Það hefur komið fyrir í Nd., að 12 menn hafa komið með tillögu, og hefur forseti vísað henni frá. Jeg mót-

mæli því, að það sje rjett, að leggja þessa till. fyrir þingd. að svo vöxnu máli. Það er skortur á þinglegri velsæmistilfinning. Mjer þykir það því leiðara, sem jeg er samdóma höfundum till. um mál það, er hún lýtur að. En mjer þykir deildinni svo misboðið með þessari aðferð, að mjer getur ekki dottið í hug að sitja á þingi, þegar slíkar umræður fara fram.

ATKVÆÐAGR.: Eptir tillögu forseta var samþykkt, að hafa eina umræðu um málið, með 8 atkv. Jón Ólafsson var genginn af fundi.

Fimmtugasti fundur, laugardag 24. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi, nema Sighvatur Árnason, er hafði fengið leyfi forseta til þess að vera fjarverandi.

Tillaga til þingsályktunar viðvíkjandi búnaðarskólanum á Hólum (C. 545); ein umr.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánsson): Þó jeg ásamt 5 h. þm. öðrum hafi leyft mjer að koma fram með tillögu þessa, þá er það hvorki af því, að vjer treystum eigi landsstjórninni til þess að líta rjett á hag Norðlendinga í þessu máli, nje að við álítum landsstjórnina bundna við þingsályktun þessa, þó hún væri samþykkt, heldur af því við vildum mótmæla sem harðast þingsályktun þeirri, sem *Álptnesingurinn* var að rogast með niðri í neðri deild í gær. Þingsályktun þessi reið í bága við samninga og gjörninga, sem gjörðir voru á sýslufundum í fleiri sýslum og á fundi á Akureyri, og sem nú eru komnir til landsstjórnarinnar, og við búumst við að muni verða samþykktir af henni. Við vildum sýna, að Norðlingar ættu talsmenn í þessari deild, sem þyrðu að lýsa vilja þeirra, enda þótt þingmenn búsettir á Suðurnesjum færðust í alla aukana til þess að brjóta hana niður. Mig furðar stórlega á, að *geistlegheitin sjálf* skyldu fara að amast við gömlu og ginnhelgu höfuðbóli, eins og Hólum, þó því hefði máske verið kvíslað í eyru h. 1. þm. Gullbr.- og K. (Þór. Böðvarssyni), að Hjeðinshöfði mundi fáanlegur til búnaðarskólaseturs, ef vel væri í boðið. Að minni ætlun mun það dragast, að búnarskóli verði stofnaður þar fyrir landsins peninga, þó jörðin kunni að vera föl; enda höfum við nú fengið að sjá, hvernig þingsályktuninni reiddi af í neðri deildinni. Þeir nesjamenn ættu að muna eptir, hvernig þeim hefur reitt af, er þeir hafa farið með ofríki út fyrir sína sveit; þeir ættu að muna, hvernig fór fyrir Ljenarði fógeta á Bessastöðum, er hann fór að sækja austur yfir fjall með ofríki, og viðskiptum þeirra Torfa í Klofa, eða þá mætti reka minni til afdrifa þeirra Didriks af Mynden og Kristjáns skrifara; en sleppum því; eins og jeg hef þegar minnzt á, felldi neðri deild þingsályktunina með heiðri og sóma, og finnst oss því eigi lengur þörf á okkar tillögu, heldur tökum hana aptur, í fullu trausti til, að landsstjórnin ráði þessu máli heppilega til lykta, og fari eigi að styðja stofnun búnaðarskólakríla austnorður á landshorni, sem að eins yrðu til þess, að eyða fje landsins til ónýtis.

Fimmtugasti og fyrsti fundur, laugardag 24. ágúst kl. 5 e. h. Allir á fundi, nema Arnljótur Ólafsson og Árni Thorsteinsson.

Tillaga til þingsályktunar um stjórnarskrármálið (C. 570); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Eptir till. forseta var ein umr. samþ. í einu hlj.

Fimmtugasti og annar fundur, mánudag 26. ágúst kl. 9 f. hád. Allir á fundi, nema 2. kgk. þm. (E. Th. Jónsen), sem hafði tjáð forföll.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Stapa í Snæfellsnessýslu (C. 468); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 8 samhlj. atkv., og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp (C. 468); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 8 atkv., og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Hólmavík á Steingrímsfirði (C. 468); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 8 atkv., og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Múlahöfn við Hjeraðsflóa (C. 468); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 7 atkv., og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Búðareyri við Reyðarfjörð (C. 570); ein umr.

ATKVŒÐAGR.: Frumv. samþ. með 8 atkv., og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um stjórnarskrármálið (C. 570); ein umr.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Þessi þingsályktunartill. er í samræmi við það, sem nefndin og þingdeildin hefur starfað á þessu þingi í þessu máli, og er hún fram komin bæði vegna þess, og eins vegna hins, að vér vissum, að þingsályktun í sömu stefnu var á leiðinni í Nd. En nú hefur svo atvikazt, að eigi er útlit fyrir, að sú tillaga komi til umræðu hjeðan af á þessu þingi, og þess vegna sjáum vjer ekki lengur ástæðu til, að halda vorri till. fram. Það væri jafnvel eigi við eigandi, að slík ályktun kæmi fram frá að eins annari þingdeildinni; það gæti litið út eins og hún væri að herða að hinni deildinni um skör fram.

Hjer í deildinni hefur bæði nefndin og aðrir þingdeildarmenn einlæglega og hreinskilnislega lagzt á eitt um, að reyna að koma á einhverju samkomulagi, og færa mál þetta þótt ekki væri meira en feti framar. Að árangurinn af þessu hefur eigi orðið meiri, er eigi á ábyrgð þessarar deildar, heldur er það ábyrgðarhluti þess flokks eða þeirra manna, sem hafa róið öllum árum að því, að árangurinn yrði enginn, hvort sem þeir nú hafa gjört það í umboði kjósenda sinna, eða samkvæmt ályktunum Þingvallafundarins, sem opt hefur verið vitnað til. Þeir verða að svara fyrir sig, og það er á þeirra ábyrgð, hvort þeir hafa gjört hið bezta í málinu.

En af ástæðu þeirri, sem jeg þegar hef fram tekið, leyfum vjer nefndarmenn oss að taka till. þessa aptur.

Forseti: Fyrst enginn tekur till. upp, þá er umræðunni um þetta mál og dagskránni lokið. — Þetta er hinn síðasti fundur sem vjer höldum hjer í deildinni á þessu þingi. Staða mín hefur að þessu sinni orðið sú, sem hún hefir verið, eptir ytri köllun, en eigi eptir innri köllun, eða af því að hún væri mjer geðfelld. En þrátt fyrir það get jeg þó litið með gleði og ánægju á þenna þingtíma, með því að h. þingdm. hafa sýnt mjer þá velvild og aðstoð, sem jeg þurfti með, og votta jeg þeim nú að skilnaði þakklæti mitt fyrir það.

Síðan var gjörðabók fyrir þenna fund lesin upp og staðfest; sagði síðan forseti fundi slitið.

Fjórði fundur í sameinuðu þingi, mánudag 26. ágúst kl. 2 e. h. Allir á fundi, nema 2. kgk. þm. (E. Th. J.) og þm. A.-Skaptfell. (Sv. Eir.), er höfðu tjáð forföll.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889 (C. 568).

Landshöfðingi: Þar eð engin breyt.-till. hefur komið fram, vona jeg að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir. Við 3. umr. þessa máls í Nd. kom það fyrir, að allmargir þm. greiddu atkvæði gegn frumv. og vildu fella það allt saman. Á frumv. er að eins ein fjárveiting, sem stjórnin hefur stungið upp á; hinar allar eru komnar frá þingmönnum. Á það illa við, ef margir þm. greiða atkvæði gegn frumv., og verði það eigi samþykkt af þinginu, getur engin af þeim fjárveitingum, sem þar er um að ræða, komið til útborgunar.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 26 : 4 atkv., og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um sölu nokkurra þjóðjarða (C. 544, 570).

L. E. Sveinbjörnsson: Viðvíkjandi þeirri viðaukatillögu, sem hefur komið fram við þetta frv. um að selja Meiðastaði fyrir 3000 kr. (C. 570), þá skal jeg gefa dálitla upplýsingu. Í efri deild vorum við margir á móti því, að selja jörð þessa fyrir 3000 kr. Jörð þessi mun vera metin of lágt. Bankinn hefur lánað gegn $^2/_3$ af virðingarverði hennar.

Jeg vil því ráða h. þingi til að fallast ekki á þessa viðaukatill. á þingskj. 503 (C. 570).

Jakob Guðmundsson: Þegar talað er um sölu þjóðjarða, þá verður að athuga, hvort landssjóði er skaði eða hagur að selja, hvort eptirgjaldið er hærra en vextir af þeim peningum, sem fengjust fyrir jörðina.

Nú hef jeg heyrt, að eptirgjaldið eptir jörðina væri ekki meira en 80—90 kr., og er mjer því óskiljanlegt, að ekki sje hagur að selja hana fyrir 3000—5000 kr.

Jeg er nú raunar ekki vel kunnugur Meiðastöðum; en jeg hef heyrt, að jörðin hefði góð vergögn og gott skipsuppsátur. En það er allt komið undir því, að gjöra uppsátrið og vergögnin arðberandi, því arðurinn er opt stopull. Að því er snertir verðið, þá er þetta *minimum,* sem má selja jörðina fyrir, og alls ekki bannað að selja hana meira. Landshöfðingi mundi líklega ekki banna að taka á móti meira fje fyrir jörðina. Það gæti komið einhver, sem vildi bjóða 5000 kr. Jeg skal leyfa mjer að nefna Kaldaðarnestorfu; það voru boðin í hana 15,000 kr., en hún var ekki föl fyrir minna en 17,000 kr. Maðurinn gekk frá kaupunum. Og nú vil jeg spyrja: Hve mikinn arð hefur landssjóður af þessari torfu? Jeg ætla, að það sje alls 200 kr. á ári; og það má búast við að það verði minna þegar hún Ölvesá er búin að laga jörðina betur til!

Jeg þekki fleiri jarðir, sem hafa verið settar allt of hátt. Kaupendur hafa gengið frá kaupunum, og jarðirnar hafa gengið úr sjer og landssjóður fengið minna afgjald. Þegar því landssjóður á kost á að selja jarðirnar sjer í hag, þá finnst mjer ekkert á móti því, að það væri gjört.

Framsögum. Nd. (Þórarinn Böðvarsson:) Þegar jeg bað um orðið, var h. þm. Dal. (J. G.) eigi búinn að halda ræðu sína; er jeg eigi viss um, að jeg hefði staðið upp til þess að tala fyrir breyt.till. minni, ef jeg hefði eigi verið búinn að biðja um orðið áður en hann stóð upp; en víst er

það, að hann hefur tekið af mjer ómak og talað snjallt fyrir breyt.till.

Jeg skal taka það fram strax, að mjer er það ekkert kappsmál, að breyt.till. nái fram að ganga. Það er mjer hefur gengið til þess að koma með hana er það, að jeg vildi að þinginu gæfist kostur á að íhuga mál þetta enn þá einusinni og greiða atkv. um það.

Nefndin í máli þessu í Nd. var á einu máli um það, að um enga jörð, er um var að ræða, væru jafn mikil og greinileg skjöl eins og einmitt um Meiðastaði í Rosmhvalaneshreppi. Jörðin var metin af tveimur dómkvöddum mönnum, er álitu hana hæfilega metna á 2500 kr. Sýslunefndin komst að þeirri niðurstöðu, að þetta væri hæfilegt verð fyrir jörðina, og skal jeg taka það fram, að allir sýslunefndarmennirnir eru jörðinni kunnugir, og þekkja kosti hennar og galla.

Þar eð nú allir voru samhuga um, að jörðin væri hæfilega metin á 2500 kr., vildi jeg vekja athygli þingsins á því, hvort eigi væri varhugavert að vilja eigi gjöra þessa jörð fala, sem fullkomnar skýrslur liggja fyrir um, þar eð aðrar jarðir, er ófullkomnar skýrslur liggja fyrir um, eru látnar falar. Það var samhuga álit nefndarinnar og Nd., að láta jörðina fala fyrir þetta; en þegar frv. kom aptur frá Ed., var einmitt þessi jörð horfin. Nd. setti hana aptur inn á frv., en hækkaði jafnframt verðið upp í 3000 kr. Þóttist hún hafa fulla heimild til þess, einkum þar sem að ábúandin hafði eigi tiltekið neitt verð. Þótt nú væri leyft að selja jörðina fyrir 3000 kr., get jeg eigi ábyrgzt, að ábúandin vilji kaupa hana fyrir það verð, og jeg ímynda mjer, að þótt h. landshöfðingi vildi láta meta hana aptur, þá mundi hún eigi verða metin hærra en það. Er það í raun rjettu rjett, að láta eigi þær jarðir falar, sem fullnægjandi skýrslur liggja fyrir um, og þegar allir eru samdóma um verðið? Salan þarf eigi að fara strax fram fyrir það, þótt leyft væri að selja jörðina. Eins og h. þm. Dal. (J. G.) tók fram, er afgjaldið eptir jörðina hjer um bil 90 kr. Er það því hagur fyrir landssjóð að selja hana fyrir 3000 kr. Ennfremur skal jeg geta þess, að leigumálinn er nýr; ábúandin fjekk jörðina til ábúðar fyrir fám árum, og hefur því rjett til þess að hafa hana með þessum leigumála langan tíma. Ef leigumálinn er of lágur, hefur umboðsvaldinu yfirsjezt að mínu áliti.

Jeg skal taka það aptur fram, að mjer er mál þetta eigi neitt kappsmál, að öðru leyti en því, að mjer finnst það óheppilegt, að þingið láti eigi þá jörð fala, sem fullnægjandi skýrslur liggja fyrir um, fyrir það verð, sem allir álíta sanngjarnt.

Árni Thorsteinsson: Jeg er nú orðinn því fróðari en áður, að hjer sje aðeins um litla breyt.till. að ræða, og að með henni eigi að gefa þinginu enn einu sinni kost á að íhuga málið. En hjer er ekki um það eitt að gjöra, að íhuga málið; þingið verður að taka ákvörðun í því og bera ábyrgð fyrir það, hvort jörðin er rjett seld eða ekki. Í Nd. var í fyrstu ákveðið að selja jörðina fyrir 2500 kr., og það hafði hún einnig verið metin heima í hjeraði. En síðan færir Nd. söluverðið upp í 3000 kr. Mjer finnst ekki, eins og h. 1. þm. G.- og Kj. (Þ. B.), að þetta hafi verið gjört til þess að taka til hið ýtrasta verð fyrir jörðina, heldur að h. nefnd í Nd. hafi tekið að sjer að gjöra eins konar yfirmat, og komizt að þeirri niðurstöðu, að meta jörðina 500 kr. hærra en áður hafði verið gjört. Mjer finnst, að eptir sömu reglu hefði mátt selja hana á 3500 kr. eða meira með boði og yfirboði; svo er þetta allt í lausu lopti byggt. Hjer er ekki farið yfirvaldsveginn með jarðarkaup þessi, heldur koma þau inn á þingið eins og nokkurs konar aðskotadýr. H. 1. þm. G.- og Kj. (Þór. B.) sagði, að ábúandinn hefði ekki skuldbundið sig til að kaupa jörðina fyrir það verð, sem hjer er tekið til; því

get jeg líka vel trúað; því sagt var, að hann væri ekki efnamaður, en aðrir um það; það kemur ekki hjer við. En það veit jeg, að margir aðrir mundu vilja kaupa Meiðastaði fyrir 3000 kr. og þó meira væri. Jeg skil ekki, hvað liggur á að selja jörð þessa; og það er ein ástæða fyrir því, að jeg vil ekki láta lögákveða það nú, að jörðin sje seld; önnur ástæða fyrir því, að jeg vil ekki að jörðin sje seld, er sú, að hún er sjáfarjörð, og mun þar vera uppsátur fyrir ein 12 skip, en mætti vera fyrir miklu fleiri með nokkurri viðgjörð. Fyrir uppsátur mun vera greitt um 10 kr. hvert. Jeg álít það áríðandi fyrir sjáfarútveg ýmissa hjer, sem búa innar í Faxaflóa, að jörð þessi sje ekki seld. Það hefur borið á nokkrum ójöfnuði hjá sunnanmönnum; þeir hafa meinað aðkomumönnum uppsátur hjá sjer, eða þá tekið ótilhlýðilega hátt gjald fyrir það. Jeg vil að reynt sje að bægja þeim frá að gjöra slíkar skrúfur, með því að landssjóður sem eigandi einstakra jarða getur haft hönd í bagga til þess að sanngirni sje sýnd, og í því efni skal jeg benda á verzlunartilskipunina 13. júní 1787. Þar segir, að öllum sje heimilt að stunda fiskveiði jafnvel á eigin bátum, þar sem þeim þyki bezt henta, gegn því að greiða bóndanum, sem þeir hafa uppsátur hjá, eptir því sem þar sje venja, fyrir uppsátur, hús og greiða. Á landssjóðsjörð verður eigi heimtað ósanngjarnt uppsáturskaup, því það mundi eptir þessu lagaákvæði valda útbygging. Jeg ætla, að þeir, sem sækja fast á að selja jörðina, eigi erfiðara aðstöðu en vjer, sem sölunni viljum fresta; því það er í öllu rjettara.

Jón Ólafsson: Það fer nú líkt fyrir mjer eins og Þrándi heitnum vefara. Mjer finnst að báðir hafi rjett fyrir sjer, af þeim sem talað hafa. Eg efast ekki um, að h. þm. Dal. (J. G.) hefur rjett fyrir sjer í *því*, að ef breyt.till. verður samþykkt, þá muni landsstjórnin ekki fá hærra boð í jörðina; en það er af þeirri einföldu ástæðu, að þá er öll samkeppnin útilokuð; engum nema ábúanda tjáir að bjóða í hana, og hann verður ekki svo heimskur, að fara að setja upp fyrir sjálfum sjer það verð, sem þingið hefir sett á jörðina. Og hver ætti þá að bjóða yfir? Margir þm. hafa haldið því fram, að hægt sje að fá meir en 3000 kr. fyrir jörðina. Jeg held að þeir hafi líka alveg rjett fyrir sjer; en vel að merkja: því að eins, að fleirum sje gefinn kostur á að kaupa hana en ábúandanum einum. Mjer er það kunnugt, að eptirsókn mikil er hjer innan að eptir uppsátursjörðum þar syðra, og gæti jeg vel trúað, að einhverjir hjeðan af Innesjum yrðu til að kaupa hana miklu hærra verði. Það er skaði, að h. 2. kgk þm. (E. Th. J.) er ekki á þingi; hann er jörðunni kunnugur, og gæti gefið upplýsingar um hana; hann segir hana 4—5000 kr. virði. Það hefur komið fram sú upplýsing, að Varirnar hafi hjer um bil húsalausar verið metnar 5000 kr. til að fá bankalán. Nú eru þær því nær jafnar að hundraðatali Meiðastöðum, og munu líkar þeim að gæðum. Reyndar mun svo þykja, að jarðir sjeu stundum ríflega metnar, þegar lán á að fá út á þær; en hitt mun líka óhætt að segja, að þær muni sjaldnast of ríflega metnar, þegar á að fá þær keyptar af landssjóði. Það er því sennilegt að ætla, að Meiðastaðir væru hæfilega seldir mitt á milli 3000 kr., eins og þeir hafa verið virtir hjer í Nd., og 5000 kr., virðingarverðsins á Vörum, það er: fyrir 4000 kr. Jeg álít mjög óheppilegt að vera að bjóða jörðina til kaups nú fyrir 3000 kr., og það því fremur, sem viðurkennt er, að ábúandinn geti alls ekki keypt hana sjálfur, nema aðrir standi á bak við.

Framsögumaður Nd. (Þórarinn Böðvarsson): Það eru sjerstaklega 2 h. konungkjörnir þingmenn, sem mælt hafa móti tillögunni. H. 3. kgk. þm. (L. E. Svb.) líkti Meiðastöðum við Varir, sem nýlega

hafa verið metnar til dýrleika; en hjer er eigi líku saman að jafna. Hvað hundraðatalið snertir, þá vitum vjer allir, að það er mjög ónákvæmt víða, og svo er hjer; enn fremur er þess að gæta, að á Vörum hefur verið varið stórfje til lendingarinnar, og það hlýtur að gjöra jörðina talsvert dýrari. Hann sagði, að jarðarhúsin á Vörum væru þó ekki í góðu standi; en sama er tilfellið með Meiðastaði; jarðarhús eru þar engin, en ábúandinn á sjálfur húsið, sem hann býr í.

Þar sem h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) tók það óstinnt upp, að nefndin í Nd. hafði leyft sjer að færa verðið upp, þá sje jeg ekkert óleyfilegt í því, þó nefndin leitaði fyrir sjer, fyrir hvaða verð jörðin mundi föl. Nefndin varð að meta mikils þau greinilegu skjöl, sem komu frá mönnum, sem eru kunnugri en h. Nd., kunnugri en h. Ed., já, enda kunnugri en h. 3. og 4. kgk. þm. (L. E. Svb. og Á. Th.). Persónulega er mjer þetta ekkert kappsmál; jörðin má standa óseld svo lengi, sem vill, mín vegna; en jeg kann hins vegar ekki við, að þingið einkis meti eins greinilegar og ljósar skýrslur og fyrir liggja í þessu máli.

H. 4. kgk. þm. (Á. Th.) spurði, hvað lægi á að selja þessa jörð; sömu spurningar gæti jeg spurt um svo fjölmargar jarðir; jeg fyrir mitt leyti hefi aldrei verið hrifinn af þjóðjarðasölunni; en hjer er auðsætt, að landssjóður hefur hag af sölunni, 30 kr. á ári. Hann talaði líka mikið um uppsátur; já, það er mikið satt, að það er gott á þessari jörð; en slíkt kæmi því að eins til greina fyrir landssjóð, að hann gjörði sjálfur út skip. Hann sagði rjettilega frá því, að talsverður ójöfnuður hefur við gengizt í að fyrirmuna mönnum uppsátur. Þetta kunna nú að vera ástæður; en jeg fæ þó ekki sjeð, að þær gildi í þessu tilfelli; því jeg skil ekki betur en þessi sami ójöfnuður hafi verið sýndur á Meiðastöðum, þó að þeir sjeu þjóðeign; bóndinn þar hefur enda gengið fremstur manna fram í því, að fyrirmuna lendingu, svo jeg skil ekki, að þetta sje veruleg ástæða móti sölu jarðarinnar. — Hann tók það fram, að eptir fornum lögum væri þjóðeignarbændum ekki heimilt að taka hærri vertoll en öðrum; þetta er mikið rjett, og hann er líka alstaðar jafn; en hjer er ekki um það að ræða, heldur er talað um, að banna lendingu og uppsátur, eða ekki.

Jeg hefi þess vegna ekki getað sannfærzt um það, að verulegar ástæður sjeu fyrir hendi til þess að neita sölu þessarar jarðar; jeg hefði mikið betur getað skilið það, að sú uppástunga hefði komið fram um jörðina Feigsdal, að hún væri látin bíða, þar til betri upplýsingar fengjust. En að öðru leyti er jeg hvorki áfram um, að breytingartillaga mín komist í gegn, nje heldur frumv. í heild sinni.

Jakob Guðmundsson: Það var að eins lítil athugasemd, sem jeg vildi gjöra út af ræðu h. 4. kgk. þm. (Á. Th.), þar sem hann sagði, að ef jörðin yrði seld, þá væri hætt við, að uppsáturskjörin á þessari jörð yrðu óaðgengileg og ósanngjörn; en við því væri ekki hætt nú, því að ábúendum þjóðjarða væri bannað að okra á uppsátri. Mjer vitanlega er ábúendum þjóðjarða eigi skipað að leyfa uppsátur, sízt nema þeir geti það sjer að meinalitlu; en væri nú svo, að uppsátur væri kvöð, sem hvíldi á jörðinni, þá hlýtur sú kvöð að fylgja jörðinni, þó hún skipti um eigendur; enda þótt það sje ekki tekið fram í þessu frumv., þá er það sjálfsagt, ef það skyldi nú hvíla á henni að öðrum lögum.

Arnljótur Ólafsson: Mjer finnst þetta mál mjög einfalt; höfuðpósturinn er, að komast að því, hvort það er haganlegt fyrir landssjóð að selja jörðina, eða eigi; því jeg veit, að allir munu samdóma um það, að sje landssjóði hagur að sölunni, þá eigi líka að selja; þetta er því mjög

einfalt, því þó Meiðastaðir sjeu ekki seldir nema á 3000 kr., þá er það töluverður hagur fyrir landssjóð. Það er viðurkennt, að afgjaldið af Meiðastöðum sjeu 90 kr., en rentur af 3000 kr. yrðu 120 kr., og þegar þess er nú gætt, að 3000 kr. eru hið lægsta verð, sem má selja jörðina fyrir, þá er það auðsætt, að landssjóður græðir að minnsta kosti einn þriðjung afgjaldsins eða 30 kr. á sölunni. Gefi maður ekki kost á jörðum, þegar svona augljós hagnaður er í aðra hönd, þá veit jeg ekki, hvenær á að gefa kost á þjóðjörðum.

Jónas Jónassen: Jeg er á sama máli og h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) um, að ekki sje rjett að selja Meiðastaði fyrir 3000 kr.; jeg veit það upp á víst, að fiskimenn vorir margir vildu gefa miklu meira fyrir hana, því Innnesjamenn eru opt og tíðum í standandi vandræðum með að koma sjer fyrir suðurfrá; þeir verða að liggja þar eins og hundar, sem þangað komast, en meiri parturinn verður frá að hverfa, því menn þar vilja ekki hafa þá. Ef öllum h. þm. væri eins kunnugt um þetta efni, eins og mjer og h. 4. kgk. þm. (Á. Th.), þá er jeg viss um, að þeir hugsuðu sig mjög um, áður en þeir greiddu atkvæði með að selja Meiðastaði fyrir 3000 kr.

Það hefur verið sagt, að landssjóður græddi við þetta; en almenningur tapar, ekki einungis hjer við Faxaflóa, heldur og sveitamenn líka; h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) tók það greinileg fram, að væri bóndanum seld jörðin, þá gæti hann útilokað menn frá uppsátri; en jeg er sannfærður um, að bóndanum, sem er bláfátækur, dettur ekki í hug að kaupa jörðina, heldur hlýtur hjer einhver að standa á bakvið, sem svo segir: „nú er jeg orðinn eigandi, og nú banna jeg öllum uppsátur“, og slíkt gæti orðið fjarskalegur óhagur fyrir marga; jeg verð því að setja mig öndverðan á móti viðaukatillögunni við frumv.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg hefi áður lýst yfir því, að jeg væri með breyt.-till. um Meiðastaði. Hún fellur í minn smekk, af því jeg vil, að þjóðjarðir verði seldar, þegar það getur látið sig gjöra með hagnaði fyrir landssjóð, og jeg er samdóma h. 5. kgk. þm. (A. Ó.), sem hefur fundið það út, að það væri stór hagur að selja þessa jörð fyrir 3000 kr. Það má líka sjálfsagt vænta þess, að sú jörð, sem staðið hefur undir opinberri umsjón, sje í góðu standi. Á slíkum jörðum má nærri geta að allt er í góðu lagi. Það er kannske munur eða ef einhver aulabóndinn hefur umsjónina. Það opinbera, með öllum sínum krapti, lögvaldi, og því lærdómslega, hefur öll tæki til að sjá um jarðir sínar. Jörð þessi er sjálfsagt ekki of dýr; en hins vegar er það sannað, að það er stór hagur fyrir landssjóð að selja hana með þessu verði. Jeg vil þess vegna fyrir mitt leyti ráða til þess, að hún verði seld fyrir þetta verð.

En eins og jeg hef áður tekið fram, er jeg ekki að eins með því, að ábúendurnir fái jarðirnar keyptar, heldur líka hver annar, sem vera skal. Ábúendurnir eru ekki allir svo góðir, sem þeir vera ættu, og ekki finnst mjer ástæða til að launa hinum slæmu og trassafengnu ábúendum með því, að lofa þeim að sitja í fyrir-rúmi fyrir öðrum með jarðakaupin. Jeg álít, að allir eigi að hafa jafnan rjett til að kaupa þjóðjarðirnar, og ábúendur eigi þess vegna ekki að hafa hærri rjett en hver annar. Þar sem einn h. þm. var að tala um, að það gæti verið hættulegt að selja þessa jörð, vegna hinna mörgu, sem kynnu að verða útilokaðir, þá kemur það einmitt saman við það, sem jeg er að halda fram. Það er þannig ekki frjálslegt að binda þjóðjarðasöluna við ábúendurna eina. En, sem sagt, jeg álít sjálfsagt að selja þessa jörð fyrir þetta verð. Landssjóður, sem selur, græðir á því, og sá, sem kaupir, hlýtur líka að græða, úr

því jörðin er svo haganlega sett við sjó, sem sagt er. Þar er sjálfsagt líka landbúnaður góður. Jeg bið fyrirgefningar; jeg blanda saman. Jeg hugða að tala um og við góðan og greindan búmann. Hvað varð? Sem síður skyldi. Hið opinbera. Kastar tólfunum. Jeg vil ekki tala ljósara en svona, þó meira eigi skilið tilefnið, því menn skyldu mest sem má færa hugsanir og framleiðslu hugsunarinnar til góðs.

Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um mál þetta. Jeg ímynda mjer, að allir hafi nú sannfærzt um, að salan hljóti að verða báðum hlutaðeigendum til góðs.

Framsögumaður Nd. (Þórarinn Böðvarsson): Jeg vildi að eins gjöra stutta athugasemd við ræðu h. þm. Rvík. (J. Jónassens). Hann vildi gefa ýmsar upplýsingar um þessa jörð og kaup á henni. Hann sagði, að aðrir vildu gefa miklu meira fyrir jörðina en hjer væri stungið upp á. Hverjir eru það, sem vilja gefa meira fyrir hana? Jeg vonast eptir að fá að heyra það. Eptir því, sem þing og stjórn eru búin að ákveða fyrir fullt og allt, þá geta engir fengið þjóðjarðir keyptar aðrir en ábúendur jarðanna. Ef komið hefði fram frumv. í þá átt, að allir, sem vildu og gætu, mættu fá þjóðjarðir keyptar, þá hefði jeg getað verið samdóma h. þm. Rangv. (Þorv. Bj.), en slíkt frumv. liggur ekki fyrir.

Að margir geti haft óhag af því, að þessi jörð verði seld ábúandanum, get jeg ekki skilið, en að landssjóður geti haft hag af því, get jeg vel skilið. Jeg skil ekki annað en að landssjóður hljóti að hafa hag af að selja þessa jörð fyrir 3000 kr., enda hefur h. 5. kgk. (A. Ó.) sýnt ljóslega fram á það. Það er ekki að ræða um neitt gamlan leigumála á þessari jörð, heldur miklu fremur um nýjan leigumála. Verði jörð þessi ekki seld næstu 20—30 ár fyrir þetta verð, þá tapar landssjóður auðsjáanlega 20—30 krónum á ári um þennan tíma.

Jón Ólafsson: Jeg skal leyfa mjer að gjöra þá athugasemd, að reikningur h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) er ekki alveg rjettur. Hann sagði, að rentur af 3000 kr. væri 120 kr.; en aðgætandi er, að landssjóður fær að eins $3^1/_2$ % af konungl. skuldabrjefum, og verður rentan af 3000 kr. eptir því 105 kr., eða 15 kr. minni en hann reiknar. — Það er ekki heldur ávallt rjettur mælikvarði, að miða verð jarða eingöngu við eptirgjald þeirra. Það er t. d. athugavert, að jörð þessi var síðast byggð á mestu fiskileysisárum, og þess vegna eru engin líkindi til, að hún yrði byggð jafnlágt t. d. nú, ef hún losnaði.

Að því er snertir ræðu h. 2. þm. Rangv. (Þorv. Bj.), þá er jeg honum alveg samdóma um það, að það er óviðkunnanlegt, að bjóða þjóðjarðirnar til sölu og leyfa þó ekki öðrum að kaupa en ábúendunum, hvernig svo sem þeir eru. En aptur þótti mjer undarleg niðurstaða sú, sem hann komst að. Eptir röksemdaleiðslu hans hefði hann einmitt átt að komast að þeirri niðurstöðu, að greiða atkvæði á *móti* breyt.till. En *lögíkin* er nú einu sinni ekki hans sterka síða.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal ekki vera langorður. Það er búið að ræða nokkuð lengi um þetta mál. En það er eitt, sem mig furðar á í umræðum manna um þetta mál. Umræður manna hafa mjög snúizt um það, að ef jörðin yrði seld, þá væri Innesja-mönnum þar með gjört ómögulegt að fá uppsátur á jörðinni fyrir skip sín. En jeg sje ekki betur en að ábúandinn geti sem slíkur bannað mönnum uppsátur alla sína tíð, eins þó hann aldrei fái eignarrjett yfir jörðinni. Sem ábúandi hefur *hann öll umráð yfir* jörðinni og þá líka yfir uppsátrinu. Jeg get þess vegna ekki skilið þessa ástæðu.

Þarvaldur Bjarnarson: Jeg tók svo

eptir, sem 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) segði, að jeg hefði átt að greiða atkvæði á móti breyt.till., af því, að hjer væri ekki að ræða um, að selja jörðina öðrum en ábúandanum. En jeg sagði, að jeg vildi ekki gjöra jarðirnar einungis falar þeim ábúendum, sem hefðu nítt niður jarðir sínar og komið þeim í verðleysi. Jeg yfirlæt nú öðrum að skera úr því áliti hans, að hann í því efni sem öðru taki fram alls ekki síður mjer en menntamönnunum sjálfum, að hafa hina heppilegri eða praktiskari þekking á því, er hjer ræðir um, og vildi jeg benda honum til hins sannnefnda fyrirmanns, látins nafna hans Jóns sál. Repps, sem hann svo opt, þingmaðurinn, hafði eptir honum, sannmælið: að reynslan er sannleikur. Jeg skil ekki, að allir ábúendur hafi jafnan rjett til að fá ábýlisjarðir sínar keyptar, því að þess háttar rjettindi ættu aðallega að styðjast við góða búsetu á jörðinni, en alls ekki við það vanalega miður sæmandi. Jeg álít sjálfsagt, að góðir ábúendur eigi að sitja fyrir öðrum með að fá þjóðjarðir keyptar, en aptur eigi vondir og trassafengnir ábúendur alls ekki að ganga fyrir öðrum, heldur þvert á móti. Fyrst allt svo góðir ábúendur, en síðan hver og einn, sem vill og getur keypt jarðirnar fyrir fullt verð. Að selja þjóðjarðirnar þannig, álít jeg hollt og gott fyrir alla hlutaðeigendur. Landssjóður fær meira en sína peninga og losnar við alla ábyrgð og kostnað við jarðeignirnar, en bóndinn fær jörðina og nýtur þar á eptir sjálfur arðsins af jörðinni, sem borgar honum ríkulega það, sem hann gjörir henni til góða.

ATKVÆÐAGR.: Viðaukatill. (C. 570) samþ. með 16 atkv. gegn 14, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Sigurður Stefánsson	Árni Jónsson
Þorleifur Jónsson	Árni Thorsteinsson
Arnljótur Ólafsson	Friðrik Stefánsson
Benedikt Sveinsson	Grímur Thomsen
Eiríkur Briem	Jón A. Hjaltalín
Gunnar Halldórsson	Jón Ólafsson
Jakob Guðmundsson	Jónas Jónassen
Jón Jónss. 1. þm. N.-M.	L. E. Sveinbjörnsson
Jón Jónss. þm. N.-Þing.	Ólafur Pálsson
Jón Þórarinsson	Páll Ólafsson
Ólafur Briem	Sighvatur Árnason
Páll Briem	Sigurður Jensson
Þórarinn Böðvarsson	Þorsteinn Jónsson
Þorl. Guðmundsson	Skúli Þorvarðarson
Þorvaldur Bjarnarson	
Þorvarður Kjerúlf.	

Fjarverandi var Júlíus Havsteen.

Frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 21 : 7 atkv., og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Forseti frestaði fundi til kl. $3^1/_2$ e. hád.

Forseti skýrði þá frá störfum þings- og útslitum málanna.

Landshöfðingi stóð upp að því búnu, og kvað hinn lögboðna þingtíma vera liðinn og enn fremur tíma þann, er þingið hefði verið lengt um, og lýsti því yfir í nafni konungs, að

alþingi væri slitið.

Benedikt Sveinsson stóð þá upp og mælti: „Lengi lifi konungur vor Kristján hinn níundi“, og tóku allir þingmenn undir það í einu hljóði.

Var síðan gengið af þingi.